ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 69

27. árgangur

29.10.2020

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2020/EES/69/01 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2286 frá 6. desember 2017 um viðurkenningu á að kröfur í umhverfisstjórnunarkerfinu Eco-Lighthouse séu í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) í samræmi við 45. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins 1

2020/EES/69/02 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1151/2014 frá 4. júní 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um upplýsingarnar sem tilkynna á þegar staðfesturéttar og frelsi til að veita þjónustu er neytt 32

2020/EES/69/03 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/100 frá 16. október 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla þar sem sameiginlega ákvörðunarferlið er tilgreint með tilliti til umsóknar um sérstök varfærnisleyfi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 36

2020/EES/69/04 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 342/2014 frá 21. janúar 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasteypa 45

2020/EES/69/05 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 527/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina flokka gerninga sem endurspegla með fullnægjandi hætti lánshæfi stofnunar við áframhaldandi rekstrarhæfi og er viðeigandi að nota með tilliti til breytilegra launakjara 54

2020/EES/69/06 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 604/2014 frá 4. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla að því er tekur til eigindlegra og viðeigandi megindlegra viðmiðana til að skilgreina flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunar 62

2020/EES/69/07 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2014 frá 4. júní 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að tilgreina landfræðilega staðsetningu viðkomandi lánaáhættu til að reikna út hlutfall sveiflujöfnunarauka er varðar tilteknar stofnanir 68

2020/EES/69/08 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014 frá 8. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu 72

2020/EES/69/09 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/709 frá 26. janúar 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilyrði fyrir beitingu undanþága varðandi gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjáreigna 82

2020/EES/69/10 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/208 frá 31. október 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir viðbótarútstreymi lausafjár sem samsvarar tryggingarþörfinni sem leiðir af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti stofnunar 87

2020/EES/69/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/233 frá 13. febrúar 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla þar sem skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar í gjaldmiðlinum sem um ræðir, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, er afar þröng 89

2020/EES/69/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2344 frá 15. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjáreigna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 91

2020/EES/69/13 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 524/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru þær upplýsingar sem lögbær yfirvöld í heima- og gistiaðildarríkjum láta hvert öðru í té 94

2020/EES/69/14 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/822 frá 21. apríl 2016 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 að því er varðar tímaramma innlausnar-tímabils sem taka skal til athugunar fyrir mismunandi flokka fjármálagerninga 103

2020/EES/69/15 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1608 frá 17. maí 2016 um breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu 106

2020/EES/69/16 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/323 frá 20. janúar 2017 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 um viðbætur við reglugerð Evrópu-þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað 109

2020/EES/69/17 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/610 frá 20. desember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar framlengingu umbreytingartímabilanna í tengslum við lífeyriskerfi 112

2020/EES/69/18 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/979 frá 2. mars 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar skrána yfir aðila sem njóta undanþágu 114

2020/EES/69/19 Ákvörðun nr. E5 frá 16. mars 2017 um hagnýtt fyrirkomulag vegna umbreytingartímabils varðandi upplýsingaskipti með rafrænum aðferðum sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 116

2020/EES/69/20 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/70 frá 11. janúar 2019 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna grafísks pappírs og viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreinlætispappírs og hreinlætispappírsvara 119

2020/EES/69/21 Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1007 frá 25. apríl 2018 Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1007 frá 25. apríl 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/42/EB að því er varðar skrá yfir hafnir og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/861/EB 150

2020/EES/69/22 Tilmæli nr. A1 frá 18. október 2017 um útgáfu staðfestingarinnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 193

2020/EES/69/23 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1637 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur og einkenni eftirlitsstarfsemi 203

2020/EES/69/24 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1643 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar inntak yfirlýsingar um viðmiðun sem stjórnandi viðmiðunar skal birta, ásamt tilvikum þar sem uppfærslu er krafist 208

2020/EES/69/25 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1646 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir upplýsingarnar sem á að leggja fram við umsókn um leyfi og við umsókn um skráningu 212

2020/EES/69/26 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka og um breytingu á tilskipunum 2009/138/EB og 2013/36/ESB 220

2020/EES/69/27 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/667 frá 19. desember 2018 um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 um að fresta gildistöku stöðustofnunarskyldu fyrir ákveðna OTC-afleiðusamninga 252

2020/EES/69/28 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/983 frá 5. júní 2019 um breytingu á tilskipun 2004/37/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabba-meinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað 255

2020/EES/69/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1091 frá 26. júní 2019 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar kröfur um útflutning á afurðum sem innihalda unnið dýraprótín úr jórturdýrum og dýrum sem ekki eru jórturdýr 262

2020/EES/69/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/146 frá 3. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 333/2010, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/893 og reglugerð (ESB) nr. 184/2011 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni 267

2020/EES/69/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1977 frá 26. nóvember 2019 um leyfi fyrir fenýlmetanþíóli, bensýlmetýlsúlfíði, sek-pentýlþíófeni, trídek-2-enali, 12-metýltrídekanali, 2,5-dímetýlfenóli, hexa-2(trans),4(trans)-díenali og 2-etýl-4-hýdroxý-5-metýl-3(2H)-fúranóni sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda 271

2020/EES/69/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1087 frá 23. júlí 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 að því er varðar framkvæmd einstaklinga, sem hafa til þess sérstaka heimild, á opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi, framkvæmd greininga, prófana eða sjúkdómsgreininga og gildistíma tímabundinna ráðstafana 284

2020/EES/69/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/205 frá 14. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar salmonellu í skriðdýrakjöti 286

2020/EES/69/34 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/49 frá 21. janúar 2020 um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af reglugerð (ESB) 2017/1151 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 289

2020/EES/69/35 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/985 frá 12. febrúar 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt og hreyfla þeirra og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 291

2020/EES/69/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/977 frá 7. júlí 2020 um undanþágu frá reglugerðum (EB) nr. 889/2008 og (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar eftirlit með framleiðslu lífrænt ræktaðra vara vegna COVID-19 heimsfaraldursins 306

2020/EES/69/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1976 frá 25. nóvember 2019 um leyfi til að setja á markað fenýlkapsaísín sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 310

2020/EES/69/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1979 frá 26. nóvember 2019 um leyfi til að setja á markað 2'-fúkósýllaktósa/dífúkósýllaktósa-blöndu sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 315

2020/EES/69/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1675 frá 4. október 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 322

2020/EES/69/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/17 frá 10. janúar 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klórpýrifosmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 327

2020/EES/69/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/18 frá 10. janúar 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klórpýrifosi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 330

2020/EES/69/42 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/103 frá 17. janúar 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 að því er varðar samræmda flokkun virkra efna 333

2020/EES/69/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1170 frá 16. júlí 2020 um hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1397 337

2020/EES/69/44 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2116 frá 28. nóvember 2019 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1979 606

2020/EES/69/45 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/158 frá 5. febrúar 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/799 að því er varðar innbyggðan vigtunarbúnað 608

2020/EES/69/46 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/111 frá 13. janúar 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar samþykki fyrir flugverndarbúnaði í almenningsflugi sem og fyrir þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi 610

2020/EES/69/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2105 frá 9. desember 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins 615

2020/EES/69/48 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB 632

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2286 **2020/EES/69/01**

frá 6. desember 2017

um viðurkenningu á að kröfur í umhverfisstjórnunarkerfinu Eco-Lighthouse séu í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) í samræmi við 45. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins

(tilkynnt með númeri C(2017) 8082) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB ([1]), einkum 45. gr.,

að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót með 49 gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilgangurinn með umhverfisstjórnunarkerfi ESB er að stuðla að stöðugt betri árangri fyrirtækja/stofnana í umhverfismálum með því að stofna umhverfisstjórnunarkerfi og koma því í framkvæmd, meta árangurinn af slíku kerfi, veita upplýsingar um árangur í umhverfismálum, halda uppi opnum skoðanaskiptum við almenning og aðra hagsmunaaðila og stuðla að virkri þátttöku starfsmanna.

2) Fyrirtæki/stofnanir, sem beita öðrum umhverfisstjórnunarkerfum og hafa hug á að flytja sig til umhverfisstjórnunarkerfis ESB, ættu að geta gert það á sem auðveldastan hátt. Taka ætti til athugunar tengsl við önnur umhverfisstjórnunarkerfi til að auðvelda innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis ESB án þess að tvítaka núverandi starfsvenjur og málsmeðferðarreglur.

3) Í því skyni að auðvelda innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis ESB og komast hjá því að tvítaka núverandi starfsvenjur og málsmeðferðarreglur, sem byggjast á öðrum umhverfisstjórnunarkerfum sem eru vottuð með viðeigandi málsmeðferðarreglum, skal líta svo á að viðkomandi hlutar annarra umhverfisstjórnunarkerfa, sem framkvæmdastjórnin viðurkennir að séu í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, teljist jafngildir þessum kröfum.

4) Þessi viðurkenning ætti að byggjast á greiningu á kröfunum og málsmeðferðarreglunum í þessum umhverfisstjórnunarkerfum og á getu þeirra til að ná sömu markmiðum og samsvarandi kröfur í reglugerð (EB) nr. 1221/2009.

5) Noregur sendi framkvæmdastjórninni skriflega beiðni um viðurkenningu á Eco-Lighthouse-umhverfisstjórnunarkerfinu 26. janúar 2016. Þessari beiðni var fylgt eftir með viðbótarupplýsingum til að veita framkvæmdastjórninni nauðsynlegar sannanir til að meta jafngildi viðkomandi hluta umhverfisstjórnunarkerfisins og krafnanna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Á grundvelli þeirra gagna sem norsk yfirvöld lögðu fram viðurkennir framkvæmdastjórnin að þeir hlutar Eco-Lighthouse-kerfisins, sem eru tilgreindir í viðaukanum við þessa ákvörðun, séu í samræmi við samsvarandi kröfur í reglugerð (EB) nr. 1221/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 12.12.2017, bls. 87. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 30.1.2020, bls. 58.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

2. gr.

Breytingar á kröfunum í Eco-Lighthouse-kerfinu, sem hafa áhrif á núverandi viðurkenningu, skulu tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar a.m.k. einu sinni á ári. Ef breytingar verða á þessum kröfum eða á kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1221/2009 er framkvæmdastjórninni heimilt að ákveða að afturkalla eða breyta núverandi ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

———

VIÐAUKI

Inngangur

Með reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB ([1]) er komið á fót hágæða stjórntæki fyrir fyrirtæki/stofnanir til að meta, tilkynna og bæta árangur sinn í umhverfismálum að eigin frumkvæði. Umhverfisstjórnunarkerfi ESB er opið öllum fyrirtækjum/stofnunum sem vilja gjarnan bæta árangur sinn í umhverfismálum. Það nær yfir allar atvinnugreinar og þjónustugeira og gildir um allan heim.

Tilgangurinn með umhverfisstjórnunarkerfi ESB er að stuðla að stöðugt betri árangri fyrirtækja/stofnana í umhverfismálum með því að stofna umhverfisstjórnunarkerfi og koma þeim í framkvæmd, meta árangurinn af slíkum kerfum á kerfisbundinn, hlutlægan og reglubundinn hátt, veita upplýsingar um árangur í umhverfismálum, koma á opnum skoðanaskiptum við almenning og stuðla að virkri þátttöku starfsfólks fyrirtækja/stofnana samhliða því að veita viðeigandi þjálfun.

Reglugerðin um umhverfisstjórnunarkerfi ESB tryggir trúverðugleika og gagnsæi í umhverfisárangri fyrirtækja/stofnana, sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, í gegnum kerfi staðfestingar þriðju aðila sem sannprófendur, sem eru faggiltir eða með leyfi, inna af hendi.

Til að auðvelda skráningu fyrirtækja/stofnana, sem hafa innleitt önnur umhverfisstjórnunarkerfi og vilja færa sig yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, er mælst til þess í reglugerðinni ([2]) að framkvæmdastjórnin skuli viðurkenna önnur lands- eða svæðisbundin umhverfisstjórnunarkerfi, eða hluta þeirra, þar sem er farið að samsvarandi kröfum í reglugerðinni, að því tilskildu að tilteknum skilyrðum sé fullnægt.

Í 45. gr. reglugerðarinnar kemur fram að aðildarríkin geti sent framkvæmdastjórninni skriflega beiðni um viðurkenningu á fyrirliggjandi umhverfisstjórnunarkerfum, eða hlutum þeirra, sem vottað er, í samræmi við viðeigandi vottunaraðferðir sem eru viðurkenndar á lands- eða svæðisvísu, að uppfylli samsvarandi kröfur í þessari reglugerð.

Að lokinni athugun á þessari beiðni og í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 49. gr. reglugerðarinnar, skal framkvæmdastjórnin viðurkenna viðeigandi hluta umhverfisstjórnunarkerfanna og viðurkenna kröfur um faggildingu eða leyfisveitingu til vottunaraðila ef hún álítur að aðildarríki hafi:

— Tilgreint nægilega og skilmerkilega viðeigandi hluta umhverfisstjórnunarkerfanna og samsvarandi kröfur í þessari reglugerð í beiðni sinni

— Fært fullnægjandi sönnur á jafngildi allra viðeigandi hluta viðkomandi umhverfisstjórnunarkerfis við þessa reglugerð

Afleiðing af viðurkenningu: Á grundvelli 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar skal fyrirtækjum/stofnunum, sem vilja fá skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sem nota vottað umhverfisstjórnunarkerfi sem er viðurkennt í samræmi við 45. gr., ekki skylt að framkvæma þá hluta sem hafa verið viðurkenndir sem jafngildir þessari reglugerð.

Hins vegar skal veita því athygli að ákvæði 18. gr. gilda við sannprófun á undirbúningi fyrir skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eða fyrir endurnýjun á skráningunni.

Sannprófandi, sem er faggiltur eða með leyfi fyrir umhverfisstjórnunarkerfi ESB, skal meta hvort tilskildar málsmeðferðarreglur, s.s. umhverfisrýni, umhverfisstefna, umhverfisstjórnunarkerfi eða umhverfisúttekt fyrirtækis/stofnunar og framkvæmd þeirra, uppfylli kröfurnar í reglugerðinni. Því skal einnig sannprófa þá hluta annars umhverfisstjórnunarkerfis, sem er viðurkennt í samræmi við 45. gr. að séu í samræmi við samsvarandi kröfur í reglugerð (EB) nr. 1221/2009, til að tryggja að framkvæmd þeirra sé í samræmi við kröfurnar sem ákvarðað hefur verið að séu jafngildar í núverandi viðurkenningu.

Til dæmis kemur sú staðreynd að málsmeðferð varðandi skjalahald í öðru umhverfisstjórnunarkerfi er viðurkennd sem jafngild ekki í veg fyrir sannprófun á réttri framkvæmd þessarar málsmeðferðar til að tryggja að hún taki til tilskilinna mikilvægra upplýsinga.

([1]) Reglugerð (EB) nr. 1221/2009
([2]) Ákvæði 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009

Í tilskipun um opinber innkaup ([1]) er einnig vísað til þessarar viðurkenningar þar eð í 2. mgr. 62. gr. hennar stendur að önnur umhverfisstjórnunarkerfi, sem eru viðurkennd í samræmi við 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009, séu ein af þremur tegundum vottorða sem samningsyfirvöld, sem krefjast þess að lögð séu fram vottorð sem staðfesta að kröfur í tilteknum umhverfisstjórnunarkerfum eða tilteknum umhverfisstjórnunarstöðlum séu uppfylltar, geta vísað til í tengslum við opinber innkaup.

Hinn 26. janúar 2016 sendi Noregur bráðabirgðaumsókn um viðurkenningu, samkvæmt reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, á landsbundna umhverfisvottunarkerfinu Eco-Lighthouse Foundation (hér á eftir nefnt ELH). Þessari beiðni var fylgt eftir með viðbótarupplýsingum til að útskýra með skýrum hætti kröfurnar í Eco-Lighthouse-stjórnunarkerfinu og samsvarandi kröfur í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB (þ.m.t. viðaukar) og til að veita framkvæmdastjórninni nauðsynlegar sannanir til að ákvarða mögulegt jafngildi viðkomandi hluta umhverfisstjórnunarkerfisins.

Á grundvelli þessara gagna gat framkvæmdastjórnin ákvarðað stig samræmis á milli krafnanna í umhverfisstjórnunarkerfinu, sem um ræðir, og samsvarandi krafna í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, eins og útskýrt er nánar í eftirfarandi skjali.

Skýringatafla ELH — hugtök

ELH-hugtak (IS)	ELH-hugtak (NO)	Skilgreining ELH á hugtaki
Eco-Lighthouse Foundation (Eco-Lighthouse/ELH)	Stiftelsen Miljøfyrtårn (Miljøfyrtårn)	Lögaðili sem fer með yfirstjórn, vöktun og þróun á vottunarkerfi ELH.
Umhverfisyfirlýsing í ELH	Miljøkartlegging	Veflæg skýrslugjöf sem búin var til út frá skrá yfir viðmiðanir sem ráðgjafi gerði drög að. Fyrirtæki skjalfestir hvernig viðmiðanirnar eru uppfylltar. Vottunaraðili samþykkir að lokum Miljøkartlegging og staðfestir þannig að viðmiðanir í ELH séu uppfylltar.
Almennar atvinnugreinaviðmiðanir	Felles kriterier	Viðmiðanir sem gilda um öll fyrirtæki sem óska eftir ELH-vottun. Fyrirtækið tilgreinir einnig hvort það eigi eða leigi húsnæðið þar sem það er staðsett sem ræður úrslitum um það hvaða viðmiðanir gilda sem varða t.d. orku, förgun úrgangs o.s.frv. Almennar atvinnugreinaviðmiðanir taka á mikilvægustu umhverfisþáttunum sem eru sameiginlegir öllum fyrirtækjum.
Sértækar atvinnugreinaviðmiðanir	Bransjespesifikke kriterier	Viðmiðanir sem gilda um fyrirtæki í tilteknum atvinnugreinum sem óska eftir ELH-vottun. Sértækar atvinnugreinaviðmiðanir fyrir fyrirtæki taka á mikilvægustu umhverfisþáttunum fyrir atvinnugreinina.
Umhverfisstjóri	miljøfyrtårnansvarlig	Einstaklingur innan fyrirtækis sem stjórnendur tilnefna til að bera ábyrgð á framkvæmd ELH.
Árleg loftslags- og umhverfisskýrsla	årlig Klima- og miljørapport	Fyrirtæki gefur skýrslu fyrir 1. apríl ár hvert í vefgátt ELH. Vísar: sumir eru altækir, aðrir eru búnir til út frá völdum viðmiðunum. Hér er einnig gerð grein fyrir aðgerðaáætluninni. Árleg loftslags- og umhverfisskýrsla verður að vera gerð aðgengileg fyrir almenning.
Aðgerðaáætlun/ umhverfisáætlun	handlingsplan	Framkvæmdaáætlun fyrirtækis fyrir komandi ár að því er varðar hvert umhverfismálefni og sem er skjalfest í árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni. Skjalfesta má ábyrgð og fresti í umhverfisyfirlýsingunni (Miljøkartlegging) eða innanhúss í eigin kerfum fyrirtækis.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

ELH-hugtak (IS)	ELH-hugtak (NO)	Skilgreining ELH á hugtaki
Árleg rýni stjórnenda	ledelsens gjennomgang	Yfir- og millistjórnendur hittast einu sinni á ári til að endurskoða og meta HSE-kerfið (health, safety and environment – heilbrigði, öryggi og umhverfismál), gæðastýringarkerfi, framkvæmd ELH og önnur málefni sem skipta máli fyrir fyrirtækið.
Umhverfisstjórnunarhópur	miljøgruppe	Vinnuhópur sem er tilnefndur til að aðstoða umhverfisstjórann við framkvæmd ELH. Getur innihaldið HSE-ábyrgðaraðila, aðra viðkomandi aðila.
Vefgátt Eco-Lighthouse	Miljøfyrtårnportalen	Veflæg gátt þar sem skjalahaldi, sem varðar fyrirtæki, sveitarfélög, ráðgjafa og vottunaraðila, er viðhaldið, þ.m.t allt skjalahald um að farið sé eftir viðmiðunum og vottunum.
Sértækir vísar fyrir fyrirtæki	virksomhetsspesifikke sjekkpunkter	Vísar sem búnir eru sérstaklega til samkvæmt beiðni frá fyrirtæki og teknir inn í árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna. Keypt þjónusta.
Innri ráðgjafi	Internkonsulent	Starfsmaður í fyrirtæki sem vinnur að ELH-vottun. Starfsmaðurinn lýkur þjálfun sem ELH-ráðgjafi og öðlast þannig hæfi til að leiða fyrirtækið til vottunar og þannig er komist hjá því að þurfa að ráða utanaðkomandi ELH-ráðgjafa við fyrstu vottun.
HSE-gátlisti	HMS sjekkliste	Innri gátlisti fyrirtækis fyrir árlega HSE-endurskoðun. Meðal helstu liða eru: uppfærsla á lagaskilyrðum, þjálfun starfsfólks og stjórnenda innanhúss, umhverfisstefna, markmið og árangur í árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni, hvernig tekið er á tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.
Umhverfisstefna	Miljøpolicy	Ásetningur og stefna í tengslum við árangur í umhverfismálum sem yfirstjórn fyrirtækis hefur sett fram.
Umhverfisþáttur	miljøaspekt	Þættir í starfsemi, vörum eða þjónustu, sem fyrirtæki framleiðir eða veitir, sem geta haft áhrif á umhverfið.
Beinir umhverfisþættir	Direkte miljøaspekt	Þættir í starfsemi, vörum eða þjónustu, sem fyrirtæki framleiðir eða veitir, sem fyrirtækið hefur beina stjórn á.
Óbeinir umhverfisþættir	Indirekte miljøaspekt	Þættir í starfsemi, vörum eða þjónustu, sem fyrirtæki framleiðir eða veitir, sem fyrirtækið hefur ekki beina stjórn á en getur haft áhrif á.
Almennt umhverfismarkmið	miljømål	Umhverfismarkmið sem eiga að nást á komandi ári, skjalfest í árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni.
Umhverfisstjórnunarkerfi	miljøledelsessystem	Samþætt stjórnunarkerfi sem kortleggur umhverfisáhrif fyrirtækis og notar safn umhverfisviðmiðana til að stýra þessum áhrifum. Umhverfisstjórnunarkerfið skal lagað að rekstri fyrirtækisins, innihalda skýr markmið, aðgerðaáætlanir með raunhæfar ráðstafanir sem á að framkvæma og það skal tryggja stöðugt betri árangur.

ELH-hugtak (IS)	ELH-hugtak (NO)	Skilgreining ELH á hugtaki
Umtalsverð breyting	stor endring	Allar breytingar á starfsemi fyrirtækis — þ.m.t. vörur og þjónusta — staðsetningu, skipulagi eða stjórnun sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfisstjórnunarkerfið eða umhverfisþætti sem tengjast fyrirtækinu.
Tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum	Avvik	Frávik frá lagaskilyrðum eða frá ELH-viðmiðunum eða bæði ef lagaskilyrðin eru einnig ELH-viðmiðun. Helstu lagaskilyrði í umhverfismálum eru einnig ELH-viðmiðanir. Ef ekki er farið að ELH-viðmiðun er ekki hægt að votta fyrirtækið.

Aðferðafræði sem notuð er til að athuga tilvísanir í viðurkennda umhverfisstjórnunarkerfinu

Markmiðið með þessu skjali er að lýsa kröfunum í umhverfisstjórnunarkerfinu „Eco-Lighthouse“ og leggja mat á hvernig þessar kröfur samrýmast samsvarandi kröfum í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þetta mat þjónar tveimur meginmarkmiðum:

1. Auðvelda fyrirtæki/stofnun, sem innleiddi annað umhverfisstjórnunarkerfi og vill flytja sig yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, umskipti yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

2. Auðvelda samanburð á milli krafnanna í Eco-Lighthouse og umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Við undirbúning á matinu framkvæmdi framkvæmdastjórnin stöðumat á kröfunum í báðum kerfum. Eftir þessa greiningu hafa viðkomandi kröfur verið flokkaðar í lykilkröfur sem samsvara mismunandi hlutum umhverfisstjórnunarkerfisins. Síðan var lagt mat á það hvort þessir hlutar væru í samræmi við samsvarandi kröfur í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Eftirtaldir hlutar umhverfisstjórnunarkerfisins verða greindir á eftirfarandi síðum í þessari skýrslu:

1. Skuldbinding og þátttaka yfirstjórnar

2. Umhverfisrýni komið á — bráðabirgðagreining

3. Umhverfisstefnu komið á fót

4. Samræmi við lög tryggt

5. Markmiðum og umhverfisáætlun komið á til að tryggja stöðugt betri árangur

6. Stjórnskipulag, þjálfun og þátttaka starfsfólks

7. Kröfur um skjalahald

8. Rekstrarstjórn

9. Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi

10. Eftirlit, innri úttekt og aðgerðir til úrbóta

11. Samskipti (innri og ytri)

12. Rýni stjórnenda

Í þessari skýrslu er einnig lagt mat á **kröfur um faggildingu eða leyfisveitingu** sem gera þriðja aðila, úttektarmanni sem hefur til þess menntun og hæfi, kleift að sannprófa kerfin.

Að því er varðar hvern þessara hluta er því lýst í eftirfarandi mati að hve miklu leyti ELH-kröfurnar eru í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Til að meta þetta samræmi tók framkvæmdastjórnin tillit til getu ELH-krafnanna til að ná fram markmiðum samsvarandi krafna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB með sama styrk og trúverðugleika ([1]).

Í sumum tilvikum uppfyllir ELH eða hlutar þess kröfurnar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB að hluta til en eru þó ekki að öllu leyti í samræmi við þessar kröfur. Til að veita blæbrigðaríkt mat eru þessir hlutar tilgreindir sem „Er að hluta til í samræmi við kröfurnar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB“ og útskýringar látnar í té til að aðstoða fyrirtæki/stofnanir með ELH-vottun sem hafa áhuga á að brúa bilið yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Eftir matið er hægt að skipta þessum mismunandi hlutum í þrjá flokka:

— Samræmist ekki kröfunum í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

— Er að hluta til í samræmi við kröfurnar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

— Er í samræmi við kröfurnar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

Þeir hlutar, sem viðurkennt er að séu í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (þriðji flokkurinn), skulu teljast jafngildir.

Lýsing á Eco-Lighthouse

Eco-Lighthouse-vottunarkerfið er mest notaða umhverfisstjórnunarkerfið í Noregi með fleiri en 5000 gild vottorð sem veitt hafa verið litlum, meðalstórum og stórum fyrirtækjum/stofnunum (ELH er ekki miðað að fyrirtækjum með flóknar umhverfisáskoranir ([2])). Með ráðstöfunum sem eru auðveldar í framkvæmd, raunhæfar, viðeigandi og ábatasamar (í víðasta skilningi: staðbundið, svæðisbundið, hnattrænt) geta fyrirtæki bætt árangur sinn í umhverfismálum, stjórnað umhverfisáhrifum sínum og sýnt fram á skuldbindingu sína við samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

Vottunarkerfið Eco-Lighthouse samþættir umhverfisstjórnun bæði innri og ytri umhverfisþátta við lagaramma norskra reglugerða að því er varðar kerfisbundnar aðgerðir tengdar heilbrigði, umhverfi og öryggi hjá fyrirtækjum.

Fyrirtæki sem óskar eftir því að fá Eco-Lighthouse-vottun er skylt að:

Fyrir vottun

1. Ráða Eco-Lighthouse-ráðgjafa, sem hefur til þess menntun og hæfi, sem ELH þjálfar, samþykkir og annast vöktun með til að:

   a) Framkvæma umhverfisrýni (miljøanalyse) fyrir fyrirtækið. Á grundvelli þessarar bráðabirgðagreiningar velur hann/hún viðeigandi sértækar atvinnugreinaviðmiðanir (bransjespesifikke kriterier) sem varða fyrirtækið, til viðbótar við almennar atvinnugreinaviðmiðanir ([3]) sem eiga við um öll fyrirtæki

   b) Búa til og aðstoða við útfyllingu á umhverfisyfirlýsingunni ([4]) (Miljøkartlegging) í ELH-vefgáttinni.

   c) Stjórna og skjalfesta með þessu veflæga tóli (Miljøkartlegging) hvernig viðkomandi viðmiðanir eru uppfylltar.

   d) Þjálfa umhverfisstjóra (miljøfyrtårnansvarlig) innanhúss, sem fyrirtækið/stofnunin skipar, í því að nota ELH-vefgáttina, þ.m.t. umhverfisyfirlýsingin.

([1]) Þessa miklu reglufylgni, sem krafist er, ætti að skoða í ljósi 4. gr. reglugerðarinnar þar sem skilyrðin fyrir því að fá skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eru skilgreind. Með þriðju málsgrein þessarar greinar fá fyrirtæki/stofnanir, sem eru með vottað umhverfisstjórnunarkerfi sem er viðurkennt í samræmi við 45. gr., undanþágu frá því að framkvæma þá hluta sem hafa verið viðurkenndir sem jafngildir þessari reglugerð. Því ættu þeir hlutar, sem eru viðurkenndir sem jafngildir, að geta tryggt sömu virkni og samsvarandi hlutar umhverfisstjórnunarkerfis ESB í ljósi aðildar að og skráningar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

([2]) Sjá vefsetur ELH http://eco-lighthouse.org/certification-scheme/

([3]) Að því er varðar enska þýðingu á viðmiðunum: http://eco-lighthouse.org/statistikk/ (almennar atvinnugreinaviðmiðanir ásamt nokkrum völdum sértækum viðmiðunum hafa verið þýddar). Norsku útgáfurnar: http://www.miljofyrtarn.no/dette-er-miljøfyrtårn/bransjekriterier/9-miljt/miljt/55-bransjekriterier-gruppert

([4]) Ekki má rugla þessu saman við umhverfisyfirlýsingu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB sem er tilgreind í 2. og 18. gr. og í B-hluta IV. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

e) Þjálfa umhverfisstjóra innanhúss í því að fylla út fyrstu útgáfu árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunnar sem er gerð árlega (eftir vottun) varðandi næstliðið, heilt almanaksár.

f) Stýra ferlinu við að uppfylla viðmiðanirnar.

2. Fyrirtæki/stofnun skal, með því að nota eigin veflæga skýrslugjöf í umhverfisyfirlýsingunni, staðfesta stöðu samræmis við safn almennra og sértækra atvinnugreinaviðmiðana áður en vottunarferlinu er lokið. Uppfylla þarf allar almennar og sértækar atvinnugreinaviðmiðanir til að fá vottun. Skriflegur ferill þessarar eigin skýrslugjafar „til bráðabirgða“ er geymdur sem hluti af umhverfisyfirlýsingunni.

3. ELH þróar almennar og sértækar atvinnugreinaviðmiðanir, í samstarfi við viðkomandi opinbera aðila, vísindamenn, hagsmunasamtök, viðskiptavini og reynda ráðgjafa og vottunaraðila, til að greina og fjalla um viðkomandi umhverfisþætti og árangursríkar ráðstafanir í atvinnugreininni sem um er að ræða og þær eru endurskoðaðar reglulega.

4. Viðmiðanirnar eru meginstoð stjórnunarkerfisins sem tryggja að kerfið vinni með réttum hætti. Í umhverfisyfirlýsingunni í vefgátt Eco-Lighthouse skal gera grein fyrir samræmi við allar viðmiðanirnar.

5. Loftslags- og umhverfisskýrslan (Klima- og miljørapport) er fyllt út og send inn í vefgátt ELH og altækir vísar og mæliþættir, sem gilda um allar atvinnugreinar, eru samþættir við sértæka vísa sem búnir eru til með vali á viðkomandi viðmiðunum.

6. Þegar fyrirtæki telur að allar viðmiðanir hafi verið uppfylltar og fyrsta loftslags- og umhverfisskýrslan hefur verið lögð fram framkvæmir vottunaraðili/sannprófandi vottunina. Hann eða hún fær aðgang að viðkomandi upplýsingum í vefgáttinni áður en hann eða hún heimsækir staðinn og tekur viðtöl og framkvæmir skoðanir. Sannprófandinn/vottunaraðilinn annast vottun fyrir hönd sveitarfélagsins þar sem fyrirtækið er staðsett en yfirstjórn Eco-Lighthouse annast þjálfun viðkomandi, samþykki (leyfi) og vöktun, þ.m.t. (frá 2017) vettvangsskoðanir. Frávik frá viðmiðunum og úrbætur á frávikunum eru skjalfest í umhverfisyfirlýsingunni.

7. ELH Foundation kannar skjalfestar niðurstöður ferlisins í heild sinni og vottorð er gefið út. Það er einungis á þessu stigi sem samsvarandi vottunarskýrsla og viðurkenningarbréf eru gefin út.

Eftir vottun

Eftir vottun er loftslags- og umhverfisskýrslan lögð fram fyrir 1. apríl ár hvert þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir fjölda mæliþátta, hvernig tekist hefur að ná umhverfismarkmiðum sem áður hafa verið sett fram og ítarleg kortlagning á seinni tíma markmiðum. Umhverfisstjórinn gerir þessa árlegu skýrslu.

Endurvottun fer fram þriðja hvert ár.

Ferlið er það sama — þó er engin skylda að ráða ráðgjafa við endurvottun. Þess í stað ber umhverfisstjórinn (Miljøfyrtårnansvarlig) ábyrgð á því að skipuleggja endurvottun, kannar hvort áfram sé farið að viðmiðunum, fyllir út umhverfisyfirlýsinguna og gerir skjölin aðgengileg fyrir vottunaraðila/sannprófanda gegnum aðgang að fyrirtækinu í vefgátt ELH. Nýja umhverfisyfirlýsingin, með samsvarandi skjölum og loftslags- og umhverfisskýrslum sem lagðar voru fram á næstliðnum árum, mynda helstu gögn sem lögð eru fram á undan endurvottun en á fundinum hjá fyrirtækinu tekur vottunaraðilinn/sannprófandinn viðtöl, gerir skyndiskoðanir og eftirlitsúttekt á athafnasvæðinu eins og gert er við fyrstu vottun.


Veita skal því athygli að:

Yfir 300 sveitarfélög af u.þ.b. 430 sveitarfélögum í Noregi eru greiðandi aðilar að vottunarkerfinu Eco-Lighthouse. Aðild felur í sér að auðveldari ELH-vottun fyrir staðbundin fyrirtæki með því að tryggja tiltækileika vottunaraðila/sannprófanda fyrir fyrirtæki á svæðinu. Þess er einnig vænst að sveitarfélögin vinni að vottun sinna eigin fyrirtækja.

Sannprófendur/vottunaraðilar sem taka þátt í vottunarhlutanum geta verið ráðnir til starfa hjá sveitarfélaginu/sýslustjórninni eða hjá einkafyrirtæki og Eco-Lighthouse Foundation annast *þjálfun viðkomandi, samþykki og* vöktun. Það er mikilvægt að veita því athygli að í Eco-Lighthouse-kerfinu telst sveitarfélagið vera vottunaraðilinn þar eð vottunaraðilar starfa (með leyfi frá ELH) fyrir hönd sveitarfélagsins, ekki yfirstjórnar Eco-Lighthouse.

Eco-Lighthouse Foundation er vottað samkvæmt staðlinum ISO-9001:2015 frá og með maí 2016.

Almenn áætlun fyrir innleiðingu ELH og umhverfisstjórnunarkerfis ESB



1. HLUTI

Skuldbinding og þátttaka yfirstjórnar

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

1. Þátttaka og skuldbinding yfirstjórnar. Í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal yfirstjórn skilgreina umhverfisstefnu fyrirtækis/stofnunar (1.1) og hún ber ábyrgð á að umhverfisstjórnunarkerfinu sé komið í framkvæmd með réttum hætti (1.2), þ.m.t. að skipa fulltrúa umhverfisstjórnunar (1.3). Lagagrundvöllur: Ákvæði 1. mgr. 2. gr. og liðir A.2 og A.4 í II. viðauka
2. Stjórnendur skulu fara reglulega yfir þann árangur sem náðst hefur og taka á málum sem koma upp. Þörf er á reglulegri þátttöku stjórnenda á fundum og í framtaksverkefnum samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfinu. (Liður A.6 í II. viðauka)

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

1. Þátttaka og skuldbinding yfirstjórnar.

1.1. Skilgreining á umhverfisstefnu fyrirtækis/stofnunar:

Samkvæmt almennri atvinnugreinaviðmiðun 1945 (*GIC Criteria 1945*) ([1]) er þess krafist að fyrirtæki/stofnanir komi á umhverfisstefnu. Enn fremur skulu stjórnendur taka þá ákvörðun að taka þátt í kerfinu ásamt skuldbindingunni um að fara að mismunandi viðmiðunum.

([1]) Þar stendur: „Fyrirtækið verður að koma á umhverfisstefnu og markmiðum um heilbrigði, umhverfismál og öryggi. Þau verða að vera skjalfest annaðhvort í umhverfisstjórnunarkerfinu eða í aðgerðaáætluninni fyrir árlega loftslags- og umhverfisskýrslu Eco-Lighthouse“

1.2. Ábyrgð á að umhverfisstjórnunarkerfinu sé komið í framkvæmd með réttum hætti:

Samkvæmt almennri atvinnugreinaviðmiðun 6 *verða stjórnendur að framkvæma árlega úttekt á HSE-kerfinu og málsmeðferðarreglunum í Eco-Lighthouse til að meta hvort þau virki eins og fyrirhugað er.*

Með því að undirrita skilmála og skilyrði ELH og fundargerð frá rýni stjórnenda einu sinni á ári er yfirstjórnin ábyrg fyrir því að stjórnunarkerfinu sé komið í framkvæmd með réttum hætti og að árlega loftslags- og umhverfisskýrslan (Klima- og miljørapport) sé rétt.

1.3. Tilnefning umhverfisstjórnunarfulltrúa:

Einn einstaklingur í hópi starfsfólks er tilnefndur sem umhverfisstjóri (Miljøfyrtårnansvarlig). Það er ekki endilega fullt starf, allt eftir stærð fyrirtækisins/stofnunarinnar. Umhverfisstjórinn getur fengið þjálfun frá ráðgjafanum við fyrstu vottun eða fengið kennslu frá næsta stjórnanda á undan. Í stærri fyrirtækjum/stofnunum tekur umhverfisstjórinn stundum þátt í námskeiði fyrir ELH-ráðgjafa (og telst þannig hæfur sem innri ráðgjafi (internkonsulent)). Verkefni hans/hennar eru tilgreind í 6. kröfu (Stjórnskipulag, þjálfun og þátttaka starfsfólks).

2. Stjórnendur fara reglulega yfir þann árangur sem náðst hefur og taka á málum sem koma upp

Þetta er gert með árlegri rýni stjórnenda ([1]) (ledelsens gjennomgang) sem stjórnendur samþykkja (stjórnendur undirrita fundargerðir frá árlegum rýnifundi stjórnenda). Lögð er fram skýrsla um tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum (lagalegum og/eða að ekki er farið að ELH-viðmiðunum) og árleg loftslags- og umhverfisskýrsla eða -skýrslur. Sú síðarnefnda inniheldur mat á umhverfisárangri og umhverfismarkmið fyrir komandi ár. Hægt er að leggja fram skýrslur um (endur)vottun, einkum í tengslum við tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

Þetta árlega mat er því gæðakönnun (ánægja viðskiptavina, skipulag, tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum) en fjallar einnig um árangur við að ná umhverfismarkmiðum og aðgerðaáætlun og yfirferð m.t.t. framvindu málefna á borð við úrgang, orkunotkun og umhverfisvísa sem skipta máli í atvinnugreininni. Ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem varða ELH og/eða ytra umhverfið er tekið á því hér (með því að lagfæra atriðin strax, eða — ef það er ekki hægt — bæta þeim inn í aðgerðaáætlunina fyrir komandi ár).

Í almennri atvinnugreinaviðmiðun 1950 stendur: „Fyrirtækið verður að koma á málsmeðferðarreglum fyrir skýrslugjöf og meðhöndlun tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum“ ([2]). Stjórnendur eru þar með ábyrgir fyrir umhverfisstefnu, markmiðum og árangri í ELH með árlegri (hið minnsta) uppfærslu og staðfestingu á skuldbindingum.

Enn fremur tryggir viðbótar HSE-kerfi, sem krafist er í norskum lögum ([3]), að umhverfismarkmiðin, sem kynnt eru í aðgerðaáætluninni og sem skýrsla er gefin um í árangurshluta árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunnar, séu uppfyllt og leiðbeiningum fylgt.

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Yfirstjórnandinn undirritar skilmála og skilyrði ELH á frumstigi vottunarferlisins (í vefgáttinni). Í almennum atvinnugreinaviðmiðunum 1945 er gerð krafa um að fyrirtæki/stofnanir komi á umhverfisstefnu. Ítarleg, endurtekin þátttaka stjórnenda (með athugunum) á sér stað á mismunandi tímum ársins og í gegnum árlega rýni stjórnenda. Fyrirtæki/stofnun, sem kemur ELH í framkvæmd, verður einnig að tilnefna umhverfisstjóra sem heyrir undir yfirstjórn (eða er hluti af yfirstjórninni) og hefur samráð við starfsfólkið um ELH-málefni.

([1]) Skylda til að viðhalda innra eftirliti: „Sú skylda að innleiða og starfrækja innra eftirlit hvílir á „aðila sem ber ábyrgð“ í fyrirtækinu. Með því er átt við stjórnendur eða eiganda fyrirtækisins. Þó að framkvæma verði innra eftirlit á öllum stigum hjá fyrirtækinu er meginábyrgðin á því að setja kerfið upp og viðhalda því í höndum yfirstjórnar fyrirtækisins. Í þessum hluta er það þó nákvæmlega skýrt að innleiða þurfi innra eftirlit og starfrækja það í samstarfi við starfsfólk, vinnuumhverfisnefnd, öryggisfulltrúa og/eða aðra fulltrúa starfsfólks þegar þeir eru til staðar“.

([2]) Lagaheimildin fyrir viðmiðuninni er reglugerðir sem varða kerfisbundnar aðgerðir tengdar heilbrigði, umhverfi og öryggi í fyrirtækjum (reglugerðir um innra eftirlit), liður 5.7.

([3]) Tengill á lög: https://www.arbeidstilsynet.no/hms/internkontroll/ og frekari tilvísanir: http://www.hse.gov.uk/.

Á grundvelli þessara þátta viðurkennir framkvæmdastjórnin að sá hluti ELH sem tengist **„Þátttöku og skuldbindingu yfirstjórnar“** sé í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geti því talist jafngildur.

2. HLUTI

Umhverfisrýni komið á (bráðabirgðagreining)

Samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

Fyrir skráningu skal fyrirtæki/stofnun framkvæma umhverfisrýni á grundvelli I. viðauka við reglugerðina — a-liður 1. mgr. 4. gr., I. viðauki, þáttur A.3.1 í II. viðauka.

Bráðabirgðagreiningin skal ná yfir eftirfarandi svið:

1. Tilgreining gildandi lagaskilyrða varðandi umhverfið
2. Greining allra beinna og óbeinna umhverfisþátta sem hafa veruleg umhverfisáhrif og eru greindir bæði eftir megind- og eigindlegum eiginleikum, eftir því sem við á, og samantekt skrár yfir þá sem teljast mikilvægir
3. Lýsing á viðmiðunum við mat á vægi umhverfisáhrifanna
4. Athugun á öllum núverandi starfsvenjum og málsmeðferðarreglum í umhverfisstjórnun
5. Mat á niðurstöðum úr rannsóknum á fyrri atvikum

Utanaðkomandi sannprófandi skal sannprófa þessa rýni.

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

Almennt mat: Bráðabirgðagreining ELH, kölluð „umhverfisyfirlýsing“ (Miljøkartlegging), er framkvæmd af ráðgjafa (sem ELH þjálfar, samþykkir og vaktar). Eftir greiningu á fyrirtæki/stofnun velur hann viðeigandi viðmiðanir sem fyrirtækið/stofnunin skal fara eftir til að fá ELH-vottun. Á grundvelli þessarar greiningar er veflæga umhverfisyfirlýsingin (Miljøkartlegging) búin til sem skrá yfir viðmiðanir, sem þarf að uppfylla, sem vísa fyrirtækinu/stofnuninni veginn til að greina svið þar sem ná þyrfti árangri. Í næsta skrefi gerir gagnvirka málsmeðferðin, sem er að finna í vefgátt ELH (Miljøfyrtårnportalen), fyrirtækjum/stofnunum kleift að færa inn árangur og vakta tæmandi skrána yfir viðeigandi viðmiðanir sem þarf að uppfylla.

ELH býður upp á almennar atvinnugreinaviðmiðanir, sem eiga við fyrir allar atvinnugreinar, auk sértækra viðmiðana, sem eru fyrirfram skilgreindar fyrir tilteknar atvinnugreinar, sem varða 14 mismunandi atvinnugreinar ([1]).

1) *Tilgreining gildandi lagaskilyrða varðandi umhverfið*

Almennar atvinnugreinaviðmiðanir innihalda einnig athugun á því hvort lagaskilyrði séu uppfyllt. Þetta er athugað í samræmi við almenna atvinnugreinaviðmiðun 1944: *Fyrirtækið verður að tryggja aðgang* ([2]) *að uppfærðu yfirliti yfir viðeigandi lög og reglur sem varða heilbrigði, umhverfi og öryggi.* Aðgengi og skráning eru auðvelduð með vefsetri norsku ríkisstjórnarinnar Regelhjelp ([3]) þar sem fyrirtækið færir inn einkvæman fyrirtækjakóða sinn og býr til skrá yfir gildandi lagaskilyrði sem varða fyrirtækið, þ.m.t. þau sem tengjast umhverfinu. Í almennum og sértækum viðmiðunum eru allar viðmiðanir sem leiða af lögum og reglum greinilega merktar með tákninu *§* til að taka það sérstaklega fram að markmiðið með viðmiðuninni sé að fylgja lagaskilyrðunum.

2) *Greining allra beinna og óbeinna umhverfisþátta sem hafa veruleg umhverfisáhrif og eru greindir bæði eftir megind- og eigindlegum eiginleikum, eftir því sem við á, og samantekt skrár yfir þá sem teljast mikilvægir*

Með því að þróa atvinnugreinaviðmiðanir eru umhverfisþættir, sem eru miðlægir í atvinnugreinunum sem falla undir sértækar viðmiðanir ELH, tilgreindir og skráðir. Fyrirframskilgreindar viðmiðanir eru þróaðar í samstarfi við viðkomandi atvinnugreinasamtök, hagsmunahópa, ríkisstjórnina, vísindamenn og helstu viðskiptavini. Það að útbúa gagnvirkt fyrirframskilgreint safn viðmiðana er ætlað til að aðstoða fyrirtæki/stofnanir við að búa til skýr viðmiðunargildi á auðveldan hátt. Einn helsti munurinn á umhverfisstjórnunarkerfi ESB og ELH-aðferðunum liggur greinilega í þessu ferli. Það fyrra beinist að því að greina umhverfislega þætti hjá fyrirtæki/stofnun en það síðara greinir þá innan atvinnugreinarinnar.

([1]) http://eco-lighthouse.org/statistikk/
([2]) Fyrir vottunaraðilann og fyrirtækið/stofnunina almennt
([3]) www.regelhjelp.no

Af 31 almennri atvinnugreinaviðmiðun eru 35% kerfisviðmiðanir, 4% varða vinnuumhverfið og ELH heldur því fram að 52% varði ytra umhverfið ([1]). Samkvæmt fullyrðingum ELH eru alla jafna 10% af sértækum atvinnugreinaviðmiðunum kerfisviðmiðanir, 20% varða vinnuumhverfið og ELH heldur því fram að 70% varði ytra umhverfið ([2]). Nánari skoðun á viðmiðunum með flest vottorð (sem eru af þessum sökum oftast endurskoðuð og uppfærð), s.s. hótel eða smásöluverslanir með matvöru ([3]), staðfestir að þessar viðmiðanir innihalda nokkra mikilvæga lykilumhverfisþætti.

Almennar atvinnugreinaviðmiðanir innihalda einnig viðmiðun 1963 „aðrir umhverfisþættir“ þar sem fyrirtæki er gert skylt að meta og fjalla um alla umhverfisþætti, sem skipta máli, sem falla ekki undir almennar og sértækar atvinnugreinaviðmiðanir: „Fyrirtækið verður að greina aðra umhverfisþætti sem skipta máli hjá fyrirtækinu og íhuga allar nauðsynlegar aðgerðir og/eða að fella þá inn í árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna og/eða vakta þá gegnum aðgerðaáætlunina.“ Þó skilgreinir ELH ekki hvernig á að beita þessari viðmiðun, t.d. hvers konar þætti skal íhuga (beina eða óbeina) og hvernig á að meta mikilvægi áhrifa þeirra ([4]). Enn fremur er ekki ljóst hvernig hægt er að meta hvort farið er að þessari viðmiðun, m.a. á hvaða grundvelli ELH-vottunaraðilinn getur tryggt að allir umhverfisþættir, sem skipta máli, hafi verið greindir ([5]).

Skráðar viðmiðanir eru kannaðar við sannprófun/vottun og verða að hafa verið uppfylltar áður ([6]) en vottunin er veitt. Viðmiðanirnar eru endurstaðfestar/endurvottaðar þriðja hvert ár vegna endurvottunar.

3) *Lýsing á viðmiðunum við mat á vægi umhverfisáhrifanna*

Mat á umhverfisáhrifum er framkvæmt sem liður í ferlinu við þróun atvinnugreinaviðmiðana. Þess vegna innir fyrirtækið/stofnunin þetta mat ekki af hendi heldur inna viðeigandi hagsmunaaðilar í atvinnugreininni það af hendi innan hennar. Í 3. lið I. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB eru sérstakar leiðbeiningar og viðmiðanir til að meta mikilvægi umhverfisáhrifa á fyrirtæki/stofnanir. ELH lætur slíkar leiðbeiningar ekki í té þegar ráðgefandi hópar sérfræðinga framkvæma matið innan atvinnugreinarinnar.

4) og 5). *Núverandi starfsvenjur og málsmeðferðarreglur í stjórnun og mat á endurgjöf eftir rannsókn á fyrri atvikum.*

Núverandi starfsvenjur og málsmeðferðarreglur í stjórnun eru athugaðar og metnar með atvinnugreinaviðmiðunum. Fyrir vottunina eru gerð drög að fyrstu árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni og þeim bætt við umhverfisyfirlýsinguna. Þessi skýrsla inniheldur jákvæða og neikvæða punkta um umhverfisstjórnunina hjá fyrirtækinu/stofnuninni. Þar er sérstaklega tekið tillit til „Framtaksverkefni sem eru unnin“ (Gjennomførte tiltak) til að leiðrétta aðstæður sem voru ekki til fyrirmyndar. Gerð eru drög að aðgerðaáætlun (Handlingsplan med mål) á grundvelli þessara upplýsinga.

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Bráðabirgðagreining ELH byggir á safni viðmiðana sem byggjast á umhverfisþáttum sem eru greindir innan atvinnugreinarinnar. ELH getur tekið verulegan hluta af mögulegum umhverfisþáttum fyrirtækis/stofnunar með í reikninginn við skilgreiningu á atvinnugreinaviðmiðunum. Fyrirtækið/stofnunin mun þá fjalla um þessa þætti þegar það/hún metur fylgni sína við skilgreindar viðmiðanir við undirbúning fyrir vottun.

Samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB er gerð krafa um einstaklingsmiðaða greiningu á sértækum beinum og óbeinum umhverfisþáttum hjá fyrirtækinu/stofnuninni og þess krafist að fyrirtækið/stofnunin komi á viðmiðunum til að ákvarða mikilvægi áhrifa er varða þá þætti sem greinst hafa í tengslum við fyrirtækið/stofnunina. Þessi fyrirtækja-/stofnanamiðaða nálgun miðar að því að greina þætti sem eru sérstaklega mikilvægir fyrir fyrirtækið/stofnunina en ekki fyrir atvinnugreinina í heild sinni. Þessi einstaklingsmiðaða nálgun er einn af lykilmismununum milli kerfanna tveggja.

([1]) http://www.miljofyrtarn.no/dokumenter/bransjekrav/844-general-industry-criteria/file og http://www.miljofyrtarn.no/dokumenter/bransjekrav/866-guidance-to-the-general-industry-criteria/file

([2]) Tölfræðilegar upplýsingar frá ELH um hótel: http://miljofyrtarn.no/dokumenter/bransjekrav/864-industry-criteria-hotel/file og um matvörur í smásölu: http://miljofyrtarn.no/dokumenter/bransjekrav/863-industry-criteria-retail-grocery-store/file

([3]) http://eco-lighthouse.org/statistikk/

([4]) Eco-Lighthouse-leiðbeiningar um almennar atvinnugreinaviðmiðanir, 4.5.2017 — viðmiðun 1963: *„Aðskilið mat á öðrum umhverfisþáttum er fullnægjandi ef fyrirtækið telur nauðsynlegt að innleiða viðbótarráðstafanir. Fyrirtækinu er frjálst að velja hvaða aðferð það vill innleiða til að taka á þessum umhverfisþáttum en þetta er hægt að tengja við áhættugreiningu fyrir ytra umhverfið“.*

([5]) ELH-vottunaraðilar eru þjálfaðir til að meta hvort farið sé að raunverulegum viðmiðunum, ekki til að inna af hendi sérstakt mat á mismunandi umhverfisþáttum.

([6]) Sjá einnig 4. kröfu: Samræmi við lög

Í almennri viðmiðun 1963 í ELH er einnig gerð sú krafa að tekið sé tillit til „annarra umhverfisþátta“ sem eiga við og þá er hægt að nota til að auka umfang greiningarinnar og fá fram nákvæmari yfirferð. Í leiðbeiningum með viðmiðununum fyrir ELH er mælt með því að þessu sé beitt í tengslum við áhættugreininguna. Þar er þó ekki skilgreint hvernig meta eigi mikilvægi þessara viðbótarþátta.

Þó að báðar aðferðir séu nytsamlegar og feli í sér bæði kosti og galla er marktækur munur á aðferðafræðinni sem beitt er. Keppt er að svipuðu markmiði — að greina mikilvæga umhverfisþætti — en með ólíkum aðferðum. ELH beinist að því að greina umhverfisþætti innan atvinnugreina en umhverfisstjórnunarkerfi ESB miðar að því að greina mikilvæga fyrirtækja-/stofnanasértæka þætti. Af þessum sökum er ekki hægt að líta á báðar aðferðirnar sem jafngildar ([1]).

Á grundvelli þessara þátta lítur framkvæmdastjórnin svo á að sá hluti af ELH sem tengist „**Umhverfisrýni komið á**“ sé að hluta til í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Mögulegar ráðstafanir til að brúa bilið yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

Þó að ekki sé hægt að líta á þennan hluta af ELH sem jafngildan sýnir greiningin fram á mikið samræmi við margar samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Til að ná fram samræmi við allar samsvarandi kröfur ætti að koma eftirfarandi viðbótarþáttum til framkvæmda:

— Nálgun sem byggir á áhættugreiningu er skipt út fyrir nálgun og aðferð sem byggir á I. viðauka við umhverfisstjórnunarkerfi ESB með það að markmiði að greina einnig mikilvæga umhverfisþætti sem falla ekki undir atvinnugreinaviðmiðanirnar

— Í ljósi þess skal beita almennri atvinnugreinaviðmiðun 1963 sem byggist á ákvæðum varðandi umhverfisrýni í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

— ELH-vottunaraðilinn skal ganga úr skugga um, með viðeigandi aðferð, að allir umhverfisþættir til viðbótar, vísar og lagaskilyrði hafi verið greind og tekið á þeim

3. HLUTI

Umhverfisstefnu komið á

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

Yfirstjórnin skal skilgreina umhverfisstefnu fyrirtækisins/stofnunarinnar. Þessi stefna skal innihalda þá mismunandi þætti sem getið er í II. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. (Ákvæði b-liðar 1. mgr. 4. gr. og liðar A.2 í II. viðauka)

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

Í ELH kemur fram formleg krafa um setningu markmiða með viðmiðun 1945 („Fyrirtækið verður að koma á umhverfisstefnu ([2]) og markmiðum um heilbrigði, umhverfismál og öryggi. Þau verða að vera skjalfest annaðhvort í umhverfisstjórnunarkerfinu eða í aðgerðaáætluninni fyrir árlega loftslags- og umhverfisskýrslu Eco-Lighthouse“). Umhverfisstefnan og sértæku umhverfismarkmiðin eru fyrst meðhöndluð með því að setja viðmiðanirnar á undan vottuninni og eru gefin upp í umhverfisyfirlýsingunni (Miljøkartlegging). Í seinni áfanganum er umhverfisárangur athugaður með hliðsjón af völdum vísum í árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni sem tekur einnig til aðgerðaáætlunar er varðar stöðugt betri árangur.

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Samkvæmt nýendurskoðaðri viðmiðun 1945 er fyrirtækinu skylt að skilgreina umhverfisstefnu. Sambland af umhverfisyfirlýsingu, fastsetningu viðmiðana og árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni, athugun á vísum og setning markmiða bætir við þessa umhverfisstefnu og aðstoðar við að koma henni í framkvæmd.

Vilji til að fá vottun gegnum Eco-Lighthouse og undirritun skilmála og skuldbindinga í ELH sýnir þá fyrirætlan að styrkja stjórnun umhverfisþátta og gera stöðugar umbætur á umhverfisárangri. Árlega loftslags- og umhverfisskýrslan er drifkraftur fyrir stöðugar umbætur gegnum aðgerðaáætlunina í henni.

([1]) Það er sérstaklega mikilvægt að undirstrika þennan aðferðafræðilega mismun í ljósi 4. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisyfirlýsing samkvæmt ELH getur ekki komið í staðinn fyrir umhverfisrýni samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB í tengslum við innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis ESB.

([2]) Í samræmi við lið A.2 í II. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB

Stjórnendur skulu fullgilda árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna við árlega rýni sína.

Á grundvelli þessara þátta viðurkennir framkvæmdastjórnin að sá hluti ELH sem tengist **„Umhverfisstefnu komið á“** sé í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geti því talist jafngildur.

4. HLUTI

Samræmi við lög tryggt

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB
Samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB er gerð krafa um að fyrirtæki/stofnanir:

1. skilgreini lagalega skuldbindingu sína í tengslum við umhverfið,
2. tryggi að þessum kröfum sé fylgt,
3. ákvarði fullnægjandi málsmeðferðarreglur til að uppfylla þessar kröfur á áframhaldandi grundvelli,
4. leggi fram efnislegar og skjalfestar sannanir fyrir því að þær séu uppfylltar.

(Ákvæði b-liðar 1. mgr. og 4. mgr. 4. gr. og liðir A.3.2, B.2 og A.5.2 í II. viðauka)

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

1. Áður en ELH-vottun fer fram tekur ráðgjafinn saman skrá yfir viðmiðanir. Samkvæmt almennri atvinnugreinaviðmiðun 1944 ([1]) ber fyrirtækinu skylda til að tryggja aðgang vottunaraðila/sannprófanda (og þar að auki alls fyrirtækisins) að uppfærðu yfirliti yfir viðkomandi lög og reglur sem varða fyrirtækið.

   Vefsetur norsku ríkisstjórnarinnar *Regelhjelp* ([2]) auðveldar framfylgd þessarar skuldbindingar en þar fær fyrirtækið skrá yfir viðeigandi löggjöf á grundvelli einkvæms fyrirtækisnúmers. Reglur og reglusetning sem skipta atvinnugreinina mestu máli mynda hluta af almennum og sértækum atvinnugreinaviðmiðunum (merktar með §) sem nauðsynlegt er að framfylgja til að fá vottun og endurvottun. Árleg uppfærsla á yfirlitinu er tryggð með árlegri rýni stjórnenda (gegnum árlega HSE-endurskoðun).

   Skráin yfir viðmiðanirnar inniheldur einnig viðmiðanir sem tengjast sérstökum lagalegum skuldbindingum sem fyrirtækið/stofnunin verður að fara að.

   Dæmi:

   — Almenn lagaviðmiðun 42: „hættulegur úrgangur (og ...) skal geymdur á öruggan hátt og afhentur til (...) starfsstöðvar í samræmi við reglugerðir sem varða endurvinnslu úrgangs“

   — Sértæk lagaviðmiðun 311: „Tekin verða sýni úr skólpi og þau greind í samræmi við staðbundnar reglur og mengunarreglur 15A-3 og 4“ (þýðing)

2. Fyrirtækið staðfestir að það uppfylli þessar viðmiðanir með sjálfsmati á undan vottuninni. Óháður þriðji aðili, sem er sannprófandi/vottunaraðili, athugar síðan viðmiðanirnar aftur meðan vottunin stendur yfir. Áður en ELH-vottorð er gefið út kannar ELH Foundation aftur þá vinnu sem ráðgjafinn, fyrirtækið og vottunaraðilinn/sannprófandinn hefur innt af hendi og samþykkir hana. Athugunin er endurtekin við endurvottun þriðja hvert ár. Uppfylla þarf allar viðmiðanir áður en vottun getur farið fram, þ.m.t. almennar og sértækar viðmiðanir sem eru teknar beint úr norsku löggjöfinni inn í ELH-viðmiðanirnar (merktar með „§“). Ef ekki er farið að tilskildu lagaskilyrði, sem er ekki ELH-viðmiðun, er tekið á því með almennri atvinnugreinaviðmiðun 1950 en samkvæmt henni ber fyrirtækjum skylda til að koma á málsmeðferðarreglum fyrir skýrslugjöf og meðhöndlun þessara tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Hægt er að votta fyrirtækið á grundvelli þessarar viðmiðunar ef það sýnir fram á að það er með kerfi til að meðhöndla tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Vottunaraðili/sannprófandi kannar samræmi við viðmiðanir ELH og staðfestir að fyrirtækið hafi komið á verklagsreglum til að lagfæra ósamræmi við lagaákvæði í heild sinni.

   Öfugt við umhverfisstjórnunarkerfi ESB er ekki gerð sú krafa í ELH að fyrirtæki/stofnanir láti vottunaraðila í té sannanir fyrir því að umhverfislöggjöfinni ([3]) sé fylgt í einu og öllu umfram sértæku (lagalegu) viðmiðanirnar.

([1]) Almenn atvinnugreinaviðmiðun 1944: *Fyrirtækið verður að tryggja aðgang að uppfærðu yfirliti yfir viðeigandi lög og reglur sem varða heilbrigði, umhverfi og öryggi.*
([2]) http://www.regelhjelp.no/ og http://www.miljofyrtarn.no/dette-er-milj%C3%B8fyrt%C3%A5rn/bransjekriterier
([3]) Reglugerðin um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, B.2.2 í II. viðauka.

3. Þriðja hvert ár þarf að endurvotta; þá eru allar viðmiðanir kannaðar aftur, þ.m.t. almenn atvinnugreinaviðmiðun 1950 þar sem tekið er á tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Endurvottun lýkur ekki ef fyrir hendi eru tilvik þar sem ekki er farið að viðmiðunum.

   Vottunaraðilinn metur sannanir um samræmi við lög meðan (endur)vottunarmatið stendur yfir en þetta mat takmarkast því við hæfni vottunaraðilans (sjá kröfur um faggildingu). Þó eru lagalegar viðmiðanir settar þannig fram að þjálfaður vottunaraðili/sannprófandi er fær um að meta hvort farið er að tilskildum ákvæðum og skrá hvernig þessu samræmi er háttað. Vottunaraðilinn/sannprófandinn kannar einnig hvort fyrirtækið sé með til reiðu uppfært yfirlit yfir lög og reglur og að fyrir hendi sé kerfi til að taka á tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

   Enn fremur er samræmi við lagaskilyrði tryggt gegnum árlega innri HSE-úttekt sem er hluti af árlegri rýni stjórnenda. Í HSE-úttektinni er fjallað um sérhvert tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum lagaskilyrðum.

   Í ELH-gáttinni er að finna leiðbeiningar og dæmi um hvernig eigi að taka á tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum (almenn atvinnugreinaviðmiðun 1950).

4. Í samræmi við skýringarnar sem gefnar eru í 2. lið þessa hluta takmarkast skjölin, sem lögð eru fram, við sértæk lagaskilyrði sem falla undir ELH-viðmiðanirnar og ná ekki yfir öll gildandi lagaskilyrði sem tengjast umhverfinu. Skjöl verða lögð fram og geymd í stafrænu ELH-vefgáttinni.

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

ELH byggir á kerfi sem grundvallast á viðmiðunum, áþekkt ferlinu sem komið var á fyrir umhverfisyfirlýsinguna (bráðabirgðagreining), til að meta samræmi fyrirtækja/stofnana við lög. Slíkt kerfi, ásamt vefsetri ríkisstjórnarinnar *Regelhjelp* ([1]), telst veita gott yfirlit yfir þau lagaskilyrði sem á að uppfylla eins og krafist er samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Samræmi við allar ELH-viðmiðanir, þ.m.t. lagalegar viðmiðanir, er fyrst kannað með sjálfsmati áður en vottun fer fram og vottunaraðili/sannprófandi kannar það aftur þegar vottað er. Ef í ljós kemur tilvik þar sem ekki er farið að einni, tilgreindri viðmiðun er ekki hægt að gefa út vottorð.

Sannanir fyrir því að farið sé að tilskildum (lagalegum) ELH-viðmiðunum eru gerðar aðgengilegar gegnum kerfið. Í ELH er einnig gerð krafa um að fyrirtæki/stofnun sé með málsmeðferð fyrir hendi til að gefa skýrslu um og meðhöndla eftirstandandi tilvik þar sem ekki er farið ([2]) að lagaákvæðum. Árlega er haft eftirlit með fylgni við mikilvægustu lögin og reglurnar, sem tengjast aðgerðum tengdum heilbrigði, umhverfi og öryggi, með HSE-gátlista sem framkvæmdastjórinn staðfestir og undirritar og fellur undir rýni stjórnenda. Í leiðbeiningum með almennri atvinnugreinaviðmiðun 1944 er tilgreint með skýrum hætti að fylgni við lagaskilyrði sé krafist, ekki einungis að gefa skuli yfirlit yfir þau.

Öfugt við umhverfisstjórnunarkerfi ESB inniheldur ELH ekki viðmiðun sem útheimtir að fyrirtækið/stofnunin fari að öllum lagaskilyrðum sem tengjast umhverfinu. Þess í stað er megináherslan í ELH á mikilvægustu umhverfislöggjöfina gegnum viðeigandi atvinnugreinaviðmiðanir þar sem löggjöfin, sem skiptir mestu máli, er umorðuð til þess að hún sé að öllu leyti skiljanleg fyrir fyrirtækið og vottunaraðilann.

Ef um er að ræða tilvik þar sem ekki er farið að lagaskilyrðum, sem falla ekki undir lagalegar viðmiðanir í ELH, er enn fremur hægt að veita vottun að því tilskildu að fyrir hendi séu málsmeðferðarreglur fyrir skýrslugjöf og meðhöndlun tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum þegar HSE-reglum er fylgt ([3]).

Annar merkjanlegur munur liggur í hæfni vottunaraðilans. Vottunaraðilar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skulu vera færir um að veita því athygli ef einhverri löggjöf hefur verið sleppt og þess vegna verða þeir að hafa formlega menntun og hæfi að því er þetta varðar. Öfugt við þetta hljóta ELH-sannprófendur almenna menntun. Í ELH er þetta séð fyrir með því að setja (lagalegar) viðmiðanir fram á skýran og skiljanlegan hátt en hæfni vottunaraðilans til að greina tilvik þar sem ekki er farið að lagaákvæðum, sem ganga lengra en fyrirframákveðnar lagalegar viðmiðanir, er óviss.

Að lokum er einnig hægt að finna mun, í samanburði við umhverfisstjórnunarkerfi ESB, á tíðni þessarar utanaðkomandi sannprófunar. Samkvæmt ELH skal full endurvottun fara fram þriðja hvert ár. Þá eru allar viðmiðanir, þ.m.t. allar viðmiðanir sem tengjast lagaskilyrðum, kannaðar aftur. Samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB er árangur í samanburði við lagaákvæði einnig hluti af árlegri fullgildingu sannprófanda umhverfisstjórnunarkerfis ESB á umhverfisyfirlýsingunni. Þó skal veita því athygli að 98% af ELH-fyrirtækjum ættu, ef þau væru með vottun í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, rétt á undanþágu fyrir lítil fyrirtæki/stofnanir skv. 7. gr. þannig að tíðni árlegrar úttektar (annað hvert ár) og endurvottunar (fjórða hvert ár) yrði nær ELH.

([1]) http://www.regelhjelp.no/

([2]) Almenn atvinnugreinaviðmiðun 1950 „*Fyrirtækið verður að koma á málsmeðferðarreglum fyrir skýrslugjöf og meðhöndlun tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum*“

([3]) http://eco-lighthouse.org/statistikk/ leiðbeiningarnar varðandi viðmiðanirnar er að finna aftast í skjalinu

Á grundvelli þessara þátta lítur framkvæmdastjórnin svo á að sá hluti af ELH sem tengist „**Samræmi við lög tryggt**“ sé að hluta til í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Mögulegar ráðstafanir til að brúa bilið yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

Þó að ekki sé hægt að líta á þennan hluta af ELH sem jafngildan sýnir greiningin fram á mikið samræmi við margar samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Til að ná fram samræmi við allar samsvarandi kröfur ætti að koma eftirfarandi viðbótarþáttum til framkvæmda:

— Aðlaga texta viðmiðunar í almennri atvinnugreinaviðmiðun 1944 til að geta þess að fyrirtæki/stofnanir skuli tryggja að öll lagaskilyrði sem tengjast umhverfinu séu greind og uppfyllt áður en vottað er

— Gera þá kröfu að fyrirtækið leggi fram sannanir fyrir því að farið sé að viðeigandi lagalegum umhverfiskröfum ef farið er fram á það

— Tryggja að þriðji aðili, úttektaraðili sem er faggiltur eða með leyfi, fullgildi samræmi við lög á hverju ári fyrir stór fyrirtæki/stofnanir og annað hvert ár fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

5. HLUTI

Markmiðum og umhverfisáætlun komið á til að tryggja stöðugt betri árangur

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

1. Skilgreina skal markmið innan fyrirtækisins/stofnunarinnar til að tryggja að það/hún bæti stöðugt umhverfisárangur sinn (1. gr., liður B.3 og 3. liður í lið B.4 í II. viðauka).

2. Koma skal á aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála og koma henni í framkvæmd til að ná þessum markmiðum. (Ákvæði 7. mgr. 18. gr., liðir A.2 og A.3.3 í II. viðauka).

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

Samkvæmt málsmeðferðarreglum í ELH skal gera drög að ítarlegri umhverfisyfirlýsingu (Miljøkartlegging, gátlisti yfir viðeigandi almennar og sértækar viðmiðanir sem á að nota vegna vottunar) á undan vottun á fyrirtæki/stofnun og drög að fyrstu árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni sem inniheldur umhverfismarkmið og -aðgerðir sem eru fyrirhuguð fyrir næsta ár sem og núverandi umhverfisárangur.

Á hverju ári eftir það (eigi síðar en 1. apríl) er **árleg loftslags- og umhverfisskýrsla** lögð fram gegnum ELH-vefgáttina. Umhverfisárangur er borinn saman við næstliðið ár. Í skýrslunni eru tekin saman þau framtaksverkefni sem voru unnin sem og markmið og takmörk sem náðust og aðgerðaáætlun fyrir komandi ár er lögð fram. Vottunaraðili/sannprófandi fer yfir árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna/-skýrslurnar við fyrstu vottun og við hverja endurvottun á þriggja ára fresti. Hún er athuguð á hverju ári við árlega rýni stjórnenda.

Árlega loftslags- og umhverfisskýrslan er búin til í ELH-vefgáttinni út frá safni almennra vísa og vísa sem samsvara sértækum atvinnugreinaviðmiðunum. Umhverfismarkmið og aðgerðaáætlun í loftslags- og umhverfisskýrslunni skulu sýna stöðugt betri árangur. Verklaginu er lýst í leiðbeiningum með almennri atvinnugreinaviðmiðun 7 ([1]), tengdum leiðbeiningum og ELH-vefgáttinni.

Þar að auki kemur eftirfarandi fram í almennri atvinnugreinaviðmiðun 1963 (umhverfisþættir til viðbótar): „Fyrirtækið verður að greina aðra umhverfisþætti sem skipta máli hjá fyrirtækinu og íhuga allar nauðsynlegar aðgerðir og/eða að fella þá inn í árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna og/eða vakta þá gegnum aðgerðaáætlunina“. Þess vegna getur aðgerðaáætlunin innihaldið hvaða þætti sem er sem eru sértækir fyrir fyrirtækið og falla ekki undir almennar eða sértækar viðmiðanir.

Fyrir fyrirtæki sem óska þess að rýmka árlega loftslags- og umhverfisskýrslu sína enn frekar býður ELH upp á þjónustu sem nefnist atvinnugreinasértækir vísar (virksomhetsspesifikke sjekkpunkter) en þar er sérsniðnum spurningum og vísum, sem fyrirtækið skilgreinir, bætt við skýrsluna.

([1]) http://eco-lighthouse.org/statistikk/ leiðbeiningarnar varðandi viðmiðanirnar er að finna aftast í skjalinu

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Upphaflegri umhverfisstjórnunaráætlun, sem inniheldur matsviðmiðanir og markmið, er komið á þegar vottað er. Á hverju ári eru umhverfisárangur fyrirtækis/stofnunar, árangur sem náðst hefur og umhverfismarkmið metin í árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni sem er búin til í ELH-vefgáttinni.

Umhverfisáætlunin er uppfærð og endurmetin með endurnýjaðri umhverfisyfirlýsingu þriðja hvert ár þegar endurvottað er.

Þó að þessi ferli beinist að þáttum sem falla undir safn viðmiðana þegar umhverfisstjórnunarkerfið er sett upp (þ.m.t. viðbótarþættir sem falla undir almenna atvinnugreinaviðmiðun 1963 ([1])) búa þau yfir getu til að tryggja stöðugt betri árangur í umhverfismálum í tengslum við þessa þætti.

Á grundvelli þessara þátta viðurkennir framkvæmdastjórnin að sá hluti ELH sem tengist **„Markmiðum og umhverfisáætlun komið á til að tryggja stöðugt betri árangur“** sé í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geti því talist jafngildur.

---

6. HLUTI

Stjórnskipulag (hlutverk og ábyrgð), þjálfun og þátttaka starfsfólks

---

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

1. Stjórnendur skulu tryggja að úrræði séu tiltæk (þ.m.t. mannauður) til að tryggja að kerfið virki vel. Reglur og ábyrgð skulu skilgreind, skjalfest og þeim miðlað (liður A.4.1 í II. viðauka).

2. Yfirstjórnin skal tilnefna sérstaka(n) fulltrúa stjórnarinnar sem skal/skulu vera með skilgreint hlutverk, ábyrgð og valdsvið til að tryggja rétta framkvæmd og viðhald umhverfisstjórnunarkerfisins og gefa yfirstjórninni skýrslu um árangurinn af kerfinu (liður A.4.1 í II. viðauka).

3. Starfsfólk skal hljóta þjálfun í að uppfylla þarfir umhverfisstjórnunarkerfisins (1. gr., liður A.4.2 í II. viðauka).

4. Starfsfólk skal taka virkan þátt í að bæta umhverfisárangur fyrirtækisins/stofnunarinnar. (Ákvæði 1. gr. og liðir A.4.2 og B.4 í II. viðauka).

---

1. Skuldbinding stjórnar í tengslum við að koma kerfinu vel í framkvæmd og útvegun nauðsynlegra úrræða:

Samkvæmt almennri atvinnugreinaviðmiðun 1946: „Fyrirtækið verður að útbúa skipurit eða svipað yfirlit yfir lykilhlutverk hjá fyrirtækinu/stofnuninni, s.s. tengiliður Eco-Lighthouse, öryggisfulltrúi, yfirmaður vinnuumhverfisnefndar, HSE-stjórnandi, yfirmaður innkaupa og brunavarnafulltrúi“.

Samkvæmt norskri löggjöf ber yfirstjórnin ábyrgð á stjórnun fyrirtækisins sem nær yfir stjórnun á HSE og þannig óbeint yfir það að koma umhverfisstjórnunarkerfinu í framkvæmd. Ef nauðsynleg úrræði eru ekki látin í té koma sjálfkrafa í ljós annmarkar í næstu HSE-skýrslu og árlegri loftslags- og umhverfisskýrslu. Þessir annmarkar verða síðan teknir með í reikninginn við árlega rýni stjórnenda. Þetta gæti líka skapað hindrun fyrir næstu endurvottun.

2. Sérstakir fulltrúar fyrir umhverfisstjórnunarkerfið:

Einn einstaklingur í hópi starfsfólks er tilnefndur sem umhverfisstjóri (Miljøfyrtårnansvarlig). Það er ekki endilega fullt starf, allt eftir stærð fyrirtækisins/stofnunarinnar. Umhverfisstjórinn getur fengið þjálfun frá ráðgjafanum við fyrstu vottun eða fengið kennslu frá næsta stjórnanda á undan. Verkefni hans/hennar eru:

— Að vera tengiliður við ráðgjafann (við upphaf ferlisins)

— Að vera tengiliður við vottunaraðila/sannprófanda við upphaflega vottun og endurvottun

— Að tryggja að farið sé að atvinnugreinaviðmiðunum

([1]) Almenn atvinnugreinaviðmiðun 1933: *„Fyrirtækið verður að greina aðra umhverfisþætti sem skipta máli hjá fyrirtækinu og íhuga allar nauðsynlegar aðgerðir og/eða að fella þá inn í árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna og/eða vakta þá gegnum aðgerðaáætlunina“.*

— Að þjálfa og hvetja samstarfsfólk sitt

— Að útbúa og leggja fram árlega loftslags- og umhverfisskýrslu í ELH-vefgáttina

— Að ræða þessa skýrslu við stjórnendur við árlega rýni stjórnenda (ledelsens gjennomgang) sem og við starfsfólk á starfsmannafundum, miðla árlegu skýrslunni innan fyrirtækisins/stofnunarinnar gegnum innra netið eða eftir öðrum innri samskiptaleiðum

— Að miðla einkum alhliða umhverfisstefnu fyrirtækisins/stofnunarinnar og markmiðum fyrir komandi ár, eins og fram kemur í árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni, til samstarfsfólks

— Að stuðla að umbótum til frambúðar

ELH hefur innleitt veflæga þjálfun sem miðar að því að þjálfa umhverfisstjórann (Miljøfyrtårnansvarlig) í því hvernig á að fylla út árlega loftslags- og umhverfisskýrslu og einkum í því hvernig á að fá endurvottun.

ELH hefur útbúið leiðbeiningar fyrir umhverfisstjórann eins og krafist er í almennri atvinnugreinaviðmiðun 1947: „Fyrirtækið verður að útbúa skrifleg fyrirmæli fyrir starfsmanninn sem ber ábyrgð á að koma Eco-Lighthouse í framkvæmd. Umhverfisstjórinn skal draga starfsfólk fyrirtækisins/stofnunarinnar inn, hvetja það og hafa það með. Samkvæmt ELH er virk aðild starfsfólks hornsteinninn í ELH-kerfinu“.

Hjá stærri fyrirtækjum/stofnunum getur fleira starfsfólk tekið þátt gegnum umhverfisstjórnunarhóp ([1]) (Miljøgruppe — EMG). Hægt er að fella EMG inn í heilbrigðis-, umhverfis- og öryggishóp (HSE-hóp) en fyrirtækjum/stofnunum með fleiri en 50 starfsmenn ber lagaleg skylda til að hafa slíkan hóp.

3. Þjálfun:

Fyrirtæki og stofnanir eru bundin af almennri atvinnugreinaviðmiðun 1951: „Fyrirtækið verður að vera með verklagsreglur fyrir hendi til að þjálfa starfsfólk í undirstöðuþáttum HSE og til að upplýsa það um breytingar. Þjálfunin verður að innihalda traustar verklagsreglur sem varða ytra umhverfi“.

Tilgangurinn er að tryggja að starfsfólk búi yfir fullnægjandi þekkingu og færni til að inna starf sitt af hendi á tilhlýðilegan hátt og í samræmi við HSE-reglurnar. Umfang þjálfunar starfsfólksins mun fara eftir áhættunni sem tengist starfsemi fyrirtækisins. Grundvallarhugsunin í ELH er sú að það sé fyrirtækið/stofnunin sem hafi bestu þekkinguna á sjálfu/sjálfri sér og á hæfni/þörfum eigin starfsfólks og geti því metið það best hvaða þjálfunar er þörf. Viðmiðunin er staðfest munnlega (af hálfu vottunaraðila/sannprófanda) með því að spyrja hvaða verklag fyrirtækið hafi til að þjálfa starfsfólk sitt og nýliða í málefnum sem varða HSE.

Lykilspurningin er sú hvort þessi þjálfun beinist að því að bæta umhverfisárangur eða einungis að málsmeðferðarlegum þáttum ELH og HSE-áhættustjórnun. HSE-gátlistinn, sem ELH notar til að meta hvort starfsfólk þekki starfsvenjur ELH, staðfestir að umfang þjálfunar nær lengra en yfir verklagið og fjallar um lykilsvið umhverfismála s.s. úrgangsstjórnun, orkunýtni eða stjórnun hættulegra efna.

4. Þátttaka starfsfólks:

Til að uppfylla kröfurnar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal starfsfólk taka þátt í ferlinu sem miðar að því að bæta stöðugt árangur fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum.

Gerð er krafa um tilnefningu umhverfishóps innan fyrirtækisins/stofnunarinnar og virka þátttöku starfsfólks í umhverfislegri starfsemi ([2]). Starfsfólk er upplýst um innihald loftslags- og umhverfisskýrslunnar og skal einnig taka sérstakan þátt í þeim ferlum sem stuðla að því að bæta árangur í umhverfismálum, s.s. flokkun úrgangs. Mismunandi viðmiðanir (1953, 1962, 36) styðja við stöðugt betri árangur með notkun á „hugmyndabanka“. Þessir hugmyndabankar, sem Eco-Lighthouse Foundation lætur í té, innihalda mismunandi ráðstafanir til að bæta árangur á umhverfissviðum, s.s. flutningar, úrgangur eða orka, í samstarfi við starfsfólk fyrirtækisins/stofnunarinnar.

([1]) Veita skal því athygli að HSE-hópurinn (Arbeidsmiljøutvalg) og ELH-hópurinn (Miljøgruppe) eru mismunandi einingar. Samkvæmt lögum er gerð krafa um HES-hóp ef það eru fleiri en 50 starfsmenn. Það er ekki skyldubundið að vera með ELH-hóp en ELH mælir með því hjá fyrirtækjum/stofnunum sem eru með fleiri starfsmenn en tiltekinn fjölda. Þetta getur verið einn og sami hópurinn til að tryggja skilvirka skipulagningu og aðlögun ELH inn í stjórnunarfyrirkomulag sem fyrir er.

([2]) Eco-Lighthouse vottunarhandbók 2016 — 3.2.4 um að tilnefna og skipa umhverfishóp/verkefnahóp

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Stjórninni ber lagaleg skylda til að sjá fyrir starfsfólki til að málsmeðferðarreglur í HSE virki rétt og hún verður — samkvæmt reglum ELH — einnig að tilnefna ELH-fulltrúa á svipaðan hátt og í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þess vegna skulu ábyrgðaraðilar fá aðgang að nauðsynlegum úrræðum til að starfa á tilhlýðilegan hátt.

Einnig er farið fram á að fyrirtæki/stofnanir þjálfi starfsfólk sitt í hæfni m.t.t. HSE sem felur í sér að bæta umhverfisárangur og stuðla að þátttöku starfsfólks í að koma umhverfisstjórnunarkerfi í framkvæmd og í umhverfislegri starfsemi.

Á grundvelli þessara þátta viðurkennir framkvæmdastjórnin að sá hluti ELH sem tengist „**Stjórnskipulag, þjálfun og þátttaka starfsfólks:**“ sé í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geti því talist jafngildur.

---

7. HLUTI

Kröfur um skjalahald

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

Samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB er gerð krafa um skjalahald varðandi umhverfisstefnu, markmið, aðgerðaáætlanir, umfang stjórnunarkerfisins og helstu þætti þess, s.s. skrár sem eru nauðsynlegar fyrir skilvirka áætlanagerð og eftirlit með ferlum sem tengjast verulegum umhverfisáhrifum.

Liður A.4.4. í II. viðauka

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

Skjalahald varðandi fyrirtæki/stofnun og innleiðingu EMS-málsmeðferðarreglna og markmiða verður að vera aðgengilegt.

ELH er með á vefsíðu sinni ítarlega skrá yfir skyldubundin skjöl, sem krafist er vegna vottunar, ásamt öðrum eyðublöðum og gagnlegum tólum (*verktøy*) og atvinnugreinatengdum upplýsingum ([1]) fyrir vottun. Mörg viðeigandi skjöl eru geymd í vefgátt ELH ([2]) (Miljøfyrtårnportal). ELH ráðleggur einnig skjalavistunarkerfi fyrir skjölin.

Í leiðbeiningum vottunaraðila/sannprófanda varðandi almenna atvinnugreinaviðmiðun 1944 er vottunaraðilinn/sannprófandinn beðinn að ganga úr skugga um að skjölin og HSE-kerfið séu geymd á auðveldan og kerfisbundinn hátt og að fyrirtækið viti hvernig það á að nálgast upplýsingar. Skjöl sem tengjast atvinnugreinaviðmiðunum eru geymd í umhverfisyfirlýsingunni (Miljøkartlegging) og í vefgátt ELH. Fyrirtækið getur valið að sýna vottunaraðila/sannprófanda þau á fundinum sjálfum en það er engin skylda að hlaða þeim upp í gáttina. Á vottunar- eða endurvottunarfundinum sér vottunaraðilinn/sannprófandinn hversu vel starfsfólkið þekkir kerfið.

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Þessi hluti beinist að tiltækileika viðeigandi skjala. Þó að gildissvið kerfanna tveggja sé ekki nákvæmlega eins er hægt að líta svo á að skipulag upplýsinganna, sem ELH leggur til, og skipulag skjalavistunar teljist fullnægjandi.

Á grundvelli þessara þátta viðurkennir framkvæmdastjórnin að sá hluti ELH sem tengist „**Kröfur um upplýsingar**“ sé í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geti því talist jafngildur.

Athugið: samkvæmt skilgreiningu er málsmeðferð varðandi skjalahald í ELH hönnuð til að uppfylla þarfir ELH-stjórnunarkerfsins fyrir skjöl. Ef fyrirtæki/stofnun óskar eftir því að sækja um skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal aðlaga umfang málsmeðferðar varðandi skjalahald svo að það nái yfir allar kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, þ.m.t. þær sem eru sem stendur ekki uppfylltar í ELH.

([1]) http://miljofyrtarn.no/nyeverktoy og (dæmi) http://www.miljofyrtarn.no/2015-11-18-23-56-21/avfall

([2]) https://rapportering.miljofyrtarn.no/Account/Login?ReturnUrl=%2F Hafið samband við ELH til að fá aðgang.

8. HLUTI

Rekstrarstjórn

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

Starfræksla sem tengist skilgreindum, mikilvægum umhverfisþáttum skal fara fram við tilteknar aðstæður. Til að tryggja þetta skal fyrirtæki/stofnun:

1. koma upp, innleiða og viðhalda skjalfestum verklagsreglum til stýringar á ástandi þar sem skortur á verklagsreglum gæti leitt til þess að vikið yrði frá umhverfisstefnunni, markmiðum og takmörkum,
2. fastsetja viðmið um starfsemina í verklagsreglurnar,
3. koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglum varðandi þá þýðingarmiklu umhverfisþætti sem er búið að bera kennsl á og tengjast vörum og þjónustu sem fyrirtækið/stofnunin notar, og veita birgjum og undirverktökum upplýsingar um viðeigandi verklagsreglur og kröfur.

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

1 og 2. Í ELH er gerð krafa um að fyrirtæki/stofnun komi á umhverfisstefnu og skilgreini sértæk markmið varðandi umhverfisárangur. Enn fremur er þess krafist að norsk fyrirtæki setji heildarmarkmið fyrir HSE samkvæmt reglugerðinni um innra eftirlit. Samkvæmt almennum atvinnugreinaviðmiðunum 1945 og 1947 í ELH er tilgreint að stjórnunarkerfi verði að innihalda skjalfestar verklagsreglur til að ná þessum markmiðum í tengslum við heilbrigði, umhverfi og öryggi, þ.m.t. áframhaldandi fylgni við atvinnugreinaviðmiðanir. Koma verður á málsmeðferðarreglum um meðhöndlun tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum (almenn atvinnugreinaviðmiðun 1950). Í öðrum ELH-viðmiðunum (1949) er fyrirtækjum gert skylt að gera (uppfært) áhættumat og gera drög að samsvarandi aðgerðaáætlun.

Láta verður í té sértækar málsmeðferðarreglur fyrir tilteknar atvinnugreinar um meðhöndlun hættulegra vara sem eru alla jafna notaðar í þessari tilteknu atvinnugrein. (m.a. atvinnugreinasértækar viðmiðanir (SIC) 983 og 984 fyrir hreingerningaiðnaðinn, atvinnugreinasértækar viðmiðanir 1931, 1932 og 1933 fyrir viðgerðir á yfirbyggingum bifreiða og málningarverkstæði, atvinnugreinasértækar viðmiðanir 14 fyrir bílaviðgerðarverkstæði).

3. Eftir vottun verður fyrirtækið að upplýsa viðskiptavini sína og birgja um umhverfislega starfsemi sína (almenn atvinnugreinaviðmiðun 5). Ákvarða verður viðeigandi umhverfisviðmiðanir fyrir öll umtalsverð innkaup (almenn atvinnugreinaviðmiðun 1954) og fyrirtækið verður að hafa áhrif á mikilvægustu birgja sína til að þeir gangist undir umhverfisvottun. Fyrirtækið verður að sama skapi að hafa áhrif á birgja sína til að þeir veiti upplýsingar um umhverfismerktar vörur frá þriðja aðila í vöruskrá sinni og um tölfræðilegar upplýsingar varðandi umhverfismerktar vörur sem þeir kaupa inn (almenn atvinnugreinaviðmiðun 1956).

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Þessi hluti beinist að málsmeðferðarreglum sem eru fyrir hendi m.t.t. fullnægjandi rekstrarstjórnar. Hægt er að líta svo á að uppbygging málsmeðferðarreglna, sem ELH leggur til í samsetningu með norsku reglugerðinni um innra eftirlit, og tengd upplýsingastreymi teljist fullnægjandi.

Á grundvelli þessara þátta viðurkennir framkvæmdastjórnin að sá hluti ELH sem tengist „**Rekstrarstjórn**“ sé í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geti því talist jafngildur.

9. HLUTI

Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

1. Fyrirtækið/stofnunin skal koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m) til að bera kennsl á mögulegt neyðarástand og slys og hvernig það/hún ætlar að bregðast við slíku ástandi.
2. Fyrirtækið/stofnunin skal bregðast við raunverulegu neyðarástandi og slysum og hindra eða draga úr þeim umhverfisáhrifum sem verða samfara slíku ástandi.
3. Fyrirtækið/stofnunin skal með reglulegu millibili fara yfir og, ef nauðsyn krefur, endurskoða viðbúnað sinn og viðbrögð við neyðarástandi.
4. Fyrirtækið/stofnunin skal einnig prófa slíkar verklagsreglur með reglulegu millibili, sé það raunhæft.

(Liður A.4.7 í II. viðauka)

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

Með almennri atvinnugreinaviðmiðun 1949 eru settar reglur um þetta: „Fyrirtækið verður að leggja fram uppfært áhættumat, sem tekur til vinnuumhverfis og ytra umhverfis, og samsvarandi aðgerðaáætlun“.

Í tilteknum atvinnugreinum, þar sem þetta ákvæði skiptir sérstaklega miklu máli, eru sérstök lög og reglur. Norsk fyrirtæki geta auðveldlega athugað hvaða löggjöf á við um þau með því að kanna reglur og reglusetningu á vefsíðu ríkisstjórnarinnar *Regelhjelp* ([1]) þar sem fyrirtækið setur inn einkvæmt fyrirtækisnúmer sitt og fær skrá yfir viðeigandi löggjöf. Hægt er að nálgast dæmi um viðeigandi lög og reglur, sem varða viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi hjá mismunandi atvinnugreinum, á vefsíðu almannavarna (DSB) ([2]). Hins vegar skal veita því athygli að ELH vottar alla jafna ekki stóriðju eða fyrirtæki með flóknar umhverfisáskoranir.

Sértækar ELH- atvinnugreinaviðmiðanir innihalda einnig ákvæði um viðbúnað og viðbrögð jafnvel þótt í sumum tilvikum, s.s. bátasmíði, virðist þau takmarkast við skrár um hættuleg efni og ákvæði um námskeið í skyndihjálp. Að því er varðar fyrirtæki þar sem íðefni eða önnur efni eru notuð (s.s. þvottaþjónusta) er fjallað um þessi mál í sértæku atvinnugreinaviðmiðununum.

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Samkvæmt norskum lögum eru settar strangar reglur um viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi ([3]). ELH bætir við þetta með almennum atvinnugreinaviðmiðunum og sértækum atvinnugreinaviðmiðunum ef við á.

Við vottun, endurvottun og ferlið sem endar með árlegri rýni stjórnenda er farið yfir reglur um áhættuvitund, viðbúnað og viðbrögð og skilvirka beitingu þeirra ásamt endurskoðun á málsmeðferðarreglum.

Á grundvelli þessara þátta viðurkennir framkvæmdastjórnin að sá hluti ELH sem tengist „**Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi**“ sé í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geti því talist jafngildur.

---

10. HLUTI

Eftirlit, innri úttekt og aðgerðir til úrbóta

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

1. Fyrirtæki/stofnun skal, sem hluti af umhverfisstjórnunarkerfi þess/hennar og í samræmi við markmið þess/hennar, koma á fót, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m) til að kanna reglulega lykileiginleika í starfrækslu sinni sem geta haft veruleg umhverfisáhrif og grípa til aðgerða til úrbóta þegar þörf krefur. (Liður A.5.1. í II. viðauka)

   Fyrirtæki/stofnun skal inna af hendi innri úttekt með það að markmiði að meta stjórnunarkerfin sem eru fyrir hendi og ákvarða samræmi við stefnumál fyrirtækisins/stofnunarinnar og áætlun (þ.m.t. lagalegt samræmi) í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í c-lið 1. mgr. 4. gr., 9. gr. og í III. viðauka. Til þess hæfir úttektaraðilar skulu annast úttekt a.m.k. árlega og ljúka skal úttektarlotunni, sem nær til allrar starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar, ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti (eða fjögurra ára fresti fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki).

2. Fyrirtækið/stofnunin skal koma upp, innleiða og viðhalda málsmeðferðarreglu(m) til að bera kennsl á, leiðrétta og rannsaka raunveruleg og möguleg tilvik þar sem um ósamræmi er að ræða og til að gera aðgerðir til úrbóta og forvarnaraðgerðir. Niðurstöður aðgerða til úrbóta og forvarnaraðgerða skulu skráðar og skilvirkni þeirra yfirfarin. (Liður A.5.3 í II. viðauka)

3. Afrakstur innri úttektar skal vera skýrsla til stjórnarinnar um ályktanir og niðurstöður úttektarinnar.

   Lagagrundvöllur (4. gr. (b- og c-liður 1. mgr.), 6. gr. (a-liður 2. mgr.), 9. gr., liður A.5 í II. viðauka og III. viðauki)

([1]) http://www.regelhjelp.no/

([2]) https://www.dsb.no/ tengill á *lovdata* (bruni, sprengiefni, hættuleg efni, o.s.frv. …): https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2002-06-14-20#KAPITTEL_2

([3]) https://www.dsb.no/

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

1. *Könnun á lykileiginleikum í starfrækslu og mat á samræmi EMS við stefnu og áætlun fyrirtækisins/stofnunarinnar með innri úttekt*

Byggt á almennri atvinnugreinaviðmiðun 6: „*Stjórnendur verða að framkvæma árlega endurskoðun á HSE-kerfinu og málsmeðferðarreglum í Eco-Lighthouse til að meta hvort þau virki eins og fyrirhugað er*“. Veita skal því athygli að þessi viðmiðun er merkt með § sem bendir til lagagrundvallar.

Í leiðbeiningunum með almennri atvinnugreinaviðmiðun 6 stendur einnig: „Lagaheimildin fyrir viðmiðuninni eru reglugerðir sem varða kerfisbundnar aðgerðir tengdar heilbrigði, umhverfi og öryggi í fyrirtækjum (reglugerðir um innra eftirlit), liður 5.8. Fyrirtækið verður að vakta HSE-kerfið og árlega láta fara fram úttekt á kerfinu og innri úttekt til að tryggja að HSE-kerfið virki eins og fyrirhugað er. Málsmeðferðarreglur í Eco-Lighthouse fyrir ytra umhverfið verða að vera samþættar HSE-kerfinu og vera óaðskiljanlegur hluti af innri úttektinni. Stjórnin ber meginábyrgðina á HSE-kerfinu og á samþættum málsmeðferðarreglum í Eco-Lighthouse og verður að gera árlega úttekt á þeim til að tryggja að þær virki eins og fyrirhugað er. Það er breytilegt milli fyrirtækja hvernig stjórnirnar framkvæma þessa úttekt í reynd. Það mikilvægasta er að finna hagnýtar lausnir. (…)

Ath.: Til viðbótar við athugun á viðmiðunum sem tengjast HSE er mikilvægt að ráðgjafinn/fyrirtækið athugi einnig HSE-kerfi fyrirtækisins í heild sinni. Ráðgjafinn/fyrirtækið verður að athuga hvort HSE-kerfið virkar vel í reynd og er vel skipulagt“.

Árleg rýni stjórnenda og viðbótargögn og málsmeðferðarreglur, sem gerð er krafa um vegna ELH-vottunar, fara því saman við þá lagalegu skuldbindingu að framkvæma árlega úttekt á HSE-starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar samkvæmt norsku reglugerðunum um innra eftirlit (ICR) ([1]). Með þessu samþætta úttektarferli verður fyrirtækið að athuga hvort HSE-kerfið virkar vel í reynd og er vel skipulagt.

Þetta leiðir til samþættingar á umhverfismálsmeðferðarreglum ELH við fyrirliggjandi HSE-kerfi og styrkingar stjórnunarkerfisins í heild sinni, bæði að því er varðar vinnuumhverfi og ytra umhverfi.

Úttektin/athuganirnar eru byggðar á sérstökum atvinnugreinatengdum gátlistum, sniðmátum og dæmum sem ELH Foundation lætur í té og endurspegla umhverfisáhættustig í mismunandi atvinnugreinum. Athugunin skal einnig innihalda úttekt á málsmeðferðarreglum Eco-Lighthouse og umhverfismarkmiðum samkvæmt eigin skilgreiningu, markmiðum og árangri eins og skilgreint er í árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni.

Innri úttektaraðili getur, allt eftir stærð fyrirtækisins, athugað kerfið áður en árleg rýni stjórnenda fer fram eða á fundinum sjálfum ef um lítil fyrirtæki er að ræða. Í árlegri rýni stjórnenda er lagt mat á frávik og árangur, markmið og takmörk og ný fastsett.

Til viðbótar við rýni stjórnenda inniheldur **árlega loftslags- og umhverfisskýrslan** viðbótarskjöl um umhverfismarkmið og árangur. Þar eru framangreind atriði metin, kannað hvort árangur hafi orðið og markmið hafi náðst og ný markmið sett varðandi umbætur á komandi ári. Stjórnin metur þetta á hverju ári við árlega rýni stjórnenda.

2. *Ósamræmi leiðrétt*

Markmiðið með HSE-úttektinni er að finna og skilgreina veikleika og annmarka og gera áætlun um lagfæringar. Sérhver annmarki leiðir af sér aðgerðaáætlun með það að markmiði að útrýma annmarkanum (innan tilskilins frests).

([1]) Útdráttur úr leiðbeiningum með norsku reglugerðunum um innra eftirlit (IRC) „Periodical review of health, environmental and safety activities“. Til viðbótar við reglulega eftirfylgni (t.d. öryggisúttektir, fundi starfsfólks o.s.frv.) verður fyrirtækið, a.m.k. einu sinni á ári, að framkvæma ítarlegri úttekt á HSE-starfseminni og meta hvort hún virkar í reynd. Fyrirtækið verður að vera með skriflegt verklag fyrir úttektina. Niðurstöðurnar úr úttektinni verða að vera auðveldlega aðgengilegar. Markmiðið er að finna og skilgreina veikleika og annmarka og lagfæra þá. Það er mikilvægt að finna orsakavaldana og tryggja að þeir endurtaki sig ekki. Eftir að endurskoðuninni er lokið verður að setja raunhæf markmið um umbætur til viðbótar við heildarmarkmiðið“. Útdráttur úr: www.arbeidstilsynet.no/binfil/download2.php?tid=77839 (pdf-útgáfa af leiðbeiningum og reglum um kerfisbundnar aðgerðir tengdar heilbrigði, umhverfi og öryggi (HES)). Allar reglurnar eru fáanlegar á http://www.arbeidstilsynet.no/fakta.html?tid=78950 og á ensku á: http://www.arbeidstilsynet.no/artikkel.html?tid=78622

Uppfylla þarf allar viðmiðanir áður en vottun eða endurvottun getur farið fram, einkum almennar og sértækar viðmiðanir sem eru teknar beint úr norsku löggjöfinni. Tekið er á tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum (einnig með lagaákvæðum utan ELH) með almennri atvinnugreinaviðmiðun 1950 en samkvæmt henni ber fyrirtækjum skylda til að koma á málsmeðferðarreglum fyrir skýrslugjöf og meðhöndlun þessara tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

Allt ósamræmi við viðmiðanir, sem kemur í ljós við vottun eða endurvottun, kemur til með að setja ELH-vottunina í bið.

3. *Skýrsla til stjórnarinnar um ályktanir og niðurstöður úttektarinnar*

Árleg HSE-skýrsla, með aðgerðaáætlun sem af henni leiðir, og árleg loftslags- og umhverfisskýrsla eru lagðar fyrir stjórnina við árlega rýni stjórnenda.

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Athugunarfasinn samþættar ELH-málsmeðferðarreglurnar, fylgni við lagaskilyrði og kröfurnar í norsku reglugerðunum um innra eftirlit (ICR) ([1]). Niðurstöður athugunarinnar eru síðan yfirfarnar við rýni stjórnenda. Til að auðvelda ferlið er umfang athugana, sem eru gerðar, skilgreint með atvinnugreinatengdum gátlista sem ELH Foundation lætur í té.

Sambland af þessu verklagi — HSE-úttekt, áhættugreining, athugun á ósamræmi og mildun á því — skapar í sameiningu innri úttekt sem leiðir til fylgiathugunar á HSE-þáttunum og ELH-kerfinu. Niðurstaðan fellur undir rýni stjórnenda. Við vottun og endurvottun skal umhverfisvottunaraðilinn einnig staðfesta að úttektin hafi verið framkvæmd eins og við á og að allir viðeigandi þættir hafi verið kannaðir og gerð grein fyrir þeim.

Vegna þess að kerfin tvö eru mismunandi getur verið munur á því umfangi sem fellur undir úttektina þó að sambærilegum aðferðum sé beitt til að ná fram svipuðum markmiðum. Hægt er að nota málsmeðferðarreglurnar, sem eru fyrir hendi, þó að umfangið breytist (t.d. að bæta við tilteknum viðbótarumhverfisþáttum) ef fyrirtækið/stofnunin óskar eftir að færa sig yfir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Umhverfisstjórinn ber ábyrgð á að taka saman skýrslu út frá mismunandi hlutum innri úttektarinnar og leggja hana fram vegna rýni stjórnenda og styðja þannig við umhverfiskerfið og mat á umhverfisárangri í ljósi umhverfisstefnu og -áætlunar.

Á grundvelli þessara þátta lítur framkvæmdastjórnin svo á að sá hluti ELH sem tengist **„Eftirlit, innri úttekt og aðgerðir til úrbóta“** sé í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geti því talist jafngildur.

Athugið: samkvæmt skilgreiningu eru úttektir, sem eru sem stendur fyrir hendi í ELH, hannaðar til að tryggja fylgiathugun á ELH-stjórnunarkerfinu. Ef fyrirtæki/stofnun óskar eftir því að sækja um skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal aðlaga umfang innri úttektar svo að hún nái yfir allar kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, þ.m.t. þær sem eru sem stendur ekki uppfylltar í ELH.

11. HLUTI

Samskipti (innri og ytri)

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

1. Fyrirtæki/stofnanir skulu, sem hluti af EMS, koma á innri og ytri samskiptaaðferðum. Fyrirtæki/stofnun skal geta sýnt fram á, með ytri samskiptaaðferðum, að opin skoðanaskipti eigi sér stað við almenning og aðra hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. sveitarfélög og viðskiptavinir, með tilliti til umhverfisáhrifa af starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar, vörum og þjónustu.

2. Fyrirtæki/stofnanir skulu tryggja gagnsæi og veita umhverfisupplýsingar reglulega til ytri hagsmunaaðila á grundvelli krafnanna í IV. viðauka (skýrslugjöf um umhverfismál).

   Þessar upplýsingar innihalda m.a. eftirtalda þætti: umhverfisstefnu fyrirtækis/stofnunar, lýsingu á öllum mikilvægum umhverfisþáttum, lýsingu á umhverfismarkmiðum og takmörkum, skýrslu um vísa sem eru skilgreindir í viðaukanum, árangur í samanburði við lagaákvæði og tilvísun í gildandi lagaskilyrði.

([1]) http://www.arbeidstilsynet.no/artikkel.html?tid=78622

Umhverfissannprófandi, sem er faggiltur eða með leyfi, skal fullgilda þessar upplýsingar á hverju ári (eða annað hvert ár fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki)

Ákvæði 4. gr. (d-liður 1. mgr.), 5. gr. (a-liður 2. mgr.), 6. gr. (b-liður 2. mgr.), liður B.5 í II. viðauka, IV. viðauki.

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

1. Samskipti byggjast á árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni.

Upphaflegri umhverfisrýni í ELH (Miljøkartlegging), þar sem skráin yfir viðmiðanir sem verður að fylgja er fastsett, er hlaðið inn í ELH-vefgáttina en ekki birt opinberlega. Hún á ekki að vera samskiptatól heldur matstól fyrir fyrirtækið/ stofnunina. Samkvæmt almennri atvinnugreinaviðmiðun 7 er einungis skylt að birta árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna og umhverfisstefnuna opinberlega.

Árlega loftslags- og umhverfisskýrslan er stjórnunartæki fyrir umhverfislega starfsemi sem á að leggja fram eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Markmiðið er að fyrirtækið skrái á hverju ári umbætur á árangri sínum í umhverfisskýrslu.

Skýrslan samanstendur af tveimur hlutum: skýrslu um umhverfisárangur fyrra árs og aðgerðaáætlun fyrir komandi ár.

Hún er byggð á nokkrum vísum, s.s. eftirfarandi:

fjöldi starfsmanna, fjarvera (veikindaleyfi), velta, græn innkaup og fjöldi umhverfismerktra vara sem eru keyptar inn til eigin nota, vottaðir birgjar, pappírsnotkun, heildarorkunotkun, yfirborðsflötur hitaðra svæða, orkuflokkun, hitunarflokkun (tegund hitunar sem er notuð) eldsneytisnotkun, eknir kílómetrar, tegund og fjöldi ökutækja, flugferðir, magn flokkaðs og óflokkaðs úrgangs ásamt öðrum umhverfisþáttum í tengslum við atvinnugreinaviðmiðanirnar sem valdar eru. Hluti þessara vísa er skilgreindur samhliða ákvörðun á atvinnugreinaviðmiðunum og er þess vegna breytilegur eftir athafnasviðinu.

Þó svo að ELH sé ekki ætlað fyrir fyrirtæki/stofnanir í iðnaðargeiranum falla nokkrir kjarnavísar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB undir skýrslugjöfina. Í árlegri loftslags- og umhverfisskýrslu frá matvælaheildsalanum „Arne Sjule“ var t.d. gerð grein fyrir vísum um orkunýtni, efnisnýtni í tengslum við innkaup, úrgangi og koltvísýringslosun við mat á eldsneytisnotkun og flugferðum.

Þrátt fyrir það er ekki gerð grein fyrir öllum kjarnavísum, sem eru tilgreindir í IV. viðauka, og skýrslugjöf er ekki eins megindleg og krafist er í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Þetta tengist á óyggjandi hátt kerfinu með fyrirframskilgreindu viðmiðununum sem er upprunnið í ELH-nálguninni með fyrirframskilgreindum vísum sem eru hannaðir til að passa við sérstök einkenni atvinnugreinarinnar. Í árlegri loftslags- og umhverfisskýrslu frá sama matvælaheildsala voru t.d. vísar um losun íðefna í andrúmsloft (t.d. NOx, PM), losun í vatn og líffræðilega fjölbreytni ekki fyrir hendi. Hins vegar skal veita því athygli að þó að safn vísa, sem krafist er í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sé stærra getur fyrirtæki/stofnun í umhverfisstjórnunarkerfi ESB einnig ákveðið að gera ekki grein fyrir nokkrum vísum ef það/hún getur rökstutt að þessir vísar skipti ekki máli fyrir mikilvæga og beina umhverfisþætti þess/hennar.

Samkvæmt ELH er fjallað um mikilvæga viðbótarþætti í almennri atvinnugreinaviðmiðun 1963 („þess er krafist að fyrirtækið greini og fjalli um aðra umhverfisþætti“) og gera skal grein fyrir þessu í árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni. Fyrirtæki geta gengið lengra í skýrslugjöf sinni og bætt vísum við í árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna gegnum atvinnugreinasértæka vísa (Virksomhetsspesifikke sjekkpunkter).

Aðgerðaáætlun fyrir komandi ár er hluti af skýrslunni sem er búin til samkvæmt leiðbeiningum í vefgáttinni. Í gáttinni verður að fylla í alla tilskilda reiti; aðrir eru merktir valkvæðir. Ef þar eru reitir sem eiga ekki við fyrirtækið eða sem ekki er hægt að svara verður að setja skýringu í athugasemdareitinn.

Árangur í samanburði við lagaákvæði og tilvísun í gildandi lagaskilyrði er ekki formlega tekinn með í loftslags- og umhverfisskýrslunni. Tilvísanir í aðgerðir til úrbóta, sem gerðar eru vegna tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, mega koma fram í skýrslunni.

2. Starfsmaður fyrirtækis/stofnunar gerir drög að skýrslunni (umhverfisstjóri) (eins og í umhverfisstjórnunarkerfi ESB). Vottunaraðili/sannprófandi fer yfir hana við vottun og við endurvottun á þriggja ára fresti.

   Gefin er skýrsla þar að lútandi til starfsfólksins (almenn atvinnugreinaviðmiðun 1952) (á fundum og fyrir milligöngu innra netsins) og til stjórnarinnar (við árlega rýni stjórnenda). Endurskoðun á almennri atvinnugreinaviðmiðun 7 ([1]) (innleidd í maí 2017) jók gagnsæi kerfisins með því að skylda fyrirtæki til að birta skýrsluna fyrir almenning, viðskiptavini, birgja og samstarfsaðila. Birting verður að eiga sér stað við fyrstu vottun og á hverju ári eftir það.

   Birtingin verður að vera í samræmi við norskar reglur sem varða vernd gagna og lög um friðhelgi einkalífs sem þýðir að vísum á borð við veikindaleyfi og ársveltu er haldið eftir.

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Árlega loftslags- og umhverfisskýrslan er grundvöllurinn að skýrslugjöf í ELH (innanhúss og til almennings). Hún veitir gagnsætt yfirlit yfir frammistöðu fyrirtækis/stofnunar með hliðsjón af skilgreindum vísum. Þessi skýrsla er, eins og allt ELH-kerfið, byggð á aðferð þar sem skrár yfir viðmiðanir/vísa eru fyrirframskilgreindar innan atvinnugreinarinnar. Þessi aðferð er frábrugðin umhverfisstjórnunarkerfi ESB þar sem allir þættir eru skilgreindir og gerð grein fyrir þeim **á grundvelli einstaklingsmiðaðrar greiningar**.

Mismunur er einnig fyrir hendi að því er varðar innihald skýrslnanna. Eins og í umhverfisstjórnunarkerfi ESB er í árlegu loftslags- og umhverfisskýrslu ELH lýsing á fyrirtækinu/stofnuninni og á umhverfisstjórnunarkerfi þess/hennar, umhverfisstefnu fyrirtækisins/stofnunarinnar sem og á því hvaða viðmiðunum hefur verið beitt ásamt stöðu vottorðs. Þó er mismunur fyrir hendi að því er varðar að geta um kjarnavísa sem gilda um öll fyrirtæki/stofnanir, skýrslugjafarskyldur með hliðsjón af lagaskilyrðum og frammistöðu fyrirtækisins/stofnunarinnar við að ná þessu.

Árlega skýrslan er kynnt starfsfólki og hagsmunaaðilum í samræmi við almenna atvinnugreinaviðmiðun 1952. Kynna verður árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna fyrir öllu starfsfólki á fundum eða í gegnum innra netið. Fyrirtækinu er einnig skylt að birta skýrsluna fyrir almenning, viðskiptavini, birgja og samstarfsaðila. Birting verður að eiga sér stað við fyrstu vottun og á hverju ári eftir það. Með því að birta skýrsluna opinberlega verður hún ekki einungis aðgengileg fyrir starfsfólk heldur einnig fyrir utanaðkomandi aðila.

Vottunaraðili skal votta ELH-skýrsluna við vottun og þriðja hvert ár (endurvottun). Samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal þriðji aðili, sem er vottunaraðili, fullgilda „umhverfisyfirlýsingu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB“ á hverju ári eða annað hvert ár fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Veita skal því athygli að 98% af ELH-vottuðum fyrirtækjum myndu hagnast af þessari undanþágu ef þau væru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Með báðum skýrslugjafarkerfum er keppt að því markmiði að gefa sanngjarnt yfirlit yfir frammistöðu fyrirtækisins/stofnunarinnar með hliðsjón af vísum sem tengjast skilgreindum umhverfisþáttum. Bæði henta fyrir þá aðferðafræði sem liggur til grundvallar viðkomandi umhverfisstjórnunarkerfi. Þó á aðferðafræðilegur mismunur milli þessara kerfa einnig við um skýrslugjafarhlutana. Enn fremur er í umhverfisyfirlýsingunni í umhverfisstjórnunarkerfi ESB einnig gerð krafa um að utanaðkomandi sannprófandi staðfesti og fullgildi samræmi við lög á hverju ári eða annað hvert ár fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Vegna þessa mismunar er ekki hægt að líta svo á að þessi hluti sé í samræmi við allar kröfurnar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Á grundvelli þessara þátta lítur framkvæmdastjórnin svo á að sá hluti af ELH sem tengist „**Samskipti (innri og ytri)**“ sé að hluta til í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Mögulegar ráðstafanir til að brúa bilið með kröfum í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

Þó að ekki sé hægt að líta á þennan hluta af ELH sem jafngildan sýnir greiningin fram á mikið samræmi við margar samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Til að ná fram samræmi við allar samsvarandi kröfur ætti að koma eftirfarandi viðbótarþáttum til framkvæmda:

— Loftslags- og umhverfisskýrslan, sem fyrirtæki/stofnanir í ELH birta, skulu innihalda alla þá þætti sem krafist er í IV. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB, einkum:

  — Lýsingu á mikilvægum umhverfisþáttum fyrirtækisins/stofnunarinnar sem byggist á verklagsreglum sem eru skilgreindar í I. viðauka við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB

([1]) Almenn atvinnugreinaviðmiðun 7: „Við vottun í fyrsta sinn verður fyrirtækið að útbúa loftslags- og umhverfisskýrslu. Eftir vottun í fyrsta sinn verður að ljúka við árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna fyrir allt næstliðið almanaksár og senda hana í Eco-Lighthouse-gáttina eigi síðar en 1. apríl. Árleg loftslags- og umhverfisskýrsla skal gerð aðgengileg fyrir almenning, viðskiptavini, birgja og samstarfsaðila“.

— Kjarnavísa og sértæka vísa sem gerð er grein fyrir eins og við á

— Tilvísun í gildandi lagaskilyrði sem tengjast umhverfinu og árangur með hliðsjón af þessum lagaskilyrðum

— Vottunaraðili, sem er faggiltur eða með leyfi, skal fullgilda loftslags- og umhverfisskýrsluna á hverju ári eða annað hvert ár fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki Vottunaraðilinn skal ganga úr skugga um, með viðeigandi aðferð, að allir umhverfisþættir sem skipta máli, vísar og lagaskilyrði hafi verið greind og tekið á þeim

12. HLUTI

Rýni stjórnenda

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

Yfirstjórnin skal gera úttekt á umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækis/stofnunar, byggt á innri úttektum, mati á fylgni við tilskilin ákvæði, samtali við hagsmunaaðila (þ.m.t. kvartanir), umhverfisárangri fyrirtækisins/stofnunarinnar að því er varðar markmið, aðgerðir til úrbóta og forvarnaraðgerðir og fyrri rýni stjórnenda til að tryggja áframhaldandi hentugleika þess, nægjanleika og skilvirkni. Í rýninni skal felast mat á tækifærum til umbóta og þörfinni á því að gera breytingar á umhverfisstjórnunarkerfinu, þ.m.t. á umhverfisstefnunni og umhverfismarkmiðum og takmörkum. (Liður A.6 í II. viðauka)

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

Rýni stjórnenda fellur formlega undir almenna atvinnugreinaviðmiðun 6 og þar stendur: „stjórnendur verða að framkvæma árlega endurskoðun á HES-kerfinu og málsmeðferðarreglum í Eco-Lighthouse til að meta hvort þau virki eins og fyrirhugað er“.

Upplýsingar frá ELH ([1]) sýna að þessi hluti byggir að stórum hluta á árlegri rýni stjórnenda samkvæmt ELH sem sameinar úttekt á HSE-kerfinu og málsmeðferðarreglur í ELH og inniheldur mat á umhverfisárangri eins og tilgreint er í árlegu loftslags- og umhverfisskýrslunni.

Framkvæmdastjórinn og starfsmaðurinn sem ber ábyrgð á að koma Eco-Lighthouse í framkvæmd hittast árlega ásamt öryggisfulltrúa og fulltrúa heilsugæslu á vinnustöðum til að yfirfara og meta kerfið.

Byggt á dæmi sem látið var í té nær árleg rýni stjórnenda á fyrirtæki/stofnun í ELH yfir eftirtalda þætti:

— Tækifæri til að bæta kerfið Aðgerðaáætlunum er komið á og þær endurskoðaðar

— Mat á brotum á lögum eða reglum sem koma í ljós á skýrslutímabilinu

— Mat á umhverfisárangri eins og tilgreint er í árlegri loftslags- og umhverfisskýrslu

— Að setja ný umhverfismarkmið og takmörk í aðgerðaáætluninni fyrir árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna.

Ályktanir framkvæmdastjórnarinnar

Helsta hugmyndin með rýni stjórnenda í ELH er mjög lík og í umhverfisstjórnunarkerfi ESB sökum þess að hún endurspeglar að miklu leyti ákvæði reglugerðarinnar um rýni stjórnenda.

Á grundvelli þessara þátta viðurkennir framkvæmdastjórnin að sá hluti ELH sem tengist „**Rýni stjórnenda**“ sé í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geti því talist jafngildur.

Kröfur um faggildingu eða leyfisveitingu fyrir vottunaraðila

Í eftirfarandi greiningu er lagt mat á kröfur um faggildingu eða leyfisveitingu sem gera þriðja aðila, úttektarmanni sem hefur til þess menntun og hæfi, kleift að sannprófa kerfin.

([1]) m.a. http://miljofyrtarn.no/nyeverktoy

Samsvarandi krafa í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

1. Samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB er gerð krafa um að óháður sannprófandi, sem er faggiltur eða með leyfi, sannprófi lykilþætti stjórnunarkerfisins. Þættir sem falla undir sannprófun eru tilgreindir í 18. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.
2. Fyrir skráningu — 5. mgr. 4. gr. — skal umhverfissannprófandi, sem er faggiltur eða með leyfi, sannprófa upphaflega umhverfisrýni, umhverfisstjórnunarkerfi og úttekt og framkvæmd og sami sannprófandi skal fullgilda umhverfisyfirlýsinguna.
3. Til að endurnýja skráningu — 6. gr. — skal skráð fyrirtæki/stofnun a.m.k. þriðja hvert ár:
   a) láta sannprófa umhverfisstjórnunarkerfi sitt og -úttektaráætlun sína í heild og framkvæmd þeirra,
   b) útbúa umhverfisyfirlýsingu í samræmi við kröfurnar í IV. viðauka og fá hana fullgilta hjá umhverfissannprófanda,

   og, með fyrirvara um fyrri liði, skal skráð fyrirtæki/stofnun, **á árunum sem líða á milli**, útbúa uppfærða umhverfisyfirlýsingu í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka og fá hana fullgilta hjá umhverfissannprófanda.

   Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar er litlum fyrirtækjum/stofnunum veitt eftirfarandi undanþága: tímabilin, sem um getur hér að framan, skulu lengd úr þremur árum í fjögur ár og frá einu sinni á ári í á tveggja ára fresti að því tilskildu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt.
4. Sannprófandi, sem er faggiltur eða með leyfi, skal framkvæma sannprófun og fullgildingu við skilyrðin sem eru skilgreind í 25. og 26. gr.
5. Umhverfissannprófendur skulu vera faggiltir eða með leyfi í samræmi við kröfurnar í 20. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Umhverfissannprófandinn skal einkum sýna viðeigandi sannanir um hæfni sína, þ.m.t. þekking, viðeigandi reynsla og viðeigandi tæknileg hæfni, sem tengist umfangi umbeðinnar faggildingar eða leyfis.

Mat á samsvarandi kröfum í ELH

1. *Óháður sannprófandi:* Í ELH er gerð krafa um að þriðji aðili, sem er vottunaraðili/sannprófandi, staðfesti að kerfinu hafi verið komið í framkvæmd. Þessi vottunaraðili/sannprófandi hefur hlotið þjálfun og samþykki hjá ELH Foundation og sveitarfélagið tilnefnir hann formlega. Vottunaraðilinn/sannprófandinn leggur í mati sínu áherslu á hvernig fyrirtækið/stofnunin fer að þeim almennu og sértæku atvinnugreinaviðmiðunum sem ráðgjafinn hefur valið í ELH-kerfinu. ELH stjórnar vinnu vottunaraðila/sannprófanda við hverja vottun (þriðja hvert ár).
2. *Ytra mat fyrir vottun*: eftir eigin skýrslugjöf fyrirtækisins sér vottunaraðili/sannprófandi um ELH-vottun. ELH-vottun felur í sér athugun á að farið sé að fyrirframákveðnum viðmiðunum (almennum og atvinnugreinasértækum) sem felur einnig í sér athugun á því hvort fyrirtækið/stofnunin sé með uppfært yfirlit yfir lagaskilyrði sem það/hún fellur undir sem og kerfi til að meðhöndla tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Þau lagaskilyrði sem skipta mestu máli eru sett fram í ELH-viðmiðunum sem eru athugaðar sérstaklega. Sannprófunarferlið samanstendur af þessum sökum í grundvallaratriðum af sannprófun gátlista, sem byggist á umhverfisyfirlýsingunni, með því að nota stöðluð veflæg tól og sérstakar leiðbeiningar með hverri viðmiðun ([1]). Eftir matið, sem vottunaraðilinn framkvæmir, kannar ELH Foundation hverja vottun fyrir sig og samþykkir hana fyrir útgáfu eða endurnýjun vottorðsins.
3. *Endurnýjun skráningar:* þriðja hvert ár verður að endurnýja ELH-leyfið.

   Á undan endurvottun verður fyrirtækið/stofnunin að hafa endurskoðað viðmiðanirnar og kannað hvort það/hún uppfyllir enn gildar viðmiðanir. Gera verður skjöl um þetta ferli aðgengileg í vefgáttinni.

   Við endurvottun kannar vottunaraðilinn hvort árlegar loftslags- og umhverfisskýrslur hafa verið lagðar fram á hverju ári eins og krafist er. Ef það er ekki raunin verður að endurgera ósamfelldar ársskýrslur eins vel og unnt er og e.t.v. er hægt að gera slíkt afturvirkt.

   Endurvottunarferlið er nákvæmlega eins og vottunarferlið. Vottunaraðilinn/sannprófandinn skal leggja sérstaka áherslu á samfelldan (umhverfis)árangur.

   Það er engin ytri sannprófun á árunum í millitíðinni. Drög að árlegum loftslags- og umhverfisskýrslum inn á milli eru gerð innanhúss. Þar eð 98% af ELH-vottuðum fyrirtækjum eru lítil fyrirtæki og á grundvelli ákvæðanna í 7. gr. skal bera þetta tímabil saman við sannprófunina annað hvert ár samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

([1]) Sjá 7. hluta

4. *Kröfur um sannprófun og fullgildingu:* Sannprófun er framkvæmd eftir ferlið sem er skýrt nánar í 2. lið hér að framan.

Vottunaraðilar hljóta almenna menntun og starfa innan víðs leyfisveitingarsviðs (ekki atvinnugreinasértæk leyfisveiting). Vottunaraðilar fyrir ELH skulu, á svipaðan hátt og vottunaraðilar fyrir umhverfisstjórnunarkerfi ESB, skilgreina á skýran hátt umfang vottunarinnar og sammælast um það við fyrirtækið/stofnunina (þá hluta af fyrirtækinu/stofnuninni sem falla undir vottunina), kanna skjöl, heimsækja fyrirtækið/stofnunina, taka viðtöl og gera skyndiskoðanir. Samkvæmt handbók fyrir ELH-vottunaraðila er vottunaraðila heimilt að reiða sig að hluta til á staðfestingu ráðgjafans sem útbjó vottunina ([1]). Vottunaraðilinn skal einnig vera fær um að skrá úttekt sína með hjálp minnispunkta og e.t.v. gátlista.

Þegar vottunaraðili samþykkir fyrirtækið býr hann til lokasamþykkisbréf þar sem Miljøkartlegging er samþykkt ásamt skýrslu um sérhver tilvik, sem hafa komið í ljós, þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og verið bætt úr. Hvort tveggja er geymt í vefgáttinni. Síðan kannar Eco-Lighthouse skjalahaldið og tryggir að verklagið sé í samræmi við reglur og leiðbeiningar. Þegar þessu er lokið gefur ELH út vottorð.

Eco-Lighthouse Foundation tryggir samþykki, þjálfun og eftirlit með starfi vottunaraðila gegnum vefgátt sína og leiðbeiningar um framkvæmd vottunar eru skilgreindar í handbók ELH-vottunaraðila. Þetta tryggir sjálfstæði og fagmennsku sannprófandans á grundvelli krafna ELH um leyfisveitingu.

Eins og getið var um í 2. lið hér að framan er ekki sérstakt árlegt fullgildingarferli í ELH.

5. *Kröfur um faggildingu eða leyfisveitingu:*

ELH kom á fót sjálfvirku leyfisveitingarkerfi fyrir úttektaraðila sína og vottunaraðila/sannprófendur. Vottunaraðilinn/sannprófandinn hlýtur samþykki og þjálfun hjá ELH, sem annast vöktun hans, og hann starfar fyrir hönd sveitarfélagsins þar sem fyrirtækið/stofnunin er staðsett. ELH fylgist náið með starfi viðkomandi en viðkomandi hlýtur alla jafna ekki faggildingu samkvæmt stöðluðu og viðurkenndu faggildingarkerfi. ELH Foundation er vottuð samkvæmt ISO 9001 en uppfyllir ekki staðal til að annast vottun (ISO 17021). Því ætti að bera kröfurnar í ELH saman við kröfur um leyfisveitingu sem komið var á með 20. gr. reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Sveitarfélagið tilnefnir vottunaraðila með leyfi. Þess vegna er vottun þriðja aðila viðhaldið þar eð hún er tenging við sveitarfélögin sem gegna virku hlutverki. Í þessu kerfi er komist hjá flækjum þannig að kostnaði er haldið niðri. Aðgangur að sannprófendum, sem eru tiltækir á staðnum, er lykilþáttur í velgengni ELH-kerfisins þannig að fyrirtæki (aðallega lítil og meðalstór), þar sem alvarlegir umhverfisþættir eru fáir, geta með þessum hætti fengið vottun á sanngjörnu verði.

Kröfurnar, sem gerðar eru í ELH varðandi menntun og hæfi sannprófanda/vottunaraðila, beinast að eftirtöldum þáttum:

— ELH-vottunaraðilar/-sannprófendur hljóta þjálfun til að hafa góða þekkingu á umhverfisstjórnunarkerfinu sem þeir votta (ELH) og viðmiðanakerfi þess

— ELH-vottunaraðilar/-sannprófendur eru ekki faggiltir eftir atvinnugrein heldur samþykktir til þjálfunar á grundvelli almennrar menntunar og hæfni á sviði umhverfismála, HSE, gæðaeftirlits og/eða úttektar ELH byggir að miklu leyti á nákvæmni þeirra viðmiðana sem skal kanna Þessi nálgun miðar að því að halda kostnaði fyrir fyrirtækin niðri með því að fjölga vottunaraðilum og fækka ferðalögum

— Á sambærilegan hátt er þekkingu á löggjöfinni skipt út fyrir tilvísun í sértækar atvinnugreinaviðmiðanir með sérstökum leiðbeiningum fyrir sannprófandann

— Þekking á tæknilegum þáttum beinist að mikilvægustu umhverfismálefnunum (flutningar, orka, úrgangur o.s.frv.) Eco-Lighthouse vottar fyrirtæki með takmörkuð umhverfisáhrif

([1]) Vottunarhandbók ELH — vottunarferlið: „Ekki er unnt að kanna allar viðmiðanir jafn ítarlega en viðmiðanir, sem eru merktar með „D“ (skjalahald), verður að skrá. Umhverfisrýni ætti að vekja traust og líta út fyrir að vera ítarleg og mynda þar með grundvöll þess sem á að kanna. Vottunaraðilinn ákveður hvaða aðstæður á að kanna ítarlega og hvaða viðmiðanir er hægt að staðfesta með skyndiskoðunum. Ef ráðgjafinn sem framkvæmir umhverfisrýnina veitir fullvissu fyrir því að atvinnugreinaviðmiðanir séu uppfylltar getur vottunaraðilinn að meginreglu til treyst á það, að því tilskildu að það séu engin merki um hið gagnstæða (umhverfisrýni slælega framkvæmd, óáreiðanlegar ályktanir, aðrar aðstæður)“.

Til að vottunaraðilar/sannprófendur geti leyst þessi verkefni af hendi gengur ELH úr skugga um að þeir séu með eftirfarandi menntun og hæfi (A) og þjálfun (B).

A. Kröfur um menntun og hæfi vottunaraðila/sannprófenda:

— Þekking á umhverfisatriðum (orka, flutningar, úrgangur, innkaup, losun)

— Menntun og hæfi til að annast úttektir og/eða starfsreynsla

— Viðeigandi starfsreynsla (í tengslum við umhverfið, HSE, ISO 14001, umhverfisstjórnunarkerfi ESB o.s.frv.)

— Viðeigandi faglegur bakgrunnur (vísindi og umhverfismálefni, HSE, ISO 14001, umhverfisstjórnunarkerfi ESB o.s.frv.)

— Annar viðeigandi faglegur bakgrunnur eða starfsreynsla

B. Þjálfun vottunaraðila/sannprófanda:

Þegar vottunaraðili/sannprófandi hefur verið samþykktur til þjálfunar hlýtur hann einstaklingsbundna þjálfun hjá ELH. Þjálfun felur í sér eftirfarandi:

— Kynning á Eco-Lighthouse Stutt saga, netkerfið og uppbygging fyrirtækisins/stofnunarinnar

— Mismunandi hlutverk og ábyrgð: ráðgjafi, sannprófandi, samræmingaraðili sveitarfélagsins, stjórnun og sá aðili sem ber ábyrgð á Eco-Lighthouse hjá fyrirtækinu

— Ef utanaðkomandi ráðgjafi er tiltækur: stutt kynning hans/hennar til að útskýra hagnýta þætti í ferlinu við að vinna að vottun til að auka skilning

— Vefgátt Eco-Lighthouse, þ.m.t. umhverfisrýni, vottunarskýrsla

— Árleg loftslags- og umhverfisskýrsla

— Eco-Lighthouse vottunar- og endurvottunarferli

— Úttektartækni

Viðbótarráðstafanir sem á að innleiða 2017 eru:

— Athugun

— Tímabundið samþykki til að starfa

— Athugun utanaðkomandi aðila á vottunaraðilum/sannprófendum

ELH ætlar sér að auka samskiptin við faggildingaraðila í Noregi og uppfylla staðla þeirra og kröfur þó að ekki verði farið út í raunverulega faggildingu á vottunaraðilum/sannprófendum vegna verulegrar kostnaðaraukningar sem það myndi hafa í för með sér fyrir fyrirtæki sem óska eftir að fá ELH-vottun.

Ályktun framkvæmdastjórnarinnar

Mat á stjórnunarkerfi ELH staðfesti að hægt sé að sjá mun á aðferðum í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og í ELH (byggt á viðmiðunum), umfangi (atvinnugreinar án flókinna umhverfisþátta) og markhópi (aðallega lítil og meðalstór fyrirtæki). Kröfur um faggildingu og leyfisveitingu endurspegla einnig þennan mismun og það sama gildir um nokkur sérstök einkenni ELH-kerfisins, s.s. samstarf við sveitarfélög og vilji til að viðhalda lágum kostnaði við vottun.

ELH-aðferðin felur í sér vottun frá þriðja aðila, sem er vottunaraðili, sem þjónar vel markmiðunum í áætluninni. Lykilmismunurinn, samanborið við sannprófun í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, er eftirfarandi:

— ELH-vottunarferlið beinist að því að meta hvort farið er að safni viðmiðana, sem mynda kjarna ELH-kerfisins, þ.m.t. fylgni við þau lagaskilyrði sem skipta mestu máli Slík skipulögð nálgun er ekki fyrir hendi í umhverfisstjórnunarkerfi ESB þar sem sannprófandinn þarf að meta hvort kröfurnar í reglugerðinni séu uppfylltar með réttum hætti í tilviki hvers fyrirtækis/stofnunar fyrir sig, þ.m.t. að greina viðeigandi umhverfisþætti og að lagaskilyrði séu uppfyllt

— Hæfni ELH-vottunaraðila hverfist um mat á viðmiðunum Í umhverfisstjórnunarkerfi ESB hverfist hæfnin um breiðari þekkingu á umhverfisþáttum og um sértæka þekkingu á iðnaðargeiranum sem um ræðir

— ELH Foundation þjálfar og samþykkir ELH-sannprófendur og haft er eftirlit með starfsemi hvers þeirra um sig. Sannprófendur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eru faggiltir eða með leyfi og stjórnsýsluaðilar, sem ríkisstjórnir tilnefna á grundvelli reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB og/eða ISO 17021, hafa eftirlit með þeim.

— Samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB er ytri athugun framkvæmd á hverju ári til að tryggja fullgildingu umhverfisyfirlýsingarinnar (annað hvert ár hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem eru mikill meirihluti ELH-vottaðra fyrirtækja/stofnana). ELH-vottun á sér stað þriðja hvert ár án millisannprófunar.

ELH-kerfið, með sín fyrirframskilgreindu söfn viðmiðana, áherslu sína á lítil fyrirtæki (fá fyrirtæki með fleiri en 250 starfsmenn, engin fyrirtæki í stóriðju) og vottunarkerfi sitt, sem ELH Foundation hefur eftirlit með og sveitarfélög annast rekstur á, veitir skilvirka og hagnýta nálgun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem vilja meta og bæta starfsvenjur sínar í tengslum við heilbrigði, umhverfi og öryggi.

Sökum þess að undirstaða kerfisins er byggð upp í kringum söfn viðmiðana er þess þó ekki krafist að vottunaraðili/sannprófandi í ELH sé til þess bær að greina aðra umhverfisþætti eða tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem eru ekki hluti af viðmiðununum. Ef sértæk atvinnugreinatengd þekking eða lagaleg þekking er ekki fyrir hendi getur það enn fremur komið í veg fyrir að hann framkvæmi sérstakar athuganir á staðnum eða staðfesti áreiðanleikann í sérstökum tæknigögnum sem eru með lagalega stöðu. Slík sérstök greining getur verið nauðsynleg til að meta þætti sem ganga lengra en atvinnugreinaviðmiðanir, einkum viðbótarþætti sem eru greindir í samræmi við almenna atvinnugreinaviðmiðun 1963 ([1]), og til að sannprófa samræmi við lög.

Hægt er að draga þá ályktun út frá þessari greiningu að ELH innihaldi samfellt kerfi vottunar af hálfu vottunaraðila, sem er þriðji aðili, sem passar vel við uppbyggingu kerfisins og sérstök einkenni þess. Kröfur sem varða hæfni ELH-sannprófanda eru þó ekki alveg þær sömu og samsvarandi kröfur í reglugerðinni um umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Á grundvelli þessara þátta lítur framkvæmdastjórnin svo á að sá hluti af ELH sem tengist „**Kröfur um faggildingu eða leyfisveitingu**“ sé að hluta til í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Ályktun

ELH er vel skipulagt, nútímalegt og sanngjarnt kerfi sem veitir mörgum fyrirtækjum/stofnunum af mismunandi stærð og innan mismunandi atvinnugreina umhverfisvottun sem þriðji aðili gerir úttekt á. Það er byggt í kringum safn almennra og sértækra viðmiðana sem fyrirtæki/stofnun, sem fer fram á vottun, verður að uppfylla. Þessi uppbygging er ólík nálguninni í umhverfisstjórnunarkerfi ESB þar sem gerð er krafa um bráðabirgðagreiningu á mikilvægum umhverfisþáttum, sem eiga sérstaklega við um fyrirtækið/stofnunina, sem grundvöll sem styður við innleiðingu stjórnunarkerfis.

Í báðum kerfum er einnig fjallað um mismunandi markmið. ELH beinist beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum en fyrirtæki/stofnanir af öllum stærðum geta innleitt umhverfisstjórnunarkerfi ESB, þ.m.t. stór fyrirtæki/stofnanir í iðnaðargeiranum. Að því er varðar stjórnunarhætti rekur ELH Foundation kerfið og skilgreinir kröfurnar í því. ELH Foundation starfar einnig sem leyfisveitingaraðili sem sér um að þjálfa og samþykkja vottunaraðila sem starfa í mismunandi sveitarfélögum. Stjórnunarhættir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB byggjast á lagagerð (reglugerð ESB) með þátttöku aðila sem yfirvöld tilnefna og gerð er krafa um staðfestingu af hálfu sannprófanda sem er faggiltur eða með leyfi.

Eins og lögð er áhersla á í öllu þessu skjali er keppt að svipuðu almennu markmiði með báðum kerfunum (umbætur á umhverfisárangri fyrirtækja/stofnana) með mismunandi aðferðum. Kröfurnar eru ekki nákvæmlega eins. Sumir hlutar ELH eru að hluta til í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB en viðurkennt er að aðrir hlutar séu í samræmi við þessar kröfur. Ekki er hægt að viðurkenna þá hluta af ELH, sem eru ekki að öllu leyti í samræmi við kröfurnar í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sem jafngilda. Þó geta fyrirtæki/stofnanir, sem miða að því að færa sig upp í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, notað þetta skjal til að aðlaga þessa hluta áður en þau/þær sækja um skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

Á grundvelli þessa mats viðurkennir framkvæmdastjórnin:

— að eftirtaldir hlutar af Eco-Lighthouse séu í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Því er hægt að líta svo á að þessir hlutar teljist jafngildir samsvarandi kröfum í umhverfisstjórnunarkerfi ESB:

  — Skuldbinding og þátttaka yfirstjórnar

([1]) Almenn atvinnugreinaviðmiðun 1963: „Fyrirtækið verður að greina aðra umhverfisþætti sem skipta máli hjá fyrirtækinu og íhuga allar nauðsynlegar aðgerðir og/eða að fella þá inn í árlegu loftslags- og umhverfisskýrsluna og/eða vakta þá gegnum aðgerðaáætlunina.“

— Umhverfisstefnu komið á

— Markmiðum og umhverfisáætlun komið á til að tryggja stöðugt betri árangur

— Stjórnskipulag, þjálfun og þátttaka starfsfólks

— Kröfur um skjalahald

— Rekstrarstjórn

— Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi

— Eftirlit, innri úttekt og aðgerðir til úrbóta

— Rýni stjórnenda

— að eftirtaldir hlutar af Eco-Lighthouse séu að hluta til í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB:

— Umhverfisrýni komið á — bráðabirgðagreining

— Samræmi við lög tryggt

— Samskipti (innri og ytri)

— að kröfurnar í Eco-Lighthouse varðandi faggildingu eða leyfisveitingu vottunaraðila séu að hluta til í samræmi við samsvarandi kröfur í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1151/2014 **2020/EES/69/02**

frá 4. júní 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um upplýsingarnar sem tilkynna á þegar staðfesturéttar og frelsi til að veita þjónustu er neytt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ([1]), einkum 5. mgr. 35. gr., 5. mgr. 36. gr. og 4. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Upplýsingarnar í tilkynningum sem lánastofnanir veita ættu að vera nægilega ítarlegar þannig að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum þar sem þær hafa fengið starfsleyfi ættu að geta metið hvort stjórnskipulag og fjárhagsstaða þessara lánastofnanna sé fullnægjandi til að stunda fyrirhugaða starfsemi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, þar sem þær óska eftir að starfa, jafnframt því að undirbúa lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu til að hafa eftirlit með þessum lánastofnunum.

2) Í þeim tilgangi að gera skýran greinarmun á upphaflegum tilkynningum, tilkynningum vegna breytinga á einstökum atriðum í upphaflegum tilkynningum og þeim sem tengjast áformuðum slitum á starfsemi útibús er nauðsynlegt að skilgreina nokkur tæknileg hugtök sem notuð eru.

3) Í því skyni að halda magni upplýsinga sem á að tilkynna innan skynsamlegra marka ætti aðeins að senda upplýsingar sem máli skipta fyrir mat á upphaflegri tilkynningu til lögbærra yfirvalda. Í upphaflegri tilkynningu ættu að koma fram atriði sem auðkenna útibúið og lánastofnunina sem óskar að koma á fót þessu útibúi og einnig atriði sem gera mögulegt að skoða starfsáætlun útibúsins sem lánastofnunin hefur fyrirhugað. Í þessum atriðum ættu að koma fram fjárhagsspár fyrir næstu þrjú ár til að lögbær yfirvöld geti tryggt að starfsemi útibúsins grafi ekki undan traustri fjárhagsstöðu lánastofnunarinnar í framtíðinni. Atriði þessi ættu einnig að tiltaka upplýsingar um stig og umfang verndar sem boðin er viðskiptavinum útibúsins.

4) Þegar lánastofnanir hyggjast stunda eina eða fleiri tegundir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem skilgreindar eru í 2. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([2]) í öðru aðildarríki ætti að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu um sértækar upplýsingar varðandi kerfislegt skipulag útibúsins. Í þessum upplýsingum ætti að tilgreina atriði varðandi innra fyrirkomulag sem tryggi að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í þeirri

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 309, 30.10.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 59.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

tilskipun, svo að lögbær yfirvöld geti metið hvort kerfisleg skipulagning útibúsins fyrir þá fjárfestingarþjónusta og -starfsemi sem fyrirhuguð er sé fullnægjandi.

5) Lögbær yfirvöld í heima- og gistiaðildarríkinu þurfa að fá uppfærðar upplýsingar ef breytingar verða á einstökum atriðum í tilkynningu um stofnun útibús, þ.m.t. slitum útibúsins, til að þau geti tekið upplýsta ákvörðun með tilliti til viðkomandi valdheimilda þeirra og ábyrgðarsviðs.

6) Þessi reglugerð ætti einnig að fjalla um tilkynningu lánastofnana í tengslum við starfsemi í gistiaðildarríki sem felst í því að veita þjónustu yfir landamæri. Að teknu tilliti til þess hvers eðlis þjónustan yfir landamæri er standa lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkjum oft frammi fyrir því að upplýsingar skortir um starfsemina sem fram fer í lögsögu þeirra og þess vegna er nauðsynlegt að tilgreina ítarlega hvaða upplýsingar þurfi að tilkynna.

7) Ákvæði í þessari reglugerð eru nátengd þar sem þau fjalla um tilkynningar tengdar neytingu staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu. Æskilegt er að taka með í eina reglugerð tiltekna tæknilega eftirlitsstaðla sem krafist er í tilskipun 2013/36/ESB til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem ættu að öðlast gildi á sama tíma og auðvelda þeim sem bundnir eru þessum skyldum yfirsýn og hentugan aðgang að þeim, þ.m.t. fjárfestum sem ekki eru með aðsetur í Sambandinu,.

8) Skoða ætti ákvæðin í þessari reglugerð í samhengi við ákvæðin í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 926/2014 ([1]).

9) Reglugerð þessi byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) lagði fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Reglugerð þessi tilgreinir upplýsingarnar sem tilkynna á þegar staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu er neytt í samræmi við 5. mgr. 35. gr., 5. mgr. 36. gr. og 4. mgr. 39. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

1) „tilkynning um stofnun útibús“: tilkynning sem lánastofnun, er óskar eftir að koma á fót útibúi innan yfirráðasvæðis annars aðildarríkis, sendir til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki sínu í samræmi við 1. mgr. 35. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

2) „breyting á einstökum atriðum í tilkynningu útibús“: tilkynning sem lánastofnun sendir til lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríki um breytingu á einstökum atriðum sem miðlað hefur verið skv. b-, c- eða d-lið 2. mgr. 35. gr. þeirrar tilskipunar, í samræmi við 3. mgr. 36. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 926/2014 frá 27. ágúst 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir tilkynningar varðandi neytingu staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og texta ráðsins sem varðar EES (Stjtíð. ESB L 254, 28.8.2014, bls. 2).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

3) „tilkynning um veitingu þjónustu“: tilkynning sem lánastofnun, sem óskar eftir að neyta frelsis til að veita þjónustu með því að stunda starfsemi sína innan yfirráðasvæðis annars aðildarríkis í fyrsta skipti, sendir til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki sínu í samræmi við 1. mgr. 39. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

3. gr.

Tilkynning um stofnun útibús

1. Upplýsingarnar, sem tilkynna á í tilkynningu um stofnun útibús, skulu innihalda eftirfarandi:

a) nafn og heimilisfang lánastofnunarinnar og nafn og ætlaða aðalstarfsstöð útibúsins,

b) starfsáætlun, eins og hún er tilgreind í 2. mgr.

2. Starfsáætlunin, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) gerð fyrirhugaðs fyrirtækis, sem hefur að geyma eftirfarandi upplýsingar:

i. meginmarkmið og viðskiptaáætlun útibúsins og útskýringu á hvernig það muni leggja af mörkum til stefnuáætlunar stofnunarinnar og eftir atvikum samstæðunnar,

ii. aðgerðalista í I. viðauka tilskipunar 2013/36/ESB um hvað lánastofnunin hyggst stunda í gistiaðildarríkinu,

iii. tiltekna starfsemi sem mun mynda kjarnastarfsemina í gistiaðildarríkinu, þ.m.t. ætlaða upphafsdagsetningu fyrir hverja kjarnastarfsemi,

iv. lýsingu á markhópum og mótaðilum,

b) kerfislegt skipulag útibúsins, sem hefur að geyma eftirfarandi upplýsingar:

i. lýsingu á stjórnskipulagi útibúsins, þ.m.t. virkum og lagalegum boðleiðum og stöðu og hlutverki útibúsins innan skipulags fyrirtækisins og, eftir atvikum, samstæðunnar,

ii. lýsingu á fyrirkomulagi stjórnunarhátta og innri eftirlitskerfum útibúsins, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

— áhættustjórnunaraðferðir útibúsins og lausafjáráhættustjórnun stofnunarinnar, og eftir atvikum, samstæðunnar,

— sérhverja takmörkun sem á við um starfsemi útibúsins, einkum útlánastarfsemi þess,

— upplýsingar um innra endurskoðunarfyrirkomulag útibúsins, þ.m.t. um einstaklinginn sem er ábyrgur fyrir þessu fyrirkomulagi og, eftir atvikum, utanaðkomandi endurskoðanda,

— fyrirkomulag útibúsins vegna baráttu gegn peningaþvætti, þ.m.t. um einstaklinginn sem er skipaður til að tryggja að farið sé að þessu fyrirkomulagi,

— stjórnun á útvistun og öðru fyrirkomulagi gagnvart þriðja aðila í tengslum við starfsemi sem stunduð er í útibúinu og fellur undir starfsleyfi stofnunarinnar,

iii. lýsingu á eftirfarandi fyrirkomulagi, þegar búist er við að útibúið stundi fjárfestingarþjónustu og -starfsemi, eina eða fleiri, sem skilgreind er í 2-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB:

— fyrirkomulagi til að vernda peninga og eignir viðskiptavinar,

— fyrirkomulagi til að fylgja skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í 19., 21., 22., 25., 27. og 28. gr. tilskipunar 2004/39/EB og ráðstöfunum sem viðkomandi lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins samþykkja í kjölfar þeirra,

— innri hátternisreglum, þ.m.t. stjórnun og meðferð starfsmannamála,

— upplýsingum um einstaklinginn sem er ábyrgur fyrir meðhöndlun kvartanna í tengslum við fjárfestingarþjónustu og -starfsemi útibúsins,

— upplýsingum um einstaklinginn sem er skipaður til að tryggja að farið sé eftir fyrirkomulagi útibúsins varðandi fjárfestingarþjónustu og -starfsemi,

c) starfsreynslu einstaklinganna sem bera ábyrgð á stjórnun útibúsins,

d) aðrar upplýsingar sem hafa að geyma eftirfarandi:

i. fjármögnunaráætlun með spám um efnahags- og rekstrarreikning sem nær yfir þriggja ára tímabil,

ii. nafn og samskiptaupplýsingar fyrir innstæðutrygginga- og fjárfestaverndarkerfi Sambandsins sem stofnunin er aðili að og nær yfir starfsemi og þjónustu útibúsins, ásamt hámarkstryggingavernd fjárfestaverndarkerfisins,

iii. fyrirkomulag upplýsingarkerfis útibúsins.

4. gr.

Breyting á einstökum atriðum í tilkynningu útibús og tilkynning um slit á starfrækslu útibús

1. Tilkynna skal breytingu á einstökum atriðum í tilkynningu útibús sem tengist ekki ráðgerðum slitum á starfrækslu þess þegar breyting verður á upplýsingum sem tilgreindar eru í a- og b-lið 1. mgr. 3. gr., öðrum en þeim sem tilgreindar eru í d-lið 2. mgr. 3. gr., frá síðustu tilkynningu lánastofnunarinnar eða, ef þær upplýsingar hafa ekki verið tilkynntar, frá dagsetningu gildistöku þessarar reglugerðar.

2. Upplýsingarnar, sem tilkynna á um þegar lánastofnun ráðgerir að slíta starfrækslu útibús, skulu innihalda eftirfarandi:

a) nöfn og samskiptaupplýsingar einstaklinga sem bera munu ábyrgð á ferlinu við slit á starfrækslu útibúsins,

b) áætlaða tímaáætlun fyrir ráðgerð slit og sérhverja viðeigandi uppfærslu við þróun ferlisins,

c) upplýsingarnar um ferli við slit á viðskiptatengslum gagnvart viðskiptavinum útibús.

5. gr.

Tilkynning um veitingu þjónustu

Upplýsingarnar sem gefnar eru í tilkynningu um veitingu þjónustu skulu innihalda eftirfarandi:

a) starfsemi sem talin er upp í I. viðauka tilskipunar 2013/36/ESB sem lánastofnun hyggst stunda í fyrsta skipti í gistiaðildarríkinu,

b) starfsemi sem mun mynda kjarnastarfsemi lánastofnunar í gistiaðildarríkinu,

c) ætlaða upphafsdagsetningu fyrir hverja kjarnaþjónustustarfsemi, ef við á.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/100 **2020/EES/69/03**

frá 16. október 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla þar sem sameiginlega ákvörðunarferlið er tilgreint með tilliti til umsóknar um sérstök varfærnisleyfi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 8. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Við mat á heilleika umsóknar um sérstök varfærnisleyfi, áður en ákvörðun er tekin um hvort leyfin sem um getur í a-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 verða veitt, ætti eftirlitsaðili á samstæðugrunni og viðkomandi lögbær yfirvöld að tryggja tímanlega og skilvirka gagnkvæma samvinnu og þróa sameiginlegan skilning á móttöku fullgerðrar umsóknar, eða á þeim sviðum umsóknarinnar sem talið er að sé ábótavant.

2) Eftirlitsaðili á samstæðugrunni ætti að staðfesta, við umsækjanda og viðkomandi lögbær yfirvöld, viðtökudag fullgerðrar umsóknar til að tryggja að nákvæm upphafsdagsetning sex mánaða tímabilsins, til að komast að sameiginlegri ákvörðun og lágmarka hættu á hugsanlegum deilum um þennan upphafstímapunkt, fari ekki á milli mála.

3) Mat á því hvort umsóknin sé fullgerð ætti að framkvæma á grunni þess sem lögbærum yfirvöldum ber að meta þegar þau ákveða hvort veita beri umbeðið leyfi. Tengingin milli mats sem lögbær yfirvöld eiga að framkvæma og upplýsinga sem vænst er að séu í framlögðum umsóknum skiptir sköpum um að bæta gæði umsókna og tryggir samræmi milli samstarfshópa eftirlitsaðila, bæði hvað varðar innihald umsóknanna og mat á heilleika.

4) Til að tryggja samræmda beitingu ferlisins við að taka sameiginlega ákvörðun er mikilvægt að hvert skref sé vel skilgreint. Skilmerkilega tilgreint ferli greiðir fyrir tímanlegum upplýsingaskiptum, veitir hóflega skiptingu og skilvirka stjórnun eftirlitstilfanga, stuðlar að gagnkvæmum skilningi, þróar tengsl sem byggð eru á trausti milli eftirlitsyfirvalda og stuðlar að skilvirku eftirliti.

5) Matið á heilleika ætti ekki að útvíkka þannig að það taki til mats á umsókninni sem lögbær yfirvöld framkvæma, er þau koma sér niður á það hvort veita beri leyfi. Úthlutaður tími fyrir hvert þrep í hinu sameiginlega ákvörðunarferli ætti því að vera í samræmi við gildissvið þess þreps og hve flókið það er, með það í huga að hvorki er hægt að framlengja tímamörkin né fresta þeim til að komast að sameiginlegri ákvörðun.

6) Eftirlitsaðili á samstæðugrunni ætti að vera í aðstöðu til að meta hvort og hvernig líkanið, sem sótt er um leyfi fyrir, nær yfir áhættur í lögsögum utan Sambandsins. Í þessu samhengi ætti að stuðla að samspili lögbærra yfirvalda og eftirlitsyfirvalda þriðja lands til að gera lögbærum yfirvöldum kleyft að koma sér niður á ítarlegt mat á frammistöðu líkansins.

7) Tímanleg og raunhæf skipulagning hins sameiginlega ákvörðunarferlis er nauðsynleg. Sérhvert lögbært yfirvald sem hlut á að máli ætti að leggja sitt af mörkum hvað varðar sameiginlega ákvörðun, til handa eftirlitsaðila á samstæðugrunni, á tímanlegan og skilvirkan hátt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 59.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

8) Svo tryggja megi samræmd skilyrði fyrir beitingu ætti að móta þau skref sem fylgja skal við framkvæmd matsins og við að taka sameiginlega ákvörðun og taka þar tillit til þess að sum verkefni matsins og ferli sameiginlegrar ákvörðunar megi framkvæma samtímis en önnur í röð.

9) Til að greiða fyrir sameiginlegum ákvörðunum er mikilvægt að lögbær yfirvöld sem þátt eiga í ákvarðanatökuferlinu skiptist á skoðunum, einkum áður en sameiginlegum ákvörðunum er lokið.

10) Til að tryggja að skilvirku ferli sé komið á fót ætti eftirlitsaðili á samstæðugrunni að bera endanlega ábyrgð á að móta þau skref sem fylgja á við að taka sameiginlega ákvörðun um að samþykkja innri líkön.

11) Það að móta skýr ákvæði fyrir innihald sameiginlegra ákvarðana ætti að tryggja að sameiginlegar ákvarðanir séu ítarlega rökstuddar og stuðli að skilvirku eftirliti með öllum skilmálum og skilyrðum.

12) Svo skýra megi ferlið sem fylgja skal eftir að sameiginleg ákvörðun er tekin, veita gagnsæi varðandi meðferð niðurstöðu ákvörðunarinnar og greiða fyrir viðeigandi framhaldsaðgerðum ef þörf er á ætti að móta staðla varðandi miðlun sameiginlegrar ákvörðunar.

13) Tímaröð ferlisins að komast að sameiginlegri ákvörðun hvað varðar umsóknir um leyfi sem tengjast mikilvægum viðbótum eða breytingum á líkönum og verkaskiptingu eftirlitsaðila á samstæðugrunni og viðkomandi lögbærra yfirvalda, ætti að vera í samræmi við gildissvið þessara mikilvægu viðbóta eða breytinga.

14) Sameiginlegt ákvörðunarferli skv. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 felur í sér það ferli sem fylgja á þegar sameiginleg ákvörðun er ekki tekin. Svo tryggja megi samræmd skilyrði fyrir beitingu varðandi þessa hlið á ferlinu, og einkum til að tryggja orðalag ítarlega rökstuddra ákvarðana og skýra meðferð álita og fyrirvara sem viðkomandi lögbær yfirvöld láta í ljós, ætti að koma á stöðlum sem ná yfir tímalínu ákvarðanatöku, þegar sameiginlegar ákvarðanir eru ekki fyrir hendi, og miðlun þessara upplýsinga.

15) Reglugerð þessi byggir á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) (e. EBA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

16) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

VIÐFANGSEFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Þessi reglugerð tiltekur sameiginlega ákvörðunarferlið sem um getur í a-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar umsóknir fyrir leyfin sem um getur í 1. mgr. 143. gr., 4. og 9. mgr. 151. gr., 283. gr., 2. mgr. 312. gr. og 363. gr. þeirrar reglugerðar, með það í huga að auðvelda sameiginlegar ákvarðanir.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „viðkomandi lögbært yfirvald“: lögbært yfirvald, annað en eftirlitsaðili á samstæðugrunni, sem ber ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum sem taka þátt í að leggja fram sameiginlega umsókn, móðurstofnunar í ESB eða móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í aðildarríki og sem farið er fram á að komist að sameiginlegri ákvörðun í samræmi við 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um umsóknina sem um getur í a-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar,

2) „umsækjandi“: móðurstofnun í ESB og dótturfélög hennar, eða dótturfélög móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í Sambandinu, sem leggja fram umsókn,

3) „matsskýrsla“: skýrsla þar sem fram kemur mat á umsókn í samræmi við 6. mgr.

II. KAFLI

SAMEIGINLEGT ÁKVÖRÐUNARFERLI

3. gr.

Þátttaka eftirlitsyfirvalda þriðju landa í matsferlinu

1. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni getur ákveðið að fá eftirlitsyfirvöld þriðju landa, sem taka þátt í samstarfshópi eftirlitsaðila skv. 3. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/98 ([1]), með í mat á umsóknum sem lagðar eru fram skv. a-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ef umsækjandi starfar í því þriðja landi og hyggst beita aðferðunum sem um er að ræða hvað varðar áhættur í því þriðja landi. Í því tilviki skulu bæði eftirlitsaðili á samstæðugrunni og þessi yfirvöld komast að samkomulagi um gildissvið þátttöku eftirlitsyfirvalda þriðja landsins í eftirfarandi tilgangi:

a) veita eftirlitsaðila á samstæðugrunni framlag hvað varðar matsskýrslu sem eftirlitsaðilinn tekur saman,

b) bæta framlögunum, sem um getur í a-lið, sem viðaukum við matsskýrsluna sem eftirlitsaðili á samstæðugrunni hefur tekið saman.

2. Ef eftirlitsaðili á samstæðugrunni ákveður að gera eftirlitsaðilum þriðju landa á samstæðugrunni viðvart skal hann ekki fá eftirlitsaðilum þriðju landa á samstæðugrunni matsskýrslurnar, sem viðkomandi lögbært yfirvald hefur tekið saman, nema með skýru samþykki þess viðkomandi lögbæra yfirvalds.

3. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal halda viðkomandi lögbærum yfirvöldum að fullu upplýstum um gildissvið, stig og eðli þátttöku eftirlitsyfirvalda þriðju landa í matsferlinu, og að hvaða marki framlag eftirlitsaðila á samstæðugrunni, sem sömdu matsskýrsluna, hefur orðið til að bæta hana.

4. gr.

Staðfesting á heilleika umsóknarinnar

1. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal, þegar hann veitir viðtöku umsókn um leyfi sem um getur í 1. mgr. 143. gr., 4. Og 9. mgr. 151. gr., 283. gr., 2. mgr. 312. gr. eða 363. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og umsækjandi hefur lagt fram, áframsenda umsóknina til viðkomandi lögbærra yfirvalda án ástæðulausrar tafar, hvað sem öðru líður innan 10 daga.

2. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni og viðkomandi lögbær yfirvöld skulu meta heilleika umsóknarinnar innan sex vikna frá því eftirlitsaðili á samstæðugrunni veitir umsókninni viðtöku.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/98 frá 16. október 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina almenn skilyrði fyrir starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila (Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 2).

3. Umsókn telst fullgerð ef hún inniheldur allar upplýsingar sem lögbær yfirvöld þurfa á að halda til að meta umsóknina í samræmi við kröfur sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, einkum í gr. 143, 144, 151, 283, 312 og 363 þeirrar reglugerðar.

4. Viðkomandi lögbær yfirvöld skulu gefa eftirlitsaðila á samstæðugrunni mat sitt á heilleika umsóknarinnar.

5. Matið sem um getur í 4. mgr. skal gefa til kynna alla þætti umsóknarinnar sem eru metnir ófullnægjandi eða að þá vanti.

6. Ef viðkomandi lögbært yfirvald gefur eftirlitsaðila á samstæðugrunni ekki mat sitt á heilleika umsóknar innan þess tíma sem tiltekinn er í 2. mgr. skal viðkomandi lögbært yfirvald líta svo á að umsóknin sé ófullgerð.

7. Ef eftirlitsaðili á samstæðugrunni eða eitthvert hinna lögbæru yfirvalda telur að upplýsingarnar í umsókninni séu ófullgerðar skal eftirlitsaðili á samstæðugrunni upplýsa umsækjanda um þau svið umsóknar sem teljast ófullgerð eða að þau vanti, og gefa umsækjanda færi á að leggja fram þær upplýsingar sem vantar.

8. Ef umsækjandi leggur fram upplýsingar sem vantar og sem um getur í 7. mgr. skal eftirlitsaðili á samstæðugrunni senda þær upplýsingar áfram til viðkomandi lögbærra yfirvalda án ástæðulausrar tafar og hvað sem öðru líður innan tíu daga frá viðtöku þeirra upplýsinga.

9. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni og viðkomandi lögbær yfirvöld skulu meta heilleika umsóknar og taka tillit til viðbótarupplýsinga innan sex vikna frá því að eftirlitsaðili á samstæðugrunni veitir þeim viðtöku, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 3.–6. mgr.

10. Ef fullgerð umsókn hefur áður verið metin ófullgerð skal telja að sex mánaða tímabilið, sem um getur í a-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, hefjist daginn þegar eftirlitsaðili á samstæðugrunni veitir viðtöku upplýsingunum sem fullgera umsóknina.

11. Þegar umsókn hefur verið metin fullgerð skal eftirlitsaðili á samstæðugrunni upplýsa umsækjanda og viðkomandi lögbær yfirvöld um það, ásamt deginum þegar hinni fullgerðu umsókn var veitt viðtaka eða deginum þegar upplýsingunum sem fullgerðu umsóknina var veitt viðtaka.

12. Viðkomandi lögbært yfirvald eða hvert hinna viðkomandi lögbæru yfirvalda getur í öllum tilvikum farið fram á að umsækjandi setji fram viðbótarupplýsingar í þeim tilgangi að fá fram mat á umsókninni og sameiginlega ákvörðun um umsóknina.

5. gr.

Áætlanagerð um skref í sameiginlega ákvörðunarferlinu

1. Áður en sameiginlega ákvörðunarferlið hefst skulu eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli og viðkomandi lögbær yfirvöld koma sér saman um tímaáætlun varðandi þau skref sem fylgja skal í sameiginlega ákvörðunarferlinu og um verkaskiptingu. Ef um ágreining er að ræða skal eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli ákveða tímaáætlun að teknu tilliti til þeirra álita og fyrirvara sem viðkomandi lögbær yfirvöld láta í ljós. Ákvarða skal tímaáætlunina innan sex vikna frá því að fullgerðri umsókn er veitt viðtaka. Þegar tímaáætlunin er fullgerð skal eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli senda hana viðkomandi lögbærum yfirvöldum.

2. Tímaáætlunin skal innihalda viðtökudag hinnar fullgerðu umsóknar skv. 9. mgr. 4. gr. og að minnsta kosti eftirfarandi þrep:

a) samkomulag um tímaáætlun og verkaskiptingu eftirlitsaðila á samstæðugrunni og viðkomandi lögbærra yfirvalda,

b) samkomulag um gildissvið þátttöku eftirlitsyfirvalda þriðju landa skv. 3. gr.,

c) skoðanaskipti milli eftirlitsaðila á samstæðugrunni, viðkomandi lögbærra yfirvalda og umsækjanda um upplýsingar í umsókninni, ef eftirlitsaðili á samstæðugrunni og viðkomandi lögbær yfirvöld telja þess þörf,

d) framlagningu matsskýrslna viðkomandi lögbærra yfirvalda til eftirlitsaðila á samstæðugrunni skv. 2. mgr. 6. gr.,

e) skoðanaskipti eftirlitsaðila á samstæðugrunni og viðkomandi lögbærra yfirvalda um matsskýrslu skv. 2. mgr. 7. gr.,

f) undirbúning og framlagningu draga að sameiginlegum ákvörðunum frá eftirlitsaðila á samstæðugrunni til viðkomandi lögbærra yfirvalda skv. 3. og 4. mgr. 7. gr.,

g) samráð við umsækjanda um drög að sameiginlegum ákvörðunum þar sem löggjöf aðildarríkis útheimtir það,

h) skoðanaskipti milli eftirlitsaðila á samstæðugrunni og viðkomandi lögbærra yfirvalda um drög að sameiginlegri ákvörðun skv. 4. mgr. 7. gr.,

i) framlagningu draga að sameiginlegri ákvörðun frá eftirlitsaðila á samstæðugrunni til viðkomandi lögbærra yfirvalda í því skyni að komast að og samþykkja sameiginlega ákvörðun skv. 8. gr.,

j) tilkynningu sameiginlegrar ákvörðunar til umsækjanda skv. 9. gr.

3. Tímaáætlunin skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) hún skal vera í réttu hlutfalli við gildissvið umsóknar,

b) hún skal endurspegla gildissvið hvers verkefnis sem viðkomandi lögbær yfirvöld og eftirlitsaðili á samstæðugrunni framkvæma og hve flókið það er, sem og hve flóknar stofnanir samstæðunnar eru sem hin sameiginlega ákvörðun á að gilda um,

c) hún skal, eftir því sem hægt er, taka tillit til annarrar starfsemi sem eftirlitsaðili á samstæðugrunni og viðkomandi lögbær yfirvöld inna af hendi undir eftirlitsáætlun fagráðs sem um getur í 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/98.

4. Verkaskiptingin skal endurspegla eftirfarandi:

a) gildissvið umsóknar og það hve flókin hún er,

b) mikilvægi gildissviðs fyrir hverja stofnun,

c) tegund og stað áhættuskuldbindinga eða áhætta sem viðkoma umsókn,

d) að hve miklu leyti áhættuskuldbindingar eða áhættur í tiltekinni lögsögu stuðla að mikilvægi breytinga eða útvíkkunar á líkönum þegar þau eru metin á samstæðugrunni,

e) hæfni eftirlitsaðila á samstæðugrunni og hvers viðkomandi lögbærs yfirvalds til að framkvæma þau verkefni sem nauðsynleg eru til að inna af hendi mat og setja fram ítarlegt, rökstutt álit.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar, ef landfræðileg staðsetning áhættuskuldbindinga eða áhætta er ekki hin sama og sú þar sem stjórnun, bókanir og viðskipti með áhættuskuldbindingar eða áhættur fara fram, skal aðskilinni ábyrgð komið í kring með verkaskiptingu hvað varðar lögbær yfirvöld aðildarríkis þar sem áhættuskuldbindingar eða áhættur eru staðsettar, og hvað varðar lögbær yfirvöld aðildarríkis þar sem stjórnun, bókanir og viðskipti með áhættuskuldbindingar eða áhættur fara fram.

5. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal tilkynna umsækjanda leiðbeinandi dagsetningu fyrir skoðanaskiptin sem um getur í c-lið 2. mgr. og áætlaða dagsetningu fyrir tilkynninguna sem um getur i-lið 2. mgr.

6. Þegar nauðsynlegt verður að uppfæra tímaáætlunina eða verkaskiptinguna skal eftirlitsaðili á samstæðugrunni gera það í samráði við viðkomandi lögbær yfirvöld.

6. gr.

Undirbúningur matsskýrslna

1. Viðkomandi lögbær yfirvöld og eftirlitsaðili á samstæðugrunni skulu byggja mat sitt á umsókninni á verkaskiptingunni sem komið hefur verið á fót í samræmi við 1. mgr. 5. gr. Þetta mat skal vera á formi matsskýrslna.

2. Hvert viðkomandi lögbært yfirvald skal setja fram eigin matsskýrslu til handa eftirlitsaðila á samstæðugrunni fyrir dagsetninguna sem tiltekin er í tímaáætluninni skv. d-lið 2. mgr. 5. gr.

3. Hver matsskýrsla skal a.m.k. innihalda allt eftirfarandi:

a) álit á því hvort veita ætti leyfið sem farið er fram á, á grunni krafna sem settar eru fram í 1. mgr. 143. gr., 4. og 9. mgr. 151. gr., 283. gr., 2. mgr. 312. gr. eða 363. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ásamt rökstuðningi með álitinu.

b) skilmála og skilyrði, ef einhver eru, sem ættu að gilda um slíkt leyfi, þ.m.t. samsvarandi rökstuðningur og tímaáætlun hvað varðar efndir þeirra,

c) matið sem tengist þeim þáttum sem farið er fram á að lögbær yfirvöld meti í samræmi við kröfur sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sem tengjast leyfum sem um getur í gr. 143, 144, 151, 283, 312 og 363, þeirrar reglugerðar,

d) tilmæli, ef um þau er að ræða, til að ráða bót á annmörkum sem koma í ljós við mat á umsókninni og til að komast að sameiginlegri ákvörðun um umsóknina.

7. gr.

Undirbúningur draga að sameiginlegri ákvörðun

1. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal tilkynna allar matsskýrslur sem um getur í 6. gr. til viðkomandi lögbærs yfirvalds, ef viðbótin skiptir máli fyrir mat þess viðkomandi lögbæra yfirvalds.

2. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal stofna til viðræðna við viðkomandi lögbær yfirvöld, eins og um getur í tímaáætlun samkvæmt e-lið 2. mgr. 5. gr., á grunni matsskýrslna eftirlitsaðila á samstæðugrunni og viðkomandi lögbærra yfirvalda, með það fyrir augum að útbúa drög að sameiginlegri ákvörðun.

3. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal útbúa ítarleg, rökstudd drög að sameiginlegri ákvörðun. Í drögum að sameiginlegri ákvörðun skal setja fram hvern eftirfarandi þátta:

a) heiti þeirra eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli og viðkomandi lögbærra yfirvalda sem koma að drögum að sameiginlegri ákvörðun,

b) heiti samstæðu stofnana og lista yfir allar stofnanir innan samstæðu sem drög að sameiginlegri ákvörðun tengjast og gilda um, ásamt upplýsingum um gildissvið draga að sameiginlegri ákvörðun,

c) tilvísanirnar í viðeigandi lög Sambandsins og innlend lög sem tengjast undirbúningi, fullvinnslu og beitingu draga að sameiginlegri ákvörðun,

d) dagsetningu draga að sameiginlegri ákvörðun og viðeigandi uppfærslna ef um er að ræða verulegar viðbætur eða breytingar eins og um getur í 13. gr.,

e) álit á veitingu leyfis sem farið er fram á á grunni matsskýrslna sem um getur í 6. gr.,

f) dagsetningu fyrir leyfisveitingunni, ef veita á umbeðið leyfi samkvæmt álitinu sem um getur í e-lið,

g) stutta lýsingu á niðurstöðum mats fyrir hverja stofnun innan samstæðunnar,

h) öll tilmæli um að ráða bót á annmörkum sem koma í ljós við mat á umsókninni og til að komast að sameiginlegri ákvörðun um umsóknina,

i) alla skilmála og skilyrði sem umsækjandi á að uppfylla, þ.m.t. samsvarandi rökstuðningur áður en beitt er leyfinu sem um getur í 1. mgr. 143. gr., 4. og 9. mgr. 151. gr., 283. gr., 2. mgr. 312. gr. eða 363. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á,

j) viðmiðunardagsetningu fyrir g-, h- og i-lið,

k) tímalínu til að uppfylla skilmála og skilyrði sem um getur í i-lið til að taka á þeim tilmælum sem um getur í h-lið, eftir atvikum,

l) tímalínu til að koma drögum að sameiginlegum ákvörðunum í framkvæmd í viðkomandi landsbundnum leyfum.

4. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal miðla drögum að sameiginlegri ákvörðun til viðkomandi lögbærra yfirvalda í tilgangi skoðanaskipta sem um getur í 2. mgr. 5. gr., eftir því sem við á.

8. gr.

Sameiginleg ákvörðun tekin

1. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal endurskoða drögin að sameiginlegri ákvörðun eftir þörfum, til að endurspegla niðurstöður skoðanaskiptanna sem um getur í 4. mgr. 7. gr. og semja lokadrög að sameiginlegri ákvörðun.

2. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal senda viðkomandi lögbærum yfirvöldum lokadrög að sameiginlegri ákvörðun án ástæðulausrar tafar, innan þess frests sem tiltekinn er í tímaáætlun skv. i-lið 2. mgr. 5. gr. og setja þeim frest, en innan hans eiga þau að leggja fram skriflegt samþykki sem senda má á rafrænu formi.

3. Þegar viðkomandi lögbær yfirvöld hafa veitt lokadrögum að sameiginlegri ákvörðun viðtöku og gera ekki athugasemdir skulu þau senda eftirlitsaðila á samstæðugrunni skriflegt samþykki sitt innan tilskilins frests.

4. Litið skal svo á að sameiginlegri ákvörðun sé því aðeins náð að öll viðkomandi lögbær yfirvöld hafa veitt skriflegt samþykki sitt.

5. Sameiginleg ákvörðun skal innihalda hina sameiginlegu ákvörðun og skrifleg samþykki sem henni tengjast. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal koma hinni sameiginlegu ákvörðun til allra viðkomandi lögbærra yfirvalda.

9. gr.

Tilkynning um sameiginlega ákvörðun

1. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal tilkynna hina sameiginlegu ákvörðun, sem um getur í 5. mgr. 8. gr., til umsækjanda í samræmi við við 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ásamt upplýsingum um að koma sameiginlegri ákvörðun í framkvæmd í viðkomandi landsbundnum leyfum, eftir því sem við á, fyrir frestinn sem tiltekinn er í tímaáætlun skv. j-lið 2. mgr. 5. gr.

2. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal staðfesta við viðkomandi lögbær yfirvöld að hann hafi tilkynnt umsækjanda um hina sameiginlegu ákvörðun.

3. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni og viðkomandi lögbær yfirvöld skulu, eftir því sem við á, ræða hina sameiginlegu ákvörðun við stofnanir sem eru með staðfestu í lögsögu þeirra og sem hin sameiginleg ákvörðun gildir um hvað það varðar að útskýra upplýsingarnar í ákvörðuninni og beitingu hennar.

III. KAFLI

ÁGREININGUR OG ÁKVARÐANIR SEM TEKNAR ERU ÞEGAR SAMEIGINLEG ÁKVÖRÐUN ER EKKI FYRIR HENDI

10. gr.

Ákvörðunarferli þegar sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi

1. Ef ekki næst neitt samkomulag innan tímabilsins sem um getur í a-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal eftirlitsaðili á samstæðugrunni hafa samráð við evrópsku bankaeftirlitsstofnunina (e. EBA) ef eitthvert viðkomandi lögbært yfirvald fer þess á leit. Eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli er heimilt að hafa samráð við evrópsku bankaeftirlitsstofnunina að eigin frumkvæði.

2. Ef ekki næst nein sameiginleg ákvörðun innan tímabilsins sem um getur í a-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal ákvörðun eftirlitsaðila á samstæðugrunni, sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar, staðfest skriflega og tekin fyrir þann eftirfarandi daga sem síðastur er:

a) mánuði eftir að tímabilið rennur út sem um getur í a-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ef ekkert viðkomandi lögbærra yfirvalda hefur vísað málinu til evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við fjórðu undirgrein 4. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar,

b) mánuði eftir að evrópska bankaeftirlitsstofnunin veitir ráðgjöf skv.1. mgr. þessarar greinar, ef eftirlitsaðili á samstæðugrunni hefur haft samráð við evrópsku bankaeftirlitsstofnunina innan tímabilsins sem um getur í a-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) mánuði eftir að evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur ákvörðun í samræmi við fjórðu undirgrein 4. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Ef samráð hefur verið haft við evrópsku bankaeftirlitsstofnunina skv. 1. mgr. skal ákvörðun eftirlitsaðila á samstæðugrunni sem um getur í 2. mgr. innihalda útskýringu á sérhverju fráviki frá ráðgjöf evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

11. gr.

Gerð draga að ákvörðunum ef sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi

Ákvörðun eftirlitsaðila á samstæðugrunni, ef sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi, skal innihalda alla liði sem tilteknir eru í 3. mgr. 7. gr., eins og við á.

12. gr.

Tilkynning um ákvarðanir ef sameiginleg ákvörðun er ekki fyrir hendi

Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal tilkynna umsækjanda og viðkomandi lögbærum yfirvöldum ákvörðun sína án tafar, í samræmi við þriðju undirgrein 4. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

IV. KAFLI

UPPFÆRSLA ÁKVARÐANA EF UM MIKILVÆGAR VIÐBÆTUR Á LÍKÖNUM ER AÐ RÆÐA EÐA BREYTINGAR OG GILDISTÖKU

13. gr.

Mikilvægar viðbætur eða breytingar á líkönum

1. Ef umsókn um leyfi tengist mikilvægum viðbótum eða breytingum á líkönum í samræmi við 3. mgr. 143. gr., 4. eða 9. mgr. 151. gr., 283. gr., 2. mgr. 312. gr. eða 363. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu eftirlitsaðili á samstæðugrunni og lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með stofnunum sem þessar mikilvægu viðbætur eða breytingar hafa áhrif á, vinna að því í sameiningu, og með fullu samráði að ákveða hvort umbeðið leyfi skuli veitt í samræmi við 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, samkvæmt ferli sem sett er fram í 3.–9. gr. þessarar reglugerðar.

2. Tímaáætlun sameiginlega ákvörðunarferlisins fyrir veitingu leyfis hvað varðar mikilvægar viðbætur og breytingar skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) hún skal vera í réttu hlutfalli við gildissvið mikilvægra viðbóta eða breytinga á líkönum,

b) hún skal vera í réttu hlutfalli við verkefni og verkaskiptingu eftirlitsaðila á samstæðugrunni og viðkomandi lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með stofnunum sem þessar mikilvægu viðbætur eða breytingar á líkönum hafa áhrif á.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar, ef umsókn viðkemur mikilvægum viðbótum eða breytingum á líkönum sem hafa áhrif á stofnanir sem aðeins hefur verið komið á fót í einu aðildarríki, skal tímabilinu, sem úthlutað er eftirlitsaðila á samstæðugrunni hvað varðar alla þætti ferlisins skv. 3.–9. gr., haldið í lágmarki.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 342/2014 **2020/EES/69/04**

frá 21. janúar 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasteypa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 6. mgr. 49. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB ([2]), einkum 3. mgr. 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hjá fjármálasamsteypum, sem stunda umtalsverð banka- eða fjárfestinga- og vátryggingaviðskipti, ætti að koma í veg fyrir margnotkun liða sem nota má við útreikning á eiginfjárgrunni á fjármálasamsteypustigi, þ.e.a.s. endurtekna notkun eiginfjárliða sem og sérhverja óviðeigandi myndun eiginfjárgrunns innan samstæðu, til að gefa nákvæma mynd af eiginfjárgrunni samsteypunnar til að bera tap og til að fullnægja viðbótareiginfjárþörf á fjármálasamsteypustigi.

2) Mikilvægt er að tryggja að eiginfjárgrunnur sem er umfram gjaldþolskröfur einstakra sérsviða sé aðeins tekinn með á samsteypustigi ef engar hindranir eru á millifærslu eigna eða á endurgreiðslu skulda á milli ólíkra aðila samsteypunnar, þ.m.t. þvert á geira.

3) Við útreikning á eiginfjárgrunni sínum ætti fjármálasamsteypa eingöngu að telja með eiginfjárgrunn sem er umfram kröfurnar um gjaldþol einstakra sérsviða, ef sá grunnur er millifæranlegur á milli aðila innan fjármálasamsteypunnar.

4) Í viðeigandi reglum ætti að taka tillit til þess að kröfur vegna eiginfjárgrunns ákveðins sérsviðs eru hannaðar til að ná yfir áhættu sem varðar þann geira, og er ekki ætlað að ná yfir áhættu utan þess geira.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 100, 3.4.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1.

5) Í þeim tilgangi að tryggja samræmda beitingu útreiknings á viðbótareiginfjárþörf ætti að taka saman lista yfir kröfurnar fyrir einstaka geira sem ná yfir gjaldþolskröfur. Þær kröfur ættu ekki að hafa áhrif á sérreglur sem varða þær ráðstafanir sem gripið verður til í framhaldi af broti á gjaldþolskröfum einstakra sérsviða. Einkum ef halli myndast á fjármálasamsteypustigi vegna brots á samanlagðri kröfu um eiginfjárauka, skv. 4. kafla VII. bálks tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB([1]), ættu nauðsynlegar ráðstafanir sem krafist er að byggja á þeim sem settar eru fram í þeim kafla.

6) Þegar viðbótareiginfjárkrafa fyrir fjármálasamsteypu er reiknuð út, ætti að reikna bæði ígildi gjaldþolskröfu og ígildi lágmarksfjárhæðar eiginfjárgrunns fyrir óeftirlitsskyld fjármálafyrirtæki innan fjármálasamsteypunnar.

7) Í II. hluta I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB eru settar fram þrjár tæknilegar aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum á fjármálasamsteypustigi: „samstæðureikningsskilaaðferð“ (aðferð 1), „frádráttar- og samlagningaraðferð“ (aðferð 2) og „samsett aðferð“ (aðferð 3), sem leyfir samsetningu aðferða 1 og 2. Tilgreina ætti hinar tæknilegu reikniaðferðir 1 og 2 til að tryggja samkvæmni í beitingu þeirra. Að auki ætti að tilgreina við hvaða aðstæður nota má aðferð 3 og tryggja að lögbær yfirvöld leyfi notkun á þeirri aðferð við sambærilegar aðstæður, beiti sameiginlegum viðmiðunum og geri kröfu um að aðferðinni sé beitt á samræmdan hátt gagnvart öllum fjármálasamsteypum. Lögbær yfirvöld ættu aðeins að leyfa beitingu á aðferð 3 þegar fjármálasamsteypa getur sýnt fram á að ekki sé með góðu móti gerlegt að beita aðferð 1 eða 2 einni og sér. Notkun á aðferð 3 ætti að vera samkvæm yfir lengri tíma til að tryggja jafngild skilyrði. Þar eð aðferðum við tæknilega útreikninga er beitt í samræmi við hinar tæknilegu meginreglur sem um getur í I. hluta I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB, er nauðsynlegt að tilgreina þær meginreglur einnig.

8) Aðferð 1 til að reikna gjaldþol samstæðna, eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([2]), og aðferð 1 til að reikna viðbótareiginfjárkröfur, eins og sett er fram í tilskipun 2002/87/EB, ættu að teljast jafngildar þar sem báðar aðferðir eru í samræmi við meginmarkmið viðbótareftirlits. Báðar aðferðir tryggja að ekki myndist eiginfjárgrunnur innan samstæðu og að útreikningur á eiginfjárgrunni sé gerður í samræmi við skilgreiningar og takmarkanir sem komið var á með viðeigandi sérreglum.

9) Heimildir framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla í 6. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru nátengdar heimildinni í 3. mgr. 21. gr. a í tilskipun 2002/87/EB, þar sem báðar fjalla um samkvæma beitingu reikniaðferðanna sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þá tilskipun. Til að tryggja samfellu í reikniaðferðunum sem tilgreindar eru, að því er varðar þessar lagagerðir, og til að auðvelda þeim aðilum sem falla undir þessar skyldur, heildaryfirsýn og hentugan aðgang að þeim, er æskilegt að mæla fyrir um hina tæknilegu eftirlitsstaðla, sem voru samþykktir samkvæmt þeim heimildum, í einni reglugerð.

10) Þessi reglugerð ætti að byggjast á hinum nýju gjaldþolsreglum fyrir sérsvið sem hafa verið teknar upp í Sambandinu til að tryggja samkvæmni í notkun reikniaðferða. Þessi reglugerð ætti því ekki að taka gildi fyrr en eftir gildistökudag reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Reglurnar sem eru háðar beitingu tilskipunar 2009/138/EB ættu að taka gildi frá gildistökudegi þeirrar tilskipunar. Því ætti að nota áfram núverandi landsbundna framkvæmd á útreikningi á viðbótareiginfjárkröfum á þeim sviðum sem ekki hafa verið samræmd með þessari reglugerð á tímabilinu áður en hún tekur að fullu gildi og undirliggjandi útreikningar sem eru byggðir á sérreglum um vátryggingasvið ættu að byggjast á þeim sérreglum um vátryggingasviðið sem eiga við á þeim tíma þegar útreikningurinn á sér stað.

11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) (EBA), evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) (EIOPA) og evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (ESMA) lögðu í sameiningu fyrir framkvæmdastjórnina.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

12) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa haft opið samráð við almenning um drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]), 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([2]) og 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]) og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, hagsmunahóps í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru tilgreindar tæknilegar meginreglur og tæknilegar reikniaðferðir sem eru skráðar í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB að því er varðar valkosti við frádrátt sem um getur í 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í þeim tilgangi að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn og viðbótareiginfjárkröfur eins og kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „fjármálasamsteypa með áherslu á vátryggingastarfsemi“: fjármálasamsteypa þar sem mikilvægasti fjármálageirinn er vátryggingastarfsemi, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB,

2) „fjármálasamsteypa með áherslu á banka- eða fjárfestingarþjónustu“: fjármálasamsteypa þar sem mikilvægasti fjármálageirinn er annaðhvort banka- eða fjárfestingarþjónustugeirinn, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/87/EB.

II. KAFLI

TÆKNILEGAR MEGINREGLUR

3. gr.

Útilokun á endurtekinni notkun eiginfjárliða og myndun eigin fjár innan samstæðu

Eiginfjárgrunnur sem stafar beint eða óbeint af viðskiptum innan samstæðu skal ekki talinn með þegar viðbótareiginfjárkröfur á fjármálasamsteypustigi eru reiknaðar út.

4. gr.

Framsalshæfi og tiltækileiki eiginfjárgrunns

1. Eiginfjárgrunnur á stigi eftirlitsskylds aðila, sem fer fram úr þeim sem þörf er fyrir til að mæta gjaldþolskröfum sérsviða eins og tilgreint er í 9. gr., skal hvorki talinn með í útreikningi eiginfjárgrunns fjármálasamsteypu né í samtölu eiginfjárgrunns fyrir hvern eftirlitsskyldan og óeftirlitsskyldan aðila á fjármálamarkaði innan fjármálasamsteypu, nema engin núverandi eða fyrirsjáanleg lagaleg hamla sé á millifærslu fjármagnsins á milli aðila innan fjármálasamsteypunnar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. Aðilinn sem um getur í fimmta undirlið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB skal, þegar niðurstöðum útreikningsins og viðkomandi gögnum vegna útreikningsins sem um getur í þeim undirlið er skilað til samræmingaraðilans, staðfesta og sanna fyrir samræmingaraðilanum að farið hafi verið að 1. mgr.

5. gr.

Eiginfjárgrunnur tiltekinna sérsviða

1. Eiginfjárgrunnur, sem um getur í 2. mgr., tiltækur á stigi eftirlitsskylds aðila, skal metinn hæfur til að ná yfir áhættu þess geira sem viðurkennir þann eiginfjárgrunn og skal ekki tekinn til greina sem hæfur til að ná yfir áhættu annarra fjármálageira.

2. Eiginfjárgrunnurinn sem um getur í 1. mgr. er ekki:

a) liðir almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjár þáttar 1 eða þáttar 2, í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) liðir eiginfjárgrunns fyrirtækja sem falla undir kröfur tilskipunar 2009/138/EB ef þessir liðir eru flokkaðir í þátt 1 eða þátt 2 í samræmi við 1. og 2. mgr. 94. gr. þeirrar tilskipunar.

6. gr.

Halli á eiginfjárgrunni á fjármálasamsteypustigi

1. Þegar halli er á eiginfjárgrunni á fjármálasamsteypustigi, skal aðeins nota eiginfjárliði sem eru hæfir samkvæmt sérreglum fyrir bæði banka- og vátryggingageirann til að mæta þeim halla.

2. Eiginfjárgrunnur sem um getur í 1. mgr. er sem hér segir:

a) almennt eigið fé þáttar 1 eins og það er skilgreint í 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) liðir eiginfjárgrunns ef þeir liðir eru flokkaðir í þátt 1 í samræmi við 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2009/138/EB og ef framseldar gerðir, sem samþykktar hafa verið í samræmi við 99. gr. þeirrar tilskipunar, takmarka ekki að þeir liðir séu teknir með,

c) viðbótareigiðfé þáttar 1 eins og það er skilgreint í 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) liðir eiginfjárgrunns ef þeir liðir eru flokkaðir í þátt 1 í samræmi við 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2009/138/EB og ef framseldar gerðir, sem samþykktar hafa verið í samræmi við 99. gr. þeirrar tilskipunar, takmarka að þeir liðir séu teknir með,

e) eigið fé þáttar 2 eins og það er skilgreint í 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og

f) liðir eiginfjárgrunns þegar þeir liðir eru flokkaðir í þátt 2 í samræmi við 2. mgr. 94. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Liðir eiginfjárgrunns sem eru notaðir til að mæta hallanum skulu fara að 1. mgr. 4. gr.

7. gr.

Samræmi

Eftirlitsskyldir aðilar eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði innan fjármálasamsteypu skulu beita reikniaðferðinni með samkvæmum hætti til lengri tíma.

8. gr.

Samstæða

Í tengslum við fjármálasamsteypur með áherslu á vátryggingastarfsemi skal líta svo á að aðferð 1 fyrir útreikning samstæðugjaldþols vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eins og mælt er fyrir um í 230., 231. og 232. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sé talin jafngild aðferð 1 fyrir útreikning á viðbótareiginfjárkröfum eftirlitsskyldra aðila innan fjármálasamsteypu, eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB, að því tilskildu að gildissvið samstæðueftirlitsins sem fellur undir III. bálk tilskipunar 2009/138/EB sé ekki efnislega frábrugðið gildissviði viðbótareftirlitsins sem fellur undir II. kafla tilskipunar 2002/87/EB.

9. gr.

Gjaldþolskrafa

1. Þegar beita á reglum fyrir vátryggingageirann skal gjaldþolskrafan sem um getur í 100. og 218. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að meðtöldum öllum viðbótargjaldþolskröfum sem beitt er í samræmi við 37. gr. þeirrar tilskipunar, sbr. 216. gr. (4. mgr.), 231. gr. (7. mgr.), 232. gr., 233. gr. (6. mgr.), 238. gr. (2. og 3. mgr.) þeirrar tilskipunar, álitin vera gjaldþolskrafa, að því er varðar útreikning á viðbótareiginfjárkröfum.

2. Þegar beita á reglum fyrir banka- eða fjárfestingarþjónustugeirann skulu kröfur vegna eiginfjárgrunns, eins og mælt er fyrir um í 1. kafla I. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og kröfur samkvæmt þeirri reglugerð eða tilskipun 2013/36/ESB um að hafa eiginfjárgrunn umfram þær kröfur, þ.m.t. kröfu sem rís vegna innra mats á eiginfjárþörf í 73. gr. þeirrar tilskipunar, skal líta svo á að sérhver krafa sem lögbært yfirvald setur fram skv. a-lið 1. mgr. 104. gr. þeirrar tilskipunar, samanlögð krafa um eiginfjárauka eins og hún er skilgreind í 6. mgr. 128. gr. þeirrar tilskipunar og ráðstafanir sem samþykktar eru skv. 458. eða 459. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, séu gjaldþolskröfur að því er varðar útreikning á viðbótareiginfjárkröfum.

10. gr.

Eiginfjárgrunns- og gjaldþolskröfur fjármálasamsteypu

1. Með fyrirvara um 7., 8. og 9. mgr. 14. gr. skal reikna út eiginfjárgrunns- og gjaldþolskröfur fjármálasamsteypu í samræmi við skilgreiningarnar og takmarkanirnar sem komið hefur verið á í viðeigandi sérreglum.

2. Eiginfjárgrunnur eignastýringarfélaga skal reiknaður út í samræmi við l-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([1]). Gjaldþolskröfur eignastýringarfélaga skulu vera þær kröfur sem settar eru fram í a-lið 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar.

3. Eiginfjárgrunnur rekstraraðila sérhæfðra sjóða skal reiknaður út í samræmi við ad-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([2]). Gjaldþolskröfur fyrir rekstraraðila sérhæfðra sjóða skulu vera þær kröfur sem settar eru fram í 9. gr. þeirrar tilskipunar.

11. gr.

Meðferð eignarhalds þvert á atvinnugreinar

1. Þegar aðili í fjármálasamsteypu með áherslu á banka- eða fjárfestingarþjónustu á eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði sem tilheyrir vátryggingageiranum og sem er dreginn frá skv. 3. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 15. gr. skal engin viðbótareiginfjárkrafa hljótast af að því er varðar þann eignarhlut á fjármálasamsteypustigi.

2. Þegar beiting 1. mgr. veldur beinni breytingu á fjárhæð væntstaps samkvæmt innramatsaðferðinni í skilningi 3. kafla II. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal fjárhæð sem er jafngild þeirri breytingu bætt við eiginfjárgrunn fjármálasamsteypunnar.

12. gr.

Ígildi eiginfjárgrunnskrafna og ígildi gjaldþolskrafna fyrir óeftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði

1. Þegar blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði á eignarhlut í óeftirlitsskyldum aðila á fjármálamarkaði skal reikna ígildi eiginfjárgrunnskrafna og ígildi gjaldþolskrafna fyrir þann aðila í samræmi við sérreglur um mikilvægasta geira fjármálasamsteypunnar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

2. Að því er varðar óeftirlitsskyldan aðila á fjármálamarkaði, annan en þann sem um getur í 1. mgr., skal reikna ígildi eiginfjárgrunnskrafna og ígildi gjaldþolskrafna í samræmi við sérreglur sem samsvara þeim fjármálageira sem er næstur fjármálageira hins óeftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði. Ákvörðunin um þann fjármálageira sem er næstur skal byggjast á því hve víðtæk starfsemi viðkomandi aðila er og að hve miklu leyti hann sinnir þeirri starfsemi. Ef ekki er mögulegt að greina næsta fjármálageira með skýrum hætti, skal nota þær sérreglur sem gilda um mikilvægasta geirann innan fjármálasamsteypunnar.

13. gr.

Umbreytingarfyrirkomulag sérsviða og fyrirkomulag um eldri reglur

Sérreglur sem beitt er við útreikning á viðbótareiginfjárkröfum skulu taka til allra umbreytingarákvæða eða ákvæða þar sem mælt er fyrir um að eldri reglur gildi og eiga við á viðkomandi sérsviði.

III. KAFLI

TÆKNILEGAR REIKNIAÐFERÐIR

14. gr.

Forskrift tæknilegs útreiknings eftir aðferð 1 samkvæmt tilskipun 2002/87/EB

1. Eiginfjárgrunnur fjármálasamsteypu skal reiknaður út á grunni samstæðureikningsskila samkvæmt viðeigandi reikningsskilaramma sem beitt er á gildissviði viðbótareftirlits samkvæmt tilskipun 2002/87/EB og skal, eftir atvikum, taka tillit til 5. mgr.

2. Að því er varðar fjármálasamsteypur með áherslu á banka- eða fjárfestingarþjónustu skal eftirfarandi meðferð beitt á fjárfestingar utan samstæðunnar við útreikning á eiginfjárgrunni fjármálasamsteypunnar:

a) verulegar fjárfestingar utan samstæðunnar í aðila á fjármálamarkaði, í skilningi 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem tilheyrir vátryggingageiranum skulu að fullu dregnar frá eiginfjárgrunni samsteypunnar,

b) fjárfestingar utan samstæðunnar, aðrar en þær sem um getur í a-lið, í aðila á fjármálamarkaði sem tilheyrir vátryggingageiranum skulu að fullu dregnar frá eiginfjárgrunni samstæðunnar í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. skal sérhver eiginfjárgrunnur sem aðili innan fjármálasamsteypu gefur út og annar aðili í þeirri fjármálasamsteypu hefur yfirráð yfir, vera dreginn frá eiginfjárgrunni samsteypunnar hafi hann ekki þegar verið felldur niður við vinnslu samstæðureikningsskilanna.

4. Fyrirtæki sem er aðili undir sameiginlegri stjórn að því er varðar viðeigandi reikningsskilaramma skal meðhöndlað í samræmi við sérreglur um hlutfallsleg samstæðureikningsskil eða um að telja með hlutfallslega eignarhluta.

5. Þegar aðili, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2009/138/EB, er hluti af fjármálasamsteypu skal útreikningur á viðbótareiginfjárkröfum á fjármálasamsteypustigi byggjast á mati á eignum og skuldum sem eru reiknaðar út í samræmi við 1. og 2. þátt VI. kafla I. bálks tilskipunar 2009/138/EB.

6. Þegar verðgildi eignar eða skuldar fellur undir varfærnissíur og frádrætti, í samræmi við I. bálk 2. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal verðgildi eignar eða skuldar sem notað er í þeim tilgangi að reikna út viðbótareiginfjárkröfur vera það sem hægt er að rekja til viðeigandi aðila samkvæmt þeirri reglugerð, að undanskildum þeim eignum og skuldum sem hægt er að rekja til annarra aðila innan fjármálasamsteypunnar.

7. Þegar krafist er útreiknings á viðmiðunarmarki eða takmörkun í sérreglum, skal viðmiðunarmarkið eða takmörkunin á samsteypustigi reiknuð út á grundvelli samstæðugagna fjármálasamsteypunnar og eftir frádrætti sem krafist er í 2. og 3. mgr.

8. Í þeim tilgangi að reikna út viðmiðunarmörk eða takmarkanir skal taka eftirlitsskylda aðila innan fjármálasamsteypu, sem falla undir gildissvið samstæðustöðu stofnunar skv. 1. þætti 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, til athugunar saman.

9. Í þeim tilgangi að reikna út viðmiðunarmörk eða takmarkanir skal taka eftirlitsskylda aðila innan fjármálasamsteypu, sem falla undir gildissvið samstæðueftirlits, samkvæmt III. bálki tilskipunar 2009/138/EB, til athugunar saman.

10. Í þeim tilgangi að reikna út viðmiðunarmörk eða takmarkanir á stigi eftirlitsskylds aðila skulu eftirlitsskyldir aðilar innan fjármálasamsteypu, sem hvorki 8. né 9. mgr. eiga við um, reikna hver um sig út viðmiðunarmörk sín og takmarkanir á einingargrunni samkvæmt sérreglum fyrir eftirlitsskylda aðila.

11. Þegar gjaldþolskröfur um viðeigandi sérsvið eru teknar saman skal engin leiðrétting gerð önnur en sú sem krafist er í 11. gr. eða í kjölfar leiðréttinga á viðmiðunarmörkum og takmörkunum sérsviða skv. 7. mgr.

15. gr.

Forskrift tæknilegs útreiknings eftir aðferð 2 samkvæmt tilskipun 2002/87/EB

1. Þegar eiginfjárgrunnur eftirlitsskylds aðila fellur undir varfærnissíur samkvæmt viðeigandi sérreglum skal beita einni eftirfarandi aðferða:

a) fjárhæð eftir síun, sem er hin hreina fjárhæð sem skal taka til greina við útreikning á eiginfjárgrunni hagsmunaaðila, skal bætt við bókfært virði hlutdeildar í samræmi við 2. undirlið 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB, ef hin síaða fjárhæð eykur við lögbundið eigið fé,

b) fjárhæð eftir síun, sem um getur í a-lið, skal dregin frá bókfærðu virði hlutdeildar í samræmi við 2. undirlið 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB, ef hin síaða fjárhæð dregur úr lögbundnu eigin fé.

2. Að því er varðar fjármálasamsteypur með áherslu á banka- eða fjárfestingarþjónustu skal veruleg fjárfesting, í skilningi 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, í aðila í fjármálageira sem tilheyrir vátryggingageiranum og sem er ekki hagsmunaaðili, að fullu dregin frá eigin fjár þáttum aðilans sem á gerninginn, í samræmi við sérreglur sem eiga við um þann aðila.

3. Fjárfestingar innan samstæðu í fjármagnsgerningum sem eru tækir sem eiginfjárgrunnur í samræmi við sérreglur, að teknu tilliti til viðeigandi takmarkana sérsviða, skulu dregnar frá eða undanskildar útreikningi á eiginfjárgrunni.

4. Útreikningurinn á viðbótareiginfjárkröfum skal gerður í samræmi við formúluna í viðaukanum.

16. gr.

Lýsing á aðstæðum þegar nota má aðferð 3 samkvæmt tilskipun 2002/87/EB

1. Lögbær yfirvöld mega eingöngu heimila notkun á aðferð 3, eins og um getur í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB, við eftirfarandi aðstæður:

a) ekki er með góðu móti mögulegt að beita annaðhvort aðferð 1, eins og um getur í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB, á alla aðila eða aðferð 2, eins og um getur í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB, á alla aðila innan fjármálasamsteypu, einkum vegna þess að ekki er hægt að nota aðferð 1 fyrir einn eða fleiri aðila vegna þess að þeir eru utan samstæðu, eða vegna þess að eftirlitsskyldur aðili er með staðfestu í þriðja landi og ekki er mögulegt að afla nægjanlegra upplýsinga til að beita annarri hvorri aðferðinni á þann aðila,

b) aðilarnir sem myndu beita annarri hvorri aðferðinni hafa sameiginlega óverulega þýðingu að því er varðar markmið eftirlits með eftirlitsskyldum aðilum innan fjármálasamsteypu.

2. Allir eftirlitsskyldir aðilar innan fjármálasamsteypu, sem ekki er getið í 1. mgr., skulu annaðhvort nota aðferð 1 eða aðferð 2.

3. Beiting aðferðar 3, sem lögbært yfirvald heimilar í tengslum við fjármálasamsteypu, skal vera með samræmdum hætti til lengri tíma.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 5. gr., 6. gr. (2. mgr.), 8. gr., 9. gr. (1. mgr.) og 14. gr. (5. og 9. mgr.) skulu koma til framkvæmda frá og með gildistökudeginum sem um getur í 1. mgr. 309. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Aðferðafræði fyrir útreikning á aðferð 2 samkvæmt tilskipun 2002/87/EB Frádráttar- og samlagningaraðferð

Útreikningur á viðbótareiginfjárkröfum samkvæmt aðferð 2 skal gerður á grundvelli viðeigandi reikningsskilaumgjörðar fyrir hvern aðila í samstæðunni og fylgja reiknireglunni hér að neðan:

$$scar = \sum_{i=1}^{Gfin} x_i(\mathrm{OF}_i) - \left(\sum_{i=1}^{Gfin} (\mathrm{REQ}_i) + \sum_{j=1}^{G} (\mathrm{BV}_j) \right)$$

$$scar \geq 0$$

þegar eiginfjárgrunnur (OFi) inniheldur ekki fjármagnsgerninga innan samstæðu sem eru viðurkenndir sem eiginfjárgrunnur í samræmi við sérreglur.

Viðbótareiginfjárkröfur (scar) skulu því reiknaðar sem mismunurinn á milli:

1. samtölu eiginfjárgrunns (OFi) allra eftirlitsskyldra og óeftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði i) í fjármálasamsteypu; liðirnir sem nota má eru þeir liðir sem eru viðurkenndir í samræmi við viðeigandi sérreglur, og
2. samtölu gjaldþolskrafna (REQi) fyrir alla eftirlitsskylda og óeftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði i) innan samstæðunnar (G); gjaldþolskröfurnar skulu reiknaðar í samræmi við viðeigandi sérreglur, og bókfært virði (BVj) hagsmunaaðila í öðrum aðilum j) samstæðunnar.

Ef um er að ræða óeftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði skal reikna út ígildi gjaldþolskröfu fyrir þá í samræmi við 12. gr. Taka skal tillit til eiginfjárgrunns- og gjaldþolskrafna vegna hlutfallslegs eignarhlutar þeirra (x) eins og kveðið er á um í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB og í samræmi við I. viðauka þeirrar tilskipunar.

Mismunurinn má ekki vera neikvæður.

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 527/2014 **2020/EES/69/05**

frá 12. mars 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina flokka gerninga sem endurspegla með fullnægjandi hætti lánshæfi stofnunar við áframhaldandi rekstrarhæfi og er viðeigandi að nota með tilliti til breytilegra launakjara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ([1]), einkum 2. mgr. 94. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Breytileg launakjör, sem veitt eru í formi gerninga, ættu að stuðla að traustri og skilvirkri áhættustýringu og ættu ekki að hvetja til áhættusækni umfram áhættuþol stofnunar. Því ættu flokkar gerninga, sem unnt er að nota með tilliti til breytilegra launakjara, að samræma hagsmuni hluthafa, lánveitenda og annarra hagsmunaaðila með því að hvetja til þess að starfsfólk starfi með langtímahagsmuni stofnunarinnar í huga og taki ekki óhóflega áhættu.

2) Til að tryggja sterka tengingu við lánshæfi stofnunar við áframhaldandi rekstrarhæfi ættu gerningar, sem notaðir eru með tilliti til breytilegra launakjara, að innihalda viðeigandi kveikjuatburði fyrir niðurfærslu eða breytingu sem dregur úr virði gerninganna við aðstæður þar sem lánshæfi stofnunarinnar við áframhaldandi rekstrarhæfi hafa minnkað. Kveikjuatburðirnir sem notaðir eru með tilliti til launakjara ættu ekki að breyta röðun gerninganna og ættu því ekki að valda því að ekki sé hægt að nota viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eða gerninga undir þætti 2 sem eiginfjárgrunnsgerninga.

3) Þótt skilyrðin sem gilda um viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og gerninga undir þætti 2 séu tilgreind í 52. og 63. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([2]), falla aðrir gerningar, sem um getur í ii.lið 1. liðar 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og hægt er að breyta að fullu í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 eða færa niður, ekki undir sértæku skilyrðin samkvæmt þeirri reglugerð, þar sem þeir eru ekki skilgreindir sem eiginfjárgrunnsgerningar með tilliti til varfærni. Því ætti að gera sértækar kröfur að því er varðar mismunandi flokka gerninga til að tryggja að þeir séu nothæfir með tillit til breytilegra launakjara, að teknu tilliti til mismunandi eðlis gerninganna. Notkun gerninga með tilliti til breytilegra launakjara ætti ein og sér ekki að hindra að gerningar geti talist hæfir sem eiginfjárgrunnur stofnunar, svo fremi að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, séu uppfyllt. Ekki ætti heldur að túlka notkunina eina og sér sem hvata til að innleysa gerninginn þar sem starfsfólk getur almennt fengið seljanlega fjármuni með öðrum hætti en með innlausn, eftir frestunar- og varðveislutímabil.

4) Aðrir gerningar eru skuldagerningar sem eru ekki í handbæru fé eða skuldatengdir gerningar sem ekki uppfylla skilyrði eiginfjárgrunns. Aðrir gerningar takmarkast ekki við fjármálagerninga, eins og þeir eru skilgreindir í 50. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, en geta einnig verið aðrir gerningar sem ekki eru í handbæru fé en gætu falist í samningum milli stofnunarinnar og starfsfólks. Til að tryggja að þessir gerningar endurspegli lánshæfi stofnunar við áframhaldandi rekstrarhæfi ættu viðeigandi kröfur að tryggja að aðstæðurnar, þegar niðurfæra skal eða breyta slíkum gerningum, séu ekki takmarkaðar við aðstæður þar sem um er að ræða endurreisn eða skilameðferð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

5) Viðskiptin, þegar gerningar sem eru notaðir með tilliti til breytilegra launakjara eru innkallaðir, innleystir, endurkeyptir eða þeim breytt, ættu að jafnaði ekki að auka virði launakjaranna sem veitt eru með því að greiða út fjárhæðir sem eru hærri en virði gerningsins, eða með því að breyta þeim í gerninga sem eru hærri að verðgildi en gerningarnir sem voru upphaflega veittir. Þetta er til að tryggja að launakjörin séu ekki greidd fyrir milligöngu gerninga eða aðferða sem stuðla að því að ákvæði 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB séu sniðgengin.

6) Viðskiptin, þegar breytileg launakjör eru veitt og þegar gerningar sem notaðir eru með tilliti til breytilegra launakjara eru innkallaðir, innleystir, endurkeyptir eða þeim er breytt, ættu að byggjast á gildum sem þegar hafa verið ákvörðuð í samræmi við gildandi reikningsskilastaðla. Því ætti að krefjast mats á gerningunum við allar þessar aðstæður til að tryggja að ekki sé vikist undan kröfunum í tilskipun 2013/36/ESB að því er varðar launakjör, einkum varðandi hlutfallið milli breytilegra og fastra þátta launakjara og samræmingu við áhættusækni.

7) Í 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru settar fram aðferðir fyrir niðurfærslu og breytingu viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1. Til viðbótar er þess krafist í ii. undirlið 1. liðar 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB að mögulegt sé að breyta öðrum gerningum að fullu í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 eða færa þá niður. Aðferðir við niðurfærslu eða breytingu annarra gerninga ættu að taka tillit til aðferðarinnar sem gildir um viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1, þar sem efnahagsleg útkoma breytingar eða niðurfærslu á öðrum gerningum er sú sama og fyrir viðbótareiginfjárgerninga þáttar1, með aðlögun til að taka til greina að aðrir gerningar eru frá varfærnissjónarmiði ekki hæfir sem eiginfjár-grunnsgerningar. Gerningar undir þætti 2 falla ekki undir kröfur samkvæmt reglum um niðurfærslu og breytingu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Tilgreina ætti allar aðstæðurnar, þar sem nauðsynlegt þykir að beita niðurfærslu eða breytingu á gerningi ef dregur úr lánshæfi stofnunarinnar, til að tryggja að virði allra slíkra gerninga sé lækkað þegar þeir eru notaðir sem breytileg launakjör. Tilgreina ætti aðferðir fyrir niðurfærslu, uppfærslu og breytingu á gerningum undir þætti 2 og öðrum gerningum til að tryggja samræmda beitingu.

8) Útgreiðsla vegna gerninga getur verið á mismunandi formi. Hún getur verið breytileg eða föst og mögulegt er að greiða hana með reglulegu millibili eða á lokagjalddaga gernings. Í samræmi við viðmiðunarreglur um launakjarastefnu og -venjur sem evrópska bankaeftirlitsnefndin gefur út ([1]), til að stuðla að traustri og skilvirkri áhættustýringu, ætti ekki að greiða út úthlutun til starfsfólks innan frestunartímabils. Starfsfólk ætti aðeins að fá greitt út fyrir tímabil sem koma eftir að það hefur áunnið sér gerninginn. Því eru aðeins gerningar, sem fela í sér reglulega útgreiðslu til eiganda gerningsins, hæfir til notkunar sem breytileg launakjör; eingreiðslubréf eða gerningar sem ekki er greitt út vegna og ættu ekki að teljast með í veigamiklum hluta launakjara sem skal vera blanda gerninganna sem um getur í l-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. Þetta er vegna þess að starfsfólk myndi hagnast á frestunartímabilinu af hækkandi virði, er mætti túlka sem jafngildi þess að fá útgreiðslu.

9) Mjög háar útgreiðslur geta dregið úr hvata til langs tíma til varfærni í áhættusækni þar sem hún myndi í raun hækka breytilegan þátt launakjaranna. Einkum ætti ekki að greiða út með lengra millibili en eins árs þar sem slíkt myndi leiða til þess að útgreiðslur myndu í raun safnast saman á frestunartímabili og yrðu greiddar út þegar breytilegu launakjörin hafa verið áunninn. Uppsöfnun útgreiðslna myndi ganga á svig við g-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB að því er varðar hlutfallið milli breytilegra og fastra launakjara og meginreglunnar í m-lið þeirrar greinar um að launakjör sem koma til greiðslu samkvæmt frestunar ávinnist ekki hraðar en hlutfallslega. Þess vegna ætti útgreiðsla, sem fram fer eftir að gerningurinn hefur áunnist, ekki að vera umfram markaðsvexti. Þetta ætti að tryggja með því að krefjast þess að gerningar, sem notaðir eru sem breytileg launakjör, eða gerningarnir sem þeir tengjast, séu aðallega gefnir út til annarra fjárfesta, eða með því að krefjast þess að slíkir gerningar séu með fyrirvara um þak á útgreiðslum.

10) Uppfylla skal kröfur um frestun og varðveislu sem gilda um veitingu breytilegra launakjara, skv. 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, á öllum viðeigandi tímum, þ.m.t. þegar gerningar sem notaðir eru með tilliti til breytilegra launakjara eru innkallaðir, innleystir, endurkeyptir eða þeim breytt. Við slíkar aðstæður ætti því að skipta gerningunum út fyrir viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1, gerninga undir þætti 2 og aðra gerninga sem endurspegla lánshæfi stofnunarinnar við áframhaldandi rekstrarhæfi, hafa eiginleika sem jafngilda eiginleikum gerningsins sem upphaflega er veittur og eru jafngildir að verðmæti, með tilliti til þeirra fjárhæða sem hafa verið niðurfærðar. Setja ætti lágmarkskröfur

([1]) Evrópska bankaeftirlitsnefndin: Viðmiðunarreglur um launakjarastefnu og -venjur frá 10. desember 2010

um eftirstæða líftíma slíkra gerninga, þegar aðrir gerningar en viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1 hafa fastan gjalddaga og eru veittir til að tryggja að þeir uppfylli kröfurnar að því er varðar frestunar- og varðveislutímabil fyrir breytileg launakjör.

11) Tilskipun 2013/36/ESB takmarkar ekki þá flokka gerninga sem má nota með tilliti til breytilegra launakjara við tiltekinn flokk fjármálagerninga. Mögulegt ætti að vera að nota tilbúna gerninga eða samninga milli starfsfólks og stofnana sem tengjast viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 og gerningum undir þætti 2 sem má breyta að fullu eða niðurfæra. Þetta greiðir fyrir að innleiða sértæk skilyrði í skilmála slíkra gerninga, sem gilda aðeins um þá sem veittir eru starfsfólki án þess að setja öðrum fjárfestum slík skilyrði.

12) Heimilt er að stýra útgáfum miðlægt innan móðurfélags þegar um samstæðu er að ræða. Stofnunum innan slíkrar samstæðu er því ekki alltaf heimilt að gefa út gerninga sem eru hæfir til notkunar í tilgangi breytilegra launakjara. Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 gerir kleift að nota viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og gerninga undir þætti 2, sem gefnir eru út innan samstæðu sem hluta af eiginfjárgrunni stofnunar, með fyrirvara um tiltekin skilyrði. Því ætti einnig að vera mögulegt að nota slíka gerninga með tilliti til breytilegra launakjara, að því tilskildu að um skýr tengsl sé að ræða milli lánshæfis stofnunarinnar sem beitir slíkum gerningum með tilliti til breytilegra launakjara og lánshæfis útgefanda gerningsins. Yfirleitt má telja að um slíka tengingu sé að ræða milli móðurfélags og dótturfélags. Aðrir gerningar en viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1 og gerningar undir þætti 2, sem stofnun gefur ekki beint út, ættu að vera hæfir til notkunar með tilliti til breytilegra launakjara, með fyrirvara um jafngild skilyrði. Gerningar sem eru tengdir viðmiðunargerningum, sem móðurfélög í þriðju löndum gefa út og jafngilda viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 eða gerningum undir þætti 2, ættu að vera hæfir í tilgangi breytilegra launakjara ef kveikjuatburðurinn vísar til stofnunarinnar sem notar slíkan tilbúinn gerning.

13) Reglugerð þessi byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

14) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur átt opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Flokkar gerninga sem endurspegla með fullnægjandi hætti lánshæfi stofnunar við áframhaldandi rekstrarhæfi og eru viðeigandi til notkunar með tilliti til breytilegra launakjara

1. Eftirfarandi flokkar gerninga uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í ii. undirlið 1. liðar 1. mgr. 94. gr. í tilskipun 2013/36/ESB:

a) flokkar viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1, ef þeir flokkar uppfylla skilyrðin sem um getur í 2. mgr. og 2. gr. og eru í samræmi við 9. mgr. 5. gr. og c-lið 13. mgr. 5. gr.,

b) flokkar gerninga undir þætti 2, ef þeir flokkar uppfylla skilyrðin sem um getur í 2. mgr. og 3. gr. og eru í samræmi við 5. gr.,

c) flokkar gerninga, sem mögulegt er að breyta að fullu í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 eða færa niður og sem eru hvorki viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1 né gerningar undir þætti 2 („aðrir gerningar“) í þeim tilvikum sem um getur í 4. gr. þegar þessir flokkar uppfylla skilyrðin sem um getur í 2. mgr. og eru í samræmi við 5. gr.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. Þeir flokkar gerninga, sem um getur í 1. mgr., skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þeir skulu hvorki vera tryggðir né með fyrirvara um ábyrgð sem færir kröfu eiganda hennar framar í forgangsröðina,

b) aðeins skal nota gerninginn, þegar ákvæðin sem gilda um hann auðvelda breytingu á honum í þeim tilgangi að veita breytileg launakjör þegar hlutfallið eða umfang breytingarinnar er ákvarðað þannig að tryggt sé að virði gerningsins, sem upphaflega gerningnum er breytt í, sé ekki hærra en virði þess gernings sem upphaflega var veittur á þeim tíma sem hann var veittur sem hluti breytilegra launakjara,

c) í ákvæðunum sem gilda um breytanlega gerninga sem eingöngu eru notaðir með tilliti til breytilegra launakjara skal tryggt að virði gerningsins, sem gerningnum sem upphaflega er veittur er breytt í, sé ekki hærra en virði þess gernings sem upphaflega er veittur á þeim tíma sem breytingin er gerð,

d) í ákvæðum sem gilda um gerninginn skal þó kveða á um að allar útgreiðslur séu greiddar út a.m.k. árlega og til eiganda gerningsins,

e) verðleggja skal gerningana samkvæmt virði þeirra á þeim tíma sem gerningurinn er veittur, í samræmi við gildandi reikningsskilastaðal. Verðmatið skal taka tillit til lánshæfis stofnunarinnar og vera með fyrirvara um óháða endurskoðun,

f) í ákvæðunum sem gilda um gerninga sem eingöngu eru notaðir með tilliti til breytilegra launakjara skal þess krafist að mat sé framkvæmt í samræmi við gildandi reikningsskilastaðla ef gerningurinn er innleystur, innkallaður, endurkeyptur eða honum breytt.

2. gr.

Skilyrði fyrir viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1

Flokkar viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) ákvæðin sem gilda um gerninginn skulu tilgreina kveikjuatburð með tilliti til n-liðar 1. mgr. 52. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) kveikjuatburðurinn, sem um getur í a-lið, á sér stað þegar fjármagnshlutfall stofnunarinnar, sem gefur út gerninginn, í almennu eigin fé þáttar 1, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, fer niður fyrir annaðhvort af eftirfarandi:

   i. 7%,

   ii. hundraðshlutfall hærra en 7%, þegar stofnunin ákvarðar það og tilgreinir í ákvæðunum sem gilda um gerninginn,

c) ein af eftirfarandi kröfum er uppfyllt:

   i. gerningarnir eru gefnir út í þeim tilgangi einum að þeir séu veittir sem breytileg launakjör og ákvæðin sem gilda um gerninginn tryggja að allar útgreiðslur séu í samræmi við markaðsvexti sambærilegra gerninga, sem gefnir eru út af stofnuninni eða stofnun sem er sambærileg að því er varðar eðli, umfang, hversu flókin hún er eða lánshæfi og sem er í öllum tilvikum, á þeim tíma sem launagreiðslur fara fram, ekki meira en 8% yfir ársmeðaltali prósentubreytingar Sambandsins, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) birtir í samræmdri vísitölu neysluverðs, sem birt er skv. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 ([1]). Stofnunum er heimilt að beita sambærilegri neysluverðsvísitölu, sem reiknuð er óháð og gildir um viðkomandi þriðja land, þegar gerningarnir eru veittir starfsfólki sem stundar meginhluta atvinnustarfsemi sinnar utan Sambandsins og þeir eru tilgreindir í gjaldmiðli sem þriðja land gefur út;

   ii. á þeim tíma sem gerningurinn er veittur sem breytileg launakjör voru a.m.k. 60% af útgefnu gerningunum gefnir út í öðrum tilgangi en til að veita þá sem breytileg launakjör og voru hvorki í eigu eftirfarandi né félags sem er nátengt eftirfarandi:

      — stofnun eða dótturfélögum hennar

      — móðurfélagi stofnunar eða dótturfélögum hennar,

([1]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjtíð. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1).

— móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða dótturfélögum þess,

— blönduðu eignarhaldsfélagi eða dótturfélögum þess

— blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi og dótturfélögum þess.

3. gr.

Skilyrði fyrir flokka gerninga undir þætti 2

Flokkar gerninga undir þætti 2 skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) á þeim tíma sem gerningarnir eru veittir sem breytileg launakjör skal eftirstöðvatími fram að gjalddaga gerningsins vera jafn eða lengri en samtala frestunartímabilanna og varðveislutímabilanna sem gilda um breytileg launakjör, að því er varðar veitingu þessara gerninga,

b) í ákvæðunum sem gilda um gerninginn sé kveðið á um að færa skuli niður höfuðstól gerningsins, varanlega eða tímabundið, þegar kveikjuatburður á sér stað eða breyta gerningnum í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,

c) kveikjuatburðurinn, sem um getur í b-lið, á sér stað þegar fjármagnshlutfall stofnunarinnar, sem gefur út gerninginn, í almennu eigin fé þáttar 1, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, fer niður fyrir annaðhvort af eftirfarandi:

   i. 7%,

   ii. hundraðshlutfall hærra en 7%, þegar stofnunin ákvarðar það og tilgreinir í ákvæðunum sem gilda um gerninginn,

d) ein af kröfunum í c-lið 2. gr. er uppfyllt.

4. gr.

Skilyrði fyrir flokka annarra gerninga

1. Samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 1. gr. uppfylla aðrir gerningar skilyrðin sem mælt er fyrir um í l-lið ii. liðar í 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/EB í sérhverju eftirfarandi tilvika:

a) aðrir gerningar uppfylla skilyrðin sem um getur í 2. mgr.,

b) aðrir gerningar eru tengdir viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 eða gerningum undir þætti 2 og uppfylla skilyrðin sem um getur í 3. mgr.,

c) aðrir gerningar eru tengdir gerningi sem myndi vera viðbótareiginfjárgerningur þáttar 1 eða gerningur undir þætti 2 nema vegna þess að hann er gefinn út af móðurfélagi stofnunar sem fellur utan samstæðu skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og aðrir gerningar uppfylla skilyrðin í 4. mgr.

2. Skilyrðin sem um getur í a-lið 1. mgr. eru eftirfarandi:

a) gefa skal aðra gerninga út beint eða fyrir milligöngu einingar sem er innan samstæðunnar skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því tilskildu að vænta megi þess að breyting á lánshæfi útgefanda gerningsins valdi sambærilegri breytingu á útlánagæðum stofnunarinnar sem notar aðra gerninga með tilliti til breytilegra launakjara,

b) í ákvæðunum sem gilda um aðra gerninga er eigandanum ekki veittur réttur til að flýta áætlaðri útgreiðslu eða greiðslu á höfuðstól nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar,

c) eftirstöðvatími fyrir gjalddaga annarra gerninga skal, á tímanum þegar aðrir gerningar eru veittir sem breytileg launakjör, vera jafn eða lengri en samtala frestunartímabilanna og varðveislutímabilanna sem gilda um veitingu þessara gerninga,

d) í ákvæðunum sem gilda um gerninginn er kveðið á um að færa skuli niður höfuðstól gerningsins, varanlega eða tímabundið, þegar kveikjuatburður á sér stað eða breyta honum í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,

e) kveikjuatburðurinn, sem um getur í d-lið, á sér stað þegar fjármagnshlutfall stofnunarinnar, sem gefur út gerninginn, í almennu eigin fé þáttar 1, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, fer niður fyrir annaðhvort af eftirfarandi:

i. 7%,

ii. hundraðshlutfall hærra en 7%, þegar stofnunin ákvarðar það og tilgreinir í ákvæðunum sem gilda um gerninginn,

f) ein af kröfunum í c-lið 2. gr. er uppfyllt.

3. Skilyrðin sem um getur í b-lið 1. mgr. eru eftirfarandi:

a) aðrir gerningar uppfylli skilyrðin í a- til e-lið 2. mgr.,

b) aðrir gerningar eru tengdir viðbótareiginfé þáttar 1 eða gerningi undir þætti 2 fyrir milligöngu einingar sem er innan samstæðu skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 („viðmiðunargerningurinn“),

c) viðmiðunargerningurinn uppfyllir skilyrðin í c- og f-lið 2. mgr. á þeim tíma sem gerningurinn er veittur sem breytileg launakjör,

d) virði annars gernings er tengt viðmiðunargerningnum með þeim hætti að hann er aldrei meira virði en viðmiðunargerningurinn,

e) virði útgreiðslu sem greidd er eftir ávinnslu annars gernings er tengt viðmiðunargerningnum með þeim hætti að útgreiðslan er aldrei meira virði en útgreiðsla greidd í samræmi við viðmiðunargerninginn,

f) ákvæðin sem gilda um aðra gerninga kveða á um að þegar viðmiðunargerningurinn er innkallaður, honum breytt, endurkeyptur eða innleystur innan frestunar- eða varðveislutímabilsins skuli hann þegar vera tengdur jafngildum viðmiðunargerningi sem uppfyllir skilyrðin í þessari grein þannig að heildarvirði annarra gerninga aukist ekki.

4. Skilyrðin sem um getur í c-lið 1. mgr. eru eftirfarandi:

a) lögbæru yfirvöldin hafa, með tilliti til 127. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, ákvarðað að stofnunin sem gefur út gerninginn sem annar gerningur tengist falli undir samstæðueftirlit eftirlitsyfirvalds þriðja lands sem er jafngilt því sem fellur undir meginreglurnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun og kröfurnar í 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) aðrir gerningar uppfylla skilyrðin sem um getur í a-lið og c- til f-lið 3. mgr.

5. gr.

Niðurfærslu-, uppfærslu- og breytingarferli

1. Ákvæðin sem gilda að því er varðar b-lið 3. mgr. og d-lið 2. mgr. 4. gr. um gerninga undir þætti 2 og aðra gerninga skulu vera í samræmi við ferlana og tímasetningarnar sem mælt er fyrir um í 2. −14. gr. við útreikning á fjármagnshlutfalli almenns eigin fjár þáttar 1 og fjárhæðir sem færa skal niður, uppfæra eða breyta. Ákvæðin sem gilda um viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 skulu vera í samræmi við ferlana sem mælt er fyrir um í 9. gr. og c-lið 13. gr. að því er varðar fjárhæðir sem færa skal niður, uppfæra eða breyta.

2. Ákvæðin, sem gilda um gerninga undir þætti 2 og aðra gerninga og krefjast þess að gerningunum sé breytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 þegar kveikjuatburður á sér stað, skulu tilgreina annaðhvort af eftirfarandi:

a) hlutfall viðkomandi breytingar og takmörk á fjárhæðinni sem heimilt er að breyta,

b) innan hvaða gildissviðs gerningunum verði breytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1.

3. Niðurfærslan skal, þegar ákvæðin sem gilda um gerningana kveða á um að höfuðstóll þeirra verði færður niður ef um er að ræða kveikjuatburð, lækka eftirfarandi varanlega eða tímabundið:

a) kröfu eiganda gerningsins við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar,

b) fjárhæðina sem greidd er við innköllun eða innlausn gerningsins,

c) útgreiðslurnar vegna gerningsins.

4. Útgreiðslur sem koma til greiðslu eftir niðurfærslu skulu vera á grundvelli lækkaðrar fjárhæðar höfuðstóls.

5. Niðurfærsla eða breyting á gerningum skal, samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð, mynda liði sem eru hæfir undir almennu eigin fé þáttar 1.

6. Þess skal krafist, þegar stofnunin hefur ákvarðað að hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 hafi lækkað niður fyrir mörkin sem hrinda af stað breytingu eða niðurfærslu á gerningnum, að stjórnin eða annar viðkomandi aðili stofnunarinnar ákvarði án tafar að kveikjuatburður hafi átt sér stað og að um óafturkræfa skyldu sé að ræða að færa niður eða breyta gerningnum.

7. Heildarfjárhæð gerninganna, sem krafist er að færð verði niður eða verði breytt þegar um kveikjuatburð er að ræða, skal ekki vera lægri en hið lægra af eftirfarandi:

a) fjárhæðin sem krafist er til að koma hlutfalli fjármagns stofnunarinnar, að því er varðar almennt eigið fé þáttar 1, aftur í hlutfallið sem ákvarðað er sem hlutfallið sem hrindir af stað kveikjuatburði í ákvæðunum sem gilda um gerninginn,

b) allur höfuðstóll gerningsins.

8. Þess skal krafist, þegar kveikjuatburður á sér stað, að stofnanir geri eftirfarandi:

a) upplýsi starfsfólk sem hefur fengið gerningana sem breytileg launakjör og aðilana sem eiga slíka gerninga áfram,

b) færi niður höfuðstól gerninganna, eða breyti þeim í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 eins fljótt og mögulegt er og innan tímabils sem er að hámarki einn mánuður, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein.

9. Færa skal, þegar viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1, gerningar undir þætti 2 og aðrir gerningar innihalda nákvæmlega eins kveikjuatburð, niður eða breyta hlutfallslega höfuðstól allra eigenda slíkra gerninga sem notaðir eru með tilliti til breytilegra launakjara.

10. Fjárhæð gerningsins, sem fyrirhugað er að færa niður eða umbreyta, skal vera með fyrirvara um óháða könnun. Ljúka skal þeirri könnun eins fljótt og mögulegt er og skal ekki skapa hindranir fyrir stofnunina við niðurfærslu eða breytingu á gerningnum.

11. Þess skal krafist að stofnun sem gefur út gerninga sem breytt er í almennt eigið fé þáttar 1 þegar um kveikjuatburð er að ræða sjái til þess að leyfilegt hlutafé hennar sé ávallt nægilegt til að breyta öllum slíkum breytanlegum gerningum í hlutabréf ef kveikjuatburður á sér stað. Þess skal krafist að stofnunin hafi ávallt nauðsynlegt fyrirframleyfi til að gefa út almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem slíkum gerningum yrði breytt í ef um kveikjuatburð er að ræða.

12. Þess skal krafist að stofnun, sem gefur út gerninga sem breytt er í almennt eigið fé þáttar 1 þegar um kveikjuatburð er að ræða, sjái til þess, með stofnsamþykkt sinni, samþykktum eða samningsbundnu fyrirkomulagi, að engar hindranir séu á málsmeðferð við þá breytingu.

13. Uppfylla skal öll eftirfarandi skilyrði til að niðurfærsla gernings geti talist tímabundin:

a) uppfærslur skulu vera á grundvelli hagnaðar eftir að útgefandi gerningsins hefur tekið formlega ákvörðun sem staðfestir lokahagnaðinn,

b) allar uppfærslur á gerningum eða greiðslum á arðmiðum af lækkaðri fjárhæð höfuðstóls skulu fara fram með fullu samþykki stofnunarinnar sem fellur undir takmarkanir samkvæmt c-, d- eða e-lið og skal henni ekki skylt að framkvæma eða hraða uppfærslu við tilteknar aðstæður,

c) framkvæma skal uppfærslu hlutfallslega á viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1, gerninga undir þætti 2 og aðra gerninga sem notaðir eru með tilliti til breytilegra launakjara og hafa verið færðir niður,

d) hámarksfjárhæðin, sem má úthluta samtölu uppfærslu á gerningum undir þætti 2 og öðrum gerningum ásamt greiðslu á arðmiðum vegna lækkaðrar fjárhæðar höfuðstóls, skal vera jöfn hagnaði stofnunarinnar, margfölduðum með þeirri fjárhæð sem fæst við deilingu fjárhæðarinnar sem ákvörðuð er í i-lið með fjárhæðinni sem ákvörðuð er í ii. lið:

   i. samtala nafnverðs allra gerninga undir þætti 2 og annarra gerninga stofnunarinnar fyrir niðurfærslu sem hafa verið færðar niður,

   ii. samtala eiginfjárgrunns og nafnverðs annarra gerninga sem notaðir eru með tilliti til breytilegra launakjara stofnunarinnar,

e) meðhöndla skal samtölu allrar uppfærslu og greiðslna á arðmiðum af lækkaðri fjárhæð höfuðstóls sem greiðslu sem leiðir til lækkunar á almennu eigin fé þáttar 1 og skal hún, ásamt öðrum útgreiðslum vegna almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, falla undir takmarkanirnar í tengslum við hámarksfjárhæð úthlutunar eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 141. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

14. Framkvæma skal útreikninginn, að því er varðar d-lið 13. mgr., á þeirri stundu sem uppfærslan fer fram.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 604/2014 **2020/EES/69/06**

frá 4. mars 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla að því er tekur til eigindlegra og viðeigandi megindlegra viðmiðana til að skilgreina flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ([1]), einkum 2. mgr. 94. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2013/36/ESB, einkum 74. gr., er þess krafist að stofnanir hafi traust stjórnskipulag og skilvirk vinnsluferli til að greina, stýra, fylgjast með og tilkynna um hvers konar áhættu sem þær eru, eða kunna að vera, óvarðar fyrir. Skipulagið og ferlin ættu að vera ítarleg og í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar sem fylgir viðskiptalíkani og starfsemi stofnunarinnar. Meðal annars verður að taka tillit til hvers konar sértækrar áhættu sem tilgreind er í 79.–87. gr. í þeirri tilskipun. Skipulagið og ferlin eru metin af lögbærum yfirvöldum sem hluti af eftirliti og matsferli skv. 97. gr. þeirrar tilskipunar. Öll áhætta sem er greind er metin af stofnununum innan ramma innra matsferlis fyrir eiginfjárþörf skv. 73. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Sá rammi fyrir varfærniseftirlit sem komið er á með tilskipun 2013/36/ESB krefst þess að allar stofnanir skilgreini allt starfsfólk sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar. Viðmiðanirnar sem notaðar eru til að meta mikilvægi áhrifa af störfum starfsfólksins á áhættusnið ættu að taka tillit til mögulegra áhrifa starfsfólks á áhættusnið stofnunarinnar, byggt á heimildum og ábyrgð þeirra og áhættu stofnunarinnar og árangursvísbendum. Taka ætti tillit til innra skipulags stofnunarinnar og þess hvers eðlis starfsemi hennar er, umfangs hennar og hversu margþætt hún er. Viðmiðanirnar ættu að endurspegla til fulls hvers konar áhættu sem stofnun eða samstæða er óvarin fyrir eða kann að vera óvarin fyrir. Þetta ætti einnig að gera stofnunum kleift að kveða á um viðeigandi hvata innan launakjarastefnunnar til að tryggja varfærna hegðun starfsfólks og ætti að tryggja að skilgreining á því starfsfólki, sem hefur með störfum sínum veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar, endurspegli umfang áhættu í mismunandi starfsemi innan stofnunarinnar.

3) Árið 2012 birti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin niðurstöður könnunar um landsbundna framkvæmd og beitingu í reynd á viðmiðunarreglunum, sem evrópska bankaeftirlitsnefndin gaf út um launakjarastefnu og -venjur (viðmiðunarreglur evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar), sem hafa að geyma almennar viðmiðanir við mat á mikilvægi áhrifa starfsfólks á áhættusnið stofnunarinnar. Könnunin leiddi í ljós að framkvæmd stofnana og lögbærra yfirvalda á ákvæðum um launakjör í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB ([2]) hafa ekki stuðlað að nægilega mikilli samhæfingu. Launakjaravenjur voru enn of ólíkar, einkum taka viðmiðanirnar sem notaðar voru til að skilgreina starfsfólk ekki nægilegt mið af áhrifum starfa starfsfólks á áhættusnið stofnunarinnar. Verulegs ósamræmis gætir áfram í þeim aðferðum sem mismunandi stofnanir og aðildarríki nota til að skilgreina þessa starfsmenn. Þessir tæknilegu eftirlitsstaðlar ættu því að byggjast á reynslunni sem fengist hefur af beitingu tilskipunar 2006/48/EB og viðmiðunarreglum evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar um launakjarastefnu og -venjur og miða að því að ná fram

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 6.6.2014, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1).

aukinni samræmingu. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin mun gefa út viðmiðunarreglur um traustar launakjarastefnur sem eru í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í tilskipun 2013/36/ESB, skv. 2. mgr. 75. gr. þeirrar tilskipunar.

4) Koma ætti á skýrum eigindlegum og viðeigandi megindlegum viðmiðunum til að skilgreina meginflokka starfsfólks sem hefur með störfum sínum veruleg áhrif á áhættusnið stofnana til að tryggja samræmda nálgun hvarvetna í Sambandinu og finna sameiginlega skilgreiningu á þeirri áhættu sem mestu skiptir. Í samræmi við 2. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, ættu allir skilgreindir flokkar starfsfólks út frá þessum viðmiðunum að vera starfsfólk sem hefur með störfum sínum veruleg áhrif á áhættusnið stofnunar. Stofnanir ættu einnig að taka tillit til niðurstaðna eigin áhættumats samkvæmt innri verklagsreglum sínum. Lögbær yfirvöld ættu að tryggja ítarlega skilgreiningu á öllu starfsfólki sem hefur með störfum sínum veruleg áhrif á áhættusnið stofnana.

5) Stjórnarmenn bera endanlega ábyrgð á stofnuninni, stefnu hennar og starfsemi og geta því alltaf haft veruleg áhrif á áhættusnið hennar. Þetta á bæði við þá stjórnarmenn sem taka ákvarðanir í stjórnunarstarfi og þá sem hafa yfirsýn yfir ferli ákvörðunartöku og gera athugasemdir við þær ákvarðanir sem eru teknar í eftirlitshlutverki.

6) Framkvæmdastjórn og yfirmenn, sem bera ábyrgð á mikilvægum rekstrareiningum, stjórnun flokka sértækrar áhættu á borð við lausafjárstöðu, rekstraráhættu eða vaxtaáhættu sem og á stjórnunarhlutverki innan stofnunar, eru ábyrgir fyrir daglegri stjórnun á rekstrinum, áhættu eða eftirlitshlutverki. Þetta felur í sér ábyrgð á töku stefnumarkandi ákvarðana eða annarra grundvallarákvarðana vegna atvinnustarfsemi eða stjórnunarramma sem er notaður. Áhætta í rekstri og hvernig henni er stjórnað eru mikilvægustu þættirnir sem tengjast áhættusniði stofnunarinnar.

7) Fyrir utan starfssvið sem eiga að koma á frekari viðskiptastarfsemi gera starfssvið, sem eiga að veita innri stuðning og sem skipta sköpum fyrir rekstur starfseminnar auk þess að hafa heimild til að taka ákvarðanir á þeim sviðum, stofnunina berskjaldaða fyrir verulegri rekstraráhættu og annarri áhættu. Því geta störf starfsmanna á slíkum starfssviðum einnig haft veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar.

8) Alla jafnan er útlánaáhætta og markaðsáhætta tekin til að stuðla að auknum viðskiptum, því er hægt að meta áhrifin á áhættusniðið af starfseminni þar sem þessi áhætta er tekin með því að nota viðmiðanir sem byggjast á heimildartakmörkunum, sem reiknast a.m.k. ár hvert á grunni eigin fjár og aðferða sem notaðar eru í eftirlitsskyni, en beita lágmarksviðmiðunarmörkum fyrir útlánaáhættu til að tryggja hóflega beitingu á viðmiðunum vegna lítilla stofnana.

9) Viðmiðanir til að skilgreina starfsfólk sem með störfum sínum hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnana ættu að taka mið af þeirri staðreynd að hægt er að víkja frá kröfunum sem tengjast veltubók fyrir sumar stofnanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]) og að takmarkanirnar eru settar á ólíka vegu á milli stofnana með því að nota mismunandi aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum.

10) Að teknu tilliti til þess að starfsfólk sem hefur hafið ákvörðunartökuferlið hefur oft áhrif á niðurstöður ákvarðana, á meðan formlegt vald til ákvarðanatöku er hjá háttsettara starfsfólki eða nefndum, ættu viðmiðanirnar að taka tillit til mikilvægra þátta í slíku ákvarðanatökuferli.

11) Starfsfólk í stjórnunarstöðum ber ábyrgð á störfum á því sviði sem undir það heyrir. Því ætti að setja viðeigandi viðmiðanir sem tryggja að starfsfólk sem hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnana sé skilgreint ef það ber ábyrgð á hópi starfsfólks sem við störf sín gæti haft veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar. Þetta felur í sér aðstæður þar sem störf einstakra starfsmanna undir þeirra stjórn geta ekki hvert og eitt haft veruleg áhrif á áhættusnið stofnana en störf þeirra gætu í heildina haft slík áhrif.

12) Til viðbótar við eigindlegar viðmiðanir ætti að kveða á um viðeigandi megindlegar viðmiðanir til að skilgreina flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar. Þau heildarlaunakjör, sem eru veitt eru einkum með hliðsjón af framlagi starfsfólks til að ná viðskiptamarkmiðum stofnunarinnar, og varða þannig ábyrgð, skyldur, getu og færni starfsfólksins og árangur þess og stofnunarinnar. Þegar heildarlaunakjör starfsmanns fara yfir viðeigandi mörk er rétt að ganga út frá því að þau miðist við framlag hans við að ná viðskiptamarkmiðum stofnunar

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

innar og áhrifin af störfum hans á áhættusnið stofnunarinnar. Því er við hæfi að byggja þessar megindlegu viðmiðanir á heildarlaunakjörum starfsmannsins, bæði tölulega og hlutfallslega í samanburði við aðra starfsmenn hjá sömu stofnun. Við beitingu á þessum megindlegu viðmiðunum ætti að taka tillit til þeirrar staðreyndar, eftir því sem við á, að þrep greiðslna eru mismunandi eftir lögsögum. Setja ætti skýr og viðeigandi viðmiðunarmörk til að skilgreina það starfsfólk sem með störfum sínum hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnana, að teknu tilliti til þeirra gagna sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld hafa tekið saman. Þessar megindlegu viðmiðanir veita sterka vísbendingu um að starfsfólk hafi veruleg áhrif á áhættusnið stofnana. Slíkar forsendur, sem byggjast á megindlegum viðmiðunum, ættu þó ekki að gilda þegar stofnanir komast að því, á grundvelli hlutlægra viðbótarskilyrða, að starfsfólk hafi í raun ekki veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar, með tilliti til allrar þeirrar áhættu sem stofnunin er eða kann að vera óvarin fyrir. Undanþága vegna hæst launaða starfsfólksins sem skilgreint er samkvæmt þessum viðmiðunum ætti að vera með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds til að tryggja skilvirka og samræmda beitingu þessara viðmiðana. Lögbær yfirvöld ættu að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um starfsfólk sem fær meira en 1 000 000 evrur (hátt launað starfsfólk) áður en undanþágur eru samþykktar til að tryggja samræmda beitingu þessara viðmiðana, einkum í slíkum undantekningartilvikum. Skilgreiningarferlið, þ.m.t. umsókn um undanþágur, ætti engu að síður alltaf að vera með fyrirvara um eftirlitsúttekt í samræmi við 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

13) Ef starfsmenn njóta sambærilegra kjara og þeir sem eru í framkvæmdastjórn eða taka áhættu getur það einnig verið vísbending um að störf þeirra hafi veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar. Þegar launakjör eru ákveðin ætti ekki að taka tillit til launagreiðslna starfsfólks í eftirlitshlutverki, stoðhlutverki og til stjórnarmanna sem eru í eftirlitshlutverki. Við beitingu á þessum viðmiðunum ætti einnig að taka tillit til þeirrar staðreyndar að þrep greiðslna er mismunandi eftir lögsögum. Stofnanir ættu að hafa heimild til að sýna fram á að starfsfólk sem fellur undir þann flokk launakjara, en uppfylla ekki eigindlegar eða megindlegar viðmiðanir, hafi ekki veruleg áhrif á áhættusnið stofnana, með tilliti til allrar þeirrar áhættu sem stofnunin er eða kann að vera óvarin fyrir. Undanþága vegna starfsfólks sem nýtur mjög góðra heildarlaunakjara miðað við þessa viðmiðun ætti að vera með fyrirvara um málsmeðferð um tilkynningar til að eftirlitsúttekt sé gerð tímanlega til að tryggja samræmda beitingu þessarar viðmiðunar.

14) Lögbær yfirvöld ættu að sjá til þess að stofnanir haldi skrá yfir það mat sem er framkvæmt og það starfsfólk sem hefur verið skilgreint þannig að störf þess hafi veruleg áhrif á áhættusnið stofnana til að gera lögbæru yfirvaldi og endurskoðendum kleift að endurskoða matið. Gögnin ættu einnig að ná yfir það starfsfólk sem fellur undir viðmiðanir út frá launakjörum þeirra, en sem er metið þannig að störf þeirra hafi ekki veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar.

15) Reglugerð þessi byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

16) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari reglugerð er komið á tæknilegum eftirlitsstöðlum að því er tekur til eigindlegra og viðeigandi megindlegra viðmiðana til að skilgreina flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnana, eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, á vettvangi samstæðu, móðurfélags og dótturfélags, þ.m.t. þau sem stofnuð eru í aflandsfjármálamiðstöðvum.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. gr.

Beiting viðmiðana

Með fyrirvara um þá skyldu sem hvílir á lögbæru yfirvaldi að tryggja að stofnanir fylgi þeim meginreglum sem settar eru fram í 92., 93. og 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB fyrir alla flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnana skv. 2. mgr. 92. gr. þeirrar tilskipunar, skal skilgreina það starfsfólk, sem uppfyllir eina eða fleiri af þeim eigindlegu viðmiðunum, sem settar eru fram í 3. gr. þessarar reglugerðar eða eina eða fleiri af þeim megindlegu viðmiðunum sem settar eru fram í 4. gr. þessarar reglugerðar, sem starfsfólk sem hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunar.

3. gr.

Eigindlegar viðmiðanir

Starfsfólk telst hafa veruleg áhrif á áhættusnið stofnana þegar ein eða fleiri af eftirfarandi eigindlegu viðmiðunum eru uppfylltar:

1) starfsmaðurinn er aðili að stjórn sem er í stjórnunarhlutverki,

2) starfsmaðurinn er aðili að stjórn sem er í eftirlitshlutverki,

3) starfsmaðurinn er aðili í framkvæmdastjórn,

4) starfsmaðurinn er ábyrgur gagnvart stjórn og svarar fyrir starfsemi vegna sjálfstæðrar áhættustýringarstarfsemi, regluvörslu eða deild innri endurskoðunar,

5) starfsmaðurinn ber heildarábyrgð á áhættustýringu innan rekstrareiningar eins og skilgreint er í 3. lið 1. mgr. 142. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem hefur innra eigið fé sem dreift er innan hennar í samræmi við 73. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, sem er a.m.k. 2% af innra eigin fé stofnunarinnar („mikilvæg rekstrareining“),

6) starfsmaðurinn er yfirmaður mikilvægrar rekstrareiningar,

7) starfsmaðurinn ber stjórnunarábyrgð á einu af þeim starfssviðum sem um getur í 4. lið eða í mikilvægri rekstrareiningu og heyrir beint undir starfsmann sem tilgreindur er í 4. eða 5. lið,

8) starfsmaðurinn ber stjórnunarábyrgð í mikilvægri rekstrareiningu og heyrir beint undir starfsmanninn sem er yfirmaður þeirrar einingar,

9) starfsmaðurinn er yfirmaður á starfssviði sem er ábyrgt fyrir lagalegum málefnum, fjármálum, þ.m.t. skattlagningu og fjárhagsáætlun, mannauði, launakjarastefnu, upplýsingatækni eða efnahagslegri greiningu,

10) starfsmaðurinn er ábyrgur fyrir, eða aðili að, nefnd sem er ábyrg fyrir stjórnun áhættuflokks sem kveðið er á um í 79.–87. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, öðrum en útlánaáhættu og markaðsáhættu,

11) að því er varðar útlánaáhættuskuldbindingar með nafnvirði á hver viðskipti sem nemur 0,5% af almennu eigin fé þáttar 1 og sem eru a.m.k. fimm milljónir evra skal starfsmaðurinn:

    a) bera ábyrgð á því að taka saman tillögur um útlán, eða móta útlánaafurðir, sem geta falið í sér slíka útlánaáhættu, eða

    b) hafa heimild til að taka, samþykkja eða beita neitunarvaldi vegna ákvörðunar um slíka útlánaáhættu, eða

    c) vera aðili að nefnd sem hefur heimild til að taka ákvarðanir sem um getur í a- eða b-lið,

12) í tengslum við stofnanir þar sem undanþága fyrir lítið umfang veltubókarviðskipta, sem um getur í 94. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gildir ekki, skal starfsmaðurinn:

a) hafa heimild til að taka, samþykkja eða beita neitunarvaldi vegna ákvarðana um veltubók sem samanlagt uppfylla skilyrði fyrir eitt af eftirfarandi viðmiðunarmörkum:

i. ef staðalaðferð er notuð, krafa vegna eiginfjárgrunns fyrir markaðsáhættu, sem nemur 0,5% eða meira af almennu eigin fé þáttar 1 stofnunar, eða

ii. ef fengist hefur samþykki fyrir eiginlíkansaðferðinni í eftirlitsskyni, 5% eða meira af innri vágildismörkum stofnunar fyrir markaðsáhættu, sem tengd er veltubók, miðað við 99% einhliða öryggisbil, eða

b) vera aðili að nefnd sem hefur heimild til að taka ákvarðanir sem settar eru fram í a-lið,

13) starfsmaðurinn ber stjórnunarábyrgð á hópi starfsmanna sem hver og einn hefur heimildir til að skuldbinda stofnunina vegna viðskipta og eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) summa heimildanna er jafnhá eða hærri en viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 11. lið (a), 11. lið (b) eða 12. lið (a)(i),

b) ef fengist hefur samþykki fyrir eiginlíkansaðferðinni í eftirlitsskyni eru þær heimildir 5% eða meira af innri vágildismörkum stofnunar fyrir markaðsáhættu, sem tengd er veltubók, miðað við 99% einhliða öryggisbil. Ef stofnunin hefur ekki reiknað út vágildi á þrepi þess starfsmanns skal bæta við vágildismörkum starfsfólksins undir stjórn þessa starfsmanns,

14) með tilliti til ákvarðana um að samþykkja eða beita neitunarvaldi á nýjar afurðir skal starfsmaðurinn:

a) hafa heimild til að taka slíkar ákvarðanir, eða

b) vera aðili að nefnd sem hefur heimild til að taka slíkar ákvarðanir,

15) starfsmaðurinn ber stjórnunarábyrgð á starfsmanni sem uppfyllir eitt af skilyrðunum sem sett eru fram í 1.–14. lið.

4. gr.

Megindlegar viðmiðanir

1. Með fyrirvara um 2.–5. mgr. skal starfsfólk teljast hafa veruleg áhrif á áhættusnið stofnana þegar ein eða fleiri af eftirfarandi megindlegu viðmiðunum eru uppfylltar:

a) starfsmanninum hefur verið veitt heildarlaunakjör sem eru 500 000 evrur eða meira á næstliðnu fjárhagsári,

b) starfsmaðurinn er innan við 0,3% af fjölda starfsmanna, námundað upp að næstu heilu tölu, sem hafa fengið hæstu heildarlaunakjör á næstliðnu fjárhagsári,

c) starfsmanninum var á næstliðnu reikningsári veitt heildarlaunakjör sem eru jafnhá eða hærri en lægstu heildarlaunakjörin sem veitt voru á því fjárhagsári til aðila í framkvæmdastjórn eða uppfylla einhverjar af viðmiðununum í 1., 3., 5., 6., 8., 11., 12., 13. eða 14. lið 3. gr.

2. Viðmiðanirnar, sem settar eru fram í 1. mgr., skulu ekki teljast uppfylltar þegar stofnunin ákvarðar að störf starfsmanns hafi ekki veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar af því að starfsmaðurinn eða sá flokkur starfsmanna sem starfsmaðurinn tilheyrir:

a) annast aðeins störf og hefur heimildir í rekstrareiningu sem er ekki mikilvæg rekstrareining eða

b) hefur ekki veruleg áhrif á áhættusnið mikilvægrar rekstrareiningar með þeim störfum sem hann hefur með hendi.

3. Skilyrðin, sem sett eru fram í b-lið 2. mgr., skulu metin á grundvelli hlutlægra viðmiðana með tilliti til þeirrar áhættu, sem máli skiptir, og árangursvísbenda, sem notaðir eru af stofnuninni til að greina, stýra og fylgjast með áhættu í samræmi við 74. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, og byggt á þeim skyldum og heimildum sem starfsmaður eða flokkur starfsmanna hefur og áhrifum þeirra á áhættusnið stofnunar, í samanburði við þau áhrif sem störf starfsmanna hafa og tilgreind eru í viðmiðunum sem sett eru fram í 3. gr. þessarar reglugerðar.

4. Stofnun skal tilkynna því lögbæra yfirvaldi, sem ábyrgt er fyrir varfærniseftirliti, um beitingu á 2. mgr., í tengslum við viðmiðanirnar í a-lið 1. mgr. Í tilkynningunni skal koma fram hvort stofnunin hefur ákvarðað að viðkomandi starfsmaður, eða sá flokkur starfsmanna sem starfsmaðurinn tilheyrir, uppfyllir eitt af skilyrðunum sem sett eru fram í 2. mgr. og skal, ef við á, láta matið sem framkvæmt er af stofnuninni skv. 3. mgr. fylgja með.

5. Beiting stofnunar á 2. mgr. að því er varðar starfsmann sem var veitt heildarlaunakjör sem var 750 000 evrur eða meira á næstliðnu fjárhagsári, eða í tengslum við viðmiðin í b-lið 1. mgr., skal vera háð fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds sem ábyrgt er fyrir varfærniseftirliti með þeirri stofnun.

Lögbært yfirvald skal einungis gefa fyrirframsamþykki ef stofnunin getur sýnt fram á að eitt af skilyrðunum sem sett eru fram í 2. mgr. er uppfyllt, með tilliti til, að því er varðar skilyrðið í b-lið 2. mgr., matsviðmiðunum sem sett eru fram í 3. mgr.

Þegar starfsmanni hafa verið veitt heildarlaunakjör sem nema 1 000 000 evra eða meira á næstliðnu fjárhagsári skal lögbært yfirvald einungis gefa fyrirframsamþykki í undantekningartilvikum. Til að tryggja samræmda beitingu á þessari grein skal lögbært yfirvald upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina áður en það gefur samþykki sitt að því er varðar slíkan starfsmann.

5. gr.

Útreikningur á launakjörum sem veitt eru

1. Að því er þessa reglugerð varðar skulu launakjör, sem hafa verið veitt en ekki enn verið greidd, metin á dagsetningu veitingar, án tillits til beitingar afvöxtunarstuðulsins sem um getur í iii. lið g-liðar 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB eða lækkunar á útgreiðslu, hvort sem er með endurgreiðslu- eða frádráttarfyrirkomulagi, eða á annan hátt. Allar fjárhæðir skulu reiknaðar út sem vergar og á grundvelli jafngildis ársverka.

2. Að því er varðar beitingu b- og c-liða 1. mgr. 4. gr. má meta veitt launakjör sér fyrir hvert aðildarríki og þriðja land þar sem stofnunin hefur starfsstöð og starfsfólkið skal skilgreint í því landi þar sem starfsemi þeirra fer fram að stærstum hluta.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1152/2014 **2020/EES/69/07**

frá 4. júní 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að tilgreina landfræðilega staðsetningu viðkomandi lánaáhættu til að reikna út hlutfall sveiflujöfnunarauka er varðar tilteknar stofnanir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum ([1]), einkum þriðju undirgrein 7. mgr. 140. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Greina þarf, vegna útreiknings á hlutfall sveiflujöfnunarauka er varðar tilteknar stofnanir, landfræðilega staðsetningu á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir allar lánaáhættur tiltekinnar stofnunar, þ.m.t. áhættuskuldbindingar í veltubók og allar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar.

2) Ákvarða ætti landfræðilega staðsetningu á grundvelli þess staðar þar sem áhættan af áhættuskuldbindingunum er. Það mun tryggja að uppsöfnun á frekari varasjóðum með því að koma á sveiflujöfnunarauka verði úthlutað til þess fjármálakerfis sem er með of háan útlánavöxt.

3) Almennt ætti að nota búsetustað loforðsgjafans eða skuldarans til að ákvarða landfræðilega staðsetningu allrar lánaáhættu þar eð þetta er talið endurspegla best þann stað þar sem áhættan er staðsett og sem er þess vegna mikilvægur fyrir fjármálakerfið. Landfræðileg staðsetning lánaáhættu, tilgreind sem sértæk lánaáhættuskuldbinding skv. 8. mgr. 147. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([2]), ætti þó að byggjast á staðsetningu eignanna sem skapa tekjurnar sem eru meginuppsprettan fyrir endurgreiðslu skuldbindingarinnar.

4) Nauðsynlegt er að tilgreina tæknilegu hugtökin sem notuð eru í þessari reglugerð til að fá skýran og ótvíræðan skilning á aðferðunum við að tilgreina landfræðilega staðsetningu viðeigandi lánaáhættu.

5) Að jafnaði ætti að úthluta áhættuskuldbindingum vegna lögaðila á aðildarríkið eða þriðja landið þar sem sá aðili er með skráða skrifstofu. Þó gæti staðurinn þar sem raunveruleg miðstöð stjórnsýslu er verið annar en staðurinn þar sem skrifstofa lögaðila er skráð. Þetta hefur Dómstóll Evrópusambandsins viðurkennt með úrskurði í málum C-81/87 (Daily Mail), C-212/97 (Centros), C-208/00 (Überseering), C-167/01 (Inspire Art), C-411/03 (Servic) og C-210/06 (Cartesio). Til að tryggja rétta úthlutun á sveiflujöfnunaraukanum í þessum tilvikum ættu stofnanir, sem vita af slíku misræmi að því er varðar loforðsgjafa, að úthluta viðeigandi áhættuskuldbindingum á þann stað þar sem raunveruleg miðstöð stjórnsýslu fyrir viðkomandi lögaðila er staðsett.

6) Rétt þykir, að því er varðar áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (CIU), að ráðstafa þeim á aðsetur loforðsgjafa undirliggjandi áhættuskuldbindingar eins og skilgreint er í þessari reglugerð. Heimilt er að ráðstafa áhættuskuldbindingunni gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu á heimaaðildarríki stofnunarinnar þegar skilgreining loforðsgjafa undirliggjandi hættuskuldbindingar er óhóflega íþyngjandi.

7) Úthluta ætti áhættuskuldbindingum gagnvart öðrum eignum á heimaaðildarríki stofnunarinnar, ef ekki er hægt að auðkenna loforðsgjafa þeirra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 309, 30.10.2014, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338),

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

8) Tillit ætti að taka til meðalhófs og mikilvægis stofnana sem eru með takmarkaða erlenda heildaráhættuskuldbindingu eða takmarkaða veltubókarstarfsemi með því að leyfa notkun á einfaldari úthlutunaraðferðum fyrir þessar stofnanir. Þessu er ætlað að létta byrðinni af smærri stofnunum sem venjulega eru með takmarkaða erlenda starfsemi og veltubókarstarfsemi.

9) Reglugerð þessi byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „almenn lánaáhætta“: fjárhæð áhættugrunns sem reiknuð er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fyrir áhættuskuldbindingu sem um getur í a-lið 4. mgr. 140. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

2) „markaðsáhætta, tengd veltubók“: fjárhæð áhættugrunns sem reiknuð er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fyrir áhættuskuldbindingu sem um getur í b-lið 4. mgr. 140. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

3) „verðbréfuð áhættuskuldbinding“: fjárhæð áhættugrunns sem reiknuð er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fyrir áhættuskuldbindingu sem um getur í c-lið 4. mgr. 140. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

4) „aðsetur loforðsgjafa“: aðildarríkið eða þriðja landið þar sem einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem er mótaðili stofnunarinnar gagnvart almennri lánaáhættu eða útgefandi fjármálagernings sem ekki er tekinn með í veltubókina eða mótaðili gagnvart áhættuskuldbindingu utan veltubókar, er venjulega búsettur (þegar um er að ræða einstakling) eða skrifstofa hans er skráð (þegar um er að ræða lögaðila); að því er varðar lögaðila með miðstöð raunverulegrar stjórnsýslu í aðildarríki eða í þriðja landi, öðru en aðildarríkinu, eða landinu þar sem skrifstofa hans er skráð, er „aðsetur loforðsgjafa“ aðildarríkið eða þriðja landið þar sem stjórnsýsla hans er raunverulega staðsett,

5) „aðsetur skuldara“: aðildarríkið eða þriðja landið, þar sem einstaklingurinn eða lögaðilinn sem er útgefandi fjármálagerningsins í veltubókinni, eða mótaðili gagnvart áhættuskuldbindingu í veltubók, er venjulega búsettur (þegar um er að ræða einstakling) eða skrifstofa hans er skráð (þegar um er að ræða lögaðila); að því er varðar lögaðila með miðstöð raunverulegrar stjórnsýslu í aðildarríki eða í þriðja landi, öðru en aðildarríkinu, eða landinu þar sem skrifstofa hans er skráð, er „aðsetur skuldara“ aðildarríkið eða þriðja landið þar sem stjórnsýsla hans er raunverulega staðsett,

6) „staðsetning teknanna“: aðildarríkið eða þriðja landið þar sem eignirnar, sem búa til tekjurnar og eru meginuppsprettan fyrir endurgreiðslu skuldbindingarinnar í tengslum við sértæka lánaáhættuskuldbindingu, eru staðsettar,

7) „erlend áhættuskuldbinding“: almenn lánaáhætta vegna loforðsgjafa sem ekki er með aðsetur í heimaaðildarríki stofnunarinnar,

8) „sértæk lánaáhættuskuldbinding“: almenn lánaáhætta sem hefur til að bera einkennin sem um getur í 8. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. gr.

Staðsetning almennrar lánaáhættu

1) Úthluta skal allri almennri lánaáhættu, sem ekki fellur undir 2. til 5. mgr. þessarar greinar, á aðsetur loforðsgjafans.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2) Úthluta skal almennri lánaáhættu gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, eins og um getur í o-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, á aðsetur loforðsgjafa undirliggjandi áhættuskuldbindinga. Ef fleiri en eitt aðsetur á við um loforðsgjafa undirliggjandi áhættuskuldbindinga tiltekinnar áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu getur 2. mgr. 4. gr. einnig gilt um þá áhættuskuldbindingu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu.

3) Úthluta skal sértækum lánaáhættuskuldbindingum, sem um getur í 8. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, á þann stað þar sem tekjurnar verða til.

4) Úthluta skal almennri lánaáhættu gagnvart öðrum liðum, eins og um getur í q-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, á heimaaðildarríki stofnunarinnar ef stofnunin getur ekki auðkennt loforðsgjafa sinn.

5) Heimilt er að úthluta eftirfarandi almennri lánaáhættu á heimaaðildarríki stofnunar:

a) áhættuskuldbindingum gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem um getur í o-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þegar stofnunin getur ekki ákvarðað aðsetur loforðsgjafans eða loforðsgjafa undirliggjandi áhættuskuldbindinga á grundvelli innri eða ytri upplýsinga án óhóflegrar fyrirhafnar,

b) erlendum áhættuskuldbindingum sem samanlagt fara ekki yfir 2% af samtölu almennrar lánaáhættu, áhættuskuldbindingum í veltubók og verðbréfuðum áhættuskuldbindingum þeirrar stofnunar. Samtala almennrar lánaáhættu, áhættuskuldbindinga í veltubók og verðbréfaðra áhættuskuldbindinga er reiknuð út með því að undanskilja almennar lánaáhættur sem eru staðsettar í samræmi við a-lið þessarar málsgreinar og við 4. mgr.

6) Stofnanir skulu reikna út hundraðshlutann sem um getur í b-lið 5. mgr., bæði árlega og í hverju einstöku tilviki. Krafist er útreiknings í hverju einstöku tilviki þegar atburður sem hefur áhrif á fjárhagslega eða efnahagslega stöðu stofnunarinnar á sér stað.

3. gr.

Landfræðileg staðsetning markaðsáhættu, tengdri veltubók

1) Úthluta skal markaðsáhættu, tengda veltubók, á aðsetur skuldarans, með fyrirvara um 2. og 3. mgr.

2) Stofnanir skulu, að því er varðar markaðsáhættu, tengda veltubók, sem heyrir undir kröfur vegna eiginfjárgrunns í þriðja hluta IV. bálks 5. kafla reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ákvarða landfræðilega staðsetningu sína með því að margfalda samanlagða fjárhæð áhættuskuldbindinga sinna með hlutfallinu hér á eftir:

a) kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir undirsöfn, skipt samkvæmt landfræðilegri staðsetningu sem ákvörðuð er samkvæmt líkaninu í IV. bálki 5. kafla í þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og

b) summu krafna vegna eiginfjárgrunns, sem ákvörðuð er samkvæmt a-lið fyrir allar landfræðilegar staðsetningar.

3) Stofnunum með heildarmarkaðsáhættu, tengda veltubók, sem fer ekki yfir 2% af heildarfjárhæð almennrar lánaáhættu þeirra, markaðsáhættu, tengda veltubók, og verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, er heimilt að úthluta þessum áhættuskuldbindingum á heimaaðildarríki stofnunarinnar.

4) Stofnanir skulu reikna út hundraðshlutann, sem um getur í 3. mgr., bæði árlega og í hverju tilviki fyrir sig. Krafist er útreiknings í hverju tilviki fyrir sig þegar atburður, sem hefur áhrif á fjárhagslega eða efnahagslega stöðu stofnunarinnar, á sér stað.

4. gr.

Landfræðileg staðsetning verðbréfaðra áhættuskuldbindinga

1) Úthluta skal verðbréfuðum áhættuskuldbindingum á aðsetur loforðsgjafa undirliggjandi áhættuskuldbindinga.

2) Heimilt er, þegar fleiri en eitt aðsetur á við um loforðsgjafa undirliggjandi áhættuskuldbindinga af gefinni verðbréfaðri áhættuskuldbindingu, að úthluta þeirri áhættuskuldbindingu á aðsetur loforðsgjafa undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem eru með hæst hlutfall í undirliggjandi verðbréfuðum áhættuskuldbindingum.

3) Heimilt er að úthluta verðbréfuðum áhættuskuldbindingum, þar sem upplýsingar um undirliggjandi verðbréfaðar áhættuskuldbindingar eru ekki tiltækar, á heimaaðildarríki stofnunarinnar ef stofnunin getur ekki auðkennt undirliggjandi loforðsgjafa á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga úr innri eða ytri heimildum, eða án þess að það kosti óhóflega mikla fyrirhöfn að verða sér úti um upplýsingarnar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1222/2014 **2020/EES/69/08**

frá 8. október 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ([1]), einkum 18. mgr. 131. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 2013/36/ESB heimilar lögbærum eða tilnefndum yfirvöldum aðildarríkjanna að setja strangari kröfur um eiginfjárgrunn fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (G-SIIs) til að vega upp á móti meiri áhættu í fjármálakerfinu sem stafar af kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu og vegna mögulegra afleiðinga fyrir skattgreiðendur ef þær fara í þrot. Í tilskipuninni er í grófum dráttum lýst tilteknum grundvallarreglum aðferðafræði við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og skipta kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu niður í undirflokka í samræmi við kerfislegt mikilvægi þeirra. Í samræmi við þá niðurröðun verður þeim úthlutað viðbótareiginfjárkröfu fyrir almennt eigið fé þáttar 1, þ.e.a.s. eiginfjáraukanum fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu. Þessi aðferðafræði við greiningu og niðurröðun á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu byggir á fimm flokkum sem mæla kerfislega þýðingu banka fyrir alþjóðlega fjármálamarkaðinn og er tilgreind nánar í þessari reglugerð.

2) Reglugerð þessi ætti, til að fylgja aðferðinni í tilskipun 2013/36/ESB, að taka mið af stöðlum fyrir aðferðafræðina við að meta alþjóðlega kerfislega mikilvæga banka og fyrir kröfuna um meiri getu til að taka á sig tap sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur fastsett og sem byggja á rammanum fyrir alþjóðlega kerfislega mikilvægar fjármálastofnanir, sem ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika (FSB) setti í framhaldi af skýrslunni Að draga úr freistnivanda sem stafar af kerfislega mikilvægum fjármálastofnunum — Tilmæli Ráðgjafarnefndar um fjármálastöðugleika og tímamörk (e. *Reducing the moral hazard posed by systemically important financial institutions — FSB Recommendations and Time Lines*).

3) Með tilskipun 2013/36/ESB er gerð skilmerkilega grein fyrir að aðferðafræðin við greininguna og niðurröðunina er samræmd í öllum aðildarríkjum með notkun á samræmdum og gagnsæjum mæliþáttum við ákvörðun á heildarstigafjölda einingar við mælingu á kerfislegu mikilvægi hennar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) ætti, til að tryggja að úrtakið af bönkum og bankasamstæðum, bæði innan Sambandsins og bönkum með starfsleyfi í þriðja landi, sem notaðir eru í viðmiðunarskyni til að endurspegla alþjóðlega fjármálakerfið, séu samræmdir þvert yfir Sambandið, að ákvarða úrtakið. Útilokanir og viðbætur við þetta úrtak, byggðar á eftirlitsmati, ættu einvörðungu að vera gerðar til að tryggja hlutverk þess sem viðmiðunargrundvöll, og ættu ekki að byggja á öðrum grundvelli.

4) Ferlið við að greina kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu ætti að byggja á samanburðarhæfum gögnum og taka tillit til þess að stofnanir þurfa skýrar línur um hvort og að hversu miklu leyti krafa um eiginfjárauka eigi við um þær og þess vegna ætti aðferðafræðin að taka til tímamarka og verklagsreglna. Nauðsynleg gögn verða þó ekki tiltæk fyrr en á seinni helmingi hvers árs þar sem greining á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu ætti að byggja á dagréttum gögnum að því er varðar úrtakið á stórum alþjóðabankasamstæðum en þar af eru sumar með starfsleyfi í þriðja landi. Krafan um eiginfjárauka ætti að taka gildi u.þ.b. einu ári eftir að stofnanir hafa verið greindar sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu til að gera þeim kleift að uppfylla kröfurnar sem leiða af stöðu hverrar þeirra sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu.

5) Í tilskipun 2013/36/ESB eru settir fram fimm flokkar sem samanstanda af mælanlegum vísum til mælingar á kerfislegu mikilvægi. Flokkar þessir eru þeir sömu og Baselnefndin um bankaeftirlit notar til að lágmarka stjórnsýslubyrði stofnana og yfirvalda. Við nánari skilgreiningu á mælanlegu vísunum ætti, í þessari reglugerð, að fylgja sömu aðferð. Velja ætti vísana til að endurspegla hina mismunandi þætti mögulegra neikvæðra úthrifa við það að eining fari í þrot og þýðingarmikið hlutverk hennar fyrir stöðugleika fjármálakerfisins. Alþjóðlegu fjármálamarkaðirnir og hnattræna hagkerfið ættu að vera viðmiðunarkerfið til að meta kerfislegt mikilvægi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 330, 15.11.2014, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

6) Mikilvægt er, til að setja fram nákvæma aðferðafræði fyrir greiningu og flokkun kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu í samræmi við grundvallarreglurnar sem settar eru fram í tilskipun 2013/36/ESB, að afmarka skýrt hugtökin viðeigandi eining, gildi vísis, nefnari og leyfileg mörk með því að skilgreina þau í þessari reglugerð.

7) Sýna ætti kerfislegt mikilvægi hverrar bankasamstæðu, mælt með vísunum á samstæðugrunni, sem einstakan heildarstigafjölda fyrir ákveðið ár og mælingu á stöðu hennar í samanburði við aðrar einingar í úrtakinu. Greina ætti banka sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og raða þeim í undirflokka þar sem mismunandi kröfur um eiginfjárauka eiga við, byggt á þessum heildarstigafjölda. Hver af þessum fimm flokkum ætti að fá 20% vægi þegar stigafjöldinn er reiknaður sem meðaltal af stigafjölda flokksins. Setja ætti þak á staðgönguflokkinn í þeim tilgangi að reikna út heildarstigafjöldann, að því gefnu, á grundvelli greiningar á gögnum fram til ársins 2013 og að því ári meðtöldu, að sá flokkur reynist hafa óhóflega mikil áhrif á stigafjöldann fyrir banka sem eru ráðandi í framboði á greiðslu-, sölutrygginga- og fjárvörsluþjónustu.

8) Viðkomandi yfirvöld ættu að eiga kost á að nota áreiðanlegt eftirlitsmat til að endurraða kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu úr lægri undirflokki til hærri undirflokks eða auðkenna einingu með lægri heildarstigafjölda en leyfileg mörk á lægsta undirflokknum sem kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu. Kerfislegt mikilvægi bankans fyrir alþjóðlega fjármálamarkaðinn og hnattræna hagkerfið ætti einnig að vera viðmiðunin sem eftirlitsmatið mat byggir á í samræmi við aðferðafræðina sem notuð er af Baselnefndinni um bankaeftirlit þar sem greiningin samkvæmt mati þessu hefur sama tilgang og reglubundið ferli við stigagjöfina. Áhættan af þroti bankans ætti ekki að vera viðmiðun þar sem þegar hefur verið tekið tillit til hennar í öðrum varfærniskröfum, m.a. í heildaráhættugrunninum og, eftir atvikum, í frekari kröfum vegna eiginfjárgrunns á borð við kerfisáhættuaukann.

9) Reglugerð þessi byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

11) Reglugerð þessi ætti að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015, en krafan um að halda eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, sem sett er fram í 4. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, mun koma til framkvæmda og verða tekin upp í áföngum frá og með 1. janúar 2016. Greina ætti kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eigi síðar en snemma árs 2015 af þeim sökum, til að upplýsa stofnanir tímanlega um eiginfjáraukann fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu og gefa þeim nægjanlegan tíma til að afla þess fjármagns sem krafist er.

12) Taka ætti upp eiginfjáraukann fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu yfir þriggja ára tímabil í samræmi við 5. mgr. 162. gr. tilskipunar 2013/36/ESB: fyrra skrefið í kröfunum, sem um getur í a-lið 5. mgr. 162. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, ætti að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016 fyrir þær kerfislega mikilvægu stofnanir á alþjóðavísu sem viðkomandi yfirvöld hafa greint snemma árs 2015 á grundvelli gagna frá lokum fjárhagsárs til júlí 2014. Seinna skrefið, sem um getur í b-lið 5. mgr. 162. gr. tilskipunar 2013/36/ESB varðandi kröfuna um eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, ætti að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2017 fyrir þær kerfislega mikilvægu stofnanir á alþjóðavísu sem viðkomandi yfirvöld hafa greint við lok árs 2015 eða, eigi síðar en í byrjun árs 2016, á grundvelli gagna frá lokum fjárhagsárs til júlí 2015.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er gerð grein fyrir aðferðafræðinni sem yfirvaldið í aðildarríki, sem um getur í 1. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB (hér eftir nefnt viðkomandi yfirvald), á að fylgja við að greina viðkomandi einingu á samstæðugrunni sem kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) og aðferðafræðinni við að skilgreina undirflokka kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu og raða kerfislegum mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu niður á þessa undirflokka út frá kerfislegu mikilvægi þeirra og, sem hluti af aðferðafræðinni, tímamörkum og gögnum sem nota á við greininguna.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) Viðkomandi einingi: móðurstofnun í ESB eða móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB eða blandað móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB, eða stofnun sem ekki er dótturfélag móðurstofnunar í ESB eða móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandað móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB,

2) Gildi vísisi: hið einstaka virði vísisins fyrir hvern vísi sem settur er fram í 6. gr. og fyrir hverja viðkomandi einingu úrtaksins og samanburðarhæft stakt virði sem gert er opinbert í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla fyrir hvern banka sem hefur starfsleyfi í þriðja landi,

3) Nefnarii: samanlagt heildarvirði á gildum vísanna fyrir viðkomandi einingar og banka með starfsleyfi í þriðja landi í úrtakinu fyrir hvern vísi,

4) Leyfileg mörkì: stigsvirði sem ákvarðar lægstu mörk og mörkin á milli undirflokkanna fimm, eins og skilgreint er í 9. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

3. gr.

Algengar breytur fyrir aðferðafræðina

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal greina úrtak stofnana eða samstæðna sem vísar fyrir verða notaðir í viðmiðunargildi sem standa fyrir alþjóðlega bankageirann í þeim tilgangi að reikna stigafjöldann með tilliti til alþjóðlegra viðurkenndra staðla, einkum úrtakið sem Baselnefndin um bankaeftirlit notar til greiningar á alþjóðlega kerfislega mikilvægum bönkum, og skal láta viðeigandi yfirvöld vita um viðkomandi einingar sem teknar eru með í úrtakinu eigi síðar en 31. júlí ár hvert.

Úrtakið skal samanstanda af viðeigandi einingum og bönkum með starfsleyfi í þriðja landi og ná yfir 75 þá stærstu, byggt á heildaráhættuskuldbindingunni, eins og skilgreint er í 1. mgr. 6. gr., og einnig viðkomandi einingum sem hafa verið tilnefndar sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og bönkum í þriðja landi sem hafa verið tilnefndir sem alþjóðlega kerfislega mikilvægir á undangengnu ári.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal útiloka eða bæta við viðeigandi einingum eða bönkum með starfsleyfi í þriðja landi, ef og eftir því sem þurfa þykir, til að tryggja fullnægjandi viðmiðunarramma fyrir mat á kerfislegu mikilvægi sem endurspeglar alþjóðlega fjármálamarkaðinn og hnattræna hagkerfið, með tilliti til alþjóðlegra viðurkenndra staðla, þ.m.t. úrtaksins sem Baselnefndin um bankaeftirlit notar.

2. Viðkomandi yfirvald skal tilkynna gildi vísanna fyrir hverja viðeigandi einingu með áhættuskuldbindingu yfir 200 milljarða evra, sem er löggilt innan lögsögu þess, til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eigi síðar en 31. júlí ár hvert. Viðkomandi yfirvald skal tryggja að gildi vísanna séu sambærileg við þau sem skilað var til Baselnefndarinnar um bankaeftirlit og þeirra sem viðkomandi eining hefur birt í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1030/2014 ([1]). Viðkomandi yfirvald skal nota sniðmátið sem þar er sett fram.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reikna nefnarana, byggða á gildum vísanna sem viðkomandi yfirvald tilkynnir, skv. 2. mgr., með tilliti til alþjóðlegra viðurkenndra staðla, einkum nefnarana sem Baselnefndin um bankaeftirlit birtir fyrir það ár, og tilkynna þá til viðeigandi yfirvalda. Nefnarinn fyrir vísi skal vera samanlögð fjárhæð gilda vísanna þvert yfir allar viðkomandi einingar og banka með starfsleyfi í þriðja landi í úrtakinu, eins og tilkynnt eru fyrir viðkomandi einingar skv. 2. mgr. og birt af bönkum með starfsleyfi í þriðja landi 31. júlí á viðkomandi ári.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1030/2014 frá 29. september 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð og dagsetningu á birtingu gildanna sem notuð eru til að auðkenna kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 284, 30.9.2014, bls. 14).

4. gr.

Greiningaraðferð

1. Viðkomandi yfirvald skal reikna stigafjöldann fyrir viðkomandi einingar, sem teknar eru með í úrtakið sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kunngerir og hafa starfsleyfi innan lögsögu þess, eigi síðar en 15. desember ár hvert. Viðkomandi yfirvald skal, þegar það tilnefnir, við beitingu áreiðanlegs eftirlitsmats, viðkomandi einingu sem kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, í samræmi við b-lið 10. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, senda Evrópska bankaeftirlitsstofnuninni ítarlega greinargerð á skriflegu formi eigi síðar en 15. desember ár hvert þar sem það birtir grundvöllinn fyrir mati sínu.

2. Greiningin á viðkomandi einingu, sem kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu og niðurröðun á undirflokk, skal taka gildi frá og með 1. janúar á öðru ári eftir almanaksárið þegar nefnararnir hafa verið ákveðnir í samræmi við 3. gr.

5. gr.

Greining sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu, ákvörðun stigafjölda og röðun í undirflokka

1. Gildi vísanna skulu byggja á tilkynntum gögnum viðkomandi einingar fyrir næstliðið fjárhagsár, á samstæðugrunni, og á gögnum sem birt eru í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla fyrir banka sem hafa starfsleyfi í þriðja landi. Viðkomandi yfirvöldum er heimilt að nota gildi vísa viðkomandi eininga þar sem fjárhagsári lýkur 30. júní, byggt á stöðu þeirra 31. desember.

2. Viðkomandi yfirvald skal ákvarða stigafjöldann fyrir hverja viðkomandi einingu í úrtakinu sem einfalt meðaltal af stigafjölda flokksins, með fyrirvara um að flokkurinn sem mælir staðgönguna sé að hámarksstigafjölda 500 grunnpunktar. Reikna skal stigafjölda hvers flokks sem einfalt meðaltal af virðinu sem fæst með deilingu hvers af gildum vísanna í þeim flokki með nefnaranum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kunngerir fyrir vísinn. Sýna skal stigafjöldann sem grunnpunkta og skal námunda hann að næsta heila grunnpunkti.

3. Lægstu leyfileg mörk skulu vera 130 grunnpunktar. Úthluta skal undirflokkum eins og hér segir:

a) undirflokkur 1 skal ná yfir stigafjölda frá 130 til 229 grunnpunkta,

b) undirflokkur 2 skal ná yfir stigafjölda frá 230 til 329 grunnpunkta,

c) undirflokkur 3 skal ná yfir stigafjölda frá 330 til 429 grunnpunkta,

d) undirflokkur 4 skal ná yfir stigafjölda frá 430 til 529 grunnpunkta,

e) undirflokkur 5 skal ná yfir stigafjölda frá 530 til 629 grunnpunkta.

4. Viðkomandi yfirvald skal greina viðkomandi einingu sem kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu þegar stigafjöldi hennar er jafn eða hærri en lægstu leyfileg mörk. Byggja skal ákvörðun um að tilnefna viðkomandi einingu sem kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, eftir áreiðanlegt eftirlitsmat í samræmi við b-lið 10. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, á mati á því hvort þrot hennar mun hafa umtalsverð neikvæð áhrif á alþjóðlega fjármálamarkaðinn og hnattræna hagkerfið.

5. Viðkomandi yfirvald skal raða kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu í undirflokk í samræmi við stigafjölda hennar. Ákvörðun um að endurraða kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu í lægri undirflokk, eftir áreiðanlegt eftirlitsmat í samræmi við a-lið 10. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, skal byggja á mati á því hvort þrot hennar mun hafa umtalsverð neikvæð áhrif á alþjóðlega fjármálamarkaðinn og hnattræna hagkerfið.

6. Ákvörðunina, sem um getur í 4. og 5. mgr., má styðja með viðbótarvísum sem skulu ekki vera vísar fyrir líkindunum á að viðkomandi eining fari í þrot. Slíka ákvörðun skal taka út frá vel skjalfestum og sannreynanlegum megindlegum og eigindlegum upplýsingum.

6. gr.

Vísar

1. Flokkurinn sem mælir stærð samstæðunnar skal samanstanda af einum vísi jöfnum heildaráhættuskuldbindingu samstæðunnar, eins og nánar er tilgreint í viðaukanum.

2. Flokkurinn sem mælir gagnkvæm tengsl samstæðunnar við fjármálakerfið skal samanstanda af öllum eftirfarandi vísum, eins og nánar er tilgreint í viðaukanum:

a) eignum innan fjármálakerfis,

b) skuldum innan fjármálakerfis,

c) útistandandi verðbréfum.

3. Flokkurinn sem mælir staðgöngu þjónustunnar eða fjármálalegra innviða er samstæðan veitir skal samanstanda af öllum eftirfarandi vísum, eins og nánar er tilgreint í viðaukanum:

a) eignum í vörslu,

b) greiðslustarfsemi,

c) sölutryggðum viðskiptum á skulda- og hlutabréfamörkuðum.

4. Flokkurinn sem mælir margbreytileika samstæðunnar skal samanstanda af öllum eftirfarandi vísum, eins og nánar er tilgreint í viðaukanum:

a) undirliggjandi fjárhæðum á afleiðum sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar,

b) eignum sem falla undir 3. stig flokkunar gangvirðis mældum í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1255/2012 ([1]),

c) verðbréfum sem ætluð eru til veltuviðskipta og sölu.

5. Flokkurinn sem mælir starfsemi samstæðunnar yfir landamæri skal samanstanda af öllum eftirfarandi vísum, eins og nánar er tilgreint í viðaukanum:

a) kröfum yfir lögsagnarumdæmi,

b) skuldum yfir lögsagnarumdæmi.

6. Viðkomandi yfirvald skal, fyrir gögn sem eru skráð í öðrum gjaldmiðli en evru, nota viðeigandi gengi, með tilliti til viðmiðunargengisins sem Seðlabanki Evrópu birtir og gildir hinn 31. desember, og alþjóðlega staðla. Viðkomandi yfirvald skal nota meðalgengi fyrir viðkomandi ár fyrir vísa um greiðslustarfsemi, eins og um getur í b-lið 3. mgr.

7. gr.

Umbreytingarákvæði

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, með fyrirvara um fyrstu undirgrein 1. mgr. 3. gr., ákvarða úrtakið til að greina viðkomandi einingu sem kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu fyrir árið 2014, eigi síðar en 14. janúar 2015. Viðkomandi yfirvöld skulu tilkynna gildi vísanna fyrir viðkomandi einingar innan þess úrtaks, byggt á gögnum fyrir fjárhagsárið sem lýkur fyrir júlí 2014, til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, í síðasta lagi 21. janúar 2015. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, byggt á þessum gildum vísanna, reikna nefnarana fyrri árið 2014, í seinasta lagi 30. janúar 2015. Viðkomandi yfirvöld skulu ákvarða, á grundvelli þessara nefnara, stigafjöldann fyrir viðkomandi einingar fyrir árið 2014. Þau skulu einnig greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og raða þeim í undirflokka. Samhliða þessu skal viðkomandi yfirvald tilkynna hinar greindu kerfislega mikilvægu stofnanir á alþjóðavísu til framkvæmdastjórnarinnar, Evrópska kerfisáhætturáðsins og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og birta nöfn þeirra ásamt stigafjölda þeirra fyrir árið 2014, í seinasta lagi 28. febrúar 2015.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1255/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 12, alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 13, og 20. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 20) (Stjtíð. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 78).

Greiningin á viðkomandi einingu sem kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu og undirflokknum sem henni er raða í, byggt á stigafjöldanum fyrir árið 2014, skal gilda frá 1. janúar 2016, með fyrirvara um 2. mgr. 4. gr.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Að því er varðar 6. gr. skulu vísarnir ákvarðaðir á eftirfarandi hátt:

1. **Heildaráhættuskuldbinding**

Heildaráhættuskuldbinding skal vera samtala allra liða efnahagsreiknings og allra afleiðuliða utan efnahagsreiknings á samstæðugrunni, þ.m.t. eininga sem vegna reikningsskila eru á samstæðustigi en ekki í eftirlitsskyni vegna áhættu, að frádregnum lögbundnum leiðréttingum.

Heildaráhættuskuldbindingin skal fylgja reikningsskilaaðferðinni fyrir áhættuskuldbindingu (þó með því að nota víðara gildissvið samstæðureikningsskila) með fyrirvara um eftirfarandi meginreglur:

— Í efnahagsreikningi eru áhættuskuldbindingar sem ekki eru afleiður teknar með í mælingu á áhættuskuldbindingunni án þess að taka með sértæku ákvæðin og virðisleiðréttingar (t.d. aðlögun á lánshæfi),

— Ekki skal leyfa skuldajöfnun lána og innstæðna,

— Áþreifanlegar eða fjárhagslegar tryggingar, ábyrgðir eða mildun keyptrar útlánaáhættu skulu ekki lækka áhættuskuldbindingar í efnahagsreikningi.

Liðir í efnahagsreikningi skulu vera samtala af eftirfarandi:

a) áhættuskuldbindingu mótaðila af afleiðusamningum,

b) vergu gildi af fjármögnunarviðskiptum með verðbréf (SFTs),

c) áhættuskuldbindingu mótaðila af fjármögnunarviðskiptum með verðbréf,

d) hámarks upphæð af i) öðrum eignum, viðurkenndar sem eignir, að frádregnum verðbréfum sem tekið er við í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og ii) núll.

Liðir utan efnahagsreiknings skulu vera samtala af eftirfarandi:

a) mögulegri framtíðaráhættu af afleiðusamningum,

b) grundvallarfjárhæð liða utan efnahagsreiknings með 0% CCF (e. *Credit Conversion Factor*), að frádregnum 100% af óskilyrðisbundnum og afturkallanlegum kreditkortaskuldbindingum, að frádregnum 100% af öðrum óskilyrðisbundnum og afturkallanlegum skuldbindingum,

c) 10% af óskilyrðisbundnum og afturkallanlegum kreditkortaskuldbindingum,

d) 10% af öðrum óskilyrðisbundnum og afturkallanlegum skuldbindingum,

e) grundvallarfjárhæð liða utan efnahagsreiknings með 20% CCF,

f) grundvallarfjárhæð liða utan efnahagsreiknings með 50% CCF,

g) grundvallarfjárhæð liða utan efnahagsreiknings með 100% CCF.

Auka skal gildi vísanna, fyrir einingar sem eru á samstæðustigi vegna reikningsskila en ekki í eftirlitsskyni vegna áhættu, með samtölu af eftirfarandi:

a) eignum í efnahagsreikningi,

b) mögulegri framtíðaráhættu af afleiðusamningum,

c) 10% af óskilyrðisbundnum og afturkallanlegum skuldbindingum,

d) öðrum skuldbindingum utan efnahagsreiknings,

e) minna fjárfestingarvirði í samstæðueiningunum.

2. **Samtengingar**

Skilgreina skal, að því er varðar vísa fyrir samtengingar, fjármálastofnanir sem banka og aðrar stofnanir sem taka við innlánum, bankaeignarhaldsfélög, verðbréfasala, vátryggingafélög, gagnkvæma tryggingasjóði, vogunarsjóði, lífeyrissjóði, fjárfestingabanka og miðlæga mótaðila. Undanskilja skal seðlabanka og aðra opinbera aðila (til dæmis fjölþjóðlega þróunarbanka) en taka með viðskiptabanka í ríkiseigu.

2.1. *Eignir innan fjármálakerfis*

Eignir innan fjármálakerfis skulu vera samtalan af fjármunum lögðum inn hjá eða lánuðum til annarra fjármálastofnana og ódregnum bindandi lánalínum sem framlengdar eru til annarra fjármálastofnana, eignarhlutdeildum í verðbréfum sem aðrar fjármálastofnanir gefa út, hreinni jákvæðri núverandi áhættuskuldbindingu af fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og OTC-afleiðum við aðrar fjármálastofnanir sem hafa hreint jákvætt gangvirði.

a) Fjármunir lagðir inn hjá eða lánaðir til annarra fjármálastofnana og ódregnar og bindandi lánalínur

Fjármunir lagðir inn hjá eða lánaðir til annarra fjármálastofnana og ódregnar bindandi lánalínur skulu vera samtala af eftirfarandi:

1) Fjármunum lögðum inn hjá eða lánuðum til annarra fjármálastofnana, þ.m.t. innlánsskírteini,

2) Ódregnum bindandi lánalínum sem framlengdar eru til annarra fjármálastofnana.

b) Eignarhlutdeild í verðbréfum sem aðrar fjármálastofnanir gefa út

Liður þessi skal endurspegla allar eignarhlutdeildir í verðbréfum sem aðrar fjármálastofnanir gefa út Gefa skal heildareignarhlutdeild upp á gangvirði fyrir verðbréf sem flokkuð eru í sölumeðferð og ætluð til sölu, gera skal upp verðbréf sem er haldið til uppgreiðslu á afskrifuðu kostnaðarverði.

Eignarhlutdeild í verðbréfum sem aðrar fjármálastofnanir gefa út skulu vera samtala af eftirfarandi:

1) tryggðum skuldabréfum,

2) ótryggðum forgangsskuldabréfum,

3) víkjandi skuldabréfum,

4) viðskiptabréfum,

5) hámarksupphæð stofns, þ.m.t. nafn- og yfirverð almennra- og forgangshlutabréfa, að frádreginni samjafnaðri skortstöðu í tengslum við sértæka hlutabréfaeignarhlutdeild og núll.

c) Fjármögnunarviðskipti með verðbréf

Fjármögnunarviðskipti með verðbréf skulu vera samtala af hreinni jákvæðri núverandi áhættuskuldbindingu af fjármögnunarviðskiptum með verðbréf við aðrar fjármálastofnanir.

Tilkynnta verðmætinu skal ekki ætlað að endurspegla upphæðir sem skráðar eru í efnahagsreikningi. Það skal standa fyrir samanlagða skuldaða upphæð á skuldajöfnunarsafn samkvæmt lögum. Eingöngu skal nota skuldajöfnun þegar viðskiptin falla undir lagalega framfylgjanlegan skuldajöfnunarsamning. Nota skal heildarfjárhæð efnahagsreikningsins þegar þessum viðmiðunum er ekki mætt. Ekki skal telja miðlunarlánasjóðsviðskipti með.

d) OTC-afleiður við aðrar fjármálastofnanir sem eru með hreint jákvætt gangvirði

OTC-afleiður við aðrar fjármálastofnanir sem eru með hreint jákvætt gangvirði skulu vera samtala af eftirfarandi:

1) hreinu jákvæðu gangvirði, þ.m.t. tryggingu sem haldið er þegar hún er innan rammasamningsins um skuldajöfnun,

2) mögulegri framtíðaráhættu.

2.2. *Skuldir innan fjármálakerfis*

Heildarskuldir innan fjármálakerfis skulu vera samtala af innstæðum fjármálastofnana, fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og OTC-afleiðum við aðrar fjármálastofnanir sem eru með hreint neikvætt gangvirði.

a) Innstæður fjármálastofnana

Innstæður fjármálastofnana skulu vera samtala af eftirfarandi:

1) innstæðum sem tilheyra vörslustofnunum,

2) innstæðum sem tilheyra fjármálastofnunum sem ekki eru vörslustofnanir,

3) ódregnum bindandi lánalínum sem fengnar eru frá öðrum fjármálastofnunum.

b) Fjármögnunarviðskipti með verðbréf

Fjármögnunarviðskipti með verðbréf skulu vera samtala af hreinni neikvæðri núverandi áhættuskuldbindingu af fjármögnunarviðskiptum með verðbréf við aðrar fjármálastofnanir.

c) OTC-afleiður við aðrar fjármálastofnanir sem eru með hreint neikvætt gangvirði

OTC-afleiður við aðrar fjármálastofnanir sem eru með hreint neikvætt gangvirði skulu vera samtala af eftirfarandi:

1) hreinu neikvæðu gangvirði, þ.m.t. tryggingu sem haldið er þegar hún er innan rammasamnings um skuldajöfnun,

2) mögulegri framtíðaráhættu.

2.3. *Útistandandi verðbréf*

Vísirinn skal endurspegla bókfært virði útistandandi verðbréfa sem viðkomandi eining gaf út. Ekki skal gerður greinarmunur á starfsemi innan fjármálakerfis eða annarri starfsemi.

Heildarútistandandi verðbréf skulu vera samtala af eftirfarandi:

a) tryggðum skuldabréfum,

b) ótryggðum forgangsskuldabréfum,

c) víkjandi skuldabréfum,

d) viðskiptabréfum,

e) innlánsskírteinum,

f) bókfærðu eigin fé,

g) forgangshlutabréfum og hverju öðru formi af undirskipaðri fjármögnun sem ekki er getið um í c-lið.

3. **Staðganga þjónustunnar eða fjármálalegra innviða sem samstæðan veitir**

3.1. *Greiðslustarfsemi*

Heildargreiðslustarfsemin skal samsvara greiðslum á skýrslugjafarárinu að undanskildum greiðslum innan samstæðu.

Viðeigandi greiðsluvirði skal vera vergt heildarvirði á öllum greiðslum í reiðufé sem sendar eru af skýrslugjafarsamstæðunni um millifærslukerfi fyrir stórar fjárhæðir, ásamt með vergu virði allra greiðslna í reiðufé sem sendar eru gegnum umboðsbanka (til dæmis með því að nota fulltrúa- eða nostroreikning). Taka skal með inntar greiðslur í reiðufé fyrir hönd viðkomandi einingar og einnig fyrir hönd viðskiptavina, þ.m.t. fjármálastofnana og annarra viðskiptavina úr atvinnulífinu. Ekki skal taka með inntar greiðslur í gegnum smásölugreiðslukerfi. Aðeins skal taka með útgreiðslur. Reikna skal út verðgildið í evrum.

3.2. *Eignir í vörslu*

Virði eigna í vörslu skal vera virðið á öllum eignum, þ.m.t. eignum yfir landamæri, sem skýrslugjafarsamstæðan heldur sem vörsluaðili fyrir hönd viðskiptavina, að meðtöldum fjármálastofnunum öðrum en skýrslugjafarsamstæðunni. Ekki skal taka með þær eignir sem heyra undir stýringu eða stjórnun og ekki eru einnig flokkaðar sem eignir í vörslu.

3.3. *Sölutryggð viðskipti á skulda- og hlutabréfamörkuðum*

Sölutryggð heildarviðskipti á skulda- og hlutabréfamörkuðum skulu vera samtala af sölutryggingarstarfsemi í tengslum við hlutabréf og skuldir.

Taka skal með allar sölutryggingar þar sem banki er skuldbundinn að kaupa óseld verðbréf. Eingöngu skulu verðbréfin sem raunverulega voru seld tekin með þegar sölutryggingarstarfsemin verður án útgáfutryggingar (sem skal merkja að bankinn er ekki skuldbundinn að kaupa afgangs verðbréfin),

4. **Margbreytileiki samstæðunnar**

4.1. *Grundvallarfjárhæð á OTC-afleiðum*

Vísir þessi skal mæla umfang skuldbindingar skýrslugjafarsamstæðunnar í OTC-afleiðuviðskiptum og skal taka með allar gerðir af áhættuflokkum og gerningum. Tryggingar skulu ekki dregnar frá þegar tilkynnt er um grundvallarvirði afleiða.

Heildargrundvallarfjárhæð OTC-afleiða skal vera samtala OTC-afleiða sem eru stöðustofnaðar fyrir milligöngu miðlægs mótaðila og OTC-afleiðum sem samið er um tvíhliða.

4.2. *3. stigs eignir*

Virðið á 3. stigs eignum skal vera virði allra eigna sem eru verðlagðar á viðvarandi grundvelli með notkun 3. stigs mæligagna.

4.3. *Verðbréf sem ætluð eru til veltuviðskipta og sölu*

Verðbréf sem ætluð eru til veltuviðskipta og sölu skulu samsvara heildarfjárhæðinni á verðbréfum reikningsskilaflokkanna í sölumeðferðì og ætluð til sölu̇, að frádregnu hlutmengi verðbréfanna sem haldið er í þessum flokkum og koma til greina að flokkast sem öruggar, seljanlegar eignir.

5. **Starfsemi samstæðunnar yfir landamæri**

5.1. *Kröfur yfir lögsagnarumdæmi*

Virðið á kröfum yfir lögsagnarumdæmi skal samsvara virðinu á öllum kröfum sem ná yfir alla geira er, á grundvelli endanlegrar áhættu, teljast kröfur yfir landamæri, staðbundnar kröfur erlendra hlutdeildarfélaga í erlendum gjaldmiðli eða staðbundnar kröfur erlendra hlutdeildarfélaga í gjaldmiðli hlutaðeigandi lands, að undanskilinni afleiðustarfsemi. Kröfur yfir landamæri skulu ná yfir kröfur sem skrifstofa í einu landi hefur á lántaka í öðru landi. Staðbundnar kröfur erlendra hlutdeildarfélaga í erlendum gjaldmiðli og gjaldmiðli hlutaðeigandi lands skulu ná yfir kröfur sem staðbundin skrifstofa banka hefur á lántaka á þeim stað.

5.2. *Skuldir yfir lögsagnarumdæmi*

Heildarskuldir yfir lögsagnarumdæmi skulu, að frádregnum öllum erlendum skuldum gagnvart tengdum skrifstofum sem um getur í b-lið, samsvara samtölu af eftirfarandi:

a) staðbundnum skuldum í gjaldmiðli hlutaðeigandi lands,

b) erlendum skuldum (að undanskildum staðbundnum skuldum í gjaldmiðli hlutaðeigandi lands).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/709 **2020/EES/69/09**

frá 26. janúar 2016

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilyrði fyrir beitingu undanþága varðandi gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjáreigna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 5. mgr. 419. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Baselnefndin um bankaeftirlit hefur samþykkt alþjóðlega staðla sem varða lausafjárþekjuhlutfall og verkfæri til að fylgjast með lausafjáráhættu ([2]) („Staðlar Baselnefndarinnar um bankaeftirlit“ í því sem hér fer á eftir).

2) Til að tryggja skilvirkt eftirlit með og beitingu undanþága sem kveðið er á um í 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og skilvirka vöktun á því hvort stofnanir fara að kröfum sem gilda um þær undanþágur, í samræmi við staðla Baselnefndarinnar um bankaeftirlit, skulu stofnanir tilkynna lögbærum yfirvöldum þegar þær hyggjast beita þessum undanþágum eða þegar þær hyggjast gera verulegar breytingar á beitingu þeirra.

3) Í stöðlum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit eru settar leiðbeinandi meginreglur fyrir eftirlitsaðila í lögsögum þar sem ekki er nægilega mikið um hágæða lausafjáreignir. Í samræmi við þriðju meginreglu í leiðbeinandi meginreglum fyrir eftirlitsaðila skulu stofnanir, áður en þær beita undanþágum og til að sýna fram á að þarfir þeirra séu réttlætanlegar, gera viðeigandi ráðstafanir, að því marki sem því verður við komið, til að tryggja að hágæða lausafjáreignir séu notaðar og draga úr lausafjáráhættu þeirra til þess að kröfu um lausafjárþekju sé betur fylgt.

4) Nauðsynlegt er, í samræmi við meginreglur 1 og 4 í leiðbeinandi meginreglum fyrir eftirlitsaðila sem eru settar fram í stöðlum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit, að tryggja að stofnanir beiti ekki undanþágum sem efnahagslegum valkosti til að hámarka hagnað sinn með því að velja aðrar hágæða lausafjáreignir fyrst og fremst með ávöxtun í huga. Í samræmi við þær meginreglur er einnig nauðsynlegt að koma á kerfi til að takmarka notkun undanþága til að draga úr hættu á að þessar aðrar eignir skili ekki hagnaði. Einnig er nauðsynlegt, að teknu tilliti til staðla Baselnefndarinnar um bankaeftirlit, að kveða á um viðeigandi frádrag vegna undanþágu sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og að setja reglur um þóknun í tengslum við undanþágu sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 419. gr. þeirrar reglugerðar. Að teknu tilliti til undanþágu sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, einkum til að tryggja að verð sem stofnun greiðir fyrir lánalínu frá seðlabanka sé sanngjarnt, skal þóknunin sett saman úr tveimur þáttum. Fyrri hlutinn skal vega á móti hærri ávöxtun af eignum sem haldið er sem

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 125, 13.5.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Baselnefndin um bankaeftirlit, Basel III Lausafjárþekjuhlutfall og verkfæri til að fylgjast með lausafjáráhættu, janúar 2013.

tryggingu fyrir lánalínuna svo tryggt sé að verðlagning hennar endurspegli ávinninginn sem fæst, óháð fjárhæðinni sem dregið hefur verið á. Hinn hlutinn skal endurspegla fjárhæð lánalínunnar sem dregið hefur verið á.

5) Í samræmi við meginreglu 2 í leiðbeinandi meginreglum fyrir eftirlitsaðila sem eru settar fram í stöðlum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit, skal notkun undanþága vera takmörkuð fyrir allar stofnanir með áhættuskuldbindingar í viðkomandi gjaldmiðli. Undanþágur sem beitt er skulu, skv. 3. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, vera í öfugu hlutfalli við það hve tiltækar viðkomandi eignir eru. Af þeim ástæðum skal takmarka notkun undanþága við hundraðshlutfall af hreinu útstreymi lausafjár lánastofnunar í viðkomandi gjaldmiðli sem samsvarar viðkomandi skorti á lausafjáreignum í þeim gjaldmiðli.

6) Reglugerð þessi byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

8) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, samþykkt með breytingum draga að eftirlitsstaðli sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fram eftir að hún hafði sent drögin aftur til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar þar sem gerð var grein fyrir ástæðum breytinganna. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fram formlegt álit þar sem hún styður þessar breytingar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru tilgreind skilyrði fyrir beitingu undanþága sem um getur í 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 varðandi gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjáreigna.

2. gr.

Undanþága tilkynnt

1. Lánastofnun skal tilkynna lögbæru yfirvaldi að hún hyggist nýta aðra eða báðar undanþágurnar sem kveðið er á um í 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Tilkynninguna skal leggja fram skriflega 30 dögum fyrir fyrsta dag nýtingar undanþágunnar.

Hyggist stofnun gera verulegar breytingar á nýtingu sinni á undanþágu eða undanþágum sem voru tilkynntar í samræmi við fyrstu undirgrein, skal hún tilkynna lögbæru yfirvaldi þar um 30 dögum fyrir þann dag sem beitingarnar taka gildi.

Í undantekningartilvikum þar sem ekki er unnt vegna skyndilegrar markaðsþróunar, sérstakra atburða eða annarra þátta sem stofnunin hefur ekki stjórn á, að tilkynna lögbærum yfirvöldum um verulegar breytingar 30 dögum fyrir fyrstu nýtingu þeirra, skulu stofnanir afhenda lögbærum yfirvöldum bráðabirgðatilkynningu áður en verulegum breytingum er beitt. Í bráðabirgðatilkynningu skal vera lýsing á eðli hinna verulegu breytinga og skal hún sýna að hve miklu leyti unnt sé að beita fyrirhugaðri undanþágu, sem gefin er upp sem hundraðshluti þeirrar lausafjáreignar sem krafist er að stofnun haldi til að fullnægja kröfu um lausafjárþekju. Bráðabirgðatilkynningunni skal fylgt eftir með tilkynningu í samræmi við aðra undirgrein áður en 30 dagar eru liðnir frá fyrstu nýtingu hvers konar undanþágu.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum árlega hvort þær hyggist áfram nýta undanþáguna sem var tilkynnt í samræmi við fyrstu undirgrein.

2. Í tilkynningunni, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

a) hvort tilkynningin tengist undanþágu sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða undanþágu sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 419. gr. þeirrar reglugerðar, eða hvorri tveggja,

b) staðfesting á því að farið sé að skilyrðum sem koma fram í 3. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og að skilyrðum í 3. gr. þessarar reglugerðar,

c) staðfesting á því að farið sé að kröfum í 4. gr. þessarar reglugerðar, tengist tilkynningin undanþágu sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) staðfesting á því að farið sé að kröfum í 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar, tengist tilkynningin undanþágu sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

e) mat á því hvernig stofnun muni nýta undanþágu eða undanþágur í framtíðinni, með tilliti til undanþágunnar sem verður nýtt, gefin upp sem hundraðshluti, og breytingar hennar í tímans rás ásamt samanburði á lausafjárstöðu stofnunarinnar nýti hún undanþágu eða undanþágur sem kveðið er á um í 2. mgr. 419. gr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og lausafjárstöðu hennar beiti hún ekki undanþágu eða undanþágum sem kveðið er á um í þeirri grein.

3. gr.

Mat á réttlætanlegum þörfum

Aðeins skal litið svo á að stofnun hafi réttlætanlegar þarfir fyrir lausafjáreignir að því er varðar 3. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

a) hún hafi, með tryggri stjórnun lausafjár, dregið úr þörf fyrir lausafjáreignir á öllum sviðum starfsemi sinnar,

b) eignarhlutir hennar í lausafé séu í samræmi við tiltækileika þeirra eigna í viðkomandi gjaldmiðli.

4. gr.

Beiting undanþágu sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Stofnun skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að fullnægja kröfu um lausafjárþekju sem kemur fram í 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 áður en hún beitir undanþágu sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 419. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Stofnun skal tryggja að hún geti ætíð tilgreint, með vísan til rekstrarlegra forsendna, þær lausafjáreignir sem eru notaðar til að fullnægja kröfum um lausafjárþekju erlends gjaldmiðils og lausafjáreignir í hennar eigu sem eru tilkomnar vegna nýtingar undanþágu sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Stofnun skal tryggja að gjaldeyrisáhættustýringarrammi hennar fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

a) að gjaldmiðlamisvægi sem er til komið vegna notkunar á undanþágu sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sé metið, vaktað, stýrt og rökstutt á fullnægjandi hátt,

b) að lausafjáreignir sem samrýmast ekki dreifingu lausafjárútstreymis eftir gjaldmiðli eftir að innflæði er dregið frá séu innleysanlegar í gjaldmiðli aðildarríkis viðkomandi lögbærs yfirvalds, þegar nauðsyn krefur,

c) að söguleg gögn sem tengjast álagstímabilum styðji þá niðurstöðu að stofnunin geti innleyst fljótt þær eignir sem um getur í b-lið.

4. Stofnun sem notar lausafjáreignir í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðli aðildarríkis viðkomandi lögbærs yfirvalds til að standa straum af lausafjárþörf í síðarnefnda gjaldmiðlinum skal beita 8% frádragi gagnvart virði þessara eigna til viðbótar við sérhvert frádrag sem beitt er í samræmi við 418. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Séu lausafjáreignir gefnar upp í gjaldmiðli sem virk viðskipti eru ekki með á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum skal viðbótarfrádragið vera, hvort heldur er hærra, 8% eða mesta mánaðarlega breyting á gengi milli gjaldmiðlanna tveggja síðustu tíu ár fyrir viðkomandi viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar.

Sé gengi gjaldmiðils aðildarríkis viðkomandi lögbærs yfirvalds formlega tengt við annan gjaldmiðil samkvæmt kerfi þar sem seðlabankar beggja gjaldmiðla eru skuldbundnir til að styðja gjaldmiðilstenginguna getur stofnunin beitt frádragi sem er jafnt breidd vikmarkanna.

5. gr.

Beiting undanþágu sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Stofnun skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að fullnægja kröfu um lausafjárþekju sem kemur fram í 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 áður en hún beitir undanþágu sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 419. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Stofnun skal fá frá seðlabanka, að því er varðar gjaldmiðil með takmarkanir á tiltækileika lausafjáreigna, lánalínu sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) að í lánalínu sé tilgreint að stofnun hafi lagalega bindandi rétt til aðgangs að lánafyrirgreiðslu og að rétturinn komi fram í skriflegu samkomulagi,

b) að í kjölfar ákvörðunar um að veita lánalínu sé aðgangur að lánafyrirgreiðslu ekki háður ákvörðun seðlabanka um lánveitingu,

c) að stofnun geti dregið á lánafyrirgreiðslu án tafar og eigi síðar en einum degi eftir að hún hefur tilkynnt seðlabankanum þar um,

d) að lánalína sé ávallt tiltæk lengur en sem nemur 30 daga tímabili kröfu um lausafjárþekju sem tilgreind er í 1. mgr. 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Stofnun skal leggja inn fulla tryggingu í seðlabanka sem, eftir hvers konar frádrag af hálfu seðlabankans, skal ávallt vera jafn há eða hærri en sú hámarksfjárhæð sem má draga á lánalínuna.

6. gr.

Þóknun fyrir að veita lánalínu

1. Stofnun skal greiða þóknun sem seðlabanki ákvarðar. Þóknunin skal vera samsett úr tveimur þáttum að því er varðar lánalínuna sem um getur í 2. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar og hún skal tryggja að því fylgi hvorki efnahagslegt hagræði né óhagræði að beita undanþágu sem um getur í b-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, í samanburði við stofnanir sem beita ekki undanþágu.

2. Þóknun sem stofnun greiðir fyrir lánalínu skal vera summa eftirfarandi þátta:

a) fjárhæð sem byggir á þeirri fjárhæð sem er dregin á lánalínu,

b) fjárhæð sem samsvarar mismuninum á eftirfarandi:

   i. ávöxtun af eignum sem eru notaðar til að tryggja lánalínu,

   ii. ávöxtun af dæmigerðu eignasafni af þeirri gerð sem kveðið er á um í a- til d-lið í 1. mgr. 416. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Leiðrétta má þá fjárhæð sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þannig að hún taki tillit til hvers kyns verulegs mismunar á útlánaáhættu milli eigna sem um getur í þeim lið.

7. gr.

Takmarkanir á notkun undanþága

1. Þegar stofnanir nýta undanþágur sem kveðið er á um í 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu þær ekki fara yfir viðeigandi hundraðshluta fyrir gjaldmiðil sem er ákvarðaður í tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem eru samþykktir skv. 4. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Þegar stofnanir nýta undanþágur sem kveðið er á um í 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að því er varðar 1. mgr., skulu þær reikna hundraðshlutann sem þann hundraðshluta sem X er af Y, þar sem:

a) „X“ er summa virðis allra lausafjáreigna sem undanþágan sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gildir um, eftir að hvers konar frádragi hefur verið beitt, og þeirrar hámarksfjárhæðar sem heimilt er að draga á lánalínuna sem undanþágan sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gildir um,

b) „Y“ er sú fjárhæð lausafjáreigna sem stofnun er gert að halda til að fullnægja kröfu um lausafjárþekju skv. 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

8. gr.

Lokaákvæði

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/208 **2020/EES/69/10**

frá 31. október 2016

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir viðbótarútstreymi lausafjár sem samsvarar tryggingarþörfinni sem leiðir af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti stofnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum fjórðu undirgrein 3. mgr. 423. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 3. mgr. 423. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu stofnanir bæta við viðbótarútstreymi sem samsvarar tryggingarþörfinni sem myndi leiða af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti, fjármögnunarviðskipti og aðra mikilvæga samninga stofnunarinnar. Þegar litið er til mikilvægis er brýnt að tilgreina viðbótarútstreymi sem samsvarar tryggingarþörfinni sem myndi leiða af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti, en mikilvægi tryggingaþarfar, sem myndi leiða af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á fjármögnunarviðskipti og aðra mikilvæga samninga stofnunarinnar, verður skoðað í næsta skrefi.

2) Þar sem í 3. mgr. 423. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er getið um tryggingaþörf ættu reglurnar sem settar verða fram að takmarkast við afleiðuviðskipti sem eru veðtryggð, þ.m.t. þau sem falla í gjalddaga innan 30 daga.

3) Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir stofnanir og afleiðumarkaði ættu útreikningar á viðbótarútstreymi trygginga að byggjast á aðferð þar sem tekið er tillit til sögulegra gagna (e. *Historical Look Back Approach*) varðandi breytingar á markaðsmati, sem þróuð var af Baselnefndinni um bankaeftirlit til að ákvarða þetta viðbótarútstreymi trygginga, og þar sem, í þessu skyni, er notað mesta, samanlagða, uppsafnaða, hreina útstreymi eða -innstreymi trygginga sem innleyst hefur verið við lok allra 30 daga tímabila á síðustu 24 mánuðum á stigi eignasafnsins.

4) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlitsstaðli. Í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 1093/2010 ([2]), upplýsti framkvæmdastjórnin Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um að hún hygðist ekki styðja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum og útskýrði ástæður þess. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir aftur, sem formlegt álit, þar sem samþykkt var sú aðferð sem framkvæmdastjórnin lagði til en hún byggðist eingöngu á aðferð Baselnefndarinnar um bankaeftirlit þar sem tekið er tillit til sögulegra gagna.

5) Reglugerð þessi byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt að nýju fyrir framkvæmdastjórnina.

6) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Mikilvægi afleiðuviðskipta stofnunar

1. Afleiðuviðskipti stofnunar skulu talin mikilvæg, að því er varðar fyrstu undirgrein 3. mgr. 423. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ef samanlagðar grundvallarfjárhæðir slíkra viðskipta hafa, einhvern tímann á síðastliðnum tveimur árum, farið yfir 10% af hreinu lausafjárútstreymi, eins og um getur í 1. mgr. 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal hreint lausafjárútstreymi reiknað út án viðbótarútstreymisins sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 423. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. gr.

Útreikningur á viðbótarútstreymi sem samsvarar tryggingarþörfinni sem leiðir af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti stofnunar

1. Viðbótarútstreymið sem samsvarar tryggingaþörfinni sem leiðir af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti stofnunar og talið er mikilvægt við beitingu 1. gr. þessarar reglugerðar, skal vera mesta, samanlagða, hreina 30 daga streymi vegna trygginga sem innleystar voru á síðustu 24 mánuðunum fyrir dagsetningu útreiknings á kröfu um lausafjárþekju sem um getur í 1. mgr. 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Stofnanir geta aðeins meðhöndlað innstreymi og útstreymi viðskipta á hreinum grunni ef þau fara fram samkvæmt sama rammasamningi um skuldajöfnun. Samanlagt, hreint streymi trygginga skal byggjast bæði á innleystu útstreymi og innstreymi og skuldajöfnunin skal reiknuð út á stigi eignasafns stofnunarinnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/233 **2020/EES/69/11**

frá 13. febrúar 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla þar sem skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar í gjaldmiðlinum sem um ræðir, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, er afar þröng (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 5. mgr. 416. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. mgr. 416. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er þess krafist að stofnanir skrái eignir sem lausafjáreignir ef þær uppfylla viss skilyrði. Í samræmi við þriðju undirgrein þeirrar greinar má falla frá skilyrðinu um að eignirnar séu hæf trygging fyrir staðlaðar lausafjáraðgerðir seðlabanka í aðildarríki, eða seðlabanka í þriðja landi, fyrir lausafjáreignir sem haldið er til að mæta lausafjárútstreymi í gjaldmiðli, ef skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar í gjaldmiðlinum sem um ræðir er afar þröng.

2) Svo tekið sé tillit til þess mikilvægis sem reglugerð (ESB) nr. 575/2013 leggur á að eignir seðlabanka séu hæfar sem tryggingar til að geta talist lausafjáreignir, þarf listinn yfir gjaldmiðla þar sem skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar í gjaldmiðlinum sem um ræðir er afar þröng, að takmarkast við þá gjaldmiðla þar sem hæfi trygginga er takmarkað við ríkisskuld og skuld sem gefin er út af seðlabanka og nær ekki yfir aðrar eignir, sem samanstanda af lausafjáreignum í samræmi við viðbótarkröfur sem settar eru fram í 416. og 417. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur framkvæmt mat, byggt á bestu fáanlegri þekkingu sem lögbær yfirvöld aðildarríkja hafa látið í té, á skilgreiningu seðlabanka um hæfi trygginga í ákveðnum gjaldmiðli. Í tilviki Búlgaríu gaf matið til kynna að seðlabankinn geti ekki veitt lausafé til stofnana nema í alvarlegum aðstæðum. Við neyðarástand vegna lausafjáráhættu, sem gæti haft áhrif á stöðugleika bankakerfisins, má búlgarski ríkisbankinn framlengja útlán til greiðsluhæfis banka í lef með gjalddaga sem ekki er lengri en þrír mánuðir, svo fremi þau eru að fullu veðtryggð í gulli, erlendum gjaldmiðli eða öðrum slíkum auðseljanlegum eignum. Af þessum sökum ætti hið búlgarska lef að vera álitið gjaldmiðill með afar þrönga skilgreiningu seðlabanka á hæfi tryggingar.

4) Þessi reglugerð byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 39, 14.2.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gjaldmiðlar, þar sem skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar er afar þröng, sem fullnægja skilyrðunum sem um getur í þriðja undirlið 3. mgr. 416. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eru gefnir upp í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Búlgarskt lef (BGN)

———————

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2344 **2020/EES/69/12**

frá 15. desember 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjáreigna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 4. mgr. 419. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvæðum 1. mgr. 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er sett fram krafa um lausafjárþekju, sem segir að stofnanir verði að eiga lausafjáreignir til að tryggja að þær viðhaldi fjárhæðum varaforða lauss fjár sem nægja til að mæta mögulegu ójafnvægi á milli innstreymis og útstreymis lausafjár.

2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 ([2]), sem samþykkt var samkvæmt 460. gr. reglugerðar nr. 575/2013, greinir ítarlega frá kröfunni um lausafjárþekju.

3) Ef rökstudd þörf fyrir lausafjáreignir í ljósi kröfu um lausfjárþekju er meiri en nemur tiltækileika þessara eigna í gjaldmiðli skulu ein eða fleiri undanþágur gilda um þann gjaldmiðil, eins og fram kemur í 2. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4) Því er nauðsynlegt að auðkenna þá gjaldmiðla sem ættu að fá undanþágu og tilgreina að hvaða marki slík undanþága ætti að vera tiltæk.

5) Til að meta rökstudda þörf fyrir lausafjáreignir notaði Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) bestu fáanleg gögn sem lögbær yfirvöld gátu veitt um lausafjáreignir í gjaldmiðli og fjárhæð lausafjáreigna sem aðrir fjárfestar gerðu kröfu um og því ekki tiltæk til að mæta þörfum stofnana fyrir lausafjáreignir.

6) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur auðkennt norska krónu (NOK) sem gjaldmiðil með takmarkanir á tiltækileika lausafjáreigna. Auðkenningin fór fram fyrir gildistöku framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61, þar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin mat tiltækileika lausafjáreigna í samræmi við alþjóðlega staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur samþykkt. Við matið kannaði Evrópska bankaeftirlitsstofnunin fjárhæðir lausafjáreigna, sem ekki er krafist af einingum sem falla ekki undir reglugerð (ESB) nr. 575/2013, og bar saman við þarfir stofnana á grundvelli áætlaðs, vegins, hreins útstreymis handbærs fjár næstu 30 daga, með tilliti til þaks á innstreymi, þátta sem eru líklegir til að hafa áhrif á skort á lausafjáreignum á þriggja til fimm ára tímabili og 110% markmið fyrir kröfu um lausafjárþekju.

7) Niðurstaða mats Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar var sú að rökstudd þörf fyrir lausafjáreignir væri meiri en næmi tiltækileika lausafjáreigna í norskum krónum. Ríkisskuldabréf eru meðal auðseljanlegustu lausafjáreigna en hvað Noreg varðar er framboð á norskum ríkisskuldabréfum tiltölulega takmarkað vegna góðrar fjárhagsstöðu. Þótt alþjóðlegar stofnanir og fjölþjóðlegir þróunarbankar hafi einnig gefið út skuldabréf í norskum krónum í háum fjárhæðum fóru þessar útgáfur að mestu leyti fram í lokuðu útboði á vegum erlendra fjárfesta og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lítur því ekki á þær sem auðseljanlegar og tiltækar stofnunum innan gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Að lokum var mat Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar byggt á alþjóðlegum lausafjárstöðlum sem Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti á meðan mat á því hvort rökstudd þörf á lausafjáreignum sé umtalsvert meiri en tiltækileiki lausafjáreigna í gjaldmiðli ætti að byggjast á skilgreindum lista yfir lausafjáreignir sem ákvarðaður er í framseldri reglugerð (ESB) 2015/61. Sá listi tiltekur meira úrval lausafjáreigna, einkum í tengslum við sértryggð skuldabréf. Hins vegar nægir þessi

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. EB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 frá 10. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekjukröfu fyrir lánastofnanir (Stjtíð. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 1).

munur ekki til að breyta þeirri niðurstöðu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að rökstudd þörf fyrir lausafjáreignir sé meiri en nemur tiltækileika lausafjáreigna í norskum krónum.

8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um srögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010. Í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]) studdi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins með breytingum drög að tæknilegum framkvæmdarstaðli sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fram, eftir að hafa sent drögin að tæknilegum framkvæmdarstaðli aftur til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar með útskýringum á breytingunum. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veitti formlegt álit sem styður þessar breytingar og staðfestir að ekki ætti að breyta þeirri fjárhæð rökstuddrar þarfar fyrir lausafjáreignir sem er umfram tiltækileika lausafjáreigna í norskum krónum eins og lagt er til að hún sé í upphaflegu drögunum að tæknilegum framkvæmdarstaðli.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Rökstudd þörf fyrir lausafjáreignir í ljósi kröfunnar í 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal teljast umfram tiltækileika þeirra lausafjáreigna í gjaldmiðlum sem tilgreindir eru í viðauka við þessa reglugerð sem nemur hundraðshlutanum sem tilgreindur er í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

VIÐAUKI

Listi yfir gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjáreigna

Nr.	Gjaldmiðill	Réttmæt þörf fyrir lausafjáreignir er umfram tiltækileika sem nemur tilgreindum hundraðshluta
1.	Norsk króna	63%

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 524/2014 **2020/EES/69/13**

frá 12. mars 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru þær upplýsingar sem lögbær yfirvöld í heima- og gistiaðildarríkjum láta hvert öðru í té (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirliti með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ([1]), einkum 6. mgr. 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja skilvirka samvinnu milli lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjunum ættu upplýsingaskipti að vera gagnkvæm, innan eftirlitsheimilda þessara yfirvalda eftir því sem við á. Því er nauðsynlegt að tilgreina hvaða upplýsingar um stofnanir og, þar sem við á, um starfsemi útibúa þeirra, lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu ættu að veita lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu, og eins hvaða upplýsingar um útibú lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu skuli veita lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu.

2) Upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjum ættu að skoðast í víðara samhengi við eftirlit með bankasamstæðum sem starfa yfir landamæri og, þar sem við á, mætti veita upplýsingar á samstæðugrundvelli. Þetta á einkum við ef endanlegt móðurfélag stofnunar er í aðildarríkinu þar sem stofnunin hefur aðalskrifstofu sína og hlutaðeigandi lögbært yfirvald er einnig eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, en þá ætti að gefast kostur á að veita upplýsingar á samstæðustigi fremur en á stigi stofnunar sem starfar í gegnum útibú. Í því tilviki ætti lögbært yfirvald þó að tilkynna lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkja að upplýsingarnar séu veittar á samstæðustigi.

3) Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjum takmarkast ekki við þær gerðir upplýsinga sem tilgreindar eru í 50. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, og þar af leiðandi ekki heldur við þær gerðir upplýsinga sem tilgreindar eru í þessari reglugerð. Einkum á þetta við 35., 36., 39., 43. og 52. gr. tilskipunar 2013/36/ESB þar sem sett eru fram sérstök ákvæði um upplýsingaskipti varðandi sannprófun á staðnum á útibúum, tilkynningar um neytingu staðfesturéttar og frelsi til að veita þjónustu, og ráðstafanir, þar með taldar varúðarráðstafanir, sem teknar eru af lögbærum yfirvöldum í tengslum við útibú og móðurfélög þeirra. Í þessari reglugerð ætti því ekki að tilgreina kröfur um upplýsingaskipti á þessum sviðum.

4) Í þeim tilgangi að samræma stjórnvalds- og eftirlitsaðgerðir innan Sambandsins er nauðsynlegt að mæla fyrir um kröfur viðvíkjandi upplýsingarnar sem skipst verður á milli lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjum. Þessar upplýsingar ættu að ná yfir öll sviðin sem tilgreind eru í 50. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, þ.e. stjórnun og eignarhald, þ.m.t. viðskiptasvið eins og þau sem um getur í 317. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([2]), lausafjárstöðu og niðurstöður sem varða lausafjáreftirlit, gjaldþol, innstæðutryggingar, stórar áhættuskuldbindingar, kerfisáhættu, stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og innra eftirlitskerfi. Til að auðvelda vöktun á stofnunum ættu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

lögbær yfirvöld í gisti- og heimaaðildarríkjum að upplýsa hvert annað um tilvik þar sem landslögum eða Sambandslögum hefur ekki verið fylgt, jafnt og um eftirlitsráðstafanir og viðurlög sem lögð eru á stofnanir. Enn fremur ættu viðbótarupplýsingar um vogun og viðbúnað við neyðarástandi að falla innan umfangs upplýsinga sem lögbær yfirvöld í heima- og gistiaðildarríkjum skiptast á svo að þau síðarnefndu geti vaktað stofnanir á skilvirkan hátt.

5) Þegar álag á lausafjárstöðu hefur áhrif á eða búist er við að hafi áhrif á stofnun þurfa lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkjum að hafa skýra mynd af stöðunni til að geta gert varúðarráðstafanir í samræmi við skilyrðin sem eru sett fram í 43. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. Þessi reglugerð ætti þess vegna að kveða á um skýrar reglur um hvers konar upplýsingum skipst skuli á milli yfirvalda þegar álag verður á lausafjárstöðu. Einnig er nauðsynlegt að tilgreina upplýsingarnar sem skiptast skal á svo að yfirvöld geti undirbúið sig með góðum fyrirvara fyrir neyðarástand eins og því sem vísað er til í 1. mgr. 114. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

6) Þar sem útibú sem starfrækt eru í gistiaðildarríkjum eru mismunandi að stærð, samsetningu og þýðingu, er mikilvægt að nota meðalhófsregluna við upplýsingaskipti. Með það að markmiði ættu lögbær yfirvöld heima- og gistiaðildarríkja að skiptast á mun umfangsmeiri upplýsingum þegar lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkjum eru ábyrg fyrir útibúum sem teljast þýðingamikil í samræmi við 51. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

7) Til að tryggja að skipst sé á viðeigandi upplýsingum innan skynsamlegra marka, um leið og komist er hjá aðstæðum þar sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu eru skuldbundin til að áframsenda allar upplýsingar um stofnun, án tillits til eðlis hennar og mikilvægis, til allra lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkja, ætti, í sérstökum tilvikum, aðeins að senda upplýsingar sem eiga við um tiltekið útibú og eingöngu til þeirra lögbæru yfirvalda sem eru í forsvari fyrir eftirliti með því útibúi. Á nokkrum sértækum sviðum ættu lögbær yfirvöld í heima- og gistiaðildarríkjum, af svipuðum ástæðum, eingöngu að skiptast á upplýsingum um tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, sem þýðir að ekki ætti að skiptast á upplýsingum þegar stofnunin heldur í heiðri landslög og Sambandslög.

8) Þessi reglugerð ætti einnig að fjalla um upplýsingaskipti í tengslum við starfsemi sem stunduð er í gistiaðildarríki í formi þjónustu sem veitt er yfir landamæri. Í ljósi eðlis þjónustu yfir landamæri standa lögbær yfirvöld gistiaðildarríkja frammi fyrir skorti á upplýsingum um starfsemi sem fer fram innan þeirra lögsögu, og þess vegna er mjög mikilvægt að tilgreina nákvæmlega hvaða upplýsingum eigi að skiptast á í þeim tilgangi að tryggja fjármálastöðugleika og vakta skilyrði fyrir starfsleyfi, einkum að vakta hvort stofnunin veiti þjónustu í samræmi við tilkynningarnar þar að lútandi.Reglugerð þessi byggir á frumvarpi að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

9) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Þessi reglugerð tilgreinir þær upplýsingar sem lögbær yfirvöld í gisti- og heimaaðildarríkjum skulu láta hvert öðru í té í samræmi við 50. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

2. Í henni eru settar fram reglur um upplýsingarnar sem skipst skal á í tengslum við stofnun sem starfar í gegnum útibú eða nýtir sér frelsi til að veita þjónustu í einu eða fleiri aðildarríkjum öðrum en því þar sem aðalskrifstofa hennar er staðsett.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. gr.

Upplýsingar á samstæðugrundvelli

Þegar endanlegu móðurfélagi stofnunar er komið á fót í sama aðildarríki og stofnunin er með aðalskrifstofu sína, og lögbært yfirvald í heimaaðildarríki stofnunarinnar er einnig eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, skal það lögbæra yfirvald, eftir því sem við á í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB, láta í té upplýsingar um þessa stofnun á samstæðustigi og upplýsa lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis um að upplýsingarnar séu látnar í té á þeim grundvelli.

II. KAFLI

UPPLÝSINGASKIPTI UM STOFNANIR SEM STARFA Í GEGNUM ÚTIBÚ

3. gr.

Upplýsingar um stjórnun og eignarhald

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu í té upplýsingar um stjórnskipulag stofnunar, þ.m.t. viðskiptasvið hennar og tengsl hennar við einingar innan samstæðunnar.

2. Í viðbót við upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr., skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins láta lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis sem hefur eftirlit með þýðingarmiklu útibúi, eins og um getur í 51. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, í té eftirfarandi upplýsingar í tengslum við stofnun:

a) skipulag stjórnar og yfirstjórnar, þ.m.t. úthlutun ábyrgðar vegna umsjónar með útibúi,

b) listann yfir hluthafa og meðlimi með virka eignarhluta byggðan á upplýsingum sem lánastofnunin veitir í samræmi við 1. mgr. 26. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

4. gr.

Upplýsingar um lausafjárstöðu og niðurstöður af lausafjáreftirliti

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu í té eftirfarandi upplýsingar:

a) alla meiri háttar annmarka í stýringu lausafjáráhættu stofnunar sem lögbær yfirvöld hafa vitneskju um og geta haft áhrif á útibú, allar tengdar eftirlitsráðstafanir sem hafa verið gerðar í tengslum við þessa annmarka, og að hve miklu leyti stofnunin hefur farið að ákvæðum þessara eftirlitsráðstafana,

b) heildarmat sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hafa gert á lausafjáráhættustefnu og áhættustjórnun stofnunar, einkum í tengslum við útibú,

c) hlutföll stofnunar sem tilgreina lausafjárstöðu hennar og stöðu tryggrar fjármögnunar á landsvísu eða innan Sambandsstigs í innlendum gjaldmiðli heimaaðildarríkis stofnunarinnar og í öllum öðrum gjaldmiðlum sem eru veigamiklir fyrir stofnunina,

d) þættina í lausafjárauka stofnunar,

e) umfang veðsetningar eigna stofnunar,

f) hlutfall innlána stofnunar á móti útlánum,

g) hvers konar innlent lausafjárhlutfall sem á við um stofnun, sem hluti af ráðstöfunum í þjóðhagsvarúðarstefnu lögbærra yfirvalda eða tilnefnds yfirvalds, hvort heldur bindandi kröfur, leiðbeiningar, tilmæli, viðvaranir eða annað, þ.m.t. skilgreiningar á þessum hlutföllum,

h) sérhverjar sértækar kröfur um lausafjárstöðu sem beitt er í samræmi við 105. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

i) sérhverjar hindranir á flutningi reiðufjár og veða frá útibúum stofnunar.

2. Þegar lögbær yfirvöld hafa fallið, í heild eða að hluta, frá beitingu sjötta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gagnvart stofnun í samræmi við 8. gr. sömu reglugerðar, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu láta í té upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. á undirsamstæðugrundvelli eða, í samræmi við 2. gr. þessarar reglugerðar, á samstæðugrundvelli.

3. Til viðbótar við upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu, sem hefur eftirlit með mikilvægu útibúi, í té eftirfarandi upplýsingar:

a) lausafjár- og fjármögnunarstefnu stofnunarinnar, þ.m.t. lýsingu á fjármögnunarfyrirkomulagi útibúa hennar, sérhverju stuðningsfyrirkomulagi innan samstæðu og verklagsreglur um miðlægan sjóðspott,

b) lausafjár- og varúðarfjármögnunaráætlun stofnunarinnar, þ.m.t. upplýsingar um ætlaðar álagssviðsmyndir.

5. gr.

Upplýsingar um gjaldþol

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu upplýsa lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu um hvort stofnun fari að eftirfarandi kröfum:

a) kröfunum um eiginfjárgrunn, sem mælt er fyrir um í 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með tilliti til sérhverra ráðstafanna sem samþykktar eru eða viðurkenndar í samræmi við 458. gr. þeirrar reglugerðar og, þar sem við á, með tilliti til umbreytingarfyrirkomulagsins sem mælt er fyrir um í tíunda hluta þeirrar reglugerðar,

b) sérhverjum kröfum um viðbótareiginfjárgrunn sem lagðar eru á í samræmi við 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

c) kröfunum um eiginfjárauka sem settar eru fram í 4. kafla VII. bálks tilskipunar 2013/36/ESB.

2. Til viðbótar við upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu sem hefur eftirlit með mikilvægu útibúi stofnunar sem lýtur kröfum um eiginfjárgrunn í té eftirfarandi upplýsingar:

a) hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 stofnunarinnar, í skilningi a-liðar 2. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) hlutfall eiginfjárþáttar 1 stofnunarinnar, í skilningi b-liðar 2. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) heildar eiginfjárhlutfall stofnunarinnar, í skilningi c-liðar 2. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) heildar áhættufjárhæð stofnunarinnar, í skilningi 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

e) kröfurnar um eiginfjárgrunn sem gilda í heimaaðildarríkinu í samræmi við 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með tilliti til sérhverra ráðstafanna samþykktra eða viðurkenndra í samræmi við 458. gr. þeirrar reglugerðar og, þar sem við á, með tilliti til umbreytingarfyrirkomulagsins sem mælt er fyrir um í tíunda hluta þeirrar reglugerðar,

f) verndunaraukann sem stofnunin þarf að viðhalda í samræmi við 129. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

g) stig sérhvers hagsveiflujöfnunarauka fyrir tilgreinda stofnun sem hún þarf að viðhalda í samræmi við 130. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

h) stig sérhvers kerfisáhættuauka sem stofnunin þarf að viðhalda í samræmi við 133. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

i) stig sérhvers eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga fjármálastofnun (O-SII) sem stofnunin þarf að viðhalda í samræmi við 4. og 5. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

j) stig sérhverra krafna um viðbótareiginfjárgrunn sem lagðar eru á í samræmi við a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og sérhverjar aðrar kröfur sem lagðar eru á varðandi gjaldþol stofnunarinnar í samræmi við þá grein.

3. Þegar fallið hefur verið frá beitingu viðeigandi ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 í samræmi við 7., 10. eða 15. gr. þeirrar reglugerðar, eða kröfurnar sem settar eru fram í 10. og 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2013/36/ESB verið felldar niður í samræmi við 21. gr. þeirrar tilskipunar 2013/36/ESB, eða stofnun hefur fengið leyfi til að beita þeirri meðhöndlun sem um getur í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu láta í té upplýsingarnar, sem settar eru fram í 2. mgr., á undirsamstæðurstigi eða, í samræmi við 2. gr. þessarar reglugerðar, á samstæðugrundvelli.

6. gr.

Upplýsingar um innstæðutryggingakerfi [áður: innlánatryggingakerfi]

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu greina lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu frá heiti innstæðutryggingakerfisins sem stofnun tilheyrir í samræmi við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB ([4]).

2. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu í té eftirfarandi upplýsingar í tengslum við innstæðutryggingakerfið sem um getur í 1. mgr.:

a) hámarksvernd innstæðutryggingakerfisins á hvern innistæðueiganda sem heyrir undir það,

b) umfang verndar og gerð innstæðna sem eru verndaðar,

c) hvers konar útilokun frá vernd, þ.m.t. afurðir og gerðir innstæðueiganda,

d) fjármögnunarfyrirkomulag innstæðutryggingakerfisins, einkum hvort kerfið er fjármagnað fyrirfram (e. *ex-ante*) eða eftirá (e. *ex-post*) og stærð kerfisins,

e) samskiptaupplýsingar við stjórnanda kerfisins.

3. Upplýsingarnar sem settar eru fram í 2. mgr. skulu eingöngu veittar lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis í eitt skipti í tengslum við hvert viðkomandi innstæðutryggingakerfi. Þegar breyting verður á upplýsingunum sem látnar hafa verið í té, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu í té uppfærðar upplýsingar.

7. gr.

Upplýsingar varðandi takmörkun stórra áhættuskuldbindinga

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu í té upplýsingar um sérhvert tilvik þar sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hafa ályktað um að stofnun hafi ekki fylgt viðeigandi takmörkunum um stórar áhættuskuldbindingar og kröfum sem mælt er fyrir um í fjórða hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Upplýsingarnar sem veita á skulu varpa ljósi á tilvikið og eftirlitsráðstafanirnar sem hafa verið gerðar eða áætlað er að gera.

8. gr.

Upplýsingar um kerfisáhættu af völdum stofnunar

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu upplýsa lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu um þegar stofnun hefur verið tilgreind sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða sem önnur kerfislega mikilvæg stofnun (O-SII) í samræmi við 1. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. Þegar stofnunin hefur verið staðfest sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu, skulu upplýsingarnar sem látnar eru í té ná yfir undirflokkinn sem hún tilheyrir.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi (Stjtíð. EB L 135, 31.5.1994, bls. 5).

9. gr.

Upplýsingar um stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu í té upplýsingar um sérhvert tilvik þar sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hafa ályktað um að stofnun hafi ekki farið eftir viðeigandi reikningsskilastöðlum og verklagi sem stofnunni ber að fylgja í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1606/2002 ([5]). Upplýsingarnar sem veita á skulu varpa ljósi á tilvikið og eftirlitsráðstafanirnar sem hafa verið gerðar eða áætlað er að gera.

2. Þegar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. eiga aðeins við um tiltekið útibú, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu eingöngu láta upplýsingarnar í té lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu þar sem viðkomandi útibú hefur staðfestu.

10. gr.

Upplýsingar um innri eftirlitskerfi

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu í té upplýsingar um sérhvert tilvik þar sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hafa ályktað um að stofnun hafi ekki fylgt kröfum um innri eftirlitskerfi, þ.m.t. áhættustjórnun, áhættueftirlit og fyrirkomulag innri endurskoðunar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB. Upplýsingarnar sem veita á skulu varpa ljósi á tilvikið og eftirlitsráðstafanirnar sem hafa verið gerðar eða áætlað er að gera.

2. Þegar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. eiga aðeins við um tiltekið útibú, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu eingöngu láta upplýsingarnar í té lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu þar sem viðkomandi útibú hefur staðfestu.

11. gr.

Upplýsingar um vogun

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu í té upplýsingar um sérhvert tilvik þar sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hafa ályktað um að stofnun hafi ekki fylgt kröfum um vogunarhlutföll samkvæmt sjöunda hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og, þar sem við á, með tilliti til umbreytingarákvæðanna í 499. gr. þeirrar reglugerðar. Upplýsingarnar sem veita á skulu varpa ljósi á tilvikið og eftirlitsráðstafanirnar sem hafa verið gerðar eða áætlað er að gera.

2. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu í té allar upplýsingar sem stofnun hefur birt í samræmi við 451. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um vogunarhlutfall hennar og stjórnun hennar á hættu á of mikilli vogun.

12. gr.

Upplýsingar um þegar almennt ekki er farið að tilskildum ákvæðum

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu í té upplýsingar um sérhvert tilvik þar sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hafa ályktað um að stofnun hafi ekki fylgt lands- eða Sambandslögum eða kröfum í tengslum við varfærniseftirlit eða eftirlit með markaðsháttsemi stofnana, þ.m.t. kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB, öðrum en kröfunum sem um getur í 3. til 11. gr. þessarar reglugerðar. Upplýsingarnar sem veita á skulu varpa ljósi á tilvikið og eftirlitsráðstafanirnar sem hafa verið gerðar eða áætlað er að gera.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

2. Þegar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. eiga aðeins við um tiltekið útibú, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu eingöngu láta upplýsingarnar í té lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu þar sem viðkomandi útibú hefur staðfestu.

13. gr.

Boðskipti um eftirlitsráðstafanir og viðurlög

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu upplýsa lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu um sérhver af eftirfarandi viðurlögum eða ráðstöfunum sem gerðar hafa verið á eða beitt gagnvart stofnun og sem hafa áhrif á starfsemi útibús:

a) stjórnsýsluviðurlög sem lögð eru á eða aðrar stjórnvaldsráðstafanir sem beitt hefur verið skv. 64. til 67. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

b) eftirlitsráðstafanir sem lagðar eru á skv. 104. eða 105. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

c) refsiviðurlög sem lögð eru á er varða brot á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða ákvæði landslaga sem eru til lögleiðingar tilskipunar 2013/36/ESB.

2. Þegar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. eiga aðeins við um tiltekið útibú, þurfa lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu eingöngu að láta upplýsingarnar í té lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu þar sem viðkomandi útibú hefur staðfestu.

14. gr.

Upplýsingar um undirbúning fyrir neyðarástand

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu og lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu skulu skiptast á upplýsingum um undirbúning fyrir neyðarástand. Einkum skulu þau tilkynna hvert öðru um eftirfarandi:

a) neyðarsamskiptaupplýsingar þess aðila hjá lögbærum yfirvöldum sem er ábyrgur fyrir viðbrögðum við neyðarástandi,

b) samskiptaaðferðir sem skal nota þegar um neyðarástand er að ræða.

15. gr.

Upplýsingar frá yfirvöldum í gistiaðildarríki

Án þess það hafi áhrif á kröfurnar um upplýsingaskipti í framhaldi af eftirlitsúttektum á útibúum skv. 3. mgr. 52. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, skulu lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu láta lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu í té eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á sérhverju tilviki þar sem lögbær yfirvöld hafa ályktað um að stofnun hafi ekki fylgt landslögum eða Sambandslögum eða kröfum í tengslum við varfærniseftirlit eða eftirlit með markaðsháttsemi stofnunar, þ.m.t. kröfum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og ákvæðum landslaga sem eru til lögleiðingar tilskipunar 2013/36/ESB, ásamt skýringum á þeim eftirlitsráðstöfunum sem gerðar hafa verið eða áætlað er að gera í því skyni að ráða bót á því að ekki var farið að tilskildum ákvæðum,

b) lýsingu á sérhverju tilviki þar sem ekki hefur verið farið að skilyrðunum sem, í þágu almennra hagsmuna, starfsemi útibúsins á að fylgja í gistiaðildarríkinu,

c) sérhverja greiningu á kerfisáhættu sem útibú eða starfsemi þess veldur í gistiaðildarríkinu, þ.m.t. sérhvert mat á líklegum áhrifum af tímabundinni sviptingu eða lokun starfsemi útibúsins á eftirfarandi:

   i. lausu fé í fjármálakerfinu,

   ii. greiðslukerfi,

   iii. greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfi,

d) markaðshlutdeild útibúsins þegar hún fer yfir 2% af heildarmarkaðnum í gistiaðildarríkinu í öðrum hvorum eftirfarandi flokka:

i. innlánum,

ii. útlánum,

e) sérhverja hindrun á yfirfærslu reiðufjár og trygginga til eða frá útibúinu.

III. KAFLI

UPPLÝSINGASKIPTI UM VEITENDUR ÞJÓNUSTU YFIR LANDAMÆRI

16. gr.

Upplýsingar um veitendur þjónusta yfir landamæri

Við móttöku beiðni um upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki í tengslum við starfsemi stofnunar sem veitir þjónustu í því gistiaðildarríki, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu láta í té eftirfarandi upplýsingar:

a) sérhvert tilviki þar sem lögbær yfirvöld hafa ályktað um að stofnun hafi ekki fylgt landslögum eða Sambandslögum eða kröfum í tengslum við varfærniseftirlit eða eftirlit með markaðsháttsemi stofnunar, þ.m.t. kröfum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og ákvæðum landslaga sem eru til lögleiðingar tilskipunar 2013/36/ESB, ásamt skýringum á þeim eftirlitsráðstöfunum sem gerðar hafa verið eða áætlað er að gera í því skyni að ráða bót á því að ekki var farið að tilskildum ákvæðum,

b) heildarfjárhæð innlána frá íbúum gistiaðildarríkisins,

c) heildarfjárhæð útlána veitt íbúum gistiaðildarríkisins,

d) í tengslum við starfsemi sem skráð er í I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB sem stofnunin hefur tilkynnt um að hún óski eftir að stunda í gistiaðildarríkinu í formi þjónustustarfsemi:

i. í hvaða formi stofnunin stundar starfsemi sína,

ii. mikilvægustu þættirnir í starfseminni m.t.t. starfsemi stofnunarinnar í gistiaðildarríkinu,

iii. staðfesting á því hvort starfsemin, sem tilgreind er sem kjarnastarfsemi í tilkynningunni sem stofnunin hefur látið í té skv. 39. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, sé í raun innt af hendi af stofnun.

IV. KAFLI

UPPLÝSINGASKIPTI UM STOFNANIR SEM STARFA Í GEGNUM ÚTIBÚ EF UM ER AÐ RÆÐA ÁLAG Á LAUSAFJÁRSTÖÐU SEM HEFUR ÁHRIF Á STOFNUNINA EÐA ÚTIBÚIÐ SJÁLFT

17. gr.

Umfang upplýsingaskipta við álag á lausafjárstöðu

1. Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu telja að álag sé á lausafjárstöðu, eða búist er við með nokkurri vissu að svo verði, að því er varðar stofnun skulu þau samstundis tilkynna það lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu og láta í té upplýsingarnar sem settar eru fram í 3. mgr.

2. Ef lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu telja að álag sé á lausfjárstöðu, eða búist er við með nokkurri vissu að svo verði, að því er varðar útibú, sem er með staðfestu í því aðildarríki, skulu þau samstundis tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu og láta í té upplýsingarnar sem settar eru fram í 3. mgr.

3. Lögbær yfirvöld skulu láta í té eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á ástandinu sem hefur skapast, þ.m.t. hina undirliggjandi ástæðu fyrir álagsástandinu, væntanlegum áhrifum af álaginu á lausafjárástöðu á stofnunina, og framvindu varðandi viðskipti innan samstæðunnar,

b) útskýringu á þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar eða áætlað er að gera, hvort heldur af lögbærum yfirvöldum eða af stofnuninni, þ.m.t. sérhverjar kröfur sem lagðar eru á stofnunina af lögbærum yfirvöldum til að draga úr álaginu á lausafjárstöðuna,

c) niðurstöðurnar af mati á kerfistengdum afleiðingum álagsins á lausafjárstöðuna,

d) nýjustu tölulegu upplýsingarnar sem tiltækar eru um lausafjárstöðu, tilgreindar í c- til h-lið 1. mgr. 4. gr.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/822 2020/EES/69/14

frá 21. apríl 2016

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 að því er varðar tímaramma innlausnartímabils sem taka skal til athugunar fyrir mismunandi flokka fjármálagerninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 5. mgr. 41. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 ([2]) mælir fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur til miðlægra mótaðila (CCP) að því er varðar tímaramma innlausnartímabils sem taka skal til athugunar fyrir mismunandi flokka fjármálagerninga. Nauðsynlegt er að uppfæra þessa tæknilegu eftirlitsstaðla til samræmis við viðeigandi þróun á sviði reglusetningar.

2) Í þeim tilgangi að reikna út kröfur um tryggingar sem nauðsynlegar eru til að verja miðlægan mótaðila fyrir markaðsáhættu er tiltekið skipulag reikninga, á grundvelli innlausnartímabils sem er að lágmarki einn dagur reiknað á vergum grunni, nægileg vernd fyrir miðlægu mótaðilana, verndar viðskiptavinina betur og dregur úr kerfisáhættu. Því ætti að heimila þetta lágmarks innlausnartímabil að því er varðar stöðustofnun staðna viðskiptavina í öðrum fjármálagerningum en OTC-afleiðum að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

3) Að teknu tilliti til þess að einstakir aðgreindir reikningar tryggja viðskiptavinum enn hærra verndarstig en vergir sameiginlegir reikningar (e. *omnibus accounts*) ætti að vera lágmarks innlausnartímabil fyrir einstaka aðgreinda reikninga til að reikna út tryggingar sem hafa sama binditíma og vergir sameiginlegir reikningar.

4) Fyrir miðlæga mótaðila sem úthluta ekki viðskiptunum á hvern viðskiptavin innan dags gæti stytting lágmarks innlausnartímabilsins úr tveimur dögum í einn dag haft það í för með sér að miðlægi mótaðilinn, að því er varðar ný viðskipti sem stöðustofnuð eru þann dag en ekki úthlutuð til einstakra viðskiptavina, innkalli tryggingar á hreinum grunni daglega. Þetta getur haft verulegt tap í för með sér fyrir miðlægan mótaðila ef um er að ræða verðsveiflur innan dags sem hrinda ekki af stað innköllun trygginga innan dagsins. Því þarf að setja sértæk viðmiðunarmörk til að tryggja að miðlægir mótaðilar innkalli tryggingar innan dags og njóti fullnægjandi verndar þrátt fyrir að innlausnartímabilið sé stytt.

5) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 137, 26.5.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur til miðlægra mótaðila (Stjtíð ESB L 52, 23.2.2013, bls. 41).

6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og seðlabankakerfi Evrópu.

7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]), haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 26. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 153/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Að því er varðar 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal miðlægur mótaðili ákvarða viðeigandi tímaramma innlausnartímabilsins að teknu tilliti til eiginleika fjármálagerninganna sem eru stöðustofnaðir, tegundar reiknings sem fjármálagerningurinn er varðveittur á, markaðarins þar sem viðskipti eru með fjármálagerninginn og eftirfarandi lágmarkstímaramma fyrir innlausnartímabilið:

a) fimm viðskiptadagar fyrir OTC-afleiður,

b) tveir viðskiptadagar fyrir aðra fjármálagerninga en OTC-afleiður sem varðveittir eru á reikningum sem uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í c-lið,

c) einn viðskiptadagur fyrir aðra fjármálagerninga en OTC-afleiður sem varðveittir eru á sameiginlegum reikningum viðskiptavina eða aðgreindum reikningum viðskiptavina að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. miðlægi mótaðilinn heldur aðgreindar skrár yfir stöður hvers viðskiptavinar a.m.k. í lok hvers dags, reiknar út tryggingar fyrir hvern viðskiptavin og innkallar samtölu krafna um tryggingar sem gildir um hvern og einn viðskiptavin á vergum grunni,

ii. miðlægi mótaðilinn kann deili á öllum viðskiptavinum sínum,

iii. stöðurnar sem varðveittar eru á reikningnum eru ekki eignastöður fyrirtækja innan sömu samstæðu og stöðustofnunaraðilinn,

iv. miðlægi mótaðilinn mælir áhættuskuldbindingarnar og reiknar út kröfur um upphafstryggingar og viðbótartryggingarkröfur fyrir hvern reikning á því sem næst rauntíma og a.m.k. einu sinni á klukkustund yfir daginn með því að nota uppfærðar stöður og verð,

v. ef miðlægi mótaðilinn úthlutar ekki sérhverjum viðskiptavini nýjum viðskiptum innan dagsins innkallar miðlægi mótaðilinn tryggingar innan einnar klukkustundar ef krafan um tryggingar, sem reiknuð er út í samræmi við iv. lið, er hærri en 110% af uppfærðum aðgengilegum tryggingum í samræmi við X. kafla nema fjárhæð tryggingar innan dagsins sem greiða skal miðlæga mótaðilanum sé ekki umtalsverð á grundvelli fyrirframskilgreindrar fjárhæðar sem miðlægi mótaðilinn hefur skilgreint og lögbært yfirvald samþykkt og að því marki sem viðskipti sem hefur þegar verið úthlutað til viðskiptavina eru tryggð, aðskilið frá viðskiptunum sem ekki er úthlutað yfir daginn.

2. Við ákvörðun á viðeigandi tímaramma fyrir innlausnartímabilið skal miðlægi mótaðilinn í öllum tilvikum meta og taka saman a.m.k. eftirfarandi:

a) lengsta mögulega tímann sem má líða frá seinustu innheimtu miðlæga mótaðilans á tryggingum þar til að hann tilkynnir um vanskil eða virkjar vanskilaferlið,

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

b) tímann sem talið er að þurfi til að hanna og framkvæma áætlunina um stýringu vanskila stöðustofnunaraðila samkvæmt einkennum hvers flokks fjármálagerninga, þ.m.t. seljanleika hans og stærð og samþjöppun staðnanna, og markaðanna sem miðlægur mótaðili mun nota til að loka eða áhættuverja að fullu stöðu stöðustofnunaraðila,

c) ef við á, tímann sem þarf til að ná yfir mótaðilaáhættu sem miðlægi mótaðilinn er óvarinn fyrir“,

2) Í stað b-liðar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„b) slíkur tímarammi er a.m.k. tveir viðskiptadagar, eða einn viðskiptadagur ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. eru uppfyllt.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1608 2020/EES/69/15

frá 17. maí 2016

um breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ([1]), einkum 18. mgr. 131. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014 ([2]) er sett fram aðferðafræði til tilgreiningar á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu (G-SIIs) sem lýst er í tilskipun 2013/36/ESB. Í framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 er einkum kveðið á um mælanlegu vísana sem mynda flokkana fimm sem mæla kerfislegt mikilvægi banka sem sett er fram í tilskipun 2013/36/ESB. Í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 koma fram nákvæmar tækniforskriftir fyrir gildi vísa.

2) Í framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 er tekið mið af alþjóðlegu stöðlunum sem Baselnefndin um bankaeftirlit útfærði um aðferðafræðina við að meta kerfislega mikilvæga banka á alþjóðavísu og um kröfuna um meiri getu til að taka á sig tap, m.a. tækniforskriftir fyrir vísa sem notaðir eru til að greina kerfislega mikilvæga banka á alþjóðavísu.

3) Aðferðafræði Baselnefndarinnar um bankaeftirlit til að meta kerfislega mikilvæga banka á alþjóðavísu og um kröfuna um meiri getu til að taka á sig tap er uppfærð reglulega. Baselnefndin um bankaeftirlit birti nýlega lítillega endurskoðað skýrslusnið og skýrslugjafarfyrirmæli fyrir gagnasöfnun ársins 2016 sem byggir á gögnum við lok ársins 2015. Frekari uppfærslna er að vænta í framtíðinni.

4) Til að endurspegla núverandi þróun í alþjóðlega bankakerfinu og minnka stjórnsýsluálag á stofnanir er mikilvægt að tryggja að gildi vísanna séu ákvörðuð í samræmi við alþjóðlega samþykkta staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit kom á. Viðeigandi landsyfirvöld ættu því að tryggja að gildi mælanlegu vísanna, sem kveðið er á um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014, séu ákvörðuð í samræmi við gildandi gagnasöfn sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur sett fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 240, 8.9.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014 frá 8. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu (Stjtíð. ESB L 330, 15.11.2014, bls. 27).

5) Til að tryggja samræmi við uppfærðu aðferðafræðina sem Baselnefndin um bankaeftirlit notar, ætti 6. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1222/2014 að kveða á um að ákvarðanir, sem vísað er til í 4. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 5. gr., megi styðja með „viðbótargögnum“ í stað „viðbótarvísa“.

6) Til að tryggja að gildi vísanna sem kveðið er á um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 séu ákvörðuð í samræmi við uppfærðu forskriftirnar, sem Baselnefndin um bankaeftirlit beitir, ætti að fella brott viðaukann við framselda reglugerð (ESB) nr. 1222/2014.

7) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 til samræmis við það.

8) Þar sem gagnasöfnun vegna greiningarferlisins fyrir árið 2016 hófst á fyrsta fjórðungi ársins 2016 og stofnanir þurfa skýrar línur um hvaða gögn eigi að birta, ætti þessi reglugerð að taka gildi þegar í stað.

9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 6. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„6. Ákvörðunina, sem um getur í 4. og 5. mgr., má styðja með viðbótargögnum sem skulu ekki vera vísar fyrir líkindunum á að viðkomandi eining fari í þrot. Slíka ákvörðun skal taka út frá vel skjalfestum og sannreynanlegum megindlegum og eigindlegum upplýsingum.“,

2) Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Vísar

1. Flokkurinn sem mælir stærð samstæðunnar skal samanstanda af einum vísi jöfnum heildaráhættuskuldbindingu samstæðunnar.

2. Flokkurinn sem mælir gagnkvæm tengsl samstæðunnar við fjármálakerfið skal samanstanda af öllum eftirfarandi vísum:

a) eignum innan fjármálakerfis,

b) skuldum innan fjármálakerfis,

c) útistandandi verðbréfum.

3. Flokkurinn sem mælir staðgöngu þjónustunnar eða fjármálalegra innviða er samstæðan veitir skal samanstanda af öllum eftirfarandi vísum:

a) eignum í vörslu,

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

b) greiðslustarfsemi,

c) sölutryggðum viðskiptum á skulda- og hlutabréfamörkuðum.

4. Flokkurinn sem mælir margbreytileika samstæðunnar skal samanstanda af öllum eftirfarandi vísum:

a) undirliggjandi fjárhæðum á afleiðum sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar,

b) eignum sem falla undir 3. stig flokkunar gangvirðis mældum í samræmi við framselda reglugerð (ESB) nr. 1255/2012(*),

c) verðbréfum sem ætluð eru til veltuviðskipta og sölu.

5. Flokkurinn sem mælir starfsemi samstæðunnar yfir landamæri skal samanstanda af eftirfarandi vísum:

a) kröfum yfir lögsagnarumdæmi,

b) skuldum yfir lögsagnarumdæmi.

6. Viðkomandi yfirvald skal, fyrir gögn sem eru skráð í öðrum gjaldmiðli en evru, nota viðeigandi gengi, með tilliti til viðmiðunargengisins sem Seðlabanki Evrópu birtir og gildir 31. desember, og alþjóðlegra staðla. Viðkomandi yfirvald skal nota meðalgengi fyrir viðkomandi ár fyrir vísa um greiðslustarfsemi, eins og um getur í b-lið 3. mgr.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1255/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 12, alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 13, og 20. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 20) (Stjtíð. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 78).“,

3) Síðasti málsliður 7. mgr. falli brott,

4) Viðauki þessi falli brott.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/323 2020/EES/69/16

frá 20. janúar 2017

um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 15. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 ([2]) var samþykkt 4. október 2016 og birt 15. desember 2016. Hún mælir fyrir um staðla fyrir skipti á tryggingum sem eru tímanleg, nákvæm og aðgreind á viðeigandi hátt þegar afleiðusamningar eru ekki stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila og hefur að geyma ýmsar ítarlegar kröfur sem samstæða þarf að uppfylla til að fá undanþágu frá því að leggja fram tryggingar vegna viðskipta innan samstæðu. Til viðbótar við þessar kröfur verður samstæða, ef annar tveggja mótaðila í samstæðunni er með lögheimili í þriðja landi þar sem enn liggur ekki fyrir ákvörðun um jafngildi í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, að skipta á viðbótartryggingum og viðeigandi aðgreindum upphafstryggingum fyrir öll viðskipti innan samstæðu við dótturfélög í þessum þriðju löndum. Til að komast hjá óhóflegri beitingu krafnanna um tryggingar og að teknu tilliti til svipaðra krafna fyrir stöðustofnunarskyldur, mælir framselda reglugerðin fyrir um frestun á framkvæmd þeirrar tilteknu kröfu til að nægur tími gefist til að ljúka ferlinu við að fastsetja ákvörðun um jafngildi án þess að samstæður með dótturfélög með lögheimili í þriðju löndum þurfi að ráðstafa fjármagni á óskilvirkan hátt.

2) Í 37. gr. framseldar reglugerðar (ESB) 2016/2251 vantar ákvæðið um innleiðingu viðbótartryggingarkrafnanna vegna viðskipta innan samstæðu, á þann hátt sem samsvarar ákvæðinu í 2. mgr. 36. gr. (sem tengist kröfum um upphafstryggingar). Því ætti að bæta tveimur nýjum málsgreinum við 37. gr., sem er sú grein sem tilgreinir innleiðingaráætlunina fyrir viðbótartryggingarkröfur. Þessar málsgreinar ættu að samsvara gildandi 2. og 3. mgr. 36. gr. þannig að þegar viðskipti innan samstæðu eiga sér stað milli einingar í Sambandinu og einingar í þriðja landi sé ekki krafist skipta á viðbótartryggingu fyrr en þrem árum eftir gildistöku reglugerðarinnar, ef engin ákvörðun um jafngildi

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 49, 25.2.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 frá 4. október 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtíð. ESB L 340, 15.12.2016, bls. 9).

fyrir það þriðja land liggur fyrir Þegar ákvörðun um jafngildi liggur fyrir ættu kröfurnar að gilda annaðhvort í fjóra mánuði eftir gildistöku ákvörðunarinnar um jafngildi, eða samkvæmt almennu tímaáætluninni, hvort heldur er seinna.

3) Drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem framseld reglugerð (ESB) 2016/2251 byggist á, sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar lögðu fyrir framkvæmdastjórnina 8. mars 2016, kveða á um sama innleiðingartímabili fyrir bæði upphafs- og viðbótartryggingar. Leiðréttingar er þörf vegna tæknilegrar villu í ferlinu sem leiddi til samþykktar framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251, þar sem því var sleppt að taka með tvær málsgreinar um innleiðinguna á viðbótartryggingarkröfunum vegna viðskipta innan samstæðu.

4) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2016/2251 til samræmis við það.

5) Framseld reglugerð (ESB) 2016/2251 öðlaðist gildi 4. janúar 2017. Til að tryggja samfellda beitingu á innleiðingartímabilunum fyrir upphafs- og viðbótartryggingu, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi eins fljótt og auðið er og vera beitt afturvirkt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi 3. og 4. mgr. bætist við 37. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og að uppfylltum skilyrðum 4. mgr. þessarar greinar gilda ákvæði 1. mgr. 9. gr. og 10. og 12. gr. sem hér segir:

a) þremur árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar ef engin ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar hvað varðar viðkomandi þriðja land,

b) þann eftirfarandi daga sem síðari er ef ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar hvað varðar viðkomandi þriðja land:

i. fjórum mánuðum eftir gildistökudag samþykktrar ákvörðunar skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar hvað varðar viðkomandi þriðja land,

ii. viðkomandi dag sem ákvarðaður er skv. 1. mgr.

4. Undantekningin sem um getur í 3. mgr. gildir eingöngu ef mótaðilar í OTC-afleiðusamningi, sem ekki er stöðustofnaður af miðlægum mótaðila, uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu,

b) mótaðilinn sem hefur staðfestu í þriðja landi er annaðhvort fjárhagslegur mótaðili eða ófjárhagslegur mótaðili,

c) mótaðilinn með staðfestu í Sambandinu er annað af eftirfarandi:

i. fjárhagslegur mótaðili, ófjárhagslegur mótaðili, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun eða félag í hliðarstarfsemi sem lýtur viðeigandi varfærniskröfum og mótaðilinn í þriðja landi sem um getur í a-lið er fjárhagslegur mótaðili,

ii. annaðhvort fjárhagslegur mótaðili eða ófjárhagslegur mótaðili og mótaðilinn í þriðja landi sem um getur í a-lið er ófjárhagslegur mótaðili,

d) báðir mótaðilar tilheyra að öllu leyti sömu fyrirtækjasamstæðu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

e) báðir mótaðilar falla undir fullnægjandi, miðlægar áhættumats-, greiningar- og eftirlitsaðferðir,

f) kröfunum í III. kafla er fullnægt.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 4. janúar 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/610 2020/EES/69/17

frá 20. desember 2016

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar framlengingu umbreytingartímabilanna í tengslum við lífeyriskerfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 85. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Miðlægir mótaðilar eru milliliðir milli mótaðila að samningum sem viðskipti eru með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum. Útlánaáhætta þessara mótaðila er milduð með því að krefjast tryggginga sem reiknaðar eru út til að standa straum af mögulegu tapi vegna vanskila. Miðlægir mótaðilar samþykkja aðeins auðseljanlegar eignir, yfirleitt reiðufé, sem tryggingu til að uppfylla kröfur um viðbótartryggingu svo hægt sé að innleysa þær skjótt komi til vanskila.

2) Lífeyriskerfi í mörgum aðildarríkjum eru virkir þátttakendur á OTC-afleiðumörkuðum. Lífeyriskerfi lágmarka þó almennt stöður sínar í reiðufé og eiga þess í stað fjárfestingar sem gefa hærri ávöxtun, s.s. verðbréf, til að tryggja góða ávöxtun fyrir lífeyrisþega. Einingar sem reka lífeyriskerfi, sem hafa þann megintilgang að greiða bætur við starfslok, yfirleitt í formi ævilangra greiðslna, en einnig sem tímabundnar greiðslur eða sem eingreiðsla, takmarka yfirleitt úthlutun sína við reiðufé til að hámarka skilvirkni og ávöxtun fyrir skírteinishafa sína. Þar af leiðandi myndi krafan um að slíkar einingar stöðustofni OTC-afleiðusamninga miðlægt valda því að nauðsynlegt væri að losa verulegan hluta eigna þeirra fyrir reiðufé til að þær geti uppfyllt gildandi kröfur miðlægra mótaðila um tryggingar.

3) Í 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er því kveðið á um að í þrjú ár eftir gildistöku þeirrar reglugerðar gildi stöðustofnunarskyldan, sem sett er fram í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ekki um OTC-afleiðusamninga, sem unnt er að mæla hlutlægt að dragi úr fjárfestingaráhættu sem tengist beint fjárhagslegri gjaldfærni lífeyriskerfa. Umbreytingartímabilið gildir einnig um einingar sem komið er á fót í þeim tilgangi að greiða bætur til aðila lífeyriskerfa komi til vanskila.

4) Í 2. mgr. 85. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin taki saman skýrslu þar sem metið er hvort miðlægir mótaðilar hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa viðeigandi tæknilausnir fyrir yfirfærslu lífeyriskerfa á öðrum tryggingum en reiðufé sem viðbótartryggingu. Til að framkvæma matið fyrirskipaði framkvæmdastjórnin grunnrannsókn á lausnum vegna framlagningar lífeyriskerfa á öðrum tryggingum en reiðufé til miðlægra mótaðila og jafnframt áhrifunum af því að afnema undanþáguna ef engin lausn finnst að því er varðar lækkun á eftirlaunatekjum lífeyrisþega lífeyriskerfanna sem þetta hefur áhrif á. Á grundvelli þessa samþykkti framkvæmdastjórnin skýrslu sína ([2]) 3. febrúar 2015.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 86, 31.3.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins í samræmi við 2. mgr. 85. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012, um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, þar sem metinn er árangur og viðleitni miðlægra mótaðila við þróun tæknilausna fyrir yfirfærslu lífeyriskerfa á öðrum tryggingum en reiðufé sem viðbótartryggingu og þörf á ráðstöfunum til að auðvelda slíka lausn (COM(2015) 39 endanleg útgáfa frá 3. febrúar 2015).

5) Framkvæmdastjórnin taldi, í samræmi við niðurstöður skýrslu sinnar, að miðlægir mótaðilar hafi á þessum tímapunkti ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa viðeigandi tæknilausnir og að skaðleg áhrif þess að stöðustofna OTC-afleiðusamninga miðlægt á eftirlaun væru enn óbreytt. Af þessum sökum var samþykkt framseld reglugerð (ESB) 2015/1515 ([1]), sem framlengir þriggja ára umbreytingartímabilið sem um getur í 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um tvö ár.

6) Síðan þá hefur framkvæmdastjórnin staðið fyrir samráði við almenning, sem lauk í ágúst 2015, til að taka saman skýrslu um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, í samræmi við 1. gr. 85. gr. þeirrar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin hefur einnig haft samráð við almenning með boði um að leggja fram athugasemdir við regluramma ESB um fjármálaþjónustu. Niðurstöðurnar úr samráðinu við almenning um reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og athugasemdir sem lagðar voru fram hafa staðfest að miðlægir mótaðilar hafi á þessum tímapunkti ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa viðeigandi tæknilausnir og að skaðleg áhrif þess að stöðustofna OTC-afleiðusamninga miðlægt á eftirlaun væru enn óbreytt í samræmi við skýrslu framkvæmdastjórnarinnar.

7) Því ætti að framlengja þriggja ára umbreytingartímabilið, sem um getur í 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, enn frekar.

8) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er til að hægt sé að framlengja yfirstandandi umbreytingartímabil áður en því lýkur, eða um leið og því lýkur, eftir því sem við verður komið. Síðari gildistaka gæti leitt til réttaróvissu fyrir lífeyriskerfi um það hvort þau þurfa að byrja að undirbúa komandi stöðustofnunarskyldur,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 komi eftirfarandi:

„Fram til 16. ágúst 2018 gildir stöðustofnunarskyldan sem um getur í 4. gr. ekki um OTC-afleiðusamninga, sem unnt er að mæla hlutlægt að dragi úr fjárfestingaráhættu sem tengist beint fjárhagslegri gjaldfærni lífeyriskerfa, eins og þau eru skilgreind í 10. mgr. 2. gr. Umbreytingartímabilið gildir einnig um einingar sem komið er á fót í þeim tilgangi að greiða bætur til aðila lífeyriskerfa ef um er að ræða vanskil.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1515 frá 5. júní 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar framlengingu umbreytingartímabilanna í tengslum við lífeyriskerfi (Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2015, bls. 63).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/979 2020/EES/69/18

frá 2. mars 2017

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar skrána yfir aðila sem njóta undanþágu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 6. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Bæði meðferð fjármálalegra skuldbindinga og stjórnun ríkisskulda hefur áhrif á starfsemi vaxtamarkaða og því ætti að samræma þessa tvo þætti til að tryggja að þeir séu framkvæmdir á skilvirkan hátt. Gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 tekur ekki til seðlabanka í Evrópusambandinu og annarra opinberra aðila í Sambandinu sem annast stjórnun ríkisskulda svo að geta þeirra til að sinna skyldum sínum sem varða sameiginlega hagsmuni takmarkist ekki; ef öðrum reglum er beitt á þessa þætti þegar aðilar í þriðju löndum hafa þá með höndum gæti það haft skaðleg áhrif á skilvirkni þeirra. Opinberir aðilar í þriðju löndum sem falin er, eða hafa afskipti af, stjórnun ríkisskulda ættu einnig að vera undanþegnir reglugerð (ESB) nr. 648/2012 til að tryggja að seðlabankar þriðju landa og aðrir opinberir aðilar sem falin er, eða hafa afskipti af, stjórnun ríkisskulda hafi áfram tök á að sinna skyldum sínum með fullnægjandi hætti.

2) Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á meðferð opinberra aðila sem falin er, eða hafa afskipti af, stjórnun ríkisskulda og seðlabanka samkvæmt landslögum tiltekinna þriðju landa og lagt niðurstöður sínar fyrir Evrópuþingið og ráðið. Framkvæmdastjórnin hefur einkum framkvæmt samanburðargreiningu á þeirri meðferð og jafnframt á áhættustýringarstöðlunum sem eiga við um afleiðuviðskiptin sem þessir aðilar og seðlabankar ganga til innan þessara lögsagnarumdæma.

3) Niðurstaða greiningar framkvæmdastjórnarinnar er sú að seðlabankar og opinberir aðilar sem falin er, eða hafa afskipti af, stjórnun ríkisskulda í Ástralíu, Kanada, Hong Kong, Mexíkó, Singapúr og Sviss ættu að njóta undanþágu frá stöðustofnunar- og skýrslugjafarkvöðunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

4) Því ætti að bæta seðlabönkum og opinberum aðilum sem falið er, eða hafa afskipti af, stjórnun ríkisskulda í Ástralíu, Kanada, Hong Kong, Mexíkó, Singapúr og Sviss við skrána yfir aðila sem njóta undanþágu sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

5) Framkvæmdastjórnin hefur eftir sem áður reglulegt eftirlit með meðferð þessara seðlabanka og opinberu aðila sem njóta undanþágu frá stöðustofnunar- og skýrslugjafarkvöðunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Hægt er að uppfæra skrána í ljósi þróunar á reglufyrirkomulagi í þessum þriðju löndum og með hliðsjón af viðeigandi nýjum heimildum. Slíkt endurmat gæti leitt til þess að tiltekin þriðju lönd yrðu tekin af skránni yfir aðila sem njóta undanþágu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 10.6.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við c-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

„iii. Ástralía,

iv. Kanada,

v. Hong Kong,

vi. Mexíkó,

vii. Singapúr,

viii. Sviss.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

ÁKVÖRÐUN nr. E5 **2020/EES/69/19**

frá 16. mars 2017

um hagnýtt fyrirkomulag vegna umbreytingartímabils varðandi upplýsingaskipti með rafrænum aðferðum sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009

(Texti sem varðar EES og samning EB og Sviss)

2017/C 233/03 (*)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitaefni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af d-lið 72. gr. reglugerðar (EB) nr. 833/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið hvetja eins og hægt er til notkunar nýrrar tækni,

með hliðsjón af 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 þar sem fram kemur að „Sending upplýsinga milli stofnana eða samskiptastofnana skal vera með rafrænum hætti ...“ og „Framkvæmdaráðið skal mæla fyrir um skipulag, innihald, framsetningu og nákvæmt fyrirkomulag vegna skipta á skjölum og skipulega uppsettum rafrænum skjölum“,

með hliðsjón af 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 um aðlögunartímabilið þar sem fram kemur að „Sérhvert aðildarríki getur nýtt sér aðlögunartímabil vegna rafrænnar miðlunar upplýsinga ...“ og að „Þessi aðlögunartímabil skulu ekki vera lengri en 24 mánuðir frá gildistökudegi framkvæmdarreglugerðarinnar.“,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 heimilar framkvæmdaráðinu að mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag vegna nauðsynlegra umbreytingartímabila [áður aðlögunartímabila] í því skyni að tryggja nauðsynleg upplýsingaskipti við beitingu grunnreglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar.

2) Nauðsynlegt er að útskýra þær grundvallarreglur sem stofnanir eiga að beita á meðan á umbreytingartímabilinu stendur.

3) Eftir gildistökudag nýju reglugerðanna var umtalsverður fjöldi umsókna í vinnslu, þar sem áunninn réttur myndaðist samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1408/71 ([3]), og í tengslum við þessar umsóknir grundvallast upplýsingaskipti almennt á málsmeðferðinni sem sett er fram í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð (EBE) nr. 574/72 ([4]), þ.m.t. notkun E-eyðublaða.

4) Ákvæði 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 felur í sér að við þær aðstæður, sem fram koma í fyrri forsendu, séu veittar „tvöfaldar bætur“ og að bótaþegi fái hærri greiðsluna.

5) Í langflestum eða öllum tilvikum hækkar greiðsla, sem grundvallast á fyrri reglugerðum, þó ekki við beitingu nýju reglugerðanna. Í samræmi við það er talið óraunhæft að búast við að stofnanir beiti tvöfaldri málsmeðferð bæði samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 574/72 og reglugerð (EB) nr. 987/2009 við þessar aðstæður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 233, 19.7.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja (Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2).

([4]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja (Stjtíð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1).

6) Ákvæði 5. mgr. ákvörðunar nr. H1 skýrir stöðu vottorða (E-eyðublaða) og evrópska sjúkratryggingakortsins (þ.m.t. bráðabirgðavottorðanna) sem eru gefin út fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

7) Innan umbreytingartímabilsins er aðildarríkjum frjálst að ákveða hvenær þau eru reiðubúin til að taka þátt í rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) að öllu leyti eða vegna valinna málatilvika (BUC) en skulu leitast á sama tíma við að fylgja fyrirhugaðri innleiðingu rafrænnar miðlunar upplýsinga um almannatryggingar innan aðildarríkjanna og runum málatilvika til að hefja rafræna miðlun eins og framkvæmdaráðið mælir með.

Í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Á umbreytingartímabilinu skal leiðbeinandi meginregla vera gott samstarf milli stofnana, gagnsemi og sveigjanleiki. Það sem mestu skiptir er þörfin á að tryggja snurðulaus umskipti fyrir borgarana þegar þeir nýta sér rétt sinn samkvæmt nýju reglugerðunum.

2. Frá og með gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009 munu pappírsútgáfur af skipulega uppsettum rafrænum skjölum (SED) koma í stað þeirra E-eyðublaða sem byggjast á reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. geta aðildarríki, sem hafa eigin rafeindabúnað til að útbúa E-eyðublöð eða stunda rafræn gagnaskipti (t.d. Build-verkefnið) sem, ef allrar sanngirni er gætt, ekki er hægt að breyta innan þessara tímamarka, haldið áfram að nota þau á umbreytingartímabilinu, svo fremi réttur borgaranna samkvæmt nýju reglugerðunum sé að fullu tryggður.

4. Í öllum tilvikum, á meðan umbreytingartímabilið varir, skal stofnun samþykkja viðkomandi upplýsingar á hvaða skjali sem er sem gefið er út af annarri stofnun, jafnvel þó að form skjalsins, innihald eða efnisskipan sé úrelt. Komi upp vafi um réttindi hlutaðeigandi borgara skal stofnunin hafa samband við útgáfustofnunina í anda góðrar samvinnu.

5. Eins og fram kemur í 5. mgr. ákvörðunar nr. H1 skulu E-eyðublöð, skjöl og evrópsk sjúkratryggingakort (þ.m.t. bráðabirgðavottorðin), sem gefin eru út fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009, gilda áfram og skulu yfirvöld annarra aðildarríkja taka þau til greina jafnvel eftir þann dag, þar til gildistími þeirra rennur út eða þar til þau eru afturkölluð eða þeim skipt út fyrir önnur skjöl sem gefin eru út eða tilkynnt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 883/2004 og reglugerð (EB) nr. 987/2009.

6. Sérhverju aðildarríki er heimilt að fylgja sveigjanlegri áfangaskiptri nálgun við að koma á rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) eftir því sem það verður reiðubúið til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almanna-tryggingar í gegnum einn eða fleiri aðgangspunkta.

7. Í samstarfssamningi innan framkvæmdaráðsins verður skilgreind sú fyrirhugaða runa málatilvika (BUC) í rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar sem aðildarríki eiga að fylgja, sbr. þó 6. mgr. Þessi röð verður byggð á stigvaxandi fjölgun málatilvika (BUC) og mun fela í sér samþættingu málatilvika þegar það á við.

8. Í hverju málatilviki (BUC) þar sem rafræn gagnaskipti hafa hafist skal hvert aðildarríki leitast við að taka hefja þátttöku svo fljótt sem auðið er þegar tæknileg samþætting þess gerir það kleift.

9. Aðildarríkin munu annast gagnaskipti bæði á pappírsformi og rafrænu formi í sama málatilviki (BUC) þar til öll aðildarríkin eru reiðubúin til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar í þessu tiltekna málatilviki.

10. Að vera reiðubúinn til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar (e. „EESSI-enabled“) í tilteknu málatilviki (BUC) merkir að hlutaðeigandi aðildarríki getur bæði sent og tekið á móti öllum tilkynningum í því því málatilviki til og frá öðrum aðildarríkjum.

11. Upplýsingarnar um hvaða málatilvik (BUC) í hvaða aðildarríki er tilbúið fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar skulu liggja í skrá sem er aðgengileg stofnunum í aðildarríkjunum og einnig endurspeglast í stofnanaskrá fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdaráðið skriflega með hæfilegum fyrirvara áður en þau verða reiðubúin til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar í tilteknu málatilviki (BUC).

12. Á umbreytingartímabilinu skulu upplýsingaskipti milli tveggja aðildarríkja vegna málatilviks (BUC) annaðhvort vera með rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar eða án slíkrar miðlunar í öllum gagnaskiptum sem falla undir viðkomandi málatilvik (BUC), með fyrirvara um tvíhliða ráðstafanir sem geta t.d. varðað sameiginlegar prófanir eða þjálfun eða sambærilegar ástæður, og skulu aðeins fara fram með rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar frá þeirri stundu þegar bæði hafa lýst því yfir að vera reiðubúin til að nota slíka miðlun í viðkomandi málatilviki (BUC).

13. Ef um er að ræða marghliða málatilvik (BUC), þ.e. tilvik þar sem fleiri en tvö aðildarríki taka þátt í gagnaskiptunum, skulu gagnaskipti með rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar ekki hefjast fyrr en staðfest hefur verið að aðeins aðildarríki, sem hafa lýst því yfir að vera reiðubúin til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar í þessu tiltekna málatilviki, taki þátt í þeim gagnaskiptum. Meginreglurnar sem tilgreindar eru í 12. mgr. gilda einnig í tilvikum þar sem fleiri en tvö aðildarríki taka þátt í málatilviki (BUC).

14. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.* Hún skal koma til framkvæmda frá og með tuttugasta degi eftir birtingu hennar.

15. Ákvörðun þessi kemur í stað ákvörðunar nr. E1 frá 12. júní 2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Malcolm SCICLUNA

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/70 **2020/EES/69/20**

frá 11. janúar 2019

um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna grafísks pappírs og viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreinlætispappírs og hreinlætispappírsvara

(tilkynnt með númeri C(2019) 3) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita þeim vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.

3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB ([2]) var komið á viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun fyrir vöruflokkinn „afritunarpappír og grafískur pappír“. Gildistími þessara viðmiðana og krafna var framlengdur til 31. desember 2018 með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/877 ([3]).

4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/448/ESB ([4]) var komið á viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun fyrir vöruflokkinn „dagblaðapappír“. Gildistími þessara viðmiðana og krafna var framlengdur til 31. desember 2018 með ákvörðun (ESB) 2015/877.

5) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/568/EB ([5]) var komið á viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun fyrir vöruflokkinn „hreinlætispappír“. Gildistími þessara viðmiðana og krafna, sem settar voru fram í ákvörðun 2009/568/EB, var framlengdur til 31. desember 2018 með ákvörðun (ESB) 2015/877.

6) Við gæðaeftirlit með umhverfismerki ESB (REFIT) frá 30. júní 2017, þar sem framkvæmd ákvæða reglugerðar (EB) nr. 66/2010 ([6]) var endurskoðuð, var komist að þeirri niðurstöðu að þörf væri á að þróa hnitmiðaðri nálgun fyrir umhverfismerki ESB, þ.m.t. að samþætta náskylda vöruflokka eftir því sem við á.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 15, 17.1.2019, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB frá 7. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir afritunarpappír og grafískan pappír (Stjtíð. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 12).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/877 frá 4. júní 2015 um breytingu á ákvörðunum 2009/568/EB, 2011/333/ESB, 2011/381/ESB, 2012/448/ESB og 2012/481/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur (Stjtíð. ESB L 142, 6.6.2015, bls. 32).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/448/ESB frá 12. júlí 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir dagblaðapappír (Stjtíð. ESB L 202, 28.7.2012, bls. 26).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/568/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir hreinlætispappír (Stjtíð. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 87).

([6]) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um endurskoðun á framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (COM(2017) 355).

7) Í samræmi við þessar niðurstöður og að loknu samráði við umhverfismerkinganefnd ESB ætti að sameina vöruflokkana „afritunarpappír og grafískur pappír“ og „dagblaðapappír“ í einn vöruflokk, „grafískur pappír“, með nýrri skilgreiningu sem nær yfir báða eldri vöruflokkana ásamt tilteknum breytingum sem eru viðeigandi til að taka tillit til þróunar í vísindum og á markaði. Einkum ætti nýja skilgreiningin ekki að innihalda þyngdarmörkin sem giltu um gömlu vöruflokkana þannig að hún taki til breiðara úrvals af pappír með meiri stífni.

8) Í samræmi við endurskoðunina ætti þar að auki að gera tilteknar breytingar á skilgreiningunni á vöruflokknum „hreinlætispappír“, þ.e. til að gera skýrari greinarmun á hreinlætispappír og endanlegri hreinlætispappírsvöru á grundvelli ISO-staðalsins 12625-1; endurnefna ætti vöruflokkinn „hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur“.

9) Til að endurspegla betur bestu starfsvenjur á markaðnum fyrir þessa vöruflokka og til að taka tillit til nýsköpunar sem hefur átt sér stað á tímabilinu þykir rétt að setja nýjar viðmiðanir fyrir hvorn þessara nýju vöruflokka um sig.

10) Nýju viðmiðanirnar fyrir hvorn vöruflokk miða að því að stuðla að orkunýtnum framleiðsluferlum þar sem dregið er úr losun efna sem ýta undir ofauðgun vatnsfalla, súrnun andrúmslofts og loftslagsbreytingar, takmarka notkun á hættulegum efnum og nota hráefni sem eru fengin úr skógum, sem er stjórnað með sjálfbærum hætti, eða endurunnum efniviðum sem ýta undir umskipti yfir í meira hringlaga hagkerfi.

11) Nýju viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun fyrir hvern vöruflokk ættu að gilda til 31. desember 2024, með tilliti til nýsköpunarferils þessara tveggja vöruflokka.

12) Þar eð vöruflokkarnir tveir, „grafískur pappír“ og „hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur“ eru náskyldir og viðmiðanirnar fyrir þá verða svipaðar þykir rétt að samþykkja sameiginlega ákvörðun þar sem viðmiðanirnar fyrir báða flokkana verða fastsettar í sömu gerðinni. Þetta ætti einnig að auka sýnileika kerfanna fyrir markaðsaðila og draga úr stjórnsýslubyrði fyrir landsbundin yfirvöld.

13) Í þágu réttarvissu ætti að fella ákvörðun 2011/333/ESB, ákvörðun 2012/448/ESB og ákvörðun 2009/568/EB úr gildi.

14) Heimila ætti umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerki ESB fyrir afritunarpappír og grafískan pappír, dagblaðapappír eða hreinlætispappír á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í ákvörðun 2011/333/ESB, ákvörðun 2012/448/ESB eða ákvörðun 2009/568/EB, eftir því sem við á, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að nýjum viðmiðunum og kröfum. Framleiðendum ætti einnig að vera heimilt að leggja fram umsóknir, annaðhvort á grundvelli viðmiðana sem settar voru með þessum ákvörðunum eða nýju viðmiðununum sem settar eru með þessari ákvörðun, í takmarkaðan tíma eftir samþykkt þessarar ákvörðunar. Hafi umhverfismerki ESB verið veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar voru með einni af gömlu ákvörðununum ætti einungis að heimila notkun þess til 31. desember 2019.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöruflokkurinn „grafískur pappír“ skal ná yfir arkir eða rúllur af óumbreyttum, óáprentuðum, auðum pappír eða pappa, óháð því hvort hann er ólitaður eða litaður, sem er gerður úr mauki og hentar til notkunar til að skrifa á, prenta á eða til umbreytingar.

Vöruflokkurinn skal ekki innihalda:

a) umbúðir,

b) hitanæman pappír,

c) ljósmyndapappír eða sjálfafritandi pappír,

d) pappír með ilmefnum,

e) pappír sem fellur undir vöruflokkinn „hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur“ eins og er skilgreint í 2. gr.

2. gr.

Vöruflokkurinn „hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur“ skal ná yfir eftirfarandi:

1) arkir eða rúllur af óumbreyttum hreinlætispappír til umbreytingar í vörur sem falla undir 2. lið,

2) hreinlætispappírsvörur sem henta til hreinlætisnota, til að draga upp vökva eða hreinsa yfirborð eða sambland af þessum hlutverkum, þ.m.t. en ekki bundið við hreinlætispappír af eftirfarandi tegundum: vasaklútar, hreinlætisþurrkur, andlitsþurrkur, eldhúsþurrkur eða þurrkur til heimilisnota, handþurrkur, munnþurrkur, diskamottur og þurrkur til iðnaðarnota.

Vöruflokkurinn skal ekki innihalda:

a) vörur sem falla undir vöruflokkinn „ídrægar hreinlætisvörur“ eins og er skilgreint í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/763/ESB ([7]),

b) vörur sem innihalda hreinsiefni og eru hannaðar til að hreinsa yfirborð,

c) hreinlætispappírsvörur sem eru lagskiptar með öðrum efniviðum en hreinlætispappír,

d) snyrtivörur í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 ([8]), þ.m.t. blautþurrkur,

e) pappír með ilmefnum,

f) vörur sem falla undir vöruflokkinn „grafískur pappír“ eins og skilgreint er í 1. gr. eða vörur sem falla undir vöruflokkinn „prentefni“ eins og skilgreint er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB ([9]).

3. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „mauk“: trefjóttur efniviður í pappírsgerð sem er framleiddur í maukverksmiðju, annaðhvort með vélrænum eða efnafræðilegum aðferðum, úr trefjóttu beðmihráefni (viður er algengastur),

2) „umbúðir“: allar vörur úr hverjum þeim efnivið, af hvers kyns gerð, sem á að nota til einangrunar, verndar, meðhöndlunar, afhendingar eða söluumbúnaðar vöru, frá hráefnum til unninnar vöru, frá framleiðanda til notanda eða neytanda,

3) „hreinlætispappír“: léttur pappír, gerður úr mauki sem getur verið þurr- eða blautkrepað eða ekki krepað,

4) „hreinlætispappírsvörur“: umbreyttar vörur gerðar úr hreinlætispappír í einu eða fleiri lögum sem er samanbrotinn eða ósamanbrotinn, upphleyptur eða óupphleyptur, með eða án samlímingar, áprentaður eða óáprentaður og e.t.v. endað á eftirmeðferð.

([7]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/763/ESB frá 24. október 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur (Stjtíð. ESB L 320, 6.11.2014, bls. 46).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59).

([9]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB frá 16. ágúst 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir prentefni (Stjtíð. ESB L 223, 21.8.2012, bls. 55).

4. gr.

1. Til þess að vöru sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 fyrir vöruflokkinn „grafískur pappír“ skal hún falla undir skilgreininguna á þeim vöruflokki í 1. gr. þessarar ákvörðunar og skal vera í samræmi við viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun sem eru settar fram í I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Til þess að vöru sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 fyrir vöruflokkinn „hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur“ skal hún falla undir skilgreininguna á þeim vöruflokki í 2. gr. þessarar ákvörðunar og skal vera í samræmi við þær viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun sem eru settar fram í II. viðauka við þessa ákvörðun.

5. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkana „grafískur pappír“ og „hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun fyrir hvorn vöruflokk um sig skulu gilda til 31. desember 2024.

6. gr.

1. Í stjórnsýslunni skal kenninúmerið „011“ notað fyrir vöruflokkinn „grafískur pappír".

2. Í stjórnsýslunni skal kenninúmerið „004“ notað fyrir vöruflokkinn „hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur".

7. gr.

Ákvörðun 2009/568/EB, ákvörðun 2011/333/ESB og ákvörðun 2012/448/ESB eru felldar úr gildi.

8. gr.

1. Þrátt fyrir 7. gr. skulu umsóknir, sem eru lagðar fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, um umhverfismerki ESB fyrir vörur sem falla bæði undir vöruflokkinn „grafískur pappír“, eins og hann er skilgreindur í þessari ákvörðun, og vöruflokkinn „afritunarpappír og grafískur pappír“, eins og hann er skilgreindur í ákvörðun 2011/333/ESB, metnar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2011/333/ESB.

2. Þrátt fyrir 7. gr. skulu umsóknir, sem eru lagðar fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, um umhverfismerki ESB fyrir vörur sem falla bæði undir vöruflokkinn „grafískur pappír“, eins og hann er skilgreindur í þessari ákvörðun, og vöruflokkinn „dagblaðapappír“, eins og hann er skilgreindur í ákvörðun 2012/448/ESB, metnar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2012/448/ESB.

3. Þrátt fyrir 7. gr. skulu umsóknir, sem eru lagðar fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, um umhverfismerki ESB fyrir vörur sem falla bæði undir vöruflokkinn „hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur“, eins og hann er skilgreindur í þessari ákvörðun, og vöruflokkinn „hreinlætispappír“, eins og hann er skilgreindur í ákvörðun 2009/568/EB, metnar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2009/568/EB.

4. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „grafískur pappír“ eða „hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur“, sem eru lagðar fram sama dag og þessi ákvörðun er samþykkt eða síðar en þó eigi síðar en 31. desember 2018, mega annaðhvort byggjast á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í þessari ákvörðun eða á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í ákvörðun 2011/333/ESB, ákvörðun 2012/448/ESB eða ákvörðun 2009/568/EB, eftir því sem við á. Umsóknirnar skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.

5. Þegar umhverfismerki ESB er veitt á grundvelli umsóknar sem er metin í samræmi við viðmiðanir sem settar eru fram í ákvörðun 2009/568/EB, ákvörðun 2011/333/ESB eða ákvörðun 2012/448/ESB má einungis nota umhverfismerki ESB til 31. desember 2019.

9. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

———

I. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR VIÐ VEITINGU UMHVERFISMERKIS ESB FYRIR GRAFÍSKAN PAPPÍR

RAMMI

Markmiðin með viðmiðununum

Markmiðin með viðmiðununum eru einkum að draga úr losun eiturefna eða ofauðgandi efna í vötn og umhverfisspjöllum eða áhættu sem tengist orkunotkun (loftslagsbreytingar, súrnun, eyðing ósonlagsins, eyðing óendurnýjanlegra auðlinda). Í þessu skyni er viðmiðununum ætlað að:

— draga úr orkunotkun og tengdri losun í andrúmsloft,

— draga úr umhverfisspjöllum með því að minnka losun í vatn og myndun úrgangs,

— draga úr umhverfisspjöllum eða -áhættu sem tengist notkun hættulegra íðefna og

— verja skóga með því að krefjast þess að endurunnar trefjar eða nýjar trefjar séu fengnar úr skógum og af svæðum sem er stjórnað á sjálfbæran hátt.

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir „grafiskan pappír“:

1. Losun í vatn og andrúmsloft
2. Orkunotkun
3. Trefjar: varðveisla auðlinda, sjálfbær skógarstjórnun
4. Hættuleg efni og blöndur sem sæta takmörkunum
5. Meðhöndlun úrgangs
6. Notagildi
7. Upplýsingar á umbúðunum
8. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar ná til framleiðslu á mauki, þ.m.t. allir undirferlar fyrir efnisþættina frá þeim tímapunkti þegar nýju trefjarnar eða endurunnu trefjarnar koma inn á framleiðslustaðinn til þess tíma þegar maukið fer frá maukverksmiðjunni. Að því er varðar pappírsframleiðsluferlana ná vistfræðilegu viðmiðanirnar til allra undirferlanna í pappírsverksmiðjunni, allt frá undirbúningi mauks til að framleiða grafískan pappír þangað til honum er rúllað upp á aðalkeflið (e. *mother reel*).

Vistfræðilegu viðmiðanirnar ná ekki til flutnings og pökkunar á hráefnum (t.d. viði), mauki eða pappír. Umbreyting á pappír fellur ekki heldur þar undir.

Mat og sannprófun: Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgi/birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra o.s.frv., eins og við á.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna vottorð og sannprófanir sem eru gefin út af aðilum sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir prófunar- og kvörðunarstofur og sannprófanir sem eru gefnar út af aðilum sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæri aðilinn sem metur umsóknina fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir eða vettvangsskoðanir til að athuga hvort farið sé að þessum viðmiðunum.

Grafíska pappírsvaran þarf að uppfylla allar viðeigandi kröfur landsins þar sem hún er sett á markað. Umsækjandinn skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessa kröfu.

Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:

1) „loftþurrkað tonn“: loftþurrkað tonn (ADt) af mauki, gefið upp sem 90% þurrefnisinnihald,

2) „efnafræðilega unnið mauk“: trefjóttur efniviður sem fæst með því að fjarlægja úr hráefninu umtalsverðan hluta efnasambanda, sem innihalda ekki sellulósa, sem hægt er að fjarlægja með efnafræðilegri meðhöndlun (suða, fjarlæging ligníns, bleiking),

3) „CMP“: mauk unnið með efnameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CMP-mauk)

4) „CTMP“: mauk unnið með efna- og hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CTMP-mauk),

5) „mauk sem prentsverta hefur verið fjarlægð úr“: mauk úr pappír til endurvinnslu sem búið er að fjarlægja prentsvertu og önnur aðskotaefni úr,

6) „leysilitir“: sterklitaður eða flúrljómandi lífrænn efniviður sem litar undirstöðuefni með valkvæða gleypni. Leysilitir eru leysanlegir og/eða fara í gegnum notkunarferli sem sundrar, a.m.k. tímabundið, allri kristallsgerð í litnum. Leysilitir verða eftir í undirstöðuefninu með gleypni, upplausn og vélrænni geymd eða með jónatengjum eða samgildum efnatengjum,

7) „ECF-mauk“: bleikjað mauk sem inniheldur ekki hreinan klór,

8) „samþætt framleiðsla“: mauk og pappír eru framleidd á sama stað. Maukið er ekki þurrkað fyrir pappírsframleiðsluna. Framleiðsla á pappír/pappa tengist beint framleiðslu á mauki,

9) „pappír eða pappi úr vélunnu viðarmauki“: pappír eða pappi þar sem vélunnið viðarmauk er mikilvægur hluti af trefjasamsetningunni,

10) „fastlitarefni og leysilitir, að stofni til úr málmi“: fastlitarefni og leysilitir sem innihalda meira en 50% massahlutfall af viðkomandi málmsambandi eða -samböndum,

11) „ósamþætt framleiðsla“: framleiðsla á mauki á markað (til sölu) í verksmiðjum þar sem pappírsvélar eru ekki notaðar eða framleiðsla á pappír/pappa þar sem eingöngu er notað mauk sem er framleitt í öðrum verksmiðjum (mauk keypt á markaði),

12) „afgangspappír úr vél“: pappírsefniviður sem fellur til sem úrgangur við vinnslu í pappírsvél en hefur eiginleika sem gera það að verkum að hægt er að endurnýta hann á staðnum með því að setja hann aftur inn í sama framleiðsluferlið og hann varð til í. Að því er varðar þessa ákvörðun skal þetta hugtak ekki ná yfir umbreytingarferlana sem teljast vera aðskilin ferli frá pappírsvélinni,

13) „fastlitarefni“: litaðar, svartar, hvítar eða flúrljómandi fastar lífrænar eða ólífrænar agnir sem eru alla jafna óleysanlegar í og verða í raun hvorki fyrir eðlisrænum né efnafræðilegum áhrifum frá burðarefninu eða undirstöðuefninu sem þær eru felldar inn í. Þær breyta um útlit með valkvæðri gleypni og/eða með því að dreifa ljósi. Fastlitarefni eru alla jafna dreifð í burðarefnum eða undirstöðuefnum til notkunar t.d. við framleiðslu á bleki, málningu, plasti eða öðrum fjölliðuefnum. Fastlitarefni halda kristalls- eða agnagerðinni allt litunarferlið,

14) „endurunnar trefjar“: trefjar sem eru skildar frá úrgangsstraumnum meðan á framleiðsluferli stendur eða sem verða til á heimilum eða hjá verslunum, í iðnaði og á stofnunum við hlutverk þeirra sem endanlegir notendur vörunnar. Þessar trefjar er ekki lengur hægt að nota í þeim tilgangi sem þeim var ætlaður. Þarna er undanskilin endurnýting efniviða sem verða til í ferli og eru þess eðlis að hægt er að endurnýta þá í sama ferlinu og þeir urðu til í (afgangspappír úr vél — eigin framleiðsla eða aðkeypt),

15) „TCF-mauk“: bleikjað mauk sem er algjörlega án klórs,

16) „TMP-mauk“: mauk unnið með hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (TMP-mauk).

VIÐMIÐANIR FYRIR UMHVERFISMERKI ESB

Viðmiðun 1 — Losun í vatn og andrúmsloft

Forsendan er sú að framleiðslustaður mauks og pappírs uppfylli öll viðkomandi lagaskilyrði landsins þar sem hann er staðsettur.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi sem er studd með viðeigandi skjölum og yfirlýsingum frá birgi eða birgjum mauksins.

Viðmiðun 1(a) Efnafræðileg súrefnisþörf (COD), brennisteinn (S), köfnunarefnisoxíð (NOx), fosfór (P)

Krafan byggist á upplýsingum um losun í tengslum við tilgreint viðmiðunargildi. Hlutfallið milli eiginlegrar losunar og viðmiðunargildisins umreiknast yfir í losunarstigafjölda.

Stigafjöldinn fyrir hvern einstakan losunarmæliþátt skal ekki fara yfir 1,3.

Í öllum tilvikum skal heildarfjöldi stiga ($P_{heildar} = P_{COD} + P_S + P_{NOx} + P_P$) ekki fara yfir 4,0.

Ef um er að ræða ósamþætta framleiðslu skal umsækjandinn leggja fram útreikning sem felur í sér mauk- og pappírsframleiðslu.

Að því er varðar pappírsmauk og pappírsgerð í heild sinni skal P_{COD} reiknað út á eftirfarandi hátt (reikna skal P_S, P_{NOx} og P_P út á nákvæmlega sama hátt).

Fyrir hvert mauk „i“, sem er notað, skal tilsvarandi mæld losun, sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf ($COD_{mauk,i}$ er gefið upp í kg/loftþurrkað tonn — ADt), vegin í hlutfalli við hvert mauk sem notað er (mauk „i“ í hlutfalli við loftþurrkað tonn af mauki) og það lagt saman. Í loftþurrkuðu tonni er gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald mauks sé 90% og pappírs 95%.

Veginni losun, sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf fyrir maukið, er síðan bætt við mælda losun, sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf, frá pappírsframleiðslunni til að fá út heildarlosun sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf, $COD_{heildar}$.

Vegið viðmiðunargildi efnafræðilegrar súrefnisþarfar fyrir maukframleiðslu skal reiknað á sama hátt, með því að bæta summu veginna viðmiðunargilda fyrir hvert mauk, sem er notað, við viðmiðunargildið fyrir pappírsframleiðsluna til að fá út heildarviðmiðunargildi fyrir efnafræðilega súrefnisþörf, $COD_{heildarviðmiðunargildi}$. Í töflu 1 eru gefin upp viðmiðunargildin fyrir hverja tegund mauks, sem er notað, og fyrir pappírsframleiðsluna.

Að lokum skal deilt í heildarlosun, sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf, með heildarviðmiðunargildi efnafræðilegrar súrefnisþarfar á eftirfarandi hátt:

$$P_{COD} = \frac{COD_{heildar}}{COD_{heildarviðmiðunargildi}} = \frac{\sum_{i=1}^{n}[mauk, i \times (COD_{mauk,i})] + COD_{pappírsvél}}{\sum_{i=1}^{n}[mauk, i \times (COD_{viðmiðunargildi\ mauk,i})] + COD_{viðmiðunargildi\ pappírsvél}}$$

Tafla 1

Viðmiðunargildi fyrir losun frá mismunandi tegundum mauks og frá pappírsframleiðslu

Tegund mauks/pappírs	Losun (kg/loftþurrkað tonn)			
	CODviðmiðun-argildi	Pviðmiðunargildi	Sviðmiðunargildi	Noxviðmiðun-argildi
Bleikjað efnafræðilega unnið mauk (annað en súlfítmauk)	16,00	0,025 0,09 (1)	0,35	1,60
Bleikjað, efnafræðilega unnið mauk (súlfítmauk)	24,00	0,04	0,75	1,60
Magnefítmauk	28,00	0,056	0,75	1,60
Óbleikjað efnafræðilega unnið mauk	6,50	0,016	0,35	1,60
CTMP-mauk/CMP-mauk	16,00	0,008	0,20	0,25/0,70 (2)
Mauk unnið með hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (TMP-mauk)/mauk úr viðarslípi	3,00/5,40 (3)	0,008	0,20	0,25
Mauk úr endurunnum trefjum sem prentsverta hefur ekki verið fjarlægð úr	1,10	0,006	0,20	0,25
Mauk úr endurunnum trefjum sem prentsverta hefur verið fjarlægð úr	2,40	0,008	0,20	0,25
Pappírsverksmiðja (kg/tonn)	1,00	0,008	0,30	0,70

(1) Hærra gildið á við um verksmiðjur sem nota gúmviði frá svæðum með hærra fosfórgildi (t.d. íberískur gúmviður).

(2) Losunargildi köfnunarefnisoxíða (NOx) fyrir ósamþættar verksmiðjur sem framleiða mauk, unnið með efna- og hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CTMP-mauk), þar sem maukið er leifturþurrkað (e. *flash-drying*) með gufu að stofni til úr lífmassa.

(3) Gildi efnafræðilegrar súrefnisþarfar fyrir mikið bleikjað vélunnið mauk (70–100% af trefjum í fullunnum pappír).

Í tilvikum þar sem samframleiðsla varma og raforku fer fram í sömu stöð má draga losun brennisteins (S) og köfnunarefnisoxíða (NOx), sem til fellur við raforkuframleiðslu á staðnum, frá heildarmagninu. Nota má eftirfarandi jöfnu til að reikna út hlutfall losunar sem verður við raforkuframleiðslu:

$2 \times (MWh(raforka))/[2 \times MWh(raforka) + MWh(varmi)]$

Raforkan í þessum útreikningi er raforkan sem er framleitt í samframleiðslustöðinni. Varminn í þessum útreikningi er nettóvarminn sem kemur frá samframleiðslustöðinni til framleiðslu á maukinu/pappírnum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram ítarlega útreikninga og prófunargögn sem sýna fram á að farið sé að þessari viðmiðun ásamt viðeigandi fylgiskjölum sem innihalda prófunarskýrslur þar sem notaðar hafa verið eftirfarandi staðlaðar prófunaraðferðir með samfelldri eða reglubundinni vöktun (eða jafngildar staðalaðferðir sem þar til bæri aðilinn samþykkir að skili gögnum af sambærilegum vísindalegum gæðum): Efnafræðileg súrefnisþörf (COD): ISO 15705 eða ISO 6060; köfnunarefnisoxíð (NOx) : EN 14792 eða ISO 11564; S (brennisteinsoxíð): EN 14791 eða EPA nr. 8; S (afoxaður brennisteinn): EPA nr. 15A,16A eða 16B; brennisteinsinnihald (S) í olíu: ISO 8754; brennisteinsinnihald (S) í kolum: ISO 19579; brennisteinsinnihald (S) í lífmassa: EN 15289; Samtals P: EN ISO 6878.

Einnig er hægt að nota flýtiprófanir til að vakta losun svo fremi að þær séu reglubundið (t.d. mánaðarlega) bornar saman við viðkomandi fyrrnefnda staðla eða viðeigandi jafngildi þeirra. Ef um er að ræða losun sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf (COD) skal samþykkja stöðuga vöktun á grundvelli greiningar á heildarmagni lífræns kolefnis (TOC) svo fremi að fylgni milli niðurstaðna varðandi heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) og efnafræðilega súrefnisþörf (COD) hafi verið ákvörðuð fyrir viðkomandi stað.

Lágmarkstíðni mælinga, nema annað sé tekið fram í rekstrarleyfinu, skal vera daglega fyrir losun sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf og vikulega fyrir heildarmagn fosfórs (samtals P). Í öllum tilvikum skal mæla losun brennisteins (S) og köfnunarefnisoxíða (NOx) með samfelldum hætti (fyrir losun frá kötlum með getu umfram 50 MW) eða með reglubundnum hætti (a.m.k. einu sinni á ári fyrir katla og þurrkara sem hver um sig er með getu sem nemur 50 MW eða minna).

Gögn skulu gefin upp sem ársmeðaltöl nema í tilvikum þegar:

— framleiðsluátakið er tímabundið,

— um er að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju en þá skulu mælingarnar miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri.

Í báðum tilvikum má einungis taka við gögnum ef þau eru dæmigerð fyrir viðkomandi framleiðsluátak og nægilega margar mælingar hafa verið gerðar fyrir hvern losunarmæliþátt.

Fylgiskjölunum skulu fylgja upplýsingar um tíðni mælinga og útreikninga á stigum varðandi efnafræðilega súrefnisþörf (COD), heildarmagn fosfórs (samtals P), brennistein (S) og köfnunarefnisoxíð (NOx).

Losun í andrúmsloft skal taka til allrar losunar brennisteins (S) og köfnunarefnisoxíða (NOx) sem á sér stað við framleiðslu á mauki og pappír, þ.m.t. gufa sem myndast fyrir utan framleiðslustaðinn, að undanskilinni losun sem tengist raforkuframleiðslu. Mælingarnar skulu ná til endurnýtingarsuðukatla, kalkofna, gufukatla og ofna til að eyða lyktsterkum lofttegundum. Einnig skal taka tillit til dreifðrar losunar. Tilkynnt losunargildi fyrir brennistein (S) út í andrúmsloftið skulu ná bæði til losunar oxaðs og afoxaðs brennisteins. Í stað þess að mæla brennisteinslosun, sem tengist varmaorkumyndun með olíu, kolum eða öðrum utanaðkomandi eldsneytistegundum með þekkt innihald brennisteins, má reikna hana út og skal tillit tekið til hennar.

Mælingar á losun í vatn skulu gerðar með ósíuðum sýnum, sem hafa ekki botnfallið, á losunarstað frárennslis í skólphreinsistöð verksmiðjunnar. Í tilvikum þar sem frárennsli frá verksmiðju er sent til skólphreinsistöðvar á vegum sveitarfélags eða annars þriðja aðila skal greina ósíuð sýni, sem hafa ekki botnfallið og eru tekin á losunarstað verksmiðjunnar inn í fráveitukerfið, og margfalda niðurstöðurnar með stöðluðum fjarlægingarskilvirknistuðli fyrir viðkomandi skólphreinsistöð. Fjarlægingarskilvirknistuðullinn skal byggjast á upplýsingum frá rekstraraðila skólphreinsistöðvar á vegum sveitarfélags eða annars þriðja aðila

Sé um að ræða samþættar verksmiðjur, vegna erfiðleika við að fá fram aðskildar losunartölur fyrir mauk og pappír ef eingöngu liggur fyrir sameiginleg tala fyrir mauk- og pappírsframleiðslu, skulu losunargildin fyrir mauk fá gildið núll og sameinuðu gildin skulu borin saman við sameinuð viðmiðunargildi fyrir viðkomandi mauk- og pappírsframleiðslu. Vegið innihald, að því er varðar hvert mauk sem fengið hefur sérstakt viðmiðunargildi úr töflu 1, skal endurspeglast í jöfnunni.

Viðmiðun 1(b) Áseyg, lífræn halógensambönd (AOX)

Þessi viðmiðun á við um mauk sem inniheldur ekki hreinan klór (ECF-mauk).

Losun áseygra, lífrænna halógensambanda frá framleiðslu á hverju mauki sem er notað í grafískan pappír með umhverfismerki ESB skal ekki fara yfir 0,17 kg/loftþurrkað tonn.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslur þar sem prófunaraðferðin AOX ISO 9562 er notuð, eða jafngildar aðferðir, ásamt nákvæmum útreikningi, sem sýnir að farið sé að þessari viðmiðun, og viðeigandi fylgiskjölum.

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun sem er studd með skrá yfir mismunandi ECF-mauk, sem eru notuð í maukblönduna, þyngd hvers fyrir sig og magn losunar áseygra, lífrænna halógensambanda úr hverju fyrir sig, gefið upp sem kg af áseygum, lífrænum halógensamböndum/loftþurrkað tonn af mauki.

Í fylgiskjölunum skulu vera upplýsingar um tíðni mælinga. Áseyg, lífræn halógensambönd skulu aðeins mæld þegar um er að ræða vinnslu þar sem klórsambönd eru notuð til að bleikja maukið. Ekki er nauðsynlegt að mæla áseyg, lífræn halógensambönd í frárennsli frá ósamþættri pappírsframleiðslu eða í frárennsli frá maukframleiðslu án bleikingar eða þar sem bleiking fer fram með efnum sem innihalda ekki klór.

Mælingar á losun áseygra, lífrænna halógensambanda í vatn skulu gerðar með ósíuðum sýnum, sem hafa ekki botnfallið, á losunarstað frárennslis í skólphreinsistöð verksmiðjunnar. Í tilvikum þar sem frárennsli frá verksmiðju er sent til skólphreinsistöðvar á vegum sveitarfélags eða annars þriðja aðila skal greina ósíuð sýni, sem hafa ekki botnfallið og eru tekin á losunarstað verksmiðjunnar inn í fráveitukerfið, og margfalda niðurstöðurnar með stöðluðum fjarlægingarskilvirknistuðli fyrir viðkomandi skólphreinsistöð. Fjarlægingarskilvirknistuðullinn skal byggjast á upplýsingum frá rekstraraðila skólphreinsistöðvar á vegum sveitarfélags eða annars þriðja aðila

Upplýsingar um losunina skulu gefnar upp sem ársmeðaltal út frá mælingum sem eru gerðar a.m.k. einu sinni á tveggja mánaða fresti. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu mælingarnar miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri. Þær skulu vera dæmigerðar fyrir viðkomandi tímabil.

Ef umsækjandinn notar ekki ECF-mauk er nóg að yfirlýsing þess efnis sé send til þar til bæra aðilans.

Viðmiðun 1(c) koltvísýringur (CO_2)

Losun koltvísýrings úr jarðefnaeldsneyti, sem er notað við framleiðslu á varma og raforku við vinnslu (hvort heldur sem er á staðnum eða annars staðar), má ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

1) 1100 kg CO_2/tonn fyrir pappír sem er gerður úr 100% mauki sem prentsvertan hefur verið fjarlægð úr/endurunnu mauki,

2) 1000 kg CO_2/tonn fyrir pappír sem er gerður úr 100% efnafræðilega unnu mauki,

3) 1600 kg CO_2/tonn fyrir pappír sem er gerður úr 100% vélunnu mauki.

Að því er varðar pappír, sem er búinn til úr einhverri samsetningu af efnafræðilega unnu mauki, endurunnu mauki og vélunnu mauki, skal reikna út vegin viðmiðunarmörk á grundvelli hlutfallsins af hverri tegund mauks í blöndunni. Raunverulegt losunargildi skal reiknað út sem summa losunar frá framleiðslu á mauki og pappír, að teknu tilliti til þeirra maukblandna sem eru notaðar.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram gögn og ítarlega útreikninga sem sýna að farið sé að þessari viðmiðun, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

Fyrir hvert mauk sem er notað skal framleiðandi mauksins láta umsækjandanum í té eitt gildi fyrir koltvísýringslosun í kg af koltvísýringi/loftþurrkað tonn. Umsækjandinn skal einnig láta í té eitt gildi fyrir koltvísýringslosun viðkomandi pappírsvélar eða -véla sem eru notaðar við framleiðslu á grafískum pappír með umhverfismerki ESB. Að því er varðar samþættar verksmiðjur er heimilt að gefa upp koltvísýringslosun frá mauk- og pappírsframleiðslu sem eitt gildi.

Til að skilgreina leyfilega hámarkslosun koltvísýrings skal umsækjandinn skilgreina maukblönduna út frá tegund mauksins (þ.e. efnafræðilega unnið mauk, vélunnið mauk og endurunnið mauk).

Til að reikna út raunverulega koltvísýringslosun skal umsækjandinn skilgreina maukið út frá hverju einstöku mauki sem er afhent, reikna vegið meðaltal koltvísýringslosunar frá maukframleiðslu og bæta þessu gildi við koltvísýringslosunina frá pappírsvélinni eða -vélunum.

Gögn um koltvísýringslosun skulu taka til alls óendurnýjanlegs eldsneytis sem notað er við framleiðslu á mauki og pappír, þ.m.t. losun vegna raforkuframleiðslu (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar).

Nota skal losunarstuðla fyrir eldsneyti í samræmi við VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 ([1]).

Að því er varðar rafmagn um dreifikerfi skal nota losunarstuðullinn 384 (kg af CO_2/MWh) í samræmi við MEErP-aðferðafræðina ([2]).

Tímabilið, sem útreikningarnir eða massajöfnuðurinn miðast við, skal byggjast á framleiðslu á 12 mánaða tímabili. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu útreikningarnir miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri. Útreikningarnir skulu vera dæmigerðir fyrir viðkomandi tímabil.

Að því er varðar rafmagn frá dreifikerfi skal nota gildið sem gefið er í töflunni hér að framan (evrópska meðaltalið) nema umsækjandi leggi fram gögn sem sýna meðalgildið fyrir rafmagnsbirgja hans (birgjar sem gerðir hafa verið samningar við) en þá er umsækjanda heimilt að nota það gildi í staðinn fyrir gildið sem er tilgreint í töflunni. Gögn, sem eru notuð sem sönnun fyrir samræmi, skulu innihalda tækniforskriftir þar sem meðalgildið er tilgreint (þ.e. afrit af samningi).

Magn orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er keypt og notað í framleiðsluferlum, telst vera með koltvísýringslosun upp á núll þegar koltvísýringslosunin er reiknuð út. Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn þess efnis að orka af þessu tagi sé í raun notuð í verksmiðjunni eða hafi verið aðkeypt.

Viðmiðun 2 — Orkunotkun

Krafan byggist á upplýsingum um raunverulega orkunotkun við framleiðslu á mauki og pappír með tilliti til sérstakra viðmiðunargilda.

Orkunotkunin nær til raforku- og eldsneytisnotkunar til varmaframleiðslu og skal gefin upp í stigum ($P_{heildar}$) eins og lýst er hér á eftir.

Heildarfjöldi stiga ($P_{heildar} = P_E + P_F$) skal ekki fara yfir 2,5.

Tafla 2 inniheldur viðmiðunargildi til að reikna út orkunotkunina.

Ef um er að ræða maukblöndur skal viðmiðunargildi fyrir raforku- og eldsneytisnotkun til varmaframleiðslu vegið í hlutfalli við hvert mauk sem notað er (mauk „*i*“ að því er varðar loftþurrkað tonn af mauki) og það lagt saman.

Viðmiðun 2(a) Raforka

Raforkunotkun sem tengist framleiðslu á mauki og pappír skal gefin upp í stigum (P_E) eins og lýst er hér á eftir.

Útreikningur fyrir maukframleiðslu: Fyrir hvert mauk, i, sem er notað, skal reikna raforkunotkun ($E_{mauk,i}$ gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn) á eftirfarandi hátt:

$E_{mauk,i}$ = innri rafmagnsframleiðsla + keypt rafmagn – selt rafmagn

Útreikningur fyrir pappírsframleiðslu: Á sama hátt skal reikna raforkunotkun, sem tengist pappírsframleiðslunni ($E_{pappír}$), á eftirfarandi hátt:

$E_{pappír}$ = innri rafmagnsframleiðsla + keypt rafmagn – selt rafmagn

Að lokum skal leggja saman stig fyrir mauk- og pappírsframleiðslu til að fá heildarfjölda stiga (P_E) á eftirfarandi hátt:

$$P_E = \frac{\sum_{i=1}^{n}\left[\text{mauk, i} \times E_{\text{mauk,i}}\right] + E_{\text{pappír}}}{\sum_{i=1}^{n}\left[\text{mauk, i} \times E_{\text{viðmiðunargildi mauk,i}}\right] + E_{\text{viðmiðunargildi pappír}}}$$

Sé um að ræða samþættar verksmiðjur, vegna erfiðleika við að fá fram aðskildar raforkutölur fyrir mauk og pappír ef eingöngu liggur fyrir sameiginleg tala fyrir mauk- og pappírsframleiðslu, skulu raforkugildin fyrir mauk fá gildið núll og talan fyrir verksmiðjuna skal ná yfir framleiðslu á bæði mauki og pappír.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30).

([2]) Methodology for the Ecodesign of Energy-related Products

Viðmiðun 2(b) Eldsneytisnotkun til varmaframleiðslu

Eldsneytisnotkun, sem tengist mauk- og pappírsframleiðslu, skal gefin upp í stigum (P_F) eins og lýst er hér á eftir.

Útreikningur fyrir maukframleiðslu: Fyrir hvert mauk, i, sem er notað, skal reikna eldsneytisnotkun ($F_{mauk,i}$ gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn) á eftirfarandi hátt:

$F_{mauk,i}$ = innri eldsneytisframleiðsla + keypt eldsneyti – selt eldsneyti – 1,25 × innri rafmagnsframleiðsla

Athugasemd:

1. Ekki er nauðsynlegt að reikna út $F_{mauk,i}$ (og hlutdeild þess í P_F, mauk) fyrir vélunnið mauk nema um sé að ræða loftþurrkað, vélunnið mauk á markaði með a.m.k. 90% þurrefnisinnihald.

2. Magn eldsneytis sem er notað við framleiðslu á seldum varma skal falla undir „selt eldsneyti“ í jöfnunni hér að framan.

Útreikningur fyrir pappírsframleiðslu: Á sama hátt skal reikna eldsneytisnotkun, sem tengist pappírsframleiðslunni ($F_{pappír}$, gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn), á eftirfarandi hátt:

$F_{pappír}$ = innri eldsneytisframleiðsla + keypt eldsneyti – selt eldsneyti – 1,25 × innri rafmagnsframleiðsla

Að lokum skal leggja saman stig fyrir mauk- og pappírsframleiðslu til að fá heildarfjölda stiga (PF) á eftirfarandi hátt:

$$P_F = \frac{\sum_{i=1}^{n}[\text{mauk, i} \times F_{\text{mauk,i}}] + F_{\text{pappír}}}{\sum_{i=1}^{n}[\text{mauk, i} \times F_{\text{viðmiðunargildi mauk,i}}] + F_{\text{viðmiðunargildi pappír}}}$$

Tafla 2

Viðmiðunargildi fyrir rafmagn og eldsneyti

Tegund mauks	Eldsneyti kWh/loftþurrkað tonn $F_{viðmiðunargildi}$		Rafmagn kWh/loftþurrkað tonn $E_{viðmiðunargildi}$	
	Non-admp (mauk á markaði, ekki loftþurrkað)	Admp (loftþurrkað mauk á markaði)	Non-admp (mauk á markaði, ekki loftþurrkað)	admp (loftþurrkað mauk á markaði)
Efnafræðilega unnið mauk	3 650	4 650	750	750
Mauk unnið með hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (TMP-mauk)	0	900	2 200	2 200
Mauk úr viðarslípi (þ.m.t. viðarslípi undir þrýstingi (e. *pressurised groundwood*)	0	900	2 000	2 000
Mauk unnið með efna- og hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CTMP-mauk)	0	800	1 800	1 800
Endurunnið mauk	350	1 350	600	600
Gæðaflokkur pappírs	kWh/tonn			
Óhúðaður gæðapappír, tímaritapappír (SC), dagblaðapappír	1 700		750	
Húðaður gæðapappír, húðaður tímaritapappír (LWC), MWC)	1 700		800	

admp = loftþurrkað mauk á markaði

Mat og sannprófun (bæði fyrir a- og b-lið): Umsækjandinn skal leggja fram ítarlega útreikninga sem sýna að farið sé að þessari viðmiðun, ásamt öllum viðeigandi fylgiskjölum. Upplýsingarnar skulu því bæði taka til heildarraforku- og eldsneytisnotkunar.

Umsækjandinn skal reikna út alla orkunotkun, sem skiptist niður í varma/eldsneyti og rafmagn, sem notuð er til framleiðslu á mauki og pappír, þ.m.t. orkan sem notuð er til að fjarlægja prentsvertu úr úrgangspappír við framleiðslu á endurunnu mauki. Orka sem er notuð við flutning á hráefnum, svo og við umbreytingu og pökkun, er ekki innifalin í útreikningum á orkunotkun.

Heildarvarmaorka tekur til alls aðkeypts eldsneytis. Hún tekur einnig til endurnýttrar varmaorku sem fæst til að mynda með brennslu vökva og úrgangs sem fellur til við vinnslu á staðnum (t.d. viðarúrgangi, sagi, vökvum, úrgangspappír og afgangspappír) og til endurnýtts varma frá innri rafmagnsframleiðslu. Umsækjandinn þarf þó aðeins að tilgreina 80% varmaorku frá slíkum orkugjöfum þegar heildarvarmaorka er reiknuð.

Raforka merkir hreint, aðfengið rafmagn frá dreifikerfinu og innri rafmagnsframleiðslu sem mæld er sem raforka. Ekki þarf að taka með í reikninginn rafmagn sem notað er til skólphreinsunar.

Varmagildi gufu sem framleidd er með rafmagni skal reiknað og síðan skal deila í það með 0,8 og bæta við heildareldsneytis-notkunina.

Sé um að ræða samþættar verksmiðjur, vegna erfiðleika við fá fram aðskildar eldsneytistölur (varmi) fyrir mauk og pappír ef eingöngu liggur fyrir sameiginleg tala fyrir mauk- og pappírsframleiðslu, skulu eldsneytis(varma)gildin fyrir mauk fá gildið núll og talan fyrir verksmiðjuna skal ná yfir framleiðslu á bæði mauki og pappír.

Viðmiðun 3 — Trefjar — varðveisla auðlinda, sjálfbær skógarstjórnun

Trefjahráefnið má vera úr endurunnum trefjum eða nýjum trefjum.

Nýjar trefjar mega ekki vera upprunnar úr tegundum sem eru erfðabreyttar lífverur.

Allar trefjar skulu falla undir gild aðfangakeðjuvottorð, sem gefin eru út af óháðu vottunarkerfi þriðja aðila, t.d. skóg-arnytjaráðinu (FSC), áætlun um viðurkenningu á skógavottunarkerfinu (PEFC) eða jafngildu kerfi, eða falla undir afhendingarseðla fyrir pappír til endurvinnslu í samræmi við staðalinn EN 643.

Að minnsta kosti 70% af trefjaefninu, sem er úthlutað til vörunnar eða framleiðslulínunnar, skal vera upprunnið úr skógum eða af svæðum sem er stjórnað samkvæmt meginreglum um sjálfbæra skógarstjórnun, sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í viðeigandi, óháðri aðfangakeðjuáætlun, og/eða vera upprunnið úr endurunnum efniviðum.

Við útreikning á endurunnu trefjainnihaldi skal undanskilja endurnýtingu á úrgangsefnum sem eru þess eðlis að hægt er að endurnýta þau í sama ferli og þau urðu til í (þ.e. afgangspappír úr vél — eigin framleiðsla eða aðkeypt). Þó má líta á notkun afgangspappírs úr umbreytingaraðgerðum (eigin eða aðkeyptan) sem framlag til endurunna trefjainnihaldsins ef hann fellur undir afhendingarseðla samkvæmt EN 643.

Allur óvottaður nýr efniviður skal falla undir sannprófunarkerfi sem tryggir að uppruni hans sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

Vottunaraðilarnir sem gefa út vottorð fyrir skóga og/eða fyrir aðfangakeðju skulu faggiltir eða viðurkenndir með þessu vottunarkerfi.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal afhenda þar til bærum aðila samræmisyfirlýsingu sem er studd með gildandi aðfangakeðjuvottorði, vottuðu af óháðum aðilum, frá framleiðanda grafísks pappírs með umhverfismerki ESB og fyrir allar nýjar trefjar sem eru notaðar í vöruna eða framleiðslulínuna. FSC, PEFC eða sambærileg kerfi skulu tekin gild sem óháð vottun þriðja aðila. Ef endurunnar trefjar hafa verið notaðar og vottorð um slíkt samkvæmt FSC eða PEFC eða jafngild endurvinnsluvottorð eru ekki notuð skal afhendingarseðill samkvæmt EN 643 gilda sem sönnun.

Umsækjandinn skal leggja fram endurskoðuð bókhaldsgögn sem sýna fram á að a.m.k. 70% af efniviðunum, sem er úthlutað til vörunnar eða framleiðslulínunnar, séu upprunnir úr skógum eða af svæðum sem er stjórnað samkvæmt meginreglum um sjálfbæra skógarstjórnun, sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í viðeigandi, óháðri aðfangakeðjuáætlun, og/eða séu upprunnin úr endurunnum efniviðum.

Ef vara eða framleiðslulína inniheldur óvottaðan nýjan efnivið skal leggja fram sönnun fyrir því að óvottaði nýi efniviðurinn sé innan við 30% af innihaldinu og falli undir sannprófunarkerfi sem tryggir að uppruni hans sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

Ef ekki er gerð krafa um það í vottunarkerfinu að allur nýr efniviður sé fenginn úr tegundum sem eru ekki erfðabreyttar lífverur skal leggja fram viðbótarsannanir til að sýna fram á það.

Viðmiðun 4 — Hættuleg efni og blöndur sem sæta takmörkunum

Grundvöllurinn fyrir því að sýna fram á samræmi við hverja undirviðmiðun samkvæmt viðmiðun 4 skal vera sá að umsækjandi leggi fram skrá yfir öll viðkomandi íðefni sem eru notuð, ásamt viðeigandi gögnum (öryggisblaði eða yfirlýsingu frá íðefnabirginum).

Viðmiðun 4(a) Takmarkanir á sérlega varasömum efnum (SVHC)

Athugasemd: Skima verður öll vinnsluíðefni og virk íðefni sem eru notuð í pappírsverksmiðjunni. Þessi viðmiðun gildir ekki um íðefni sem eru notuð við hreinsun skólps nema hreinsaða skólpinu sé endurstreymt í pappírsframleiðsluferlið.

Pappírsvaran skal ekki innihalda efni sem hafa verið tilgreind samkvæmt aðferðinni sem lýst er í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]) og eru í skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni, í styrk sem er yfir 0,10% (massahlutfall). Ekki skal veita neina undanþágu frá þessari kröfu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skall leggja fram yfirlýsingu um að pappírsvaran innihaldi engin sérlega varasöm efni í styrk sem er yfir 0,10% (massahlutfall). Yfirlýsingin skal studd öryggisblöðum eða viðeigandi yfirlýsingum frá íðefnabirgjum fyrir öll vinnsluíðefni og virk íðefni, sem eru notuð í pappírsverksmiðjunni, sem sýna að ekkert af íðefnunum inniheldur sérlega varasöm efni í styrk sem er yfir 0,10% (massahlutfall).

Skrána yfir efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, má finna hér:

http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/candidate_list_table_en.asp

Vísun í skrána skal vera frá umsóknardeginum.

Viðmiðun 4(b) Takmarkanir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun

Athugasemd: Skima verður öll vinnsluíðefni og virk íðefni sem eru notuð í pappírsverksmiðjunni. Þessi viðmiðun gildir ekki um íðefni sem eru notuð við hreinsun skólps nema hreinsaða skólpinu sé endurstreymt í pappírsframleiðsluferlið.

Pappírsvara skal ekki innihalda efni eða blöndur, sem eru flokkaðar með einhverri af eftirfarandi hættusetningu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([4]), í styrk sem er yfir 0,10% (massahlutfall) nema undanþága komi fram í töflu 3:

— **Hætta – hópur 1:** Undirflokkur 1A eða 1B, efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og/eða hafa eiturhrif á æxlun (CMR-efni): H340, H350, H350i, H360, H360F, H360D, H360FD, H360Fd, H360Df

— **Hætta – hópur 2:** 2. undirflokkur, efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun: H341, H351, H361, H361f, H361d, H361fd, H362 1. undirflokkur, eiturhrif á vatnsumhverfi: H400, H410 1. og 2. undirflokkur, bráð eiturhrif: H300, H310, H330 1. undirflokkur, eiturhrif við ásvelgingu: H304 1. undirflokkur, sértæk eiturhrif á marklíffæri (STOT): H370, H372 1. undirflokkur, húðnæmir (*): H317

— **Hætta – hópur 3:** 2., 3. og 4. undirflokkur, eiturhrif á vatnsumhverfi: H411, H412, H413 3. undirflokkur, bráð eiturhrif: H301, H311, H331 2. undirflokkur, sértæk eiturhrif á marklíffæri (STOT): H371, H373

Notkun á efnum eða blöndum, sem er efnafræðilega umbreytt í pappírframleiðsluferlinu (t.d. ólífræn hnatfellingarefni, vixltengiefni, ólífræn oxandi efni og afoxunarefni) þannig að viðeigandi takmörkun vegna hættuþátta samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun á ekki lengur við, skal undanþegin frá framangreindri kröfu.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

(*) H317-takmarkanir skulu einungis gilda um samsetningar leysilitarefna, áferðar- og frágangsefni á yfirborð og húðunarefni sem eru borin á pappír.

Tafla 3

Undanþágur frá takmörkunum vegna hættuþátta samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun og viðeigandi skilyrði

Tegund efnis/blöndu	Notkunarsvið	Undanþegin flokkun/ undanþegnar flokkanir	Skilyrði undanþágu
Leysilitir og fastlitarefni	Notað í blautvinnslu (e. *wet end*) eða borið á yfirborðið við framleiðslu á lituðum pappír.	H411, H412, H413	Íðefnabirgirinn skall lýsa því yfir að unnt sé að ná 98% festingu við pappírinn og veita leiðbeiningar um hvernig unnt sé að tryggja það. Pappírsframleiðandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við allar viðeigandi leiðbeiningar.
Grunnleysilitir	Leysilitun pappírs sem er að stofni til aðallega úr vélunnu mauki og/eða óbleikjuðu efnafræðilega unnu mauki.	H400, H410, H411, H412, H413, H317	
Plúshlaðnar fjölliður (þ.m.t. pólýetýlenimín, pólýamíð og pólýamín)	Margs konar notkun er möguleg, þ.á m. notkun sem viðhaldsefni, til að auka votvefsstyrk (e. *wet-web strength*), þurrstyrk og votstyrk.	H411, H412, H413	Pappírsframleiðandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við allar viðeigandi leiðbeiningar um örugga meðhöndlun og skömmtun sem tilgreindar eru á öryggisblaðinu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram skrá yfir öll viðkomandi íðefni sem eru notuð ásamt viðeigandi öryggisblaði eða yfirlýsingu birgis.

Öll íðefni, sem innihalda efni eða blöndur með takmarkandi flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun, skulu auðkennd. Nota skal áætlaða skammtastærð íðefnisins ásamt styrk efnisins eða blöndunnar, sem sætir takmörkunum (eins og fram kemur á öryggisblaðinu eða í yfirlýsingu birgisins), í viðkomandi íðefni og ætlaðan rýmdarstuðul sem nemur 100% til að meta magn efnisins eða blöndunnar, sem sætir takmörkunum, sem verður eftir í endanlegu vörunni.

Afhenda verður þar til bærum aðila skriflegan rökstuðning fyrir öllum frávikum frá 100% rýmdarstuðli eða fyrir efnafræðilegum breytingum á hættulegu efni eða blöndu sem sætir takmörkunum.

Að því er varðar öll efni eða blöndur sem sæta takmörkunum, sem verða eftir í fullunnu pappírsvörunni í magni yfir 0,10% (massahlutfall) en njóta undanþágu, verður að leggja fram sönnun fyrir því að skilyrðin fyrir viðkomandi undanþágu séu uppfyllt.

Viðmiðun 4(c) Klór

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um framleiðendur mauks og pappírs. Þó að þetta eigi einnig við um bleikingu endurunninna trefja er það látið óátalið þótt trefjar hafi verið bleiktar með klórgasi fyrr á vistferli sínum.

Ekki skal nota klórgas sem bleikiefni. Þessi krafa á ekki við um klórgas tengt framleiðslu og notkun á klórdíoxíði.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um að klórgas hafi ekki verið notað sem bleikiefni í pappírs-framleiðsluferlinu ásamt yfirlýsingum frá öllum hlutaðeigandi maukbirgjum.

Viðmiðun 4(d) Alkýlfenóletoxýlöt (APEO)

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um framleiðendur mauks og pappírs.

Ekki skal bæta alkýlfenóletoxýlötum eða öðrum afleiðum af alkýlfenóli við í íðefni til hreinsunar, í íðefni sem eru notuð til að fjarlægja prentsvertu, í froðuhindrandi efni, dreifiefni eða húðunarefni. Afleiður af alkýlfenóli eru skilgreindar sem efni sem mynda alkýlfenól við niðurbrot þeirra.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu eða yfirlýsingar frá íðefnabirgi/-birgjum sínum þess efnis að alkýlfenóletoxýlötum eða afleiðum af alkýlfenóli hafi ekki verið bætt við þessar vörur.

Viðmiðun 4(e) Yfirborðsvirk efni sem eru notuð til að fjarlægja prentsvertu

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um framleiðanda eða framleiðendur mauks sem prentsverta hefur verið fjarlægð úr.

Sýna skal fram á auðlífbrjótanleika eða eðlislægan fullnaðarlífbrjótanleika allra yfirborðsvirkra efna sem eru notuð í ferlum til að fjarlægja prentsvertu (sjá prófunaraðferðir og viðmiðunarmörk hér á eftir). Eina undanþágan frá þessari kröfu skal vera notkun á yfirborðsvirkum efnum, sem eru að stofni til úr sílíkonafleiðum, að því tilskildu að pappírseðjan úr ferlinu til að fjarlægja prentsvertuna sé brennd.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt viðeigandi öryggisblöðum eða prófunarskýrslum fyrir hvert yfirborðsvirkt efni. Þar skal tilgreina prófunaraðferðina, þröskuldsgildin og niðurstöðuna sem komist var að með einni af eftirfarandi prófunaraðferðum og viðmiðunarmörkum:

— Fyrir auðlífbrjótanleika: OECD nr. 301 A-F (eða jafngildir ISO-staðlar) með a.m.k. 70% niðurbrotshlutfall (þ.m.t. gleypni) fyrir 301 A og E innan 28 daga og a.m.k. 60% fyrir 301 B, C, D og F.

— Fyrir eðlislægan fullnaðarlífbrjótanleika: OECD 302 A-C (eða jafngildir ISO-staðlar) með a.m.k. 70% niðurbrotshlutfall (þ.m.t. ásog) fyrir 302 A og B innan 28 daga og a.m.k. 60% fyrir 302 C.

Í tilvikum þar sem notuð eru yfirborðsvirk efni sem eru að stofni til úr sílíkoni skal umsækjandinn leggja fram öryggisblað fyrir íðefnin sem eru notuð og yfirlýsingu um að pappírseðjan úr ferlinu til að fjarlægja prentsvertuna sé brennd, þ.m.t. upplýsingar um viðtökubrennslustöðina eða -stöðvarnar.

Viðmiðun 4(f) Takmarkanir á sæfivöru til að verjast slími

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um pappírsframleiðandann.

Virk efni í sæfivörum, sem eru notaðar til að berjast gegn slímmyndandi lífverum í hringrásarvatnskerfum sem innihalda trefjar, skulu vera samþykkt til þeirrar notkunar eða vera í skoðun meðan beðið er ákvörðunar um samþykki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([5]) og skulu ekki vera efni sem geta hugsanlega safnast fyrir í lífverum.

Að því er varðar þessa viðmiðun skal lýsa hugsanlegri getu til uppsöfnunar í lífverum með log Kow (log af deilistuðli oktanóls/vatns) $\leq 3{,}0$ eða með lífþéttnistuðli, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, sem er ≤ 100.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt viðeigandi öryggisblöðum eða prófunarskýrslu um efniviðinn. Þar skal tilgreina prófunaraðferðina, þröskuldsgildin og niðurstöðuna sem komist var að með einni af eftirfarandi prófunaraðferðum: OECD 107, 117 eða 305 A-E.

Viðmiðun 4(g) Takmarkanir á asóliti

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um pappírsframleiðandann.

Ekki skal nota asóliti sem geta, við afoxandi klofnun eins eða fleiri asóhópa, losað eitt eða fleiri þeirra arómatísku amína sem eru tilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/61/EB ([6]) eða í 8. viðbæti við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 við framleiðslu á grafískum pappír með umhverfismerki ESB.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun frá birgi eða birgjum allra litgjafa sem eru notaðir í framleiðsluferlinu fyrir grafískan pappír með umhverfismerki ESB. Yfirlýsing frá birgi litgjafanna skal studd prófunarskýrslum samkvæmt viðeigandi aðferðum, sem lýst er í 10. viðbæti við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, eða jafngildum aðferðum.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/61/EB frá 19. júlí 2002 um nítjándu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (asólitarefni) (Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 15).

Viðmiðun 4(h) Fastlitarefni og leysilitir, að stofni til úr málmi

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um pappírsframleiðandann. Sjá skilgreiningu á fastlitarefnum og leysilitum, að stofni til úr málmi, í inngangsorðum þessa viðauka.

Ekki skal nota leysiliti eða fastlitarefni, að stofni til úr áli (**), silfri, arseni, baríumi, kadmíumi, kóbalti, krómi, kopar (**), kvikasilfri, mangani, nikkeli, blýi, seleni, antímoni, tini eða sinki.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við kröfurnar í þessari viðmiðun frá birgi eða birgjum allra litgjafa sem eru notaðir í framleiðsluferlinu fyrir grafískan pappír með umhverfismerki ESB. Yfirlýsing(ar) birgja skal/skulu studd(ar) með öryggisblöðum eða öðrum viðeigandi gögnum.

Viðmiðun 4(i) Jónuð óhreinindi í leysilitarefnum

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um pappírsframleiðandann.

Styrkur jónaðra óhreininda í leysislitarefnum má ekki vera yfir eftirtöldum mörkum (í milljónarhlutum): silfur 100; arsen 50; baríum 100; kadmíum 20; kóbalt 500; króm 100; kopar 250; kvikasilfur 4; nikkel 200; blý 100; selen 20; antímon 50; tin 250; sink 1500.

Takmörkunin fyrir koparóhreinindi gildir ekki um leysilitarefni, að stofni til úr koparþalósýaníni.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við kröfurnar í þessari viðmiðun frá birgi eða birgjum allra litgjafa sem eru notaðir í framleiðsluferlinu fyrir grafískan pappír með umhverfismerki ESB. Yfirlýsing(ar) birgja skal/skulu studd(ar) með öryggisblöðum eða öðrum viðeigandi gögnum.

Viðmiðun 5 — Meðhöndlun úrgangs

Allir framleiðslustaðir fyrir mauk og pappír skulu vera með kerfi til staðar til að meðhöndla úrgang frá framleiðsluferlinu og áætlun um að meðhöndla og draga úr úrgangi þar sem framleiðsluferlunum er lýst og sem inniheldur upplýsingar um eftirfarandi þætti:

1) málsmeðferðarreglur sem eru til staðar varðandi forvarnir gegn myndun úrgangs,

2) málsmeðferðarreglur sem eru til staðar varðandi flokkun úrgangs, endurnotkun og endurvinnslu,

3) málsmeðferðarreglur sem eru til staðar varðandi örugga meðhöndlun hættulegs úrgangs,

4) almenn og sértæk markmið um stöðugar umbætur að því er varðar að draga úr myndun úrgangs og auka endurnotkunar- og endurvinnsluhlutföllin.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram áætlun um að draga úr og meðhöndla úrgang á hverjum hlutaðeigandi stað fyrir sig og yfirlýsingu um samræmi við viðmiðunina.

Umsækjendur sem eru skráðir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) og/eða eru vottaðir samkvæmt ISO 14001 teljast hafa uppfyllt þessa viðmiðun ef:

1) meðhöndlun úrgangs er felld inn í og skráð í umhverfisyfirlýsinguna í umhverfisstjórnunarkerfi ESB fyrir framleiðslustaðinn eða -staðina eða

2) í ISO 14001-vottuninni fyrir framleiðslustaðinn eða -staðina er fjallað um það á fullnægjandi hátt að meðhöndlun úrgangs er felld inn.

Viðmiðun 6 — Notagildi

Pappírsvaran skal þjóna tilgangi sínum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun sem er studd með viðeigandi gögnum.

Framleiðendur skulu tryggja notagildi vara sinna og leggja fram gögn sem sýna fram á gæði varanna í samræmi við EN ISO/IEC 17050. Staðallinn veitir almennar viðmiðanir fyrir yfirlýsingu birgja um samræmi við normskjöl.

(**) Koparþalósýanín skal undanþegið takmörkuninni fyrir kopar og takmörkunin fyrir ál gildir ekki um álsílíköt.

Viðmiðun 7 — Upplýsingar á umbúðum

Að minnsta kosti einn hluti af eftirfarandi upplýsingum skal koma fram á umbúðum vörunnar:

„Vinsamlegast prentið báðum megin“ (gildir um pappír til prentunar á skrifstofum)

„Vinsamlega safnið notuðum pappír til endurvinnslu“

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun sem er studd með mynd af umbúðum vörunnar sem ber þær upplýsingar sem krafist er.

Viðmiðun 8 — upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Umsækjandinn skal fylgja fyrirmælum, sem er að finna í leiðbeiningum um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB (e. *EU Ecolabel Logo Guidelines*), um það hvernig á að nota kennimerki umhverfismerkisins á réttan hátt:

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo_guidelines.pdf

Ef valkvæði merkimiðinn með textareitnum er notaður skulu eftirfarandi þrjár yfirlýsingar koma þar fram:

— Lítil losun í andrúmsloft og vatn við framleiðslu

— Lítil orkunotkun í framleiðslu

— XX% af trefjunum eru fengin á sjálfbæran hátt/xx% endurunnar trefjar (eins og við á).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun sem er studd með mynd af umbúðum vörunnar sem sýnir greinilega merkimiðann, skráningar-/leyfisnúmerið og, þar sem við á, þær yfirlýsingar sem hægt er að tilgreina ásamt merkinu.

———

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR VIÐ VEITINGU UMHVERFISMERKIS ESB FYRIR HREINLÆTISPAPPÍR OG HREINLÆTISPAPPÍRSVÖRUR

RAMMI

Markmiðin með viðmiðununum

Markmiðin með viðmiðununum eru einkum að draga úr losun eiturefna eða ofauðgandi efna í vötn og umhverfisspjöllum eða áhættu sem tengist orkunotkun (loftslagsbreytingar, súrnun, eyðing ósonlagsins, eyðing óendurnýjanlegra auðlinda). Í þessu skyni er viðmiðununum ætlað að:

— draga úr orkunotkun og tengdri losun í andrúmsloft,

— draga úr umhverfisspjöllum með því að minnka losun í vatn og myndun úrgangs,

— draga úr umhverfisspjöllum eða -áhættu sem tengist notkun hættulegra íðefna og

— verja skóga með því að krefjast þess að endurunnar trefjar eða nýjar trefjar séu fengnar úr skógum og af svæðum sem er stjórnað á sjálfbæran hátt.

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur:

1. Losun í vatn og andrúmsloft
2. Orkunotkun
3. Trefjar: varðveisla auðlinda, sjálfbær skógarstjórnun
4. Hættuleg efni og blöndur sem sæta takmörkunum
5. Meðhöndlun úrgangs
6. Kröfur varðandi fullunna vöru
7. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar ná til framleiðslu á mauki, þ.m.t. allir undirferlar fyrir efnisþættina frá þeim tímapunkti þegar nýju trefjarnar eða endurunnu trefjarnar koma inn á framleiðslustaðinn til þess tíma þegar maukið fer frá maukverksmiðjunni. Að því er varðar pappírsframleiðsluferlana ná vistfræðilegu viðmiðanirnar til allra undirferlanna í pappírsverksmiðjunni, allt frá undirbúningi mauks til að framleiða hreinlætispappír þangað til honum er rúllað upp á aðalkeflið.

Orkunotkun og losun í vatn og andrúmsloft við umbreytingu hreinlætispappírs í hreinlætispappírsvörur falla ekki þar undir. Vistfræðilegu viðmiðanirnar ná ekki til flutnings og pökkunar á hráefnum (t.d. viði), mauki eða endanlegri pappírsvöru.

Mat og sannprófun: Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgi/birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra o.s.frv., eins og við á.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna vottorð og sannprófanir sem eru gefin út af aðilum sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir prófunar- og kvörðunarstofur og sannprófanir sem eru gefnar út af aðilum sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæri aðilinn sem metur umsóknina fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir eða vettvangsskoðanir til að athuga hvort farið sé að þessum viðmiðunum.

Hreinlætispappírsvaran þarf að uppfylla allar viðeigandi kröfur landsins þar sem hún er sett á markað. Umsækjandinn skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessa kröfu.

Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:

1) „loftþurrkað tonn“: loftþurrkað tonn (ADt) af mauki, gefið upp sem 90% þurrefnisinnihald,

2) „efnafræðilega unnið mauk“: trefjóttur efniviður sem fæst með því að fjarlægja úr hráefninu umtalsverðan hluta efnasambanda, sem innihalda ekki sellulósa, sem hægt er að fjarlægja með efnafræðilegri meðhöndlun (suða, fjarlæging ligníns, bleiking),

3) „CMP“: mauk unnið með efnameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CMP-mauk)

4) „CTMP“: mauk unnið með efna- og hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CTMP-mauk),

5) „mauk sem prentsverta hefur verið fjarlægð úr“: mauk úr pappír til endurvinnslu sem búið er að fjarlægja prentsvertu og önnur aðskotaefni úr,

6) „leysilitir“: sterklitaður eða flúrljómandi lífrænn efniviður sem litar undirstöðuefni með valkvæða gleypni. Leysilitir eru leysanlegir og/eða fara í gegnum notkunarferli sem sundrar, a.m.k. tímabundið, allri kristallsgerð í litnum. Leysilitir verða eftir í undirstöðuefninu með gleypni, upplausn og vélrænni geymd eða með jónatengjum eða samgildum efnatengjum,

7) „ECF-mauk“: bleikjað mauk sem inniheldur ekki hreinan klór,

8) „samþætt framleiðsla“: mauk og pappír eru framleidd á sama stað. Maukið er ekki þurrkað fyrir pappírsframleiðsluna. Framleiðsla á pappír/pappa tengist beint framleiðslu á mauki,

9) „pappír eða pappi úr vélunnu viðarmauki“: pappír eða pappi þar sem vélunnið viðarmauk er mikilvægur hluti af trefjasamsetningunni,

10) „fastlitarefni og leysilitir, að stofni til úr málmi“: fastlitarefni og leysilitir sem innihalda meira en 50% massahlutfall af viðkomandi málmsambandi eða -samböndum,

11) „aðalkefli“: stór rúlla af hreinlætispappír, rúllað upp á vindukefli (e. *winding station*), sem nær annaðhvort yfir fulla breidd eða hluta af breidd hreinlætispappírsvélarinnar,

12) „ósamþætt framleiðsla“: framleiðsla á mauki á markað (til sölu) í verksmiðjum þar sem pappírsvélar eru ekki notaðar eða framleiðsla á pappír/pappa þar sem eingöngu er notað mauk sem er framleitt í öðrum verksmiðjum (mauk keypt á markaði),

13) „afgangspappír úr vél“: pappírsefniviður sem fellur til sem úrgangur við vinnslu í pappírsvél en hefur eiginleika sem gera það að verkum að hægt er að endurnýta hann á staðnum með því að setja hann aftur inn í sama framleiðsluferlið og hann varð til í. Að því er varðar þessa ákvörðun skal þetta hugtak ekki ná yfir umbreytingarferlana sem teljast vera aðskilin ferli frá pappírsvélinni,

14) „fastlitarefni“: litaðar, svartar, hvítar eða flúrljómandi fastar lífrænar eða ólífrænar agnir sem eru alla jafna óleysanlegar í og verða í raun hvorki fyrir eðlisrænum né efnafræðilegum áhrifum frá burðarefninu eða undirstöðuefninu sem þær eru felldar inn í. Þær breyta um útlit með valkvæðri gleypni og/eða með því að dreifa ljósi. Fastlitarefni eru alla jafna dreifð í burðarefnum eða undirstöðuefnum til notkunar t.d. við framleiðslu á bleki, málningu, plasti eða öðrum fjölliðuefnum. Fastlitarefni halda kristalls- eða agnagerðinni allt litunarferlið,

15) „endurunnar trefjar“: trefjar sem eru skildar frá úrgangsstraumnum meðan á framleiðsluferli stendur eða sem verða til á heimilum eða hjá verslunum, í iðnaði og á stofnunum við hlutverk þeirra sem endanlegir notendur vörunnar. Þessar trefjar er ekki lengur hægt að nota í þeim tilgangi sem þeim var ætlaður. Þarna er undanskilin endurnýting efniviða sem verða til í ferli og eru þess eðlis að hægt er að endurnýta þá í sama ferlinu og þeir urðu til í (afgangspappír úr vél — eigin framleiðsla eða aðkeypt),

16) „mótaður hreinlætispappír“ (e. *structured tissue paper*): pappír sem einkennist af mikilli fyrirferð og ísogshæfni sem næst með stórum, staðbundnum flötum með miklum og litlum þéttleika trefja, í formi trefjavasa, í grunnblaðinu sem verða til með sérstakri vinnslu í hreinlætispappírsvélinni,

17) „TCF-mauk“: bleikjað mauk sem er algjörlega án klórs,

18) „TMP-mauk“: mauk unnið með hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (TMP-mauk).

VIÐMIÐANIR FYRIR UMHVERFISMERKI ESB

Viðmiðun 1 — Losun í vatn og andrúmsloft

Forsendan er sú að framleiðslustaður mauks og pappírs uppfylli öll viðkomandi lagaskilyrði landsins þar sem hann er staðsettur.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi sem er studd með viðeigandi skjölum og yfirlýsingum frá birgi eða birgjum mauksins.

Viðmiðun 1(a) Efnafræðileg súrefnisþörf (COD), brennisteinn (S), köfnunarefnisoxíð (NOx), fosfór (P)

Krafan byggist á upplýsingum um losun í tengslum við tilgreint viðmiðunargildi. Hlutfallið milli eiginlegrar losunar og viðmiðunargildisins umreiknast yfir í losunarstigafjölda.

Stigafjöldinn fyrir hvern einstakan losunarmæliþátt skal ekki fara yfir 1,3.

Í öllum tilvikum skal heildarfjöldi stiga ($P_{heildar} = P_{COD} + P_S + P_{NOx} + P_P$) ekki fara yfir 4,0.

Ef um er að ræða ósamþætta framleiðslu skal umsækjandinn leggja fram útreikning sem felur í sér mauk- og pappírs-framleiðslu.

Að því er varðar pappírsmauk og pappírsgerð í heild sinni skal P_{COD} reiknað út sem hér segir (reikna skal P_S, P_{NOx} og P_P út á nákvæmlega sama hátt).

Fyrir hvert mauk „i“, sem er notað, skal tilsvarandi mæld losun, sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf ($COD_{mauk,i}$ er gefið upp í kg/loftþurrkað tonn — ADt), vegin í hlutfalli við hvert mauk sem notað er (mauk „i“ í hlutfalli við loftþurrkað tonn af mauki) og það lagt saman. Í loftþurrkuðu tonni er gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald mauks sé 90% og pappírs 95%.

Veginni losun, sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf fyrir maukið, er síðan bætt við mælda losun, sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf, frá pappírsframleiðslunni til að fá út heildarlosun sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf, $COD_{heildar}$.

Vegið viðmiðunargildi efnafræðilegrar súrefnisþarfar fyrir maukframleiðslu skal reiknað á sama hátt, með því að bæta summu veginna viðmiðunargilda fyrir hvert mauk, sem er notað, við viðmiðunargildið fyrir pappírsframleiðsluna til að fá út heildarviðmiðunargildi fyrir efnafræðilega súrefnisþörf, $COD_{heildarviðmiðunargildi}$. Í töflu 1 eru gefin upp viðmiðunargildin fyrir hverja tegund mauks, sem er notað, og fyrir pappírsframleiðsluna.

Að lokum skal deilt í heildarlosun, sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf, með heildarviðmiðunargildi efnafræðilegrar súrefnisþarfar á eftirfarandi hátt:

$$P_{COD} = \frac{COD_{heildar}}{COD_{heildarviðmiðunargildi}} = \frac{\sum_{i=1}^{n}[mauk, i \times (COD_{mauk,i})] + COD_{pappírsvél}}{\sum_{i=1}^{n}[mauk, i \times (COD_{viðmiðunargildi\ mauk,i})] + COD_{viðmiðunargildi\ pappírsvél}}$$

Tafla 1

Viðmiðunargildi fyrir losun frá mismunandi tegundum mauks og frá pappírsframleiðslu

Tegund mauks/pappírs	Losun (kg/loftþurrkað tonn)			
	$COD_{viðmiðunargildi}$	$P_{viðmiðunargildi}$	$S_{viðmiðunargildi}$	$NOx_{viðmiðunargildi}$
Bleikjað efnafræðilega unnið mauk (annað en súlfítmauk)	16,00	0,025 0,09 (1)	0,35	1,60
Bleikjað, efnafræðilega unnið mauk (súlfítmauk)	24,00	0,04	0,75	1,60
Magnefítmauk	28,00	0,056	0,75	1,60
Óbleikjað efnafræðilega unnið mauk	6,50	0,016	0,35	1,60
CTMP-mauk/CMP-mauk	16,00	0,008	0,20	0,25/0,70 (2)
Mauk unnið með hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (TMP-mauk)/mauk úr viðarslípi	3,00/5,40 (3)	0,008	0,20	0,25
Mauk úr endurunnum trefjum sem prentsverta hefur ekki verið fjarlægð úr	1,10	0,006	0,20	0,25
Mauk úr endurunnum trefjum sem prentsverta hefur verið fjarlægð úr	3,20	0.012	0,20	0,25
	Losun (kg/tonn)			
Framleiðsla á hreinlætispappír	1,20	0,01	0,30	0,50
Framleiðsla á mótuðum hreinlætispappír	1,20	0,01	0,30	0,70

(1) Hærra gildið á við um verksmiðjur sem nota gúmviði frá svæðum með hærra fosfórgildi (t.d. íberískur gúmviður).

(2) Losunargildi köfnunarefnisoxíða (NOx) fyrir ósamþættar verksmiðjur sem framleiða mauk, unnið með efna- og hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CTMP-mauk), þar sem maukið er leifturþurrkað (e. *flash-drying*) með gufu að stofni til úr lífmassa.

(3) Gildi efnafræðilegrar súrefnisþarfar fyrir mikið bleikjað vélunnið mauk (70–100% af trefjum í fullunnum pappír).

Í tilvikum þar sem samframleiðsla varma og raforku fer fram í sömu stöð má draga losun brennisteins (S) og köfnunar-efnisoxíða (NOx), sem til fellur við raforkuframleiðslu á staðnum, frá heildarmagninu. Nota má eftirfarandi jöfnu til að reikna út hlutfall losunar sem verður við raforkuframleiðslu:

2 × (MWh(raforka))/[2 × MWh(raforka) + MWh(varmi)]

Raforkan í þessum útreikningi er raforkan sem er framleitt í samframleiðslustöðinni. Varminn í þessum útreikningi er nettóvarminn sem kemur frá samframleiðslustöðinni til framleiðslu á maukinu/pappírnum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram ítarlega útreikninga og prófunargögn sem sýna fram á að farið sé að þessari viðmiðun ásamt viðeigandi fylgiskjölum sem innihalda prófunarskýrslur þar sem notaðar hafa verið eftirfarandi staðlaðar prófunaraðferðir með samfelldri eða reglubundinni vöktun (eða jafngildar staðalaðferðir sem þar til bæri aðilinn samþykkir að skili gögnum af sambærilegum vísindalegum gæðum): Efnafræðileg súrefnisþörf (COD): ISO 15705 eða ISO 6060; köfnunarefnisoxíð (NOx) : EN 14792 eða ISO 11564; S (brennisteinsoxíð): EN 14791 eða EPA nr. 8; S (afoxaður brennisteinn): EPA nr. 15A,16A eða 16B; brennisteinsinnihald (S) í olíu: ISO 8754; brennisteinsinnihald (S) í kolum: ISO 19579; brennisteinsinnihald (S) í lífmassa: EN 15289; Samtals P: EN ISO 6878.

Einnig er hægt að nota flýtiprófanir til að vakta losun svo fremi að þær séu reglubundið (t.d. mánaðarlega) bornar saman við viðkomandi fyrrnefnda staðla eða viðeigandi jafngildi þeirra. Ef um er að ræða losun sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf (COD) skal samþykkja stöðuga vöktun á grundvelli greiningar á heildarmagni lífræns kolefnis (TOC) svo fremi að fylgni milli niðurstaðna varðandi heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) og efnafræðilega súrefnisþörf (COD) hafi verið ákvörðuð fyrir viðkomandi stað.

Lágmarkstíðni mælinga, nema annað sé tekið fram í rekstrarleyfinu, skal vera daglega fyrir losun sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf og vikulega fyrir heildarmagn fosfórs (samtals P). Í öllum tilvikum skal mæla losun brennisteins (S) og köfnunarefnisoxíða (NOx) með samfelldum hætti (fyrir losun frá kötlum með getu umfram 50 MW) eða með reglubundnum hætti (a.m.k. einu sinni á ári fyrir katla og þurrkara sem hver um sig er með getu sem nemur 50 MW eða minna).

Gögn skulu gefin upp sem ársmeðaltöl nema í tilvikum þegar:

— framleiðsluátakið er tímabundið,

— um er að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju en þá skulu mælingarnar miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri.

Í báðum tilvikum má einungis taka við gögnum ef þau eru dæmigerð fyrir viðkomandi framleiðsluátak og nægilega margar mælingar hafa verið gerðar fyrir hvern losunarmæliþátt.

Fylgiskjölunum skulu fylgja upplýsingar um tíðni mælinga og útreikninga á stigum varðandi efnafræðilega súrefnisþörf (COD), heildarmagn fosfórs (samtals P), brennistein (S) og köfnunarefnisoxíð (NOx).

Losun í andrúmsloft skal taka til allrar losunar brennisteins (S) og köfnunarefnisoxíða (NOx) sem á sér stað við framleiðslu á mauki og pappír, þ.m.t. gufa sem myndast fyrir utan framleiðslustaðinn, að undanskilinni losun sem tengist raforkuframleiðslu. Mælingarnar skulu ná til endurnýtingarsuðukatla, kalkofna, gufukatla og ofna til að eyða lyktsterkum lofttegundum. Einnig skal taka tillit til dreifðrar losunar. Tilkynnt losunargildi fyrir brennistein (S) út í andrúmsloftið skulu ná bæði til losunar oxaðs og afoxaðs brennisteins. Í stað þess að mæla brennisteinslosun, sem tengist varmaorkumyndun með olíu, kolum eða öðrum utanaðkomandi eldsneytistegundum með þekkt innihald brennisteins, má reikna hana út og skal tillit tekið til hennar.

Mælingar á losun í vatn skulu gerðar með ósíuðum sýnum, sem hafa ekki botnfallið, á losunarstað frárennslis í skólphreinsistöð verksmiðjunnar. Í tilvikum þar sem frárennsli frá verksmiðju er sent til skólphreinsistöðvar á vegum sveitarfélags eða annars þriðja aðila skal greina ósíuð sýni, sem hafa ekki botnfallið og eru tekin á losunarstað verksmiðjunnar inn í fráveitukerfið, og margfalda niðurstöðurnar með stöðluðum fjarlægingarskilvirknistuðli fyrir viðkomandi skólphreinsistöð. Fjarlægingarskilvirknistuðullinn skal byggjast á upplýsingum frá rekstraraðila skólphreinsistöðvar á vegum sveitarfélags eða annars þriðja aðila

Sé um að ræða samþættar verksmiðjur, vegna erfiðleika við að fá fram aðskildar losunartölur fyrir mauk og pappír ef eingöngu liggur fyrir sameiginleg tala fyrir mauk- og pappírsframleiðslu, skulu losunargildin fyrir mauk fá gildið núll og sameinuðu gildin skulu borin saman við sameinuð viðmiðunargildi fyrir viðkomandi mauk- og pappírsframleiðslu. Vegið innihald, að því er varðar hvert mauk sem fengið hefur sérstakt viðmiðunargildi úr töflu 1, skal endurspeglast í jöfnunni.

Viðmiðun 1(b) Áseyg, lífræn halógensambönd (AOX)

Þessi viðmiðun á við um mauk sem inniheldur ekki hreinan klór (ECF-mauk).

Losun áseygra, lífrænna halógensambanda frá framleiðslu á hverju mauki sem er notað í hreinlætispappír með umhverfismerki ESB skal ekki fara yfir 0,17 kg/loftþurrkað tonn.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslur þar sem prófunaraðferðin AOX ISO 9562 er notuð, eða jafngildar aðferðir, ásamt nákvæmum útreikningi, sem sýnir að farið sé að þessari viðmiðun, og viðeigandi fylgiskjölum.

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun sem er studd með skrá yfir mismunandi ECF-mauk, sem eru notuð í maukblönduna, þyngd hvers fyrir sig og magn losunar áseygra, lífrænna halógensambanda úr hverju fyrir sig, gefið upp sem kg af áseygum, lífrænum halógensamböndum/loftþurrkað tonn af mauki.

Í fylgiskjölunum skulu vera upplýsingar um tíðni mælinga. Áseyg, lífræn halógensambönd skulu aðeins mæld þegar um er að ræða vinnslu þar sem klórsambönd eru notuð til að bleikja maukið. Ekki er nauðsynlegt að mæla áseyg, lífræn halógensambönd í frárennsli frá ósamþættri pappírsframleiðslu eða í frárennsli frá maukframleiðslu án bleikingar eða þar sem bleiking fer fram með efnum sem innihalda ekki klór.

Mælingar á losun áseygra, lífrænna halógensambanda í vatn skulu gerðar með ósíuðum sýnum, sem hafa ekki botnfallið, á losunarstað frárennslis í skólphreinsistöð verksmiðjunnar. Í tilvikum þar sem frárennsli frá verksmiðju er sent til skólphreinsistöðvar á vegum sveitarfélags eða annars þriðja aðila skal greina ósíuð sýni, sem hafa ekki botnfallið og eru tekin á losunarstað verksmiðjunnar inn í fráveitukerfið, og margfalda niðurstöðurnar með stöðluðum fjarlægingarskilvirknistuðli fyrir viðkomandi skólphreinsistöð. Fjarlægingarskilvirknistuðullinn skal byggjast á upplýsingum frá rekstraraðila skólphreinsistöðvar á vegum sveitarfélags eða annars þriðja aðila

Upplýsingar um losunina skulu gefnar upp sem ársmeðaltal út frá mælingum sem eru gerðar a.m.k. einu sinni á tveggja mánaða fresti. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu mælingarnar miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri. Þær skulu vera dæmigerðar fyrir viðkomandi tímabil.

Ef umsækjandinn notar ekki ECF-mauk er nóg að yfirlýsing þess efnis sé send til þar til bæra aðilans.

Viðmiðun 1(c) koltvísýringur (CO_2)

Athugasemd: Viðmiðunin á við um heildarsummu koltvísýringslosunar frá mauk- og pappírsframleiðsluferlum. Umbreyting fellur ekki þar undir.

Losun koltvísýrings úr jarðefnaeldsneyti, sem er notað við framleiðslu á varma og raforku við vinnslu (hvort heldur sem er á staðnum eða annars staðar), má ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

1) 1 200 kg koltvísýringur (CO_2)/tonn fyrir venjulegan hreinlætispappír,

2) 1 850 kg koltvísýringur (CO_2)/tonn fyrir mótaðan hreinlætispappír.

Raunverulegt losunargildi skal reiknað út sem summa losunar frá framleiðslu á mauki og pappír, að teknu tilliti til þeirra maukblandna sem eru notaðar.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram gögn og ítarlega útreikninga sem sýna að farið sé að þessari viðmiðun, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

Fyrir hvert mauk sem er notað skal framleiðandi mauksins láta umsækjandanum í té eitt gildi fyrir koltvísýringslosun í kg af koltvísýringi/loftþurrkað tonn. Umsækjandinn skal einnig láta í té eitt gildi fyrir koltvísýringslosun (CO_2) viðkomandi pappírsvélar eða -véla sem eru notaðar við framleiðslu á hreinlætispappír með umhverfismerki ESB. Að því er varðar samþættar verksmiðjur er heimilt að gefa upp koltvísýringslosun frá mauk- og pappírsframleiðslu sem eitt gildi.

Gögn um koltvísýringslosun skulu taka til alls óendurnýjanlegs eldsneytis sem notað er við framleiðslu á mauki og pappír, þ.m.t. losun vegna raforkuframleiðslu (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar).

Losunarstuðlar fyrir eldsneyti skulu notaðir í samræmi við VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012.

Að því er varðar rafmagn um dreifikerfi skal nota losunarstuðullinn 384 (kg af CO2/MWh) í samræmi við MEErP-aðferðafræðina ([1]).

Tímabilið, sem útreikningarnir eða massajöfnuðurinn miðast við, skal byggjast á framleiðslu á 12 mánaða tímabili. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu útreikningarnir miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri. Útreikningarnir skulu vera dæmigerðir fyrir viðkomandi tímabil.

Að því er varðar rafmagn frá dreifikerfi skal nota gildið sem gefið er í töflunni hér að framan (evrópska meðaltalið) nema umsækjandi leggi fram gögn sem sýna meðalgildið fyrir rafmagnsbirgja hans (birgjar sem gerðir hafa verið samningar við) en þá er umsækjanda heimilt að nota það gildi í staðinn fyrir gildið sem er tilgreint í töflunni. Gögn, sem eru notuð sem sönnun fyrir samræmi, skulu innihalda tækniforskriftir þar sem meðalgildið er tilgreint (þ.e. afrit af samningi).

Magn orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er keypt og notað í framleiðsluferlum, telst vera með koltvísýringslosun upp á núll þegar koltvísýringslosunin er reiknuð út. Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn þess efnis að orka af þessu tagi sé í raun notuð í verksmiðjunni eða hafi verið aðkeypt.

Viðmiðun 2 — Orkunotkun

Krafan byggist á upplýsingum um raunverulega orkunotkun við framleiðslu á mauki og pappír með tilliti til sérstakra viðmiðunargilda.

([1]) Methodology for the Ecodesign of Energy-related Products

Orkunotkunin nær til raforku- og eldsneytisnotkunar til varmaframleiðslu og skal gefin upp í stigum (Pheildar) eins og lýst er hér á eftir.

Heildarfjöldi stiga (Pheildar = P_E + P_F) skal ekki fara yfir 2,5.

Tafla 2 inniheldur viðmiðunargildi til að reikna út orkunotkunina.

Ef um er að ræða maukblöndur skal viðmiðunargildi fyrir raforku- og eldsneytisnotkun til varmaframleiðslu vegið í hlutfalli við hvert mauk sem notað er (mauk „*i*“ að því er varðar loftþurrkað tonn af mauki) og það lagt saman.

Viðmiðun 2(a) Raforka

Raforkunotkun sem tengist framleiðslu á mauki og pappír skal gefin upp í stigum (P_E) eins og lýst er hér á eftir.

Útreikningur fyrir maukframleiðslu: Fyrir hvert mauk, i, sem er notað, skal reikna raforkunotkun ($E_{mauk,i}$ gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn) á eftirfarandi hátt:

$E_{mauk,i}$ = innri rafmagnsframleiðsla + keypt rafmagn – selt rafmagn

Útreikningur fyrir pappírsframleiðslu: Á sama hátt skal reikna raforkunotkun, sem tengist pappírsframleiðslunni ($E_{pappír}$), á eftirfarandi hátt:

$E_{pappír}$ = innri rafmagnsframleiðsla + keypt rafmagn – selt rafmagn

Að lokum skal leggja saman stig fyrir mauk- og pappírsframleiðslu til að fá heildarfjölda stiga (P_E) á eftirfarandi hátt:

$$P_E = \frac{\sum_{i=1}^{n}[\text{mauk, i} \times E_{\text{mauk,i}}] + E_{\text{pappír}}}{\sum_{i=1}^{n}[\text{mauk, i} \times E_{\text{viðmiðunargildi mauk,i}}] + E_{\text{viðmiðunargildi pappír}}}$$

Sé um að ræða samþættar verksmiðjur, vegna erfiðleika við að fá fram aðskildar raforkutölur fyrir mauk og pappír ef eingöngu liggur fyrir sameiginleg tala fyrir mauk- og pappírsframleiðslu, skulu raforkugildin fyrir mauk fá gildið núll og talan fyrir verksmiðjuna skal ná yfir framleiðslu á bæði mauki og pappír.

Viðmiðun 2(b) Eldsneytisnotkun til varmaframleiðslu

Eldsneytisnotkun, sem tengist mauk- og pappírsframleiðslu, skal gefin upp í stigum (P_F) eins og lýst er hér á eftir.

Útreikningur fyrir maukframleiðslu: Fyrir hvert mauk, i, sem er notað, skal reikna eldsneytisnotkun ($F_{mauk,i}$ gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn) á eftirfarandi hátt:

$F_{mauk,i}$ = innri eldsneytisframleiðsla + keypt eldsneyti – selt eldsneyti – 1,25 × innri rafmagnsframleiðsla

Athugasemd:

1. Ekki er nauðsynlegt að reikna út $F_{mauk,i}$ (og hlutdeild þess í P_F, mauk) fyrir vélunnið mauk nema um sé að ræða loftþurrkað, vélunnið mauk á markaði með a.m.k. 90% þurrefnisinnihald.

2. Magn eldsneytis sem er notað við framleiðslu á seldum varma skal falla undir „selt eldsneyti“ í jöfnunni hér að framan.

Útreikningur fyrir pappírsframleiðslu: Á sama hátt skal reikna eldsneytisnotkun, sem tengist pappírsframleiðslunni ($F_{pappír}$, gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn), á eftirfarandi hátt:

$F_{pappír}$ = innri eldsneytisframleiðsla + keypt eldsneyti – selt eldsneyti – 1,25 × innri rafmagnsframleiðsla

Að lokum skal leggja saman stig fyrir mauk- og pappírsframleiðslu til að fá heildarfjölda stiga (PF) á eftirfarandi hátt:

$$P_F = \frac{\sum_{i=1}^{n}[\text{mauk, i} \times F_{\text{mauk,i}}] + F_{\text{pappír}}}{\sum_{i=1}^{n}[\text{mauk, i} \times F_{\text{viðmiðunargildi mauk,i}}] + F_{\text{viðmiðunargildi pappír}}}$$

Tafla 2

Viðmiðunargildi fyrir rafmagn og eldsneyti

Tegund mauks	Eldsneyti kWh/loftþurrkað tonn $F_{viðmiðunargildi}$		Rafmagn kWh/loftþurrkað tonn $E_{viðmiðunargildi}$	
	Non-admp (mauk á markaði, ekki loftþurrkað)	admp (loftþurrkað mauk á markaði)	Non-admp (mauk á markaði, ekki loftþurrkað)	admp (loftþurrkað mauk á markaði)
Efnafræðilega unnið mauk	3 650	4 650	750	750
Mauk unnið með hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (TMP-mauk)	0	900	2 200	2 200
Mauk úr viðarslípi (þ.m.t. viðarslípi undir þrýstingi (e. *pressurised groundwood*)	0	900	2 000	2 000
Mauk unnið með efna- og hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CTMP-mauk)	0	800	1 800	1 800
Endurunnið mauk	350	1 350	700	700
Gæðaflokkur pappírs	kWh/tonn			
Hreinlætispappír	1 950		950	
Mótaður hreinlætispappír	3 000		1 500	

admp = loftþurrkað mauk á markaði

Mat og sannprófun (bæði fyrir a- og b-lið): Umsækjandinn skal leggja fram ítarlega útreikninga sem sýna að farið sé að þessari viðmiðun, ásamt öllum viðeigandi fylgiskjölum. Upplýsingarnar skulu því bæði taka til heildarraforku- og eldsneytisnotkunar.

Umsækjandinn skal reikna út alla orkunotkun, sem skiptist niður í varma/eldsneyti og rafmagn, sem notuð er til framleiðslu á mauki og pappír, þ.m.t. orkan sem notuð er til að fjarlægja prentsvertu úr úrgangspappír við framleiðslu á endurunnu mauki. Orka sem er notuð við flutning á hráefnum, svo og við pökkun, er ekki innifalin í útreikningum á orkunotkun.

Heildarvarmaorka tekur til alls aðkeypts eldsneytis. Hún tekur einnig til endurnýttrar varmaorku sem fæst til að mynda með brennslu vökva og úrgangs sem fellur til við vinnslu á staðnum (t.d. viðarúrgangi, sagi, vökvum, úrgangspappír og afgangspappír) og til endurnýtts varma frá innri rafmagnsframleiðslu. Umsækjandinn þarf þó aðeins að tilgreina 80% varmaorku frá slíkum orkugjöfum þegar heildarvarmaorka er reiknuð.

Raforka merkir hreint, aðfengið rafmagn frá dreifikerfinu og innri rafmagnsframleiðslu sem mæld er sem raforka. Ekki þarf að taka með í reikninginn rafmagn sem notað er til skólphreinsunar.

Varmagildi gufu sem framleidd er með rafmagni skal reiknað og síðan skal deila í það með 0,8 og bæta við heildar-eldsneytisnotkunina.

Sé um að ræða samþættar verksmiðjur, vegna erfiðleika við fá fram aðskildar eldsneytistölur (varmi) fyrir mauk og pappír ef eingöngu liggur fyrir sameiginleg tala fyrir mauk- og pappírsframleiðslu, skulu eldsneytis(varma)gildin fyrir mauk fá gildið núll og talan fyrir verksmiðjuna skal ná yfir framleiðslu á bæði mauki og pappír.

Viðmiðun 3 — Trefjar — varðveisla auðlinda, sjálfbær skógarstjórnun

Trefjahráefnið má vera úr endurunnum trefjum eða nýjum trefjum.

Nýjar trefjar mega ekki vera upprunnar úr tegundum sem eru erfðabreyttar lífverur.

Allar trefjar skulu falla undir gild aðfangakeðjuvottorð, sem gefin eru út af óháðu vottunarkerfi þriðja aðila, t.d. skóg-arnytjaráðinu (FSC), áætlun um viðurkenningu á skógavottunarkerfinu (PEFC) eða jafngildu kerfi, eða falla undir afhendingarseðla fyrir pappír til endurvinnslu í samræmi við staðalinn EN 643.

Að minnsta kosti 70% af trefjaefninu, sem er úthlutað til vörunnar eða framleiðslulínunnar, skal vera upprunnið úr skógum eða af svæðum sem er stjórnað samkvæmt meginreglum um sjálfbæra skógarstjórnun, sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í viðeigandi, óháðri aðfangakeðjuáætlun, og/eða vera upprunnið úr endurunnum efniviðum.

Við útreikning á endurunnu trefjainnihaldi skal undanskilja endurnýtingu á úrgangsefnum sem eru þess eðlis að hægt er að endurnýta þau í sama ferli og þau urðu til í (þ.e. afgangspappír úr vél — eigin framleiðsla eða aðkeypt). Þó má líta á notkun afgangspappírs úr umbreytingaraðgerðum (eigin eða aðkeyptan) sem framlag til endurunna trefjainnihaldsins ef hann fellur undir afhendingarseðla samkvæmt EN 643.

Allur óvottaður nýr efniviður skal falla undir sannprófunarkerfi sem tryggir að uppruni hans sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.Vottunaraðilarnir sem gefa út vottorð fyrir skóga og/eða fyrir aðfangakeðju skulu faggiltir eða viðurkenndir með þessu vottunarkerfi.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal afhenda þar til bæra aðilanum samræmisyfirlýsingu sem er studd með gildandi aðfangakeðjuvottorði, vottuðu af óháðum aðilum, frá framleiðanda hreinlætispappírs með umhverfismerki ESB og fyrir allar trefjar sem eru notaðar í vöruna eða framleiðslulínuna. FSC, PEFC eða sambærileg kerfi skulu tekin gild sem óháð vottun þriðja aðila. Ef endurunnar trefjar hafa verið notaðar og vottorð um slíkt samkvæmt FSC eða PEFC eða jafngild endurvinnsluvottorð eru ekki notuð skal afhendingarseðill samkvæmt EN 643 gilda sem sönnun.

Umsækjandinn skal leggja fram endurskoðuð bókhaldsgögn sem sýna fram á að a.m.k. 70% af efniviðunum, sem er úthlutað til vörunnar eða framleiðslulínunnar, séu upprunnir úr skógum eða af svæðum sem er stjórnað samkvæmt meginreglum um sjálfbæra skógarstjórnun, sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í viðeigandi, óháðri aðfangakeðjuáætlun, og/eða séu upprunnin úr endurunnum efniviðum.

Ef vara eða framleiðslulína inniheldur óvottaðan nýjan efnivið skal leggja fram sönnun fyrir því að óvottaði nýi efniviðurinn sé innan við 30% af innihaldinu og falli undir sannprófunarkerfi sem tryggir að uppruni hans sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

Ef ekki er gerð krafa um það í vottunarkerfinu að allur nýr efniviður sé fenginn úr tegundum sem eru ekki erfðabreyttar lífverur skal leggja fram viðbótarsannanir til að sýna fram á það.

Viðmiðun 4 — Hættuleg efni og blöndur sem sæta takmörkunum

Grundvöllurinn fyrir því að sýna fram á samræmi við hverja undirviðmiðun samkvæmt viðmiðun 4 skal vera sá að umsækjandi leggi fram skrá yfir öll viðkomandi íðefni sem eru notuð, ásamt viðeigandi gögnum (öryggisblaði eða yfirlýsingu frá íðefnabirginum).

Viðmiðun 4(a) Takmarkanir á sérlega varasömum efnum (SVHC)

Athugasemd: Skima verður öll vinnsluíðefni og virk íðefni sem eru notuð í pappírsverksmiðjunni og, þar sem við á, í ferlinu þegar hreinlætispappír er umbreytt. Þessi viðmiðun gildir ekki um íðefni sem eru notuð við hreinsun skólps nema hreinsaða skólpinu sé endurstreymt í pappírsframleiðsluferlið.

Pappírsvaran skal ekki innihalda efni sem hafa verið tilgreind samkvæmt aðferðinni sem lýst er í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og eru í skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni, í styrk sem er yfir 0,10% (massahlutfall). Ekki skal veita neina undanþágu frá þessari kröfu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skall leggja fram yfirlýsingu um að pappírsvaran innihaldi engin sérlega varasöm efni í styrk sem er yfir 0,10% (massahlutfall). Yfirlýsingin skal studd öryggisblöðum eða viðeigandi yfirlýsingum frá íðefnabirgjum fyrir öll vinnsluíðefni og virk íðefni, sem eru notuð í pappírsverksmiðjunni, sem sýna að ekkert af íðefnunum inniheldur sérlega varasöm efni í styrk sem er yfir 0,10% (massahlutfall).

Skrána yfir efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, má finna hér:

http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/candidate_list_table_en.asp

Vísun í skrána skal vera frá umsóknardeginum.

Viðmiðun 4(b) Takmarkanir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun

Athugasemd: Skima verður öll vinnsluíðefni og virk íðefni sem eru notuð í pappírsverksmiðjunni og, þar sem við á, í ferlinu þegar hreinlætispappír er umbreytt. Þessi viðmiðun gildir ekki um íðefni sem eru notuð við hreinsun skólps nema hreinsaða skólpinu sé endurstreymt í pappírsframleiðsluferlið.

Pappírsvara skal ekki innihalda efni eða blöndur, sem eru flokkaðar með einhverri af eftirfarandi hættusetningu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, í styrk sem er yfir 0,10% (massahlutfall) nema undanþága komi fram í töflu 3:

— **Hætta – hópur 1:** Undirflokkur 1A eða 1B, efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og/eða hafa eiturhrif á æxlun (CMR-efni): H340, H350, H350i, H360, H360F, H360D, H360FD, H360Fd, H360Df

— **Hætta – hópur 2:** 2. undirflokkur, sértæk eiturhrif á marklíffæri (CMR): H341, H351, H361, H361f, H361d, H361fd, H362 1. undirflokkur, eiturhrif á vatnsumhverfi: H400, H410 1. og 2. undirflokkur, bráð eiturhrif: H300, H310, H330 1. undirflokkur, eiturhrif við ásvelgingu: H304 1. undirflokkur, sértæk eiturhrif á marklíffæri (STOT): H370, H372 1. undirflokkur, húðnæmir (*): H317

— **Hætta – hópur 3:** 2., 3. og 4. undirflokkur, eiturhrif á vatnsumhverfi: H411, H412, H413 3. undirflokkur, bráð eiturhrif: H301, H311, H331 2. undirflokkur, sértæk eiturhrif á marklíffæri (STOT): H371, H373

Notkun á efnum eða blöndum, sem er efnafræðilega umbreytt í pappírframleiðsluferlinu (t.d. ólífræn hnatfellingarefni, víxltengiefni, ólífræn oxandi efni og afoxunarefni) þannig að viðeigandi takmörkun vegna hættuþátta samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun á ekki lengur við, skal undanþegin frá framangreindri kröfu.

Tafla 3

Undanþágur frá takmörkunum vegna hættuþátta samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun og viðeigandi skilyrði

Tegund efnis/blöndu	Notkunarsvið	Undanþegin flokkun/ undanþegnar flokkanir	Skilyrði undanþágu
Leysilitir og fastlitarefni	Notað í blautvinnslu (e. *wet end*) eða borið á yfirborðið við framleiðslu á lituðum pappír.	H411, H412, H413	Íðefnabirgirinn skall lýsa því yfir að unnt sé að ná 98% festingu við pappírinn og veita leiðbeiningar um hvernig unnt sé að tryggja það. Pappírsframleiðandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við allar viðeigandi leiðbeiningar.
Efni sem auka votstyrk [var áður „styrktarefni til varnar gegn vætu“], að stofni til úr pólýamídómínepíklóróhýdríni (PAE)	Notuð sem bindiefni til að bæta rennanleika (e. *runnability*) eða veita vörunni votstyrk.	H411, H412, H413	Samanlagt innihald af einliðuleifum epíklóróhýdríns (ECH, CAS nr. 106-89-8) og niðurbrotsefnum þess 1,3-díklóró-2-própanóli (DCP, CAS nr. 96-23-1) og 3-mónóklóró-1,2-própandíóli (MCPD, CAS nr. 96-24-2) má ekki fara yfir 0,35% (massahlutfall) af innihaldi virkra þurrefna í samsetningunni.
Glýoxal (endurunnar trefjar)	Óhreinindi í endurunnum trefjum.	H341, H317	Einungis heimilað í styrk sem fer yfir 0,10% (massahlutfall) ef það stafar af aðskotaefnum úr endurunnum efnum sem eru notuð í pappírsgerðarferlinu. Í slíkum tilvikum þarf að sýna fram á að farið sé að þeim mörkum sem eru skilgreind í viðmiðun 6(c).
Hjálparefni í Yankee-tromlu, að stofni til úr pólýamídómín-epíklóróhýdríni (PAE)	Notuð sem hjálparefni við krepun.	H411, H412, H413	Samanlagt innihald af einliðuleifum epíklóróhýdríns (ECH, CAS nr. 106-89-8) og niðurbrotsefnum þess 1,3-díklóró-2-própanóli (DCP, CAS nr. 96-23-1) og 3-mónóklóró-1,2-própandíóli (MCPD, CAS nr. 96-24-2) má ekki fara yfir 0,05 % (massahlutfall) af innihaldi virkra þurrefna í samsetningunni.
Plúshlaðnar fjölliður (þ.m.t. pólýetýlenimín, pólýamíð og pólýamín)	Margs konar notkun er möguleg, þ.á m. notkun sem viðhaldsefni, til að auka votvefsstyrk (e. *wet-web strength*), þurrstyrk og votstyrk.	H411, H412, H413	Pappírsframleiðandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við allar viðeigandi leiðbeiningar um örugga meðhöndlun og skömmtun sem tilgreindar eru á öryggisblaðinu.

(*) H317-takmarkanir skulu einungis gilda um samsetningar leysilitarefna, áferðar- og frágangsefni á yfirborð og húðunarefni sem eru borin á pappír.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram skrá yfir öll viðkomandi íðefni sem eru notuð ásamt viðeigandi öryggisblaði eða yfirlýsingu birgis.

Öll íðefni, sem innihalda efni eða blöndur með takmarkandi flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun, skulu auðkennd. Nota skal áætlaða skammtastærð íðefnisins ásamt styrk efnisins eða blöndunnar, sem sætir takmörkunum (eins og fram kemur á öryggisblaðinu eða í yfirlýsingu birgisins), í viðkomandi íðefni og ætlaðan rýmdarstuðul sem nemur 100% til að meta magn efnisins eða blöndunnar, sem sætir takmörkunum, sem verður eftir í endanlegu vörunni.

Afhenda verður þar til bærum aðila skriflegan rökstuðning fyrir öllum frávikum frá 100% rýmdarstuðli eða fyrir efnafræðilegum breytingum á hættulegu efni eða blöndu sem sætir takmörkunum.

Að því er varðar öll efni eða blöndur sem sæta takmörkunum, sem verða eftir í fullunnu pappírsvörunni í magni yfir 0,10% (massahlutfall) en njóta undanþágu, verður að leggja fram sönnun fyrir því að skilyrðin fyrir viðkomandi undanþágu séu uppfyllt.

Viðmiðun 4(c) Klór

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um framleiðendur mauks og pappírs. Þó að þetta eigi einnig við um bleikingu endurunninna trefja er það látið óátalið þótt trefjar hafi verið bleiktar með klórgasi fyrr á vistferli sínum.

Ekki skal nota klórgas sem bleikiefni. Þessi krafa á ekki við um klórgas tengt framleiðslu og notkun á klórdíoxíði.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um að klórgas hafi ekki verið notað sem bleikiefni í pappírsframleiðsluferlinu ásamt yfirlýsingum frá öllum hlutaðeigandi maukbirgjum.

Viðmiðun 4(d) Alkýlfenóletoxýlöt (APEO)

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um framleiðendur mauks og pappírs.

Ekki skal bæta alkýlfenóletoxýlötum eða öðrum afleiðum af alkýlfenóli við í íðefni til hreinsunar, í íðefni sem eru notuð til að fjarlægja prentsvertu, í froðuhindrandi efni eða dreifiefni. Afleiður af alkýlfenóli eru skilgreindar sem efni sem mynda alkýlfenól við niðurbrot þeirra.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu eða yfirlýsingar frá íðefnabirgi/-birgjum sínum þess efnis að alkýlfenóletoxýlötum eða afleiðum af alkýlfenóli hafi ekki verið bætt við þessar vörur.

Viðmiðun 4(e) Yfirborðsvirk efni sem eru notuð til að fjarlægja prentsvertu

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um framleiðanda eða framleiðendur mauks sem prentsverta hefur verið fjarlægð úr.

Sýna skal fram á auðlífbrjótanleika eða eðlislægan fullnaðarlífbrjótanleika allra yfirborðsvirkra efna sem eru notuð í ferlum til að fjarlægja prentsvertu (sjá prófunaraðferðir og viðmiðunarmörk hér á eftir). Eina undanþágan frá þessari kröfu skal vera notkun á yfirborðsvirkum efnum, sem eru að stofni til úr sílíkonafleiðum, að því tilskildu að pappírseðjan úr ferlinu til að fjarlægja prentsvertuna sé brennd.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt viðeigandi öryggisblöðum eða prófunarskýrslum fyrir hvert yfirborðsvirkt efni. Þar skal tilgreina prófunaraðferðina, þröskuldsgildin og niðurstöðuna sem komist var að með einni af eftirfarandi prófunaraðferðum og viðmiðunarmörkum:

— Fyrir auðlífbrjótanleika: OECD nr. 301 A-F (eða jafngildir ISO-staðlar) með a.m.k. 70% niðurbrotshlutfall (þ.m.t. gleypni) fyrir 301 A og E innan 28 daga og a.m.k. 60% fyrir 301 B, C, D og F.

— Fyrir eðlislægan fullnaðarlífbrjótanleika: OECD 302 A-C (eða jafngildir ISO-staðlar) með a.m.k. 70% niðurbrotshlutfall (þ.m.t. ásog) fyrir 302 A og B innan 28 daga og a.m.k. 60% fyrir 302 C.

Í tilvikum þar sem notuð eru yfirborðsvirk efni sem eru að stofni til úr sílíkoni skal umsækjandinn leggja fram öryggisblað fyrir íðefnin sem eru notuð og yfirlýsingu um að pappírseðjan úr ferlinu til að fjarlægja prentsvertuna sé brennd, þ.m.t. upplýsingar um viðtökubrennslustöðina eða -stöðvarnar.

Viðmiðun 4(f) Takmarkanir á sæfivöru til að verjast slími

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um pappírsframleiðandann.

Virk efni í sæfivörum, sem eru notaðar til að berjast gegn slímmyndandi lífverum í hringrásarvatnskerfum sem innihalda trefjar, skulu vera samþykkt til þeirrar notkunar eða vera í skoðun meðan beðið er ákvörðunar um samþykki samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og skulu ekki vera efni sem geta hugsanlega safnast fyrir í lífverum.

Að því er varðar þessa viðmiðun skal lýsa hugsanlegri getu til uppsöfnunar í lífverum með log Kow (log af deilistuðli oktanóls/vatns) ≤ 3,0 eða með lífþéttnistuðli, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, sem er ≤ 100.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt viðeigandi öryggisblöðum eða prófunarskýrslu um efniviðinn. Þar skal tilgreina prófunaraðferðina, þröskuldsgildin og niðurstöðuna sem komist var að með einni af eftirfarandi prófunaraðferðum: OECD 107, 117 eða 305 A-E.

Viðmiðun 4(g) Takmarkanir á asóliti

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um pappírsframleiðandann.

Ekki skal nota asóliti sem geta, við afoxandi klofnun eins eða fleiri asóhópa, losað eitt eða fleiri þeirra arómatísku amína sem eru tilgreind í tilskipun 2002/61/EB eða í 8. viðbæti við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 við framleiðslu á hreinlætispappír með umhverfismerki ESB.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun frá birgi eða birgjum allra litgjafa sem eru notaðir í framleiðsluferlinu fyrir hreinlætispappír og hreinlætispappírsvörur með umhverfismerki ESB. Yfirlýsing frá birgi litgjafanna skal studd prófunarskýrslum samkvæmt viðeigandi aðferðum, sem lýst er í 10. viðbæti við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, eða jafngildum aðferðum.

Viðmiðun 4(h) Fastlitarefni og leysilitir, að stofni til úr málmi

Athugasemd: Þessi krafa skal gilda um pappírsframleiðandann eða, ef við á, þess um þann sem umbreytir hreinlætispappírnum. Sjá skilgreiningu á fastlitarefnum og leysilitum, að stofni til úr málmi, í inngangsorðum þessa viðauka.

Ekki skal nota fastlitarefni eða leysiliti, að stofni til úr áli (**), silfri, arseni, baríumi, kadmíumi, kóbalti, krómi, kvikasilfri, mangani, nikkeli, blýi, seleni, antímoni, tini eða sinki.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við kröfurnar í þessari viðmiðun frá birgi eða birgjum allra litgjafa sem eru notaðir í framleiðsluferlinu fyrir hreinlætispappírsvörur með umhverfismerki ESB. Yfirlýsing(ar) birgja skal/skulu studd(ar) með öryggisblöðum eða öðrum viðeigandi gögnum.

Viðmiðun 4(i) Jónuð óhreinindi í leysilitarefnum

— Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)

— Sjálfstæð atvinnustarfsemi og/eða starf sem launþegi (endurtakið eins oft og þörf krefur)

— Heiti

— Skráningarnúmer

— Almannatryggingarnúmer

— Skattnúmer

— Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)

— Upphafsdagur starfs

— Lokadagur starfs

12. **Umsókn skv. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (samningsbundið starfsfólk Evrópusambandsins)**

— Vinnuveitandi (meginstofnun eða stofnun ESB sem ræður viðkomandi)

— Heiti

— Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)

— Vinnustaður erlendis

— Heiti

— Skráningarnúmer

— Almannatryggingarnúmer

— Skattnúmer

— Heimilisfang (a.m.k. bær, póstnúmer, land)

— Ekkert fast heimilisfang í atvinnuríkinu

— Upphafsdagur starfs sem samningsbundinn starfsmaður Evrópusambandsins

— Löggjöfin sem viðkomandi einstaklingur valdi að heyra undir: löggjöf þess ríkis þar sem hann starfar/löggjöf þess ríkis sem hann heyrði síðast undir/löggjöf þess ríkis þar sem hann er ríkisborgari

C. DÆMI UM FYRIRVARA TIL NOTKUNAR Á UMSÓKNAREYÐUBLÖÐUM

1. Almennt:

— „Ég lýsi því yfir að upplýsingarnar sem settar eru fram á þessu eyðublaði eru réttar og ítarlegar.“

— „Ég hef svarað öllum spurningum rétt samkvæmt minni bestu vitund.“

2. Útsending launþega:

— „Ég lýsi því yfir að mér er kunnugt um að á útsendingartímabilinu kunni að fara fram eftirlit með því að þessu tímabili sé ekki lokið. Slíkt eftirlit getur einkum tekið til greiðslu iðgjalda og þess hvort bein tengsl hafa haldist.“

— „Sem vinnuveitandi útsenda launþegans lýsi ég því yfir að upplýsingarnar eru ítarlegar og réttar. Mér er kunnugt um að veittar upplýsingar kunna að verða athugaðar gaumgæfilega í <*nafn sendiaðildarríkis*> og í viðtökuríkinu af þar til bærri stofnun. Ef veittar upplýsingar eru ekki í samræmi við raunverulegar aðstæður getur vottorðið um gildandi löggjöf verið afturkallað og sú afturköllun verið afturvirk. Í því tilviki mun löggjöf viðtökuríkisins, þar sem starfið er í raun innt af hendi, gilda. Ég heiti því að upplýsa þar til bæra stofnun í <*nafn sendiaðildarríkis*> i. ef launþeginn hefur ekki verið sendur út til starfa eða ef hlé verður á útsendingartímabili í meira en tvo mánuði eða ii. ef útsendingunni lýkur fyrir lok áætlaðs útsendingartímabils.“

3. Útsending sjálfstætt starfandi einstaklinga:

— „Ég lýsi því yfir að mér er kunnugt um að á þeim tíma, sem ég stunda tímabundna starfsemi í starfsríkinu, kunni að fara fram eftirlit með því að skilyrðin, sem gilda um þá starfsemi, hafi ekki breyst. Slíkt eftirlit getur m.a. tekið til greiðslu iðgjalda og viðhalds þeirra innviða sem nauðsynlegir eru til þess að geta stundað starfsemina í ríkinu þar sem ég hef staðfestu.“

4. Starfsemi eins vinnuveitanda í tveimur eða fleiri aðildarríkjum - fyrirvari fyrir vinnuveitandann:

— „Ég lýsi því yfir að upplýsingarnar eru ítarlegar og réttar. Mér er kunnugt um að veittar upplýsingar kunna að verða athugaðar gaumgæfilega í <*nafn sendiaðildarríkis*> og í viðtökuríkinu, þar sem starfið er innt af hendi, af þar til bærri stofnun. Ef veittar upplýsingar eru ekki í samræmi við raunverulegar aðstæður getur vottorðið um gildandi löggjöf verið afturkallað og sú afturköllun verið afturvirk. Í því tilviki mun þurfa að ákveða að nýju hvaða löggjöf gildir með tilliti til raunverulegra aðstæðna. Ég heiti því að upplýsa þar til bæra stofnun í <*nafn sendiaðildarríkis*> um allar breytingar varðandi ráðningarsambandið (þ.e. breytingu á vinnuveitanda, breytingu á þeim stað þar sem hagsmuna er helst að gæta (e. centre of interests), breytingu á vinnutíma, að hafin sé ný starfsemi).“

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1637 **2020/EES/69/23**

frá 13. júlí 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur og einkenni eftirlitsstarfsemi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011 er þess krafist að stjórnendur viðmiðana komi á varanlegri og árangursríkri yfirsýnarstarfsemi sem framkvæma ætti af hálfu sérstakrar nefndar eða samkvæmt öðru viðeigandi fyrirkomulagi stjórnarhátta.

2) Stjórnendum er heimilt að móta heppilegustu yfirsýnarstarfsemi fyrir viðmiðanirnar sem þeir láta í té til að uppfylla kröfur 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011. Í þessari reglugerð er sett fram skrá sem ekki er tæmandi yfir viðeigandi fyrirkomulag stjórnarhátta.

3) Verðmæt sérfræðikunnátta getur fylgt því að fela utanaðkomandi hagsmunaaðilum tiltekna eftirlitsstarfsemi og þátttaka þeirra getur aukið skilvirkni yfirsýnarstarfseminnar. Hagsmunaárekstrar gætu komið upp innan yfirsýnarstarfseminnar vegna andstæðra hagsmuna þessara aðila eða vegna tengsla milli fulltrúa yfirsýnarstarfseminnar og viðskiptavina þeirra eða annarra hagsmunaaðila. Til að draga úr slíkum árekstrum ættu óháðir fulltrúar sem eru lausir við hagsmunaárekstra að taka þátt í þessu eftirliti með mjög mikilvægum viðmiðunum, þegar hægt er, vegna þess hve nauðsynlegar þær eru fyrir heildarvirkni markaðar, fjármálastöðugleika, neytendur, raunhagkerfið og fjármögnun heimila og fyrirtækja í aðildarríkjum. Þegar ekki er þörf á slíkum óháðum fulltrúum í samræmi við þessa reglugerð ættu stjórnendur að samþykkja aðrar verklagsreglur til að bregðast við hugsanlegum hagsmunaárekstrum eins og að meina aðilum að taka þátt í ákveðnum umræðum eða afnema atkvæðisrétt tiltekinna aðila.

4) Einstaklingum, sem taka beinan þátt í gerð viðmiðunar, er heimilt að taka þátt í yfirsýnarstarfseminni án atkvæðisréttar þar sem þeir geta veitt gagnlega innsýn í vinnu stjórnandans. Staða þeirra sem fulltrúa án atkvæðisréttar er viðeigandi til að tryggja að stjórnandinn hafi ekki óeðlileg áhrif á ákvarðanir yfirsýnarstarfseminnar.

5) Yfirsýnarstarfsemin getur haft á sínum vegum nefndir með sértæka hæfni fyrir ólíkar viðmiðanir eða fjölskyldur viðmiðana eða hún getur haft margþætt hlutverk og sinnt mismunandi verkefnum þegar einstaklingar með viðeigandi sérþekkingu geta ekki allir setið í einni nefnd, til dæmis þegar þeir eru staðsettir á ólíkum landsvæðum. Yfirsýnarstarfsemi

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

þessi þarf að hafa einn einstakling eða eina nefnd í forsvari fyrir stefnu yfirsýnarstarfseminnar og til að bera ábyrgð á samskiptum við stjórn stjórnandans og við lögbær yfirvöld til að greiða fyrir miðstýringu yfirsýnar.

6) Að því er varðar mikilvægar viðmiðanir sem eru minna notaðar og síður viðkvæmar er hægt að heimila einstaklingi að taka að sér yfirsýnarstarfsemina ef einstaklingurinn getur varið nægilega miklum tíma í yfirsýn yfir viðkomandi viðmiðanir. Þegar yfirsýnarstarfsemin er í höndum einstaklings er hún undanskilin frá ákveðnum verklagsreglum sem eru einungis viðeigandi þegar um nefnd er að ræða. Mikilvægar viðmiðanir ættu ekki að vera undir eftirliti einstaklings vegna mjög mikillar notkunar mikilvægra viðmiðana og áhættunnar sem þær gætu skapað við ákveðnar aðstæður.

7) Til að uppfylla skyldur í tengslum við yfirsýnarstarfsemina þurfa fulltrúar að hafa sérþekkingu á ferlinu fyrir gerð viðmiðana og einnig á undirliggjandi markaði sem viðmiðunin leitast við að mæla. Slíka sérfræðiaðstoð má sækja frá notendum og aðilum sem leggja fram gögn og eru virkir á markaði eða frá þeim sem láta eftirlitsskyld gögn í té. Yfirsýnarstarfsemi gæti notið sérfræðiaðstoðar aðila sem leggja fram gögn svo lengi sem viðeigandi ráðstafanir eru teknar til að tryggja að hagsmunaárekstrar séu ekki til staðar og notendur hafi hag af því að tryggja að viðmiðunin sé traust. Því er viðeigandi að aðilar sem leggja fram gögn og notendur komi til álita sem aðilar að slíkum viðmiðunum.

8) Yfirsýnarstarfsemin er nauðsynlegt tæki til að stýra hagsmunaárekstrum á vettvangi stjórnandans og í því skyni að tryggja heilleika starfseminnar ætti að banna einstaklingum sem hafa sætt viðurlögum fyrir að brjóta reglur um fjármálaþjónustu, einkum hagræðingu eða tilraun til hagræðingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ([2]), að verða aðilar að yfirsýnarstarfsemi.

9) Utanaðkomandi hagsmunaaðilar gætu haft hagsmuni í viðmiðunum þegar þær eru almennt notaðar á mörkuðum þeirra og þeir geta látið í té viðbótarsérþekkingu. Stjórnendum er heimilt að koma á fót verklagsreglum sem gera þeim kleift að taka þátt sem áheyrnarfulltrúar í yfirsýnarstarfsemi.

10) Ekki er hægt að skilja sjálfstæðar nefndir algjörlega frá skipulagi stjórnandans þar sem endanlegar ákvarðanir er snúa að starfsemi hans liggja hjá stjórninni og aðskilin nefnd gæti tekið ákvarðanir án þess að meta til fulls þau hugsanlega skaðlegu áhrif sem þær gætu haft á starfsemi stjórnandans. Yfirsýnarstarfsemi sem er felld inn í skipulag stjórnandans eða móðurfélags samstæðunnar sem hann tilheyrir er því best sett til að vefengja ákvarðanir stjórnandans að því er varðar viðmiðanirnar sem hún leggur til.

11) Til að yfirsýnaraðilinn geti rekið þá starfsemi, sem honum er falin með reglugerð (ESB) 2016/1011, er mikilvægt að hann sé fær um að meta að fullu og vefengja ákvarðanir stjórnar stjórnandans og, þegar um ósamkomulag er að ræða, að umfjöllun yfirsýnarstarfseminnar sé að þessu leyti skráð.

12) Verklagsreglur um forsendur fyrir vali fulltrúa og áheyrnarfulltrúa, um stýringu hagsmunaárekstra og, þegar yfirsýnarstarfsemin er í höndum nefndar, verklagsreglur sem taka til lausnar deilumála eru nauðsynlegar til að tryggja að yfirsýnarstarfsemin geti farið fram án hindrana. Í yfirsýnarstarfsemi fyrir tilteknar gerðir viðmiðana eða stjórnenda gætu verið viðeigandi aðrar verklagsreglur sem eru ekki settar fram í þessari reglugerð en eru nauðsynlegar og viðeigandi fyrir rétta stjórnun á viðmiðunum þeirra. Stjórnendum er því heimilt að taka upp annað verklag að því tilskildu að þetta verklag nái fram nægilegri yfirsýn.

13) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

14) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 ([3]).

15) Stjórnendur ættu að fá nægan tíma til að tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samsetning yfirsýnarstarfseminnar

1. Uppbygging og samsetning yfirsýnarstarfseminnar skal vera í réttu hlutfalli við eignarhalds- og stjórnunarkerfi stjórnandans og skal að jafnaði vera ákvarðað í samræmi við eina eða fleiri gerðir viðeigandi fyrirkomulags stjórnarhátta sem taldar eru upp í viðaukanum við þessa reglugerð. Stjórnendur skulu láta lögbærum yfirvöldum í té rökstuðning fyrir hvers konar fráviki frá slíku fyrirkomulagi.

2. Nefnd með að minnsta kosti tveimur óháðum fulltrúum skal hafa yfirsýnarstarfsemina með höndum þegar viðmiðunin er mjög mikilvæg. Óháðir fulltrúar skulu vera einstaklingar sem taka þátt í yfirsýnarstarfseminni en tengjast ekki stjórnandanum beint að öðru leyti en vegna þátttöku þeirra í yfirsýnarstarfseminni og skulu lausir við hagsmunaárekstra, einkum að því er varðar mikilvægar viðmiðanir.

3. Yfirsýnarstarfsemin skal skipuð aðilum sem saman hafa hæfni og sérþekkingu sem er viðeigandi til eftirlits með gerð tiltekinna viðmiðana og til að sinna þeim skyldum sem yfirsýnarstarfseminni er ætlað að uppfylla. Fulltrúar í yfirsýnarstarfseminni skulu hafa viðeigandi þekkingu á þeim undirliggjandi markaði eða efnahagslega veruleika sem viðmiðunin leitast við að meta.

4. Stjórnendur viðmiðana á grundvelli eftirlitsskyldra gagna skulu, sem aðilar í yfirsýnarstarfseminni, vera fulltrúar eininga sem taldar eru upp í skilgreiningu viðmiðana á grundvelli eftirlitsskyldra gagna, í a-lið 24. liðs 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, og, eftir atvikum, fulltrúar eininga sem leggja verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða til viðmiðana á grundvelli eftirlitsskyldra gagna. Stjórnendur skulu láta lögbærum yfirvöldum í té rökstuðning séu einhverjir fulltrúar þessara eininga útilokaðir.

5. Þegar viðmiðun byggist á framlögum og fulltrúar aðila sem leggja fram gögn eða eininga undir eftirliti sem nota viðmiðunina eru aðilar í yfirsýnarstarfseminni skal stjórnandinn tryggja að fulltrúar sem eiga í hagsmunaárekstrum séu ekki jafnmargir eða fleiri en sem nemur einföldum meirihluta. Stjórnendur skulu, áður en þeir skipa fulltrúa, jafnframt auðkenna og taka tillit til hagsmunaárekstra sem hljótast af tengslum milli hugsanlegra fulltrúa og annarra utanaðkomandi hagsmunaaðila, einkum þegar þau hljótast af hugsanlegum hagsmunum sem snerta viðeigandi viðmiðanir.

6. Einstaklingar sem taka beinan þátt í gerð viðmiðunarinnar og gætu verið fulltrúar í yfirsýnarstarfseminni skulu ekki hafa atkvæðisrétt. Fulltrúar stjórnarinnar skulu hvorki vera aðilar né áheyrnarfulltrúar en heimilt er að bjóða þeim að sækja fundi yfirsýnarstarfseminnar án atkvæðisréttar.

7. Meðal fulltrúa í yfirsýnarstarfseminni skulu ekki vera einstaklingar sem hafa sætt viðurlögum á sviði stjórnsýslu eða refsiréttar að því er varðar fjármálaþjónustu, einkum í tengslum við hagræðingu eða tilraun til hagræðingar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

2. gr.

Einkenni og staðsetning yfirsýnarstarfseminnar

1. Yfirsýnarstarfsemin skal teljast hluti af stjórnskipulagi stjórnandans eða móðurfélags samstæðunnar sem það telst til en vera aðskilin stjórn og öðrum stjórnarháttum stjórnanda viðmiðunarinnar.

2. Í yfirsýnarstarfseminni skal meta, og vefengja þegar við á, ákvarðanir stjórnar stjórnandans að því er varðar gerð viðmiðunar til að tryggja að kröfurnar í reglugerð (ESB) 2016/1011 séu uppfylltar. Án þess að hafa áhrif á i-lið 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skal yfirsýnarstarfsemin beina öllum tilmælum um eftirlit með viðmiðunum til stjórnarinnar.

3. Þegar yfirsýnarstarfsemin verður þess áskynja að stjórnin hafi framkvæmt eða fyrirhugi að framkvæma eitthvað í andstöðu við tilmæli eða ákvarðanir yfirsýnarstarfseminnar skal hún skrá það greinilega í fundargerðir næsta fundar hennar eða í ákvarðanaskrá hennar þegar yfirsýnarstarfseminni hefur verið komið á fót í samræmi við þriðja fyrirkomulag stjórnarhátta sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Verklagsreglur um yfirsýnarstarfsemina

1. Yfirsýnarstarfsemin skal hafa verklagsreglur sem varða a.m.k. eftirfarandi svið:

a) umboð hennar, tíðni reglulegra funda hennar, skráningu fundargerða og ákvarðana hennar og reglubundin upplýsingaskipti við stjórn stjórnandans,

b) forsendur fyrir vali fulltrúa hennar, þ.m.t. forsendur til að meta hugsanlega sérþekkingu fulltrúanna, hæfni þeirra og hvort þeir muni geta varið þeim tíma til starfsins sem krafist er. Þessar forsendur skulu einkum taka tillit til hlutverks hugsanlegra fulltrúa í annarri yfirsýnarstarfsemi,

c) forsendur fyrir vali áheyrnarfulltrúa sem gætu fengið heimild til að sitja fundi yfirsýnarstarfseminnar,

d) kjör, tilnefningu eða brottvikningu og endurnýjun fulltrúa hennar,

e) eftir atvikum, forsendur fyrir að velja einstaklinginn eða nefndina sem ber ábyrgð á heildarstefnu og samræmingu og til að vera tengiliður stjórnar stjórnandans og lögbæra yfirvaldsins, í samræmi við viðeigandi fyrirkomulag stjórnarhátta í yfirsýnarstarfsemi sem samanstendur af mörgum nefndum eins og fram kemur í viðaukanum,

f) opinbera birtingu á ágripi af upplýsingum um fulltrúa hennar auk yfirlýsinga um hagsmunaárekstra og aðgerða sem gripið hefur verið til í því skyni að draga úr þeim,

g) tímabundna sviptingu atkvæðisréttar utanaðkomandi fulltrúa við ákvarðanir sem gætu haft bein viðskiptaáhrif á stofnanirnar sem þeir eru fulltrúar fyrir,

h) að gera þá kröfu til fulltrúa að þeir birti upplýsingar um hagsmunaárekstra fyrir umræðu um dagskrárlið á fundum yfirsýnarstarfseminnar og að skrá það í fundargerð,

i) að meina fulltrúum að taka þátt í tilteknum umræðum sem tengjast hagsmunaárekstrum þeirra og að skrá það í fundargerð,

j) aðgengi hennar að gögnum sem eru nauðsynleg til að sinna skyldum hennar,

k) meðferð ágreinings innan hennar,

l) ráðstafanir sem gripið er til vegna brota á hátternisreglum,

m) tilkynningu til lögbærs yfirvalds um grunsemdir um misferli af hálfu aðila sem leggja fram gögn eða stjórnanda og um afbrigðileg eða grunsamleg inntaksgögn,

n) að koma í veg fyrir óviðeigandi birtingu trúnaðarupplýsinga eða viðkvæmra upplýsinga sem tekið er á móti, teknar eru saman eða ræddar eru innan yfirsýnarstarfseminnar.

2. Þegar einstaklingur annast yfirsýnarstarfsemina:

a) gilda ekki ákvæði e-, g-, i- og k-liðar 1. mgr.,

b) skal stjórnandinn skipa varamenn úr hópi viðeigandi aðila eða einstaklinga til að tryggja að skyldum yfirsýnarstarfseminnar sé ávallt sinnt þó einstaklingurinn sem ber ábyrgð á yfirsýnarstarfseminni sé fjarverandi.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ekki tæmandi skrá yfir viðeigandi fyrirkomulag stjórnarhátta

1. Óháð yfirsýnarnefnd sem, í jöfnum hlutföllum, er skipuð fulltrúum hagsmunaaðila, þ.m.t. eininga undir eftirliti sem nota viðmiðunina, aðila sem leggja gögn til viðmiðanna og annarra utanaðkomandi hagsmunaaðila, s.s. rekstraraðila markaðsgrunnvirkis og annarra inntaksgagnalinda, ásamt óháðum fulltrúum og starfsliði stjórnandans sem taka á beinan hátt þátt í gerð viðeigandi viðmiðana eða annarri tengdri starfsemi.

2. Þegar aðilar, sem leggja fram gögn til viðmiðunarinnar, eða einingar undir eftirliti sem nota hana, hvorki eiga algjörlega né hafa yfirráð yfir stjórnandanum og engir aðrir hagsmunaárekstrar eru til staðar í eftirlitsstarfseminni skal yfirsýnarnefnd samanstanda af:

   a) a.m.k. tveimur einstaklingum sem tóku þátt í gerð viðeigandi viðmiðana án atkvæðisréttar,

   b) a.m.k. tveimur starfsmönnum sem eru fulltrúar annarra hluta af starfsemi stjórnandans og taka ekki á beinan hátt þátt í gerð viðkomandi viðmiðana eða verkefnum tengdum henni, eða

   c) a.m.k. tveimur óháðum fulltrúum þegar slíkir viðeigandi starfsmenn eru ekki tiltækir.

3. Ef viðmiðun er ekki mikilvæg, og flækjustig, umfang notkunar eða veikleiki gefa ekki annað til kynna, einstaklingur, sem er starfsmaður stjórnandans eða einhver annar einstaklingur sem veitir þjónustu sem stjórnandi getur nýtt sér eða hefur yfirráð yfir og tekur ekki á beinan hátt þátt í gerð neinnar viðeigandi viðmiðunar og er laus við hagsmunaárekstra, einkum þá sem leiða af hugsanlegum hagsmunum í tengslum við viðmiðunarstigið.

4. Yfirsýnarstarfsemi sem samanstendur af mörgum nefndum, sem hver um sig annast yfirsýn yfir viðmiðun, tegund viðmiðana eða fjölskyldu viðmiðana, að því tilskildu að einn einstaklingur eða nefnd sé tilnefnd sem ábyrgðaraðili heildarstefnu og samræmingu yfirsýnarstarfseminnar og til að eiga samskipti við stjórn stjórnanda viðmiðunarinnar og lögbæra yfirvaldsins.

5. Yfirsýnarstarfsemi sem samanstendur af mörgum nefndum, sem hver um sig sinnir hluta af skyldum og verkefnum eftirlitsins, að því tilskildu að einn einstaklingur eða nefnd sé tilnefnd sem ábyrgðaraðili heildarstefnu og samræmingu yfirsýnarstarfseminnar og til að eiga samskipti við stjórn stjórnanda viðmiðunarinnar og lögbæra yfirvaldsins.

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1643 **2020/EES/69/24**

frá 13. júlí 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar inntak yfirlýsingar um viðmiðun sem stjórnandi viðmiðunar skal birta, ásamt tilvikum þar sem uppfærslu er krafist (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum fjórðu undirgrein 3. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skulu stjórnendur birta yfirlýsingu um viðmiðun fyrir viðmiðunina eða, eftir atvikum, fyrir fjölskyldu viðmiðana, ef leyft er að nota hana í Sambandinu.

2) Yfirlýsingar um viðmiðanir ættu að innihalda yfirgripsmiklar upplýsingar varðandi markaðinn eða efnahagslega veruleikann sem viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana er ætlað að mæla, ásamt útskýringu á því hvenær mæling þessa markaðar eða efnahagslega veruleika gæti orðið óáreiðanleg. Þetta er vegna þess að notendur og hugsanlegir notendur treysta á slíkar upplýsingar til að skilja til fullnustu viðmiðunina eða fjölskyldu viðmiðana.

3) Í yfirlýsingum um viðmiðanir ætti að tilgreina valkvæða þætti í aðferðafræði viðmiðunarinnar og einnig ferlið fyrir eftirámat slíks ákvörðunarfrelsis. Þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að tryggja að notendur og hugsanlegir notendur hafi skilning á því hve viðkvæm viðmiðunin, eða fjölskylda viðmiðana, er fyrir hagræðingu.

4) Mismunandi tegundir viðmiðana (þ.e. viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna, vaxtaviðmiðanir, hrávöru-viðmiðanir, mjög mikilvægar viðmiðanir, mikilvægar viðmiðanir og viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar) falla undir mismunandi kröfur samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011. Yfirlýsing um viðmiðun ætti því að tilgreina greinilega og ótvírætt hvaða tegund eða tegunda viðmiðana sú viðmiðun eða fjölskylda viðmiðana tilheyrir.

5) Með tilliti til mjög mikilvægra viðmiðana ætti yfirlýsing um viðmiðun að innihalda viðbótarupplýsingar sem útskýra af hverju viðmiðunin er viðurkennd samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011 sem mjög mikilvæg til að notendur og hugsanlegir notendur hafi nauðsynlegar upplýsingar til að skilja á hvaða grundvelli viðmiðunin hafi verið viðurkennd sem mjög mikilvæg.

6) Notkun eftirlitsskyldra gagna leysir stjórnendur og aðila sem leggja þeim til gögn undan tilteknum skyldum samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011. Fyrir viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna ætti stjórnendum því að bera skylda til að gefa upp gagnalindir þeirra og hvað gerir þær að viðmiðunum á grundvelli eftirlitsskyldra gagna.

7) Vegna sérstaks eðlis þeirra verða vaxtaviðmiðanir og hrávöruviðmiðanir að fullnægja ákvæðum sértækra viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1011 í staðinn fyrir eða til viðbótar við að fullnægja II. bálki þeirrar reglugerðar. Stjórnendur slíkra viðmiðana ættu að tilgreina það í yfirlýsingunni um viðmiðun svo að notendur og hugsanlegir notendur geri sér þetta ljóst.

8) Stjórnendur mjög mikilvægra viðmiðana þurfa að hlíta auknu reglukerfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011. Því er mikilvægt að notendur og hugsanlegir notendur séu upplýstir á viðeigandi hátt um það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

9) Þegar viðmiðun hefur eiginleika mismunandi tegunda viðmiðana ættu sértæk ákvæði þessarar reglugerðar, að því er varðar þessar mismunandi tegundir viðmiðana, að gilda samhliða og til viðbótar almennum birtingarkröfum til að láta notendum og hugsanlegum notendum í té ítarlegar upplýsingar um alla eiginleika viðmiðunarinnar.

10) Í samræmi við meðalhófsregluna er í þessari reglugerð forðast að leggja óhóflegar stjórnsýslubyrðar á stjórnendur mikilvægra viðmiðana og viðmiðana sem eru ekki mikilvægar með því að kveða á um að takmarkaðri upplýsingar komi fram í yfirlýsingunni um viðmiðun þegar um er að ræða mikilvægar viðmiðanir og viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar.

11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]).

13) Rétt þykir að seinka gildistöku þessarar framseldu reglugerðar um tvo mánuði til að hún sé í samræmi við framseldu reglugerðina sem tilgreinir frekar þá þætti hátternisreglnanna sem þróaðir skulu af stjórnendum viðmiðana sem byggjast á inntaksgögnum frá aðilum sem leggja fram gögn.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar kröfur um upplýsingagjöf

1. Í yfirlýsingunni um viðmiðun skal koma fram:

a) birtingardagur yfirlýsingarinnar og, eftir atvikum, dagsetning síðustu uppfærslu hennar,

b) alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) viðmiðunarinnar eða viðmiðananna, ef það liggur fyrir; fyrir fjölskyldu viðmiðana á hinn bóginn má í yfirlýsingunni láta í té upplýsingar um hvar ISIN-númerin eru aðgengileg almenningi án endurgjalds,

c) hvort viðmiðunin, eða einhver viðmiðun í fjölskyldu viðmiðana, sé ákvörðuð með því að nota framlögð inntaksgögn,

d) hvort viðmiðunin eða einhver viðmiðunin í fjölskyldu viðmiðana teljist vera ein af þeim tegundum viðmiðana sem taldar eru upp í III. bálki reglugerðar (ESB) 2016/1011, þ.m.t. í sértæku ákvæði sem liggur til grundvallar því að viðmiðunin teljist af slíkri tegund.

2. Þegar markaður eða efnahagslegur veruleiki er skilgreindur í yfirlýsingu um viðmiðun skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) almenn lýsing á markaðnum eða efnahagslega veruleikanum,

b) landfræðileg mörk markaðarins eða efnahagslega veruleikans, ef einhver eru,

c) aðrar upplýsingar sem stjórnandinn hefur ástæðu til að ætla að skipti máli eða séu hjálplegar notendum eða hugsanlegum notendum viðmiðunarinnar til að skilja viðkomandi þætti markaðarins eða efnahagslega veruleikans, þ.m.t. í það minnsta eftirfarandi þætti að því marki sem áreiðanleg gögn um þessa þætti eru tiltæk:

   i. upplýsingar um raunverulega eða hugsanlega þátttakendur á markaði,

   ii. tilgreining á stærð markaðar eða efnahagslega veruleikans.

3. Þegar skilgreindar eru hugsanlegar takmarkanir viðmiðunar og aðstæður þar sem mælingar á markaðnum eða efnahagslega veruleikanum geta reynst óáreiðanlegar, í yfirlýsingu um viðmiðun, skal a.m.k. koma fram:

a) lýsing á aðstæðunum þar sem stjórnandann myndi skorta fullnægjandi inntaksgögn til að ákvarða viðmiðunina í samræmi við aðferðafræðina,

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

b) eftir atvikum, lýsing á tilvikum þegar ekki er lengur hægt að tryggja nákvæmni og áreiðanleika aðferðafræðinnar sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina, eins og þegar stjórnandinn telur seljanleika á undirliggjandi markaði vera ófullnægjandi,

c) aðrar upplýsingar sem stjórnandinn hefur ástæðu til að ætla að séu viðeigandi eða hjálplegar til að aðstoða notendur og hugsanlega notendur við að skilja aðstæður þegar mælingar á markaði eða efnahagslegum veruleika geta reynst óáreiðanlegar, þ.m.t. lýsingu á því hvað telst vera óvenjulegur markaðsatburður.

4. Þegar tilgreint er eftirlit og reglur sem eiga við um beitingu eigin dómgreindar eða svigrúms stjórnandans eða aðila, sem leggja fram gögn, við að reikna út viðmiðun eða viðmiðanir skal yfirlýsing um viðmiðun innihalda yfirlit um hvert skref í ferlinu við að meta beitingu ákvörðunarfrelsis eftirá, ásamt skýrri tilgreiningu á stöðu allra aðila sem bera ábyrgð á að framkvæma matið.

5. Þegar tilgreindar eru verklagsreglur við endurskoðun aðferðafræðinnar skulu í yfirlýsingu um viðmiðun a.m.k. koma fram verklagsreglur fyrir samráð við almenning um verulegar breytingar á aðferðafræðinni.

6. Ákvæði c-liðar 3. mgr. og 5. mgr. gilda ekki um yfirlýsingu um viðmiðun:

a) fyrir mikilvæga viðmiðun eða

b) fyrir fjölskyldu viðmiðana sem inniheldur engar mjög mikilvægar viðmiðanir og samanstendur ekki einvörðungu af viðmiðunum sem eru ekki mikilvægar.

7. Þegar um er að ræða yfirlýsingu fyrir viðmiðun sem ekki er mikilvæg eða fyrir fjölskyldu viðmiðana sem samanstendur einvörðungu af viðmiðunum sem eru ekki mikilvægar:

a) gilda eftirfarandi ákvæði þessarar greinar ekki:

   i. c-liður 2. mgr.,

   ii. b- og c-liður 3. mgr.,

   iii. 4. og 5. mgr. og

b) má uppfylla kröfur a- og b-liðar 2. mgr. með því að hafa í yfirlýsingu um viðmiðun skýra tilvísun í útgefið skjal sem felur í sér sömu upplýsingar og endurgjaldslaus aðgangur er að.

8. Stjórnendum er heimilt að hafa viðbótarupplýsingar í lok yfirlýsinga sinna um viðmiðanir að því tilskildu, sé þetta gert með því að vísa í útgefið skjal sem inniheldur upplýsingarnar, að aðgangur að skjalinu sé endurgjaldslaus.

2. gr.

Sértækar birtingarkröfur um viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna

Til viðbótar við upplýsingarnar sem eiga að vera í yfirlýsingu um viðmiðun skv. 1. gr. fyrir viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna eða, eftir atvikum, fjölskyldu viðmiðana á grundvelli eftirlitsskyldra gagna, skal í lýsingu á inntaks-gögnunum í yfirlýsingunni nefna a.m.k. eftirfarandi:

a) gagnalindir notaðra inntaksgagna,

b) fyrir hverja gagnalind, viðeigandi tegund eins og skráð er í 24. lið, 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011.

3. gr.

Sértækar birtingarkröfur fyrir vaxtaviðmiðanir

Til viðbótar við upplýsingarnar sem eiga að vera í yfirlýsingu um viðmiðun skv. 1. gr. fyrir vaxtaviðmiðanir eða, eftir atvikum, fjölskyldu vaxtaviðmiðana skal í henni nefna a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) tilvísun sem vekur athygli notenda á að viðbótarreglukerfi gildi um vaxtaviðmiðanir skv. I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2016/1011,

b) lýsingu á ráðstöfunum sem gripið hefur verið til í því skyni að fara að þeim viðauka.

4. gr.

Sértækar birtingarkröfur fyrir hrávöruviðmiðanir

Til viðbótar við upplýsingarnar sem eiga að vera í yfirlýsingu um viðmiðun skv. 1. gr. fyrir hrávöruviðmiðun eða, eftir atvikum, fjölskyldu hrávöruviðmiðana skal í yfirlýsingunni a.m.k. vera:

a) tilgreining á því hvort kröfur II. bálks í eða II. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1011 gildi um viðmiðunina eða fjölskyldu viðmiðana eins og mælt er fyrir um í 19. gr. þeirrar reglugerðar,

b) útskýring á því hvers vegna II. bálkur í eða, eftir atvikum, II. viðauki við þá reglugerð, gildir,

c) í skilgreiningu á lykilhugtökum, nákvæm lýsing á forsendunum fyrir skilgreiningu á viðkomandi undirliggjandi, áþreifanlegri hrávöru,

d) eftir atvikum, upplýsingar um hvar birtar séu útskýringar sem stjórnandanum er skylt að birta skv. 7. mgr. II. viðauka við þá reglugerð.

5. gr.

Sértækar birtingarkröfur fyrir mjög mikilvægar viðmiðanir

Til viðbótar við upplýsingarnar sem eiga að vera í yfirlýsingu um viðmiðun skv. 1. gr. fyrir mjög mikilvægar viðmiðanir eða, eftir atvikum, fjölskyldu mjög mikilvægra viðmiðana skal í henni a.m.k. nefna eftirfarandi upplýsingar:

a) tilvísun sem vekur athygli notenda á að aukið reglukerfi gildi um mjög mikilvægar viðmiðanir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2016/1011,

b) yfirlýsingu sem tilgreinir hvernig notendur verða upplýstir um tafir á birtingu viðmiðunarinnar eða endurákvörðunar viðmiðunarinnar og tilgreinir (væntа) tímalengd ráðstafana.

6. gr.

Uppfærslur

Til viðbótar við tilvikin sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er nauðsynlegt að uppfæra yfirlýsinguna um viðmiðun hvenær sem upplýsingar sem koma fram í yfirlýsingunni eru ekki lengur réttar eða nægjanlega nákvæmar og alltaf í eftirfarandi tilvikum:

a) hvenær sem breytingar verða á tegund viðmiðunarinnar,

b) hvenær sem verulegar breytingar verða á aðferðafræðinni sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina eða, sé yfirlýsing um viðmiðun fyrir fjölskyldu viðmiðana, á aðferðafræði sem notuð er til að ákvarða viðmiðanir innan fjölskyldu viðmiðana.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1646 **2020/EES/69/25**

frá 13. júlí 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir upplýsingarnar sem á að leggja fram við umsókn um leyfi og við umsókn um skráningu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 8. mgr. 34. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þessari reglugerð eru settar fram upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið ætti fá með umsókn um leyfi eða skráningu stjórnanda viðmiðana, með hliðsjón af einkennum umsækjandans eða viðmiðananna sem eru gerðar og ætlaðar til notkunar í Sambandinu. Sú tilgreining á upplýsingunum sem á að leggja fram í umsókninni um leyfi og í umsókninni um skráningu stuðlar að sameiginlegu og samræmdu ferli í öllu Sambandinu.

2) Mikilvægt er að lögbæra yfirvaldið fái upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð til að geta metið hvort fyrirkomulag það sem umsækjandinn um leyfi eða skráningu hefur komið á uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1011.

3) Umsækjandinn ætti að leggja fram upplýsingar um starfsemi eigenda sinna og um eignarhald á móðurfélögum sínum til að lögbæra yfirvaldið geti metið hvort hagsmunaárekstrar vegna viðmiðana og viðskiptahagsmuna eigenda umsækjandans myndu hafa áhrif á óhæði umsækjandans við útreikning á viðmiðuninni og þar með skaða nákvæmni og heilleika viðmiðunarinnar.

4) Umsækjandinn ætti að leggja fram upplýsingar um samsetningu, starfsemi og sjálfstæði stjórna sinna til að lögbæra yfirvaldið geti metið hvort fyrirkomulag stjórnarhátta tryggi óhæði umsækjandans við útreikning á viðmiðuninni og komi í veg fyrir hagsmunaárekstra.

5) Umsækjandinn ætti að leggja fram upplýsingar um stefnur sínar og verklagsreglur til að greina, stjórna, milda og upplýsa um hagsmunaárekstra í tengslum við starfsemi sína við gerð viðmiðana eða fjölskyldna viðmiðana. Að því er varðar mjög mikilvægar viðmiðanir, ætti umsækjandi, vegna kerfistengds mikilvægis þeirra, að leggja fyrir lögbæra yfirvaldið uppfærða skrá yfir núverandi hagsmunaárekstra, ásamt skýringu á því hvernig þeir eru meðhöndlaðir.

6) Umsækjandinn ætti, í því skyni að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hversu stöðugt og áreiðanlegt innra stjórnunarkerfi, eftirlit og ábyrgð er, að leggja fram stefnur og verklagsreglur til að vakta starfsemi við gerð viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana. Þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að lögbæra yfirvaldið geti metið hvort þessar stefnur eða verklagsreglur fullnægi kröfunum í reglugerð (ESB) 2016/1011.

7) Umsóknin ætti einnig að innihalda upplýsingar sem sýna lögbæra yfirvaldinu fram á að eftirlit með inntaksgögnum sem eru notuð til að ákvarða hvort viðmiðanirnar sem umsækjandinn gerir séu fullnægjandi til að tryggja að slík gögn séu dæmigerð, nákvæm og heildstæð og að aðferðafræðin við útreikning viðmiðana búi yfir öllum þeim eiginleikum sem krafist er í reglugerð (ESB) 2016/1011.

8) Umsækjandinn ætti, í því skyni að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hversu dæmigerð viðmiðunin er fyrir þann efnahagslega veruleika sem henni er ætlað að mæla, að leggja fyrir lögbæra yfirvaldið lýsingu á viðmiðuninni og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

fjölskyldu gerðra viðmiðana, eða sem ætlað er að gera, og hvaða tegund viðmiðunar þær tilheyra, í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) 2016/1011. Umsækjandinn skal meta eftir bestu getu hvaða tegund viðmiðunin tilheyrir, ásamt því að tilgreina hvaðan þau gögn koma sem eru notuð til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að skilja áreiðanleika og nákvæmni undirliggjandi upplýsinga.

9) Innihald umsóknar um leyfi eða skráningu frá umsækjanda sem er einstaklingur ætti að vera sett fram sérstaklega þar eð skipulag stjórnandans er mjög frábrugðið skipulagi lögaðila.

10) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]).

12) Stjórnendur ættu að fá nægan tíma til að undirbúa umsóknir og tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar og þeim tæknilegu eftirlitsstöðlum sem um getur í viðaukanum. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar kröfur

1. Umsókn skv. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skal, eins og við á, innihalda upplýsingar sem fela í sér eftirfarandi:

a) liði sem eru taldir upp í I. viðauka, þegar umsækjandinn er lögaðili sem sækir um leyfi,

b) liði sem eru taldir upp í II. viðauka, þegar umsækjandinn er lögaðili sem sækir um skráningu,

c) liði sem eru taldir upp í I. viðauka, þegar umsækjandinn er einstaklingur sem sækir um leyfi, að frátöldum þeim upplýsingum sem er að finna í c-, f-, h- og i-lið 1. liðar í. I. viðauka,

d) liði sem eru taldir upp í í II. viðauka, þegar umsækjandinn er einstaklingur sem sækir um skráningu, að frátöldum þeim upplýsingum sem eru í c-, f-, h- og i-lið 1. liðar í II. viðauka.

2. Umsóknin getur því aðeins innihaldið upplýsingar á stigi fjölskyldu viðmiðana ef engin viðmiðananna innan fjölskyldunnar er í skránni yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

3. Ef umsækjandinn hefur sleppt því að veita einhverjar þær upplýsingar sem krafa er um, skal gerð grein fyrir því í umsókninni hvers vegna þær upplýsingar voru ekki lagðar fram.

4. Umsækjandinn verður ekki krafinn um að leggja fram upplýsingarnar sem taldar eru upp í f- til j-lið 1. liðar I. viðauka eða II. viðauka, eftir því sem við á, að því marki sem umsækjandinn er nú þegar undir eftirliti í aðildarríkinu af hálfu sama lögbæra yfirvalds fyrir aðra starfsemi en gerð viðmiðana.

2. gr.

Upplýsingar sem ber að veita eftir tegundum viðmiðana

1. Umsækjandi getur, að því er varðar allar viðmiðanir sem hann gerir og eru ekki mikilvægar, lagt fram, í formi samantektar, upplýsingarnar sem gerð er krafa um í 6. lið I. viðauka eða, eftir því sem við á, 6. lið II. viðauka.

2. Einingar sem eru ekki undir eftirliti og gera mjög mikilvægar og mikilvægar viðmiðanir skulu leggja fram upplýsingarnar sem eru taldar upp í I. viðauka.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. Einingar undir eftirliti sem gera aðeins viðmiðanir sem eru ekki mjög mikilvægar skulu leggja fram upplýsingarnar sem eru taldar upp í fyrsta dálki II. viðauka.

4. Umsækjandi sem gerir aðeins viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar skal leggja fram upplýsingarnar sem eru taldar upp í öðrum dálki II. viðauka.

5. Með fyrirvara um 1.–4. mgr. skal umsækjandi sem gerir aðeins viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna ekki leggja fram upplýsingarnar sem eru taldar upp í 5. lið (c-lið), 6. lið (iii. lið a-liðar) og 6 lið (iv. lið a-liðar) í I. og II. viðauka.

6. Umsækjandi sem gerir aðeins vaxtaviðmiðanir skal leggja fram upplýsingarnar sem eru taldar upp í viðaukunum við þessa reglugerð og skal tilgreina hvernig sértæku kröfunum sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1011 verður hrint í framkvæmd ef ákvæðin í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1011 gilda til viðbótar við eða í staðinn fyrir kröfurnar í II. bálki reglugerðar (ESB) 2016/1011, skv. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

7. Umsækjandi sem gerir aðeins hrávöruviðmiðanir skal leggja fram upplýsingarnar sem eru taldar upp í I. viðauka við þessa reglugerð ef hann er eining sem er ekki undir eftirliti eða ef hann gerir mjög mikilvæga viðmiðun. Ef hann er eining undir eftirliti og engin viðmiðananna sem hann gerir er mjög mikilvæg viðmiðun skal hann leggja fram upplýsingarnar sem eru taldar upp í fyrsta dálki II. viðauka. Umsækjandinn skal tilgreina hvernig kröfunum sem eru settar fram í II. viðauka reglugerðar (ESB) 2016/1011 verður hrint í framkvæmd að því er varðar allar hrávöruviðmiðanir sem falla undir II. viðauka í stað II. bálks reglugerðar (ESB) 2016/1011 skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

3. gr.

Sértækar upplýsingar um stefnur og verklagsreglur

1. Allar stefnur og verklagsreglur, sem kveðið er á um í umsókn, skulu fela í sér eða þeim fylgja:

a) auðkenni aðilans eða aðilanna sem bera ábyrgð á samþykki og viðhaldi á stefnum og verklagsreglum,

b) lýsing á hvernig eftirliti með því að farið sé að stefnum og verklagsreglum er háttað, og deili á þeim aðilum sem bera ábyrgð á þessari vöktun,

c) lýsing á ráðstöfunum sem gera skal ef brotið er gegn stefnum og verklagsreglum

2. Umsækjandi sem er hluti af samstæðu getur farið að 1. mgr. með því að leggja fram stefnur og verklagsreglur samstæðunnar ef þær tengjast gerð viðmiðana.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Upplýsingar sem á að leggja fram í umsókn um leyfi skv. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Fullt nafn umsækjanda og auðkenni lögaðila (LEI).

b) Heimilisfang skrifstofu í Evrópusambandinu.

c) Réttarstaða.

d) Vefsetur, ef það er fyrir hendi.

e) Upplýsingar um tengiliðinn vegna umsóknarinnar:

i. nafn,

ii. titill,

iii. póstfang,

iv. tölvupóstfang,

v. símanúmer.

f) Ef umsækjandinn er eining undir eftirliti, upplýsingar um núverandi leyfisstöðu, þ.m.t. starfsemi sem hann hefur leyfi fyrir og viðkomandi lögbært yfirvald hans í heimaaðildarríkinu.

g) Lýsing á starfsemi umsækjandans í Evrópusambandinu, hvort sem hún fellur undir fjármálareglur sem skipta máli við gerð viðmiðana, eður ei, ásamt lýsingu á því hvar þessi starfsemi fer fram.

h) Allar stofnskrár, stofnsamþykktir eða önnur stofnskjöl.

i) Ef umsækjandi er hluti af samstæðu, skipulag samstæðunnar, ásamt skýringarmynd af eignarhaldi, þar sem sýnd eru tengsl milli allra móðurfélaga og dótturfélaga. Auðkenna skal fyrirtækin og dótturfélögin, sem sýnd eru á skýringarmyndinni, með fullu nafni þeirra, réttarstöðu og póstfangi á skráðri skrifstofu og aðalskrifstofu.

j) eigin yfirlýsing um óflekkað mannorð, þ.m.t. nánari upplýsingar, ef við á, um:

i. málsmeðferð við agabrotum gegn fyrirtækinu (nema henni hafi verið vísað frá),

ii. synjun fjármálayfirvalds á leyfisveitingu eða skráningu,

iii. afturköllun fjármálayfirvalds á leyfisveitingu eða skráningu.

k) Fjöldi gerðra viðmiðana.

2. STJÓRNSKIPULAG OG STJÓRNARHÆTTIR

a) Innra stjórnskipulag að því er varðar stjórnina, nefndir framkvæmdastjórnarinnar, yfirsýnarstarfsemi og alla aðra innri aðila sem hafa með hendi mikilvæg stjórnarstörf sem tengjast gerð viðmiðunar, m.a.:

i. umboð eða samantekt á því, og

ii. fylgni við hvers kyns reglur um stjórnarhætti fyrirtækja eða svipuð ákvæði.

b) Verklagsreglur sem tryggja að starfsmenn stjórnandans og aðrir einstaklingar, sem þjónusta hann eða eru undir stjórn hans og taka beinan þátt í gerð viðmiðunar, búi yfir nauðsynlegri færni, þekkingu og reynslu til að gegna þeim skyldustörfum sem þeim eru falin og starfi í samræmi við ákvæðin í 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

c) Fjöldi starfsmanna (tímabundnir og fastráðnir) sem koma að gerð viðmiðunar.

3. HAGSMUNAÁREKSTRAR

a) Stefnur og verklagsreglur fyrir eftirfarandi:

i. hvernig núverandi og hugsanlegir hagsmunaárekstrar séu auðkenndir, skráðir, stjórnað, mildaðir, hvernig þeim sé afstýrt eða ráðin á þeim bót,

ii. sérstakar kringumstæður sem gilda um umsækjandann eða allar viðmiðanir sem umsækjandinn gerir og sem líklegast er að valdi hagsmunaárekstrum, þ.m.t. ef sérfræðimati eða ákvörðunarrétti er beitt við ákvörðunarferli viðmiðunarinnar ef umsækjandinn er innan sömu samstæðu og notandi viðmiðunar og ef umsækjandinn er aðili að markaðinum eða þeim efnahagslega veruleika sem viðmiðuninni er ætlað að mæla.

b) Að því er varðar viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, skrá yfir alla greinda hagsmunaárekstra sem máli skipta, ásamt viðkomandi mildunarráðstöfunum. Að því er varðar sérhverja mjög mikilvæga viðmiðun, uppfærð skrá um raunverulega og hugsanlega hagsmunaárekstra ásamt viðkomandi mildunarráðstöfunum.

c) Uppbygging starfskjarastefnu þar sem tilgreindar eru viðmiðanir sem eru notaðar til að ákvarða launakjör þeirra aðila sem koma beint eða óbeint að gerð viðmiðana.

4. INNRA STJÓRNUNARKERFI, YFIRSÝN OG ÁBYRGÐARSKYLDA

a) Stefnur og verklagsreglur fyrir eftirlit með gerð viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana, m.a. þær sem varða:

i. upplýsingatæknikerfi,

ii. áhættustjórnun, ásamt kortlagningu áhættu sem kann að koma fram og sem kann að hafa áhrif á nákvæmni, heilleika gerðrar viðmiðunar og á það hvort hún sé dæmigerð eða á samfellu í gerð viðmiðunar, ásamt viðkomandi mildunarráðstöfunum,

iii. samsetningu, hlutverk og starfsemi yfirsýnarstarfseminnar, eins og lýst er í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og tilgreint nánar í tæknilegum eftirlitsstöðlum sem voru samþykkir skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 ([1]), þ.m.t. verklagsreglur um skipun, skipti á og brottrekstur einstaklinga innan yfirsýnarstarfseminnar,

iv. samsetningu, hlutverk og starfsemi eftirlitsrammans, eins og lýst er í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, þ.m.t. verklagsreglur um skipun, skipti á eða brottrekstur einstaklinga sem bera ábyrgð á þessum ramma,

v. ramma um ábyrgðarskyldu eins og lýst er í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, þ.m.t. verklagsreglur um skipun, skipti á og brottrekstur einstaklinga sem bera ábyrgð á þessum ramma.

b) Viðbragðsáætlanir um tímabundna ákvörðun og birtingu viðmiðunar, þ.m.t. áætlanir um samfelldan rekstur og endurreisn vegna stóráfalla.

c) Verklagsreglur fyrir innri skýrslugjöf um brot á reglugerð (ESB) 2016/1011 af hálfu stjórnenda, starfsmanna og annarra einstaklinga sem þjónusta umsækjandann eða lúta stjórn hans.

5. LÝSING Á GERÐUM VIÐMIÐUNUM EÐA FJÖLSKYLDUM VIÐMIÐANA

a) Lýsing á gerðri viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana eða sem umsækjandinn ætlar að gera og sú tegund sem viðmiðunin tilheyrir, samkvæmt bestu vitund umsækjanda og að teknu tilliti til ákvæða reglugerðar (ESB) 2016/1011, ásamt því að tilgreina heimildirnar sem eru notaðar til að ákvarða tegund viðmiðunarinnar.

b) Lýsing á undirliggjandi markaði eða efnahagslegum veruleika sem viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana er ætlað að mæla, ásamt því að tilgreina heimildirnar sem eru notaðar fyrir þessa lýsingu.

c) Lýsing á þeim sem leggja fram gögn til viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana, ásamt hátternisreglum eins og lýst er í 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og að því er varðar mjög mikilvægar viðmiðanir, nafn og staðsetning þeirra sem leggja til gögn.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1637 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur og einkenni yfirsýnarstarfsemi (Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 1).

d) Upplýsingar um ráðstafanir til að leiðrétta ákvörðun eða birtingu viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana.

e) Upplýsingar um verklagsregluna sem stjórnandinn verður að fylgja verði breytingar á viðmiðun eða hætt við hana eða fjölskyldu viðmiðana í samræmi við 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

6. INNTAKSGÖGN OG AÐFERÐAFRÆÐI

a) Að því er varðar hverja viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, stefnur og verklagsreglur í tengslum við inntaksgögn, þ.m.t. þau sem varða:

   i. tegund inntaksgagna sem eru notuð, forgangsröðun við notkun og hvers kyns beitingu ákvörðunarvalds eða sérfræðiálits,

   ii. hvers kyns ferli til að tryggja að inntaksgögnin séu næg, viðeigandi og sannreynanleg,

   iii. forsendur sem ákvarða hverjir megi leggja fram inntaksgögn til stjórnandans og ferli við val á aðilum sem leggja fram gögn,

   iv. mat á inntaksgögnum aðilans sem leggur þau fram og ferlið við að sannreyna inntaksgögn.

b) Að því er varðar hverja viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, að því er tekur til aðferðafræðinnar:

   i. lýsing á aðferðafræðinni, þar sem lögð er áhersla á lykilþætti hennar í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og sem er tilgreind nánar í tæknilegum eftirlitsstöðlum sem voru samþykktir skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 ([1]),

   ii. Stefnur og verklagsreglur, m.a. þær sem varða:

      1) ráðstafanir sem gerðar eru til að sannreyna og endurskoða aðferðafræðina, þ.m.t. prófanir eða afturvirkar prófanir sem eru gerðar,

      2) samráðsferli um allar mikilvægar breytingar á aðferðafræðinni.

7. ÚTVISTUN

Sé einhverri starfsemi sem er hluti af gerð viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana útvistað:

a) viðkomandi fyrirkomulag útvistunar, þ.m.t. þjónustusamningar sem sýna fram á að farið sé að ákvæðum 10. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011,

b) ítarlegar upplýsingar um hina útvistuðu starfsemi, nema þær upplýsingar sé þegar að finna í viðeigandi samningum,

c) stefnur og verklagsreglur sem varða yfirsýn yfir útvistaða starfsemi.

8. AÐRAR UPPLÝSINGAR

a) Umsækjandinn getur lagt fram frekari upplýsingar sem skipta máli fyrir umsókn hans og hann telur við hæfi.

b) Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fram á þann hátt og á því formi sem lögbæra yfirvaldið kveður á um.

———

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1641 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem stjórnandi mikilvægra viðmiðana skal legga fram um aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina, innri endurskoðun og samþykki aðferðafræðinnar og aðferðirnar fyrir verulegar breytingar á aðferðafræðinni (Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 21).

II. VIÐAUKI

Upplýsingar sem á að leggja fram í umsókn um viðurkenningu skv. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011

ÁV: Á við

ÁEV: Á ekki við

Liður í I. viðauka		Einingar undir eftirliti sem gera aðeins viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar	Einingar sem gera aðeins viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar
1) **Almennar upplýsingar**			
a-liður 1. liðar	Fullt nafn	Á við	Á við
b-liður 1. liðar	Heimilisfang	Á við	Á við
c-liður 1. liðar	Réttarstaða	Á við	Á við
d-liður 1. liðar	Vefsetur	Á við	Á við
e-liður 1. liðar	Tengiliður	Á við	Á við
f-liður 1. liðar	Núverandi leyfisstaða	Á við (1)	Á við (1) um einingar undir eftirliti Á ekki við um einingar sem eru ekki undir eftirliti
g-liður 1. liðar	Starfsemi sem er stunduð	Á við (1)	Á við (1)
h-liður 1. liðar	Stofnskjöl	Á við (1)	Á við (1)
i-liður 1. liðar	Skipulag samstæðu	Á við (1)	Á við (1)
j-liður 1. liðar	Eigin yfirlýsing um óflekkað mannorð	Á við (1)	Á við (1)
k-liður 1. liðar	Fjöldi viðmiðana	Á við	Á við
2) **Stjórnskipulag og stjórnunarhættir**			
a-liður 2. liðar	Innra stjórnskipulag	Á við	Á við
b-liður 2. liðar	Launþegar	Á við	Á við
c-liður 2. liðar	Mannafli	Á við	Á ekki við
3) **Hagsmunaárekstrar**			
a-liður 3. liðar	Stefnur og verklagsreglur	Á við (2)	Á við (2) í formi samantektar
b-liður 3. liðar	Hagsmunaárekstrar sem máli skipta	Á við	Á ekki við
c-liður 3. liðar	Uppbygging starfskjara	Á við	Á við
4) **Innra stjórnunarkerfi, yfirsýn og ábyrgðarskylda**			
a-liður 4. liðar	Stefnur og verklagsreglur fyrir eftirlit með gerð viðmiðunar	Á við	Á við (3) í formi samantektar
b-liður 4. liðar	Innri ráðstafanir fyrir ákvörðun og birtingu viðmiðunar	Á við	Á við í formi samantektar
c-liður 4. liðar	Innri skýrslugjöf um brot	Á við	Á við í formi samantektar

Liður í I. viðauka		Einingar undir eftirliti sem gera aðeins viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar	Einingar sem gera aðeins viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar
5) **Lýsing á gerðum viðmiðunum**			
a-liður 5. liðar	Lýsing	Á við ([4])	Á við í formi samantektar
b-liður 5. liðar	Undirliggjandi markaður	Á við ([4])	Á við í formi samantektar
c-liður 5. liðar	Aðilar sem leggja fram gögn	Á við ([4])	Á við í formi samantektar
d-liður 5. liðar	Leiðréttingar	Á við ([4])	Á við í formi samantektar
e-liður 5. liðar	Breytingar og stöðvun	Á við ([4])	Á við í formi samantektar
6) **Inntaksgögn og aðferðafræði**			
i. liður a-liðar 6. liðar	Lýsing á inntaksgögnum sem eru notuð	Á við ([4])	Á við í formi samantektar
ii. liður a-liðar 6. liðar	Inntaksgögn — fullnægjandi, viðeigandi og sannreynanleg	Á við ([4])	Á við ([5]) í formi samantektar
iii. liður a-liðar 6. liðar	Aðilar sem leggja fram gögn	Á við ([4])	Á við í formi samantektar
iv. liður a-liðar 6. liðar	Mat á inntaksgögnum aðila sem leggur þau fram og sannreyning inntaksgagna	Á við ([6])	Á ekki við
i. liður b-liðar 6. liðar	Lýsing á aðferðafræði	Á við ([4])	Á við í formi samantektar
1. liður ii. liðar b-liðar 6. liðar	Fullgilding/Endurskoðun	Á við ([4])	Á við í formi samantektar
2. liður ii. liðar b-liðar 6. liðar	Verulegar breytingar	Á við ([6])	Á ekki við
7) **Útvistun**			
a-liður 7. liðar	Samningar	Á við ([6])	Á ekki við
b-liður 7. liðar	Útvistuð starfsemi	Á við ([6])	Á við í formi samantektar
c-liður 7. liðar	Eftirlit	Á við ([6])	Á við í formi samantektar
8) **Annað**			
a-liður 8. liðar	Viðbótarupplýsingar	Á við	Á við
b-liður 8. liðar	Form	Á við	Á við

([1]) Nema hann sé undir eftirliti sama lögbæra yfirvaldsins vegna annarrar starfsemi en veitingu viðmiðana

([2]) Umsækjandi getur valið að leggja ekki fram upplýsingar sem varða iii. lið a-liðar 3. liðar í I. viðauka, að því er varðar mikilvæga eða ekki mikilvæga viðmiðun sem hann gerir.

([3]) Umsækjandi getur sleppt því að leggja fram upplýsingar sem varða iii. lið a-liðar 4.liðar í I. viðauka — að undanskildum upplýsingum um að koma á og viðhalda varanlegri yfirsýnarstarfsemi — iv. liður a-liðar 4. liðar og v.liður a-liðar 4. liðar í I. viðauka — að því er varðar hluta af upplýsingunum sem verða lagðar fram um yfirsýnar- og ábyrgðarskyldurammann — að því er varðar viðmiðun sem hann gerir og er ekki mikilvæg.

([4]) Eining sem er undir eftirliti og gerir bæði mikilvægar og ekki mikilvægar viðmiðanir getur lagt fram slíkar upplýsingar í formi samantektar með tilvísun í þær viðmiðanir sínar sem eru ekki mikilvægar.

([5]) Umsækjandi getur valið að leggja ekki fram upplýsingar um inntaksgögn sem unnt er að sannreyna að því er varðar viðmiðun sem hann gerir og er ekki mikilvæg.

([6]) Eining sem er undir eftirliti og gerir bæði mikilvægar og ekki mikilvægar viðmiðanir getur aðeins lagt fram slíkar upplýsingar fyrir mikilvægu viðmiðanirnar sem hún gerir.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/843 **2020/EES/69/26**

frá 30. maí 2018

um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka og um breytingu á tilskipunum 2009/138/EB og 2013/36/ESB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([4]) er helsti lagagerningurinn til varnar því að fjármálakerfi Sambandsins sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka. Í þeirri tilskipun, sem hafði lögleiðingarfrest til 26. júní 2017, er settur fram skilvirkur og yfirgripsmikill lagarammi til að berjast gegn söfnun fjár eða fasteigna til hryðjuverka með því að krefja aðildarríki um að greina, skilja og draga úr áhættunni sem tengist peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

2) Seinni tíma hryðjuverkaárásir hafa leitt í ljós nýja þróun, einkum að því er varðar hvernig hryðjuverkahópar fjármagna og framkvæma aðgerðir sínar. Tiltekin þjónusta sem styðst við nútímatækni nýtur sífellt meiri vinsælda sem annar valkostur við fjármálakerfi, þar sem hún fellur utan lagasviðs Sambandsins eða er undanþegin lagaskilyrðum, sem mögulega er ekki lengur hægt að réttlæta. Til að halda í við þróunina ætti að grípa til frekari aðgerða til að tryggja aukið gagnsæi fjármálaviðskipta, bæði fyrirtækja og annarra lögaðila, sem og fjárvörslusjóða og lagafyrirkomulags sem skipulagt er eða gegnir svipuðu hlutverki og fjárvörslusjóðir („svipað lagalegt fyrirkomulag“), í því skyni að bæta núverandi forvarnarramma og gera baráttuna gegn fjármögnun hryðjuverka skilvirkari. Mikilvægt er að gæta þess að aðgerðirnar sem gripið er til séu í réttu hlutfalli við áhættuna.

3) Sameinuðu þjóðirnar (UN), Alþjóðasamband sakamálalögreglu (Interpol) og Evrópska lögregluskrifstofan (Europol) hafa birt skýrslur um aukna samleitni á milli skipulagðrar glæpastarfsemi og hryðjuverka. Tengslin á milli skipulagðrar glæpastarfsemi og hryðjuverka og milli glæpa- og hryðjuverkahópa ógna í æ ríkar mæli öryggi í Sambandinu. Það að koma í veg fyrir notkun á fjármálakerfinu til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka er óaðskiljanlegur hluti sérhverrar stefnuáætlunar til að mæta þessar ógn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2020 frá 30. apríl 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 459, 9.12.2016, bls. 3.

([2]) Stjtíð. ESB C 34, 2.2.2017, bls. 121.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 19. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2018.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

4) Á meðan umtalsverðar úrbætur hafa orðið síðustu ár hjá aðildarríkjum við að samþykkja og innleiða staðla alþjóðlega fjármálaaðgerðahópsins (FATF) og í stuðningi við starf Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) er varðar gagnsæi, er ljóst að þörf er á að auka frekar gagnsæi í efnahags- og fjármálaumhverfi Sambandsins. Baráttan gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka getur ekki verið skilvirk nema viðskiptaumhverfið snúist gegn brotamönnum sem nota ógagnsætt skipulag til að skýla fjárhag sínum. Heilleiki fjármálakerfis Sambandsins er háður gagnsæi hjá fyrirtækjum og öðrum lögaðilum, fjárvörslusjóðum og svipuðu lagalegu fyrirkomulagi. Þessi tilskipun miðar ekki eingöngu að því að koma upp um og rannsaka peningaþvætti, heldur einnig að koma í veg fyrir að það eigi sér stað. Aukið gagnsæi getur haft öflug varnaðaráhrif.

5) Ásamt því að leitast við að ná markmiðum tilskipunar (ESB) 2015/849 og gæta þess að breytingar á henni séu í samræmi við yfirstandandi aðgerðir Sambandsins í baráttunni gegn hryðjuverkum og fjármögnun hryðjuverka, ættu slíkar breytingar að vera gerðar að teknu tilhlýðilegu tilliti til grundvallarréttar til verndar persónuupplýsingum, sem og virðingar fyrir og beitingar á meðalhófsreglunni. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar undir heitinu: „Evrópska öryggisáætlunin“ er bent á þörfina fyrir ráðstafanir til að berjast gegn fjármögnun hryðjuverka á skilvirkari og yfirgripsmeiri hátt, með áherslu á að smygni (e. *infiltration*) í fjármálamarkaði geri fjármögnun hryðjuverka mögulega. Í ályktunum leiðtogaráðsins frá 17.–18. desember 2015 er einnig lögð áhersla á þörfina á að grípa til skjótra viðbótaraðgerða á öllum sviðum gegn fjármögnun hryðjuverka.

6) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins undir heitinu: „Aðgerðaáætlun til eflingar baráttunnar gegn fjármögnun hryðjuverka“ er undirstrikuð sérstaklega þörfin fyrir aðlögun að nýjum ógnunum og að breyta þurfi tilskipun (ESB) 2015/849 til samræmis við þær.

7) Ráðstafanir Sambandsins ættu einnig að endurspegla nákvæmlega framvinduna og skuldbindingarnar sem gengist er undir á alþjóðavísu. Þess vegna ætti að taka tillit til ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (UNSCR) 2195 (2014) um ógnanir við heimsfrið og öryggi og ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 2199 (2015) og 2253 (2015) um ógnanir við heimsfrið og öryggi af völdum hryðjuverka. Í þessum ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er fjallað um, eftir því sem við á, tengslin á milli hryðjuverka og fjölþjóðlegrar, skipulagðrar brotastarfsemi, til að hindra aðgang hryðjuverkahópa að alþjóðlegum fjármálastofnunum og útvíkka rammann um viðurlög til þess að hann nái yfir Íslamska ríkið í Írak og Levant.

8) Veitendur gjaldeyrisviðskiptaþjónustu á milli sýndarfjár og gjaldmiðla (þ.e.a.s. mynta og peningaseðla, sem hafa stöðu löglegs gjaldmiðils og rafeyris lands, sem samþykktir eru sem greiðslumiðill í útgáfulandinu) sem og þjónustuveitendur stafrænna veskja eru ekki háðir neinni skuldbindingu í Sambandinu um að greina grunsamlega starfsemi. Þess vegna er mögulegt fyrir hryðjuverkahópa að flytja peninga inn í fjármálakerfi Sambandsins eða innan dreifikerfa sýndarfjár með því að leyna flutningnum eða notfæra sér að vissu marki nafnleynd á þessum vettvöngum. Því er mikilvægt að rýmka gildissvið tilskipunar (ESB) 2015/849 svo að hún nái yfir veitendur gjaldeyrisskiptaþjónustu á milli sýndarfjár og gjaldmiðla, sem og þjónustuveitendur stafrænna veskja. Að því er varðar baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (AML/CFT), ætti lögbærum yfirvöldum að vera kleift, í gegnum tilkynningarskylda aðila, að vakta notkunina á sýndarfé. Slík vöktun myndi kveða á um samstillta og hóflega aðkomu, sem stæði vörð um tæknilegar framfarir og hátt gagnsæistig á sviði annars konar fjármögnunar og félagslegrar frumkvöðlastarfsemi.

9) Nafnleyndin sem tengist sýndarfé gerir mögulegt að misnota það í glæpsamlegum tilgangi. Með því að fella inn veitendur gjaldeyrisskiptaþjónustu á milli sýndarfjár og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja er ekki að fullu brugðist við nafnleyndarvandamálinu sem tengist sýndarfjárviðskiptum, þar sem stór hluti viðskiptaumhverfis sýndarfjár mun áfram vera undir nafnleynd vegna þess að notendur geta einnig átt viðskipti án slíkra þjónustuveitenda. Til að berjast gegn áhættunni sem tengist nafnleynd ættu landsbundnu skrifstofur fjármálagreininga lögreglu (*e. FIU*s) að geta aflað upplýsinga sem gerir þeim kleift að tengja heimilisföng sýndarfjár við persónuauðkenni eiganda sýndarfjár. Til viðbótar ætti að meta frekar möguleikann á að heimila notendum að gefa eigin yfirlýsingu sjálfviljugt til tilnefndra yfirvalda.

10) Ekki ætti að rugla sýndarfé saman við rafeyri eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB ([1]), eða við yfirgripsmeira hugtak „fjármuna“ eins og skilgreint er í 25. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 ([2]), né við peningalegt virði sem liggur í gerningum sem eru undanþegnir eins og tilgreint er í k- og l-lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366, né við spilagjaldmiðla sem eingöngu er hægt að nota innan tiltekins leikjaumhverfis. Þótt oft sé hægt að nota sýndarfé sem greiðslumiðil er einnig hægt að nota það í öðrum tilgangi og finna margþættari nýtingarleiðir, t.d. sem skiptimiðil, fjárfestingu, sem verðmætisgeymir eða til nota í spilavítum á Netinu. Markmiðið með þessari tilskipun er að ná yfir alla mögulega notkun á sýndarfé.

11) Innlendir gjaldmiðlar, einnig þekktir sem aukagjaldmiðlar, sem eru notaðir í mjög takmörkuðum kerfum, s.s. borg eða landsvæði og meðal fárra notenda, ættu ekki að vera taldir vera sýndarfé.

12) Viðskiptatengsl eða viðskipti þar sem áhættusöm þriðju lönd eiga hlut að máli ætti að takmarka, ef greindur hefur verið umtalsverður veikleiki í regluverki viðkomandi þriðju landa er varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nema beitt sé fullnægjandi viðbótarráðstöfunum eða gagnaðgerðum til að draga úr áhættu. Þegar fengist er við slík tilvik þar sem áhætta er mikil og við slík viðskiptatengsl eða viðskipti ættu aðildarríki að krefja tilkynningarskylda aðila um að beita auknum ráðstöfunum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn til að stjórna og draga úr þessari áhættu. Hvert aðildarríki ákveður á landsvísu þá gerð aukinna ráðstafana um áreiðanleikakönnun sem grípa skal til að því er varðar áhættusöm þriðju lönd. Þessi ólíka aðkoma milli aðildarríkja skapar veikleika við stjórnun viðskiptatengsla þar sem áhættusöm þriðju lönd, tilgreind af framkvæmdastjórninni, koma við sögu. Mikilvægt er að bæta skilvirkni listans sem framkvæmdastjórnin lét gera yfir áhættusöm þriðju lönd með því að kveða á um samræmda meðhöndlun þessara landa á vettvangi Sambandsins. Sú samhæfða aðkoma ætti fyrst og fremst að beinast að auknum ráðstöfunum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, þar sem ekki er nú þegar krafist slíkra ráðstafana samkvæmt landslögum. Í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar ætti aðildarríkjum að vera heimilt að krefja tilkynningarskylda aðila, eftir atvikum, um að beita viðbótarráðstöfunum til að draga úr áhættu ásamt auknum ráðstöfunum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, í samræmi við áhættumiðaða stefnu og að teknu tilliti til hinna sérstöku viðskiptatengsla og viðskipta. Alþjóðastofnanir og þeir sem setja staðla og bærir eru á sviði forvarna gegn peningaþvætti og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka geta kallað eftir beitingu viðeigandi gagnráðstafana til að vernda alþjóðlega fjármálakerfið fyrir viðvarandi og verulegri áhættu sem tengist peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá vissum löndum. Auk þess ættu aðildarríki að krefja tilkynningarskylda aðila um að beita viðbótarráðstöfunum til að draga úr áhættu að því er varðar áhættusöm þriðju lönd, sem tilgreind eru af framkvæmdastjórninni, með því að taka tillit til áskorana um gagnráðstafanir og ráðlegginga, s.s. þeirra sem alþjoðlegi fjármálaaðgerðahópurinn hefur sent frá sér, og ábyrgðar sem leiðir af alþjóðasamningum.

13) Í ljósi síbreytilegra ógnana og varnarleysis að því er varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka ætti Sambandið að taka upp samþætta stefnu um reglufylgni er varðar regluverk hvers lands fyrir baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka við kröfurnar á vettvangi Sambandsins, með því að taka til athugunar mat á skilvirkni þessara landsreglna. Í þeim tilgangi að vakta að kröfur Sambandsins séu rétt lögleiddar í hverju landi inn í regluverk um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, skilvirka framkvæmd þessara krafna og getu þessara reglna til að ná fram skilvirkum fyrirbyggjandi lagaramma ætti framkvæmdastjórnin að byggja mat sitt á regluverkinu í hverju landi er varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, með fyrirvara um mat sem alþjóðastofnanir og þeir sem setja staðla og bærir eru á sviði forvarna gegn peningaþvætti og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka gera, s.s. alþjóðlegi fjármálaaðgerðahópurinn eða sérfræðinganefndin í úttektinni á ráðstöfunum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

14) Almenn fyrirframgreidd kort hafa lögmætt notkunargildi og mynda gerning sem stuðlar að félagslegri og fjármálalegri þátttöku. Aftur á móti er auðvelt að nota fyrirframgreidd kort undir nafnleynd til fjármögnunar hryðjuverkaárása og við skipulagningu aðdrátta. Þess vegna er mikilvægt að útiloka hryðjuverkamenn frá þessari leið til fjármögnunar starfsemi sinnar, með því að lækka enn frekar mörkin og hámarksfjárhæðirnar undir hverjum tilkynningarskyldum er heimilt að beita ekki tilteknum ráðstöfunum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sem tilskipun (ESB) 2015/849 mælir fyrir um. Á meðan tekið er tilhlýðilegt tillit til þarfa viðskiptamanna til að nota fyrirframgreidda

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærniseftirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtíð. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu tilskipunar 2007/64/EB (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

gerninga í almennum tilgangi og ekki hindra notkun slíkra gerninga sem stuðla að félagslegri og fjármálalegri þátttöku, er mikilvægt að lækka núverandi þröskulda fyrir almenn fyrirframgreidd kort sem eru undir nafnleynd og auðkenna viðskiptamanninn ef um er að ræða fjargreiðslur þar sem fjárhæðin fer yfir 50 evrur.

15) Á meðan notkunin á fyrirframgreiddum kortum undir nafnleynd, sem gefin eru út í Sambandinu, er fyrst og fremst takmörkuð við yfirráðasvæði Sambandsins, á það ekki alltaf við um svipuð kort sem gefin eru út í þriðju löndum. Þess vegna er mikilvægt að tryggja að fyrirframgreidd kort undir nafnleynd sem gefin eru út utan Sambandsins geti eingöngu verið notuð í Sambandinu þegar þau teljast uppfylla jafngildar kröfur þeim sem settar eru fram í lögum Sambandsins. Sú regla ætti að öðlast gildi í fullu samræmi við skuldbindingar í Sambandinu að því er varðar alþjóðaviðskipti, einkum ákvæði hins almenna samnings um þjónustuviðskipti.

16) Skrifstofur fjármálagreininga lögreglu gegna mikilvægu hlutverki við að greina fjármögnunarstarfsemi tengda tengslanetum hryðjuverkamanna, einkum yfir landamæri, og við að finna fjárhagslega bakhjarla þeirra. Upplýsingar um fjármögnun geta haft grundvallarþýðingu við að afhjúpa stuðning við hryðjuverk og tengslanetið og fyrirætlanir hryðjuverkasamtaka. Vegna skorts á bindandi alþjóðlegum stöðlum er verulegur munur á hlutverki, getu og valdsviði skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. Aðildarríki ættu að leitast við að tryggja skilvirkari og samræmdari aðkomu til að bregðast við fjármálarannsóknum tengdum hryðjuverkum, þ.m.t. þeim sem tengjast misnotkun sýndarfjár. Núverandi mismunur ætti samt sem áður ekki að hafa áhrif á starfsemi skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, einkum getu þeirra til að þróa fyrirbyggjandi greiningartæki til stuðnings öllum þeim yfirvöldum sem eru í forsvari fyrir leyniþjónustu- og rannsóknastarfsemi og dómstólum, og alþjóðlega samvinnu. Þegar skrifstofur fjármálagreininga lögreglu vinna verkefni sín ættu þær að hafa aðgang að upplýsingum og geta skipst á þeim án hindrana, þ.m.t. með viðeigandi samstarfi við löggæsluyfirvöld. Í hverju tilviki sem grunur leikur á brotastarfsemi og einkum þegar um er að ræða fjármögnun hryðjuverka ættu upplýsingar að flæða fljótt og milliliðalaust án ástæðulausrar tafar. Því mikilvægt til að stuðla enn frekar að skilvirkni og hagkvæmni skrifstofa fjármálagreininga lögreglu með því að skýra nánar valdsviðin og samstarfsfyrirkomulagið á milli þeirra.

17) Skrifstofur fjármálagreininga lögreglu ættu að geta aflað allra nauðsynlegra upplýsinga frá tilkynningarskyldum aðilum sem tengjast starfssviðum þeirra. Óhindrað aðgengi að upplýsingum er nauðsynlegt til að tryggja að hægt sé að rekja peningaflæði á tilskilinn hátt og ólögleg dreifikerfi og peningaflæði sem uppgötvast á fyrri stigum. Þörf skrifstofanna fyrir að afla viðbótarupplýsinga frá tilkynningarskyldum aðilum, sem byggir á grunsemdum um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, getur skapast vegna fyrri grunsamlegra viðskipta sem tilkynnt hafa verið til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, en getur einnig stafað af öðrum ástæðum, s.s. eigin greiningum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, upplýsingum sem lögbær yfirvöld hafa veitt eða upplýsingum sem önnur skrifstofa fjármálagreininga lögreglu býr yfir. Skrifstofur fjármálagreininga lögreglu ættu þess vegna, í tengslum við hlutverk sín, að geta aflað upplýsinga frá sérhverjum tilkynningarskyldum aðila, jafnvel án þess tilkynning hafi borist fyrirfram. Þetta nær ekki til tilviljanakenndra beiðna um upplýsingar til tilkynningarskyldu aðilanna í tengslum við greiningar skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, heldur eingöngu upplýsingabeiðna sem byggja á nægjanlega skilgreindum skilyrðum. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu ætti einnig að geta aflað slíkra upplýsinga samkvæmt beiðni annarrar skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í Sambandinu og skipst á upplýsingunum við þá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu sem leggur fram beiðnina.

18) Tilgangur skrifstofa fjármálagreininga lögreglu er að safna og greina upplýsingarnar sem þær fá í því skyni að staðfesta tengsl á milli grunsamlegra viðskipta og undirliggjandi brotastarfsemi, til þess að afstýra og berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og koma á framfæri niðurstöðum greiningar sinnar sem og viðbótarupplýsingum til lögbærra yfirvalda þegar grunsemdir vakna um peningaþvætti, tengd frumbrot eða fjármögnun hryðjuverka. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu ætti ekki að koma sér undan eða neita upplýsingaskiptum við aðra skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, hvorki fyrirvaralaust né eftir beiðni, af ástæðum eins og skorti á greiningu á tengdu frumbroti, sérkennum landsbundins refsiréttar og mismun á milli skilgreininga tendra frumbrota eða skorti á tilvísun til tiltekinna tengdra frumbrota. Á sama hátt ætti skrifstofa fjármálagreininga lögreglu að veita annarri skrifstofu fjármálagreininga lögreglu fyrirframsamþykki fyrir að áframsenda upplýsingarnar til lögbærra yfirvalda án tillits til tegundar mögulegs tengds frumbrots, til að miðlunarhlutverkið sé rækt með skilvirkum hætti. Skrifstofur fjármálagreininga lögreglu hafa tilkynnt um erfiðleika við upplýsingaskipti vegna mismunar í landsbundnum skilgreiningum á tilteknum frumbrotum, s.s. skattalagabrotum, sem ekki eru samræmd í lögum Sambandsins. Slíkur mismunur ætti ekki að hamla gagnkvæmum upplýsingaskiptum, miðlun til lögbærra yfirvalda og notkun þeirra upplýsinga eins og skilgreint er með þessari tilskipun. Skrifstofur fjármálagreininga lögreglu ættu fljótt, uppbyggilega og á skilvirkan hátt að tryggja sem víðtækasta alþjóðlega samvinnu við skrifstofur fjármálagreininga lögreglu þriðju landa í tengslum við peningaþvætti, tengd frumbrot og fjármögnun hryðjuverka, í samræmi við tilmæli alþjóðlega fjármálaaðgerðahópsins og Egmot-meginreglnanna um upplýsingaskipti milli skrifstofa fjármálagreininga lögreglu.

19) Upplýsingar sem lúta að varfærni tengdri lána- og fjármálastofnunum, s.s. upplýsingar sem varða hæfi og hæfni stjórnenda og hluthafa, innra eftirlitskerfi, stjórnarhætti eða reglufylgni og áhættustjórnun, eru oft ómissandi til að hægt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með slíkum stofnunum er varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Á sama hátt eru upplýsingar um baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka einnig mikilvægar fyrir varfærniseftirlit með slíkum stofnunum. Þess vegna ætti réttaróvissa sem stafað getur af skorti á skýrum lagaákvæðum á þessu sviði ekki að hamla skiptum á trúnaðarupplýsingum og samstarfi er varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, á milli lögbærra yfirvalda sem hafa eftirlit með lána- og fjármálastofnunum og varfærnieftirlitsaðila. Nánari útlistun á lagarammanum er jafnvel mikilvægari þar sem varfærniseftirlit hefur, í þó nokkrum tilvikum, verið falið eftirlitsaðilum sem ekki sinna eftirliti með baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, s.s. Seðlabanka Evrópu (ECB).

20) Tafir á aðgengi skrifstofa fjármálagreininga lögreglu og annarra lögbærra yfirvalda að upplýsingum um persónuauðkenni eigenda banka- og greiðslureikninga og bankahólfa, einkum ónafngreindra, hamlar greiningu millifærslna á fjármunum sem tengjast hryðjuverkum. Landsgögn sem heimila auðkenningu banka- og greiðslureikninga og bankahólfa sem tilheyra einum einstaklingi eru sundurlaus og því ekki með tímanlegum hætti aðgengileg skrifstofum fjármálagreininga lögreglu og öðrum lögbærum yfirvöldum. Því er mikilvægt að koma á miðlægu sjálfvirku fyrirkomulagi, t.d. skráningar- eða gagnaheimtukerfi, í öllum aðildarríkjum sem skilvirkri leið fyrir aðgang, með tímanlegum hætti, að upplýsingum um persónuauðkenni eigenda banka- og greiðslureikninga og bankahólfa, umboðshafa þeirra, og raunverulegra eiganda þeirra. Þegar aðgangsákvæðunum er beitt þykir rétt að nota fyrirkomulag sem þegar er til staðar, að því tilskildu að landsbundnar skrifstofur fjármálagreininga lögreglu geti fengið aðgang að gögnunum til að rannsaka þau án tafar og í heild sinni. Aðildarríki ættu að íhuga að færa inn í slíkt fyrirkomulag aðrar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar og hlutfallslegar til að gera aðgerðir til að draga úr áhættu sem tengist peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skilvirkari. Skrifstofur fjármálagreininga lögreglu og lögbær yfirvöld, önnur en þau sem bera ábyrgð á saksókn, ættu að tryggja fullan trúnað að því er varðar slíkar rannsóknir og beiðnir um tengdar upplýsingar.

21) Til að virða friðhelgi einkalífs og vernda persónuupplýsingar ættu lágmarksgögn sem nauðsynleg eru til að framkvæma rannsóknir er varða baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka að vera geymd í miðlægum sjálfvirkum kerfum fyrir banka- og greiðslureikninga, s.s. skráningar- eða gagnaheimtukerfi. Mögulegt ætti að vera fyrir aðildarríki að ákvarða hvaða gögnum er gagnlegt og hóflegt að safna, að teknu tilliti til kerfanna og lagahefða sem eru til staðar, til að persónuauðkenning á raunverulegum eigendum virki sem skyldi. Þegar ákvæðin sem varða þessi kerfi eru lögleidd ættu aðildarríki að ákvarða varðveislutímabil sem eru jöfn tímabilinu fyrir varðveislu skjala og upplýsinga sem aflað er við beitingu ráðstafananna um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn. Almennt ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríki að framlengja varðveislutímabilið með lögum, án þess að krafist sé ákvarðana í hverju tilviki fyrir sig. Viðbótarvarðveislutímabilið ætti ekki að vera lengra en fimm ár aukalega. Það tímabil ætti að vera með fyrirvara um landslög sem setja fram aðrar gagnavarðveislukröfur og heimila ákvarðanir í hverju tilviki fyrir sig til að auðvelda refsi- eða stjórnsýslumeðferðir. Aðgangur að þessu fyrirkomulagi ætti að vera á grundvelli meginreglunnar um þörf á vitneskju.

22) Nákvæm auðkenning og sannprófun á gögnum um einstaklinga og lögaðila er mikilvæg í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Nýjasta tækniþróun í stafrænum viðskiptum og greiðslum gera trygga fjarauðkenningu eða rafræna auðkenningu mögulega. Einkum að því er varðar tilkynnta rafræna auðkenningarskipan og leiðir til að tryggja lagalega viðurkenningu yfir landamæri ætti að taka tillit til þessara auðkenningarmiðla, eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 ([1]), sem bjóða upp á trygg verkfæri með hátt öryggisstig og setja viðmiðunarmörk sem auðkenningaraðferðirnar á landsvísu geta verið bornar saman við. Þar að auki geta lögbær landsyfirvöld tekið tillit til annarra fjar- eða rafauðkenningaraðferða, sem eru eftirlitsskyldar, viðurkenndar, samþykktar eða gilda á landsvísu. Eftir því sem við á ætti einnig í auðkenningarferlinu að taka tillit til viðurkenningarinnar á rafrænum skjölum og traustþjónustu eins og sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 919/2014. Taka ætti tillit til meginreglunnar um tæknilegt hlutleysi við beitingu þessarar tilskipunar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

23) Til að greina einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla í Sambandinu ættu aðildarríki að gefa út lista sem tilgreinir hin sérstöku hlutverk sem, í samræmi við landslög og stjórnsýslufyrirmæli, heyra undir mikilvæg opinber störf. Aðildarríki ættu að krefja hverja alþjóðastofnun sem löggild er á yfirráðasvæði þeirra um að gefa út og halda uppfærðum lista yfir mikilvæg opinber störf í þeirri alþjóðastofnun.

24) Aðferðin við athugun á núverandi viðskiptamönnum innan núverandi ramma er áhættutengd. Að gefinni meiri áhættu vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka og tengdra frumbrota sem tengist tiltekinni milliliðauppbyggingu, er þó hugsanlega ekki mögulegt með þeirri aðferð að uppgötva og meta áhættuna tímanlega. Þess vegna er mikilvægt að tryggja að tilteknir skýrt tilgreindir hópar núverandi viðskiptamana séu einnig vaktaðir reglulega.

25) Aðildarríki eru nú sem stendur krafin um að tryggja að fyrirtæki og aðrir lögaðilar sem stofnaðir eru á yfirráðasvæði þeirra útvegi og varðveiti fullnægjandi, nákvæmar og gildandi upplýsingar um raunverulegt eignarhald á þeim. Nákvæmar og uppfærðar upplýsingar um hinn raunverulega eiganda er lykilatriði við að hafa uppi á brotamönnum sem ella gætu dulið hverjir þeir eru í skjóli fyrirtækjaskipulags. Hið hnattræna samtengda fjármálakerfi gerir mögulegt að dylja og flytja fjármagn um heiminn og aðilar sem stunda peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkamanna sem og aðrir brotamenn hafa í síauknum mæli nýtt sér þann möguleika.

26) Útskýra ætti hvaða sértæku þættir ákvarða hvaða aðildarríki er ábyrgt fyrir vöktun og skráningu upplýsinga um raunverulegt eignarhald fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags. Vegna ólíkra réttarkerfa í aðildarríkjum eru tilteknir fjárvörslusjóðir og svipað lagalegt fyrirkomulag ekki vöktuð eða skráð neins staðar í Sambandinu. Upplýsingar um raunverulegt eignarhald fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags ættu að vera skráðar þar sem vörsluaðilar fjárvörslusjóðanna og einstaklingar með sambærilega stöðu í svipuðu lagalegu fyrirkomulagi eru með staðfestu eða hafa fasta búsetu. Til að tryggja skilvirka vöktun og skráningu upplýsinga um raunverulegt eignarhald fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags er samstarf á milli aðildarríkja einnig nauðsynlegt. Samtenging skráa aðildarríkja um raunverulega eigendur fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags mun gera þessar upplýsingar aðgengilegar, og koma einnig í veg fyrir margar skráningar sömu fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags innan Sambandsins.

27) Reglur sem gilda um fjárvörslusjóði og svipað lagalegt fyrirkomulag að því er varðar aðgengi að upplýsingum sem tengjast raunverulegu eignarhaldi þeirra ættu að vera samanbærilegar samsvarandi reglum sem gilda um fyrirtæki og aðra lögaðila. Vegna hina mörgu ólíku tegunda af fjárvörslusjóðum í Sambandinu, sem og enn meiri fjölbreytni svipaðs lagalegs fyrirkomulags, ættu aðildarríki að taka ákvörðun um hvort fjárvörslusjóður eða svipað lagalegt fyrirkomulag sé sambærilegt við fyrirtæki eða annan lögaðila, eða ekki. Markmið landslaga sem leiða í lög þessi ákvæði ætti að vera að koma í veg fyrir notkun á fjárvörslusjóðum eða svipuðu lagalegu fyrirkomulagi til peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka eða tengdra frumbrota.

28) Í ljósi hinna ólíku eiginleika fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags ættu aðildarríki að geta, að landslögum og í samræmi við reglur um persónuvernd, ákveðið stig gagnsæis að því er varðar fjárvörslusjóði og svipað lagalegt fyrirkomulag sem ekki eru sambærileg við fyrirtæki og aðra lögaðila. Áhættan í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka getur verið breytileg, allt eftir eiginleikum og tegund fjárvörslusjóðs eða svipaðs lagalegs fyrirkomulags, og skilningur á þessari áhættu þróast með tímanum, t.d. sem afleiðing af landsbundnum og yfirþjóðlegum áhættumötum. Af þessum sökum ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríki að kveða á um frekari aðgang að upplýsingum um raunverulegt eignarhald á fjárvörslusjóðum og svipuðu lagalegu fyrirkomulagi, ef slíkur aðgangur felur í sér nauðsynlegar og hlutfallslegar ráðstafanir með það lögmæta markmið að koma í veg fyrir notkun á fjármálakerfinu til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Þegar stig gagnsæis upplýsinga um raunverulegt eignarhald slíkra fjárvörslusjóða eða svipaðs lagalegs fyrirkomulags er ákvarðað ættu aðildarríki að taka tilhlýðilegt tillit til verndunar grundvallarréttinda manna, einkum réttinn til friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga. Veita ætti sérhverjum einstaklingi sem getur sýnt fram á lögmæta hagsmuni aðgang að upplýsingum um raunverulegt eignarhald fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags. Einnig ætti að veita aðgang sérhverjum einstaklingi sem leggur fram skriflega beiðni í tengslum við fjárvörslusjóð eða svipað lagalegt fyrirkomulag og ræður yfir eða á ráðandi hlut í einhverju fyrirtæki eða öðrum lögaðila stofnuðum utan Sambandsins í gegnum beint eða óbeint eignarhald, þ.m.t. í gegnum handhafahlutafjáreign, eða í gegnum yfirráð eftir öðrum leiðum. Viðmiðanirnar og skilyrðin fyrir veitingu

aðgangs, vegna beiðni um upplýsingar um raunverulegt eignarhald fjárvörslusjóða eða svipaðs lagalegs fyrirkomulags, ættu að vera nægjanlega nákvæmar og í samræmi við markmið þessarar tilskipunar. Mögulegt ætti að vera fyrir aðildarríki að hafna skriflegri beiðni þegar gildar ástæður eru til grunsemda um að skriflega beiðnin sé ekki í samræmi við markmiðin með þessari tilskipun.

29) Til að tryggja réttarvissu og jöfn samkeppnisskilyrði er mikilvægt að setja fram með skýrum hætti hvaða lagalega fyrirkomulag sem komið er á í Sambandinu ætti að vera talið svipa til fjárvörslusjóða, út frá hlutverki þess og skipulagi. Hvert aðildarríki ætti þess vegna að vera krafið um að tilgreina fjárvörslusjóðina, ef viðurkenndir í landslögum, og svipað lagalegt fyrirkomulag sem setja má upp samkvæmt landsbundnum lagaramma þess eða venjum, og sem að skipulagi og hlutverki svipar til fjárvörslusjóða, til að mögulegt sé að aðskilja eða aðgreina á milli laglegs og raunverulegs eignarhalds á eignum. Aðildarríki ættu þar næst að tilkynna um flokkunina, lýsingu á eiginleikunum, nöfn og, eftir atvikum, lagagrundvöll þessara fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags, til framkvæmdastjórnarinnar vegna birtingar þeirra í Stjórnartíðindunum Evrópusambandsins, til að önnur aðildarríki geti auðkennt þau. Taka ætti tillit til þess að fjárvörslusjóðir og svipað lagalegt fyrirkomulag geta haft mismunandi lagalega eiginleika í gervöllu Sambandinu. Þegar eiginleikar fjárvörslusjóðs eða svipaðs lagalegs fyrirkomulags eru sambærilegir varðandi skipulag eða hlutverk við eiginleika fyrirtækja og annarra lögaðila mun aðgangur almennings að upplýsingum um raunverulegt eignarhald geta haft sitt að segja í baráttunni gegn misnotkun fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags, á sama hátt og aðgangur almennings getur stuðlað að því að koma í veg fyrir misnotkun á fyrirtækjum og öðrum lögaðilum til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka.

30) Aðgangur almennings að upplýsingum um raunverulegt eignarhald gerir hinu borgaralega samfélagi kleift að grannskoða upplýsingarnar betur, þ.m.t. fréttamiðlum eða borgaralegum samtökum, og stuðlar að viðhaldi trausts á heilindum í viðskiptum og á fjármálakerfinu. Þetta getur verið framlag í baráttunni gegn misnotkun á fyrirtækjum og öðrum lögaðilum og lagalegu fyrirkomulagi til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, bæði með því að hjálpa til við rannsóknir og vegna orðsporsáhrifa, að því gefnu að hver sá sem á í viðskiptum viti deili á raunverulegum eigendum. Einnig auðveldar þetta fjármálastofnunum sem og yfirvöldum tímanlegt og skilvirkt aðgengi að upplýsingum, þ.m.t. yfirvöldum í þriðju löndum sem taka þátt í baráttunni gegn slíkum brotum. Aðgengið að slíkum upplýsingum mun einnig hjálpa til við rannsóknir á peningaþvætti, tengdum frumbrotum og fjármögnun hryðjuverka.

31) Tiltrú fjárfesta og almennings á fjármálamörkuðunum byggist að stórum hluta á reglum um nákvæma upplýsingagjöf sem veitir gagnsæi um raunverulegt eignarhald og stjórnunarkerfi fyrirtækja. Þetta á einkum við um stjórnarhætti fyrirtækja sem einkennast af samþjöppun eignarhalds, slíku sem tíðkast í Sambandinu. Annars vegar geta stórir fjárfestar með umtalsverðan atkvæðis- og ráðstöfunarrétt yfir sjóðstreymi ýtt undir langtímavöxt og -árangur fyrirtækisins. Hins vegar geta ráðandi raunverulegir eigendur með stóran atkvæðahluta haft hvata til að beina eignum og tækifærum fyrirtækis í aðra átt í eigin þágu á kostnað minnihluta fjárfesta. Möguleg aukin tiltrú á fjármálamörkuðum ætti að vera talin vera jákvæð hliðaráhrif og ekki tilgangur aukins gagnsæis, sem er að skapa viðskiptaumhverfi sem ólíklegt er að notað verði til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka.

32) Tiltrú fjárfesta og almennings á fjármálamörkuðunum byggist að stórum hluta á reglum um upplýsingagjöf sem veitir gagnsæi um raunverulegt eignarhald og stjórnunarkerfi fyrirtækja og annarra lögaðila sem og tiltekinna tegunda fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags. Aðildarríki ættu þess vegna að heimila aðgang að upplýsingum um raunverulegt eignarhald á nægjanlega samfelldan og samræmdan hátt með því að koma á skýrum reglum um aðgang almennings, svo að þriðju aðilar geti, alls staðar í Sambandinu, gengið úr skugga um hverjir eru raunverulegir eigendur fyrirtækja og annarra lögaðila sem og tiltekinna gerða fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags.

33) Aðildarríki ættu að heimila aðgang að upplýsingum um raunverulegt eignarhald fyrirtækja og annarra lögaðila á nægjanlega samfelldan og samræmdan hátt, í gegnum miðlæga skrá þar sem upplýsingar um raunverulegt eignarhald eru settar fram, með því að koma á skýrum reglum um aðgang almennings, svo að þriðju aðilar geti, alls staðar í Sambandinu, gegnið úr skugga um hverjir eru raunverulegur eigendur fyrirtækja og annarra lögaðila. Mikilvægt er einnig að koma á samræmdum lagaramma sem tryggir betra aðgengi að upplýsingum sem varða raunverulegt eignarhald á fjárvörslusjóðum og svipuðu lagalegu fyrirkomulagi, eftir þau hafa verið skráð innan Sambandsins. Reglur sem gilda um fjárvörslusjóði og svipað lagalegt fyrirkomulag, að því er varðar aðgengi að upplýsingum sem tengjast raunverulegu eignarhaldi þeirra, ættu að vera samanbærilegar samsvarandi reglum sem gilda um fyrirtæki og aðra lögaðila.

34) Í öllum tilvikum, bæði hvað varðar fyrirtæki og aðra lögaðila, sem og fjárvörslusjóði og svipað lagalegt fyrirkomulag, ætti að stefna að jafnvægi, einkum á milli almannahagsmuna í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og grundvallarréttinda skráðra aðila. Gagnamengið sem gera á aðgengilegt almenningi ætti að vera takmarkað, skilgreint á skýran og tæmandi hátt, og almenns eðlis, til að lágmarka mögulegan skaða fyrir raunverulega eigendur. Jafnframt ættu upplýsingar sem gerðar eru aðgengilegar almenningi ekki að greina sig frá gögnunum sem safnað er um þessar mundir. Til að takmarka að gengið sé á rétt þeirra til friðhelgi einkalífs almennt og vernd persónuupplýsinga þeirra sérstaklega, ættu þær upplýsingar fyrst og fremst að tengjast stöðu raunverulegra eigenda fyrirtækja og annarra lögaðila og fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags og einskorðast eingöngu við þá atvinnustarfsemi sem raunverulegir eigendur leggja stund á. Í þeim tilvikum þar sem framkvæmdastjórinn hefur verið tilgreindur sem raunverulegur eigandi eingöngu í krafti stöðu sinnar og ekki vegna eignarhluta eða yfirráða eftir öðrum leiðum, ætti það að vera auðgreinanlegt í skránum. Að því er varðar upplýsingar um raunverulega eigendur geta aðildarríki mælt fyrir um að upplýsingar um þjóðerni sé tekið með í miðlægu skrána, einkum um erlenda raunverulega eigendur. Til að auðvelda skráningarferlið og þar eð mikill meirihluti raunverulegra eigenda mun vera af þjóðerni ríkisins þar sem miðlæga skráin er vistuð, geta aðildarríki gengið úr frá því að raunverulegur eigandi sé þeirra eigin ríkisborgari ef engin færsla er gerð um annað.

35) Grannskoðun almennings mun stuðla að því að koma í veg fyrir misnotkun á lögaðilum og lagalegu fyrirkomulagi, þ.m.t. skattundanskot. Þess vegna er mikilvægt að upplýsingarnar um raunverulegt eignarhald séu áfram aðgengilegar hjá landsbundnum skrám og fyrir tilstuðlan samtengingarkerfis skráa í a.m.k. fimm ár eftir að ástæðurnar fyrir skráningu upplýsinga um raunverulegt eignarhald fjárvörslusjóðsins eða svipaðs lagalegs fyrirkomulags eru ekki lengur til staðar. Aðildarríki ættu þó að geta mælt fyrir um úrvinnslu upplýsinganna um raunverulegt eignarhald með lögum, þ.m.t. persónuupplýsinga í öðrum tilgangi, ef slík úrvinnsla uppfyllir markmið um almannaheill og felur í sér nauðsynlegar og hlutfallslegar ráðstafanir í lýðræðisþjóðfélagi m.t.t. þess lögmæta markmiðs sem stefnt er að.

36) Enn fremur, í þeim tilgangi að tryggja hóflega og yfirvegaða aðkomu og til að tryggja friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga, ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríki að mæla fyrir um undanþágur á birtingu upplýsinga í skránni um raunverulegt eignarhald og á aðgengi að slíkum upplýsingum, við sérstakar aðstæður, þegar þær upplýsingar útsetja raunverulegan eiganda fyrir óhóflegri áhættu sem tengist svikum, mannráni, fjárkúgun, þvingun, áreitni, ofbeldis eða ógnun. Einnig ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríki að krefjast skráningar á Netinu til að persónuauðkenna sérhvern einstakling sem óskar eftir upplýsingum úr skránni, sem og greiðslu gjalds fyrir aðgengi að upplýsingunum í skránni.

37) Samtenging miðlægra skráa aðildarríkja sem hafa að geyma upplýsingar um raunverulegt eignarhald í gegnum evrópska miðlæga vettvanginn, sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([1]), gerir nauðsynlegt að samræma landsbundnu kerfin sem hafa breytilega tæknilega eiginleika. Þetta felur í sér að samþykkja þarf tæknilegar ráðstafanir og forskriftir sem þurfa að taka mið af mismuni milli skráa. Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að taka á slíkum tæknilegum og rekstrarlegum álitamálum. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við rannsóknarmálsmeðferð sem um getur í 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([2]). Í öllum tilvikum ætti að tryggja aðild aðildarríkja að virkni alls kerfisins með reglulegum skoðanaskiptum milli framkvæmdastjórnarinnar og fulltrúa aðildarríkja um málefni er varða rekstur kerfisins og framtíðarþróun þess.

38) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([3]) gildir um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt þessari tilskipun. Af þessum sökum ætti að upplýsa einstaklinga sem persónuupplýsingar eru um í landsbundnum skrám um það. Enn fremur ættu eingöngu uppfærðar persónuupplýsingar sem svara til hinna eiginlegu raunverulegu eigenda að

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

vera gerðar aðgengilegar og viðkomandi raunverulegir eigendur að vera upplýstir um réttindi sín samkvæmt núverandi lagalegum persónuverndarramma Sambandsins, eins og settur er fram í reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 ([1]), og um gildandi málsmeðferð fyrir nýtingu þessara réttinda. Til að koma í veg fyrir misnotkun á upplýsingunum sem eru í skránum og jafna réttindi raunverulegra eigenda gæti þar að auki verið við hæfi fyrir aðildarríki að taka til athugunar að gera upplýsingar sem varða einstaklingana sem leggja fram beiðni, ásamt lagagrundvellinum fyrir beiðni þeirra, aðgengilegar raunverulegum eiganda.

39) Ef tilkynning skrifstofa fjármálagreininga lögreglu og lögbæru yfirvaldanna um misræmi teflir í tvísýnu yfirstandandi rannsókn ættu skrifstofur fjármálagreininga lögreglu eða lögbæru yfirvöldin að fresta tilkynningunni um misræmið þar til ástæðurnar fyrir að tilkynna það ekki eru ekki lengur fyrir hendi. Enn fremur ættu skrifstofur fjármálagreininga lögreglu og lögbær yfirvöld ekki að tilkynna um neitt misræmi sé það andstætt trúnaðarkvöð í landslögum eða gæti valdið refsiverðum upplýsingaleka.

40) Þessi tilskipun er með fyrirvara um vernd persónuupplýsinga sem lögbær yfirvöld hafa til úrvinnslu í samræmi við tilskipun (ESB) 2016/680.

41) Aðgangur að upplýsingum og skilgreiningin á lögmætum hagsmunum ættu að falla undir lög aðildarríkjanna þar sem vörsluaðili fjárvörslusjóðs eða einstaklingur með sambærilega stöðu í svipuðu lagalegu fyrirkomulagi er með staðfestu eða fasta búsetu. Ef vörsluaðili fjárvörslusjóðsins eða einstaklingur með sambærilega stöðu í svipuðu lagalegu fyrirkomulagi er ekki með staðfestu eða hefur ekki fasta búsetu í neinu aðildarríki ætti aðgangur að upplýsingum og skilgreiningin á lögmætum hagsmunum að falla undir lög aðildarríkisins þar sem upplýsingarnar um raunverulegt eignarhald fjárvörslusjóðsins eða svipaðs lagalegs fyrirkomulags eru skráðar, í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

42) Aðildarríki ættu að skilgreina lögmæta hagsmuni í landslögum sínum, bæði sem almennt hugtak og sem viðmiðun fyrir aðgengi að upplýsingum um raunverulegt eignarhald. Einkum ættu þessar skilgreiningar ekki að þrengja hugtakið „lögmætir hagsmunir“ við mál sem bíða stjórnsýslu- eða dómstólameðferðar, og ættu að gera mögulegt að tekið sé tillit til forvarnastarfs í baráttunni gegn peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og tengdra frumbrota sem frjáls félagasamtök og rannsóknarblaðamenn hafa ráðist í, eftir því sem við á. Þegar samtengingu skráa aðildarríkja um raunverulegt eignarhald hefur verið komið á, ætti að veita hverri skrá aðildarríkis bæði landsbundinn aðgang og yfir landamæri sem byggja á lögmætum hagsmunum aðildarríkisins þar sem upplýsingarnar sem varða raunverulegt eignarhald fjárvörslusjóðsins eða svipaðs lagalegs fyrirkomulags hafa verið skráðar í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, í krafti ákvörðunar viðkomandi yfirvalda þess aðildarríkis. Í tengslum við skrár aðildarríkja um raunverulegt eignarhald ætti einnig að vera mögulegt fyrir aðildarríki að koma á áfrýjunarfyrirkomulagi vegna ákvarðana sem heimila eða hafna aðgengi að upplýsingum um raunverulegt eignarhald. Með það fyrir augum að tryggja samfellda og skilvirka skráningu og upplýsingaskipti ættu aðildarríki að tryggja að yfirvald þeirra sem er í forsvari fyrir skránni með upplýsingunum um raunverulegt eignarhald fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags, starfi með gagnaðilum sínum í öðrum aðildarríkjum og deili upplýsingum sem varða fjárvörslusjóði og svipað lagalegt fyrirkomulag sem falla undir lög eins aðildarríkis og er stjórnað í öðru aðildarríki.

43) Millibankatengsl yfir landamæri við stofnun sem er gagnaðili í þriðja landi einkennast af að vera viðvarandi og síendurtekin. Til samræmis við það ættu aðildarríki, jafnframt sem þau krefjast aukinna ráðstafana um áreiðanleikakönnun í þessu sérstaka samhengi, að taka tilliti til þess að millibankatengsl fela ekki í sér viðskipti í eitt skipti eða aðeins getu til að skiptast á skilaboðum. Enn fremur, með því að viðurkenna að ekki öll millibankatengsl yfir landamæri feli í sér sömu hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, er hægt að ákvarða hversu strangar ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skulu vera með því að beita meginreglunni um áhættumiðaða stefnu og án þess fyrirfram að dæma um hversu mikil hætta á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka stafar af fjármálastofnun sem er gagnaðili.

44) Mikilvægt er að tryggja að tilkynningarskyldir aðilar fylgi reglunum er varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á réttan hátt. Í þessu samhengi ættu aðildarríki að styrkja hlutverk opinberra yfirvalda sem gegna hlutverki lögbærra yfirvalda og falin er ábyrgð í baráttunni gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).

þ.m.t. skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, yfirvalda sem rannsaka eða saksækja vegna peningaþvættis, tengdra frumbrota og fjármögnunar hryðjuverka, rakningu og hald- eða kyrrsetningu og upptöku eigna sem aflað er með ólögmætum hætti, yfirvalda sem fá skýrslur um flutninga gjaldeyris og framseljanlegra handhafaviðskiptabréfa og yfirvalda sem ábyrg bera á eftirliti og vöktun með tilkynningarskyldum aðilum í því skyni að tryggja reglufylgni. Aðildarríki ættu að styrkja hlutverk annarra viðkomandi yfirvalda, þ.m.t. yfirvalda sem berjast gegn spillingu og skattyfirvalda.

45) Aðildarríki ættu að tryggja skilvirkt og óhlutdrægt eftirlit með öllum tilkynningarskyldum aðilum, einkum af hálfu opinberra yfirvalda í gegnum óháðan landsbundinn eftirlitsaðila eða -yfirvald.

46) Brotamenn flytja ólögmætan ágóða í gegnum fjölda fjármálamilliliða til að forðast að komist upp um þá. Þess vegna er mikilvægt að heimila lána- og fjármálastofnunum að skiptast á upplýsingum, ekki eingöngu á milli aðila í sömu samstæðu, heldur einnig við aðrar lána- og fjármálastofnanir, að teknu tilhlýðilegu tilliti til reglna um persónuvernd sem kveðið er á um í landslögum.

47) Lögbær yfirvöld sem hafa eftirlit með reglufylgni tilkynningarskyldra aðila við þessa tilskipun ættu að geta unnið saman og skipst á trúnaðarupplýsingum, án tillits til eðlis þeirra eða stöðu hvers um sig. Í þessu skyni ættu slík lögbær yfirvöld að hafa fullnægjandi lagagrundvöll fyrir skipti á trúnaðarupplýsingum og réttaróvissa, sem stafað gæti af skorti á skýrum ákvæðum á þessu sviði, ætti ekki fyrir gáleysi að hamla samstarfi á milli lögbærra eftirlits- og varfærnieftirlitsyfirvalda í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Eftirlit með skilvirkri framkvæmd á stefnu samstæðu er varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka ætti að fara fram í samræmi við meginreglur og fyrirkomulag samstæðueftirlits, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi evrópskum sérlögum.

48) Upplýsingaskipti og veiting aðstoðar milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja eru afgerandi hvað varðar þessar tilskipun. Af þessum sökum ættu aðildarríki ekki að banna eða setja óeðlileg eða óþarfa takmarkandi skilyrði fyrir þessum upplýsingaskiptum eða veittri aðstoð.

49) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([1]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

50) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að vernda fjármálakerfið með því að koma í veg fyrir, bera kennsl á og rannsaka peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, vegna þess að einstakar ráðstafanir sem aðildarríkin samþykkja til að vernda fjármálakerfi sín kunna að vera ósamrýmanlegar starfsemi innri markaðarins og lagafyrirmælum og allsherjarreglu í Sambandinu, en verður, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, fremur náð á vettvangi Sambandsins, getur Sambandið samþykkt ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

51) Í tilskipun þessari eru grundvallarréttindi og meginreglur sem viðurkenndar eru í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („Sáttmálinn“) virt, einkum rétturinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu (7. gr. sáttmálans), rétturinn til verndar persónuupplýsingum (8. gr. sáttmálans) og frelsi til atvinnurekstrar (16. gr. sáttmálans).

52) Þegar skýrsla er samin þar sem lagt er mat á framkvæmd þessarar tilskipunar ætti framkvæmdastjórnin að taka tilhlýðilegt tillit til þess hvort grundvallarréttindin og meginreglurnar sem viðurkenndar eru í sáttmálanum séu virt.

53) Þar eð áríðandi er að innleiða ráðstafanirnar sem samþykktar eru, í því skyni að styrkja regluverk Sambandsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og sjá til þess að aðildarríkin fylgi eftir skuldbindingunum um að lögleiða með skjótum hætti tilskipun (ESB) 2015/849, ætti að leiða breytingarnar við tilskipun (ESB) 201/849 í lög fyrir 10. janúar 2020. Aðildarríki ættu að setja upp skrár um raunverulegt eignarhald á fyrirtækjum og öðrum lögaðilum fyrir 10. janúar 2020 og á fjárvörslusjóðum og svipuðu lagalegu fyrirkomulagi fyrir 10. mars 2020. Miðlægar skrár ættu að vera samtengdar í gegnum evrópska miðlæga vettvanginn fyrir 10. mars 2021. Aðildarríki ættu að setja upp miðlægt sjálfvirkt kerfi sem gerir kleift að auðkenna eigendur banka- og greiðslureikninga og bankahólfa fyrir 20. september 2020.

([1]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

54) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([1]) og skilaði hún áliti 2. febrúar 2017 ([2]).

55) Því ætti að breyta tilskipun (ESB) 2015/849 til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun (ESB) 2015/849

Tilskipun (ESB) 2015/849 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. liðar 1. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) endurskoðendur, löggilta bókara og skattaráðgjafa, og sérhvern annan aðila sem sér um að veita, beint eða fyrir milligöngu annarra aðila sem þessi annar aðili er tengdur, efnislega aðstoð, aðstoð eða ráðgjöf um skattamál sem megin starfsemi eða að atvinnustarfsemi,“.

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) fasteignasala, einnig þegar þeir hafa milligöngu um útleigu fasteignar, en eingöngu í tengslum við viðskipti þar sem mánaðarleiga nemur 10 000 evrum eða meira,“.

c) Eftirfarandi liðir bætast við:

„g) veitendur gjaldeyrisskiptaþjónustu á milli sýndarfjár og gjaldmiðla,

h) þjónustuveitendur stafrænna veskja,

i) einstaklingar sem stunda viðskipti eða hafa milligöngu í viðskiptum með listaverk, þ.m.t. þegar listagallerí og uppboðshús sjá um þau, ef verðgildi viðskiptanna eða röð tengdra viðskipta nema 10 000 evrum eða meira,

j) einstaklinga sem hafa í geymslu, stunda viðskipti með eða hafa milligöngu í viðskiptum með listaverk þegar fríhafnir sjá um þau, ef verðgildi viðskiptanna eða röð tengdra viðskipta nemur 10 000 evrum eða meira.“

2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. lið:

i. í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) hryðjuverk, brot sem tengjast hryðjuverkahópi og brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi eins og sett er fram í II. og III. bálki tilskipunar (ESB) 2017/541 (*),

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 frá 15. mars 2017 um baráttu gegn hryðjuverkum og að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM og breyta ákvörðun ráðsins 2005/671/DIM (Stjtíð. ESB L 88, 31.3.2017, bls. 6).“

ii. í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) starfsemi glæpasamtaka eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 1. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2008/841/JHA (*),

(*) Rammaákvörðunar ráðsins 2008/841/JHA frá 24. október 2008 um baráttuna gegn skipulagðri glæpastarfsemi (Stjtíð. ESB L 300, 11.11.2008, bls. 42).“

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB C 85, 18.3.2017, bls. 3.

b) Í stað b-liðar í 6. lið kemur eftirfarandi:

„b) ef um er að ræða fjárvörslusjóði, allir eftirfarandi aðilar:

i. stofnandinn eða stofnendurnir,

ii. fjárvörsluaðilinn eða aðilarnir,

iii. vörslumaður eða vörslumenn, ef við á,

iv. rétthafar, eða sá hópur manna í hverra þágu lagalegt fyrirkomulag eða eining er sett upp eða starfar, þegar einstaklingarnir sem hafa ávinning af hinu lagalega fyrirkomulagi eða einingu hafa ekki enn verið tilgreindir,

v. allir aðrir einstaklingar sem hafa endanleg yfirráð yfir sjóðnum með beinu eða óbeinu eignarhaldi eða með öðrum hætti,“.

c) Í stað 16. liðar kemur eftirfarandi:

„(16) „rafeyrir“: rafeyrir eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB, en að undanskildu peningalegu virði eins og um getur í 4. og 5. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar,“.

d) Eftirfarandi liðir bætast við:

„(18) „sýndarfé“: stafræn framsetning á virði, sem ekki er útgefið eða tryggt af seðlabanka eða opinberu yfirvaldi, og ekki nauðsynlega tengt löglega stofnuðum gjaldmiðli og hefur ekki réttarstöðu gjaldmiðils eða peninga, en er viðurkennt af einstaklingum eða lögaðilum sem greiðslumiðill og hægt er að yfirfæra, geyma og eiga viðskipti með rafrænt,

19) „þjónustuveitandi stafrænna veskja“: eining sem veitir þjónustu til að vernda einkadulkóðunarlykla fyrir hönd viðskiptamanna sinna, til að eiga, geyma og yfirfæra sýndargjaldmiðla.“

3) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b- og c-liða 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) áhættuna sem tengist hverjum viðkomandi geira, þ.m.t., ef tiltækt er, áætluðu peningaþvættismagni sem Hagstofa Evrópusambandsins gefur upp fyrir hvern af þessum geirum,

c) útbreiddustu aðferðirnar sem brotamenn nota til að þvætta ólöglegan ávinning, þ.m.t., ef tiltækt er, þær sem einkum eru notaðar í viðskiptum á milli aðildarríkja og þriðju landa, óháð auðkenningu á þriðja landi sem áhættusömu skv. 2. mgr. 9. gr.“,

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórnin skal gera skýrsluna, sem um getur í 1. mgr., aðgengilega aðildarríkjum og tilkynningarskyldum aðilum til að auðvelda þeim að greina, skilja, stjórna og draga úr áhættunni af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og til að gera öðrum hagsmunaaðilum, þ.m.t. innlendum löggjöfum, Evrópuþinginu, evrópsku eftirlitsstofnununum (ESA) og fulltrúum skrifstofa fjármálagreininga lögreglu kleift að skilja áhættuna betur. Skýrslur skulu gerðar opinberar eigi síðar en sex mánuðum eftir að þær hafa verið gerða aðgengilegar aðildarríkjum, að undanskildum þeim þáttum skýrslnanna sem innihalda trúnaðarupplýsingar.“

4) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir bætast við 4. mgr.:

„f) tilgreina stofnanaskipulag og almennar málsmeðferðir í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t., m.a., skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, skattyfirvöldin og saksóknarana, sem og mannafla og fjármagn sem er til umráða, að því marki sem þessar upplýsingar eru tiltækar,

g) tilgreina innlent framtak og tilföng (vinnuafl og fjárhagsáætlun) sem er til umráða í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Aðildarríki skulu gera niðurstöður áhættumatsins, þ.m.t. uppfærslu þess, aðgengilegar framkvæmdastjórninni, evrópsku eftirlitsstofnununum og hinum aðildarríkjunum. Önnur aðildarríki geta veitt viðbótarupplýsingar sem skipta máli, aðildarríkinu sem framkvæmir áhættumatið, eftir því sem við á. Samantekt matsins skal gert aðgengilegt öllum. Sú samantekt skal ekki innihalda trúnaðarupplýsingar.“

5) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 64. gr. til að auðkenna áhættusöm þriðju lönd, með tilliti til annmarka í stefnu, einkum á eftirfarandi sviðum:

a) lagalegum og stofnanalegum ramma fyrir baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í þriðja landi, einkum:

i. að peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé refsivert,

ii. ráðstafanir sem varða könnun á áreiðanleika viðskiptamanna,

iii. kröfur er varða skráahald,

iv. kröfur um að greina frá grunsamlegum viðskiptum,

v. nákvæmu og tímanlegu aðgengi lögbærra yfirvalda að upplýsingum um raunverulegt eignarhald á lögaðilum og lagalegu fyrirkomulagi,

b) valdsviði og málsmeðferðarreglum lögbærra yfirvalda þriðja lands í þeim tilgangi að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. viðeigandi refsiaðgerðum sem eru skilvirkar, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif, sem og samstarfsvenjum og upplýsingaskiptum þriðja lands við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum,

c) skilvirkni kerfis þriðja lands í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka við að takast á við hættuna af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal, við samningu framseldu gerðanna sem um getur í 2. mgr., taka tillit til viðeigandi úttekta, mats eða skýrslna sem alþjóðastofnanir og þeir sem setja staðla og bærir eru á sviði forvarna gegn peningaþvætti og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka taka saman.“

6) Í stað 1. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu banna lána- og fjármálastofnunum sínum að vera með nafnlausa reikninga, nafnlausar bankabækur og nafnlaus bankahólf. Aðildarríki skulu í öllum tilvikum krefjast þess að eigendur og rétthafar núverandi nafnlausra reikninga, nafnlausra bankabóka og nafnlausra bankahólfa falli undir ráðstafanir um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn eigi síðar en 10. janúar 2019 og alltaf áður en slíkir reikningar, bankabækur eða bankahólf eru notuð á nokkurn hátt.“

7) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. í stað a- og b-liðar fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„a) um er að ræða greiðslumiðil sem ekki er hægt að endurhlaða eða er með hámarks mánaðargreiðslu sem takmarkast við 150 evrur sem aðeins er hægt að nota í því aðildarríki,

b) hámarksfjárhæð sem vistuð er rafrænt fer ekki yfir 150 evrur,“

ii. önnur undirgrein falli brott.

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu tryggja að undanþágan, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, gildi ekki ef um er að ræða innlausn í reiðufé eða reiðufjárúttekt á peningalegu virði rafeyris ef innleysta fjárhæðin fer yfir 50 evrur, eða ef um er að ræða fjargreiðslur eins og skilgreindar eru í 6. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 (*) ef fjárhæðin sem greidd er fer yfir 50 evrur á hverja greiðslu.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu tilskipunar 2007/64/EB (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Aðildarríki skulu tryggja að lána- og fjármálastofnanir sem eru í hlutverki yfirtökuaðila taki eingöngu við greiðslum sem inntar eru af hendi með nafnlausum fyrirframgreiddum kortum gefnum út í þriðju löndum þegar slík kort uppfylla kröfur jafngildar þeim sem settar eru fram í 1. og 2. mgr.

Aðildarríki geta ákveðið að ekki sé tekið við greiðslum á yfirráðasvæði þeirra sem inntar eru af hendi með því að nota nafnlaus fyrirframgreidd kort.“

8) Ákvæðum 1. mgr. 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) að staðfesta deili á viðskiptamanninum og sannreyna hver hann er á grundvelli skjala, gagna eða upplýsinga sem fengnar eru úr áreiðanlegum og óháðum heimildum, þ.m.t., ef tiltækt, með rafrænni auðkenningu, viðeigandi traustþjónustu eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 (*) eða einhverju öðru tryggu fjar- eða rafauðkenningarferli sem er eftirlitsskylt, viðurkennt, samþykkt eða tekið gilt af viðkomandi landsbundnum yfirvöldum.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).“

b) Eftirfarandi málsliður bætist við í lok b-liðar:

„Ef auðkenndur raunverulegur eigandi er framkvæmdastjórinn, eins og um getur í ii. lið a-liðar 6. mgr. 3. gr., skulu tilkynningaskyldir aðilar gera nauðsynlegar viðunandi ráðstafanir til að sannprófa persónuauðkenni þess sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra og halda skrár um aðgerðirnar sem gripið er til, sem og sérhverja erfiðleika sem upp komu í sannprófunarferlinu.“

9) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsliður bætist við í 1. mgr.:

„Í hvert sinn sem nýjum viðskiptatengslum er komið á við fyrirtæki eða annan lögaðila, eða fjárvörslusjóð eða lagalegt fyrirkomulag sem að skipulagi eða hlutverki er svipað og fjárvörslusjóðir („svipað lagalegt fyrirkomulag“) sem falla undir skráningarskyldu upplýsinga um raunverulegt eignarhald skv. 30. eða 31. gr., skulu tilkynningaskyldir aðilar taka saman sönnun fyrir skráningunni eða útdrátt úr skránni.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Aðildarríki skulu krefjast þess að tilkynningaskyldir aðilar kanni ekki aðeins áreiðanleika upplýsinga um nýja viðskiptamenn heldur einnig núverandi viðskiptamanna þegar þurfa þykir á grundvelli áhættumats, eða þegar mikilvæg breyting verður á aðstæðum viðskiptamanns eða þegar lagaleg skylda hvílir á tilkynningaskyldum aðila að hafa samband við viðskiptamanninn á viðkomandi almanaksári í þeim tilgangi að yfirfara allar upplýsingar sem skipta máli og tengjast raunverulegum eiganda eða eigendum eða ef tilkynningaskylda aðilanum ber skylda til þess samkvæmt tilskipun ráðsins 2011/16/ESB (*).

(*) Tilskipun ráðsins 2011/16/ESB frá 15. febrúar 2011 um samvinnu á sviði stjórnsýslu á sviði skattlagningar og um niðurfellingu tilskipunar 77/799/EBE (Stjtíð. ESB L 64, 11.3.2011, bls. 1).“

10) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

Í þeim tilvikum sem um getur í 18. gr. a til 24. gr. sem og í öðrum tilvikum þegar aðildarríki eða tilkynningarskyldir aðilar hafa greint aukna áhættu, skulu aðildarríki fara fram á að tilkynningarskyldir aðilar beiti auknum kröfum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn í því skyni að stjórna og draga úr þessari áhættu á viðeigandi hátt.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu krefja tilkynningaskylda aðila um skoða, að svo miklu leyti sem réttlætanlega er mögulegt, bakgrunn og tilgang allra viðskipta sem uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

i. viðskiptin eru flókin,

ii. viðskiptin eru óvenjulega mikil,

iii. þau fara fram eftir óvenjulegu ferli,

iv. efnahagslegur eða lagalegar tilgangur þeirra er óljós.

Einkum skulu tilkynningarskyldir aðilar hækka stig og eðli eftirlits með viðskiptatengslunum til að ákvarða hvort þessi viðskipti eða starfsemi sé grunsamleg.“

11) Eftirfarandi grein bætist við:

„18. gr. a

1. Að því er varðar viðskiptatengsl eða viðskipti sem tengjast áhættusömum þriðju löndum skv. 2. mgr. 9. gr. skulu aðildarríki krefja tilkynningaskylda aðila um að beita eftirfarandi auknum ráðstöfnunum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn:

a) að afla viðbótarupplýsinga um viðskiptamanninn og um raunverulegan eiganda eða eigendur,

b) að afla viðbótarupplýsinga um fyrirhugað eðli viðskiptatengslanna,

c) að afla upplýsinga um uppruna fjármagns og uppruna auðs viðskiptamanns og raunverulegs eiganda, einn eða fleiri,

d) að afla upplýsinga um ástæðurnar fyrir fyrirhuguðum eða framkvæmdum viðskiptum,

e) að afla samþykkis frá yfirstjórn áður en stofnað er til viðskipta eða til áframhaldandi viðskipta,

f) að auka eftirlit með viðskiptatengslunum með því að fjölga úttektum og tíðni eftirlits og með því að velja viðskiptamynstur sem þarfnast frekari skoðunar.

Aðildarríki geta krafið tilkynningarskylda aðila um að tryggja, eftir atvikum, að fyrsta greiðsla sé innt af hendi í gegnum reikning í nafni viðskiptamannsins hjá lánastofnun sem sætir jafnströngum kröfum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn og þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Til viðbótar við ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins skulu aðildarríki krefja tilkynningarskylda aðila um að beita, eftir atvikum, einni eða fleiri viðbótarráðstöfun til að draga úr áhættu vegna einstaklinga og lögaðila sem annast viðskipti sem tengjast áhættusömum þriðju löndum sem tilgreind eru skv. 2. mgr. 9. gr. Þessar ráðstafanir skulu samanstanda af einu eða fleiru eftirfarandi:

a) beitingu viðbótarþátta vegna aukinnar áreiðanleikakönnunar,

b) innleiðingu á viðeigandi strangara skýrslugjafarfyrirkomulagi eða kerfisbundinni skýrslugjöf um fjármálaviðskipti,

c) takmörkun viðskiptatengsla eða viðskipta við einstaklinga eða lögaðila frá þriðju löndum sem tilgreind hafa verið sem áhættusöm og ósamvinnuþýð skv. 2. mgr. 9. gr.

3. Til viðbótar við ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu aðildarríki beita, eftir atvikum, einni eða nokkrum af eftirfarandi ráðstöfunum að því er varðar áhættusöm þriðju lönd sem tilgreind hafa verið skv. 2. mgr. 9. gr., í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins:

a) að neita tilkynningarskyldum aðilum frá viðkomandi landi að stofna dótturfélag eða útibú eða umboðsskrifstofu eða að öðrum kosti taka mið af þeirri staðreynd að viðkomandi tilkynningaskyldur aðili er frá landi sem ekki er með fullnægjandi regluverk að því er varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

b) að banna tilkynningaskyldum aðilum að stofna útibú eða umboðsskrifstofur í viðkomandi landi, eða að öðrum kosti taka mið af þeirri staðreynd að viðkomandi útibú eða umboðsskrifstofa sé í landi sem ekki er með fullnægjandi regluverk að því er varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

c) að krefjast aukinna eftirlitsrannsókna eða krafna um ytri endurskoðun fyrir útibú og dótturfélög tilkynningarskyldra aðila sem staðsettir eru í viðkomandi landi,

d) að krefjast aukinna krafna um ytri endurskoðun fyrir fjármálasamstæður að því er varðar öll útibú og dótturfélög þeirra sem staðsett eru í viðkomandi landi,

e) að krefja lána- og fjármálastofnanir um að endurskoða og breyta, eða ef nauðsynlegt er, segja upp millibankatengslum við stofnanir sem eru gagnaðilar í viðkomandi landi.

4. Þegar aðildarríki lögleiða eða beita ráðstöfununum sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. skulu þau taka tillit til, eins og við á, viðeigandi úttekta, mats eða skýrslna sem alþjóðastofnanir og þeir sem setja staðla og bærir eru á sviði forvarna gegn peningaþvætti og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka í tengslum við áhættu einstakra þriðju landa taka saman.

5. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni áður en ráðstafanirnar sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. eru lögleiddar eða þeim beitt.“

12) Í stað inngangshluta 19. gr. kemur eftirfarandi:

Aðildarríki skulu, að því er varðar millibankatengsl yfir landamæri sem fela í sér greiðslur til stofnunar sem er gagnaðili í þriðja landi, til viðbótar við ráðstafanirnar um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sem mælt er fyrir um í 13. gr., fara fram á við lána- og fjármálastofnanir sínar þegar viðskiptatengslum komið er á að:“

13) Eftirfarandi grein bætist við:

„20. gr. a

1. Hvert aðildarríki skal gefa út og halda uppfærðum lista sem tilgreinir nákvæmlega hlutverkin sem, í samræmi við landslög og stjórnsýslufyrirmæli, teljast vera mikilvæg opinber störf að því er varðar 9. lið 3. gr. Aðildarríki skulu krefja hverja alþjóðastofnun sem löggild er á yfirráðasvæði þeirra um að gefa út og halda uppfærðum lista yfir mikilvæg opinber störf í þeirri alþjóðastofnun að því er varðar 9. lið 3. gr. Þessa lista skal senda framkvæmdastjórninni og má gera opinbera.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka saman og halda uppfærðum listanum yfir hvaða hlutverk nákvæmlega teljast vera mikilvæg opinber störf hjá stofnunum og aðilum Sambandsins. Sá listi skal innihalda hvert það hlutverk sem fela má fulltrúa þriðju landa og alþjóðlegum aðilum sem löggildir eru á vettvangi Sambandsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal safna saman, samkvæmt listunum sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., í einn lista öllum mikilvægum opinberum störfum að því er varðar 9. lið 3. gr. Gera skal þann eina lista opinberan.

4. Störfin sem færð eru á listann sem um getur 3. mgr. þessarar greinar skulu meðhöndlast í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 41. gr.“

14) Í stað 2. mgr. 27. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu tryggja að tilkynningarskyldir aðilar sem viðskiptamanninum er vísað til geri fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að þriðji aðili veiti tafarlaust, samkvæmt beiðni, viðeigandi ljósrit af gögnum um auðkenningu og sannprófun, þ.m.t., ef tiltæk, gögn sem aflað er eftir leiðum rafrænnar auðkenningar, viðkomandi traustþjónustu eins og sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 910/2014, eða einhverju öðru tryggu fjar- eða rafauðkenningarferli sem er eftirlitsskylt, viðurkennt, samþykkt eða tekið gilt af viðkomandi landsbundnum yfirvöldum.“

15) Ákvæðum 30. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

Aðildarríki skulu sjá til þess að fyrirtæki og aðrir lögaðilar sem stofnuð eru á yfirráðasvæði þeirra séu krafin um að útvega og varðveita fullnægjandi, nákvæmar og gildandi upplýsingar um raunverulegt eignarhald á þeim, þ.m.t. upplýsingar um hagsmuni raunverulegs eiganda. Aðildarríki skulu tryggja að brot á þessari grein falli undir skilvirkar, hlutfallslegar og letjandi ráðstafanir eða viðurlög.“

ii. eftirfarandi undirliður bætist við:

„Aðildarríki skulu gera kröfu um að raunverulegir eigendur fyrirtækja eða annarra lögaðila, þ.m.t. í gegnum hlutabréf, atkvæðisrétti, eignarhlut, handhafahlutafjáreign eða yfirráð eftir öðrum leiðum, veiti þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir fyrirtækið eða annan lögaðila að uppfylla kröfurnar í fyrstu undirgrein.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar í miðlægu skránni sem um getur í 3. mgr. séu fullnægjandi, nákvæmar og í gildi, og skulu koma á kerfum í þessu skyni. Í slíku fyrirkomulagi skal vera krafa um að tilkynningarskyldir aðilar og, ef við á og að því marki sem þessi krafa truflar ekki að óþörfu hlutverk þeirra, lögbær yfirvöld tilkynni um sérhvert misræmi sem þau finna milli upplýsinga um raunverulegt eignarhald sem tiltækar eru í miðlægu skránni og upplýsinga um raunverulegt eignarhald sem þeim eru tiltækar. Ef um er að ræða ósamræmi skulu aðildarríki tryggja að gripið sé til viðeigandi aðgerða til að greiða tímanlega úr ósamræminu og, ef við á, þess sé getið sérstaklega í miðlægu skránni á meðan.“

c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar um raunverulegt eignarhald séu aðgengilegar í öllum tilvikum til handa:

a) lögbærum yfirvöldum og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu, án allra takmarkana,

b) tilkynningarskyldum aðilum, innan ramma könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn í samræmi við II. kafla,

c) sérhverjum almennum borgara.

Einstaklingarnir sem um getur í c-lið, skulu a.m.k. fá aðgang að nafni, fæðingarmánuði og -ári, aðseturslandi og þjóðerni raunverulega eigandans sem og um eðli og umfang hagsmuna raunverulegs eiganda.

Aðildarríki geta, samkvæmt skilyrðum sem ákvörðuð verða í landslögum, veitt aðgang að viðbótarupplýsingum sem gera mögulegt að persónuauðkenna raunverulega eigandann. Þær viðbótarupplýsingar skulu innihalda a.m.k. fæðingardag og -ár eða samskiptaupplýsingar í samræmi við reglur um persónuvernd.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5a. Aðildarríki geta valið að gera upplýsingarnar í landsbundnum skrám sínum sem um getur í 3. gr. tiltækar með skilyrði um innskráningu á Netinu og greiðslu gjalds, sem ekki skal fara upp fyrir umsýslukostnaðinn við að gera upplýsingarnar tiltækar, þ.m.t. kostnað við viðhald og þróun skrárinnar.“

e) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu hafi tímanlegan og ótakmarkaðan aðgang að öllum upplýsingum í miðlægu skránni sem um getur í 3. mgr., án þess hlutaðeigandi einingu sé gert viðvart. Aðildarríki skulu einnig heimila tilkynningarskyldum aðilum tímanlegan aðgang þegar gerðar eru ráðstafanir um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn í samræmi við II. kafla.

Lögbærum yfirvöldum sem veittur er aðgangur að miðlægu skránni sem um getur í 3. mgr. skulu vera þau opinberu yfirvöld sem falin er ábyrgð í baráttunni gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, sem og skattyfirvöld, eftirlitsaðilar með tilkynningarskyldum aðilum og yfirvöld sem hafa það hlutverk að rannsaka eða saksækja fyrir peningaþvætti, tengd frumbrot og fjármögnun hryðjuverka, rakningu og hald- eða kyrrsetningu og upptöku eigna sem aflað er með ólögmætum hætti.“

f) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu geti útvegað lögbærum yfirvöldum og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu í öðrum aðildarríkjum upplýsingarnar sem um getur í 1. og 3. mgr. tímanlega og án endurgjalds.“

g) Í stað 9. og 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Við sérstakar aðstæður sem mælt verður fyrir um í landslögum, þegar aðgangurinn sem um getur í b- og c-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. myndi gera raunverulegan eiganda berskjaldaðan gagnvart áhættu af svikum, mannráni, fjárkúgun, þvingun, áreitni, ofbeldi eða ógnun, eða ef raunverulegur eigandi er ólögráða eða á annan hátt ófær í lagalegum skilningi, geta aðildarríki, í hverju tilviki fyrir sig, mælt fyrir um undanþágu frá slíkum aðgangi að öllum upplýsingum eða að hluta um raunverulegt eignarhald. Aðildarríki skulu tryggja að þessar undanþágur séu veittar að undangengnu nákvæmu mati á eðli hinna sérstöku aðstæðna. Rétturinn til stjórnsýslulegrar endurskoðunar á ákvörðuninni um undanþágu og til skilvirks réttarúrræðis skal vera tryggður. Aðildarríki sem veitt hefur undanþágu skal birta árleg tölfræðigögn um fjölda veittra undanþága og uppgefnar ástæður og tilkynna göngin til framkvæmdastjórnarinnar.

Undanþágur sem veittar eru samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu ekki eiga við um lána- og fjármálastofnanir, eða tilkynningarskylda aðila sem um getur í b-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr. sem eru opinberir embættismenn.

10. Aðildarríki skulu tryggja að miðlægu skrárnar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar séu samtengdar í gegnum evrópska miðlæga vettvanginn sem komið var á fót með 1. mgr. 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 (*). Samtengingin á miðlægum skrám aðildarríkjanna við vettvanginn skal sett upp í samræmi við tækniforskriftirnar og verkferlana sem komið var á með framkvæmdargerðum sem samþykktar voru af framkvæmdastjórninni í samræmi við 24. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132 og 31. gr. a þessarar tilskipunar.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar séu tiltækar í gegnum samtengingarkerfi skráa sem komið var á með 1. mgr. 22. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132, í samræmi við landslög aðildarríkja sem framfylgja 5., 5. a og 6. mgr. þessarar greinar.

Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu vera aðgengilegar í gegnum landsbundnar skrár og samtengingarkerfi skráa í a.m.k. fimm ár og ekki lengur en 10 ár eftir að fyrirtækið eða annar lögaðili hefur verið tekin af skránni. Aðildarríki skulu eiga samstarf við hvert annað og við framkvæmdastjórnina til að koma á mismunandi tegundum aðgangs í samræmi við þessa grein.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).“

16) Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tryggja að þessi grein gildi um fjárvörslusjóði og aðrar tegundir lagalegs fyrirkomulags, s.s., m.a, fjárvörsluaðila, tilteknar tegundir eignaumsýslu (Treuhand) eða vörslufélags (fideicomiso), þegar slíkt fyrirkomulag er skipulagt eða gegnir svipuðu hlutverki og fjárvörslusjóðir. Aðildarríki skulu tilgreina einkennin sem ákvarða hvort lagalegt fyrirkomulag sé skipulagt eða gegni svipuðu hlutverki og fjárvörslusjóðir, að því er varðar slíkt lagalegt fyrirkomulag sem lög þeirra gilda um.

Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárvörsluaðilar sérhvers valkvæðs sjóðs, sem stýrt er í því aðildarríki, útvegi og varðveiti fullnægjandi, nákvæmar og uppfærðar upplýsingar um raunverulegt eignarhald að því er sjóðinn varðar. Þær upplýsingar skulu innihalda persónuauðkenni:

a) stofnandans eða stofnendanna,

b) fjárvörsluaðilans eða fjárvörsluaðilanna,

c) vörsluaðilann eða vörsluaðilanna, (ef slíka er að finna),

d) rétthafa eða hóp rétthafa,

e) sérhvers annars einstaklings sem fer með raunveruleg yfirráð yfir fjárvörslusjóðnum.

Aðildarríki skulu tryggja að brot á þessari grein falli undir skilvirkar, hlutfallslegar og letjandi ráðstafanir eða viðurlög.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu sjá til þess að fjárvörsluaðilar eða einstaklingar sem gegna sambærilegum stöðum í svipuðu lagalegu fyrirkomulagi eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, greini frá stöðu sinni og veiti tilkynningarskyldum aðilum tímanlega upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, þegar þeir, sem fjárvörsluaðili eða einstaklingur sem gegnir sambærilegri stöðu í svipuðu lagalegu fyrirkomulagi, kemur á viðskiptatengslum eða annast tilfallandi viðskipti sem eru yfir viðmiðunarmörkunum sem sett eru í b-, c- og d-liðum 11. gr.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Aðildarríki skulu gera kröfu um að upplýsingar um raunverulegt eignarhald fjárvörslusjóða og svipaðs lagalegs fyrirkomulags, eins og um getur í 1. mgr., séu geymdar í miðlægri skrá um raunverulegt eignarhald sem aðildarríkin koma upp þar sem fjárvörsluaðili sjóðsins eða einstaklingur sem gegnir sambærilegri stöðu í svipuðu lagalegu fyrirkomulagi er með staðfestu eða hefur fasta búsetu.

Ef staðfestustaður eða búseta fjárvörsluaðila sjóðsins eða einstaklings sem gegnir sambærilegri stöðu í svipuðu lagalegu fyrirkomulagi er utan Sambandsins, skulu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. vera geymdar í miðlægri skrá sem aðildarríkin koma upp þar sem fjárvörsluaðili sjóðsins eða einstaklingur sem gegnir sambærilegri stöðu í svipuðu lagalegu fyrirkomulagi stofnar til viðskiptatengsla eða eignast fasteign í nafni fjárvörslusjóðsins eða svipaðs lagalegs fyrirkomulags.

Ef fjárvörsluaðilar sjóðs eða einstaklingar sem gegna sambærilegum stöðum í svipuðu lagalegu fyrirkomulagi eru með staðfestu eða hafa fasta búsetu í ólíkum aðildarríkjum, eða ef fjárvörsluaðili sjóðsins eða einstaklingur sem gegnir sambærilegri stöðu í svipuðu lagalegu fyrirkomulagi stofnar til margra viðskiptatengsla í nafni fjárvörslusjóðsins eða svipaðs lagalegs fyrirkomulags í ólíkum aðildarríkjum, getur sönnunarvottorð um skráningu eða útdráttur úr upplýsingunum um raunverulegt eignarhald sem geymdar eru í skrá eins aðildarríkis talist nægjanlegt til að álíta skráningarskylduna uppfyllta.“

d) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Aðildarríki skulu sjá til þess að upplýsingarnar um raunverulegt eignarhald á fjárvörslusjóði eða svipuðu lagalegu fyrirkomulagi séu aðgengilegar í öllum tilvikum til handa:

a) lögbærum yfirvöldum og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu, án allra takmarkana,

b) tilkynningarskyldum aðilum, innan ramma könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn í samræmi við II. kafla,

c) sérhverjum einstaklingi eða lögaðila sem getur sýnt fram á lögmæta hagsmuni,

d) sérhverjum einstaklingi sem leggur fram skriflega beiðni í tengslum við fjárvörslusjóð eða svipað lagalegt fyrirkomulag, sem ræður yfir eða á ráðandi hlut í einhverju fyrirtæki eða öðrum lögaðila, öðrum en þeim sem um getur í 1. mgr. 30. gr., í gegnum beint eða óbeint eignarhald, þ.m.t. í gegnum handhafahlutafjáreign, eða í gegnum yfirráð eftir öðrum leiðum.

Upplýsingarnar sem aðgengilegar eru einstaklingum eða lögaðilum sem um getur í c- og d-liðum fyrstu undirgreinar skulu samanstanda af nafni, fæðingarmánuði og -ári, aðseturslandi og þjóðerni raunverulega eigandans, sem og um eðli og umfang hagsmuna raunverulegs eiganda.

Aðildarríki geta, samkvæmt skilyrðum sem ákvörðuð verða í landslögum, veitt aðgang að viðbótarupplýsingum sem gera mögulegt að auðkenna raunverulega eigandann. Þær viðbótarupplýsingar skulu hafa að geyma a.m.k. fæðingardag og -ár eða samskiptaupplýsingar, í samræmi við reglur um persónuvernd. Aðildarríki geta heimilað víðtækari aðgang að upplýsingunum í skránni í samræmi við landslög þeirra.

Lögbærum yfirvöldum sem veittur er aðgangur að miðlægu skránni sem um getur í 3. mgr. a skulu vera þau opinberu yfirvöld sem falin er ábyrgð í baráttunni gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, sem og skattyfirvöld, eftirlitsaðilar með tilkynningarskyldum aðilum og yfirvöld sem hafa það hlutverk að rannsaka eða saksækja fyrir peningaþvætti, tengd frumbrot og fjármögnun hryðjuverka, rakningu og hald- eða kyrrsetningu og upptöku eigna sem aflað er með ólögmætum hætti.“

e) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4a. Aðildarríki geta valið að gera upplýsingarnar í landsbundnum skrám sínum sem um getur í 3. gr. a aðgengilegar með skilyrði um innskráningu á Netinu og greiðslu gjalds, sem ekki skal vera hærra en umsýslukostnaðurinn við að gera upplýsingarnar tiltækar, þ.m.t. kostnaður við viðhald og þróun skrárinnar.“

f) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar í miðlægu skránni sem um getur í 3. mgr. a séu fullnægjandi, nákvæmar og gildandi, og skulu koma á fyrirkomulagi í þessu skyni. Í slíku fyrirkomulagi skal vera krafa um að tilkynningarskyldir aðilar og, ef við á og að því marki sem þessi krafa truflar ekki að óþörfu hlutverk þeirra, lögbær yfirvöld tilkynni um sérhvert misræmi sem þau finna milli upplýsinga um raunverulegt eignarhald sem tiltækar eru í miðlægu skránni og upplýsinga um raunverulegt eignarhald sem þeim eru tiltækar. Ef um er að ræða ósamræmi skulu aðildarríki tryggja að til viðeigandi aðgerða sé gripið til að greiða tímanlega úr ósamræminu og, ef við á, þessa sé sérstaklega getið í miðlægu skránni á meðan.“

g) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu geti útvegað lögbærum yfirvöldum og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu í öðrum aðildarríkjum upplýsingarnar sem um getur í 1. og 3. mgr. tímanlega og án endurgjalds.“

h) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7a. Við sérstakar aðstæður sem mælt verður fyrir um í landslögum, þegar aðgangurinn sem um getur í b-, c- og d-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. gerir raunverulegan eiganda berskjaldaðan gagnvart óhóflegri áhættu af svikum, mannráni, fjárkúgun, þvingun, áreitni, ofbeldi eða ógnun, eða ef raunverulegur eigandi er ólögráða eða á annan hátt ófær í lagalegum skilningi, geta aðildarríki, í hverju tilviki fyrir sig, mælt fyrir um undanþágu frá slíkum aðgangi að öllum upplýsingum eða að hluta um raunverulegt eignarhald. Aðildarríki skulu tryggja að þessar undanþágur séu veittar að undangengnu nákvæmu mati á eðli hinna sérstöku aðstæðna. Rétturinn til stjórnsýslulegrar endurskoðunar á ákvörðuninni um undanþágu og til skilvirks réttarúrræðis skal vera tryggður. Aðildarríki sem veitt hefur undanþágu skal birta árleg tölfræðigögn um fjölda veittra undanþága og uppgefnar ástæður og tilkynna göngin til framkvæmdastjórnarinnar.

Undanþágur sem veittar eru samkvæmt fyrstu undirgrein skulu ekki eiga við um lána- og fjármálastofnanir og tilkynningarskylda aðila sem um getur í b-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr., sem eru opinberir embættismenn.

Ef aðildarríki ákveður að koma á undanþágu í samræmi við fyrstu undirgrein skal það ekki takmarka aðgengi lögbærra yfirvalda og skrifstofa fjármálagreininga lögreglu að upplýsingum.

i) Ákvæði 8. mgr. falla brott.

j) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Aðildarríki skulu tryggja að miðlægu skrárnar sem um getur í 3. mgr. a þessarar greinar séu samtengdar í gegnum evrópska miðlæga vettvanginn sem komið var á fót með 1. mgr. 22. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132. Samtengingin á miðlægum skrám aðildarríkjanna við vettvanginn skal komið á í samræmi við tækniforskriftirnar og verkferlana sem komið var á með framkvæmdargerðum sem samþykktar voru af framkvæmdastjórninni í samræmi við 24. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132 og 31. gr. a þessarar tilskipunar.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar séu aðgengilegar í gegnum samtengingarkerfi skráa sem komið var á með 2. mgr. 22. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132, í samræmi við landslög aðildarríkja sem framfylgja 4. og 5. mgr. þessarar greinar.

Aðildarríki skulu gera fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að eingöngu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., sem eru uppfærðar og samsvara hinu raunverulegt eignarhaldi, séu gerðar aðgengilegar í gegnum landsbundnar skrár þeirra og gegnum samtengingarkerfi skráa, og að aðgengið að þeim upplýsingum sé í samræmi við reglur um persónuvernd.

Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu vera aðgengilegar í gegnum landsbundnar skrár og samtengingarkerfi skrá í a.m.k. fimm ár og ekki lengur en 10 ár eftir að ástæðurnar fyrir skráningu upplýsinganna um raunverulegt eignarhald, eins og um getur í 3. mgr. a, eru ekki lengur til staðar. Aðildarríki skulu vera í samstarfi við framkvæmdastjórnina um að koma á mismunandi tegundum aðgangs í samræmi við 4. mgr og 4. mgr. a.

k) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„10. Aðildarríki skulu tilkynna um flokkunina, lýsingu á einkennunum, nöfn og, eftir atvikum, lagagrundvöll fjárvörslusjóðanna og svipaðs lagalegs fyrirkomulags sem um getur í 1. mgr., til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 10. júlí 2019. Framkvæmdastjórnin skal birta samantekinn lista yfir slíka fjárvörslusjóði og svipað lagalegt fyrirkomulag í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins fyrir 10. september 2019.

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 26. júní 2020, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem mat er lagt á hvort allir fjárvörslusjóðir og svipað lagalegt fyrirkomulag eins og um getur í 1. mgr., sem lög aðildarríkja gilda um, hafi verið auðkenndir á tilskilinn hátt og falli undir skuldbindingarnar sem settar eru fram í þessari tilskipun. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, grípa til nauðsynlegra aðgerða til að bregðast við niðurstöðum þeirrar skýrslu.“

17) Eftirfarandi grein bætist við:

„31. gr. a

Framkvæmdargerðir

Ef nauðsyn krefur, í viðbót við framkvæmdargerðirnar sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 24. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132 og í samræmi við gildissvið 30. og 31. gr. þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin samþykkja með framkvæmdargerðum tækniforskriftir og verkferla sem nauðsynleg eru fyrir samtengingu miðlægra skráa aðildarríkja eins og um getur í 30. gr. (10. mgr.) og 31. gr. (9. mgr.), að því er varðar:

a) tækniforskriftirnar sem skilgreina tæknilega gagnasafnið sem nauðsynlegt fyrir vettvanginn til að framkvæmda verkefni sín, og geymsluaðferðina, notkun og vernd slíkra gagna,

b) almennu viðmiðanirnar fyrir aðgengi að upplýsingum um raunverulegt eignarhald í gegnum samtengingarkerfi skráa, háð aðgangsstiginu sem aðildarríkin veita,

c) tæknilegu atriðin um hvernig upplýsingarnar um raunverulega eigendur verða gerðar aðgengilegar,

d) tæknilegu skilyrðin fyrir aðgengi að þjónustunni sem samtengingarkerfi skráa veitir,

e) tæknilega fyrirkomulagið um hvernig á að innleiða hinar ólíku tegundir aðgengis að upplýsingum um raunverulegt eignarhald samkvæmt 5. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 31. gr.,

f) greiðslufyrirkomulagið þegar aðgengi að upplýsingum um raunverulegt eignarhald fellur undir greiðslu gjalds samkvæmt 5. mgr. a 30. gr. og 4. mgr. a 31. gr., að teknu tilliti til tiltækra greiðsluaðferða, s.s. fjargreiðslna.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 64. gr. a.

Framkvæmdastjórnin skal í framkvæmdargerðum sínum leitast við að endurnota tækni sem þegar hefur sannað sig og venjur sem eru til staðar. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að kerfin sem þróuð verða stofni ekki til kostnaðar umfram það sem er algjörlega nauðsynlegt til að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd. Framkvæmdargerðir framkvæmdastjórnarinnar skulu einkennast af gagnsæi og miðlun reynslu og upplýsinga milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna.“

18) Í 32. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„9. Með fyrirvara um 2. mgr. 34. gr., skal hver skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, í tengslum við hlutverk sín, geta æskt, aflað og notað upplýsingar frá sérhverjum tilkynningarskyldum aðila í þeim tilgangi sem settur er fram í 1. mgr. þessarar greinar, jafnvel þótt engri skýrslu sé skilað inn áður samkvæmt a-lið 1. mgr. 33. gr. eða 1. mgr. 34. gr.“

19) Eftirfarandi grein bætist við:

„32. gr. a

1. Aðildarríki skulu koma á miðlægu sjálfvirkum kerfum, t.d. miðlægu endurheimtukerfi skráa eða rafrænna gagna, sem gerir mögulega tímanlega persónuauðkenningu á einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða stjórna greiðslureikningum og bankareikningum sem auðkenndir eru með IBAN, eins og skilgreint er með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 (*), og bankahólfum í eigu lánastofnana innan yfirráðasvæðis þeirra. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um einkennin á þessu landsbundna fyrirkomulagi.

2. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar í miðlægu kerfunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar séu beint aðgengilegar landsbundnum skrifstofum fjármálagreininga lögreglu tafarlaust og í heild sinni. Upplýsingarnar skulu einnig vera aðgengilegar lögbærum landsyfirvöldum til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríki skulu tryggja að sérhver skrifstofa fjármálagreininga lögreglu geti tímanlega veitt upplýsingar sem geymdar eru í miðlægu kerfunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar til sérhverrar annarrar skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í samræmi við 53. gr.

3. Eftirfarandi upplýsingar skulu vera aðgengilegar og leitarbærar í gegnum miðlægu kerfin sem um getur í 1. mgr.:

— vegna eiganda viðskiptamannareikningsins og sérhvers aðila sem gefur sig út fyrir að koma fram fyrir hönd viðskiptamannsins: nafn, ásamt annaðhvort öðrum auðkennisgögnum sem krafist er samkvæmt landsákvæðum sem leiða í lög a-lið 1. mgr. 13. gr. eða einkvæmt auðkennisnúmer,

— vegna raunverulegs eiganda viðskiptamannareikningsins: nafn, ásamt annað hvort öðrum auðkennisgögnum sem krafist er samkvæmt landsákvæðum sem leiða í lög b-lið 1. mgr. 13. gr. eða einkvæmt auðkennisnúmer,

— vegna bankans eða greiðslureiknings: IBAN númerið og opnunar- og lokunardagsetningar reikningsins,

— vegna bankahólfs: nafn leigutakans, ásamt annað hvort öðrum auðkennisgögnum sem krafist er samkvæmt landsákvæðum sem leiða í lög 1. mgr. 13. gr. eða einkvæmt auðkennisnúmer og tímalengd leigutímabilsins.

4. Aðildarríki geta tekið til athugunar að krefjast þess að aðrar upplýsingar sem taldar eru mikilvægar fyrir skrifstofur fjármálagreininga lögreglu og lögbær yfirvöld til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessari tilskipun verði aðgengilegar og leitarbærar í miðlægum kerfum.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 26. júní 2020, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem metin eru skilyrði og tækniforskriftir og málsmeðferðarreglur til að tryggja örugga og skilvirka samtengingu miðlægu sjálfvirku kerfunum. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 frá 14. mars 2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 (Stjtíð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22).“

20) Eftirfarandi grein bætist við:

„Grein 32b

1. Aðildarríki skulu veita skrifstofum fjármálagreininga lögreglu og lögbærum yfirvöldum aðgengi að upplýsingum sem gera tímanlega auðkenningu allra einstaklinga eða lögaðila sem eiga fasteign mögulega, þ.m.t. í gegnum endurheimtukerfi skráa eða rafrænna gagna þar sem slíkar skrár eða kerfi eru tiltæk.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2020, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem metin er nauðsyn og meðalhóf þess að samræma upplýsingarnar í skránum og þörfina fyrir samtengingu þessara skráa. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.“

21) Í stað b-liðar 1. mgr. 33. gr. kemur eftirfarandi:

„b) veiti skrifstofu fjármálagreininga lögreglu beint, að beiðni hennar, allar nauðsynlegar upplýsingar.“

22) Í 34. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„3. Sjálfseftirlitsstofnanir sem tilnefndar eru af aðildarríkjum skulu birta ársskýrslu sem inniheldur upplýsingar um:

a) ráðstafanir sem gerðar eru skv. 58., 59. og 60. gr.

b) fjölda móttekinna tilkynninga um brot eins og um getur í 61. gr., eftir atvikum,

c) fjölda tilkynninga sem sjálfseftirlitsstofnunin móttekur eins og um getur í 1. mgr. og fjölda tilkynninga sem sjálfseftirlitsstofnunin áframsendir til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, eftir atvikum,

d) eftir atvikum, fjölda og lýsingu ráðstafananna sem gerðar voru skv. 47. og 48. gr. til að vakta reglufylgni tilkynningarskyldra aðila við skuldbindingar sínar samkvæmt:

i. ákvæði 10.–24. gr. (könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn),

ii. ákvæði 33., 34. og 35. gr. (skýrslugjöf um grunsamleg viðskipti),

iii. ákvæði 40. gr. (skráahald) og

iv. ákvæði 45. og 46. gr. (innra eftirlit).“

23) Í stað 38. gr. kemur eftirfarandi:

„38. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja að einstaklingar, þ.m.t. starfsmenn og fulltrúar tilkynningarskylds aðila, sem tilkynna um grunsemdir um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka innan einingarinnar eða til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, séu lagalega verndaðir fyrir hótunum, hefndaraðgerðum eða fjandsamlegum aðgerðum, einkum neikvæðum aðgerðum eða aðgerðum sem mismuna á grundvelli starfs.

2. Aðildarríki skulu tryggja að einstaklingar sem eru berskjaldaðir fyrir hótunum, hefndaraðgerðum eða fjandsamlegum aðgerðum, eða neikvæðum aðgerðum eða aðgerðum sem mismuna á grundvelli starfs, fyrir að tilkynna um grunsemdir um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka innan einingarinnar eða til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, eigi rétt á að leggja fram kvörtun á öruggan hátt til viðkomandi lögbærra yfirvalda. Með fyrirvara um leynd upplýsinga sem skrifstofa fjármálagreininga lögreglu safnar, skulu aðildarríki tryggja að slíkir einstaklingar hafi rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, til að tryggja réttindi þeirra samkvæmt þessari málsgrein.“

24) Í stað 3. mgr. 39. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, skal ekki koma í veg fyrir upplýsingagjöf milli lána- og fjármálastofnananna frá aðildarríkjum að því tilskildu þær tilheyri sömu samstæðu, eða milli þessara eininga og útibúa þeirra og dótturfélaga í meirihlutaeigu með staðfestu í þriðju löndum, að því tilskildu að þessi útibú og dótturfélög í meirihlutaeigu fari að fullu og öllu eftir stefnum og verkferlum á samstæðugrundvelli, þ.m.t. verkferlum um upplýsingaskipti innan samstæðunnar í samræmi við 45. gr. og að stefnur og verkferlar samstæðunnar fullnægi kröfunum sem settar eru fram í þessari tilskipun.“

25) Ákvæðum 1. mgr. 40. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Ef um er að ræða könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, afrit af skjölunum og upplýsingunum sem nauðsynlegar eru til að fullnægja kröfunum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sem mælt er fyrir um í II. kafla, þ.m.t., ef tiltækar, upplýsingar sem aflað er með rafrænni auðkenningu, viðkomandi traustþjónustu eins og sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 910/2014 eða einhverju öðru tryggu fjar- eða rafauðkenningarferli sem er eftirlitsskylt, viðurkennt, samþykkt eða tekið gilt af viðkomandi landsbundnum yfirvöldum, yfir fimm ára tímabil eftir lok viðskiptatengslanna við viðskiptavini þeirra eða eftir daginn sem tilfallandi viðskipti áttu sér stað,“.

b) Eftirfarandi undirliður bætist við:

„Varðveislutímabilið sem um getur í þessari málsgrein, þ.m.t. viðbótarvarðveislutímabilið skal ekki vera lengra en fimm ár aukalega, og skal einnig gilda um gögn sem aðgengileg eru í miðlægu kerfunum sem um getur í 32. gr. a.“

26) Í stað 43. gr. kemur eftirfarandi:

„43. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga á grunni þessarar tilskipunar, vegna baráttunnar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eins og um getur í 1. gr., skal teljast málefni sem varðar almannahagsmuni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).“

27) Í stað 44. gr. kemur eftirfarandi:

„44. gr.

1. Aðildarríki skulu, til að taka þátt í undirbúningi áhættumats skv. 7. gr., tryggja að þau geti skoðað skilvirkni kerfa sinna í baráttunni gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka með því að varðveita ítarleg tölfræðigögn um atriði sem skipta máli fyrir skilvirkni slíkra kerfa.

2. Tölfræðigögnin sem um getur í 1. mgr. skulu innihalda:

a) gögn sem mæla stærð og mikilvægi mismunandi svið sem eru innan gildissviðs þessarar tilskipunar, þ.m.t. fjölda einstaklinga og eininga og efnahagslegt mikilvægi hvers geira,

b) gögn sem mæla skýrslugjafir, rannsóknir og réttarfarsáfanga í regluverki hvers lands er varðar baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. fjölda skýrslna um grunsamleg viðskipti sem gerðar eru fyrir skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, eftirfylgni með þessum skýrslum og fjölda mála sem árlega eru tekin til rannsóknar, fjölda einstaklinga sem sóttir eru til saka, fjölda einstaklinga sem sakfelldir eru fyrir brot sem varða peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, gerðir frumbrota, hvar slíkar upplýsingar eru aðgengilegar, og verðgildi fasteignar sem hefur verið kyrrsett, haldlögð eða gerð upptæk, í evrum,

c) gögn sem, ef aðgengileg, tilgreina fjölda og hundraðshluta skýrslna sem leiða til frekari rannsókna ásamt ársskýrslu til tilkynningarskyldra aðila með nánari lýsingu á notagildi og eftirfylgni skýrslnanna sem lagðar voru fram,

d) gögn um fjölda beiðna um upplýsingar yfir landamæri sem skrifstofa fjármálagreininga lögreglu gerði, veitti viðtöku, hafnaði eða svaraði að fullu eða að hluta, sundurliðuð eftir landi gagnaðila,

e) fjölda starfsmanna sem lögbær yfirvöld sem ábyrg eru fyrir eftirliti í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hafa á að skipa sem og fjölda starfsmanna sem skrifstofa fjármálagreininga lögreglu hefur á að skipa til að uppfylla verkefnin sem tilgreind eru í 32. gr.,

f) fjölda eftirlitsaðgerða á vettvangi og utan vettvangs, fjölda brota sem auðkennd hafa verið á grundvelli eftirlitsaðgerða og viðurlaga/stjórnsýsluráðstafana sem eftirlitsyfirvöld hafa beitt.

3. Aðildarríki skulu tryggja að samsteypt endurskoðuð tölfræðigögn þeirra verði birt árlega.

4. Aðildarríki skulu árlega senda framkvæmdastjórninni tölfræðigögnin sem um getur í 2. mgr. Framkvæmdastjórnin skal birta ársskýrslu þar sem tölfræðigögnin sem um getur í 2. mgr. eru tekin saman og útskýrð, sem gera skal aðgengileg á vefsetri hennar.“

28) Í stað 4. mgr. 45. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin og evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu upplýsa hver aðra um tilvik þar sem lög þriðja lands leyfa ekki innleiðingu stefna og ferla sem krafist er skv. 1. mgr. Í þessum tilvikum má grípa til samræmingaraðgerða til að leita lausnar. Við mat á því hvaða þriðju lönd leyfa ekki innleiðingu stefna og ferla sem krafist er skv. 1. mgr., skulu aðildarríki og evrópsku eftirlitsstofnanirnar taka tillit til sérhverra lagalegra takmarkanna sem hindrað geta rétta innleiðingu þessara stefna og ferla, þ.m.t. leynd, persónuvernd og aðrar hömlur sem takmarka upplýsingaskipti sem skipt geta máli í þessum tilgangi.“

29) Í stað 1. mgr. 47. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tryggja að veitendur gjaldeyrisskiptaþjónustu á milli sýndarfjár og gjaldmiðla, og þjónustuveitendur stafrænna veskja, séu skráðir, að gjaldeyrisskiptastöðvar og stöðvar til að innleysa ávísanir og þjónustuveitendur á sviði traust- og fyrirtækjaþjónustu hafi leyfi eða eru skráðir, og veitendur þjónustu tengdri fjárhættustarfsemi séu eftirlitsskyldir.“

30) Ákvæðum 48. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Til að auðvelda og stuðla að skilvirkri samvinnu, og einkum upplýsingaskiptum, skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórninni listann yfir lögbær yfirvöld tilkynningarskyldra aðila sem nefndir eru í 1. mgr. 2. gr., þ.m.t. samskiptaupplýsingar þeirra. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar sem veittar eru framkvæmdastjórninni sé haldið uppfærðum.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir þessi yfirvöld og samskiptaupplýsingar þeirra á vefsetri sínu. Yfirvöldin í skránni skulu, innan valdsviða sinna, þjóna sem tengiliðir fyrir lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja sem eru gagnaðilar. Fjármálaeftirlit aðildarríkjanna skal einnig þjóna sem tengiliður fyrir evrópsku eftirlitsstofnanirnar.

Til að tryggja fullnægjandi framfylgd þessarar tilskipunar skulu aðildarríki gera kröfu um að tilkynningarskyldir aðilar falli undir fullnægjandi eftirlit, þ.m.t. heimildir til framkvæmdar eftirlits á vettvangi og utan vettvangs, og skulu gera viðeigandi og hlutfallslegar stjórnsýsluráðstafanir til að ráða bóta á aðstæðunum komi til brota.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi fullnægjandi valdheimildir, þ.m.t. vald til að þvinga fram allar upplýsingar sem skipta máli fyrir eftirlit með reglufylgni og athugunum á frammistöðu, og hafi nægilegt fjármagn, mannauð og tækni til að sinna hlutverki sínu. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk þessara yfirvalda sé heiðarlegt og búi yfir viðunandi hæfni, og viðhaldi háum faglegum gæðum, þ.m.t. er varðar þagnarskyldu, persónuvernd og til að takast á við hagsmunaárekstra.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem tilkynningarskyldur aðili er með starfsstöðvar, hafi eftirlit með því að þessar starfsstöðvar virði innlend ákvæði þess aðildarríkis sem leiða í lög þessa tilskipun.

Ef um er að ræða lána- og fjármálastofnanir sem eru hluti samstæðu skulu aðildarríki tryggja, í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, að lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem móðurfélagið er með staðfestu starfi saman með lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna þar sem starfsstöðvarnar, sem eru hluti samstæðunnar, eru með staðfestu.

Heimilt er að í slíku eftirliti felist, eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, þegar í hlut eiga starfsstöðvar sem um getur í 9. mgr. 45. gr., að gera viðeigandi og hlutfallslegar ráðstafanir til að taka á alvarlegum misbrestum sem krefjast tafarlausra úrbóta. Ráðstafanir þessar skulu vera tímabundnar og þeim hætt þegar brugðist hefur verið við misbrestum sem greinst hafa, þ.m.t. með hjálp eða í samvinnu við lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki tilkynningarskylda aðilans, í samræmi við 2. mgr. 45. gr.“

d) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 5. mgr.:

„Ef um er að ræða lána- og fjármálastofnanir sem eru hluti af samstæðu skulu aðildarríki tryggja að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna þar sem móðurfélagið er með staðfestu hafi eftirlit með skilvirkri framkvæmd stefna og ferla á samstæðugrundvelli sem um getur í 1. mgr. 45. gr. Í þeim tilgangi skulu aðildarríki sjá til þess að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna þar sem lána- og fjármálastofnanirnar sem eru hluti af samstæðunni eru með staðfestu starfi saman með lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem móðurfélagið er með staðfestu.“

31) Í stað 49. gr. kemur eftirfarandi:

„49. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að stefnumótendur, skrifstofur fjármálagreininga lögreglu, eftirlitsaðilar og önnur lögbær yfirvöld, sem þátt taka í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem og skattyfirvöld og löggæsluyfirvöld þegar þau beita sér innan gildissviðs þessarar tilskipunar, búi yfir skilvirkum aðferðum sem gera þeim kleift að starfa saman og samræma innanlands framvinduna og innleiðinguna á stefnum og aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. í því skyni að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 7. gr.“

32) Í 3. þætti í VI. kafla bætist eftirfarandi undirþáttur við:

„II. undirþáttur a

Samstarf lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum

50. gr. a

Aðildarríki skulu hvorki banna né setja óréttmæt eða óþarflega takmarkandi skilyrði fyrir upplýsingaskiptum eða aðstoð milli lögbærra yfirvalda hvað varðar þessa tilskipun. Einkum skulu aðildarríki tryggja að lögbær yfirvöld neiti ekki beiðni um aðstoð af þeirri ástæðu að:

a) beiðnin sé einnig talin varða skattaleg málefni,

b) krafist sé að landslögum að tilkynningarskyldir aðilar viðhaldi leynd eða trúnaði, nema í þeim tilvikum þar sem viðkomandi upplýsingar sem sóst er eftir eru varin lögtrúnaði eða þegar lagaleg þagnarskylda á við, eins og lýst er í 2. mgr. 34. gr.,

c) eftirgrennslan, rannsókn eða málsmeðferð sé í undirbúningi í aðildarríkinu sem beiðni er beint til, nema aðstoðin muni torvelda þá eftirgrennslan, rannsókn eða málsmeðferð,

d) lögbæra yfirvaldið sem er gagnaðili og leggur fram beiðnina er ólíkt að eðli eða stöðu lögbæra yfirvaldsins sem beiðni er beint til.“

33) Ákvæðum 53. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tryggja að skrifstofur fjármálagreininga lögreglu skiptist á, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni, öllum upplýsingum sem kunna að varða úrvinnslu eða greiningu skrifstofa fjármálagreininga lögreglu á upplýsingum í tengslum við peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og á hlutaðeigandi einstaklingum eða lögaðilum, án tillits til tegunda tengdra frumbrota og jafnvel þótt tegund tengdra frumbrota sé ekki greind þegar skiptin eiga sér stað.“

b) Í stað annars málsliðar annarrar undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að skrifstofa fjármálagreininga lögreglu afli upplýsinga í samræmi við 1. mgr. 33. gr. og sendi svörin tafarlaust.“

34) Í 54. gr. bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Aðildarríki skulu tryggja að skrifstofur fjármálagreininga lögreglu tilnefni a.m.k. einn tengilið sem ábyrgur er fyrir móttöku beiðna um upplýsingar frá skrifstofum fjármálagreininga lögreglu í öðrum aðildarríkjum.“

35) Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 55. gr.:

„2. Aðildarríki skulu tryggja að fyrirframsamþykki skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, sem beiðni er beint til, um að miðla upplýsingunum til lögbærra yfirvalda sé veitt án tafar og að svo miklu leyti sem er mögulegt, án tillits til tegunda tengdra frumbrota. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, sem beiðni er beint til, skal ekki neita að samþykkja slíka

miðlun nema hún falli utan gildissviðs ákvæðanna um baráttu hennar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eða gæti leitt til skaða á rannsókn, eða væri á annan hátt ekki í samræmi við grundvallarreglur landslaga þess aðildarríkis. Rökstyðja skal allar slíkar synjanir um samþykki á viðeigandi hátt. Undantekningar þessar skulu skilgreindar þannig að komið sé í veg fyrir misnotkun, og ástæðulausar takmarkanir, á miðlun upplýsinga til lögbærra yfirvalda.“

36) Í stað 57. gr. kemur eftirfarandi:

„57. gr.

Ólíkar skilgreiningar landslaga á frumbrotum eins og um getur í 4. lið 3. gr. skulu ekki hamla getu skrifstofa fjármálagreininga lögreglu til að veita annarri skrifstofu fjármálagreininga lögreglu aðstoð og ekki takmarka skipti, miðlun og notkun upplýsinga skv. 53., 54. og 55. gr.“

37) Í 3. þætti í VI. kafla bætist eftirfarandi undirþáttur við:

„III. undirþáttur a

Samstarf lögbærra yfirvalda sem hafa eftirlit með lána- og fjármálastofnunum og annarra yfirvalda sem bundin eru þagnarskyldu

57. gr. a

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að allir einstaklingar sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld sem eftirlit hafa með reglufylgni lána- og fjármálastofnana við þessa tilskipun og endurskoðendur eða sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd slíkra lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu.

Án þess að það hafi áhrif á mál sem falla undir refsirétt má eingöngu greina frá trúnaðarupplýsingum, sem einstaklingarnir sem um getur í fyrstu undirgrein taka til skoðunar við skyldustörf sín samkvæmt þessari tilskipun, í samantekt eða á samandregnu formi, á þann hátt að ekki sé hægt að auðkenna einstakar lána- og fjármálastofnanir.

2. Ákvæði 1. mgr. skal ekki koma í veg fyrir upplýsingaskipti á milli:

a) lögbærra yfirvalda sem hafa eftirlit með lána- og fjármálastofnunum innan aðildarríkis í samræmi við þessa tilskipun eða aðrar lagagerðir sem varða eftirlit með lána- og fjármálastofnunum,

b) lögbærra yfirvalda sem hafa eftirlit með lána- og fjármálastofnunum í mismunandi aðildarríkjum í samræmi við þessa tilskipun eða aðrar lagagerðir sem varða eftirlit með lána- og fjármálastofnunum, þ.m.t. Seðlabanka Evrópu (ECB) í samræmi við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 (*). Slík upplýsingaskipti skulu uppfylla skilyrðin um þagnarskyldu í 1. mgr.

Lögbæru yfirvöldin sem hafa eftirlit með lána- og fjármálastofnunum í samræmi við þessa tilskipun og Seðlabanki Evrópu í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2013 og g-lið fyrstu undirgreinar 56. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (**), skulu fyrir 10. janúar 2019 gera samkomulag, með stuðningi evrópsku eftirlitsstofnananna, um hagnýt atriði er varða upplýsingaskipti.

3. Lögbær yfirvöld sem hafa eftirlit með lána- og fjármálastofnunum sem taka við trúnaðarupplýsingum eins og um getur í 1. mgr. skulu eingöngu nota þessar upplýsingar:

a) til að sinna skyldustörfum sínum samkvæmt þessari tilskipun eða samkvæmt öðrum lagagerðum er varða baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, varfærnisreglur og eftirlit með lána- og fjármálastofnunum, þ.m.t. viðurlög,

b) vegna áfrýjunar gegn ákvörðun lögbærs yfirvalds sem hefur eftirlit með lána- og fjármálastofnunum, þ.m.t. málareksturs fyrir dómstóli,

c) í málarekstri fyrir dómstóli samkvæmt sérákvæðum sem mælt er fyrir um í samþykktum lögum Sambandsins sem eru á sama sviði og þessi tilskipun eða á sviði varfærnisreglna og eftirlits með lána- og fjármálastofnunum.

4. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld sem hafa eftirlit með lána- og fjármálastofnunum vinni saman hvað varðar þessa tilskipun að svo miklu leyti sem er mögulegt, án tillits til eðlis þeirra eða stöðu hvers um sig. Slík samvinna tekur einnig til getu að framkvæma, innan valdsviðs lögbæra yfirvaldsins sem beiðni er beint til, rannsóknir fyrir hönd lögbæra yfirvaldsins sem leggur fram beiðni, og í framhaldinu skipta á upplýsingunum sem aflað er í slíkum rannsóknum.

5. Aðildarríki geta heimilað lögbærum landsyfirvöldum sínum sem hafa eftirlit með lána- og fjármálastofnunum að gera samstarfssamninga sem mæla fyrir um samstarf og skipti á trúnaðarupplýsingum við lögbær yfirvöld þriðju landa sem eru gagnaðilar þessara lögbæru landsyfirvalda. Slíkir samstarfssamningar skulu gerðir á gagnkvæmnisgrundvelli og eingöngu ef upplýsingarnar sem greint er frá falli undir tryggar þagnarskyldukröfur sem a.m.k. eru jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. Skipti á trúnaðarupplýsingum samkvæmt þessum samstarfssamningum skulu gerð í þeim tilgangi að framkvæma eftirlitsverkefni þessara yfirvalda.

Séu upplýsingarnar sem skipst er á upprunnar í öðru aðildarríki skal eingöngu greina frá þeim að fengnu skýlausu samþykki lögbæra yfirvaldsins sem deildi þeim og, eftir því sem við á, einungis í þeim tilgangi sem þau yfirvöld gáfu samþykki sitt fyrir.

57. gr. b

1. Þrátt fyrir 1. og 3. mgr. 57. gr. a og með fyrirvara um 2. mgr. 34. gr. geta aðildarríki heimilað upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda í sama aðildarríki eða í mismunandi aðildarríkjum, milli lögbæru yfirvaldanna og yfirvalda sem falið er eftirlit með einingum og einstaklingum eða lögaðilum í fjármálageiranum í tengslum við störf þeirra eins og um getur í 3. lið 1. mgr. 2. gr. og yfirvaldanna sem að lögum bera ábyrgð á eftirlitinu með fjármálamörkuðunum er þau sinna viðkomandi eftirlitshlutverkum sínum.

Mótteknar upplýsingar skulu í hverju tilviki falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 57. gr. a.

2. Þrátt fyrir 1. og 3. mgr. 57. gr. a geta aðildarríki, í krafti ákvæðanna sem mælt er fyrir um í landslögum, heimilað birtingu tiltekinna upplýsinga til annarra landsbundinna yfirvalda sem samkvæmt lögum bera ábyrgð á eftirliti með fjármálamörkuðunum, eða falin er ábyrgð í baráttunni gegn eða rannsóknum á peningaþvætti, tengdum frumbrotum eða fjármögnun hryðjuverka.

Skipti á trúnaðarupplýsingum samkvæmt þessari málsgrein skulu eingöngu gerð í þeim tilgangi að framkvæma verkefni hlutaðeigandi yfirvalda að lögum. Einstaklingar sem hafa aðgang að slíkum upplýsingum skulu heyra undir kröfur um þagnarskyldu sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 57. gr. a.

3. Aðildarríki geta heimilað birtingu tiltekinna upplýsinga sem varða eftirlitið með reglufylgni lánastofnana við þessa tilskipun til rannsóknarnefnda þingsins, endurskoðunarréttarins og annarra aðila sem eru í forsvari fyrir rannsóknum í aðildarríkjum sínum, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) einingarnar hafa skýrt umboð samkvæmt landslögum til að rannsaka eða athuga gaumgæfilega aðgerðir yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með þessum lánastofnunum eða á lögum um slíkt eftirlit,

b) upplýsingarnar eru algjörlega nauðsynlegar til að uppfylla umboðið sem um getur í a-lið,

c) einstaklingarnir sem hafa aðgang að upplýsingunum, falla undir kröfur um þagnarskyldu samkvæmt landslögum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 57. gr. a,

d) séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki skal ekki greina frá þeim án skýlauss samþykkis lögbæru yfirvaldanna sem afhentu þær og, eftir því sem við á, einungis í þeim tilgangi sem þau yfirvöld gáfu samþykki sitt fyrir.

(*) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfærniseftirlit lánastofnana (Stjtíð. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).“

38) Eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr. 58. gr.:

„Aðildarríki skulu tryggja enn frekar að þegar lögbær yfirvöld þeirra auðkenna brot sem falla undir refsiviðurlög, þá upplýsi þau löggæsluyfirvöldin um það tímanlega.“

39) Ákvæðum 61. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld, sem og, eftir atvikum, aðilar sem lúta sjálfseftirliti, komi á skilvirku og áreiðanlegu fyrirkomulagi sem hvetur til tilkynninga til lögbærra yfirvalda, sem og, eftir atvikum, aðila sem lúta sjálfseftirliti, um hugsanleg eða raunveruleg brot á landsákvæðunum sem leiða þessa tilskipun í lög.

Í þeim tilgangi skulu þau koma á einni eða fleiri samskiptaleiðum fyrir einstaklinga til að senda tilkynningarnar sem um getur í fyrstu undirgrein. Með slíkum samskiptaleiðum skal tryggt að persónuauðkenni þeirra sem veita upplýsingar séu eingöngu kunn lögbæru yfirvöldunum, sem og, eftir atvikum, aðilum sem lúta sjálfseftirliti.“

b) Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 3. mgr.:

„Aðildarríki skulu tryggja að einstaklingar, þ.m.t. starfsmenn og fulltrúar tilkynningarskylds aðila, sem tilkynna um grunsemdir um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka innan einingarinnar eða til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, séu lagalega verndaðir gegn hótunum, hefndaraðgerðum eða fjandsamlegum aðgerðum, einkum gegn neikvæðum aðgerðum eða aðgerðum sem mismuna á grundvelli starfs.

Aðildarríki skulu tryggja að einstaklingar sem berskjaldaðir eru fyrir hótunum, fjandsamlegum aðgerðum, eða neikvæðum aðgerðum eða aðgerðum sem mismuna á grundvelli starf, fyrir að tilkynna um grunsemdir um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka innan einingarinnar eða til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, eigi rétt á að leggja fram kvörtun á öruggan hátt til viðkomandi lögbærra yfirvalda. Með fyrirvara um leynd upplýsinga sem skrifstofa fjármálagreininga lögreglu safnar, skulu aðildarríki tryggja að slíkir einstaklingar hafi rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, til að tryggja réttindi þeirra samkvæmt þessari málsgrein.“

40) Eftirfarandi grein bætist við:

„64. gr. a

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („Nefndin“) eins og um getur í 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/847 (*). Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 (**).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 frá 20. maí 2015 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1781/2006 (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

41) Í stað 65. gr. kemur eftirfarandi:

„65. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 11. janúar 2022 og á þriggja ára fresti eftir það.

Í þeirri skýrslu skal einkum koma fram:

a) lýsing á sértækum ráðstöfunum sem samþykktar hafa verið og fyrirkomulagi sem komið er upp í Sambandinu og aðildarríki til að koma í veg fyrir og takast á við vandamál sem upp koma og nýlega framvindu sem fjármálakerfi Sambandsins stafar ógn af,

b) framhaldsaðgerðir sem gripið er til í Sambandinu og aðildarríki á grundvelli mála sem þau fá vitneskju um, þ.m.t. kvartana tengdum landslögum sem hefta eftirlits- og rannsóknarheimildir lögbærra yfirvalda og aðila sem lúta sjálfseftirliti,

c) lýsing á tiltækileika upplýsinga sem skipta máli fyrir lögbæru yfirvöldin og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu í aðildarríkjunum til að fyrirbyggja að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka,

d) lýsing á alþjóðlegri samvinnu og upplýsingaskiptum milli lögbærra yfirvalda og skrifstofa fjármálagreininga lögreglu,

e) lýsing á nauðsynlegum aðgerðum framkvæmdastjórnarinnar til að sannprófa að aðildarríki grípi til aðgerða í samræmi við þessa tilskipun og til að leggja mat á vandamál sem upp koma og nýlega framvindu í aðildarríkjunum,

f) greining á hagkvæmni sértækra ráðstafana og fyrirkomulags í Sambandinu og aðildarríki vegna möguleikans á söfnun og aðgengi að upplýsingum um raunverulegt eignarhald fyrirtækja og annarra lögaðila stofnsettra utan Sambandsins og á meðalhófi ráðstafananna sem um getur í b-lið 20. gr.,

g) úttekt á hvernig grundvallarréttindi og meginreglur sem viðurkenndar eru í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi hafa verið virt.

Með fyrstu skýrslunni, sem birta á fyrir 11. janúar 2022, skulu fylgja, ef nauðsyn krefur, viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf, þ.m.t., eftir því sem við á, að því er varðar sýndargjaldmiðla, valdheimildir til að setja upp og viðhalda miðlægu gagnasafni þar sem skráð eru deili á notendum og vörsluveskisheimilisföng sem aðgengileg eru skrifstofum fjármálagreininga lögreglu, sem og form fyrir eigin yfirlýsingu fyrir notendur sem nota sýndargjaldmiðil, og um bætt samstarf milli skrifstofa aðildarríkja sem annast endurheimt eigna og áhættumiðað líkan fyrir beitingu ráðstafananna sem um getur í b-lið 20. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. júní 2019, meta rammann um samstarf skrifstofa fjármálagreininga lögreglu við þriðju lönd og hindranir og tækifæri til aukinnar samvinnu á milli skrifstofa fjármálagreininga lögreglu í Sambandinu, þ.m.t. möguleikann á koma á samstarfs- og stuðningskerfi.

3. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, gefa út skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins þar sem lagt er mat á þörf og meðalhóf þess að lækka prósentuna fyrir auðkenningu á raunverulegu eignarhaldi lögaðila, í ljósi gefinna ráðlegginga í þá veru af hálfu alþjóðastofnana og þeirra sem setja staðla og bærir eru á sviði forvarna gegn peningaþvætti og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka, sem afleiðing af nýju mati, og kynna tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.“

42) Í stað 1. mgr. 67. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 26. júní 2017.

Aðildarríkin skulu beita ákvæðum 3. mgr. 12. gr. frá og með 10. júlí 2020.

Aðildarríki skulu setja upp skrárnar sem um getur í 30. gr. fyrir 10. janúar 2020 og skrárnar sem um getur í 31. gr. fyrir 10. mars 2020 og miðlægu sjálfvirku kerfunum sem um getur í 32. gr. a fyrir 10. september 2020.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja samtengingu skránna sem um getur í 30. og 31. gr. í samstarfi við aðildarríkin fyrir 10. mars 2021.

Aðildarríkin skulu tafarlaust senda framkvæmdastjórninni texta ráðstafananna sem um getur í þessari málsgrein.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.“

43) Í stað inngangshlutans í 3. lið II. viðauka kemur eftirfarandi:

„(3) Landfræðilegur áhættuþáttur — skráning, stofnsetning, búseta í:“

44) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við 1. lið:

„g) viðskiptavinur er ríkisborgari þriðja lands sem sækir um búsetu- eða ríkisborgararétt í aðildarríkinu í skiptum fyrir fjármagnsyfirfærslur, kaup á fasteign eða ríkisskuldabréfum, eða fjárfestingu í fyrirtækjum í því aðildarríki.“

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 2:

i. í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) óbein viðskiptatengsl eða viðskipti, án tiltekinna verndarráðstafana, eins og með rafrænni auðkenningu, viðkomandi traustþjónusta eins og skilgreind er í reglugerð (ESB) nr. 910/2014 eða einhverju öðru tryggu fjar- eða rafauðkenningarferli sem er eftirlitsskylt, viðurkennt, samþykkt eða tekið gilt af viðkomandi landsbundnum yfirvöldum,“

ii. eftirfarandi liður bætist við:

„f) viðskipti tengd olíu, vopnum, eðalmálmum, tóbaksvörum, menningarlegum listmunum og öðrum munum með fornleifafræði-, sögu-, menningar- og trúarlegt gildi, eða með einstakt vísindalegt gildi, sem og fílabein og verndaðar dýrategundir.“

2. gr.

Breyting á tilskipun 2009/138/EB

Eftirfarandi liður bætist við b-lið 1. mgr. 68. gr. tilskipunar 2009/138/EB:

„iv. yfirvöld sem ábyrgð bera á eftirliti með reglufylgni tilkynningarskyldra aðila sem skráðir eru í 1. og 2. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 (*) við þá tilskipun,

---

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).“

3. gr.

Breytingar á tilskipun 2013/36/ESB

Í fyrstu málsgrein 56. gr. tilskipunar 2013/36/ESB bætist eftirfarandi liður við:

„g) yfirvöld sem ábyrgð bera á eftirliti með reglufylgni tilkynningarskyldra aðila sem skráðir eru í 1. og 2. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 (*) við þá tilskipun.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).“

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að hlíta þessari tilskipun eigi síðar en 10. janúar 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 30. maí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*fyrir hönd ráðsins*
A. TAJANI	L. PAVLOVA
forseti.	*forseti.*

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/667 2020/EES/69/27

frá 19. desember 2018

um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 um að fresta gildistöku stöðustofnunarskyldu fyrir ákveðna OTC-afleiðusamninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 ([2]), framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 ([3]) og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 ([4]) eru tilgreindir, meðal annars, gildistökudagar stöðustofnunarskyldunnar að því er varðar samninga sem varða þá flokka OCT-afleiðna sem eru tilgreindir í viðaukunum við þær reglugerðir.

2) Í reglugerðum þessum er mælt fyrir um frestun gildistöku stöðustofnunarskyldunnar að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem eru gerðir á milli mótaðila sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu. Eins og fram kemur í viðeigandi forsendum þessara reglugerða var nauðsynlegt að fresta gildistöku stöðustofnunarskyldunnar til að tryggja að slíkir OTC-afleiðusamningar féllu ekki undir stöðustofnunarskylduna áður en framkvæmdargerð var samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

3) Fram til þessa hefur engin framkvæmdargerð skv. 2. mgr. 13. gr. verið samþykkt í tengslum við stöðustofnunarskylduna. Því ætti að fresta enn frekar beitingu stöðustofnunarskyldunnar gagnvart OTC-afleiðusamningum í tiltekinn tíma eða þar til þessar framkvæmdargerðir hafa verið samþykktar.

4) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205, framseldri reglugerð (ESB) 2016/592 og framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178 til samræmis við það.

5) Upphafleg frestun gildistöku var, í framseldri reglugerð (ESB) 2015/2005, framseldri reglugerð (ESB) 2016/592 og framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178, aðlöguð að gildistökudegi stöðustofnunarskyldunnar að því er varðar mótaðila í flokki 4. Þar eð framlengja ætti frestun gildistökunnar enn frekar ætti sú framlenging einnig að gilda um einingar í flokki 4.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 113, 29.4.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 13).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjtíð. ESB L 103, 19.4.2016, bls. 5).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 frá 10. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjtíð. ESB L 195, 20.7.2016, bls. 3).

6) Að teknu tilliti til upphaflegrar frestunar gildistöku og til að tryggja samræmda beitingu stöðustofnunarskyldunnar að því er varðar viðskipti innan samstæðu við gildistöku þessarar reglugerðar, ætti þessi breytingargerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([5]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205

Í 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2015/2205 kemur eftirfarandi í stað fyrstu undirgreinar:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal stöðustofnunarskyldan, að því er varðar samning um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í viðaukanum og gerður á milli mótaðila sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu, taka gildi:

a) 21. desember 2020 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem eru tilgreindir í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land eða

b) síðari daginn af eftirfarandi dögum ef ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land:

i. 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunarinnar sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,

ii. daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.“

2. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2016/592

Í 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2016/592 kemur eftirfarandi í stað fyrstu undirgreinar:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal stöðustofnunarskyldan, að því er varðar samninga um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í viðaukanum og gerður á milli mótaðila sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu, taka gildi:

a) 21. desember 2020 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land eða

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

b) síðari daginn af eftirfarandi dögum ef ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land:

i. 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunarinnar sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,

ii. daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.“

3. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178

Í 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2016/1178 kemur eftirfarandi í stað fyrstu undirgreinar:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal stöðustofnunarskyldan, að því er varðar samninga um flokk OTC-afleiðna sem er tilgreindur í viðaukanum og gerður á milli mótaðila sem eru hluti af sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu, taka gildi:

a) 21. desember 2020 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land eða

b) síðari daginn af eftirfarandi dögum ef ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land:

i. 60 dögum eftir gildistökudag ákvörðunarinnar sem er samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,

ii. daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi skv. 1. mgr.“

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/983 **2020/EES/69/28**

frá 5. júní 2019

um breytingu á tilskipun 2004/37/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum b-lið 2. mgr. 153. gr. í tengslum við a-lið 1. mgr. 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Það er sameiginleg pólitísk skuldbinding og ábyrgð að ná árangri að því er varðar Evrópustoð félagslegra réttinda ([3]), sem Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin settu fram á leiðtogafundinum um sanngjörn störf og hagvöxt í Gautaborg 17. nóvember 2017. Samkvæmt 10. meginreglu Evrópustoðar félagslegra réttinda eiga starfsmenn rétt á heilnæmu, öruggu og vel aðlöguðu vinnuumhverfi. Réttur starfsmanna til öflugrar heilsuverndar og öryggis á vinnustað og til vinnuumhverfis sem er aðlagað að faglegum þörfum þeirra felur einnig í sér vernd gegn krabbameinsvöldum og stökkbreytivöldum á vinnustaðnum, án tillits til tímalengdar ráðningar eða váhrifanna.

2) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum rétturinn til lífs og rétturinn til sanngjarnra og réttlátra vinnuskilyrða, sem kveðið er á um í 2. og 31. gr., eftir því sem við á.

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB ([4]) hefur það að markmiði að vernda starfsmenn gegn hættu sem ógnað getur heilsu þeirra og öryggi vegna váhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustöðum. Í tilskipuninni er kveðið á um samræmda vernd gegn áhættu vegna krabbameinsvalda og stökkbreytivalda með ramma almennra meginreglna til að gera aðildarríkjum kleift að tryggja að lágmarkskröfum sé beitt á samræmdan hátt. Markmiðið með þessum lágmarkskröfum er að vernda starfsmenn á vettvangi Sambandsins og stuðla að því að draga úr mismun á verndarstigi starfsmanna hvarvetna í Sambandinu og tryggja jöfn samkeppnisskilyrði. Bindandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi eru mikilvægir þættir í almennu fyrirkomulagi til að vernda starfsmenn, sem komið var á fót með tilskipun 2004/37/EB. Þessi viðmiðunarmörk þurfa að vera gagnreynd, hlutfallsleg og mælanleg og ætti að ákvarða á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. nýjustu vísinda- og tæknigagna, fjárhagslegrar hagkvæmni framkvæmdar og reglufylgni, ítarlegs mats á félagslegum og hagrænum áhrifum og aðgengis að aðferðarlýsingum fyrir váhrifamælingar á vinnustað og tækni við þær. Aðildarríki geta sett strangari bindandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Auk þess kemur tilskipun 2004/37/EB ekki í veg fyrir að aðildarríki beiti viðbótarráðstöfunum, s.s. líffræðilegum viðmiðunarmörkum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 164, 20.6.2019, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2020 frá 14. Júlí 2020 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 440, 6.12.2018, bls. 145.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 27. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. maí 2019.

([3]) Stjtíð. ESB C 428, 13.12.2017, bls. 10.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB frá 29. apríl 2004 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE) (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 50).

4) Tilskipun 2004/37/EB er ætlað að ná yfir efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameins- eða stökkbreytivaldur í undirflokki 1A eða 1B, sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([5]), og yfir efni, blöndur eða vinnsluferli sem um getur í I. viðauka við tilskipun 2004/37/EB. Þau efni sem uppfylla flokkunarviðmiðanir sem krabbameinsvaldur eða stökkbreytivaldur í undirflokki 1A eða 1B, sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eru efni sem hafa samræmda flokkun eða eru flokkuð í samræmi við 4. eða 36. gr. þeirrar reglugerðar og tilkynnt til Efnastofnunar Evrópu skv. 40. gr. þeirrar reglugerðar. Þessi efni eru skráð í opinberu flokkunar- og merkingarskrána sem Efnastofnun Evrópu heldur utan um. Fyrir sérhverja nýja viðbót við skrána yfir efni, blöndur og vinnsluferli, sem um getur í I. viðauka við tilskipun 2004/37/EB í samræmi við ii. lið a-liðar 2. gr. þeirrar tilskipunar, þarf að sýna fram á traustar rannsóknaniðurstöður sem staðfesta krabbameinsvaldandi áhrif viðkomandi efnis, byggðar á fyrirliggjandi, gildum, vísindalegum heimildum eins og áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu, Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnuninni og landsbundnum stofnunum, þar sem sérstök áhersla er lögð á jafningjarýnd, birt skrif um viðkomandi efni.

5) Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi eru hluti af áhættustjórnunarráðstöfunum samkvæmt tilskipun 2004/37/EB. Þessi viðmiðunarmörk ætti að endurskoða reglulega í samræmi við varúðarregluna og meginregluna um verndun starfsmanna og í ljósi traustra, fyrirliggjandi vísinda- og tæknigagna varðandi krabbameins- og stökkbreytivalda. Einnig ætti að taka til athugunar að bæta mæliaðferðir, áhættustjórnunarráðstafanir og aðra þætti sem skipta máli. Það að farið sé að þessum viðmiðunarmörkum hefur ekki áhrif á aðrar skyldur vinnuveitenda samkvæmt þeirri tilskipun, einkum að draga úr notkun krabbameinsvalda og stökkbreytivalda á vinnustað, að koma í veg fyrir eða draga úr því að starfsmenn verði fyrir váhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivöldum og framkvæmd ráðstafana þar að lútandi. Þessar ráðstafanir ættu að fela í sér, eftir því sem er tæknilega mögulegt, að nota í stað krabbameins- eða stökkbreytivalda efni, blöndu eða vinnsluferli sem er ekki hættulegt eða er síður hættulegt heilsu starfsmanna, að nota lokað kerfi eða aðrar ráðstafanir sem hafa það að markmiði að draga úr váhrifum á starfsmenn.

6) Hættuleg lyf, þ.m.t. frumueitrandi lyf sem fyrst og fremst eru notuð við krabbameinsmeðferð, gætu haft erfðaeitrandi, krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi eiginleika. Því er mikilvægt að vernda starfsmenn sem komast í snertingu við slík lyf við störf sem fela í sér tilreiðslu, gjöf eða förgun hættulegra lyfja, þ.m.t. frumueitrandi lyfja, þjónustu sem tengist hreinsun, flutningi, þvotti eða förgun úrgangs hættulegra lyfja eða efna sem menguð eru af slíkum lyfjum, eða umönnun sjúklinga sem eru meðhöndlaðir með hættulegum lyfjum. Hættuleg lyf, þ.m.t. frumueitrandi lyf, falla undir ráðstafanir Sambandsins um lágmarkskröfur varðandi heilsuvernd og öryggi starfsmanna, einkum þær sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 98/24/EB ([6]). Hættuleg lyf sem innihalda efni sem einnig eru krabbameins- eða stökkbreytivaldar falla undir tilskipun 2004/37/EB. Framkvæmdastjórnin ætti að leggja mat á hvaða gerningur er heppilegastur til að tryggja öryggi starfsmanna sem komast í snertingu við hættuleg lyf, þ.m.t. frumueitrandi lyf, á vinnustað. Í því sambandi ætti ekki að stofna aðgangi sjúklinga að bestu, fáanlegu meðferð í hættu.

7) Það á við um flesta krabbameins- og stökkbreytivalda að það er vísindalega ógerlegt að tilgreina viðmiðunarmörk þar sem snerting við þá undir þeim mörkum teldist ekki hafa í för með sér skaðleg áhrif. Þótt það að setja viðmiðunarmörk á vinnustað í tengslum við krabbameins- og stökkbreytivalda í samræmi við þessa tilskipun komi ekki algerlega í veg fyrir áhættu fyrir heilbrigði og öryggi starfsmanna vegna váhrifa á vinnustöðum (eftirstæðir áhættuþættir), stuðlar það engu að síður að því að draga verulega úr áhættu af völdum slíkra váhrifa innan ramma þrepaskiptu markmiðasetningarnálgunarinnar skv. tilskipun 2004/37/EB. Fyrir aðra krabbameins- og stökkbreytivalda er vísindalega gerlegt að tilgreina viðmiðunarmörk þar sem ekki er talið að snerting við þá undir þeim mörkum hafi skaðleg áhrif.

8) Hámarksgildi tiltekinna krabbameins- eða stökkbreytivalda vegna snertingar starfsmanna við þá eru ákvörðuð með mörkum sem samkvæmt tilskipun 2004/37/EB má ekki fara yfir.

9) Þessi tilskipun eflir verndun heilbrigðis og öryggis starfsmanna á vinnustað. Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða tilskipun 2004/37/EB reglulega og leggja fram tillögur að nýrri löggjöf, ef við á. Setja ætti fram ný viðmiðunarmörk í þeirri tilskipun í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. nýrra vísinda- og tæknigagna og gagnreyndra bestu starfsvenja, tækni við váhrifastigsmælingar á vinnustað og aðferðalýsinga fyrir þær. Þær upplýsingar ættu, ef unnt er, að innihalda gögn um eftirstæða áhættuþætti gagnvart heilsu starfsmanna, tilmæli vísindanefndarinnar um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla (SCOEL) og álitsgerðir áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu (RAC), sem og

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([6]) Tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (fjórtánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11).

álitsgerðir ráðgjafarnefndarinnar um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum (ACSH) og greinargerðir Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunarinnar. Gagnsæi upplýsinga er tæki til forvarna í þessu sambandi og ætti að tryggja. Upplýsingar um eftirstæða áhættuþætti eru dýrmætar vegna hvers konar vinnu í framtíðinni við að takmarka áhættu af váhrifum af krabbameins- og stökkbreytivöldum í starfi og þær ætti að gera öllum aðgengilegar á vettvangi Sambandsins. Þessi tilskipun er í samræmi við sérstök tilmæli vísindanefndarinnar um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla, áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu og ráðgjafarnefndarinnar um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum, en áhersla hefur verið lögð á mikilvægi þeirra í fyrri breytingum á tilskipun 2004/37/EB.

10) Einnig er nauðsynlegt, í ljósi vísindagagna, að hafa í huga aðrar upptökuleiðir fyrir krabbameins- og stökkbreytivalda en innöndun, þ.m.t. möguleikann á upptöku í gegnum húð, og setja í slíkum tilvikum táknun fyrir húð við viðkomandi efni til að tryggja eins mikla vernd og hugsanlegt er. Breytingarnar á III. viðauka við tilskipun 2004/37/EB, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, teljast vera frekara skref í lengra ferli sem hafið var til að uppfæra þá tilskipun.

11) Matið á áhrifum krabbameinsvalda, sem falla undir þessa tilskipun, á heilbrigði var byggt á viðeigandi sérfræðiþekkingu frá vísindanefndinni um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla og áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu.

12) Vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/113/ESB ([7]), aðstoðar framkvæmdastjórnina einkum við að bera kennsl á, meta og greina í smáatriðum nýjustu vísindagögn sem tiltæk eru og við að gera tillögur um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi, sem setja ber á vettvangi Sambandsins samkvæmt tilskipunum 98/24/EB og 2004/37/EB til að vernda starfsmenn gegn áhættu vegna efna.

13) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([8]) tekur áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu saman álit stofnunarinnar varðandi áhættu af völdum efna fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Með tilliti til þessarar tilskipunar vann áhættumatsnefndin álit sitt eins og krafist er í samræmi við c-lið 3. mgr. 77. gr. þeirrar reglugerðar.

14) Vinnuverndarátakið 2018-2019 „Heilbrigðir vinnustaðir – Meðferð hættulegra efna“ er gott dæmi um hvernig Evrópska vinnuverndarstofnunin (EU-OSHA) getur stutt við framkvæmd löggjafar um öryggi og heilbrigði á vinnustað á vettvangi Sambandsins. Æskilegt er að Evrópska vinnuverndarstofnunin vinni náið með aðildarríkjum að því að leggja til sérsniðnar upplýsingar og dæmi um góðar starfsvenjur fyrir starfsmenn sem komast í snertingu við tiltekin efni, þar sem áhersla er lögð á stefnuþróun og þann lagaramma sem þegar er til staðar.

15) Kadmíum og mörg af ólífrænum efnasamböndum þess uppfylla flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru því krabbameinsvaldar í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Því er rétt, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir kadmíum og ólífræn efnasambönd þess í þeirri tilskipun. Að auki hafa kadmíum, kadmíumnítrat, kadmíumhýdroxíð og kadmíumkarbónat verið tilgreind sem sérlega varasöm efni skv. a-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og eru í skránni yfir efni sem koma til greina sem slík, sem um getur í 1. mgr. 59. gr. þeirrar reglugerðar.

16) Að því er varðar kadmíum er fyrirsjáanlegt að erfitt muni verða að fylgja viðmiðunarmörkum sem nema 0,001 mg/m^3 þegar til skamms tíma er litið. Því er rétt að innleiða átta ára umbreytingartímabil þar sem viðmiðunarmörk sem nema 0,004 mg/m^3 (innandanlegur hluti (e. inhalable fraction)) ættu að gilda. Með það fyrir augum að vernda lögmætar væntingar og til að forðast mögulegar truflanir á fyrirliggjandi starfsvenjum í aðildarríkjum sem á gildistökudegi þessarar tilskipunar hafa tekið upp lífvöktunarkerfi með líffræðilegum viðmiðunarmörkum sem eru ekki hærri en 0,002 mg Cd/g kreatíníns í þvagi, ættu viðmiðunarmörkin sem nema 0,004 mg/m^3 að vera mæld sem lungnablöðruhluti (e. respirable fraction) í þessum aðildarríkjum á umbreytingartímabilinu, í ljósi álitsgerða vísindanefndarinnar um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla og ráðgjafarnefndarinnar um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum um kadmíum og ólífræn efnasambönd þess.

17) Á grundvelli fyrirliggjandi gildra, vísindalegra heimilda eins og þeirra sem vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla, áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu og viðeigandi landsbundnar stofnanir láta í té, ætti framkvæmdastjórnin, eigi síðar en þremur árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, að meta þann kost að breyta tilskipun 2004/37/EB með því að bæta við ákvæðum um samsetningu viðmiðunarmarka fyrir loftborin váhrif í starfi og líffræðilegra viðmiðunarmarka fyrir kadmíum og ólífræn efnasambönd þess.

([7]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/113/ESB frá 3. mars 2014 um að koma á fót vísindanefnd um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum hvarfmiðla og um niðurfellingu á ákvörðun 95/320/EB (Stjtíð. ESB L 62, 4.3.2014, bls. 18).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

18) Það að setja líffræðileg viðmiðunarmörk fyrir kadmíum og ólífræn efnasambönd þess myndi vernda starfsmenn gegn altækum eiturhrifum þeirra, sem einkum hafa áhrif á nýru og bein. Líffræðileg vöktun getur þannig stuðlað að verndun starfsmanna á vinnustað en aðeins sem viðbót við vöktun á styrk kadmíums og ólífrænna efnasambanda þess í lofti og þar með á öndunarsvæði starfsmanna. Framkvæmdastjórnin ætti að gefa út hagnýtar viðmiðunarreglur fyrir líffræðilega vöktun.

19) Beryllíum og flest ólífræn beryllíumsambönd uppfylla flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru því krabbameinsvaldar í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Auk þess að hafa krabbameinsvaldandi eiginleika er þekkt að beryllíum veldur beryllíumeitrun og næmingu fyrir beryllíum. Því er rétt, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir beryllíum og ólífræn beryllíumsambönd í þeirri tilskipun og tiltaka táknun fyrir næmingu húðar og öndunarfæra.

20) Að því er varðar beryllíum er fyrirsjáanlegt að erfitt muni verða að fylgja viðmiðunarmörkum sem nema 0,0002 mg/m^3 þegar til skamms tíma er litið. Því er rétt að innleiða sjö ára umbreytingartímabil þar sem viðmiðunarmörk sem nema 0,0006 mg/m^3 ættu að gilda.

21) Arsensýra og sölt af henni, sem og flest ólífræn arsensambönd, uppfylla flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru því krabbameinsvaldar í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Því er rétt, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir arsensýru og sölt af henni, sem og ólífræn arsensambönd, í þeirri tilskipun. Að auki eru arsensýra, díarsenpentaoxíð og díarsentríoxíð tilgreind sem sérlega varasöm efni skv. a-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og eru skráð í XIV. viðauka við þá reglugerð, og því er krafist leyfis áður en unnt er að nota þau.

22) Að því er varðar arsensýru er fyrirsjáanlegt að koparbræðslugeirinn muni eiga erfitt með að fylgja viðmiðunarmörkum sem nema 0,01 mg/m^3. Því ætti að innleiða fjögurra ára umbreytingartímabil.

23) Formaldehýð uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og er því krabbameinsvaldur í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Formaldehýð er krabbameinsvaldandi erfðaeitur með staðbundna virkni og fyrir hendi eru fullnægjandi rannsóknaniðurstöður sem staðfesta krabbameinsvaldandi áhrif þess á menn. Formaldehýð veldur einnig snertiofnæmi í húð (húðnæmir). Því er rétt, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk til lengri og skemmri tíma fyrir formaldehýð í þeirri tilskipun og tiltaka táknun fyrir næmingu húðar. Að auki er Efnastofnun Evrópu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, einnig að taka saman fyrirliggjandi upplýsingar til að meta möguleg váhrif af völdum formaldehýðs og efna sem losa formaldehýð á vinnustöðum, þ.m.t. við notkun í iðnaðar- eða atvinnuskyni.

24) Formaldehýð er reglulega notað sem festiefni í heilbrigðisgeiranum innan Sambandsins vegna þæginda við meðhöndlun þess, mikillar nákvæmni og einstakrar aðlögunarhæfni. Í sumum aðildarríkjum er fyrirsjáanlegt að heilbrigðisgeirinn muni eiga erfitt með að fylgja viðmiðunarmörkum sem nema 0,37 mg/m^3 eða 0,3 milljónarhlutum þegar til skamms tíma er litið. Því er rétt að innleiða fyrir þann geira fimm ára umbreytingartímabil þar sem viðmiðunarmörk sem nema 0,62 mg/m^3 eða 0,5 milljónarhlutum ættu að gilda. Heilbrigðisgeirinn ætti eigi að síður að lágmarka váhrif af völdum formaldehýðs og er hvattur til að virða viðmiðunarmörkin sem nema 0,37 mg/m^3 eða 0,3 milljónarhlutum á meðan á umbreytingartímabilinu stendur, eftir því sem unnt er.

25) Í sumum aðildarríkjum er formaldehýð reglulega notað til líksmurningar sem hluti af menningar- eða trúarlegum venjum. Fyrirsjáanlegt er að útfarargeirinn muni eiga erfitt með að fylgja viðmiðunarmörkum sem nema 0,37 mg/m^3 eða 0,3 milljónarhlutum þegar til skamms tíma er litið. Því er rétt að innleiða fyrir þann geira fimm ára umbreytingartímabil þar sem viðmiðunarmörk sem nema 0,62 mg/m^3 eða 0,5 milljónarhlutum ættu að gilda.

26) Táknanir fyrir næmingu, sem eru settar fram með þessari tilskipun fyrir beryllíum og formaldehýð, eru innleiddar til að auka skýrleika. Þegar slíkar táknanir eru settar fram við uppfærslu tilskipunar 2004/37/EB ætti að tryggja samræmi við viðeigandi lög Sambandsins. Í þessu getur falist, þar sem við á, að bæta við táknunum fyrir næmingu fyrir efni sem þegar er til sérstök færsla fyrir í III. viðauka við þá tilskipun.

27) 4,4′-metýlen-bis(2-klóróanilín) (MOCA) uppfyllir flokkunarviðmiðanir fyrir krabbameinsvaldandi efni (í undirflokki 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og er því krabbameinsvaldur í skilningi tilskipunar 2004/37/EB. Krabbameinsvaldandi áhrif þess, ásamt greinilegum erfðaeitrandi einkennum, hafa gert kleift að flokka efnið sem krabbameinsvaldandi fyrir menn. Möguleiki á umtalsverðri upptöku gegnum húð var greindur fyrir 4,4′-metýlen-bis (2-klóróanilín). Því er rétt að setja viðmiðunarmörk fyrir 4,4′-metýlen-bis(2-klóróanilín) og setja við þau táknun fyrir húð. Að auki var það tilgreint sem sérlega varasamt efni skv. a-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og skráð í XIV. viðauka við þá reglugerð, og því er krafist leyfis áður en unnt er að setja það á markað eða nota það. Mögulegt er, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. vísinda- og tæknigagna, að setja viðmiðunarmörk fyrir 4,4′-metýlen-bis (2-klóróanilín).

28) Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum. Hún hefur einnig látið fara fram tveggja þrepa samráð milli aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins í samræmi við 154. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ráðgjafarnefndin um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum hefur samþykkt álit vegna efna sem falla undir þessa tilskipun og lagt til bindandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi fyrir hvert þeirra, og styður viðeigandi táknanir fyrir sum þeirra.

29) Þau viðmiðunarmörk sem komið er á fót með þessari tilskipun skulu reglulega grannskoðuð og endurskoðuð til að tryggja samræmi við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, einkum með hliðsjón af samspili milli viðmiðunarmarka, sem komið var á fót með tilskipun 2004/37/EB, og afleiddra áhrifaleysismarka fyrir hættuleg íðefni samkvæmt þeirri reglugerð, með það að markmiði að vernda starfsmenn með skilvirkum hætti.

30) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að vernda starfsmenn gegn áhættu sem ógnað getur heilsu þeirra og öryggi, þ.m.t. að koma í veg fyrir slíka áhættu sem stafar af eða líkur eru á að stafi af váhrifum af krabbameins- eða stökkbreytivöldum á vinnustöðum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

31) Við framkvæmd þessarar tilskipunar ættu aðildarríki að forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í þessu tilliti eru aðildarríki og viðeigandi stofnanir á vettvangi Sambandsins og á landsvísu hvött til að setja fram hvata, leiðbeiningar og ráðgjöf fyrir örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki til að auðvelda þeim að fara að þessari tilskipun. Í því samhengi er samningum aðila vinnumarkaðarins, leiðbeiningum og öðrum sameiginlegum aðgerðum sem greina og þróa bestu starfsvenjur tekið fagnandi.

32) Þar eð þessi tilskipun varðar verndun heilbrigðis og öryggis starfsmanna á vinnustað þeirra ætti að leiða hana í lög innan tveggja ára frá gildistökudegi hennar.

33) Því ætti að breyta tilskipun 2004/37/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2004/37/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi undirgreinar bætast við 18. gr. a:

„Eigi síðar en 11. júlí 2022 skal framkvæmdastjórnin meta þann kost að breyta þessari tilskipun til að bæta við ákvæðum um samsetningu viðmiðunarmarka fyrir loftborin váhrif í starfi og líffræðilegra viðmiðunarmarka fyrir kadmíum og ólífræn efnasambönd þess.

Eigi síðar en 30. júní 2020 skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til nýjustu þróunar á sviði vísindalegrar þekkingar og að höfðu viðeigandi samráði við viðkomandi hagsmunaaðila, einkum heilbrigðisstarfsmenn og fagfólk í heilbrigðisþjónustu, meta þann kost að breyta þessari tilskipun þannig að hún taki til hættulegra lyfja, þ.m.t. frumueitrandi lyfja, eða leggja til gerning sem er heppilegri í þeim tilgangi að tryggja öryggi starfsmanna sem komast í snertingu við slík lyf á vinnustað. Á grundvelli þess skal framkvæmdastjórnin leggja fram, ef við á og að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, tillögu að nýrri löggjöf.“

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 11. júlí 2021. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði landslaga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júní 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	G. CIAMBA
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Í A-lið III. viðauka við tilskipun 2004/37/EB bætast eftirfarandi línur við:

Heiti hvarfmiðils	EB-númer (1)	CAS-númer (2)	Viðmiðunarmörk						Táknun	Umbreytingarráðstafanir
			8 klst. (3)			Skammtíma- (4)				
			mg/m³ (5)	milljónarhlutar (6)	trefjar/ml (7)	mg/m³ (5)	milljónarhlutar (6)	trefjar/ml (7)		
„Kadmíum og ólífræn efnasambönd þess	—	—	0,001 (11)	—	—	—	—	—		Viðmiðunarmörk 0,004 mg/m³ (12) til 11. júlí 2027
Beryllíum og ólífræn beryllíumsambönd	—	—	0,0002 (11)	—	—	—	—	—	næming húðar og öndunarfæra (13)	Viðmiðunarmörk 0,0006 mg/m³ til 11. júlí 2026
Arsensýra og sölt af henni, sem og ólífræn arsensambönd	—	—	0,01 (11)	—	—	—	—	—	—	Viðmiðunarmörk fyrir koparbræðslugeirann skulu koma til framkvæmda frá og með 11. júlí 2023
Formaldehýð	200-001-8	50-00-0	0,37	0,3	—	0,74	0,6	—	næming húðar (14)	Viðmiðunarmörk sem nema 0,62 mg/m³ eða 0,5 milljónarhlutum (3) fyrir heilbrigðis-, útfarar- og líksmurningargeirana til 11. júlí 2024
4,4′-metýlen-bis(2-klóróanilín)	202-918-9	101-14-4	0,01	—	—	—	—	—	húð (10)	

(11) Innandanlegur hluti.
(12) Innandanlegur hluti. Lungnablöðruhluti í þeim aðildarríkjum sem á gildistökudegi þessarar tilskipunar hafa tekið upp lífvöktunarkerfi með líffræðilegum viðmiðunarmörkum sem eru ekki hærri en 0,002 mg Cd/g kreatíníns í þvagi.
(13) Efnið getur valdið næmingu húðar og í öndunarvegi.
(14) Efnið getur valdið næmingu húðar.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1091 **2020/EES/69/29**

frá 26. júní 2019

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar kröfur um útflutning á afurðum sem innihalda unnið dýraprótín úr jórturdýrum og dýrum sem ekki eru jórturdýr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum fyrstu málsgrein 23. gr. og m-lið 23. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla (áður þýtt sem „smitandi heilahrörnunarsjúkdómar“) í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.

2) Bannið við útflutningi til þriðju landa á unnum dýraprótínum úr jórturdýrum og afurðum sem innihalda slík unnin dýraprótín, sem nær þar með yfir lífrænan áburð og jarðvegsbæta, var upphaflega innleitt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1234/2003 ([2]) til að koma í veg fyrir að kúariða berist til þriðju landa með hugsanlega menguðu unnu dýraprótíni og til að koma í veg fyrir áhættu á því að kúariða berist aftur til Sambandsins.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) uppfærði megindlegt áhættumat á áhættu í tengslum við kúariðu vegna unninna dýraprótína í júní 2018 ([3]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að heildarsmitvirkni kúariðu vegna unnins dýraprótíns hafi verið fjórum sinnum minni árið 2018 en áætlað var 2011.

4) Í kjölfar álits frá Matvælaöryggisstofnuninni í tengslum við unnin dýraprótín er rétt að hafa lífrænan áburð eða jarðvegsbæta, sem innihalda unnin dýraprótín úr jórturdýrum, með í undanþágunni sem mælt er fyrir um í 2. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 innihaldi þeir ekki efni í 1. flokki og vörur sem eru unnar úr þeim eða efni í 2. flokki og vörur sem eru unnar úr þeim, að undanskildum unnum húsdýraáburði.

5) Því ætti að breyta 2. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, þar sem er lagt bann við að flytja út afurðir sem innihalda unnið dýraprótín úr jórturdýrum, til samræmis við það.

6) Í 3. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um skilyrði sem gilda um útflutning á unnum dýraprótínum, sem eingöngu koma úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, eða fóðurblöndum sem innihalda slík prótín. Hins vegar hafa ekki verið fastsett skilyrði fyrir útflutningi á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum sem innihalda unnin dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr. Því ætti að bæta nýjum 5. lið við E-þátt V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 þar sem mælt er fyrir um slík skilyrði.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 27.6.2019, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1234/2003 um breytingu á I., IV. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og reglugerð (EB) nr. 1326/2001 að því er varðar smitandi heilahrörnun og fóðrun dýra (Stjtíð. ESB L 173, 11.7.2003, bls. 6).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5314.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar V. kafla E-þáttar kemur eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um 1. lið skal banna útflutning á vörum sem innihalda unnið dýraprótín úr jórturdýrum.

Bannið gildir þó ekki um:

a) unnið gæludýrafóður sem inniheldur unnið dýraprótín úr jórturdýrum sem:

i. hefur verið unnið í starfsstöðvum eða stöðvum sem eru samþykktar í samræmi við e-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og

ii. er pakkað og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins,

b) lífrænan áburð eða jarðvegsbæta, eins og skilgreint er í 22. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem innihalda í samsetningu sinni unnið dýraprótín úr jórturdýrum eða blöndu af unnu dýraprótíni úr jórturdýrum og dýrum, sem ekki eru jórturdýr, að því tilskildu að:

i. þeir innihaldi ekki efni í 1. flokki og vörur sem eru unnar úr þeim eða efni í 2. flokki og vörur sem eru unnar úr þeim, að undanskildum húsdýraáburði, eins og skilgreint er í 20. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, unninn í samræmi við reglurnar um setningu unnins húsdýraáburðar á markað, sem mælt er fyrir um í a-, b-, d- og e-lið 2. þáttar I. kafla XI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011,

ii. unna dýraprótínið í lífræna áburðinum eða jarðvegsbætunum sé í samræmi við sértæku kröfurnar sem lýst er í 1. þætti II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,

iii. lífræni áburðurinn eða jarðvegsbætarnir megi innihalda önnur efni í 3. flokki sem hafa verið unnin í samræmi við:

— einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 7 sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eða

— kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. þætti III. kafla V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef um er að ræða moltu eða meltunarleifar úr ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgas eða

— sértæku kröfurnar, sem settar eru fram í XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, um að nota megi slík efni fyrir lífrænan áburð og jarðvegsbæta í samræmi við þá reglugerð.

iv. þeir hafi verið framleiddir í starfsstöðvum eða stöðvum sem eru samþykktar í samræmi við f-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

v. þeir séu blandaðir með nægu hlutfalli af efnisþætti, sem lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem lífræni áburðurinn eða jarðvegsbætarnir eru framleiddir samþykkir, sem gerir vöruna bragðvonda fyrir dýr eða að kemur á annan hátt í veg fyrir misnotkun á blöndunni til fóðrunar. Blanda skal efnisþættinum við lífræna áburðinn eða jarðvegsbætana í stöðinni þar sem þeir eru framleiddir eða í stöð sem er skráð í því skyni í samræmi við 2. lið 1. þáttar II. kafla XI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Ef lögbært yfirvald í þriðja landi, sem er viðtökuland, krefst þess má lögbært yfirvald aðildarríkis, þar sem lífræni áburðurinn eða jarðvegsbætarnir eru framleiddir, samþykkja notkun á öðrum efnisþáttum eða öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir notkun á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum sem fóðri, sem eru ólíkar þeim sem eru leyfðar í viðkomandi aðildarríki, að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við reglurnar sem mælt er fyrir um í 3. lið 22. gr. og 3. lið 1. þáttar II. kafla XI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,

vi. þeir hafi verið unnir til að tryggja að þeir séu afmengaðir til að fjarlægja sjúkdómsvalda í samræmi við 5. lið 1. þáttar II. kafla XI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,

vii. á umbúðum eða íláti þeirra er áfastur merkimiði með orðunum „Lífrænn áburður eða jarðvegsbætir/Hvorki má beita alidýrum né fóðra þau á uppskeru af landinu í a.m.k. 21 dag eftir áburð“,

viii. þeir séu fluttir út í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

— þeir skulu fluttir í lokuðum umbúðum, beint frá stöðinni þar sem lífræni áburðurinn eða jarðvegsbætarnir eru framleiddir eða skráðu stöðinni þar sem efnisþættinum, sem gerir vöruna bragðvonda fyrir dýr, er bætt við, til brottfararstaðar á yfirráðasvæði Sambandsins sem skal vera landamæraeftirlitsstöð sem er skráð í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB. Fyrir brottför frá yfirráðasvæði Sambandsins skal rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á tilhögun flutningsins á lífræna áburðinum eða jarðvegsbætunum, upplýsa lögbært yfirvald á viðkomandi landamæraeftirlitsstöð um komu vörusendingarinnar á brottfararstað,

— vörusendingunni skal fylgja tilhlýðilega útfyllt viðskiptaskjal sem er gert í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 6. lið III. kafla VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og gefið út í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfið) sem var innleitt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB. Á viðskiptaskjalinu verður að tilgreina landamæraeftirlitsstöðina sem er brottfararstaður í reit I.28,

— þegar vörusendingin kemur á brottfararstað skal lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð, á grundvelli áhættu, sannprófa innsiglið á ílátunum sem framvísað er á viðkomandi landamæraeftirlitsstöð. Ef innsiglið er sannprófað og sannprófunin er ekki fullnægjandi verður annaðhvort að farga vörusendingunni eða endursenda hana á upprunastarfsstöð sem tilgreind er í reit I.12 í viðskiptaskjalinu,

— lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð skal, gegnum Traces-kerfið, upplýsa lögbæra yfirvaldið, sem er tilgreint í reit 1.4 í viðskiptaskjalinu, um komu vörusendingarinnar á brottfararstað og, eftir atvikum, um niðurstöðu sannprófunar á innsigli og hugsanlega aðgerð sem gerð er til úrbóta,

— lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á upprunalegri framleiðslustöð eða skráðri stöð, þar sem efnisþættinum sem gerir vöruna bragðvonda fyrir dýr er bætt við, skal inna af hendi áhættumiðað opinbert eftirlit til að sannprófa að farið sé að fyrsta og öðrum undirlið og til að sannprófa, að því er varðar hverja sendingu af lífrænum áburði eða jarðvegsbætum sem innihalda í samsetningu sinni unnið dýraprótín úr jórturdýrum eða blöndu af unnu dýraprótíni úr jórturdýrum og dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem flutt var út, að staðfesting um eftirlit, sem var innt af hendi á brottfararstað, hafi borist frá lögbæru yfirvaldi á landamæraeftirlitsstöðinni gegnum Traces-kerfið.

Skilyrðin, sem eru sett fram í v., vii. og viii. lið b-liðar 2. liðar, skulu ekki gilda um lífrænan áburð eða jarðvegsbæta í 50 kg söluumbúðum eða léttari, til notkunar fyrir lokaneytendur.“

2) Í E-þætti V. kafla er eftirfarandi 5. lið bætt við:

„5. Útflutningur á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum, sem innihalda í samsetningu sinni unnin dýraprótín sem eru eingöngu úr dýrum sem ekki eru jórturdýr og innihalda ekki efni úr jórturdýrum, skal vera með fyrirvara um að farið sé að eftirfarandi skilyrðum:

a) Kröfurnar, sem eru settar fram í i., ii., iii., iv., v., vi. og vii. lið b-liðar 2. liðar í þessum þætti, skulu gilda. Skilyrðin, sem eru sett fram í v. og vii. lið b-liðar 2. liðar, skulu ekki gilda um lífrænan áburð eða jarðvegsbæta í 50 kg söluumbúðum eða léttari, til notkunar fyrir lokaneytendur.

b) Unnið dýraprótín í þeim úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, skal framleitt í vinnslustöðvum sem uppfylla kröfurnar í c-lið D-þáttar IV. kafla og eru skráðar í samræmi við d-lið 1. liðar A-þáttar V. kafla.

c) Þeir voru framleiddir í starfsstöðvum eða stöðvum sem eru eingöngu notaðar til vinnslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum sem eru unnir úr dýrum sem ekki eru jórturdýr.

Þrátt fyrir þetta sértæka skilyrði er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa útflutning á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum, sem um getur í þessum lið, sem eru framleiddir í starfsstöðvum eða stöðvum þar sem lífrænn áburður eða jarðvegsbætar, sem innihalda efni úr jórturdýrum, eru unnir, ef gerðar eru skilvirkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun milli lífræns áburðar eða jarðvegsbæta sem innihalda eingöngu efni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og lífræns áburðar eða jarðvegsbæta sem innihalda efni úr jórturdýrum.

d) Þeir eru fluttir á brottfararstað frá yfirráðasvæði Sambandsins í nýju umbúðaefni eða í ílátum undir efni í lausu sem eru ekki notuð til flutnings á efni úr jórturdýrum eða sem hafa verið hreinsuð áður til að forðast víxlmengun í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirframleyfi fyrir.

Skilyrðin, sem eru sett fram í c- og d-lið 5. liðar, skulu ekki gilda um lífrænan áburð eða jarðvegsbæta í 50 kg söluumbúðum eða léttari, til notkunar fyrir lokaneytendur.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/146 **2020/EES/69/30**

frá 3. febrúar 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 333/2010, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/893 og reglugerð (ESB) nr. 184/2011 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Blanda með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) var leyfð sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 333/2010 ([2]), fyrir gyltur, mjólkurgrísi og hunda með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2312 ([3]), fyrir eldissvín með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1081 ([4]), fyrir varphænur og skrautfiska með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/897 ([5]), fyrir eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/893 ([6]) og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna, aukafuglategundir og aðra skraut- og veiðifugla með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 184/2011 ([7]).

3) Hinn 31. ágúst 2018 lagði Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi í Sambandinu er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office, fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á lágmarksinnihaldi aukefnisins til notkunar fyrir eldiskjúklinga úr leyfðum styrk sem nemur 5×10^8 CFU/kg fóðurs í styrk sem nemur 3×10^8 CFU/kg fóðurs. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 22. janúar 2019 ([8]) að minnkað lágmarksinnihald aukefnisins í styrk sem nemur 3×10^8 CFU/kg fóðurs geti verið áhrifaríkt hjá eldiskjúklingum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 31, 4.2.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 333/2010 frá 22. apríl 2010 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Bacillus subtilis* C- 3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir smágrísi sem búið er að venja undan (leyfishafi: Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office) (Stjtíð. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 19).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2312 frá 13. desember 2017 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir gyltur, mjólkurgrísi og hunda (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office) (Stjtíð. ESB L 331, 14.12.2017, bls. 41).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1081 frá 30. júlí 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office) (Stjtíð. ESB L 194, 31.7.2018, bls. 137).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/897 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (C-3102) (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir varphænur og skrautfiska (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd) og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1444/2006, (ESB) nr. 333/2010 og (ESB) nr. 184/2011 að því er varðar leyfishafa (Stjtíð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 7).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/893 frá 28. maí 2019 um endurnýjun á leyfi fyrir *Bacillus subtilis* DSM 15544 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1444/2006 (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office) (Stjtíð. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 60).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 184/2011 frá 25. febrúar 2011 um leyfi fyrir Bacillus subtilis C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna, aukafuglategundir og aðra skraut- og veiðifugla (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi hjá Evrópusambandinu er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office) (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 33).

([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5605.

5) Hinn 26. mars 2019 lagði Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi í Sambandinu er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office, fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð var til breyting á heiti fulltrúa þess. Umsækjandinn fullyrti að líta ætti á Pen & Tec Consulting S.L.U. sem fulltrúa hans í Sambandinu að því er varðar aukefnið. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

6) Sú fyrirhugaða breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnunin var upplýst um umsóknina.

7) Mat á umsóknunum sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 333/2010, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/893 og reglugerð (ESB) nr. 184/2011 til samræmis við það.

9) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem gerðar eru með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil þar sem setja má fyrirliggjandi birgðir af blöndunni með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544), sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, áfram á markað og nota þar til þær eru uppurnar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 333/2010

Reglugerð (ESB) nr. 333/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna í titlinum „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Asahi Calpis Wellness Co. Ltd. Europe Representative Office“ koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

2) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office“ í öðrum dálki í viðaukanum, nafn leyfishafa, koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 184/2011

Reglugerð (ESB) nr. 184/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna í titlinum „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Asahi Calpis Wellness Co. Ltd. Europe Representative Office“ koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

2) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office“ í öðrum dálki í viðaukanum, nafn leyfishafa, koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

3. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna í titlinum „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd.“ koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

2) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office“ í öðrum dálki í viðaukanum, nafn leyfishafa, koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

4. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna í titlinum „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office“ koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

2) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office“ í öðrum dálki í viðaukanum, nafn leyfishafa, koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

5. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna í titlinum „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office“ koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

2) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office“ í öðrum dálki í viðaukanum, nafn leyfishafa, koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

6. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/893

Reglugerð (ESB) 2019/893 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna í titlinum „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi hans hjá Sambandinu er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd. Europe Representative Office“ koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

2) Í stað orðanna „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd., fulltrúi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office“ í öðrum dálki í viðaukanum, nafn leyfishafa, koma orðin „Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Pen & Tec Consulting S.L.U.“.

3) Í stað „5×10^8“ í 7. dálki, „Lágmarksinnihald“, kemur „3×10^8“.

7. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Bacillus subtilis C-3102 (DSM 15544), eins og sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 333/2010, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2312, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1081, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/897, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/893 og reglugerð (ESB) nr. 184/2011, og forblöndur sem innihalda efnið og fóðurblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleiddar og merktar fyrir 24. febrúar 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 24. febrúar 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1977 **2020/EES/69/31**

frá 26. nóvember 2019

um leyfi fyrir fenýlmetanþíóli, bensýlmetýlsúlfíði, sek-pentýlþíófeni, trídek-2-enali, 12-metýltrídekanali, 2,5-dímetýlfenóli, hexa-2(trans),4(trans)-díenali og 2-etýl-4-hýdroxý-5-metýl-3(2H)-fúranóni sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Fenýlmetanþíól, bensýlmetýlsúlfíð, sek-pentýlþíófen, trídek-2-enal, 12-metýltrídekanal, 2,5-dímetýlfenól, hexa-2(trans),4(trans)-díenal og 2-etýl-4-hýdroxý-5-metýl-3(2H)-fúranón (hér á eftir nefnd efnin sem um er að ræða) voru leyfð án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda í samræmi við tilskipun 70/524/EBE. Þau fóðuraukefni voru síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á efnunum sem um er að ræða fyrir ketti og hunda og óskað eftir að fóðuraukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 27. febrúar 2019 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi efnin sem um er að ræða ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að hættur fyrir notendur hafi verið greindar. Umsækjandinn hefur samkvæmt kröfum lagt fram öryggisblað fyrir hvert efnasamband þar sem hættur fyrir notendur eru tilgreindar. Engar rannsóknir til að meta öryggi fyrir notendur hafa verið lagðar fram. Af þessum sökum getur Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu um öryggi notenda sem meðhöndla aukefnin. Hætturnar sem lýst er í öryggisblaðinu eru einkum hættur sem greindust vegna snertingar við húð og augu að því er varðar 2,5-dímetýlfenól, 12-metýltrídekanal, hexa-2(trans),4(trans)-díenal, fenýlmetanþíól, bensýlmetýlsúlfíð, 2-etýl-4-hýdroxý-5-metýl-3(2H)-fúranón og sek-pentýlþíófen. Í ljós kom hætta vegna váhrifa á öndunarveg að því er varðar 12-metýltrídekanal, bensýlmetýlsúlfíð og 2-pentýlþíófen. Matvælaöryggisstofnunin gat ekki komist að niðurstöðu um öryggi fyrir notendur þar eð gögn eru ekki fyrir hendi. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur fóðuraukefnisins. Að því er varðar dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis voru aukefni sem eru ætluð fyrir þau dýr undanþegin umhverfismati með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 ([4]) þar eð þau hafa ekki umtalsverð umhverfisáhrif. Þar eð gæludýr eru ekki alin í stórum hópum dýra teljast áhrif þeirra á umhverfið ekki umtalsverð. Þar eð efnin sem um er að ræða eru notuð sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fóðri er það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki sé nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra í fóðri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5649.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

5) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslur um greiningaraðferð í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Kveða ætti á um takmarkanir og skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Að því er varðar efnin sem um er að ræða skal tilgreina tillagt innihald á merkimiðanum fyrir aukefnið. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna og á merkingum fóðurblandna og fóðurefna.

7) Mat á efnunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt fyrir notkun í fóður. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara fóðuraukefna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 19. desember 2019 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 19. desember 2019, má áfram setja á markað og nota til 19. júní 2020.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 19. desember 2021 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 19. desember 2019, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar ef þau eru ætluð fyrir ketti og hunda.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
2b5169	-	12-metýltrídek-anal	*Samsetning aukefnis:* 12-metýltrídekanal *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* 12-metýltrídekanal Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 97% Efnaformúla: $C_{14}H_{28}O$ CAS-númer: 75853-49-5 FLAVIS: 05.169 *Greiningaraðferð* ([1]): Til að ákvarða 12-metýltrídekanal í fóðuraukefninu og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Kettir og hundar	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,5 mg/kg“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,5 mg/kg. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu.	19.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b5057	-	Hexa-2-(trans),4(trans)-díenal	*Samsetning aukefnis:* Hexa-2(trans),4(trans)-díenal *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Hexa-2(trans),4(trans)-díenal Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 97% Efnaformúla: C_6H_8O CAS-númer: 142-83-6 FLAVIS: 05.057 *Greiningaraðferð* ([1]): Til að ákvarða hexa-2(trans),4(trans)-díenal í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Kettir og hundar	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 1,5 mg/kg“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 1,5 mg/kg.	19.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónu-hlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b5078	-	Trídek-2-enal	*Samsetning aukefnis:* Trídek-2-enal *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Trídek-2-enal Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 92% Efnaformúla: $C_{13}H_{24}O$ CAS-númer: 7774-82-5 FLAVIS: 05.078 *Greiningaraðferð* (1): Til að ákvarða trídek-2-enal í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Kettir og hundar	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi:	19.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								„Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,5 mg/kg“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,5 mg/kg. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónu-hlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
2b13084		2-etýl-4-hýdroxý-5-metýl-3(2H)-fúranón	*Samsetning aukefnis:* 2-etýl-4-hýdroxý-5-metýl-3(2H)-fúranón *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* 2-etýl-4-hýdroxý-5-metýl-3(2H)-fúranón Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 97% Efnaformúla: $C_7H_{10}O_3$ CAS-númer: 27538-09-6 FLAVIS: 13.084 *Greiningaraðferð* (1): Til að ákvarða 2-etýl-4-hýdroxý-5-metýl-3 (2H)-fúranón í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Kettir og hundar				1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 2,25 mg/kg“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 2,25 mg/kg. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota	19.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b12005	-	Fenýlmetanþíól	*Samsetning aukefnis:* Fenýlmetanþíól *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Fenýlmetanþíól Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 99% Efnaformúla: C_7H_8S CAS-númer: 100-53-8 FLAVIS: 12.005 *Greiningaraðferð* ([1]): Til að ákvarða fenýlmetanþíól í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Kettir og hundar	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg.	19.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b12077	-	Bensýlmetýls-úlfíð	*Samsetning aukefnis:* Bensýlmetýlsúlfíð *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Bensýlmetýlsúlfíð Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 99% Efnaformúla: $C_8H_{10}S$ CAS-númer: 766-92-7 FLAVIS: 12.077 *Greiningaraðferð* ([1]): Til að ákvarða bensýlmetýlsúlfíð í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Kettir og hundar	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg“	19.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónu-hlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b4019	-	2,5-dímetýlfenól	*Samsetning aukefnis:* 2,5-dímetýlfenól *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* 2,5-dímetýlfenól Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 99% Efnaformúla: $C_8H_{10}O$	Kettir og hundar	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.	19.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			CAS-númer: 95-87-4 FLAVIS: 04.019 *Greiningaraðferð* ([1]): Til að ákvarða 2,5-dímetýlfenól í fóðuraukefninu og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 1 mg/kg“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 1 mg/kg. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum,	

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b15096	-	sek-pentýlþíófen	*Samsetning aukefnis:* sek-pentýlþíófen *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* sek-pentýlþíófen Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 98% Efnaformúla: $C_9H_{14}S$ CAS-númer: 4861-58-9 FLAVIS: 15.096 *Greiningaraðferð* ([1]): Til að ákvarða sek-pentýlþíófen í fóðuraukefninu og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Kettir og hundar	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,1 mg/kg“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,1 mg/kg.	19.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1087 **2020/EES/69/32**

frá 23. júlí 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 að því er varðar framkvæmd einstaklinga, sem hafa til þess sérstaka heimild, á opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi, framkvæmd greininga, prófana eða sjúkdómsgreininga og gildistíma tímabundinna ráðstafana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 1. mgr. 141. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er m.a. mælt fyrir um reglur um framkvæmd lögbærra yfirvalda aðildarríkja á opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi. Með henni er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja, með framkvæmdargerð, viðeigandi tímabundnar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra ef hún hefur sannanir fyrir alvarlegri röskun á eftirlitskerfi aðildarríkis.

2) Til að takast á við hinar sérstöku aðstæður vegna yfirstandandi hættuástands í tengslum við kórónaveirusjúkdóminn (COVID-19) gerir framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 ([2]) aðildarríkjum kleift að beita tímabundnum ráðstöfunum í tengslum við opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi.

3) Aðildarríki hafa upplýst framkvæmdastjórnina um að tiltekin alvarleg röskun á starfsemi eftirlitskerfa þeirra í ljósi hættuástandsins í tengslum við COVID-19, erfiðleikar við að inna af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi varðandi opinber vottorð og opinberar vottanir að því er varðar tilflutning á dýrum og vörum inn í Sambandið og innan Sambandsins og erfiðleikar við að skipuleggja fundi í eigin persónu með rekstraraðilum og starfsfólki þeirra í tengslum við opinbert eftirlit haldi áfram fram yfir 1. ágúst 2020. Til að takast á við þessa alvarlegu röskun og til að auðvelda skipulagningu og framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi meðan hættuástandið í tengslum við COVID-19 stendur yfir ætti að framlengja gildistíma framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/466 til 1. október 2020.

4) Aðildarríki hafa einnig upplýst framkvæmdastjórnina um að önnur röskun sem tengist tiltækileika starfsfólks og getu opinberra rannsóknarstofa í tengslum við opinbert eftirlit haldi ekki áfram fram yfir 1. ágúst 2020. Því ætti að fella brott viðeigandi ákvæði í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 þar sem sérstakar neyðarráðstafanir á þessum sviðum eru heimilaðar.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 239, 24.7.2020, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 frá 30. mars 2020 um tímabundnar ráðstafanir til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við tiltekna alvarlega röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna vegna kórónaveirufaraldursins (COVID-19) (Stjtíð. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 30).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/466 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 3. gr. falla brott.

2) Í 5. gr. fellur a-liður brott.

3) Í stað annarrar málsgreinar 6. gr. kemur eftirfarandi:

„Hún gildir til 1. október 2020.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. ágúst 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/205 **2020/EES/69/33**

frá 14. febrúar 2020

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar salmonellu í skriðdýrakjöti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ([1]), einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 ([2]) er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tilteknar örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla að því er varðar almennar og sértækar kröfur um hollustuhætti sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004.

2) Einkum er í reglugerð (EB) nr. 2073/2005 mælt fyrir um matvælaöryggisviðmiðanir sem skilgreina tækileika afurðar eða matvælalotu og gilda um afurðir sem settar eru á markað. Í þeirri reglugerð er ekki kveðið á um matvælaöryggisviðmiðanir sem varða skriðdýrakjöt.

3) Í yfirlitsskýrslu Evrópusambandsins um horfur og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og uppkomu matarborinna sjúkdóma árið 2016 (e. *The European Union summary report on trends and sources of zoonoses, zoonotic agents and food-borne outbreaks in 2015*) ([3]), sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og Sóttvarnastofnun Evrópu gáfu út, kemur fram að salmonellusýking í mönnum er sá matarborni sjúkdómur í mönnum sem næst oftast er tilkynnt um í Sambandinu og tilkynnt er um u.þ.b. 95 000 tilvik árlega.

4) Á árinu 2007 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit um áhættu fyrir heilbrigði manna í tengslum við neyslu þeirra á skriðdýrakjöti ([4]) en samkvæmt álitinu eru skriðdýr vel þekktir smithýslar fyrir salmonellutegundir. Í vísindalega álitinu er farið yfir starfsvenjur í eldi og greint frá því að lifandi krókódílar beri mikið smit í þörmum sem endurspeglast í jafn mikilli mengun í nýju og frosnu kjöti af þessum dýrum. Í vísindalega álitinu er komist að þeirri niðurstöðu að salmonella teljist vera sú hætta sem skiptir mestu máli í tengslum við bakteríur sem geta verið fyrir hendi í skriðdýrakjöti og skapi verulega áhættu fyrir heilbrigði manna.

5) Framleiðsla á skriðdýrakjöti í Sambandinu er takmörkuð en samkvæmt gögnum í tilvísunargagnagrunni Hagstofu Evrópusambandsins fyrir ítarlegar tölfræðilegar upplýsingar um alþjóðaviðskipti með vörur (Comext) ([5]) hefur innflutningur frá þriðju löndum á nýju, kældu eða frosnu kjöti og ætum sláturmat úr skriðdýrum aukist jafnt og þétt á undanförnum 10 árum með aukningu sem nemur yfir 50% á því magni sem var flutt inn á tímabilinu 2007–2017 og árlegur innflutningur til Sambandsins er að meðaltali næstum því 100 tonn.

6) Að teknu tilliti til hugsanlegrar verulegrar heilbrigðisáhættu sem stafar af mögulegri tilvist salmonellu í skriðdýrakjöti ætti að mæla fyrir um matvælaöryggisviðmiðun fyrir skriðdýrakjöt í reglugerð (EB) nr. 2073/2005. Þessi matvælaöryggisviðmiðun ætti að skuldbinda stjórnendur matvælafyrirtækja til að grípa til ráðstafana á fyrri stigum framleiðslu á skriðdýrakjöti sem stuðla að því að draga úr tilvist allra sermigerða salmonellu sem hafa þýðingu fyrir lýðheilsu.

7) Alþjóðlegi staðallinn EN/ISO 6579-1 er þverlæg aðferð til að greina salmonellu í matvælum og fóðri. Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er kveðið um að sá staðall skuli vera tilvísunargreiningaraðferð fyrir matvælaöryggisviðmiðanir vegna salmonellu. Því ætti að mæla fyrir um hann sem tilvísunargreiningaraðferð til að sannprófa að farið sé að matvælaöryggisviðmiðuninni um salmonellu í skriðdýrakjöti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 17.2.2020, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(12), 5077.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2007) 578, 1–55.

([5]) Númer 0208 50 00 og 0210 93 00 í sameinuðu nafnaskránni eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1925 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. ESB L 282, 31.10.2017, bls. 1.).

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2073/2005 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. gr. er eftirfarandi q-lið bætt við:

„q) „skriðdýrakjöt“: skriðdýrakjöt eins og mælt er fyrir um í 16. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 (*).

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019 bls. 18).“

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. kafla er eftirfarandi línu 1.30 bætt við:

Matvælaflokkur	Örverur/eiturefni þeirra, umbrotsefni	Sýnatökuáætlun		Viðmiðunarmörk		Tilvísunargreiningaraðferð	Stig þar sem viðmiðunin gildir
		n	c	m	M		
„1.30 Skriðdýrakjöt	*Salmonella*	5	0	Greinist ekki í 25 g		EN ISO 6579-1	Afurðir sem settar eru á markað á geymsluþolstíma þeirra“

2) Í stað 2. neðanmálsgreinar í 1. kafla kemur eftirfarandi:

„2) Að því er varðar liði 1.1–1.24, 1.27a og 1.28–1.30 er m = M.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/49 **2020/EES/69/34**

frá 21. janúar 2020

um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af reglugerð (ESB) 2017/1151 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ([1]), einkum 8. gr. og 3. mgr. 14. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([2]), einkum 2. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þýsku útgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([3]) hafa ákvæði liðanna 4.2.1.1.2 og 4.2.2.1 í 4. undirviðauka við XXI. viðauka og liðanna 3.2.3.2.2.2.2 og 3.2.4.1.1.2.2 í 7. undirviðauka við XXI. viðauka, þar sem tilgreint er að ekki eigi að telja viðbótarhjól og -hjólbarða sem valfrjálsan búnað, fengið gagnstæða merkingu.

2) Því ætti að leiðrétta þýsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) 2017/1151 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 17, 22.1.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(á ekki við um ensku útgáfuna)

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/985 2020/EES/69/35

frá 12. febrúar 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt og hreyfla þeirra og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt ([1]), einkum 19. gr. (6. mgr.), 20. gr. (8. mgr.), 28. gr. (6. mgr.) og 53. gr. (12. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að teknu tilliti til evrópsku áætlunarinnar um hrein og orkunýtin ökutæki ([2]) ættu ítarlegar tæknilegar kröfur varðandi gerðarviðurkenningu ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt, að því er varðar vistvænleika þeirra og afköst knúningseiningar, að miða að því að bæta vistvænleika slíkra ökutækja og á sama tíma styrkja samkeppnishæfni bílaiðnaðarins í Sambandinu.

2) Nauðsynlegt er að draga verulega úr losun vetniskolefnis frá ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt til að bæta loftgæði og uppfylla viðmiðunarmörk fyrir mengun. Því markmiði ætti ekki aðeins að ná með því að draga úr losun vetniskolefnis frá þessum ökutækjum í gegnum útblástursrör og við uppgufun heldur einnig með því að stuðla að því að dregið verði úr rokgjörnum efnisögnum.

3) Í ljósi beitingar ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 ([3]) — að því er varðar hreyfilflokka, mörk fyrir losun með útblæstri, prófunarlotur, endingartíma innan losunarmarka, kröfur er varða losun með útblæstri, vöktun losunar frá hreyflum sem eru í notkun og framkvæmd mælinga og prófana ásamt umbreytingarákvæðum og ákvæðum til að heimila flýtimeðferð á ESB-gerðarviðurkenningu og setningu hreyfla í V. áfanga á markað — í tengslum við umhverfisvænleika ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt, ættu ákvæði þessarar reglugerðar sem taka til þeirra atriða sem eftir standa í slíkri viðurkenningu að vera mjög svipuð þeim atriðum sem er að finna í reglugerð (ESB) 2016/1628.

4) Að því er varðar þann áfanga losunar mengandi efna fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt, sem nefnist „V. áfangi“, sem mun koma næst á eftir þeim sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 ([4]), ætti að setja metnaðarfull mörk fyrir losun mengandi lofttegunda og efnisagna sem eru jafnframt löguð að alþjóðlegum kröfum í því skyni að draga úr losun efnisagna og minnka styrk forefna ósons, s.s. köfnunarefnisoxíða og vetniskolefna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 182, 18.7.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1.

([2]) COM(2010)186, lokagerð, 28.4.2010.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtíð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 frá 1. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt (Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2015, bls. 1).

5) Staðlaðar aðferðir eru nauðsynlegar við mælingar á eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt til að tryggja að engar tæknilegar viðskiptahindranir myndist milli aðildarríkjanna. Af sömu ástæðu er einnig viðeigandi að tryggja að viðskiptavinir og notendur fái hlutlægar og nákvæmar upplýsingar um sömu viðfangsefnin.

6) Til að tryggja að ný ökutæki, íhlutir og aðskildar tæknieiningar, sem sett eru á markað, uppfylli kröfur um öfluga umhverfisvernd, ætti viðurkenningaryfirvald að hafa eftirlit með búnaði eða hlutum sem hægt er að setja í ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt og geta dregið verulega úr virkni kerfa sem eru nauðsynleg hvað varðar umhverfisvernd, áður en hluturinn eða búnaðurinn er settur á markað. Því ætti að mæla fyrir um tæknileg ákvæði varðandi kröfurnar sem þeir hlutar eða búnaður verða að uppfylla.

7) Tækniframfarir og öflug umhverfisvernd krefjast þess að mælt sé fyrir um tæknilegar kröfur við innleiðingu V. áfanga í tengslum við ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt í stað fyrri áfanga losunar mengandi efna sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2015/96. Laga ætti nauðsynlegar tæknilegar kröfur, einkum að því er varðar hreyfilflokka, viðmiðunarmörk og framkvæmdardagsetningar í þessari reglugerð, að kröfunum í reglugerð (ESB) 2016/1628.

8) Með ákvörðun ráðsins 97/836/EB ([1]) gerðist Sambandið aðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta (endurskoðaður samningur frá 1958). Í orðsendingu sinni „CARS 2020: aðgerðaáætlun fyrir samkeppnishæfan og sjálfbæran bílaiðnað í Evrópu“ ([2]), lagði framkvæmdastjórnin áherslu á að samþykkt á alþjóðareglum, samkvæmt samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu frá 1958, sé besta leiðin til að fjarlægja viðskiptahindranir aðrar en tolla. Því ætti að nota tilvísanir í samsvarandi reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, eftir því sem við á, til að mæla fyrir um kröfur fyrir ESB-gerðarviðurkenningu. Kveðið er á um þennan möguleika í reglugerð (ESB) nr. 167/2013.

9) Að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt ætti að nota reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu á jöfnum grundvelli við löggjöf Sambandsins í því skyni að draga úr tvíverknaði, ekki aðeins hvað varðar tæknilegar kröfur heldur einnig vottun og stjórnsýslumeðferð. Gerðarviðurkenning ætti með beinum hætti að byggjast á kröfum sem hafa verið samþykktar á alþjóðavettvangi því að sú nálgun getur bætt markaðsaðgang í þriðju löndum, einkum í þeim löndum sem eru aðilar að endurskoðaða samningnum frá 1958, og auka þannig samkeppnishæfni iðnaðarins í Sambandinu.

10) Það ætti að vera unnt að setja á markað hreyfla, sem höfðu ekki, fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, gengist undir gerðarviðurkenningu varðandi losun mengandi efna á vettvangi Sambandsins, og ökutæki, sem eru búin slíkum hreyflum, fram að lögboðnum dagsetningum þegar reglugerð (ESB) 2016/1628 kemur til framkvæmda að því er varðar að setja á markað samsvarandi hreyfilflokk, að því tilskildu að þau uppfylli viðeigandi landsreglur.

11) Í löggjöf Sambandsins ætti ekki að mæla fyrir um tæknilegar kröfur sem ekki er unnt að uppfylla með góðu móti í tæka tíð. Veita ætti iðnaðinum nægan tíma að því er varðar beitingu losunarmarka í V. áfanga í tengslum við losun mengandi efna frá hreyflum á ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um umbreytingarráðstafanir sem leyfa í takmarkaðan tíma að veittar séu ESB-gerðarviðurkenningar og undanþágur í samræmi við viðeigandi löggjöf áður en þessi reglugerð öðlast gildi. Einkum er nauðsynlegt að heimila í takmarkaðan tíma beitingu áfanga losunar mengandi efna frá hreyflum sem koma á undan V. áfanga, samhliða þeim síðarnefnda, þar sem það er tæknilega erfitt fyrir tiltekna ökutækjaflokka, einkum dráttarvélar með litla sporvídd, að uppfylla kröfur V. áfanga frá og með lögboðnum dagsetningum þegar reglugerð (ESB) 2016/1628 kemur til framkvæmda í tengslum við setningu hreyfla á markað.

12) Til að taka tillit til skipulagslegra takmarkana á framboði og gera ráð fyrir tímastilltu framleiðsluflæði og til að forðast óþarfa kostnað og stjórnsýsluálag ætti að heimila framleiðanda hreyfils, með samþykki framleiðanda ökutækisins, að afhenda hreyfil, sem byggir á viðurkenndri gerð, og eftirmeðferðarkerfi hans sitt í hvoru lagi.

([1]) Ákvörðun ráðsins 97/836/EB frá 27. nóvember 1997 með hliðsjón af aðild Evrópubandalagsins að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og með hliðsjón af aðild að samningnum og skilyrðunum um gagnkvæma viðurkenningu á viðurkenningum sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“) (Stjtíð. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78).

([2]) COM(2012) 636 lokaútgáfa frá 8. nóvember 2012.

13) Ákvæðin um þá áfanga losunar mengandi efna frá hreyflum sem koma á undan V. áfanga, eru sett fram í framseldri reglugerð (ESB) 2015/96. Þau ákvæði sem varða gerðarviðurkenningu dráttarvéla eða setningu dráttarvéla á markað ættu aðeins að gilda fram að lögboðnum dagsetningum þegar reglugerð (ESB) 2016/1628 kemur til framkvæmda í tengslum við gerðarviðurkenningu hreyfla eða setningu þeirra á markað, eftir því sem við á, eða eftir þessar dagsetningar í samræmi við umbreytingarákvæðin. Því ætti að fella framselda reglugerð (ESB) 2015/96 úr gildi frá og með gildistöku þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð eru ákvarðaðar:

a) ítarlegar tæknilegar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar og leyfileg ytri hljóðstig með hliðsjón af viðurkenningu:

   i. ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt,

   ii. hreyfla að því er varðar uppsetningu þeirra og þau áhrif sem uppsetningin hefur á hreyfilafköst,

   iii. kerfa þeirra, íhluta og aðskilinna tæknieininga og

b) nauðsynlegar prófunaraðferðir til að meta hvort farið sé að kröfunum sem um getur í a-lið.

Í þessari reglugerð eru einnig settar ítarlegar kröfur að því er varðar gerðarviðurkenningaraðferðir og framleiðslusamræmi.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „hreyfill“: orkubreytir, annar en gashverfill, hannaður til að breyta efnaorku (ílagi) í vélræna orku (frálag) með innra brennsluferli, þ.m.t. mengunarvarnarkerfi og samskiptaskilflötur (vélbúnaður og skilaboð), þar sem slíkt hefur verið uppsett, milli rafstýrieiningar eða -eininga hreyfilsins og allra annarra aflrása eða stýrieininga ökutækis, sem nauðsynlegt er til að fara að ákvæðum II. og III. kafla reglugerðar (ESB) 2016/1628,

2) „hreyfilgerð“: flokkur hreyfla sem eru ekki frábrugðnir hver öðrum með tilliti til grundvallareinkenna hreyfils,

3) „hreyflahópur“: flokkun framleiðanda á hreyfilgerðum sem, með tilliti til hönnunar þeirra, hafa svipuð einkenni hvað varðar losun með útblæstri og sem uppfylla viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun,

4) „stofnhreyfill“: hreyfilgerð sem er valinn úr hreyflahópi þannig að einkenni hans hvað varðar losun séu dæmigerð fyrir þann hreyflahóp,

5) „varahreyfill“: hreyfill sem uppfyllir bæði eftirfarandi viðmið:

   a) honum er einungis ætlað að koma í stað hreyfils sem þegar hefur verið settur á markað og er uppsettur í ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt,

   b) hann uppfyllir losunaráfanga sem er lægri en sá sem gildir þann dag sem hreyflinum er skipt út,

6) „nettóafl“: hreyfilafl í kW sem næst á prófunarbekk á enda sveifarássins, eða jafngildi hans, mælt í samræmi við mæliaðferðina fyrir vélarafl, sem tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 120 ([1]), með notkun viðmiðunareldsneytis eða samsetts eldsneytis sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628,

([1]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 120 — Samræmd ákvæði um viðurkenningu brunahreyfla, sem ætlaðir eru til ísetningar í landbúnaðardráttarvélar og færanlegan vélbúnað til nota utan vega, að því er varðar mælingar á nettóafli, nettósnúningsvægi og sértækri eldsneytisnotkun [2015/1000] (Stjtíð. ESB L 166, 30.6. 2015, bls. 170).

7) „umbreytingarhreyfill“: hreyfill þar sem framleiðsludagurinn er fyrir þann dag sem mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1628 í tengslum við setningu hreyfla í V. áfanga á markað og sem uppfyllir a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

   a) hann uppfyllir nýjustu gildandi losunarmörk sem mælt er fyrir um í viðeigandi löggjöf sem er í gildi 20. júlí 2018,

   b) hann liggur á aflsviði eða er notaður eða ætlaður til notkunar í búnaði, sem var ekki látinn gangast undir gerðarviðurkenningu sem tengist losun mengandi efna í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2015/96 20. júlí 2018,

   c) hann er hreyfill á aflsviðinu 56-130 kW sem uppfyllir kröfurnar í III. áfanga B og er uppsettur eða ætlaður til uppsetningar í dráttarvél í flokki T2, T4.1 eða C2,

8) „eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástursloft“: hvarfakútur, agnasía, afoxunarkerfi fyrir köfnunarefnisoxíð, samsetning afoxunarkerfis og agnasíu fyrir köfnunarefnisoxíð eða annar búnaður sem dregur úr losun, að undanskilinni útblásturshringrás og hverfiþjöppum, sem er hluti af mengunarvarnarkerfi en er uppsett fyrir neðan útblástursrör hreyfilsins,

9) „búnaður til að milda ytri hávaða“: íhlutur, kerfi eða aðskilin tæknieining sem er hluti af útblásturs- og hljóðdeyfikerfi, þ.m.t. útblásturskerfi, loftinntakskerfi, hljóðdeyfir eða önnur kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem varða leyfilegt ytra hljóðstig frá ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt, af þeirri gerð sem uppsett er í ökutækinu á þeim tíma sem það fær gerðarviðurkenningu eða rýmkun gerðarviðurkenningar,

10) „neistakveikjuhreyfill“: hreyfill sem virkar samkvæmt meginreglunni um neistakveikju („SI“),

11) „skriðbelti“: samfellt sveigjanlegt, teygjanlegt belti með innri styrkingu til að gera dráttarkraftinn mögulegan,

12) „beltakeðja“: samfelld málmkeðja sem liggur utan um drifhjólið og hvert beltatengi er með beltishlekk úr málmi sem liggur þvert á keðjuna, valkvætt er hvort hlekkirnir séu klæddir gúmmíræmu til að verja yfirborð vega,

13) „hreyfill í notkun“: hreyfill sem er notaður í ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt við venjulegar notkunaraðstæður, skilyrði og farmþunga, og er notaður til að framkvæma þær prófanir um vöktun losunar sem um getur í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628,

14) „hámarksnettóafl“: hæsta gildi nettóafls á nafnaflferli við fullt álag fyrir hreyfilgerðina,

15) „framleiðsludagur hreyfils“: sú dagsetning, gefin upp sem mánuður og ár, þegar hreyfillinn stenst lokaskoðun eftir að hann kemur af framleiðslulínunni og er tilbúinn til afhendingar eða til að vera settur í vörugeymslu,

16) „framleiðsludagur ökutækis“: sá mánuður og það ár þegar ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt stenst lokaskoðun eftir að það kemur af framleiðslulínunni og sem tilgreindur er á lögboðinni áletrun ökutækisins,

17) „endanlegur notandi“: einstaklingur eða lögaðili, annar en framleiðandinn, framleiðandi ökutækisins, innflytjandi eða dreifingaraðili, sem ber ábyrgð á notkun hreyfils sem er uppsettur í ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt,

18) „útblásturshringrás“ eða „EGR“: tæknibúnaður sem er hluti af mengunarvarnarkerfinu og minnkar losun með því að beina aftur inn í hreyfilinn útblásturslofttegundum sem brunahólfið eða brunahólfin hafa þrýst út svo þær blandist við loft sem kemur inn, fyrir eða meðan á bruna stendur, fyrir utan notkun á tímastillingu ventla til að auka magnið af leifum útblástursloftteguna í brunahólfinu eða brunahólfunum sem blandast við loft sem kemur inn fyrir eða meðan á bruna stendur,

19) „óheimil breyting“: óvirkjun, aðlögun eða breyting á mengunarvarnarkerfinu, þ.m.t. á öllum hugbúnaði eða öðrum rökstýrieiningum slíks kerfis, sem verður til þess, hvort sem ætlunin er sú eða ekki, að mengunarvarnageta hreyfilsins versnar,

20) „mengunarvarnarbúnaður“: íhlutur, kerfi eða aðskilin tæknieining sem er hluti af eftirmeðferðarkerfi fyrir útblástursloft,

21) „notkun í fyrsta sinn“:

   a) ef skráning ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt er skyldubundin: fyrsta skráning í aðildarríki,

   b) ef skráning ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt er eingöngu skyldubundin vegna umferðar á vegum eða er ekki skyldubundin í aðildarríki: setning á markað.

II. KAFLI

EFNISLEGAR KRÖFUR

3. gr.

Mengandi útblástur

Framleiðandinn skal tryggja að hönnun, smíði og samsetning ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt og hreyfla sem eru uppsettir í þeim sé þannig að þau fari að ákvæðunum sem gilda um hreyfla í flokkum NRE eða NRS, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1628 og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, með breytingunum sem mælt er fyrir um í 1. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, og uppfylli einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. hluta I. viðauka við þessa reglugerð.

Að öðrum kosti má hönnun, smíði og samsetning ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt og hreyfla sem eru uppsettir í þeim vera þannig að þau uppfylli ákvæðin sem gilda um hreyfla í flokki ATS, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1628 og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, með breytingunum sem mælt er fyrir um í 1. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, ef slík ökutæki eru útbúin með neistakveikjuhreyfli og uppfylla annað af eftirfarandi skilyrðum:

a) eru búin sæti, sem setið er klofvega á, og stýrishandfangi,

b) eru búin stýrishjóli og bekksætum eða djúpsætum í einni eða fleiri röðum og geta náð hámarkshönnunarhraða sem er 25 km/klst eða meiri.

Sértæku kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, skulu einnig uppfylltar.

4. gr.

Ytra hljóðstig

Í því skyni að uppfylla kröfurnar í 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 skal framleiðandinn tryggja að ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt og kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar fyrir slík ökutæki, sem geta haft áhrif á ytra hljóðstig ökutækisins, séu þannig hönnuð, smíðuð og sett saman og að mæling á ytra hljóðstigi þeirra sé þannig mælt, að kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka séu uppfylltar.

5. gr.

Afköst knúningseiningar

Í þeim tilgangi að meta afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt skal framleiðandinn framkvæma mælingar á nettóafli, snúningsvægi hreyfils og sértækri eldsneytisnotkun í samræmi við 5. lið reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 120, röð breytinga 01. Meðan á þessum mælingum stendur er viðvera fulltrúa frá viðurkenningaryfirvaldinu eða tækniþjónustunni ekki nauðsynleg.

Í stað þess að framkvæma mælingarnar, sem mælt er fyrir um í fyrstu málsgrein, er framleiðanda ökutækis eða hreyfils heimilt að staðfesta að staðið sé við kröfur fyrstu málsgreinar með því að leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið vottorð sem er gefið út í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 120, röð breytinga 01.

III. KAFLI

GERÐARVIÐURKENNINGARAÐFERÐIR

6. gr.

ESB-gerðarviðurkenning ökutækis fyrir landbúnað og skógrækt með tilliti til losunar mengandi efna

1. ESB-gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 er aðeins veitt ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt ef það uppfyllir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1628 og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, með breytingunum sem mælt er fyrir um í 1. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, og uppfylli einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. hluta I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Til viðbótar við kröfurnar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/504 ([1]), skal umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis fyrir landbúnað og skógrækt með viðurkenndri hreyfilgerð eða viðurkenndum hreyflahóp fylgja afrit af ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu eða viðurkenningarvottorðinu, sem gefið er út í samræmi við ákvæðin sem um getur í 11. gr. þessarar reglugerðar, fyrir hreyfilgerðina eða hreyflahópinn og, eftir atvikum, fyrir kerfin, íhlutina og aðskildu tæknieiningarnar sem eru uppsett í ökutækið fyrir landbúnað og skógrækt.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/504 frá 11. mars 2015 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar stjórnsýslukröfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (Stjtíð. ESB L 85, 28.3.2015, bls. 1).

3. Til viðbótar við kröfurnar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/504, skal umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis fyrir landbúnað og skógrækt, sem er ekki með viðurkennda hreyfilgerð eða viðurkenndan hreyflahóp, fylgja upplýsingaskjal sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á gerð uppsetningar á hreyfli/hreyflahópi (eða gerð ökutækis að því er hana varðar) í samræmi við 1. viðbæti í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/504 og upplýsingaskjal sem varðar ESB-gerðarviðurkenningu á hreyfli, hreyflahópi sem íhlut eða aðskilinni tæknieiningu í samræmi við 3. viðbæti í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/504.

Í tengslum við slíka umsókn skal framleiðandinn láta tækniþjónustunni, sem annast framkvæmd viðurkenningarprófana, í té hreyfil ökutækis fyrir landbúnað og skógrækt sem er í samræmi við einkenni hreyflagerðarinnar eða, eftir atvikum, stofnhreyfilsins.

7. gr.

ESB-gerðarviðurkenning hreyfils eða hreyflahóps með tilliti til losunar mengandi efna

ESB-gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 er aðeins veitt hreyfilgerð eða hreyflahópi ef kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1628 og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, eru uppfylltar, með breytingunum sem mælt er fyrir um í 1. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, og þær kröfur sem mælt er fyrir um í 2. hluta I. viðauka við þessa reglugerð skulu einnig uppfylltar. Umsókninni um ESB-gerðarviðurkenningu skal fylgja upplýsingamappan í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/504.

8. gr.

ESB-gerðarviðurkenning ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt með tilliti til ytra hljóðstigs

1. ESB-gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 er aðeins veitt ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt ef það uppfyllir kröfurnar með tilliti til ytra hljóðstigs sem mælt er fyrir um í 2. til 5. mgr. og í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Tækniþjónustan skal mæla ytra hljóðstig ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt í flokki T, sem eru búin loftfylltum hjólbörðum, og í flokki C, sem eru búin skriðbeltum, á hreyfingu, vegna gerðarviðurkenninga, í samræmi við þau prófunarskilyrði og -aðferðir sem mælt er fyrir um í lið 1.3.1 í II. viðauka.

3. Tækniþjónustan skal mæla ytra hljóðstig ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt í kyrrstöðu í flokki T og C sem búin eru skriðbeltum, vegna gerðarviðurkenninga, í samræmi við þau prófunarskilyrði og -aðferðir sem mælt er fyrir um í lið 1.3.2 í II. viðauka. Tækniþjónustan skal skrá niðurstöðurnar í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í lið 1.3.2.4 í II. viðauka.

4. Tækniþjónustan skal mæla ytra hljóðstig ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt í flokki C sem búin eru skriðbeltum, vegna gerðarviðurkenninga, í samræmi við þau skilyrði og aðferðir fyrir prófun í kyrrstöðu sem mælt er fyrir um í lið 1.3.2 í II. viðauka.

5. Tækniþjónustan skal mæla ytra hljóðstig ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt í flokki C sem búin eru skriðbeltum á hreyfingu, vegna gerðarviðurkenninga, í samræmi við þau prófunarskilyrði og -aðferðir sem mælt er fyrir um í lið 1.3.3 í II. viðauka. Tækniþjónustan skal skásetja niðurstöðurnar.

6. Upplýsingamappan skal fylgja umsókninni um gerðarviðurkenningu í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/504.

9. gr.

Rýmkun ESB-gerðarviðurkenninga

Gerðarviðurkenningaryfirvöld mega rýmka ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar kröfur um losun mengunarefna og um ytra hljóðstig fyrir mismunandi afbrigði og útfærslur ökutækja sem og mismunandi hreyfilgerðir og hreyflahópa, að því tilskildu að þessi afbrigði og útfærslur ökutækja sem og þessar hreyfilgerðir og hreyflahópar uppfylli kröfurnar um losun mengandi efna og ytra hljóðstig, sem settar eru fram í 3. og 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

10. gr.

Síðari breytingar sem hafa áhrif á vistvænleika og afköst knúningseiningar

Framleiðandinn skal tafarlaust tilkynna viðurkenningaryfirvaldi um allar breytingar á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem geta haft áhrif á vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt eftir að viðurkennd gerð er sett á markað í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

Tilkynningin, sem um getur í fyrstu málsgrein, skal innihalda eftirfarandi:

a) gögn þess efnis að breytingarnar, sem um getur í fyrstu málsgrein, dragi ekki úr vistvænleika ökutækis í samanburði við vistvænleikann sem sýnt var fram á við gerðarviðurkenningu,

b) lýsingu á hreyfilgerðinni eða hreyflahópnum, þ.m.t. eftirmeðferðarkerfi útblásturslofts, í samræmi við 11. gr. og IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/656 ([1]),

c) upplýsingar í samræmi við 2. viðbæti í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/504.

IV. KAFLI

JAFNGILDI

11. gr.

Jafngildi annarra gerðarviðurkenninga

1. ESB-gerðarviðurkenningar og samsvarandi lögboðnar áletranir fyrir hreyfilgerðir og hreyflahópa, sem eru veittar á grundvelli reglugerðar (ESB) 2016/1628, skulu viðurkenndar sem jafngildar gerðarviðurkenningum og viðurkenningarmerkjum, sem hreyflum er veitt í samræmi við þessa reglugerð.

2. Samræmisyfirlýsing, sem er veitt á grundvelli 31. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628, skal viðurkennd af landsyfirvöldum samkvæmt þessari reglugerð, vegna ESB-gerðarviðurkenningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt sem búin eru hreyflum með þessari samræmisyfirlýsingu.

3. Gerðarviðurkenningar, sem veittar eru hreyflum, og samsvarandi lögboðnar áletranir, sem eru í samræmi við reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem um getur í 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628, og einnig ESB-gerðarviðurkenningar, sem veittar eru hreyflum á grundvelli þeirra gerða Sambandsins sem um getur í 3. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar, skulu viðurkenndar sem jafngildar þeim ESB-gerðarviðurkenningum sem veittar eru hreyflum í samræmi við þessa reglugerð og samsvarandi lögboðnum áletrunum sem er krafist samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/504 að því tilskildu að kröfur XIII. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/654 ([2]) séu uppfylltar.

V. KAFLI

AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKJA

12. gr.

Skyldur hreyfilframleiðenda

Ef framleiðandi ökutækis fyrir landbúnað og skógrækt er ekki hreyfilframleiðandinn skal hreyfilframleiðandinn, að því er varðar uppfyllingu þeirra skuldbindinga sem mælt er fyrir um í 53.–56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1322/2014 ([3]), veita ökutækjaframleiðandanum aðgang að þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að uppfylla þessar skuldbindingar.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/656 frá 19. desember 2016 um stjórnsýslukröfur að því er varðar losunarmörk og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 (Stjtíð. ESB L 102, 13.4.2017, bls. 364).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/654 frá 19. desember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 að því er varðar tæknilegar kröfur og almennar kröfur með tilliti til losunarmarka og gerðarviðurkenningar brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega (Stjtíð. ESB L 102, 13.4.2017, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1322/2014 frá 19. september 2014 um viðbætur og breytingar við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um smíði ökutækja og almennar kröfur vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (Stjtíð. ESB L 364, 18.12.2014, bls. 1).

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

13. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Frá 21. júlí 2018:

a) skulu viðurkenningaryfirvöld ekki neita að veita ESB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir nýja hreyfilgerð eða nýjan hreyflahóp ef sú hreyfilgerð eða sá hreyflahópur uppfyllir kröfur 3., 5. og 7. gr.,

b) skulu viðurkenningaryfirvöld ekki neita að veita ESB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir nýja gerð ökutækis ef sú gerð uppfyllir kröfur 3.–6. gr. og 8. gr.,

c) skulu aðildarríkin heimila að hreyflar, sem uppfylla kröfur 3., 5. og 7. gr. eða 11. gr., séu settir á markað, seldir og teknir í notkun og að ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt, sem uppfylla ákvæði 3.–6. gr. og 8. gr., verði sett á markað, seld, skráð og tekin í notkun.

2. Í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2015/96, í þeirri útgáfu sem var í gildi 20. júlí 2018, skulu viðurkenningaryfirvöld áfram veita ESB-gerðarviðurkenningar og undanþágur fyrir gerðir ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt eða hreyfilgerðir og hreyflahópa fram að lögboðinni dagsetningu þegar reglugerð (ESB) 2016/1628 kemur til framkvæmda með tilliti til ESB-gerðarviðurkenningar fyrir viðkomandi hreyfilflokk, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka við þá reglugerð.

3. Frá og með lögboðnum dagsetningum þegar reglugerð (ESB) 2016/1628 kemur til framkvæmda í tengslum við setningu viðkomandi hreyfilflokks á markað, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka við þá reglugerð, skulu aðildarríki ekki lengur leyfa að ökutæki séu sett á markað, seld, skráð eða tekin í notkun eða að hreyflar sem eru gerðarviðurkenndir á grundvelli framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/96 séu settir á markað, seldir eða teknir í notkun.

Fram að þessum dagsetningum geta aðildarríkin heimilað að ökutæki séu sett á markað, seld, skráð eða tekin í notkun eða að hreyflar séu settir á markað, seldir eða teknir í notkun í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2015/96. Sveigjanleikaáætlunin, sem er kveðið á um í 14. gr. í téðri framseldu reglugerð, gildir aðeins um ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt sem eru búin hreyflum sem eru viðurkenndir í samræmi við kröfur þess áfanga um losunarmörk sem er næstur á undan þeim áfanga sem er í gildi.

4. Heimilt er að halda áfram að setja á markað, selja eða taka í notkun hreyfla, sem voru ekki látnir gangast undir gerðarviðurkenningu sem tengist losun mengandi efna í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2015/96 þann 20. júlí 2018, fram að lögboðinni dagsetningu þegar reglugerð (ESB) 2016/1628 kemur til framkvæmda í tengslum við setningu viðkomandi hreyfilflokks á markað, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka við þá reglugerð, á grundvelli gildandi landsreglna.

Heimilt er að halda áfram að setja á markað, selja, skrá eða taka í notkun ökutæki fyrir landbúnað eða skógrækt, sem eru gerðarviðurkennd í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 167/2013 og búin slíkum hreyflum, fram að sömu dagsetningum.

5. Heimilt er að setja áfram á markað, selja eða taka í notkun umbreytingarhreyfla á næstu 24 mánuðum eftir lögboðnu dagsetninguna þegar reglugerð (ESB) 2016/1628 kemur til framkvæmda í tengslum við setningu viðkomandi hreyfilflokks á markað, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka við þá reglugerð.

Heimilt er að setja á markað, selja, skrá eða taka í notkun ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt, sem búin eru umbreytingarhreyflum, á næstu 24 mánuðum eftir lögboðnu dagsetninguna þegar reglugerð (ESB) 2016/1628 kemur til framkvæmda í tengslum við setningu viðkomandi hreyfilflokks á markað, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka við þá reglugerð, að því tilskildu þessi ökutæki uppfylli bæði eftirfarandi skilyrði:

a) framleiðsludagur þeirra er eigi síðar en 18 mánuðum eftir lögboðnu dagsetninguna þegar reglugerð (ESB) 2016/1628 kemur til framkvæmda í tengslum við setningu viðkomandi hreyfilflokks á markað, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka við téða reglugerð,

b) þau eru merkt í samræmi við kröfurnar í lið 2.1 í 2. hluta við I. viðauka við þessa reglugerð.

Fyrir hreyfla í flokki NRE skulu aðildarríki heimila framlengingu á 24 mánaða tímabilinu og á 18 mánaða tímabilinu, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, um 12 mánuði til viðbótar fyrir ökutækjaframleiðendur með færri en 100 einingar í árlegri heildarframleiðslu á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt sem eru útbúin hreyfli. Að því er varðar útreikninginn á þessari árlegu heildarframleiðslu skulu allir ökutækjaframleiðendur undir stjórn sama einstaklings eða lögaðila teljast vera einn og sami framleiðandi ökutækja.

6. Að því er varðar setningu varahreyfla í ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt á markað, í samræmi við 10. og 11. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628, skulu framleiðendur tryggja að varahreyflarnir uppfylli kröfurnar um merkingar, sem um getur í 6. lið XX. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/208 ([1]), e-lið 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628 og 1. lið og lið 5.4 í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/504.

14. gr.

Undanþágur

1. Með samþykki ökutækjaframleiðandans má hreyfilframleiðandi afhenda þessum ökutækjaframleiðanda hreyfil og eftirmeðferðarkerfi hans sitt í hvoru lagi í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í X. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/654.

2. Í þeim tilgangi að framkvæma vettvangsprófanir í samræmi við ákvæði XI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/654 geta aðildarríkin heimilað tímabundna setningu hreyfla, sem ekki hafa hlotið ESB-gerðarviðurkenningu í samræmi við 3., 5. og 7. gr. þessarar reglugerðar, á markað.

15. gr.

Niðurfelling

Framseld reglugerð (ESB) 2015/96 er felld úr gildi.

16. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/208 frá 8. desember 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (Stjtíð. ESB L 42, 17.2.2015, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Kröfur um losun mengandi efna vegna ESB-gerðarviðurkenningar

1. HLUTI

Aðlögun að kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/1628

1. Í því skyni að veita ESB-gerðarviðurkenningu, að því er varðar losun mengunarefna í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt eða hreyfilgerð eða hreyflahóp sem íhlut, skal taka tillit til eftirfarandi breytinga á ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/1628 sem gilda skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013:

1.1. Tilvísanir í „færanlegan vélbúnað til nota utan vega“ í reglugerð (ESB) 2016/1628 skulu lesast sem tilvísanir í „ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt“.

1.2. Tilvísanir í „framleiðanda upprunalegs búnaðar“ í reglugerð (ESB) 2016/1628 skulu lesnar sem tilvísanir í „framleiðanda ökutækis“.

1.3. Þær dagsetningar sem um getur í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1628 fyrir setningu hreyfla á markað skulu lesnar sem dagsetningarnar þegar hreyflar og ökutæki eru fyrst tekin í notkun.

1.4. Þær dagsetningar fyrir ESB-gerðarviðurkenningu á hreyflum eða, eftir atvikum, dagsetningarnar fyrir gerðarviður-kenningu á hreyfilgerð eða hreyflahópi, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1628, skulu lesnar sem dagsetningarnar fyrir ESB-gerðarviðurkenningu á gerð ökutækis eða, eftir atvikum, hreyfilgerð eða hreyflahópi.

2. Hreyfilframleiðendur skulu nota mæliþættina, sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/656, þegar þeir skilgreina hreyfilgerðir og hreyflahópa og notkunarham þeirra.

2. HLUTI

Sértækar kröfur

1. Til viðbótar við ákvæðin í 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 og 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1322/2014 skal kanna samræmi framleiðslu hreyfla í samræmi við ákvæðin í 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1628 og ákvæðin í 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/654.

2. Merking

2.1. Hreyfillinn skal bera lögboðna áletrun í samræmi við IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/504.

3. Vöktun losunar frá hreyflum sem eru í notkun

3.1. Hreyfilframleiðendur skulu uppfylla kröfurnar um vöktun losunar frá hreyflum sem eru í notkun, sem mælt er fyrir um í 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1628 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/655 ([1]).

4. Uppsetning hreyfils í ökutækið

4.1. Sá hreyfill sem er settur upp í ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt skal búa yfir sömu mengunarvarnagetu og hann gerði þegar gerðarviðurkenning átti sér stað.

4.2. Uppsetning hreyfilsins í ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt skal uppfylla kröfurnar sem koma fram í upplýsingunum og fyrirmælum, sem framleiðandi hreyfilsins lætur framleiðanda ökutækisins í té, eins og mælt er fyrir um í lið 4.3.

4.3. Framleiðandi hreyfilsins skal láta framleiðanda ökutækisins í té allar upplýsingar og öll fyrirmæli til að tryggja að hreyfillinn sé í samræmi við viðurkennda hreyfilgerð þegar hann er settur upp í ökutækið. Þessi fyrirmæli skulu auðkennd með skýrum hætti fyrir framleiðanda ökutækisins í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628 og 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/654.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/655 frá 19. desember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 að því er varðar vöktun á losun mengandi lofttegunda frá brunahreyflum sem eru í notkun og eru uppsettir í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega (Stjtíð. ESB L 102, 13.4.2017, bls. 334).

5. Framleiðandi hreyfilsins skal veita framleiðanda ökutækisins aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum og nauðsynlegum fyrirmælum, sem eru ætlaðar endanlegum notanda, eins og mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628 og 18. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/654.

6. Forvarnir gegn óheimilum breytingum

6.1. Hreyfilframleiðendur skulu beita ákvæðunum varðandi tæknilegar upplýsingar, sem mælt er fyrir um í X. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/656, í tengslum við forvarnir gegn óheimilum breytingum.

———

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi ytri hljóðmengun

1. Leyfileg ytri hljóðstig

1.1. Tækjabúnaðurinn, þ.m.t. hljóðnemar, kaplar og vindhlífar, skal uppfylla kröfurnar fyrir mælitæki í 1. flokki sem mælt er fyrir um í staðlinum IEC 61672-1:2013. Síurnar skulu uppfylla kröfurnar um mælitæki í 1. flokki sem settar eru fram í staðlinum IEC 61260:1995.

1.2. Skilyrði við mælingu

1.2.1. Mælingar skulu gerðar á óhlöðnum ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt sem tilbúin eru til aksturs á svæði sem er nægilega hávaðalaust og víðáttumikið (hávaði frá umhverfinu og veðurhljóð skulu vera a.m.k. 10 dB (A) lægri en hljóðstigið sem verið er að mæla).

1.2.2. Hentugt svæði gæti t.d. verið opið svæði með 50 m radíus þar sem í miðju er tiltölulega slétt svæði með a.m.k. 20 m radíus og þar sem yfirborðið er steypt eða malbikað og ekki hávaxið gras, laus mold, aska né lausamjöll.

1.2.3. Yfirborð prófunarbrautarinnar skal vera þannig að ekki verði óþarfa hávaði af hjólbörðunum. Þetta skilyrði gildir einungis þegar verið er að mæla ytra hljóð frá ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt á hreyfingu.

1.2.4. Mælingar skulu gerðar í lygnu og góðu veðri. Enginn má vera í nánd við ökutækið fyrir landbúnað og skógrækt eða hljóðnemann nema mælingamaðurinn þar sem návist áhorfenda við ökutækið fyrir landbúnað eða skógrækt eða hljóðnemann getur haft umtalsverð áhrif á mælingarnar. Ekki ber að taka mark á stórum sveiflum í mælingum sem virðast vera án tengsla við hljóðstigið almennt.

1.3. Mæliaðferð

1.3.1. Mælingar á ytra hljóðstigi ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt á hreyfingu


1.3.1.1. Gera skal mælingar a.m.k. tvisvar, báðum megin við ökutækið fyrir landbúnað og skógrækt. Heimilt er að gera undirbúningsmælingar til að stilla tækin en þær mælingar teljast ekki marktækar.

1.3.1.2. Setja skal upp hljóðnema 1,2 m frá jörðu og 7,5 m frá miðlínu (CC) ökutækisins fyrir landbúnað og skógrækt, þar sem fjarlægðin er mæld hornrétt á þá línu, PP’ (mynd 1).

1.3.1.3. Merkja skal tvær línur á prófunarbrautina, AA’ og BB’, samsíða línu PP’, 10 m fyrir framan og 10 m fyrir aftan hana. Ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt skal ekið að línu AA’ með jöfnum hraða eins og lýst er hér á eftir. Þá skal inngjöf eldsneytis aukin eins mikið og hratt og framast er unnt, og haldið þannig áfram þar til aftasti hluti ökutækis fyrir landbúnað og skógrækt fer yfir línu BB’; þá er aftur dregið úr eldsneytisgjöf eins hratt og unnt er. Ef ökutækið fyrir landbúnað og skógrækt hefur eftirvagn ber ekki að taka tillit til hans við ákvörðun um hvenær ökutæki fer yfir línu BB’.

1.3.1.4. Niðurstaða mælingarinnar er hæsta hljóðstigið sem mælist.

Mynd 1



1.3.1.5. Stöðugur hraði áður en ökutækin nálgast línu AA′ skal nema þremur fjórðu af þeim hámarkshönnunarhraða (v_{max}), samkvæmt upplýsingum framleiðanda, sem hægt er að ná í hæsta gír sem notaður er í akstri á vegi.

1.3.1.6. Túlkun niðurstaðna

1.3.1.6.1. Með hliðsjón af hugsanlegri ónákvæmni í mælitækjunum skal lækka útkomuna úr hverri mælingu um 1 dB (A).

1.3.1.6.2. Mælingar teljast gildar ef munurinn á tveimur mælingum í röð, sömu megin við ökutækið fyrir landbúnað og skógrækt, er ekki meiri en 2 dB (A).

1.3.1.6.3. Niðurstaða mælinganna er hæsta hljóðstigið sem mælist. Ef þessi niðurstaða er meira en 1 dB (A) hærri en mesta leyfilega hljóðstig fyrir þann flokk ökutækis fyrir landbúnað og skógrækt sem verið er að prófa skal endurtaka mælingar tvisvar. Í þremur af þessum fjórum skiptum skal útkoman vera innan tilgreindra marka.

1.3.2. Mælingar á ytra hljóðstigi ökutækis fyrir landbúnað og skógrækt í kyrrstöðu

1.3.2.1. Staðsetning hljóðstigsmælis

Gera skal mælingar frá punkti X (eins og sýnt er á mynd 2) í 7 m fjarlægð frá þeim punkti ökutækisins fyrir landbúnað og skógrækt sem næstur er. Setja skal upp hljóðnema í 1,2 m hæð frá jörðu.

1.3.2.2. Fjöldi mælinga: gera skal a.m.k. tvær mælingar.

1.3.2.3. Prófunarskilyrði fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt

1.3.2.3.1. Í ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt sem hefur ekki hraðatakmarkara skal láta hreyfilinn snúast á þremur fjórðu af þeim snúningshraða sem, samkvæmt upplýsingum framleiðanda ökutækisins fyrir landsbúnað og skógrækt er hámarksnettóafl hans. Mæla ber snúningshraða hreyfilsins með utanaðkomandi búnaði, t.d. rúllupalli og snúningshraðamæli. Ef hreyfillinn hefur takmarkara sem takmarkar snúningshraða hans við hámarksnettóafl skal hann látinn ganga á þeim hámarkshraða sem takmarkarinn leyfir.

1.3.2.3.2. Áður en mæling er gerð skal láta hreyfilinn ná eðlilegum ganghita.

1.3.2.4. Túlkun niðurstaðna

1.3.2.4.1. Allar ytri mælingar á hljóðstigi skulu skráðar í skýrsluna. Snúningshraði skal skráður í samræmi við ákvæði 8. gr. Þá skal einnig skrá hvort ökutækið fyrir landbúnað og skógrækt var hlaðið eða ekki.

1.3.2.4.2. Mælingar teljast gildar ef munurinn á tveimur mælingum í röð, sömu megin við ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt, er ekki meiri en 2 dB (A).

1.3.2.4.3. Niðurstaða mælingarinnar er hæsta hljóðstigið sem mælist.

1.3.3. Ákvæði um prófanir á ytra hljóðstigi fyrir ökutæki í flokki C með skriðbelti á hreyfingu

Hvað varðar ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt í flokki C, sem búin eru skriðbeltum, skal hávaðinn, meðan beltið er á hreyfingu, mældur með óhlöðnum ökutækjum sem tilbúin eru til aksturs og ferðast á stöðugum hraða sem nemur 5 km/klst. (+/– 0,5 km/klst.), með hreyfilinn á nafnhraða yfir lag af rökum sandi eins og tilgreint er í lið 5.3.2 í staðlinum ISO 6395:2008. Hljóðneminn skal settur upp í samræmi við ákvæðin í lið 1.3.1. Mælt hávaðagildi skal skráð í prófunarskýrslunni.


2. Útblásturskerfi (hljóðdeyfir)

2.1. Ef ökutækið fyrir landbúnað og skógrækt er búið búnaði til að deyfa hávaðann frá útblásturskerfinu (hljóðdeyfi) skulu kröfurnar í þessum lið gilda. Ef nauðsynlegt er að hafa loftsíu við loftinntak hreyfilsins til að tryggja að hljóðstig sé innan leyfilegra marka, telst sían vera hluti af hljóðdeyfinum og gilda kröfurnar í þessum 2. lið einnig um loftsíuna.

Staðsetja skal útblástursrörið þannig að útblástursloftið geti ekki komist inn í stýrishúsið.

Mynd 2

Mælingarstaðir fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt í kyrrstöðu



2.2. Teikning af útblásturskerfinu verður að fylgja gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir ökutækið fyrir landbúnað og skógrækt.

2.3. Á hljóðdeyfinum verður að vera auðlæsileg og óafmáanleg áletrun sem sýnir tegund hans og gerð.

2.4. Einungis er heimilt að nota íseygt trefjaefni við gerð hljóðdeyfa ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

2.4.1. íseyga trefjaefnið má ekki nota í þeim hlutum hljóðdeyfisins sem lofttegundir streyma í gegnum,

2.4.2. viðeigandi búnaður verður að tryggja að íseyga trefjaefnið færist ekki úr stað allan þann tíma sem hljóðdeyfirinn er í notkun,

2.4.3. íseyga trefjaefnið verður að þola hitastig, sem er a.m.k. 20% hærra en sá ganghiti (í °C) sem getur komið fyrir í þeim hluta hljóðdeyfisins þar sem þetta íseyga trefjaefni er haft.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/977 **2020/EES/69/36**

frá 7. júlí 2020

um undanþágu frá reglugerðum (EB) nr. 889/2008 og (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar eftirlit með framleiðslu lífrænt ræktaðra vara vegna COVID-19 heimsfaraldursins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 28. gr. (6. mgr.), 30. gr. (þriðja undirgrein 2. mgr.) og 38. gr. (c-, d- og e-liður),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) COVID-19 heimsfaraldurinn og þær víðtæku flutningstakmarkanir sem komið var á í aðildarríkjum og í þriðju löndum í formi landsráðstafana eru óvenjuleg og fordæmalaus áskorun fyrir aðildarríki og rekstraraðila í tengslum við framkvæmd eftirlits eins og tilgreint er í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([2]) og (EB) nr. 1235/2008 ([3]).

2) Á grundvelli upplýsinga sem bárust frá aðildarríkjum er nauðsynlegt að veita undanþágu frá tilteknum ákvæðum í reglugerðum (EB) nr. 889/2008 og (EB) nr. 1235/2008.

3) Að því er varðar opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([4]) gerir framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 ([5]) aðildarríkjum kleift að beita tímabundnum ráðstöfunum til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við sérstakar aðstæður, sem tengjast COVID-19, til 1. ágúst 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 217, 8.7.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/466 frá 30. mars 2020 um tímabundnar ráðstafanir til að halda í skefjum áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og plöntuheilbrigði og velferð dýra við tiltekna alvarlega röskun á eftirlitskerfum aðildarríkjanna vegna kórónaveirufaraldursins (COVID-19) (Stjtíð. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 30).

4) Nokkur aðildarríki og hagsmunaaðilar hafa m.a. upplýst framkvæmdastjórnina um að þessar takmarkanir og raskanir sem af þeim leiða hafi íþyngjandi áhrif á getu þeirra til að sannprófa heildstæði lífrænt ræktaðra vara. Alla jafna þarf starfsfólk lögbærra yfirvalda eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar að heimsækja rekstraraðila og/eða ferðast langar vegalengdir til að inna af hendi skoðanir á ástandi vegna opinbers eftirlits. Þar eð ferðalög og framkvæmd skoðana á ástandi eru sem stendur ekki leyfð eða verulega takmörkuð vegna landsráðstafana ætti lögbært yfirvald eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili að hafa þann möguleika í staðinn í tiltekinn tíma að byggja eftirlit sitt á sannprófun skjala og nota allar tiltækar leiðir til fjarsamskipta. Að því er varðar rekstraraðila sem skapa litla áhættu, eins og ákvarðað er með áhættumati lögbærs yfirvalds eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila, eins og skilgreint er í 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, þykir rétt að í stað skoðana á ástandi komi slík sannprófun skjala. Enn fremur hafa ferðatakmarkanir tafið árlegar eftirlitsheimsóknir og gert lögbærum yfirvöldum eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum erfitt um vik að uppfylla skuldbindingar sínar um að inna af hendi frekari heimsóknir af handahófi, fyrirvaralausar skoðanir og sýnatöku að því er varðar rekstraraðila með tiltekið snið.

5) Rekstraraðilar ættu áfram að hafa þann möguleika að fylgja kerfi lífrænnar framleiðslu. Meðan þess er beðið að venjuleg eftirlitsstarfsemi hefjist á ný eftir að landsráðstafanir sem tengjast COVID-19 heimsfaraldrinum taka enda ætti lögbæru yfirvaldi eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila þó að vera heimilt að fresta skoðunum á ástandi og treysta á sannprófun skjala, þ.m.t. sannprófun sem er framkvæmd með tiltækum fjarsamskiptamiðlum, þangað til eðlileg starfsemi getur hafist á ný.

6) Afar brýnt er að halda áfram að inna tímanlega af hendi rannsóknir þegar grunur leikur á um brot og frávik í tengslum við reglur um lífræna framleiðslu. Því þykir rétt að kveða á um að slíkar rannsóknir skuli framkvæmdar eftir þeim leiðum sem eru tiltækar en gefa um leið eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum tækifæri til að inna af hendi nauðsynlegar skoðanir á ástandi á síðari stigum.

7) Ferðatakmarkanir, sem aðildarríki hafa beitt vegna COVID- 19 heimsfaraldursins, koma sem stendur í veg fyrir að samskipti milli aðildarríkja, milli eftirlitsaðila og aðildarríkja og milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar fari tímanlega fram varðandi rannsóknir sem eru framkvæmdar til að ákvarða uppruna brota eða frávika sem koma í ljós. Þess vegna ætti að framlengja tiltekna fresti.

8) Ferðatakmarkanir, sem aðildarríki beita sem stendur vegna COVID- 19 heimsfaraldursins, geta einnig haft áhrif á möguleika lögbærra yfirvalda til að inna af hendi árlegt eftirlit með eftirlitsaðilum sem er falið eftirlitsstarf. Nauðsynlegt er að skýra nánar að lögbæru yfirvaldi er tímabundið heimilt að beita eftirlitsúttektum í staðinn.

9) Af þeim ráðstöfunum sem hafa verið innleiddar til að vernda heilbrigði manna leiðir þar að auki að alvarlegar takmarkanir, sem beitt er á flutningastarfsemi, hafa áhrif á hraðsendingarþjónustu sem kemur til með að afhenda prentuðu pappírsútgáfuna af skoðunarvottorðinu, undirritaða með handskrifaðri undirritun, sem krafist er fyrir innfluttar sendingar. Af þessum sökum er einnig nauðsynlegt að víkja frá viðkomandi ákvæðum í reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar þá skyldu að vera með pappírsútgáfu af skoðunarvottorðinu.

10) Þessi reglugerð ætti að gilda til loka september 2020. Þó ætti að heimila að sannprófun skjala, að því er varðar rekstraraðila sem skapa litla áhættu eins og ákvarðað er með áhættumati lögbærs yfirvalds eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila, eins og skilgreint er í 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, komi í staðinn fyrir viðeigandi skoðanir á ástandi þangað til í lok desember 2020. Í ljósi upplýsinga sem borist hafa frá nokkrum aðildarríkjum þykir rétt að kveða á um afturvirka beitingu þessarar reglugerðar frá 1. mars 2020. Enn fremur skal reikna út fjölda sýnatökuskipta, frekari heimsókna af handahófi og fyrirvaralausra skoðana yfir árið 2020. Reglugerð þessi ætti því að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

11) Eftir uppkomu COVID-19 heimsfaraldursins í Kína hefur landið beitt ferðatakmörkunum frá því í byrjun janúar 2020. Af þessum sökum þykir rétt að kveða á um fyrri gildistökudag vegna eftirlitsstarfsemi sem hefur átt sér stað í Kína.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Undanþágur frá reglugerð (EB) nr. 889/2008

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008, að því er varðar rekstraraðila sem skapa litla áhættu eins og ákvarðað er með áhættumati lögbærs yfirvalds eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila, eins og skilgreint er í 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, ef um er að ræða flutningstakmarkanir af völdum landsráðstafana sem tengjast COVID-19 heimsfaraldrinum er heimilt að sannprófun skjala komi í staðinn fyrir skoðanir á ástandi að því er varðar árlegar skoðanir og endurnýjun á skjalfestum sönnunum rekstraraðila lífrænnar framleiðslu. Þessi sannprófun skjala hjá rekstraraðilum sem skapa litla áhættu, eins og ákvarðað er með áhættumati lögbærs yfirvalds eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, má einnig fara fram, þegar nauðsyn krefur, með tiltækum fjarsamskiptamiðlum.

2. Að því er varðar aðra rekstraraðila en þá sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og að því er varðar rekstraraðila sem óska eftir að fylgja kerfi lífrænnar framleiðslu í fyrsta sinn og í öllum öðrum tilvikum, s.s. afturvirk viðurkenning, ef um er að ræða flutningstakmarkanir af völdum landsráðstafana sem tengjast COVID-19 heimsfaraldrinum skal skoðun á ástandi, sem um getur í 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008, eiga sér stað um leið og eftirlits- og vottunarstarfsemi getur hafist á ný í aðildarríkjunum og í hlutaðeigandi þriðju löndum eftir að landsráðstafanirnar, sem tengjast COVID-19 heimsfaraldrinum, taka enda. Fram að því má sannprófun skjala, að því er varðar árlega skoðun, útgáfu og endurnýjun skjalfestra sannana rekstraraðila lífrænnar framleiðslu og afturvirka viðurkenningu, einnig fara fram, þegar nauðsyn krefur, með tiltækum fjarsamskiptamiðlum.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 skal fjöldi sýna, sem eftirlitsaðilinn eða eftirlitsyfirvaldið skal taka og greina árlega, svara til a.m.k. 2% af fjölda rekstraraðila sem hann hefur eftirlit með.

4. Þrátt fyrir annan málslið annarrar undirgreinar 4. mgr. 92. gr. a í reglugerð (EB) nr. 889/2008 skal svar við tilkynningu sem varðar vörur sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, sem um getur í þeim málslið, sent innan 60 almanaksdaga frá dagsetningu upprunalegu tilkynningarinnar.

5. Þrátt fyrir b-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 92. gr. c í reglugerð (EB) nr. 889/2008 skulu frekari eftirlitsheimsóknir af handahófi, sem framkvæmdar eru í samræmi við 4. mgr. 65. gr. þeirrar reglugerðar, ná til 5% rekstraraðila samkvæmt samningi í samræmi við áhættuflokkinn.

6. Þrátt fyrir c-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 92. gr. c í reglugerð (EB) nr. 889/2008 eru a.m.k. 5% alls eftirlits og heimsókna, sem framkvæmdar eru í samræmi við 1. og 4. mgr. 65. gr., ekki tilkynnt fyrir fram.

7. Þrátt fyrir 92. gr. e í reglugerð (EB) nr. 889/2008 er heimilt að skipta „árlegu eftirliti“ með eftirlitsaðila, sem um getur í þeirri grein og er skipulagt til 30. september 2020, út fyrir „árlega eftirlitsúttekt“ sem er einnig innt af hendi með tiltækum fjarsamskiptamiðlum svo fremi að landsbundnar neyðarráðstafanir, sem tengjast COVID-19 heimsfaraldrinum í hlutaðeigandi aðildarríki, komi í veg fyrir að lögbæra yfirvaldið inni þetta eftirlit af hendi.

2. gr.

Undanþágur frá reglugerð (EB) nr. 1235/2008

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 skal viðeigandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili gefa út skoðunarvottorð með því að færa inn allar nauðsynlegar upplýsingar og fullgilda reit 18 í Traces-kerfinu. Lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki skal árita það með því að fullgilda reit 20 í Traces-kerfinu og fyrsti viðtakandinn ljúka við það í Traces-kerfinu.

2. Þrátt fyrir 6. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 skal lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki árita skoðunarvottorðið með því að fullgilda reit 20 í Traces-kerfinu við sannprófun vörusendingar.

3. Þrátt fyrir annan málslið fyrstu undirgreinar 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 skal svar við tilkynningu sem varðar vörur sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, sem um getur í þeim málslið, sent innan 60 almanaksdaga frá sendingardagsetningu upprunalegu tilkynningarinnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. mars 2020 til 30. september 2020.

Þó gildir 1. mgr. 1. gr. frá og með 1. mars 2020 til 31. desember 2020.

Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 1. gr. gilda frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.

Að því er varðar eftirlitsstarfsemi sem er innt af hendi í Kína gildir þessi reglugerð frá 1. janúar 2020 til 30. september 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1976 **2020/EES/69/37**

frá 25. nóvember 2019

um leyfi til að setja á markað fenýlkapsaísín sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 7. febrúar 2018 fór fyrirtækið aXichem AB (hér á eftir nefnt umsækjandinn) fram á það við framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, að fá að setja fenýlkapsaísín, sem er fengið með efnasmíði, á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsóknin varðar notkun fenýlkapsaísíns í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([3]), að undanskildum þeim sem eru ætluð ungbörnum, smábörnum og börnum yngri en 11 ára, og í fæðubótarefni, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([4]), sem eru ætluð almenningi eldri en 11 ára.

5) Umsækjandinn fór einnig þess á leit við framkvæmdastjórnina að gögn, sem njóta einkaleyfisverndar, nytu verndar í tengslum við nokkrar rannsóknir sem lagðar voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e. rannsókn *í lífi* á upptöku, dreifingu, efnaskiptum og útskilnaði með fenýlkapsaísíni í rottum ([5]), rannsókn *í lífi* á upptöku, dreifingu, efnaskiptum og útskilnaði með kapsaísíni í rottum ([6]), prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með fenýlkapsaísíni ([7]), smákjarnaprófun *í glasi* á spendýrafrumum með fenýlkapsaísíni ([8]), 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum af tegundinni Wistar með fenýlkapsaísíni ([9]) og TRPV1-virkjunarprófun með frumulínunni HEK293 með fenýlkapsaísíni og kapsaísíni ([10]).

6) Hinn 27. ágúst 2018 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og bað hana um að framkvæma mat á fenýlkapsaísíni sem nýfæði í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([5]) Feng et al. 2012a (óbirt).

([6]) Feng et al. 2012b (óbirt).

([7]) Schreib 2015 (óbirt).

([8]) Donath 2016 (óbirt).

([9]) Stiller 2016 (óbirt).

([10]) Yang og Dong, 2015 (óbirt).

7) Hinn 15. maí 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of Phenylcapsaicin as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([11]). Þetta vísindalega álit er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fenýlkapsaísín sé öruggt við tillögðu notkunarskilyrðin. Þess vegna eru í þessu vísindalega áliti tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að við tillagða notkun og notkunarmagn sé fenýlkapsaísín, þegar það er notað í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, að undanskildum þeim sem eru ætluð ungbörnum, smábörnum og börnum yngri en 11 ára, og þegar það er notað í fæðubótarefni sem eru ætluð almenningi eldri en 11 ára, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

9) Í áliti sínu um fenýlkapsaísín taldi Matvælaöryggisstofnunin að gögn úr rannsókn *í lífi* á upptöku, dreifingu, efnaskiptum og útskilnaði með fenýlkapsaísíni í rottum, rannsókn *í lífi* á upptöku, dreifingu, efnaskiptum og útskilnaði með kapsaísíni í rottum, prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með fenýlkapsaísíni, smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum með fenýlkapsaísíni, 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum með fenýlkapsaísíni og TRPV1-virkjunarprófun með frumulínunni HEK293 með fenýlkapsaísíni og kapsaísíni væru grundvöllurinn til að ákvarða öryggi nýfæðisins. Því er talið að ekki hefði verið hægt að komast að niðurstöðu um öryggi fenýlkapsaísíns án gagnanna í skýrslunni um þessar rannsóknir.

10) Eftir viðtöku álits Matvælaöryggisstofnunarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning, að því er varðar einkaleyfisvernd gagna sinna úr rannsókn *í lífi* á upptöku, dreifingu, efnaskiptum og útskilnaði með fenýlkapsaísíni í rottum, rannsókn í *lífi* á upptöku, dreifingu, efnaskiptum og útskilnaði með kapsaísíni í rottum, prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með fenýlkapsaísíni, smákjarnaprófun *í glasi* á spendýrafrumum með fenýlkapsaísíni, 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá rottum með fenýlkapsaísíni og TPR1-virkjunarprófun með frumulínunni HEK293 með fenýlkapsaísíni og kapsaísíni, og að hann skýrði kröfu sína um einkarétt á að vísa til þessara skýrslna og rannsókna eins og um getur í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

11) Umsækjandinn lýsti því yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í rannsóknina samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessar rannsóknir með lögmætum hætti.

12) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Þess vegna ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota gögnin úr rannsóknunum, sem er að finna í skrá umsækjandans sem var grundvöllurinn fyrir niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar um að ákvarða öryggi nýfæðisins og öryggi fenýlkapsaísíns og án hennar hefði Matvælaöryggisstofnunin ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Af þessum sökum ætti setning nýfæðisins, sem leyft er með þessari reglugerð, á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í fimm ár.

13) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir fenýlkapsaísíni, og á tilvísunum í rannsóknirnar sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings leyfinu samkvæmt þessari reglugerð.

14) Í tilskipun 2002/46/EB er mælt fyrir um kröfur um fæðubótarefni. Því ætti að leyfa notkun á fenýlkapsaísíni með fyrirvara um þá tilskipun.

15) Í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 er mælt fyrir um kröfur varðandi matvæli sem eru ætluð fyrir ungbörn og smábörn, matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis. Því ætti að leyfa notkun á fenýlkapsaísíni með fyrirvara um þá reglugerð.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Fenýlkapsaísín, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

([11]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5718.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis umsækjandinn:

Fyrirtæki: aXichem AB,

Heimilisfang: Södergatan 26, SE 211 34, Malmö, Svíþjóð,

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. eða með samþykki aXichem AB.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

4. Leyfið, sem kveðið er á um í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 609/2013 og ákvæði tilskipunar 2002/46/EB.

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknirnar og skýrslurnar í umsóknarskránni, sem var grundvöllurinn fyrir mati Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn heldur fram að uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 2015/2283, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema aXichem AB samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	**Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið**		**Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu**	**Aðrar kröfur**	**Gagnavernd**
„**Fenýlkapsaísín**	***Tilgreindur matvælaflokkur***	***Hámarksgildi***	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „fenýlkapsaísín“.		Leyft 19. desember 2019. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: aXichem AB, Södergatan 26, SE 211 34, Malmö Svíþjóð. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis aXichem AB leyfilegt að setja nýfæðið fenýlkapsaísín á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki aXichem AB.“
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn, smábörn og börn yngri en 11 ára	2,5 mg/dag			
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, sem eru ætluð fyrir almenning, að undanskildum börnum yngri en 11 ára	2,5 mg/dag			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	**Nákvæm skilgreining**
„**Fenýlkapsaísín**	**Lýsing/Skilgreining:** Fenýlkapsaísín (N-[(4-hýdroxý-3-metoxýfenýl)metýl]-7-fenýlhept-6-ýnamíð, $C_{21}H_{23}NO_3$, CAS-númer: 848127-67-3) er framleitt með efnafræðilegum aðferðum í í tveggja þrepa ferli með efnasmíði þar sem milliefnið asetýlensýra er framleitt með efnahvarfi fenýlasetýlens með afleiðu karboxýlsýru í fyrsta þrepi og með röð efnahvarfa milliefnisins asetýlensýru með afleiðu vanillýlamíns í öðru þrepi til að framleiða fenýlkapsaísín. **Eiginleikar/samsetning:** Hreinleiki (% af þurrefnum): ≥ 98% Raki: ≤ 0,5% Tilbúnar tengdar aukaafurðir úr framleiðslu samtals: ≤ 1,0% *N*,*N*-dímetýlformamíð: ≤ 880 mg/kg Díklórómetan: ≤ 600 mg/kg Dímetoxýetan: ≤ 100 mg/kg Etýlasetat: ≤ 0,5% Aðrir leysar: ≤ 0,5%

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Þungmálmar: Blý: ≤ 1,0 mg/kg Kadmíum: ≤ 1,0 mg/kg Kvikasilfur: ≤ 0,1 mg/kg Arsen: ≤ 1,0 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarlíftala: ≤ 10 CFU/g Kólígerlar: ≤ 10 CFU/g *Escherichia coli*: Neikvætt/10 g *Salmonella* sp.: Neikvætt/10 g Ger- og myglusveppir: ≤ 10 CFU/g CFU: Þyrpingamyndandi einingar“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1979 **2020/EES/69/38**

frá 26. nóvember 2019

um leyfi til að setja á markað 2'-fúkósýllaktósa/dífúkósýllaktósa-blöndu sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) samþykkt en í henni er skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 30. apríl 2018 fór fyrirtækið Glycom A/S (hér á eftir nefnt umsækjandinn) þess á leit við framkvæmdastjórnina, í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, að fá að setja 2'-fúkósýllaktósa/dífúkósýllaktósa-blöndu (hér á eftir nefnd 2'-FL/DFL), sem er fengin úr örverugerjun með erfðabreyttum stofni *Escherichia coli* K12 DH1, á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn fór þess á leit að 2'-FL/DFL yrði notuð í óbragðbættar gerilsneyddar og óbragðbættar dauðhreinsaðar mjólkurafurðir, bragðbættar og óbragðbættar gerjaðar afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, þ.m.t. hitameðhöndlaðar afurðir, kornstangir, bragðbættar drykkjarvörur, ungbarnablöndur og stoðblöndur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn, matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og það er skilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([3]) og í fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([4]), sem eru ætluð almenningi, að undanskildum ungbörnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 308, 29.11.2019, bls. 62. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

5) Hinn 30. apríl 2018 fór umsækjandinn þess einnig á leit við framkvæmdastjórnina að gögn, sem njóta einkaleyfisverndar, nytu verndar í tengslum við nokkrar rannsóknir sem lagðar voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e. greiningarskýrslur sem njóta einkaleyfisverndar um samanburð með segulómun (NMR) á efnabyggingu 2'-fúkósýllaktósa og dífúkósýllaktósa, sem eru framleiddir með bakteríugerjun með 2'-fúkósýllaktósa og dífúkósýllaktósa sem eru fyrir hendi í móðurmjólk frá náttúrunnar hendi ([5]), ítarleg gögn um lýsingu á eiginleikum bakteríustofna framleiðslunnar og vottorð fyrir þá ([6]), ([7]), nákvæm skilgreining á hráefnum og vinnsluhjálparefnum ([8]), vottorð um greiningar á hinum ýmsu framleiðslulotum 2'-FL/DFL ([9]), greiningaraðferðir og fullgildingarskýrslur ([10]), stöðugleikaskýrslur um 2'-FL/DFL ([11]), faggildingarvottorð rannsóknarstofa ([12]), skýrslur um mat á inntöku 2'-FL/DFL ([13]), yfirlitstafla fyrir tölfræðilega marktækar athuganir í rannsóknum á eiturhrifum ([14]), prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með 2'-FL/DFL ([15]), smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum með 2'-FL/DFL ([16]), 14 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með 2'-FL/DFL ([17]), 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með 2'-FL/DFL ([18]), prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með 2'-fúkósýllaktósa (hér á eftir nefndur 2'-FL) ([19]), tvær smákjarnaprófanir í glasi á spendýrafrumum með 2'-FL ([20]), ([21]) og 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með 2'-FL ([22]).

6) Hinn 29. júní 2018 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún framkvæmdi mat á 2'-FL/DFL sem nýfæði í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Hinn 15. maí 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of 2'-Fucosyllactose/ Difucosyllactose mixture as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([23]). Þetta vísindalega álit er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að við tillögð notkunarskilyrði sé 2'-FL/DFL örugg fyrir tillagðan markhóp. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að við notkun í óbragðbættar gerilsneyddar og óbragðbættar dauðhreinsaðar mjólkurafurðir, bragðbættar og óbragðbættar gerjaðar afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, þ.m.t. hitameðhöndlaðar afurðir, kornstangir, bragðbættar drykkjarvörur, ungbarnablöndur og stoðblöndur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn, matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og í fæðubótarefni sem eru ætluð fyrir almenning, að undanskildum ungbörnum, sé 2'-FL/DFL í samræmi við kröfurnar í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

9) Matvælaöryggisstofnunin taldi í áliti sínu að gögn úr greiningarskýrslum um samanburð með segulómun (NMR) á efnabyggingu 2‘-fúkósýllaktósa og dífúkósýllaktósa, sem eru framleiddir með bakteríugerjun með 2‘-fúkósýllaktósa og dífúkósýllaktósa sem eru fyrir hendi í móðurmjólk frá náttúrunnar hendi, ítarleg gögn um lýsingu á eiginleikum bakteríustofna framleiðslunnar, nákvæm skilgreining á hráefnum og vinnsluhjálparefnum, vottorð um greiningar á hinum ýmsu framleiðslulotum 2'-FL/DFL, prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með 2'-FL/DFL, smákjarnaprófun *í glasi* á spendýrafrumum með 2'-FL/DFL, 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með 2'-FL/DFL og yfirlitstafla fyrir tölfræðilega marktækar athuganir í 90 daga rannsókn á eiturhrifum væru grundvöllurinn til að ákvarða öryggi nýfæðisins. Því er talið að ekki hefði verið hægt að komast að niðurstöðu um öryggi 2'-FL/DFL án gagnanna í skýrslunum um þessar rannsóknir.

([5]) Glycom 2018 (óbirt).
([6]) Glycom 2018 (óbirt).
([7]) Glycom/DSMZ 2018 (óbirt).
([8]) Glycom 2018 (óbirt).
([9]) Glycom 2018 (óbirt).
([10]) Glycom 2018 (óbirt).
([11]) Glycom 2018 (óbirt).
([12]) Glycom 2018 (óbirt).
([13]) Glycom 2018 (óbirt).
([14]) Flaxmer 2018 (óbirt) og Philips K. R., N. Balwin, B. Lynch, J. Flaxmer, A. Šoltésová, M. H. Mikš, C. H. Röhrig. 2018. Safety evaluation of the human-identical milk oligosaccharides 2'-fucosyllactose and difucosyllactose. Food and Chemical Toxicology 120, 552-565.
([15]) Šoltésová, 2017 (óbirt) og Philips et al. 2018. Food and Chemical Toxicology 120, 552-565.
([16]) Gilby 2017 (óbirt) og Philips et al. 2018. Food and Chemical Toxicology 120, 552-565.
([17]) Flaxmer 2017 (óbirt) og Philips et al. 2018. Food and Chemical Toxicology 120, 552-565.
([18]) Flaxmer 2018 (óbirt) og Philips et al. 2018. Food and Chemical Toxicology 120, 552-565.
([19]) Verspeek-Rip 2015 (óbirt).
([20]) Verbaan 2015a (óbirt).
([21]) Verbaan 2015b (óbirt).
([22]) Penard 2015 (óbirt).
([23]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5717.

10) Eftir viðtöku álits Matvælaöryggisstofnunarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning, að því er varðar einkaleyfisvernd sína á greiningarskýrslum um samanburð með segulómun (NMR) á efnabyggingu 2'-fúkósýllaktósa og dífúkósýllaktósa, sem eru framleiddir með bakteríugerjun með 2'-fúkósýllaktósa og dífúkósýllaktósa sem eru fyrir hendi í móðurmjólk frá náttúrunnar hendi, ítarleg gögn um lýsingu á eiginleikum bakteríustofna framleiðslunnar, nákvæma skilgreiningu á hráefnum og vinnsluhjálparefnum, vottorð um greiningar á hinum ýmsu framleiðslulotum 2'-FL/DFL, prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum með 2'-FL/DFL, smákjarnaprófun *í glasi* á spendýrafrumum með 2'-FL/DFL, 90 daga rannsókn á eiturhrifum um munn hjá nýfæddum rottum með 2'-FL/DFL og yfirlitstöflu fyrir tölfræðilega marktækar athuganir í 90 daga rannsókn á eiturhrifum, og að hann skýrði kröfu sína um einkarétt á að vísa til þessara skýrslna og rannsókna eins og um getur í b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

11) Umsækjandinn lýsti því yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í rannsóknirnar samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessar rannsóknir með lögmætum hætti.

12) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Þess vegna ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota gögnin úr rannsóknunum, sem er að finna í skrá umsækjandans sem var grundvöllurinn fyrir staðfestingu Matvælaöryggisstofnunarinnar á öryggi nýfæðisins og niðurstöðu hennar um öryggi 2'-FL/DFL og án hennar hefði Matvælaöryggisstofnunin ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Til samræmis við það ætti setning 2'-FL/DFL á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í þennan tíma.

13) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir 2'-FL/DFL, og á tilvísunum í rannsóknirnar sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings slíku leyfi samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

14) Því ætti að leyfa notkun á 2'-FL/DFL með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 609/2013 þar sem mælt er fyrir um kröfur varðandi matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis.

15) Einnig ætti að leyfa notkun á 2'-FL/DFL með fyrirvara um tilskipun 2002/46/EB þar sem mælt er fyrir um kröfur varðandi fæðubótarefni.

16) Leyfa ætti notkun á 2'-FL/DFL með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir ([24]), þar sem mælt er fyrir um kröfur varðandi landbúnaðarafurðir, einkum mjólk og mjólkurafurðir.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. 2'-FL/DFL, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

Fyrirtæki: Glycom A/S,

Heimilisfang: Kogle Allé 4, DK-2970 Hørsholm, Danmörk,

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki Glycom A/S.

([24]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

4. Leyfið, sem kveðið er á um í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 609/2013, tilskipunar 2002/46/EB og reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknirnar og skýrslurnar í umsóknarskránni, sem var grundvöllurinn fyrir mati Matvælaöryggisstofnunarinnar á 2'-FL/DFL og sem umsækjandinn heldur fram að uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) 2015/2283, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema Glycom A/S samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„2'-fúkósýllaktósa/ difúkósýllaktósa-blanda (2'-FL/DFL) (örverufræðilegur uppruni)	**Tilgreindur matvælaflokkur**	**Hámarksgildi**	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „2′-fúkósýllaktósa/ difúkósýllaktósa-blanda“. Á merkimiða fæðubótarefna sem innihalda 2′-fúkósýllaktósa/ difúkósýllaktósa-blöndu skal vera yfirlýsing þess efnis að ekki skuli nota fæðubótarefnin ef brjóstamjólkur eða annarra matvæla, sem innihalda viðbættan 2′-fúkósýllaktósa og/eða difúkósýllaktósa, er neytt sama dag.		Leyft 19.12.2019 Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Glycom A/S, Kogle Allé 4, DK-2970 Hørsholm, Danmörk. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Glycom A/S leyfilegt að setja nýfæðið 2'-fúkósýllaktósa/difúkósýllaktósa-blöndu á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Glycom A/S. Lokadagur gagnaverndar: 19.12.2024.“
	Óbragðbættar gerilsneyddar og óbragðbættar dauðhreinsaðar (þ.m.t. leifturhitaðar) mjólkurafurðir	2,0 g/l			
	Óbragðbættar gerjaðar afurðir, að stofni til úr mjólk	2,0 g/l (drykkjarvörur) 20 g/kg (aðrar vörur en drykkjarvörur)			
	Bragðbættar gerjaðar afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur	2,0 g/l (drykkjarvörur) 20 g/kg (aðrar vörur en drykkjarvörur)			
	Drykkjarvörur (bragðbættar drykkjarvörur)	2,0 g/l			
	Kornstangir	20 g/kg			
	Ungbarnablanda eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013	1,6 g/l í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda			
	Stoðblanda eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013	1,2 g/l í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda			
	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013	1,2 g/l (drykkjarvörur) í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda			

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
		10 g/kg af öðrum vörum en drykkjarvörum			
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013	4,0 g/l (drykkjarvörur) 40 g/kg (aðrar vörur en drykkjarvörur)			
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir			
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir almenning, að undanskildum ungbörnum	4,0 g/dag			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„2'-fúkósýllaktósa/difúkósýllaktósa-blanda (2'-FL/DFL) (örverufræðilegur uppruni)	**Lýsing/Skilgreining:** 2′-fúkósýllaktósa/difúkósýllaktósa-blanda er hreinsað, hvítt yfir í beinhvítt, myndlaust duft sem er framleitt með örveruferli. Eftir hreinsun er 2′-fúkósýllaktósa/difúkósýllaktósa-blandan aðgreind frá öðrum efnum með úðaþurrkun. **Uppruni:** Erfðabreyttur stofn *Escherichia coli*, stofn K-12 DH1 **Eiginleikar/samsetning** Útlit: Hvítt yfir í beinhvítt duft eða samsafn Summa 2′-fúkósýllaktósa, difúkósýllaktósa, laktósa og fúkósa (% af þurrefni): ≥ 92,0% (massahlutfall) Summa 2'-fúkósýllaktósa og difúkósýllaktósa (% af þurrefni): ≥ 85,0% (massahlutfall) 2′-fúkósýllaktósi (% af þurrefni): ≥ 75,0% (massahlutfall) Difúkósýllaktósi (% af þurrefni): ≥ 5,0% (massahlutfall) D-laktósi: ≤ 10,0% (massahlutfall) L-fúkósi: ≤ 1,0% (massahlutfall) 2′-fúkósýl-D-laktúlósi: ≤ 2,0% (massahlutfall) Summa annarra kolvetna (*): ≤ 6,0% (massahlutfall)

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Raki: ≤ 6,0% (massahlutfall) Súlfataska ≤ 0,8 % (massahlutfall) pH-gildi (20 °C, 5% lausn): 4,0–6,0 Prótínleifar: ≤ 0,01% (massahlutfall) **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarlíftala loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 1000 CFU/g Iðrabakteríur: ≤ 10 CFU/g *Salmonella* sp.: Neikvætt/25 g Gersveppir: ≤ 100 CFU/g Myglusveppir: ≤ 100 CFU/g Inneiturleifar: ≤ 10 EU/mg CFU: Þyrpingamyndandi einingar, EU: Inneitureiningar

(*) 3'-fúkósýllaktósi, 2'-fúkósýlgalaktósi, glúkósi, galaktósi, mannítól, sorbítól, galaktítól, tríhexósi, allólaktósi og önnur kolvetni með skylda byggingu.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1675 **2020/EES/69/39**

frá 4. október 2019

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) *Verticillium albo-atrum* (áður *Verticillium dahlia*) af stofni WCS850 var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. apríl 2020.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 1. nóvember 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 257, 8.10.2019, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 19. desember 2018. Framkvæmdastjórnin lagði upphaflegu drögin að endurnýjunarskýrslunni um *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 22. mars 2019.

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurnýjunarskýrslunni.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem sveppaeyðir.

12) Framkvæmdastjórnin telur að *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 er örvera. Í kjölfar mats skýrslugjafaraðildarríkisins og Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar er búist við að einungis stafi lítil áhætta af því fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið. Einkum stafar hugsanleg yfirfærsla eða uppbygging þols gegn sýkingalyfjum í sveppum, s.s. *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850, af ýmsum þáttum og er ekki kóðuð af einu geni; lárétt færsla gena, sem hafa þol gegn sýkingalyfjum, milli sveppategunda virðist því vera mjög sjaldgæf og tengist ekki sérstöku gangvirki, eins og á við um bakteríur. Því telur framkvæmdastjórnin að ekki hafi verið sýnt fram á margþætt þol gegn sýkingalyfjum sem eru notuð við lækningar manna og dýra.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 sem áhættulitlu virku efni.

14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði.

15) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/168 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 framlengt til 30. apríl 2020 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(1), 5575. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/168 frá 31. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, Bacillus subtilis (Cohn 1872) af stofni QST 713, Bacillus thuringiensis undirteg. Aizawai, Bacillus thuringiensis undirteg. israeliensis, Bacillus thuringiensis undirteg. kurstaki, Beauveria bassiana, benflúralín, klódínafóp, klópýralíð, Cydia pomonella-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, epoxíkónasól, fenpýroxímat, flúasínam, flútólaníl, fosetýl, Lecanicillium muscarium, mepanípýrím, mepíkvat, Metarhizium anisopliae var. Anisopliae, metkónasól, metrafenón, Phlebiopsis gigantea, pírimíkarb, Pseudomonas chlororaphis af stofni MA 342, pýrimetaníl, Pythium oligandrum, rimsúlfúrón, spínósað, Streptomyces K61, þíaklópríð, tólklófosmetýl, Trichoderma asperellum, Trichoderma atroviride, Trichoderma gamsii, Trichoderma harzianum, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól, Verticillium albo-atrum og síram (Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	**IUPAC-heiti**	**Hreinleiki** (1)	**Dagsetning samþykkis**	**Samþykki rennur út**	**Sértæk ákvæði**
Verticillium albo-atrum af stofni WCS850 (stofnasafn nr. CBS 276.92)	Á ekki við	Lágmarksstyrkleiki: $0,7 \times 10^7$ CFU/ml af eimuðu vatni Hámarksstyrkur: $1,5 \times 10^7$ CFU/ml af eimuðu vatni Engin óhreinindi sem skipta máli.	1. nóvember 2019	31. október 2034	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunar-skýrslunni um *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 kunni að vera næmandi. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í „Issue Paper on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products“ efnahags- og framfarastofnunarinnar sem finna má í vinnuskjali framkvæmda-stjórnarinnar SANCO/12116/2012 (2).

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni (gagnagrunnur ESB yfir varnarefni).
(2) https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/plant/docs/pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 209 um *Verticillium albo-atrum* brott.

2) Í D-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„18	*Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 (stofnasafn nr. CBS 276.92)	Á ekki við	Lágmarksstyrkleiki: $0,7 \times 10^7$ CFU/ml af eimuðu vatni Hámarksstyrkur: $1,5 \times 10^7$ CFU/ml af eimuðu vatni Engin óhreinindi sem skipta máli	1. nóvember 2019	31. október 2034	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 kunni að vera næmandi. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti í því skyni að sjá til þess að farið sé að viðmiðunarmörkum um örverumengun eins og um getur í „Issue Paper on Microbial Contaminant Limits for Microbial Pest Control Products“ efnahags- og framfarastofnunarinnar sem finna má í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar SANCO/12116/2012 (2).“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/plant/docs/pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/17 **2020/EES/69/40**

frá 10. janúar 2020

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klórpýrifosmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/72/EB ([2]) var klórpýrifosmetýli bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu klórpýrifosmetýli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. janúar 2020.

4) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu klórpýrifosmetýli voru lagðar fram í samræmi við 1. gr. Framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjendurnir lögðu fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknirnar væru fullgerðar.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 3. júlí 2017.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjendanna og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Hinn 4. júlí 2018 fór Matvælaöryggisstofnunin fram á að umsækjendurnir legðu fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð matsskýrsla um endurnýjun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 7, 13.1.2020, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/72/EB frá 21. október 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klórpýrífosi, klórpýrifosmetýli, mankósebi, manebi og metírami. (Stjtíð. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 63).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

9) Matvælaöryggisstofnunin skipulagði umræður sérfræðinga í apríl 2019 til að ræða tiltekin atriði varðandi áhættumat fyrir heilbrigði manna. Vegna áhyggna af erfðaeiturhrifum og taugaeiturhrifum á þroskun sem komu í ljós í umræðunum sendi framkvæmdastjórnin umboð til Matvælaöryggisstofnunarinnar 1. júlí 2019 með beiðni um yfirlýsingu um fyrirliggjandi niðurstöður úr mati á heilbrigði manna og upplýsingar um hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki sem eiga við um heilbrigði manna eins og mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

10) Hinn 31. júlí 2019 sendi Matvælaöryggisstofnunin upphaflega yfirlýsingu sína ([6]) um fyrirliggjandi niðurstöður úr mati á heilbrigði manna til framkvæmdastjórnarinnar. Hinn 11. nóvember 2019 sendi Matvælaöryggisstofnunin uppfærða yfirlýsingu sína ([7]) til framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar frekari umræðna sérfræðinga í september 2019. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti í uppfærðri yfirlýsingu sinni niðurstöður sínar um mat á heilbrigði manna um að veruleg áhyggjuefni væru fyrir hendi. Ekki er hægt að útiloka hugsanleg erfðaeiturhrif klórpýrifosmetýls þegar tekið er tilliti til áhyggna sem hafa komið í ljós vegna klórpýrifoss og fyrirliggjandi aðgengilegra vísindaheimilda um klórpýrifosmetýl í greiningu á vægi rökstuddra vísbendinga. Í jafningjarýninni töldu sérfræðingar að ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum væri réttlætanleg að því er varðar þessi tvö efni þar sem þau eru svipuð að byggingu og eiturhvarfaleg hegðun þeirra er svipuð. Af þessum sökum er ekki hægt að fastsetja heilbrigðismiðuð viðmiðunargildi fyrir klórpýrifosmetýl og vinna viðeigandi áhættumat fyrir neytendur eða áhættumat sem ekki er fæðutengt. Enn fremur komu fram áhyggjuefni varðandi taugaeiturhrif á þroskun þar eð faraldsfræðilegar vísbendingar eru fyrir hendi sem sýna tengingu á milli váhrifa af völdum klórpýrifoss og/eða klórpýrifosmetýls við þroskun og neikvæðra taugaþroskunarfræðilegra niðurstaðna hjá börnum. Að auki kemur fram að samkvæmt jafningjarýni sérfræðinganna er ef til vill rétt að flokka klórpýrifosmetýl sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B í samræmi við viðmiðanirnar sem eru fastsettar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([8]).

11) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjendunum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi yfirlýsingar Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, bauð framkvæmdastjórnin umsækjendunum að leggja fram athugasemdir varðandi drög að endurnýjunarskýrslunni. Umsækjendurnir lögðu fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

12) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjendurnir settu fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi virka efnið.

13) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Mat á umhverfisáhættu, þó því sé ekki lokið, getur ekki breytt þessari niðurstöðu þar eð viðmiðanirnar fyrir samþykki í tengslum við áhrif á heilbrigði manna eru ekki uppfylltar og ætti því ekki að seinka frekar ákvarðanatöku um endurnýjun samþykkis fyrir virka efninu. Því er rétt að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klórpýrifosmetýli í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

14) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda klórpýrifosmetýl.

16) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda klórpýrifosmetýl ætti sá frestur ekki að vara lengur en í þrjá mánuði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

17) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1796 ([9]) var samþykkistímabilið fyrir klórpýrifosmetýl framlengt til 31. janúar 2020 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja ekki samþykkið er tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð þó að taka gildi eins fljótt og hægt er.

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2019. „Statement on the available outcomes of the human health assessment in the context of the pesticides peer review of the active substance chlorpyrifos-methyl.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5810. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2019.5810.

([7]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2019. „Updated statement on the available outcomes of the human health assessment in the context of the pesticides peer review of the active substance chlorpyrifos-methyl.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2019, 17(11), 5908, 21 bls., https://doi.org/10.2903/ j.efsa.2019.5908.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1796 frá 20. nóvember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin amíðsúlfúrón, bífenox, klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, klófentesín, díkamba, dífenókónasól, díflúbensúrón, díflúfeníkan, dímoxýstróbín, fenoxapróp-p, fenprópidín, lenasíl, mankóseb, mekóprópp, metíram, níkósúlfúrón, oxamýl, píklóram, pýraklóstróbín, pýriproxýfen og trítósúlfúrón (Stjtíð. ESB L 294, 21.11.2018, bls. 15).

18) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir klórpýrifosmetýli skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu klórpýrifosmetýli er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 112. lína, klórpýrifosmetýl, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda klórpýrifosmetýl sem virkt efni eigi síðar en 16. febrúar 2020.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu renna út eigi síðar en 16. apríl 2020.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/18 **2020/EES/69/41**

frá 10. janúar 2020

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klórpýrifosi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

4) Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta hefur látið framkvæmdastjórninni í té uppfærðar upplýsingar, sem safnað hefur verið hjá eftirlitsyfirvöldum aðildarríkjanna, um hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma sem lögð voru á í samræmi við 7. og 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([3]) og 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB ([4]), á hverjum landsbundnum markaði fyrir heildsölu á lúkningu símtala í talsímaþjónustu í einstökum farsímanetum, og um heildarfjölda áskrifenda í aðildarríkjunum.

5) Framkvæmdastjórnin hefur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 513/2012, reiknað út vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu með því að margfalda hæsta verð fyrir lúkningu símtala í farsíma, sem leyfilegt er í tilteknu aðildarríki, með heildarfjölda áskrifenda í því aðildarríki, leggja það margfeldi saman fyrir öll aðildarríkin og síðan deila heildarútkomunni með heildarfjölda áskrifenda í öllum aðildarríkjunum á grundvelli gildanna í gögnunum frá og með 1. júlí 2019. Að því er varðar aðildarríki utan evrusvæðisins miðast viðeigandi gengi við meðaltal annars ársfjórðungs 2019 sem er fengið úr gagnagrunni Seðlabanka Evrópu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 320, 11.12.2019, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 172, 30.6. 2012, bls. 10.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1979 frá 13. desember 2018 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2311 (Stjtíð ESB L 317 14.12.2018, bls. 10).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7).

6) Því er nauðsynlegt að uppfæra gildið fyrir vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1979.

7) Því ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1979 úr gildi.

8) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 531/2012 á framkvæmdastjórnin að endurskoða árlega vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu, eins og ákvarðað er með þessari framkvæmdarreglugerð.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu er fastsett við 0,0079 evrur á mínútu.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1979 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/158 **2020/EES/69/45**

frá 5. febrúar 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/799 að því er varðar innbyggðan vigtunarbúnað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum ([1]), einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Uppsetning innbyggðs vigtunarbúnaðar er kostur sem aðildarríkjunum býðst, skv. 5. mgr. 10. gr. d í tilskipun ráðsins 96/53/EB ([2]), til að hafa eftirlit með ökutækjum eða samtengdum ökutækjum sem hafa mögulega farið yfir leyfilega hámarksþyngd.

2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1213 ([3]) er mælt fyrir um ítarleg ákvæði til að tryggja samræmdar reglur um rekstrarsamhæfi og samrýmanleika innbyggðs vigtunarbúnaðar.

3) Þar eð kröfur framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1213 stangast á við ákvæðin um innbyggðan vigtunarbúnað, sem sett eru fram í 14. viðbæti við I. viðauka C við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/799 ([4]), ætti þar af leiðandi að breyta þessum viðauka í því skyni að fella brott lið 5.5 í 14. viðbæti.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutninga á vegum sem um getur í 3. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 165/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Liður 5.5 í 14. viðbæti við I. viðauka C við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/799 er fellur brott.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1).

([2]) Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1213 frá 12. júlí 2019 um ítarleg ákvæði sem tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglna um rekstrarsamhæfi og samrýmanleika innbyggðs vigtunarbúnaðar samkvæmt tilskipun ráðsins 96/53/EB (Stjtíð. ESB L 192, 18.7.2019, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/799 frá 18. mars 2016 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 165/2014 þar sem mælt er fyrir um kröfur um smíði, prófun, uppsetningu, virkni og viðgerðir ökurita og íhluta þeirra (Stjtíð. ESB L 139, 26.5.2016, bls. 1).

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/111 **2020/EES/69/46**

frá 13. janúar 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar samþykki fyrir flugverndarbúnaði í almenningsflugi sem og fyrir þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 ([2]) er bætt við sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 300/2008.

2) Í reglugerð (EB) nr. 272/2009 er framkvæmdastjórninni falið að viðurkenna jafngildi krafna um flugvernd í þriðju löndum í samræmi við þær viðmiðanir sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við þá reglugerð.

3) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 ([3]) eru tilgreind þau þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum.

4) Framkvæmdastjórnin hefur sannreynt að Serbía, að því er varðar Nikola Tesla flugvöllinn í Belgrad, uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 272/2009.

5) Framkvæmdastjórnin hefur sannreynt að Ísrael, að því er varðar Ben Gurion alþjóðaflugvöllinn, uppfylli viðmiðanirnar, sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 272/2009, að því er varðar flugvernd loftfara og skimun farþega og handfarangurs.

6) Ítarlegar ráðstafanir til að framkvæma sameiginlegu grunnkröfurnar, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 300/2008, fela í sér verklagsreglur um samþykki og notkun flugverndarbúnaðar í almenningsflugi.

7) Samræma ætti ráðstafanir, sem gerðar eru til að tryggja að flugverndarbúnaður í almenningsflugi uppfylli tilskildar kröfur um nothæfi, til að tryggja bestu mögulegu framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 27.1.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbót við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 (Stjtíð ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1).

8) Framkvæmdastjórnin viðurkennir að sameiginlegt matsferli Evrópusambands flugmálastjórna sé nauðsynleg forsenda fyrir samþykki flugverndarbúnaðar í almenningsflugi. Flugverndarbúnaður, sem hefur farið í gegnum þetta ferli, ætti þar af leiðandi að njóta góðs af samþykktarkerfi ESB, sem samanstendur af merkingu með sýnilegum stimpli og innfærslu hans í samsteyptan gagnagrunn Sambandsins, sem heimilar tafarlausa dreifingu flugverndarbúnaðar í almenningsflugi í öllu Sambandinu.

9) Þegar endanlegt samþykki búnaðar í almenningsflugi hefur verið veitt með því samþykkja réttargerð ætti að heimila uppsetningu og notkun slíks verndarbúnaðar til bráðabirgða þar til endanlegt samþykki liggur fyrir.

10) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Ákvæði b-liðar 1. og 2. liðar viðaukans við þessa reglugerð skulu þó gilda frá og með 1. apríl 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt sem hér segir:

1) Skránni í fylgiskjali 3-B í 3. kafla er breytt sem hér segir:

   a) eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni um Montenegró (Svartfjallaland):

      „Serbía, að því er varðar Nikola Tesla flugvöllinn í Belgrad“,

   b) eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni um Singapúr:

      „Ísrael, að því er varðar Ben Gurion flugvöll“.

2) Skránni í fylgiskjali 4-B í 4. kafla er breytt sem hér segir:

   a) eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni um Montenegró (Svartfjallaland):

      „Serbía, að því er varðar Nikola Tesla flugvöllinn í Belgrad“,

   b) eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni um Singapúr:

      „Ísrael, að því er varðar Ben Gurion alþjóðaflugvöllinn“.

3) Í skránni í fylgiskjali 5-A í 5. kafla er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni um Montenegró (Svartfjallaland):

   „Serbía, að því er varðar Nikola Tesla flugvöllinn í Belgrad“.

4) Í skránni í fylgiskjali 6-F í 6. kafla er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni um Montenegró (Svartfjallaland):

   „Serbía“.

5) Í stað kafla 12.0 í 12. kafla kemur eftirfarandi:

„12.0. ALMENN ÁKVÆÐI OG SAMÞYKKI Á VERNDARBÚNAÐI

12.0.1. **Almenn ákvæði**

12.0.1.1. Yfirvald, rekstraraðili eða aðili, sem notar búnað til að framkvæma ráðstafanir, sem hann ber ábyrgð á í samræmi við landsbundnu flugverndaráætlunina í almenningsflugi, eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal tryggja að búnaðurinn uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.

Hlutaðeigandi yfirvald skal veita framleiðendum aðgang að upplýsingunum í þessum kafla, sem eru flokkaðar í samræmi við ákvörðun (ESB, KBE) 2015/444 (*), á grundvelli meginreglunnar um þörf á vitneskju (e. *need-to-know basis*).

12.0.1.2. Venjubundnar prófanir skulu gerðar á hverjum einstökum hluta flugverndarbúnaðarins.

12.0.1.3. Framleiðendur búnaðar skulu leggja fram notkunarleiðbeiningar og skal búnaðurinn metinn og notaður í samræmi við þær.

12.0.1.4. Ef nokkrar tegundir verndarbúnaðar eru sameinaðar skal hver og ein þeirra hlíta skilgreindum forskriftum og uppfylla kröfurnar, sem eru settir fram í þessum kafla, bæði þegar þær eru notaðar stakar og samsettar sem kerfi.

12.0.1.5. Búnaður skal staðsettur, uppsettur og honum viðhaldið í samræmi við kröfur framleiðanda búnaðarins.

12.0.2. **Samþykki fyrir verndarbúnaði**

12.0.2.1. Með fyrirvara um lið 12.0.5 er einungis heimilt að setja upp eftirfarandi verndarbúnað eftir 1. október 2020 ef hann hefur fengið „ESB-stimpil“ eða „ESB-stimpil til bráðabirgða“, eins og kveðið er á um í liðunum 12.0.2.5 og 12.0.2.6:

a) málmleitarhlið (WTMD),

b) búnað til greiningar sprengiefnis (EDS),

c) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD),

d) búnað til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi (LEDS),

e) málmleitartæki (MDE),

f) líkamsskanna,

g) búnað til skóskönnunar og

h) greiningartæki fyrir sprengifimar gufur (EVD).

12.0.2.2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja verndarbúnaðinn, sem er skráður í lið 12.0.2.1, og veita honum „ESB-stimpil“.

12.0.2.3. Aðeins má veita leyfi til að setja „ESB-stimpil“ á verndarbúnað sem hefur verið prófaður á prófunarstöðvum þar sem hlutaðeigandi yfirvald ber ábyrgð á ráðstöfunum sem gerðar eru vegna gæðaeftirlits í samræmi við sameiginlegt matsferli Evrópusambands flugmálastjórna.

12.0.2.4. Framkvæmdastjórnin getur aðeins veitt leyfi til að setja „ESB-stimpil“ á verndarbúnað eftir að hún hefur fengið í hendur prófunarskýrslur um viðkomandi búnað eða annars stigs skýrslur frá sameiginlegu matsferli Evrópusambands flugmálastjórna.

Framkvæmdastjórnin getur farið fram á viðbótarupplýsingar að því er varðar prófunarskýrslur.

12.0.2.5. Framkvæmdastjórnin getur veitt leyfi til að setja „ESB-stimpil“ á verndarbúnað sem hefur hlotið staðfestingu fyrir tilstuðlan sameiginlegs matsferlis Evrópusambands flugmálastjórna. Slíkur búnaður skal sjálfkrafa eiga rétt á að fá „ESB-stimpil“ og skal hann fá stöðuna „ESB-stimpill til bráðabirgða“ þar til endanlegt samþykki liggur fyrir.

Leyfa skal uppsetningu og notkun verndarbúnaðar með stöðuna „ESB-stimpill til bráðabirgða“.

12.0.3. **“ESB-stimpill” og gagnagrunnur Sambandsins til verndar aðfangakeðjunni — verndarbúnaður**

12.0.3.1. Færa skal verndarbúnað, sem er skráður í lið 12.0.2.1 og hefur fengið „ESB-stimpil“, í „gagnagrunn Sambandsins til verndar aðfangakeðjunni — verndarbúnaður“.

12.0.3.2. Framleiðendur skulu setja „ESB-stimpilinn“ á verndarbúnað, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, og skal hann vera sýnilegur á einni hlið.

12.0.3.3. Búnaður með „ESB-stimpli“ skal settur upp með útgáfum vélbúnaðar og hugbúnaðar sem samsvara lýsingunni á honum í „gagnagrunni Sambandsins til verndar aðfangakeðjunni — verndarbúnaður“.

12.0.3.4. Með fyrirvara um liðina 12.0.4 og 12.0.5 nýtur verndarbúnaður með „ESB-stimpli“ góðs af gagnkvæmri viðurkenningu og skal vera viðurkenndur með hliðsjón af tiltækileika, dreifingu og notkun í öllum aðildarríkjunum.

12.0.3.5. Framkvæmdastjórnin skal viðhalda „gagnagrunni Sambandsins til verndar aðfangakeðjunni — verndarbúnaður“.

12.0.3.6. Færsla í „gagnagrunni Sambandsins til verndar aðfangakeðjunni — verndarbúnaður“ skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) einstakt alstafakennimerki,

b) heiti framleiðanda,

c) heiti tegundar,

d) nákvæma lýsingu á útfærslu sem felur a.m.k. í sér:

i. útgáfu vélbúnaðar,

ii. greiningaralgrím,

iii. útgáfu kerfishugbúnaðar, ef nauðsyn krefur,

iv. útgáfu aukavélbúnaðar, ef nauðsyn krefur, og

v. útgáfu notkunarleiðbeininga, ef nauðsyn krefur,

e) kröfuna sem hefur verið uppfyllt,

f) stöðu búnaðarins þar sem eitt af eftirfarandi kemur fram:

i. „ESB-stimpill“,

ii. „ESB-stimpill til bráðabirgða“,

iii. „ESB-stimpill sem hefur tímabundið verið felldur úr gildi“,

iv. „ESB-stimpill sem hefur verið afturkallaður“,

v. „ESB-stimpill sem er úreltur“,

g) útgáfudag stöðu búnaðarins.

12.0.4. **„ESB-stimpill“ sem hefur verið tímabundið felldur úr gildi og afturkallaður**

12.0.4.1. Framkvæmdastjórnin getur, að beiðni aðildarríkja eða að eigin frumkvæði, fellt tímabundið úr gildi stöðuna „ESB-stimpill“ og „ESB-stimpill til bráðabirgða“ fyrir verndarbúnað, án þess að tilkynna það fyrir fram, þegar hún fær upplýsingar sem gefa til kynna að búnaðurinn uppfylli ekki kröfuna sem samþykki hans byggist á. Framkvæmdastjórnin skal uppfæra stöðuna í „gagnagrunni Sambandsins til verndar aðfangakeðjunni — verndarbúnaður“ til samræmis við það.

12.0.4.2. Ekki er heimilt að dreifa verndarbúnaði ef staðan „ESB-stimpill“ eða „ESB-stimpill til bráðabirgða“ hefur verið felld tímabundið úr gildi og hlutarnir, sem þegar hefur verið dreift, skulu starfræktir að viðbættum mótvægisaðgerðum, eins og við á.

12.0.4.3. Framkvæmdastjórnin getur, að beiðni aðildarríkja eða að eigin frumkvæði, afturkallað stöðuna „ESB-stimpill“ eða „ESB-stimpill til bráðabirgða“ fyrir verndarbúnað ef hún telur að verndarbúnaðurinn uppfylli ekki lengur kröfuna sem samþykki hans byggist á.

12.0.4.4. Ekki er heimilt að starfrækja verndarbúnað ef staðan „ESB-stimpill“ eða „ESB-stimpill til bráðabirgða“ hefur verið afturkölluð eða hún er orðin úrelt, frá og með útgáfudegi stöðunnar eins og hún er skráð í „gagnagrunn Sambandsins til verndar aðfangakeðjunni — verndarbúnaður“.

12.0.4.5. Framkvæmdastjórnin getur endurveitt stöðuna „ESB-stimpill“ eða „ESB-stimpill til bráðabirgða“ þegar hún fær upplýsingar um að búnaðurinn uppfylli á ný kröfuna sem samþykki hans byggist á.

12.0.5. **Strangari ráðstafanir fyrir verndarbúnað og landsbundið samþykki**

12.0.5.1. Aðildarríkjum er heimilt að víkja frá meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu með því að beita strangari ráðstöfunum fyrir verndarbúnað. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir, samþykki sín á verndarbúnaði og ráðstafanir sem þau hafa gert til að tryggja að verndarbúnaðurinn, sem þau samþykkja, uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.

12.0.5.2. Aðildarríkjum er heimilt að víkja frá meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu með því að beita eigin tilhögun samþykkis fyrir verndarbúnað. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessa tilhögun, samþykki sín á búnaði og frekari ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja að verndarbúnaðurinn uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.

12.0.5.3. Verndarbúnaður, sem er samþykktur á landsvísu á grundvelli liðar 12.0.5.1 eða 12.0.5.2, skal ekki hljóta „ESB-stimpil“.

(*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/444 frá 13. mars 2015 um öryggisreglur til verndar trúnaðarflokkuðum upplýsingum ESB (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 53).“

6) Í 12. kafla bætist við eftirfarandi fylgiskjal 12-N:

„FYLGISKJAL 12-N

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir skósprengjuskanna (SED).“

7) Í 12. kafla bætist við eftirfarandi fylgiskjal 12-O:

„FYLGISKJAL 12-O

Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarleg ákvæði um nothæfiskröfur fyrir greiningartæki fyrir sprengifimar gufur.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2105 **2020/EES/69/47**

frá 9. desember 2019

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ([2]) var stofnuð skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins.

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu tiltekin aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) framkvæmdastjórninni upplýsingar sem skipta máli við uppfærslu þeirrar skrár. Þriðju lönd og alþjóðastofnanir veittu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þeirra upplýsinga ætti að uppfæra skrána.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur, sem myndu liggja til grundvallar ákvörðunar um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins, eða ákvörðunar um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er að finna í skránni í viðauka A eða B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við nefndina sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 2111/2005 („flugöryggisnefndin“).

5) Framkvæmdastjórnin lagði fyrir flugöryggisnefndina upplýsingar um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 ([3]), við lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkja: Armeníu, Belarús (Hvíta-Rússlands), Dóminíska lýðveldisins, Miðbaugs-Gíneu, Gabon, Indónesíu, Moldóvu og Rússlands. Framkvæmdastjórnin upplýsti einnig flugöryggisnefndina um stöðu flugöryggis í Angóla, Lýðveldinu Kongó (Brazzaville), Írak, Kirgiska lýðveldinu, Malasíu, Nepal, Túrkmenistan og Venesúela.

6) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um tæknimat sem var gert fyrir upphaflega matið og stöðuga vöktun heimilda fyrir flugrekanda frá þriðja landi (TCO-heimild), sem gefnar eru út samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 318, 10.12.2019, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 14).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtíð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 12).

7) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina einnig um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem voru framkvæmdar innan ramma áætlunarinnar um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunarinnar) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([5]).

8) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina enn fremur um verkefni á sviði tækniaðstoðar í þriðju löndum sem verða fyrir áhrifum flugrekstrarbanns samkvæmt reglugerð (EB) nr. 474/2006. Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fram upplýsingar um áætlanir og beiðnir um frekari tækniaðstoð og samstarf til að auka getu flugmálayfirvalda almenningsflugs í þriðju löndum á sviði stjórnsýslu og tækni með það fyrir augum að aðstoða þau við að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum öryggiskröfum um almenningsflug. Aðildarríki voru hvött til að bregðast við slíkum beiðnum á tvíhliða grundvelli í samráði við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu. Í þessu samhengi ítrekaði framkvæmdastjórnin nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan samstarfsúrræða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til aðstoðar við framkvæmd flugöryggismála, um tækniaðstoð við þriðju lönd sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.

9) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina uppfærðar upplýsingar um stöðu SAFA-viðvörunarkerfisins og viðvörunarkerfis flugrekenda í þriðju löndum og um fyrirliggjandi tölfræðilegar upplýsingar um viðvörunarskilaboð vegna flugrekenda sem er bannað að stunda flugrekstur.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

10) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda í Sambandinu og úr eftirliti með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem og úr sérstökum skoðunum og úttektum, sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa mörg aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um þær. Búlgaría upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um aðgerðir sem gripið hefur verið til í tengslum við flugrekendur sem hafa fengið vottun í Búlgaríu.

11) Aðildarríkin ítrekuðu að þau væru tilbúin að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna yfirvofandi öryggisáhættu sem afleiðing af því að flugrekendur í Sambandinu fara ekki að viðeigandi öryggiskröfum.

Flugrekendur frá Armeníu

12) Flugrekendur frá Armeníu hafa aldrei verið færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

13) Sem hluti af TCO-heimildarferli Flugöryggisstofnunar Evrópu fór hún í heimsókn á starfsstöð í júlí 2019 til Flugmálastjórnar Armeníu (CAC) og tveggja flugrekenda, þ.e.a.s. *Taron AviaLLC* og *Atlantis European Airways*.

14) Eftir heimsóknina komst Flugöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu að Flugmálastjórn Armeníu hafði ekki fylgt viðteknu vottunarferli á kerfisbundinn hátt við uppfærslu rekstrarforskrifta þessara flugrekenda. Þar að auki gat Flugmálastjórn Armeníu ekki veitt fullvissu um að hún væri kerfisbundið að meta öryggisstjórnunarkerfin, kerfin fyrir áframhaldandi lofthæfi og viðhaldsfyrirtæki flugrekendanna sem hún hafði vottað. Enn fremur skorti Flugmálastjórn Armeníu getu til að greina hvort verulega hafi borið á því að flugrekendur hafi ekki farið að viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum.

15) Í kjölfar ágallanna, sem Flugöryggisstofnun Evrópu vakti máls á í tengslum við TCO-heimildarferlið, upplýsti framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Armeníu, með bréfi dagsettu 11. október 2019, um fjölda öryggisvandamála í tengslum við flugrekendurna, sem skráðir eru í Armeníu, og buðu Flugmálastjórn Armeníu og flugrekandanum *Taron Avia LLC* í áheyrn hjá flugöryggisnefndinni í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

16) Hinn 7. nóvember 2019 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og Flugmálastjórn Armeníu tæknifund í Brussel. Á þeim fundi lagði Flugmálastjórn Armeníu fram upplýsingar um eftirlitsstarfsemi sína, þ.m.t. áætlanir hennar um endurskipulagningu, um ráðningar og þjálfun tæknimenntaðs starfsfólks og um að bæta eftirlitsgetu sína. Flugmálastjórn Armeníu upplýsti framkvæmdastjórnina um að í kjölfar þeirra ágalla sem Flugöryggisstofnun Evrópu vakti máls á í tengslum við TCO-heimild flugrekandans *Taron Avia LLC* í júlí 2019 hefði Flugmálastjórn Armeníu ákveðið, þann 7. nóvember 2019, að afturkalla flugrekandaskírteini þessa flugrekanda. Að teknu tilliti til þess að flugrekandinn *Taron Avia LLC* hætti starfsemi sinni af þessum sökum var ekki lengur þörf á að bjóða flugrekandanum í áheyrn hjá flugöryggisnefndinni.

17) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. niðurstöður úr TCO-mati Flugöryggisstofnunar Evrópu, skoðanir á hlaði sem aðildarríkin hafa framkvæmt innan ramma SAFA-áætlunarinnar og upplýsingar sem Flugmálastjórn Armeníu lagði fram, telur framkvæmdastjórnin að Flugmálastjórn Armeníu ætti að þróa áfram getu sína í tengslum við skoðanir á flugrekendum þar sem vottun og eftirlit með þeim er á ábyrgðarsviði hennar.

18) Við áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 20. nóvember 2019 lagði Flugmálastjórn Armeníu fram yfirlit um uppbyggingu sína og skipulag, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um það starfsfólk sem hefur verið ráðið til starfa á lofthæfideildinni og flugrekstrardeildinni. Flugmálastjórn Armeníu lagði fram ítarlegar upplýsingar um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til að því er varðar fjölda flugrekenda sem skráðir eru í Armeníu, um þjálfun eftirlitsmanna og framtíðarþróun á því sviði, þ.m.t. áætlanirnar um ráðningu nýrra eftirlitsmanna. Framkvæmdastjórnin undirstrikaði væntingar sínar um að Flugmálastjórn Armeníu, rétt eins og öll önnur flugmálayfirvöld á sviði almenningsflugs, gæfi aðeins út flugrekanda-skírteini og samþykkti loftför á skrá sinni ef og þegar hún hefur fulla getu til að hafa eftirlit með þeim.

19) Að auki lagði Flugmálastjórn Armeníu áherslu á fyrirhugaða samleitni við regluramma Sambandsins sem fylgir gerð og framkvæmd samkomulagsins um sameiginlegt flugsvæði á milli Evrópusambandsins og aðildarríkja þess og Armeníu.

20) Við áheyrnina skuldbatt Flugmálastjórn Armeníu sig til að upplýsa framkvæmdastjórnina stöðugt um eftirlitsstarfsemi sína og þær aðgerðir sem gripið er til í því skyni að bæta öryggi í almenningsflugi í Armeníu enn frekar, einkum frekari þróun og framkvæmd flugöryggisáætlunar Armeníu.

21) Framkvæmdastjórnin hyggst láta fara fram, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og stuðningi aðildarríkjanna, matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í Armeníu til að sannreyna hvort vottun og eftirlit Flugmálastjórnar Armeníu með flugrekendum fari fram í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur. Í þessari matsheimsókn á starfsstöð verður lögð áhersla á að skoða Flugmálastjórn Armeníu og valda flugrekendur í Armeníu.

22) Jafnvel þótt ýmsir annmarkar sem komu í ljós þarfnist lagfæringar eru þeir ekki þess eðlis að þeir réttlæti að allir flugrekendur frá Armeníu séu færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

23) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Armeníu.

24) Aðildarríki, sem forgangsraða skoðunum á hlaði hjá öllum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Armeníu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012, ættu að halda áfram að sannreyna að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Armeníu, uppfylli enn með skilvirkum hætti viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur.

25) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Belarús (Hvíta-Rússlandi)

26) Flugrekendur frá Belarús hafa aldrei verið færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

27) Hinn 17. september 2018, í framhaldi af því að Flugöryggisstofnun Evrópu vakti máls á annmörkum í öryggismálum innan ramma TCO-heimildaferlisins, hóf framkvæmdastjórnin samráð við Flugmálastjórn Belarús (AD-BLR) skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

28) Eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni þann 3. apríl 2019 viðurkenndi flugöryggisnefndin árangur Flugmálastjórnar Belarús að því er varðar framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafa, en á sama tíma ákvað hún að Flugmálastjórn Belarús ætti að efla enn frekar getu sína til að hafa eftirlit með flugöryggi.

29) Hinn 5. nóvember 2019 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og fulltrúar Flugmálastjórnar Belarús tæknifund. Tilgangurinn með fundinum var að fara yfir áætlunina um aðgerðir til úrbóta, sem Flugmálastjórn Belarús hafði komið í framkvæmd, og tengdar aðgerðir sem Flugmálastjórn Belarús hafði tekist á hendur til að tryggja að kerfið hennar um eftirlit með flugöryggi uppfyllti með skilvirkum hætti alþjóðlegar öryggiskröfur. Fundurinn undirstrikaði þörfina á að Flugmálastjórn Belarús veiti framkvæmdastjórninni nánari útlistanir að því er varðar tilteknar aðgerðir sem hún hefur gripið til. Hinn 14. nóvember 2019 tók framkvæmdastjórnin á móti þessum viðbótarupplýsingum.

30) Framkvæmdastjórnin bað Flugmálastjórn Belarús einnig um að fara yfir áætlunina um aðgerðir til úrbóta með því að vinna enn frekar að greiningunni á frumorsök annmarkanna í öryggismálum, sem komu í ljós í matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í mars 2019, með það að markmiði að ræða það í fyrsta ársfjórðungi 2020 á næsta tæknifundi í Brussel.

31) Hinn 20. nóvember 2019 tilkynnti framkvæmdastjórnin flugöryggisnefndinni um upplýsingarnar sem Flugmálastjórn Belarús hafði látið í té, þ.e.a.s. þann árangur sem náðst hefur við að hrinda í framkvæmd sérstakri eftirlitsdeild fyrir fluggeirann, stofnun gæðadeildarinnar, stöðu áætlunarinnar um endurvottun flugrekenda sem hafa fengið vottun hjá Flugmálastjórn Belarús, sem og um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að bæta eftirlitsáætlunina. Framkvæmdastjórnin upplýsti flugöryggisnefndina einnig um að fylgst yrði áfram gaumgæfilega með ástandi almenningsflugs í Belarús.

32) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Belarús.

33) Aðildarríki, sem forgangsraða skoðunum á hlaði hjá öllum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Belarús samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012, ættu að halda áfram að sannreyna að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Belarús, uppfylli enn með skilvirkum hætti viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur.

34) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Dóminíska lýðveldinu

35) Flugrekendur frá Dóminíska lýðveldinu hafa aldrei verið færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

36) Hinn 15. apríl 2019 hóf framkvæmdastjórnin samráð við Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins (IDAC) í kjölfar þess að Flugöryggisstofnun Evrópu vakti máls á annmörkum í öryggismálum innan ramma TCO-heimildarferlisins og á grundvelli greiningar á skoðunum á hlaði, sem voru framkvæmdar innan ramma SAFA-áætlunarinnar, skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.

37) Hinn 10. október 2019 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu, fulltrúi aðildarríkis og fulltrúar Flugmálastjórnar Dóminíska lýðveldisins tæknifund. Á þeim fundi lét Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins framkvæmdastjórninni í té almennar upplýsingar um fluggeirann í Dóminíska lýðveldinu, um fjölda þess starfsfólks sem stendur til boða til öryggiseftirlits og hvernig slíkt eftirlit fer fram. Á fundinum var einnig rætt um þá erfiðleika sem upp komu hjá tilteknum flugrekendum í tengslum við TCO-heimildaferlið, einkum vegna annmarka í öryggismálum, sem og um þá ágalla sem vakið var máls á við skoðanir á hlaði í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-skoðanir). Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins upplýsti framkvæmdastjórnina um að ráðstafanir til úrbóta væru í bígerð til að takast á við frumorsakir þeirra annmarka í öryggismálum sem Flugöryggisstofnun Evrópu vakti máls á. Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins upplýsti einkum um yfirstandandi aðgerðir að því er varðar þjálfun starfsfólks.

38) Á þeim fundi upplýsti Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins einnig um stöðu mála varðandi framkvæmd flugöryggisáætlunar Dóminíska lýðveldisins. Þar sem Flugmálastjórn Dóminíska lýðveldisins er sannfærð um að starfsemi hennar samrýmist að öllu leyti alþjóðlegum öryggiskröfum bauð hún Sambandinu að koma í matsheimsókn á starfsstöð. Framkvæmdastjórnin telur því nauðsynlegt að aðilar frá Sambandinu fari í matsheimsókn á starfsstöð áður en boðað verður til næsta fundar flugöryggisnefndarinnar.

39) Jafnvel þótt framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnun Evrópu hafi greint ýmsa annmarka á grundvelli greiningar á upplýsingum, sem fengust úr gögnum og á tæknifundinum, eru annmarkarnir ekki þess eðlis að þeir réttlæti að flugrekendur frá Dóminíska lýðveldinu séu færðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

40) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Dóminíska lýðveldinu.

41) Aðildarríki, sem forgangsraða skoðunum á hlaði hjá öllum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Dóminíska lýðveldinu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012, ættu að halda áfram að sannreyna að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Dóminíska lýðveldinu, uppfylli enn með skilvirkum hætti viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur.

42) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Miðbaugs-Gíneu

43) Árið 2006 voru allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu, skráðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

44) Í október 2017 fór fram matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í Miðbaugs-Gíneu þar sem metin voru störf flugmálayfirvalda, Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu (AAGE). Einnig var farið í heimsókn til tveggja starfandi flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu, þ.e.a.s. *CEIBA Intercontinental* og *Cronos Airlines*. Í matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð kom fram að nauðsynlegt væri að gera frekari endurbætur til að nýjustu breytingar á alþjóðlegum öryggiskröfum séu jafnóðum færðar inn í kerfið um eftirlit með flugöryggi. Í þessu skyni gerði Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu áætlun um aðgerðir til úrbóta.

45) Í desember 2018 lýsti Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu yfir áhuga sínum við framkvæmdastjórnina um að hefja aftur viðræður um breytingu á viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar alla flugrekendur sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu. Hinn 12. febrúar 2019 sendi framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu bréf þar sem hún fór fram á ítarlega skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta og um aðrar viðeigandi upplýsingar um árangur Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu við að ráða bót á annmörkum sínum í öryggismálum. Upplýsingarnar sem Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu lagði fram milli 11. júlí og 20. ágúst 2019 voru ófullnægjandi og benti framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu á það þann 10. september 2019. Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu sendi frekari upplýsingar 17. september 2019 og 28. október 2019 um flugrekandann *CEIBA Intercontinental* annars vegar og flugrekandann *Cronos Airlines* hins vegar, sem og upplýsingar um skipulag Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu, starfsfólk hennar og eftirlitsstarfsemi.

46) Hinn 6. nóvember 2019 komst Flugöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu að öll umbeðin gögn höfðu verið látin í té og að þessar upplýsingar sýndu að gerðar hefðu verið úrbætur á eftirlitsstarfinu innan kerfis Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu um eftirlit með flugöryggi, þ.m.t. aukið eftirlit með tveimur flugrekendum í atvinnurekstri, þ.e.a.s. *CEIBA Intercontinental* og *Cronos Airlines*. Flugöryggisstofnun Evrópu komst þó einnig að þeirri niðurstöðu að geta Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu til að ráða bót á annmörkum með sjálfbærum hætti væri enn áhyggjuefni.

47) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Miðbaugs-Gíneu.

48) Aðildarríki, sem forgangsraða skoðunum á hlaði hjá öllum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012, ættu að halda áfram að sannreyna að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu, uppfylli enn með skilvirkum hætti viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur.

Flugrekendur frá Gabon

49) Árið 2008 ([6]) voru allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Gabon, skráðir í viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, að undanskildum flugrekendunum *Gabon Airlines* og *Afrijet* sem voru skráðir í viðauka B við þá reglugerð.

50) Samráð milli framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda í Gabon, Flugmálastjórnar Gabon (ANAC Gabon), heldur áfram með það að markmiði að fylgjast með árangri Flugmálastjórnar Gabon við að tryggja að kerfi hennar um eftirlit með flugöryggi uppfylli alþjóðlegar öryggiskröfur.

51) Úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í janúar 2019 leiddi í ljós að Flugmálastjórn Gabon uppfyllir nú 72,6% af alþjóðlegum öryggiskröfum sem er 26,1% aukning fyrir árið 2016.

52) Frá 14.–18. október 2019 fór fram matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð á skrifstofum Flugmálastjórnar Gabon og á athafnasvæðum þeirra tveggja flugrekenda sem nú eru með vottun, þ.e.a.s. *Afrijet Business Service* og *Solenta Aviation Gabon*.

53) Meðan á heimsókninni stóð sýndi Flugmálastjórn Gabon að hún hafði náð verulegum árangri á undanförnum árum, þ.e.a.s. að hún hafi getu til að viðhalda og framfylgja áreiðanlegu eftirlitskerfi. Svo virðist sem lög og reglur í landinu séu reglulega uppfærð þegar nýjar breytingar eru samþykktar á kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Flugmálastjórn Gabon hefur lagt fram gögn um að hún hafi innleitt áreiðanlega aðferð við að ráða starfsfólk og þjálfa það. Starfsfólkið er vel hæft og áhugasamt þó að það sé enn erfitt að öðlast reynslu. Flugmálastjórn Gabon ætti að tryggja að komið sé á skilvirkri stjórnun nauðsynlegrar hæfni fyrir starfsemi hennar. Flugmálastjórn Gabon hefur lagt fram gögn um að vottun flugrekenda hafi farið fram í samræmi við vottunarferli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og að öll starfsemi hafi verið mjög vel skráð. Einnig liggja fyrir gögn sem benda til þess að Flugmálastjórn Gabon hafi getuna til að hafa eftirlit með flugstarfsemi í Gabon og til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem tilgreindir voru.

54) Niðurstaða heimsóknanna til þeirra tveggja flugrekenda sem nú eru með vottun í Gabon var sú að þeir stýra báðir áframhaldandi lofthæfi ásamt því að framkvæma aðgerðir í samræmi við gildandi, alþjóðlegar öryggiskröfur. Úrtakskönnun á annarri starfsemi leiddi hins vegar í ljós minniháttar annmarka, en engir þeirra höfðu bein áhrif á flugöryggi.

55) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin veittu Flugmálastjórn Gabon og flugrekendunum *Afrijet Business Service* og *Solenta Aviation Gabon* áheyrn 20. nóvember 2019.

56) Við áheyrnina lagði Flugmálastjórn Gabon fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina upplýsingar um kerfið sem hefur verið komið á fót til að tryggja öryggiseftirlit með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Gabon. Hún útskýrði að sá árangur sem náðst hefur við skilvirka framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna, eins og fram kom í úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar árið 2019, sé vegna raða aðgerða sem gripið hefur verið til frá árinu 2012. Flugmálastjórn Gabon lagði áherslu á áframhaldandi endurbætur og upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta sem var samin til að bregðast við niðurstöðum matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á starfsstöð í október 2019. Þetta felur í sér stefnumarkmið fyrir framtíðina, eins og að koma á fót flugöryggisáætlun ríkis, vottun gæðakerfis og frekari endurbætur á skilvirkri framkvæmd alþjóðlegra öryggiskrafna. Öll þessi þróun er jákvæð. Áætlaður vöxtur almenningsflugs í Gabon mun hins vegar kalla á að Flugmálastjórn Gabon samþykki sérstakar ráðstafanir til áhættumildunar, einkum með tilliti til fjölda starfsfólks í stofnuninni og nauðsynlegrar sérþekkingar.

57) Við áheyrnina lagði flugrekandinn *Afrijet Business Service* fram yfirlit um uppbyggingu sína og skipulag, núverandi þróunaráætlanir sínar um flota og flugleiðir og meginþætti í öryggisstjórnunarkerfi flugrekandans, þ.m.t. hættugreiningar- og áhættumildunarferli.

58) Flugrekandinn *Solenta Aviation Gabon* lagði fram yfirlit um uppbyggingu sína og skipulag, núverandi þróunaráætlanir sínar um flota og flugleiðir og meginþætti öryggisstjórnunarkerfis flugrekandans, þ.m.t. hættugreiningar- og áhættumildunarferli. Flugrekandinn lagði áherslu á skuldbindingu sína að bæta stöðugt öryggisframmistöðu sína og undirstrikaði það með því að útskýra flækjustig starfrækslunnar og áhafnarstjórnunarinnar, svo og öryggisstjórnunarferlin sem notuð eru til að tryggja öruggt flug. Flugrekandinn benti einnig á að þessar aðgerðir væru undir gaumgæfilegri athugun Flugmálastjórnar Gabon.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 715/2008 frá 24. júlí 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 36).

59) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella alla flugrekendurna, sem hafa fengið vottun í Gabon, brott úr viðauka A og B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

60) Aðildarríki, sem forgangsraða skoðunum á hlaði hjá öllum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Gabon samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012, ættu að halda áfram að sannreyna að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Gabon, uppfylli enn með skilvirkum hætti viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur.

61) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Indónesíu

62) Í júní 2018 voru allir flugrekendur frá Indónesíu felldir brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/871 ([7]). Í þeim tilgangi að vakta kerfið um eftirlit með flugöryggi í Indónesíu enn frekar héldu framkvæmdastjórnin og Flugmálastjórn Indónesíu (DGCA Indonesia) áfram að hafa samráð sín á milli skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006. Í því sambandi veitti Flugmálastjórn Indónesíu, með bréfi dagsettu 27. september 2019, upplýsingar og uppfærðar upplýsingar um öryggiseftirlit fyrir tímabilið mars 2019 til september 2019. Til viðbótar við uppfærðar upplýsingar um áætlunina um aðgerðir til úrbóta, sem gerð var í kjölfar matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á starfsstöð í mars 2018, innihéldu upplýsingarnar, sem Flugmálastjórn Indónesíu lagði fram, einnig uppfærslur sem gerðar hafa verið á skránni yfir handhafa flugrekendaskírteina, skráð loftför, slys, alvarleg flugatvik og atvik í flugi, sem og framfylgdarráðstafanir sem Flugmálastjórn Indónesíu hefur gert.

63) Flugmálastjórn Indónesíu upplýsti einnig framkvæmdastjórnina um stöðuna á aðgerðum til úrbóta í kjölfar samræmdrar fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem fór fram 2017, sem sýna stöðugar framfarir, sérstaklega á sviði lofthæfis.

64) Eftir að hafa skoðað mótteknar upplýsingar og gögn telur framkvæmdastjórnin að flestar útskýringarnar, sem gefnar voru um áætlunina um aðgerðir til úrbóta, alvarleg flugatvik og framfylgdarráðstafanir, séu fullnægjandi. Þar af leiðandi voru sumir ágallar, sem fjallað var um í áætluninni um aðgerðir til úrbóta, leiddir til lykta og nýju tillögðu lokadagsetningarnar voru samþykktar.

65) Hinn 29. október 2019 var gefin út lokaskýrsla um slysið hjá flugrekandanum *Lion Air* í tengslum flug JT610. Sem hluti af sívöktun framkvæmdastjórnarinnar með tilliti til Indónesíu mun hún fara fram á það við Flugmálastjórn Indónesíu að hún haldi áfram að veita tengdar upplýsingar, einkum að því er varðar eftirfylgni með öryggistilmælunum sem fram koma í skýrslunni.

66) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Indónesíu.

67) Aðildarríki, sem forgangsraða skoðunum á hlaði hjá öllum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Indónesíu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012, ættu að halda áfram að sannreyna að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Indónesíu, uppfylli enn með skilvirkum hætti viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur.

68) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/871 frá 14. júní 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 152, 15.6.2018, bls. 5).

Flugrekendur frá Moldóvu

69) Í apríl 2019 ([8]) var öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Moldóvu, bannað að stunda flugrekstur, að þremur flugrekendum undanskildum þ.e., *Air Moldova*, *Fly One* og *Aerotranscargo*, aðallega sökum vangetu Flugmálastjórnar Moldóvu (CAAM) til að innleiða og framfylgja viðeigandi, alþjóðlegum öryggiskröfum.

70) Matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í febrúar 2019, þar sem gerðar voru nokkrar athugasemdir að því er varðar reglur, málsmeðferðarreglur og starfsvenjur Flugmálastjórnar Moldóvu, leiddi í ljós að alþjóðlegar öryggiskröfur hefðu aðeins að litlu leyti verið innleiddar.

71) Hinn 24. október 2019 var haldinn tæknifundur með fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu, aðildarríkis og Flugmálastjórnar Moldóvu. Á fundinum lagði Flugmálastjórn Moldóvu fram upplýsingar um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að þróa landsbundinn lagaramma sem samræmist alþjóðlegum öryggiskröfum og sem hefur það að markmiði að bæta öryggiseftirlitskerfi Moldóvu, þ.m.t. um þau skref sem tekin hafa verið til að innleiða öflugra gæðastjórnunarkerfi hjá yfirvaldinu.

72) Flugmálastjórn Moldóvu lagði einnig fram upplýsingar um nýju handbókina um stjórnun yfirvaldsins, gátlistann fyrir greiningu á fylgni við flugöryggisáætlun ríkis sem og öryggisstefnu ríkisins og stöðu innleiðingar öryggisstjórnunarkerfisins fyrir flugrekendur í Moldóvu. Auk þess tilkynnti Flugmálastjórn Moldóvu framkvæmdastjórninni að í kjölfar úttekta og skoðana, sem fram fóru hjá þeim flugrekendum sem skráðir eru í Moldóvu, hafi fjögur flugrekendaskírteini verið felld tímabundið úr gildi, þar af voru tvö gerð gild aftur og tvö endanlega afturkölluð, þ.e.a.s. flugrekendanna *CA Î.M „TANDEM AERO" SRL* og *CA "OSCAR JET" SRL*.

73) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella flugrekendurna *CA Î.M „TANDEM AERO" SRL* og *CA "OSCAR JET" SRL* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

74) Aðildarríki, sem forgangsraða skoðunum á hlaði hjá öllum flugrekendum sem hafa fengið vottun í Moldóvu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012, ættu að halda áfram að sannreyna að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Moldóvu, uppfylli enn með skilvirkum hætti viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur.

75) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórninni verið skylt að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Rússlandi

76) Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa haldið áfram að vakta náið öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Rússlandi og starfrækja flug í Sambandinu, þ.m.t. með því að setja í forgang að skoðanir á hlaði séu framkvæmdar á loftförum tiltekinna rússneskra flugrekenda í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

77) Hinn 25. október 2019 héldu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkis fund með fulltrúum Flugmálastjórnar Rússlands (FATA) til að endurskoða öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, á grundvelli skýrslna úr skoðunum á hlaði, sem framkvæmdar voru á tímabilinu 19. mars 2019 til 4. október 2019, og til að greina þau tilvik þar sem Flugmálastjórn Rússlands ætti að styrkja eftirlitsstarfsemi sína.

78) Engir verulegir eða endurteknir annmarkar í öryggismálum komu í ljós við yfirferð á gögnum um SAFA-skoðanir hjá flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússlandi. Á fundinum upplýsti Flugmálastjórn Rússlands framkvæmdastjórnina um ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið til að tryggja að flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, fari að kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um enskukunnáttu.

79) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. upplýsingar sem Flugmálastjórn Rússlands lagði fram á fundinum, telur framkvæmdastjórnin að á þessu stigi hafi Flugmálastjórn Rússland þá getu og þann vilja sem til þarf til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum. Af þessum ástæðum var niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar sú að hvorki væri þörf á að veita rússneskum flugmálayfirvöldum né flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, áheyrn hjá flugöryggisnefndinni.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/618 frá 15. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 106, 17.4.2019, bls. 1).

80) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, metur framkvæmdastjórnin það því svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Rússlandi í skrána.

81) Aðildarríkin ættu að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur í Rússlandi uppfylli viðeigandi alþjóðlegar öryggiskröfur á skilvirkan hátt með því að setja skoðanir á hlaði í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

82) Ef þessar skoðanir leiða í ljós að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að viðeigandi alþjóðlegum öryggiskröfum, er framkvæmdastjórninni heimilt að setja rekstrarbann á hlutaðeigandi flugrekendur, sem hafa fengið vottun frá Rússlandi, og bæta þeim í viðauka A eða viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

83) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

84) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað viðauka A kemur textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Í stað viðauka B kemur textinn í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Adina VĂLEAN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Í stað viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006 kemur eftirfarandi:

„VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR, SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA FLUGREKSTUR INNAN SAMBANDSINS, MEÐ UNDANÞÁGUM ([1])

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	**Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis**	**Þriggja stafa ICAO-kóði**	**Ríki flugrekanda**
AVIOR AIRLINES	ROI-RNR-011	ROI	Venesúela
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
IRAN ASEMAN AIRLINES	FS-102	IRC	Íslamska lýðveldið Íran
IRAQI AIRWAYS	001	IAW	Írak
MED-VIEW AIRLINES	MVA/AOC/10-12/05	MEV	Nígería
AIR ZIMBABWE (PVT) LTD	177/04	AZW	Zimbabwe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			**Íslamska lýðveldið Afganistan**
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Íslamska lýðveldið Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Íslamska lýðveldið Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekendunum *TAAG Angola Airlines* og *Heli Malongo*, þ.m.t.			**Lýðveldið Angóla**
AEROJET	AO-008/11-07/17 TEJ	TEJ	Lýðveldið Angóla
GUICANGO	AO-009/11-06/17 YYY	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR JET	AO-006/11-08/18 MBC	MBC	Lýðveldið Angóla
BESTFLYA AIRCRAFT MANAGEMENT	AO-015/15-06/17YYY	Óskráður	Lýðveldið Angóla
HELIANG	AO 007/11-08/18 YYY	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SJL	AO-014/13-08/18YYY	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SONAIR	AO-002/11-08/17 SOR	SOR	Lýðveldið Angóla

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	**Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis**	**Þriggja stafa ICAO-kóði**	**Ríki flugrekanda**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðveldið Kongó**
AERO SERVICE	RAC06-002	RSR	Lýðveldið Kongó
CANADIAN AIRWAYS CONGO	RAC06-012	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EMERAUDE	RAC06-008	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EQUAFLIGHT SERVICES	RAC 06-003	EKA	Lýðveldið Kongó
EQUAJET	RAC06-007	EKJ	Lýðveldið Kongó
EQUATORIAL CONGO AIRLINES S.A.	RAC 06-014	Óskráður	Lýðveldið Kongó
MISTRAL AVIATION	RAC06-011	Óskráður	Lýðveldið Kongó
TRANS AIR CONGO	RAC 06-001	TSG	Lýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**
AIR FAST CONGO	409/CAB/MIN/TVC/0112/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KASAI	409/CAB/MIN/TVC/0053/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/TVC/0056/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/TVC/00625/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE AIRLINES	106/CAB/MIN/TVC/2012	BUL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE SKY	409/CAB/MIN/TVC/0028/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/TVC/0064/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/TVC/0050/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO AIRWAYS	019/CAB/MIN/TVC/2015	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DAKOTA SPRL	409/CAB/MIN/TVC/071/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DOREN AIR CONGO	102/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	**Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis**	**Þriggja stafa ICAO-kóði**	**Ríki flugrekanda**
GOMAIR	409/CAB/MIN/TVC/011/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	409/CAB/MIN/TVC/0059/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KORONGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/001/2011	KGO	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	098/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MANGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/009/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVE AIR	004/CAB/MIN/TVC/2015	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVICES AIR	103/CAB/MIN/TVC/2012	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/0084/2010	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRANSAIR CARGO SERVICES	409/CAB/MIN/TVC/073/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WILL AIRLIFT	409/CAB/MIN/TVC/0247/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djibútí, þ.m.t.			**Djibútí**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djibútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CEIBA INTERCONTINENTAL	2011/0001/MTTCT/DGAC/SOPS	CEL	Miðbaugs-Gínea
Cronos AIRLINES	2011/0004/MTTCT/DGAC/SOPS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Eritreu, þ.m.t.			**Eritrea**
ERITREAN AIRLINES	AOC No 004	ERT	Eritrea
NASAIR ERITREA	AOC No 005	NAS	Eritrea

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	Þriggja stafa ICAO-kóði	Ríki flugrekanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgiska lýðveldinu, þ.m.t.			**Kirgiska lýðveldið**
AIR BISHKEK (áður EASTOK AVIA)	15	EAA	Kirgiska lýðveldið
AIR MANAS	17	MBB	Kirgiska lýðveldið
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgiska lýðveldið
CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES (CAAS)	13	CBK	Kirgiska lýðveldið
HELI SKY	47	HAC	Kirgiska lýðveldið
AIR KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgiska lýðveldið
MANAS AIRWAYS	42	BAM	Kirgiska lýðveldið
S GROUP INTERNATIONAL (áður S GROUP AVIATION)	45	IND	Kirgiska lýðveldið
SKY BISHKEK	43	BIS	Kirgiska lýðveldið
SKY KG AIRLINES	41	KGK	Kirgiska lýðveldið
SKY WAY AIR	39	SAB	Kirgiska lýðveldið
TEZ JET	46	TEZ	Kirgiska lýðveldið
VALOR AIR	07	VAC	Kirgiska lýðveldið
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líbíu, þ.m.t.			**Líbía**
AFRIQIYAH AIRWAYS	007/01	AAW	Líbía
AIR LIBYA	004/01	TLR	Líbía
BURAQ AIR	002/01	BRQ	Líbía
GHADAMES AIR TRANSPORT	012/05	GHT	Líbía
GLOBAL AVIATION AND SERVICES	008/05	GAK	Líbía
LIBYAN AIRLINES	001/01	LAA	Líbía
PETRO AIR	025/08	PEO	Líbía

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	**Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis**	**Þriggja stafa ICAO-kóði**	**Ríki flugrekanda**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Moldóvu, að undanskildum flugrekendunum *Air Moldova*, *Fly One* og *Aerotranscargo*, þ.m.t.			**Lýðveldið Moldóva**
Î.M "VALAN ICC" SRL	MD009	VLN	Lýðveldið Moldóva
CA "AIM AIR" SRL	MD015	AAM	Lýðveldið Moldóva
CA "AIR STORK" SRL	MD018	MSB	Lýðveldið Moldóva
Î M "MEGAVIATION" SRL	MD019	ARM	Lýðveldið Moldóva
CA "PECOTOX-AIR" SRL	MD020	PXA	Lýðveldið Moldóva
CA "TERRA AVIA" SRL	MD022	TVR	Lýðveldið Moldóva
CA "FLY PRO" SRL	MD023	PVV	Lýðveldið Moldóva
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Nepal, þ.m.t.			**Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal**
AIR DYNASTY HELI. S.	035/2001	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
AIR KASTHAMANDAP	051/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
BUDDHA AIR	014/1996	BHA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
FISHTAIL AIR	017/2001	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
GOMA AIR	064/2010	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
HIMALAYA AIRLINES	084/2015	HIM	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MAKALU AIR	057A/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MANANG AIR PVT LTD	082/2014	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MOUNTAIN HELICOPTERS	055/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
MUKTINATH AIRLINES	081/2013	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
NEPAL AIRLINES CORPORATION	003/2000	RNA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	**Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis**	**Þriggja stafa ICAO-kóði**	**Ríki flugrekanda**
SAURYA AIRLINES	083/2014	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SHREE AIRLINES	030/2002	SHA	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SIMRIK AIR	034/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SIMRIK AIRLINES	052/2009	RMK	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
SITA AIR	033/2000	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
TARA AIR	053/2009	Óskráður	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
YETI AIRLINES DOMESTIC	037/2004	NYT	Sambandslýðstjórnarlýðveldið Nepal
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA'S CONNECTION	10/AOC/2008	ACH	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.			**Síerra Leóne**
AIR RUM, LTD	Óskráð	RUM	Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Síerra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Síerra Leóne
TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Lýðveldið Súdan**
ALFA AIRLINES SD	54	AAJ	Lýðveldið Súdan
BADR AIRLINES	35	BDR	Lýðveldið Súdan
BLUE BIRD AVIATION	11	BLB	Lýðveldið Súdan

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	**Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis**	**Þriggja stafa ICAO-kóði**	**Ríki flugrekanda**
ELDINDER AVIATION	8	DND	Lýðveldið Súdan
GREEN FLAG AVIATION	17	Óskráður	Lýðveldið Súdan
HELEJETIC AIR	57	HJT	Lýðveldið Súdan
KATA AIR TRANSPORT	9	KTV	Lýðveldið Súdan
KUSH AVIATION CO.	60	KUH	Lýðveldið Súdan
NOVA AIRWAYS	46	NOV	Lýðveldið Súdan
SUDAN AIRWAYS CO.	1	SUD	Lýðveldið Súdan
SUN AIR	51	SNR	Lýðveldið Súdan
TARCO AIR	56	TRQ	Lýðveldið Súdan“.

II. VIÐAUKI

Í stað viðauka B við reglugerð (EB) nr. 474/2006 kemur eftirfarandi:

„VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN SAMBANDSINS ([1])

Heiti lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og viðskiptaheiti, ef annað)	**Númer flugrekanda-skírteinis (AOC)**	**Þriggja stafa ICAO-kóði**	**Ríki flugrekanda**	**Tegund loftfars sem sætir takmörkunum**	**Skrásetningar-merki og, ef það er fyrir hendi, framleiðslurað-númer þeirra loftfara sem sæta takmörkunum**	**Skráningarríki**
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/DGACM	KMD	Kómorur	Öll loftför, að undanskildu: LET 410 UVP.	Öll loftför, að undanskildu: D6-CAM (851336).	Kómorur
IRAN AIR	FS100	IRA	Íslamska lýðveldið Íran	Öll loftför af tegundinni Fokker F100 og af tegundinni Boeing B747.	Loftför af tegundinni Fokker F100, eins og tilgreint er á flugrekanda-skírteininu; loftför af teg-undinni Boeing B747, eins og tilgreint er á flugrekanda-skírteininu	Íslamska lýðveldið Íran
AIR KORYO	GAC-AOC/ KOR-01	KOR	Alþýðulýðveldið Kórea	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loft-förum af teg-undinni TU-204.	Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633.	Alþýðulýðveldið Kórea“.

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/331 2020/EES/69/48

frá 19. desember 2018

um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 1. mgr. 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2003/87/EB eru settar fram reglur um það hvernig úthlutun losunarheimilda án endurgjalds á umbreytingatímabili eigi að vera á tímabilinu 2021 til 2030.

2) Með ákvörðun 2011/278/ESB ([2]) mælti framkvæmdastjórnin fyrir um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Þar eð tilskipun 2003/87/EB var breytt í veigamiklum atriðum með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 ([3]) og fyrir skýrleika sakir, að því er varðar reglurnar sem gilda á tímabilinu 2021 til 2030, ætti að fella ákvörðun 2011/278/ESB úr gildi og skipta henni út.

3) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal með ráðstöfunum um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds, sem eru að öllu leyti samræmdar og gilda í öllu Sambandinu, eftir því sem unnt er, ákvarða fyrirframákveðnar viðmiðanir til að tryggja að úthlutun losunarheimilda án endurgjalds fari fram þannig að þær séu hvati til skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda og notkunar á tækni sem stuðlar að orkunýtni með því að hafa hliðsjón af skilvirkustu tækni, staðgönguefnum, staðgönguframleiðsluaðferðum, samvinnslu raf- og varmaorku með góða orkunýtni og orkunýtinni endurnýtingu úrgangslofttegunda og með því að nota lífmassa og fanga og geyma koltvísýring, þar sem slík aðstaða er fyrir hendi. Á sama tíma mega þessar ráðstafanir ekki fela í sér hvata til að auka losun. Til að draga úr hvata til að brenna úrgangslofttegundir í afgasloga, nema brennslu gass í afgasloga af öryggisástæðum, ætti að fækka losunarheimildum, sem er úthlutað án endurgjalds til viðeigandi undirstöðva, um sem svarar til sögulegrar losunar frá brennslu úrgangslofttegunda í afgasloga, að undanskilinni brennslu gass í afgasloga af öryggisástæðum, og nota þær ekki til framleiðslu á mælanlegum varma, ómælanlegum varma eða raforku. Að teknu tilliti til sérstöku meðferðarinnar skv. 2. mgr. 10 gr. a í tilskipun 2003/87/EB og til að tryggja umbreytingartímabil, ætti þessi skerðing þó einungis að gilda frá árinu 2026.

4) Í þeim tilgangi að afla gagna, sem eiga að liggja til grundvallar samþykkt 54 viðmiðunargilda fyrir úthlutun án endurgjalds á tímabilinu 2021 til 2030 með framkvæmdargerðum sem á að samþykkja í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, er nauðsynlegt að halda áfram að fastsetja skilgreiningar á viðmiðunum, þ.m.t. vörur og tengdir ferlar, eins og þeim sem eru sem stendur settar fram í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB, að frátöldum tilteknum endurbótum á lagalegum skýrleika og málfari. Í 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um að í framkvæmdargerðum fyrir 54 viðmiðunargildi fyrir úthlutun án endurgjalds á tímabilinu 2021 til 2030 ætti að nota upphafspunkta, sem var að finna í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB eins og hún var samþykkt 27. apríl 2011, til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildinu. Til glöggvunar ættu þessir upphafspunktar einnig að koma fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

5) Sú gagnaöflun sem fram fer fyrir úthlutunartímabilin þjónar þeim tilgangi að ákvarða magn úthlutunar án endurgjalds í stöðvum sem og að afla gagna sem verða notuð fyrir framkvæmdargerðirnar þar sem 54 viðmiðunargildi, sem gilda á tímabilinu 2021 til 2030, verða ákvörðuð. Afla þarf ítarlegra gagna fyrir undirstöðvar eins og kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 59, 27.2.2019, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).

6) Vegna efnahagslegs mikilvægis úthlutunar án endurgjalds á umbreytingartímabili og þess að nauðsynlegt er að rekstraraðilar fái jafna meðferð er mikilvægt að gögn, sem aflað er frá rekstraraðilum og eru notuð við ákvarðanir um úthlutun og sem verða notuð fyrir framkvæmdargerðirnar til að ákvarða 54 viðmiðunargildi fyrir úthlutun án endurgjalds á tímabilinu 2021 til 2030, séu heildstæð og samræmd og sýni mestu nákvæmni sem unnt er að ná. Sannprófun af hálfu óháðra sannprófenda er mikilvæg ráðstöfun í þessu skyni.

7) Sú krafa að tryggja öflun hágæðagagna og samræmi við vöktun og skýrslugjöf um losun innan gildissviðs tilskipunar 2003/87/EB er sameiginlega á ábyrgð rekstraraðila og aðildarríkja. Í þessu skyni ætti að kveða á um sértækar reglur um vöktun og skýrslugjöf um starfsemisstig, orkuflæði og losun í undirstöðvum þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til viðeigandi ákvæða reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 ([4]). Gögn sem iðnaðurinn lætur í té og safnað er í samræmi við þessar reglur ættu að vera eins nákvæm og af eins miklum gæðum og hægt er og endurspegla raunverulega starfsemi stöðva og taka ætti tilhlýðilegt tillit til þeirra við úthlutun án endurgjalds.

8) Rekstraraðili stöðvar ætti að hefja vöktun á gögnum sem krafist er í samræmi við IV. viðauka um leið og þessi reglugerð öðlast gildi til að tryggja að hægt sé að afla gagna fyrir árið 2019 í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

9) Til að takmarka flækjustigið í reglum um vöktun og skýrslugjöf um starfsemisstig, orkuflæði og losun í undirstöðvum er rétt að beita ekki stigskiptri aðferð.

10) Til að tryggja samanburðarhæf gögn fyrir framkvæmdargerðirnar þar sem viðmiðunargildin, sem gilda fyrir úthlutun án endurgjalds á tímabilinu 2021 til 2030, verða ákvörðuð er nauðsynlegt að mæla fyrir um ítarlegar reglur um úthlutun starfsemisstigs, orkuflæðis og losunar til undirstöðva sem eru í samræmi við leiðbeiningarskjöl sem gerð eru í þeim tilgangi að safna viðmiðunargögnum fyrir tímabilið 2013–2020.

11) Í áætlun um aðferðafræði við vöktun ættu að vera skýrar og einfaldar leiðbeiningar fyrir rekstraraðilann, komist hjá tvíverknaði og tekið tillit til kerfanna sem fyrir eru í stöðinni. Áætlunin um aðferðafræði við vöktun ætti að ná yfir vöktun á starfsemisstigi, orkuflæði og losun í undirstöðvum og liggja til grundvallar skýrslum um grunngögn sem og árlegum skýrslum um starfsemisstig sem krafist er í þeim tilgangi að aðlaga úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili í samræmi við 20. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Þegar það er unnt ætti rekstraraðili að nýta sér samlegðaráhrif við vöktunaráætlun sem samþykkt er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 601/2012.

12) Áætlun um aðferðafræði við vöktun ætti að útheimta samþykki lögbærs yfirvalds til að tryggja samkvæmni við reglur um vöktun. Vegna tímatakmarkana ætti ekki að krefjast samþykkis lögbærs yfirvalds fyrir skýrsluna um grunngögn sem leggja á fram á árinu 2019. Í því tilviki ættu sannprófendur að meta samkvæmni áætlunar um aðferðafræði við vöktun við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð. Til að takmarka stjórnsýsluálag ættu einungis umtalsverðar breytingar á áætlun um aðferðafræði við vöktun að útheimta samþykki lögbærs yfirvalds.

13) Til að tryggja samræmi milli sannprófunar á skýrslum um árlega losun, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, og sannprófunar á skýrslum sem lagðar eru fram til að sækja um úthlutun án endurgjalds sem og til að nýta samlegðaráhrif þykir rétt að nota lagarammann sem settur var með ráðstöfunum sem voru samþykktar skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

14) Til að auðvelda gagnasöfnun frá rekstraraðilum og útreikninga á losunarheimildum, sem aðildarríkin eiga að úthluta, skal skipta ílagi, frálagi og losun frá hverri stöð niður á undirstöðvar. Rekstraraðilar ættu að tryggja að starfsemisstig, orkuflæði og losun séu rakin rétt til viðkomandi undirstöðva með tilliti til stigskiptingar og gagnkvæms einkaréttar undirstöðva og að það sé engin skörun á milli undirstöðva. Þar sem við á ætti þessi skipting að vera með hliðsjón af framleiðslu á vörum í geirum sem teljast vera í áhættu á kolefnisleka eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.

15) Aðildarríki ættu að leggja landsbundnar framkvæmdarráðstafanir fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. september 2019. Til að stuðla að jafnri meðferð á stöðvum og til að komast hjá röskun á samkeppni ættu þessar framlagningar að ná yfir allar stöðvar sem munu heyra undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (EU ETS) skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB, einkum þegar áður hefur verið úthlutað til þessara stöðva að því er varðar varma á tímabilinu frá 2013 til 2020.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30).

16) Til að komast hjá allri röskun á samkeppni og tryggja skipulega starfsemi kolefnismarkaðarins ættu rekstraraðilar að tryggja að þegar úthlutun til einstakra stöðva er ákvörðuð eigi hvorki tvítalning á efnivið eða orkuflæði sér stað né tvöföld úthlutun. Í þessu samhengi ættu rekstraraðilar að gefa sérstakan gaum þeim tilvikum þegar vara með vöruviðmiðun er framleidd í fleiri en einni stöð, þegar fleiri en ein vara með vöruviðmiðun er framleidd í sömu stöðinni og þegar skipst er á hálfunnum vörum yfir stöðvamörk. Aðildarríki ættu að yfirfara umsóknir í þessu skyni.

17) Í 4. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um úthlutun án endurgjalds fyrir fjarhitun og samvinnslu með góða orkunýtni. Í samræmi við 4. mgr. 10. gr. b í þeirri tilskipun á stuðullinn fyrir kolefnisleka, sem beitt er á undirstöðvar þar sem ekki er áhætta á kolefnisleka, að minnka með línulegum hætti úr 30% á árinu 2026 í 0% á árinu 2030, að undanskilinni fjarhitun, og með fyrirvara um endurskoðun skv. 30. gr. tilskipunarinnar. Vegna þessa greinarmunar sem gerður er á fjarhitun og öllum öðrum varma sem má úthluta á undirstöð með varmaviðmiðun er nauðsynlegt að taka í notkun sérstaka varmaundirstöð fyrir fjarhitun til að skapa skýra nálgun með tilliti til krafna um reiknireglur og sniðmát fyrir grunngögn. Fjarhitun ætti að fela í sér mælanlegan varma sem notaður er í þeim tilgangi að hita rými og kæla byggingar eða staði sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða til framleiðslu á heitu vatni til heimilisnota.

18) Rétt þykir að vöruviðmiðanir taki mið af orkunýtinni endurnýtingu úrgangslofttegunda og losunar í tengslum við notkun þeirra. Að því er varðar ákvörðun á viðmiðunargildum fyrir vörur þar sem framleiðsla þeirra myndar úrgangslofttegundir ætti í þeim tilgangi að taka að miklu leyti mið af kolefnisinnihaldi þessara úrgangslofttegunda. Ef úrgangslofttegundir eru fluttar út úr vinnsluferlinu utan kerfismarka viðkomandi vöruviðmiðunar og brenndar til framleiðslu á varma utan kerfismarka skilgreindrar vinnslu með viðmiðun skal taka tillit til tengdrar losunar með því að úthluta viðbótarlosunarheimildum á grundvelli varma- eða eldsneytisviðmiðunar. Í ljósi meginreglunnar um að ekki ætti að úthluta neinum losunarheimildum án endurgjalds í tengslum við raforkuframleiðslu til að komst hjá óþarfa röskun á samkeppni á mörkuðum fyrir raforku, sem er afhent til iðjuverja, og að teknu tilliti til innifalins kolefnisverðs í raforku er rétt, í þeim tilvikum þegar úrgangslofttegundir eru fluttar út úr vinnsluferlinu utan kerfismarka viðkomandi vöruviðmiðunar og brenndar til framleiðslu á raforku, að engum viðbótarlosunarheimildum sé úthlutað umfram þann hluta kolefnisinnihalds úrgangslofttegundanna sem tekið er mið af í viðkomandi vöruviðmiðun.

19) Til að komast hjá röskun á samkeppni og skapa hvata til notkunar á úrgangslofttegundum ef upplýsingar um samsetningu viðkomandi gasstrauma eru ekki fyrir hendi ætti einungis að úthluta koltvísýringslosun, sem verður utan kerfismarka undirstöðvar með vöruviðmiðun, sem hlýst af afoxun málmoxíða eða svipuðum ferlum að hluta til til undirstöðva með losun frá vinnslu ef losunin leiðir ekki af orkunotkun úrgangslofttegunda.

20) Óbein losun í tengslum við raforkuframleiðslu var tekin til athugunar við ákvörðun á tilteknum viðmiðunargildum í ákvörðun 2011/278/ESB á þeim grundvelli að ákveðinn möguleiki væri á skiptum á milli beinnar og óbeinnar losunar frá raforkuframleiðslu. Þar sem þessar viðmiðanir gilda ætti áfram að draga frá óbeina losun stöðvar með því að beita staðlaða losunarstuðlinum sem er einnig notaður til að meta hvort geirinn sé í áhættu á kolefnisleka eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB. Endurskoða ætti viðeigandi ákvæði reglulega, m.a. með það í huga að efla jafna meðferð á starfsemi, sem framleiðir sömu vöru, og til að uppfæra viðmiðunarárið 2015 fyrir úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili á tímabilinu 2026 til 2030.

21) Ef tvær eða fleiri stöðvar skiptast á mælanlegum varma ætti úthlutun losunarheimilda án endurgjalds að byggjast á varmanotkun stöðvar og taka mið af áhættunni að því er varðar kolefnisleka, eins og við á. Til að tryggja að fjöldi losunarheimilda, sem skal úthluta án endurgjalds, sé óháður hitaveitukerfi ætti því að úthluta losunarheimildunum til varmanotenda.

22) Fjöldi losunarheimilda, sem skal úthluta án endurgjalds til starfandi stöðva, ætti að byggjast á sögulegum gögnum um starfsemi. Byggja ætti sögulegt starfsemisstig á meðalstarfsemi á grunntímabilunum. Grunntímabilin eru nægilega löng til að tryggja að þau geti einnig talist dæmigerð fyrir úthlutunartímabilin sem ná yfir fimm almanaksár. Að því er varðar nýja aðila, eins og þeir eru skilgreindir í h-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ætti ákvörðun á starfsemisstigum að grundvallast á starfsemisstigi á fyrsta almanaksári í rekstri á eftir upphafsári venjulegs rekstrar þar eð starfsemisstig, sem tilkynnt er fyrir heilt ár, telst dæmigerðara en gildi fyrir fyrsta ár í rekstri sem gæti aðeins náð yfir stutt tímabil.

Samanborið við úthlutunartímabilið 2013–2020 er engin þörf á því að viðhalda hugtakinu veruleg breyting á afkastagetu í kjölfar aðlögunar á úthlutun í samræmi við 20. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

23) Til að tryggja að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir dragi úr losun með tímanum er kveðið á um það í tilskipun 2003/87/EB að heildarfjöldi losunarheimilda í Sambandinu skuli minnka línulega. Að því er varðar raforkuframleiðendur skv. 4. mgr. 10. gr. a í þeirri tilskipun er línulegum lækkunarstuðli beitt, með árið 2013 til viðmiðunar, nema samræmdi leiðréttingarstuðullinn, sem liggur þvert á atvinnugreinar, eigi við. Gildi línulega lækkunarstuðulsins er hækkað í 2,2% á ári frá árinu 2021.

24) Að því er varðar nýja aðila er línulega lækkunarstuðlinum beitt með fyrsta ár viðkomandi úthlutunartímabils til viðmiðunar.

25) Ákvarða ætti samræmda leiðréttingarstuðulinn, sem liggur þvert á atvinnugreinar og er notaður á hverju ári á tímabilinu frá 2021 til 2025 og frá 2026 til 2030 fyrir stöðvar sem ekki eru tilgreindar sem raforkuframleiðendur og eru ekki nýir aðilar skv. 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, á grundvelli bráðabirgðatalna yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á hverju úthlutunartímabili, reiknað út fyrir þessar stöðvar samkvæmt þessari reglugerð, að undanskildum stöðvum sem aðildarríkin undanskilja frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 27. gr. eða 27. gr. a í þeirri tilskipun. Bera ætti þann fjölda losunarheimilda sem þannig fæst, sem er úthlutað án endurgjalds á hverju ári á tímabilunum tveim, saman við árlegan fjölda losunarheimilda sem er reiknaður út í samræmi við 5. mgr. 10. gr. a og 5. mgr. a í 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB fyrir stöðvar, að teknu tilliti til viðeigandi hluta árlegs heildarfjölda í Sambandinu, sem er ákvarðaður skv. 9. gr. þeirrar tilskipunar, og viðeigandi magns losunar sem fellur einungis undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir frá 2021 til 2025 eða frá 2026 til 2030, eins og við á.

26) Þegar rekstraraðilar sækja um úthlutun án endurgjalds ættu þeir að mega afsala sér úthlutun sinni, að hluta til eða í heild, með því að leggja fram umsókn hjá viðkomandi lögbæru yfirvaldi hvenær sem er á viðkomandi úthlutunartímabili. Til að viðhalda vissu og fyrirsjáanleika ættu rekstraraðilar ekki að hafa heimild til að draga slíka umsókn til baka á sama úthlutunartímabili. Rekstraraðilar sem hafa afsalað sér úthlutun sinni ættu að halda áfram að vakta og gefa skýrslur um nauðsynleg gögn í því skyni að geta sótt um úthlutun án endurgjalds á næsta úthlutunartímabili á eftir. Þeir ættu einnig að halda áfram að vakta og gefa skýrslu um losun á hverju ári og skila inn viðeigandi fjölda losunarheimilda.

27) Til að tryggja jafna meðferð á stöðvum þykir rétt að mæla fyrir um reglur um samruna og uppskiptingu stöðva.

28) Til að auðvelda gagnasöfnun frá rekstraraðilum og útreikninga á losunarheimildum, sem aðildarríkin eiga að úthluta í tengslum við nýja aðila, þykir rétt að setja reglur um umsóknir fyrir slíkar stöðvar.

29) Til að tryggja að losunarheimildum sé ekki úthlutað án endurgjalds til stöðvar sem hefur hætt starfsemi er nauðsynlegt að tilgreina skilyrðin fyrir því að stöð teljist hafa hætt starfsemi.

30) Í 2. mgr. 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er þess krafist að umhverfisstefna Sambandsins grundvallist á mengunarbótareglunni og á grundvelli þess er í tilskipun 2003/87/EB kveðið á um að smám saman verði skipt yfir í uppboð á öllum losunarheimildum. Tímabundin frestun uppboðs á öllum losunarheimildum til að koma í veg fyrir kolefnisleka er réttlætanleg og markviss úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til iðnaðarins er réttlætanleg til að bregðast við raunverulegri áhættu á aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda í þriðju löndum þar sem iðnaðurinn er ekki bundinn af sambærilegum takmörkunum á losun kolefnis, svo fremi að önnur helstu hagkerfi geri ekki sambærilegar loftslagsstefnuráðstafanir. Enn fremur ætti reglur um úthlutun án endurgjalds að hvetja til losunarskerðingar í samræmi við skuldbindingu Sambandsins um að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda um a.m.k. 40% niður fyrir gildi ársins 1990 eigi síðar en 2030. Efla ætti hvata til losunarskerðingar fyrir starfsemi sem framleiðir sömu vöru.

31) Í samræmi við þá venju framkvæmdastjórnarinnar að hafa samráð við sérfræðinga við samningu framseldra gerða var haft samráð við sérfræðingahóp framkvæmdastjórnarinnar um stefnu varðandi loftslagsbreytingar, sem í eru sérfræðingar frá aðildarríkjunum, iðnaðinum og öðrum viðeigandi samtökum, þ.m.t. borgarasamfélagið, varðandi skjöl og hann lagði fram athugasemdir og tillögur um ýmsa þætti tillögunnar og hittist þrisvar á bilinu maí til júlí 2018.

32) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð þess er krafist að rekstraraðilar fari að reglunum í henni um skýrslugjöf um grunngögn frá og með apríl eða maí 2019, eins og krafist er með 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð skal gilda um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. III. kafla (um staðbundnar stöðvar) tilskipunar 2003/87/EB að því er varðar úthlutunartímabilin frá og með árinu 2021, að undanskilinni úthlutun losunarheimilda án endurgjalds á umbreytingartímabilinu til að færa raforkuframleiðslu til nútímahorfs skv. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „starfandi stöð“: stöð þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem eru tilgreindar í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB eða starfsemi sem fellur í fyrsta sinn undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í samræmi við 24. gr. fyrrgreindrar tilskipunar, sem fékk heimild til losunar gróðurhúsalofttegunda í síðasta lagi:

   a) 30. júní 2019 fyrir tímabilið 2021–2025,

   b) 30. júní 2024 fyrir tímabilið 2026–2030,

2) „undirstöð með vöruviðmiðun“: ílag, frálag og samsvarandi losun í tengslum við framleiðslu á vöru sem sett hefur verið viðmiðun fyrir í I. viðauka,

3) „undirstöð með varmaviðmiðun“: ílag, frálag og samsvarandi losun, sem fellur ekki undir undirstöð með vöruviðmiðun, í tengslum við aðra framleiðslu en framleiðslu á raforku, innflutning frá stöð sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, eða bæði, á mælanlegum varma sem er:

   a) notaður innan marka stöðvarinnar við framleiðslu á vörum, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til raforkuframleiðslu, eða

   b) fluttur út til stöðvar eða annarrar einingar sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að fjarhitun undanskilinni, að undanskildum útflutningi til raforkuframleiðslu,

4) „fjarhitun“: dreifing á mælanlegum varma í þeim tilgangi að hita eða kæla rými eða framleiða heitt vatn til heimilisnota, um dreifikerfi, til bygginga eða byggingarstaða, sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskildum mælanlegum varma sem notaður er við framleiðslu á vörum og tengda starfsemi eða til raforkuframleiðslu,

5) „undirstöð með fjarhitun“: ílag, frálag og samsvarandi losun, sem fellur ekki undir undirstöð með vöruviðmiðun, í tengslum við framleiðslu eða innflutning frá stöð, sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, eða bæði, á mælanlegum varma sem er fluttur út til fjarhitunar,

6) „undirstöð með eldsneytisviðmiðun“: ílag, frálag og samsvarandi losun, sem fellur ekki undir undirstöð með vöruviðmiðun, í tengslum við framleiðslu á ómælanlegum varma með brennslu eldsneytis til framleiðslu á vörum, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til raforkuframleiðslu, þ.m.t. brennsla gass í afgasloga af öryggisástæðum,

7) „mælanlegur varmi“: nettóvarmaflæði sem fer gegnum sanngreinanlegar leiðslur eða lagnir með notkun varmabera, t.d. gufu, heits lofts, vatns, olíu, fljótandi málma og salta, og sem varmaorkumælir er settur upp fyrir eða sem unnt er að setja upp varmaorkumæli fyrir,

8) „varmaorkumælir“: varmaorkumælir (MI-004) í skilningi VI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB ([5]) eða annar búnaður til að mæla og skrá framleidda varmaorku á grundvelli flæðisrúmmáls og hitastigs,

9) „ómælanlegur varmi“: allur varmi annar en mælanlegur varmi,

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 149).

10) „undirstöð með losun frá vinnslu“: losun gróðurhúsalofttegunda, sem eru tilgreindar í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, að undanskildum koltvísýringi, sem á sér stað utan marka kerfis vöruviðmiðunar, sem er tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð, eða losun koltvísýrings, sem á sér stað utan marka kerfis vöruviðmiðunar, sem er tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð, sem hlýst beint og tafarlaust af einhverjum af eftirtöldum ferlum og losunum sem stafa frá bruna úrgangslofttegunda í því skyni að framleiða mælanlegan varma, ómælanlegan varma eða raforku, að því tilskildu að losunin sem hefði orðið vegna brennslu á tilteknu magni af jarðgasi, sem jafngildir tæknilega nothæfu orkuinnihaldi brennda kolefnisins, sem hefur ekki verið oxað að fullu, sé dregin frá:

    a) efnafræðileg afoxun málmsambanda í málmgrýti, hreinsuðu málmgrýti eða aukaefni eða afoxun málmsambandanna með rafgreiningu eða málmvinnslu með hita þar sem megintilgangurinn er ekki að framleiða varma,

    b) hreinsun óhreininda úr málmum og málmsamböndum þar sem megintilgangurinn er ekki að framleiða varma,

    c) niðurbrot karbónata, að undanskildum þeim sem ætluð eru til hreinsunar á útblæstri, þar sem megintilgangurinn er ekki að framleiða varma,

    d) efnasmíði á vörum og hálfunnum vörum þar sem efniviðurinn, sem inniheldur kolefni, tekur þátt í efnahvarfinu og þar sem megintilgangurinn er ekki að framleiða varma,

    e) notkun íblöndunarefna eða hráefna, sem innihalda kolefni, þar sem megintilgangurinn er ekki að framleiða varma,

    f) efnafræðileg afoxun oxíða hálfmálma eða málmleysingja, s.s. kísiloxíða og fosfata, eða afoxun oxíðanna með rafgreiningu þar sem megintilgangurinn er ekki að framleiða varma,

11) „úrgangslofttegundir“: lofttegundir sem innihalda kolefni sem hefur ekki verið oxað að fullu í loftkenndu ástandi við staðalaðstæður og sem stafa af einhverjum af þeim ferlum sem eru tilgreindir í 10. lið, þar sem „staðalaðstæður” merkir aðstæður þar sem hitastigið er 273,15 K og loftþrýstingurinn 101 325 Pa en við þær aðstæður er normalrúmmetri (Nm^3) skilgreindur skv. 50. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012,

12) „upphaf venjulegs rekstrar“: fyrsti dagur rekstrar,

13) „brennsla gass í afgasloga af öryggisástæðum“: brennsla eldsneytis fyrir síloga og síbreytilegs magns af vinnslugasi eða gasleif, sem fer fram í einingu þar sem röskun getur orðið á eðlisþáttum andrúmslofts, sem er krafist á skýran hátt af öryggisástæðum í viðkomandi leyfum stöðvarinnar,

14) „grunntímabil“: fimm almanaksár fyrir tímamörkin fyrir afhendingu gagna til framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

15) „úthlutunartímabil“: fimm ára tímabil sem hefst 1. janúar 2021 og hvert fimm ára tímabil þar á eftir,

16) „óvissa”: þáttur er tengist niðurstöðum ákvörðunar á stærð, sem lýsir dreifingu gildanna, sem raunhæft er að tengja tiltekinni stærð, þ.m.t. áhrif frá kerfisbundnum eða handahófskenndum þáttum, sem gefinn er upp í hundraðshlutum og lýsir öryggisbili í kringum meðalgildið, sem tekur til um 95% af reiknuðum gildum, að teknu tilliti til hugsanlegrar ósamhverfu í dreifingu gilda,

17) „samruni“ samruni tveggja eða fleiri stöðva sem þegar hafa heimild til losunar gróðurhúsalofttegunda að því tilskildu að þær séu tæknilega tengdar, starfi á sama stað og að stöðin sem verður til falli undir eina heimild til losunar gróðurhúsalofttegunda,

18) „uppskipting“: skipting stöðvar í tvær eða fleiri stöðvar sem falla undir mismunandi heimildir til losunar á gróðurhúsalofttegundum og eru reknar af mismunandi rekstraraðilum.

3. gr.

Landsbundnar stjórnvaldsráðstafanir

Til viðbótar því að tilnefna lögbært yfirvald eða yfirvöld í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB skulu aðildarríkin gera viðeigandi stjórnvaldsráðstafanir til að koma reglunum í þessari reglugerð til framkvæmda.

II. KAFLI

Umsókn, skýrslugjöf um gögn og reglur um vöktun

4. gr.

Umsókn rekstraraðila starfandi stöðva um úthlutun án endurgjalds

1. Rekstraraðili stöðvar sem telst eiga rétt á úthlutun án endurgjalds skv. 10 gr. a í tilskipun 2003/87/EB má leggja fram umsókn hjá lögbæru yfirvaldi um úthlutun án endurgjalds á úthlutunartímabili. Umsóknina skal leggja fram fyrir 30. maí 2019 að því er varðar fyrsta úthlutunartímabilið og á fimm ára fresti eftir það.

Aðildarríkjum er heimilt að setja önnur tímamörk fyrir framlagningu slíkra umsókna sem mega þó hvorki vera meira en einum mánuði síðar né fyrr en tímamörkin sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein.

2. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn um úthlutun án endurgjalds sem lögð er fram skv. 1. mgr.:

a) skýrsla um grunngögn, sem staðfest er að sé fullnægjandi í samræmi við ráðstafanir sem voru samþykktar skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, sem inniheldur gögn um stöðina og undirstöðvar hennar eins og tilgreint er í 10 gr. og í I. og II. viðauka við þessa reglugerð þar sem tekið er tillit til III. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar útreikninga á sögulegu starfsemisstigi fyrir tilteknar vöruviðmiðanir, sem inniheldur hvern mæliþátt sem skráður er í IV. viðauka við þessa reglugerð og nær yfir grunntímabilið sem varðar úthlutunartímabilið sem umsóknin nær til,

b) áætlun um aðferðafræði við vöktun sem lá til grundvallar skýrslu um grunngögn og sannprófunarskýrslu í samræmi við VI. viðauka,

c) sannprófunarskýrsla, sem gefin er út í samræmi við ráðstafanir sem voru samþykktar skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, um skýrslu um grunngögn og áætlun um aðferðafræði við vöktun nema lögbært yfirvald hafi þegar samþykkt hana.

5. gr.

Umsókn nýrra aðila um úthlutun án endurgjalds

1. Þegar nýr aðili leggur fram umsókn skal hlutaðeigandi aðildarríki ákvarða, á grundvelli þessarar reglugerðar, þann fjölda losunarheimilda sem á að úthluta án endurgjalds til stöðvar rekstraraðilans þegar venjulegur rekstur er hafinn.

2. Rekstraraðilinn skal skipta hlutaðeigandi stöð í undirstöðvar í samræmi við 10. gr. Til stuðnings umsókninni, sem um getur í 1. mgr., skal rekstraraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald allar viðeigandi upplýsingar og skýrslu um gögn nýs aðila sem inniheldur alla mæliþættina, sem eru tilgreindir í 1. og 2. lið IV. viðauka, fyrir hverja undirstöð fyrir sig fyrir fyrsta almanaksárið eftir upphaf venjulegs rekstrar ásamt áætlun um aðferðafræði við vöktun, eins og um getur í 8. gr., og sannprófunarskýrslu sem gefin er út í samræmi við ráðstafanir sem voru samþykktar skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB og skal greina lögbæru yfirvaldi frá upphafsdagsetningu venjulegs rekstrar.

3. Ef umsókn nýs aðila uppfyllir öll skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. og fylgir úthlutunarreglunum sem mælt er fyrir um í 17. til 22. gr. skal lögbært yfirvald samþykkja hana sem og tilgreinda dagsetningu fyrir upphaf venjulegs rekstrar.

4. Lögbær yfirvöld skulu einungis samþykkja gögn sem lögð eru fram samkvæmt þessari grein ef sannprófandi hefur staðfest að þau séu fullnægjandi í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í ráðstöfunum sem eru samþykktar skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

6. gr.

Almenn vöktunarskylda

Rekstraraðili stöðvar, sem sækir um eða hlýtur úthlutun án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skal vakta gögnin sem á að leggja fram, eins og tilgreint er í IV. viðauka við þessa reglugerð, á grundvelli áætlunar um aðferðafræði við vöktun sem lögbært yfirvald samþykkir eigi síðar en 31. desember 2020.

7. gr.

Meginreglur um vöktun

1. Rekstraraðilar skulu ákvarða heildstæð og samræmd gögn og tryggja að ekki sé nein skörun milli undirstöðva og engin tvítalning. Rekstraraðilar skulu beita ákvörðunaraðferðunum sem mælt er fyrir um í VII. viðauka, beita tilhlýðilegri kostgæfni og nota gagnalindir sem sýna mestu nákvæmni sem unnt er að ná skv. 4. lið VII. viðauka.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má rekstraraðili nota aðrar gagnalindir í samræmi við liði 4.4 til 4.6 í VII. viðauka ef einhver eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt:

a) notkun gagnalinda sem sýna mestu nákvæmni sem unnt er að ná skv. 4. lið VII. viðauka er tæknilega ekki gerleg,

b) notkun nákvæmustu gagnalinda skv. 4. lið VII. viðauka myndi stofna til óhóflegs kostnaðar,

c) rekstraraðilinn sýnir lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á, á grundvelli einfaldaðs óvissumats þar sem helstu atriði sem valda óvissu eru auðkennd og viðkomandi óvissustig þeirra metin, að nákvæmnisstig tengt gagnalindinni sem rekstraraðilinn leggur til sé jafngilt eða betra en nákvæmnisstig nákvæmustu gagnalindanna skv. 4. lið VII. viðauka.

3. Rekstraraðilar skulu halda heildstæðar og gagnsæjar skrár yfir öll gögn sem eru tilgreind í IV. viðauka og fylgiskjöl í a.m.k.10 ár frá dagsetningu framlagningar umsóknar um úthlutun án endurgjalds. Ef óskað er eftir því skal rekstraraðilinn gera þessi gögn og skjöl tiltæk fyrir lögbært yfirvald og fyrir sannprófandann.

8. gr.

Efni og framlagning áætlunar um aðferðafræði við vöktun

1. Rekstraraðili stöðvar, sem sækir um úthlutun án endurgjalds skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr., skal semja áætlun um aðferðafræði við vöktun sem inniheldur einkum lýsingu á stöðinni og undirstöðvum hennar, vinnsluferlunum og ítarlega lýsingu á aðferðafræðinni við vöktun og gagnalindum. Í áætlun um aðferðafræði við vöktun skulu vera nákvæm, heildstæð og gagnsæ gögn um öll viðkomandi gagnasöfnunarþrep og hún skal innihalda a.m.k. þá þætti sem mælt er fyrir um í VI. viðauka.

2. Fyrir hvern mæliþátt sem er tilgreindur í IV. viðauka skal rekstraraðilinn velja vöktunaraðferð sem byggist á meginreglunum sem mælt er fyrir um í 7. gr. og á aðferðafræðilegu kröfunum sem mælt er fyrir um í VII. viðauka. Á grundvelli áhættumats, í samræmi við 1. mgr. 11. gr., og eftirlitsaðferða, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., skal rekstraraðilinn, við val á vöktunaraðferðum, setja þær vöktunaraðferðir í forgang sem skila áreiðanlegustu niðurstöðunum, lágmarka áhættu á gagnaeyðum og fela síst í sér eðlislæga áhættu, þ.m.t. eftirlitsáhætta. Aðferðin sem er valin skal skjalfest í áætluninni um aðferðafræði við vöktun.

3. Þar sem í VI. viðauka er vísað í aðferð og að því er varðar 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 skal rekstraraðili koma á, skjalfesta, framkvæma og viðhalda slíkri aðferð aðskilið frá áætlun um aðferðafræði við vöktun. Rekstraraðilinn skal hafa öll skrifleg gögn um aðferðirnar tiltæk fyrir lögbært yfirvald að beiðni þess.

4. Rekstraraðili skal leggja áætlun um aðferðafræði við vöktun fyrir lögbært yfirvald til samþykktar fyrir dagsetninguna sem er fastsett í 1. mgr. 4. gr. Aðildarríkjum er heimilt að stytta tímamörkin fyrir framlagningu áætlunar um aðferðafræði við vöktun og er heimilt að krefjast þess að lögbært yfirvald samþykki áætlunina um aðferðafræði við vöktun áður en umsókn um úthlutun án endurgjalds er lögð fram.

5. Þegar rekstraraðili sækir um úthlutun án endurgjalds en hefur afsalað sér henni á fyrra úthlutunartímabili skal rekstraraðilinn leggja fram áætlun um aðferðafræði við vöktun eigi síðar en sex mánuðum áður en tímamörkin fyrir framlagningu umsóknarinnar skv. 1. mgr. 4. gr. eru liðin.

9. gr.

Breytingar á áætlun um aðferðafræði við vöktun

1. Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með því hvort áætlun um aðferðafræði við vöktun endurspeglar eðli og rekstur stöðvarinnar og hvort hægt sé að bæta hana. Í þessu skyni skal rekstraraðilinn taka til greina öll tilmæli um úrbætur sem koma fram í viðkomandi sannprófunarskýrslu.

2. Rekstraraðili skal breyta áætlun um aðferðafræði við vöktun við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) ný losun eða starfsemisstig verður vegna nýrrar starfsemi sem fram fer eða vegna notkunar nýrra eldsneytistegunda eða efniviða sem enn er ekki að finna í áætluninni um aðferðafræði við vöktun,

b) notkun nýrra gerða mælitækja, nýrra sýnatöku- eða greiningaraðferða eða nýrra gagnalinda eða annarra þátta leiðir til meiri nákvæmni við ákvörðun á gögnum sem skýrt er frá,

c) gögn sem fengin eru með fyrri aðferðafræði við vöktun reynast röng,

d) áætlun um aðferðafræði við vöktun er ekki, eða er ekki lengur, í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð,

e) nauðsynlegt er að koma í framkvæmd tilmælum til úrbóta á áætlun um aðferðafræði við vöktun sem er að finna í sannprófunarskýrslu.

3. Rekstraraðilinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar fyrirhugaðar breytingar á áætlun um aðferðafræði við vöktun án ástæðulausrar tafar. Hins vegar er aðildarríki heimilt að leyfa rekstraraðila að tilkynna um fyrirhugaðar breytingar á áætlun um aðferðafræði við vöktun, sem eru ekki mikilvægar í skilningi 5. mgr., eigi síðar en 31. desember á sama ári eða fyrir aðra dagsetningu sem aðildarríkið ákveður.

4. Allar mikilvægar breytingar á áætlun um aðferðafræði við vöktun í skilningi 5. mgr. skulu vera háðar samþykki lögbærs yfirvalds. Ef lögbært yfirvald telur að breyting sem rekstraraðili hefur tilkynnt sem mikilvæga sé ekki mikilvæg skal það tilkynna rekstraraðilanum um það.

5. Eftirfarandi breytingar á áætlun stöðvar um aðferðafræði við vöktun skulu teljast mikilvægar:

a) breytingar sem hljótast af breytingum á stöðinni, einkum nýjum undirstöðvum, breytingum á mörkum undirstöðva sem fyrir eru eða lokunum á undirstöðvum,

b) ef skipt er úr aðferðafræði við vöktun sem mælt er fyrir um í liðum 4.4 til 4.6 í VII. viðauka yfir í aðra aðferðafræði sem mælt er fyrir um í þeim liðum,

c) breytingar á staðalgildi eða matsaðferð sem mælt er fyrir um í áætluninni um aðferðafræði við vöktun,

d) breytingar sem lögbært yfirvald fer fram á til að tryggja að áætlunin um aðferðafræði við vöktun sé í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð.

6. Rekstraraðilinn skal halda skrár yfir allar breytingar á áætlun um aðferðafræði við vöktun. Í hverri skrá skal tilgreina eftirfarandi:

a) gagnsæja lýsingu á breytingunni,

b) rökstuðning fyrir breytingunni,

c) dagsetningu tilkynningar um fyrirhugaða breytingu til lögbærs yfirvalds,

d) dagsetningu staðfestingar lögbærs yfirvalds á móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 3. mgr., þar sem hún er tiltæk, og dagsetningu samþykktar eða afhendingar upplýsinganna sem um getur í 4. mgr.,

e) upphafsdagsetningu framkvæmdar á breyttri áætlun um aðferðafræði við vöktun.

10. gr.

Skipting í undirstöðvar

1. Að því er varðar skýrslugjöf um gögn og vöktun skal rekstraraðili skipta hverri stöð, sem á rétt á að fá úthlutað losunarheimildum án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, í undirstöðvar. Í þessu skyni skal úthluta ílagi, frálagi og losun stöðvarinnar til einnar eða fleiri undirstöðva með því að koma á, þar sem við á, aðferð til að magngreina tiltekna hluta viðkomandi ílags, frálags eða losunar sem skal úthluta á einstakar undirstöðvar.

2. Við skiptingu á ílagi, frálagi og losun stöðvarinnar niður á undirstöðvar skal rekstraraðili framkvæma eftirfarandi þrep í lækkandi röð:

a) ef einhverjar af vörunum, eins og þær eru tilgreindar fyrir vöruviðmiðanir sem eru tilgreindar í I. viðauka, eru framleiddar í stöðinni skal rekstraraðilinn skipta tengdu ílagi, frálagi og losun niður á undirstöðvar með vöruviðmiðun, eftir því sem við á, eftir reglunum sem settar eru fram í VII. viðauka,

b) ef ílag, frálag og losun sem teljast falla undir undirstöðvar með hitaviðmiðun eða undirstöðvar með fjarhitun skipta máli fyrir stöðina og teljast ekki falla undir neinar af undirstöðvunum sem um getur í a-lið skal rekstraraðilinn skipta þeim niður á undirstöðvar með varmaviðmiðun eða undirstöðva með fjarhitun, eftir því sem við á, með því að beita reglunum sem settar eru fram í VII. viðauka,

c) ef ílag, frálag og losun sem teljast falla undir undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun skipta máli fyrir stöðina og teljast ekki falla undir neinar af undirstöðvunum sem um getur í a- eða b-lið skal rekstraraðilinn skipta þeim niður á undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun, eftir því sem við á, með því að beita reglunum sem settar eru fram í VII. viðauka,

d) ef ílag, frálag og losun sem teljast falla undir undirstöðvar með losun frá vinnslu skipta máli fyrir stöðina og teljast ekki falla undir neinar af undirstöðvunum, sem um getur í a-, b- eða c-lið, skal rekstraraðilinn skipta þeim niður á undirstöðvar með losun frá vinnslu, eftir því sem við á, með því að beita reglunum sem settar eru fram í VII. viðauka,

3. Að því er varðar undirstöðvar með varmaviðmiðun, undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun og undirstöðvar með losun frá vinnslu skal rekstraraðili gera skýran greinarmun, á grundvelli atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins og kóða í vöruskrá ESB, á því hvort viðkomandi ferli varða geira eða undirgeira sem telst vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB. Að auki skal rekstraraðili gera greinarmun á magni mælanlegs varma sem er fluttur út til fjarhitunar og mælanlegum varma sem varðar ekki geira eða undirgeira sem telst vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.

Ef a.m.k. 95% af starfsemisstigi undirstöðva með varmaviðmiðun, undirstöðva með eldsneytisviðmiðun eða undirstöðva með losun frá vinnslu varða geira eða undirgeira, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, eða ef a.m.k. 95% af starfsemisstigi undirstöðva með varmaviðmiðun, undirstöðva með eldsneytisviðmiðun eða undirstöðva með losun frá vinnslu varða geira eða undirgeira sem teljast ekki vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka er rekstraraðilinn undanþeginn því að leggja fram gögn sem gera aðgreiningu m.t.t. váhrifa vegna kolefnisleka mögulega.

Ef rekja má a.m.k. 95% af starfsemisstigi undirstöðva með fjarhitun eða undirstöðva með varmaviðmiðun til einnar af þessum undirstöðvum má rekstraraðilinn eigna þeirri stöð sem er með hæsta starfsemisstigið heildarstarfsemisstig þessara undirstöðva.

4. Ef stöð, sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, hefur framleitt og flutt út mælanlegan varma til stöðvar eða annarrar einingar sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skal rekstraraðilinn gera ráð fyrir að viðkomandi ferli undirstöðvar með varmaviðmiðun í tengslum við þennan varma varði ekki geira eða undirgeira, sem telst vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, nema rekstraraðilinn leggi fram gögn, sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, um að notandi mælanlega varmans tilheyri geira eða undirgeira sem telst vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.

Til að aðgreina mælanlegan varma sem rekja má til undirstöðvar með fjarhitun skal rekstraraðili leggja fram gögn, sem lögbært yfirvald telur fullnægjandi, um að mælanlegi varminn sé fluttur út til fjarhitunar.

5. Með því að framkvæma skiptinguna í samræmi við 1. og 2. mgr. skal rekstraraðilinn tryggja allt eftirfarandi:

a) allar efnislegar vörur stöðvarinnar eru eignaðar einni undirstöð án þess að nokkru sé sleppt eða tvítalið,

b) öllu magni allra efnisstrauma og losunar stöðvarinnar, eins og tilgreint er í vöktunaráætlun stöðvarinnar sem er samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 601/2012, er skipt niður á undirstöðvar án þess að nokkru sé sleppt eða tvítalið nema það tengist ferli sem uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir úthlutun án endurgjalds, s.s. raforkuframleiðslu í stöðinni, annarri brennslu en brennslu gass í afgasloga af öryggisástæðum, sem fellur ekki undir undirstöð með vöruviðmiðun, eða framleiðslu á mælanlegum varma sem er fluttur út til annarra stöðva sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,

c) öllu magni nettó mælanlegs varma sem uppfyllir viðmiðanir fyrir úthlutun án endurgjalds, sem er framleiddur innan stöðvarinnar eða sem stöðin flytur inn eða út, sem og magni sem flutt er á milli undirstöðva er skipt niður á undirstöðvar án þess að nokkru sé sleppt eða tvítalið,

d) að því er varðar allan mælanlegan varma sem er framleiddur, fluttur inn eða fluttur út í undirstöðvum er skjalfest hvort mælanlegi varminn var framleiddur með brennsluferli í stöð sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, fluttur inn frá annarri varmaframleiðslu eða fluttur inn frá einingum utan viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir,

e) ef raforka er framleidd í stöðinni er magninu sem er framleitt í undirstöðvum með vöruviðmiðun skipt niður á þessar undirstöðvar án þess að nokkru sé sleppt eða tvítalið,

f) að því er varðar hverja undirstöð með vöruviðmiðun þar sem skiptanleiki eldsneytis og raforku skiptir máli í samræmi við 2. lið I. viðauka er viðkomandi magn raforku, sem er notað, auðkennt með aðskildum hætti og skipt niður,

g) ef undirstöð er með kolefnisfrálag sem inniheldur efniviði í formi útflutts eldsneytis, vara, aukaafurða, hráefnis fyrir aðrar undirstöðvar eða stöðvar eða úrgangslofttegundir er þessu frálagi skipt niður á undirstöðvar án þess að nokkru sé sleppt eða tvítalið ef það fellur ekki undir b-lið,

h) koltvísýringslosun sem verður utan kerfismarka undirstöðvar með vöruviðmiðun, sem hlýst af ferlum sem eru tilgreindir í a- til f-lið 10. mgr. 2. gr., er úthlutað til undirstöðvar með losun frá vinnslu að því marki sem hægt er að sýna lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að þessi losun sé bein og tafarlaus afleiðing af einhverri af þeirri vinnslu sem er tilgreind í 10. mgr. 2. gr. og að hún sé ekki afleiðing af síðari oxun kolefnis í loftkenndu ástandi sem hefur ekki verið oxað að fullu á seinni stigum við staðalaðstæður,

i) ef koltvísýringslosun frá bruna úrgangslofttegunda, sem þjónar ekki þeim tilgangi að framleiða mælanlegan varma, ómælanlegan varma eða raforku, á sér stað utan kerfismarka undirstöðvar með vöruviðmiðun vegna ferlanna sem eru tilgreindir í a- til f-lið 10. mgr. 2. gr., skulu 75% af magni kolefnisinnihaldsins í úrgangslofttegundunum teljast vera umbreytt í koltvísýring og úthlutað á undirstöð með losun frá vinnslu,

j) til að komast hjá tvítalningu eru vörur úr vinnsluferli, sem er skilað inn í sama vinnsluferlið, dregnar frá árlegu starfsemisstigi eins og við á í samræmi við skilgreiningar á vörum sem mælt er fyrir um í I. viðauka,

k) ef mælanlegur varmi er endurheimtur úr ferlum sem falla undir undirstöð með eldsneytisviðmiðun er viðkomandi magn nettó mælanlegs varma, deilt með 90% nýtniviðmiðun, dregið frá eldsneytisílaginu til að komast hjá tvítalningu. Endurheimt varma frá ferlum sem falla undir undirstöð með losun frá vinnslu er meðhöndluð með sama hætti.

11. gr.

Eftirlitskerfi

1. Rekstraraðili skal greina uppruna áhættu á villum í gagnaflæði frá frumgögnum til lokagagna í skýrslu um grunngögn og skal koma á, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda skilvirku eftirlitskerfi til að tryggja að skýrslur, sem teknar eru saman á grundvelli starfseminnar í tengslum við gagnaflæði, innihaldi ekki rangfærslur og séu í samræmi við áætlun um aðferðafræði við vöktun og þessa reglugerð.

Rekstraraðilinn skal hafa áhættumatið samkvæmt fyrstu undirgrein tiltækt fyrir lögbært yfirvald að beiðni þess. Rekstraraðilinn skal einnig hafa það tiltækt að því er varðar sannprófun.

2. Að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr. skal rekstraraðili koma á, skjalfesta, framkvæma og viðhalda skriflegum verklagsreglum fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði sem og fyrir eftirlitsstarfsemi og setja tilvísanir í þessar aðferðir í áætlunina um aðferðafræði við vöktun í samræmi við 3. mgr. 8. gr.

3. Eftirlitsstarfsemin sem um getur í 2. mgr. skal, eftir atvikum, ná yfir:

a) gæðatryggingu viðkomandi mælingabúnaðar,

b) gæðatryggingu upplýsingatæknikerfa sem tryggir að viðeigandi kerfi séu hönnuð, skjalfest, prófuð, innleidd, undir eftirliti og þeim viðhaldið þannig að vinnsla áreiðanlegra, nákvæmra og tímaréttra gagna sé tryggð í samræmi við sanngreinda áhættu í samræmi við 1. mgr.,

c) aðgreiningu verkefna í starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi svo og stjórnun nauðsynlegrar hæfni,

d) innri endurskoðun og sannprófun gagna,

e) leiðréttingar og úrbætur,

f) eftirlit með útvistuðum ferlum,

g) skráningu og skjalfestingu, þ.m.t. stjórnun skjalaútgáfa.

4. Að því er varðar a-lið 3. mgr skal rekstraraðili tryggja að allur viðkomandi mælibúnaður sé kvarðaður, stilltur og yfirfarinn með reglulegu millibili, þ.m.t. fyrir notkun, með tilliti til mælistaðla sem hægt er að rekja til alþjóðlegra mælistaðla, þar sem þeir liggja fyrir, og í réttu hlutfalli við sanngreinda áhættu.

Ef ekki er hægt að kvarða íhluti í mælikerfunum skal rekstraraðilinn tilgreina þá í áætluninni um aðferðafræði við vöktun og leggja til annars konar eftirlitsstarfsemi.

Ef búnaðurinn uppfyllir ekki kröfur skal rekstraraðilinn þegar í stað grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta.

5. Að því er varðar d-lið 3. mgr. skal rekstraraðili endurskoða og fullgilda gögn sem leiða af starfsemi í tengslum við gagnaflæði sem um getur í 2. mgr.

Slík endurskoðun og fullgilding gagna skal fela í sér:

a) athugun á því hvort gögnin eru fullnægjandi,

b) samanburð á gögnum sem rekstraraðilinn hefur ákvarðað á undangengnu grunntímabili og einkum eftirlit með samkvæmni, byggt á tímaröðum skilvirkni í tengslum við gróðurhúsalofttegundir fyrir hverja undirstöð,

c) samanburð á gögnum og gildum sem fengin eru úr mismunandi gagnasöfnunarkerfum, einkum fyrir aðferðarlýsingar framleiðslu, sölutölur og birgðatölur fyrir vörur sem vöruviðmiðanirnar tengjast,

d) samanburð á gögnum og könnun á heilleika þeirra í stöðvum og undirstöðvum til að tryggja að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 10. gr., séu uppfylltar.

6. Að því er varðar e-lið 3. mgr. skal rekstraraðili tryggja að ef starfsemi í tengslum við gagnaflæði eða eftirlitsstarfsemi reynist ekki skilvirk eða ef ekki er farið eftir settum reglum í skjölum um aðferðir fyrir þessa starfsemi sé gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta og gögn, sem urðu fyrir áhrifum, verði leiðrétt án ástæðulausrar tafar.

7. Að því er varðar f-lið 3. mgr. skal rekstraraðili, sem útvistar einni eða fleiri starfsemi í tengslum við gagnaflæði eða eftirlitsstarfsemi sem um getur í 1. mgr., takast á hendur allt eftirfarandi:

a) hafa eftirlit með gæðum útvistaðrar starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi í samræmi við þessa reglugerð,

b) skilgreina viðeigandi kröfur fyrir niðurstöður útvistaðra ferla svo og aðferða sem notaðar eru í þessum ferlum,

c) hafa eftirlit með gæðum niðurstaðna og aðferða sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar,

d) tryggja að útvistuð starfsemi sé unnin þannig að brugðist sé við eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu sem sanngreindar eru í áhættumatinu sem um getur í 1. mgr.

8. Rekstraraðilinn skal fylgjast með skilvirkni eftirlitskerfisins, þ.m.t. með því að láta fara fram innri endurskoðun og taka tillit til niðurstaðna sannprófanda við sannprófun skýrslna að því er varðar 2. mgr. 4. gr.

Ef rekstraraðili kemst að því að eftirlitskerfið er ekki skilvirkt eða ekki í réttu hlutfalli við sanngreinda áhættu skal hann leitast við að bæta eftirlitskerfið og uppfæra áætlun um aðferðafræði við vöktun eða skriflegar verklagsreglur til grundvallar starfsemi í tengslum við gagnaflæði, áhættumat og eftirlitsstarfsemi, eins og við á.

12. gr.

Gagnaeyður

1. Ef það er tímabundið ekki mögulegt af tæknilegum ástæðum að beita áætlun um aðferðafræði við vöktun eins og lögbært yfirvald samþykkti hana skal rekstraraðili beita aðferð sem byggð er á öðrum gagnalindum, sem eru tilgreindar í áætlun um aðferðafræði við vöktun, í þeim tilgangi að framkvæma staðfestingarkannanir í samræmi við 5. mgr. 10. gr. eða, ef slíkur valkostur er ekki í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, staðgönguaðferð sem veitir mestu nákvæmni sem unnt er að ná samkvæmt almennum gagnalindum og stigskiptingu þeirra, sem mælt er fyrir um í 4. lið VII. viðauka, eða nálgun með varfærnislegum matsaðferðum þar til skilyrðin fyrir beitingu samþykktu áætlunarinnar um aðferðafræði við vöktun hafa verið endurheimt.

Rekstraraðilinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ná fram skjótri beitingu á samþykktri áætlun um aðferðafræði við vöktun.

2. Ef gögn vantar sem skipta máli fyrir skýrslu um grunngögn, þar sem ekki eru tilgreindar í áætluninni um aðferðafræði við vöktun aðrar vöktunaraðferðir eða aðrar gagnalindir til að staðfesta gögn eða fylla í gagnaeyður, skal rekstraraðili nota viðeigandi matsaðferð til að ákvarða varfærnislega staðgöngugögn fyrir viðkomandi tímabil og þá mæliþætti sem vantar og þá einkum, á grundvelli bestu starfsvenja í iðnaðinum, nýlega vísinda- og tækniþekkingu og skal leggja fram tilhlýðilegan rökstuðning fyrir gagnaeyðunni og notkun þessara aðferða í viðauka við skýrsluna um grunngögn.

3. Ef tímabundið frávik frá samþykktri áætlun um aðferðafræði við vöktun á sér stað í samræmi við 1. mgr. eða ef í ljós kemur að gögn vantar, sem skipta máli fyrir skýrsluna sem um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr. eða 2. mgr. 5. gr., skal rekstraraðili, án ástæðulausrar tafar, þróa skriflegar verklagsreglur til að komast hjá þessari tegund gagnaeyðu í framtíðinni og breyta áætluninni um aðferðafræði við vöktun í samræmi við 3. mgr. 9. gr. Ennfremur skal rekstraraðilinn meta hvort og hvernig uppfæra þurfi eftirlitsstarfsemina, sem um getur í 3. mgr. 11. gr., og skal breyta þessari eftirlitsstarfsemi og viðkomandi skriflegum verklagsreglum eins og við á.

13. gr.

Notkun rafrænna sniðmáta

Aðildarríkjum er heimilt að gera þá kröfu að rekstraraðilar og sannprófendur noti rafræn sniðmát eða tiltekin skráarsnið til að leggja fram skýrslur um grunngögn, áætlanir um aðferðafræði við vöktun og sannprófunarskýrslur, eins og um getur í 2. mgr. 4. gr., og skýrslur með gögnum um nýja aðila, áætlanir um aðferðafræði við vöktun og sannprófunarskýrslur eins og um getur í 2. mgr. 5. gr.

III. KAFLI

Úthlutunarreglur

14. gr.

Framkvæmdarráðstafanir á landsvísu

1. Skrá skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina með því að nota rafrænt sniðmát sem framkvæmdastjórnin lætur í té og þar skal auðkenna alla raforkuframleiðendur, litlar stöðvar sem má undanskilja frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 27. gr. og 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og stöðvar sem koma til með að falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Skráin, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja starfandi stöð sem sækir um úthlutun án endurgjalds:

a) auðkenningu á stöðinni og mörkum hennar með því að nota auðkenniskóða stöðvarinnar í viðskiptadagbók Evrópusambandsins,

b) upplýsingar um starfsemi og upplýsingar um rétt til úthlutunar án endurgjalds,

c) auðkenningu á hverri undirstöð stöðvar,

d) fyrir hverja undirstöð, árlegt starfsemisstig og árlega losun á hverju ári á viðkomandi grunntímabili,

e) fyrir hverja undirstöð, upplýsingar um hvort hún tilheyrir geira eða undirgeira sem telst vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, þ.m.t., eftir atvikum, kóði framleiddra vara í vöruskrá ESB,

f) fyrir hverja undirstöð, gögn sem tilkynnt er um í samræmi við IV. viðauka.

3. Við móttöku skrárinnar, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin meta innfærslu hverrar stöðvar í skránni og tengd gögn sem lögð eru fram í samræmi við 2. mgr.

4. Ef framkvæmdastjórnin hafnar ekki skráningu stöðvar í þá skrá skal nota gögnin til að reikna út endurskoðuð viðmiðunargildi eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

5. Aðildarríki skulu ákvarða og tilkynna um bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð með því að nota endurskoðuðu viðmiðunargildin fyrir viðkomandi úthlutunartímabil eins og ákvarðað er í samræmi við 2. til 7. mgr. 16. gr. og 19. til 22. gr.

6. Þegar bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds fyrir viðkomandi úthlutunartímabil, eru tilkynntar skal framkvæmdastjórnin ákvarða alla stuðla sem komið er á skv. 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB með því að bera summu bráðabirgðatalna yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds til stöðva á hverju ári á viðkomandi úthlutunartímabili með því að beita stuðlunum sem eru ákvarðaðir í V. viðauka við þessa reglugerð, saman við árlegan fjölda losunarheimilda sem er reiknaður út í samræmi við 5. mgr. og 5. mgr. a í 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB fyrir stöðvar, að teknu tilliti til viðkomandi hlutdeildar í árlegum heildarfjölda innan Sambandsins eins og það er ákvarðað skv. 1. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Við ákvörðunina skal taka tillit til innfærslna skv. 24. gr. og útilokana skv. 27. gr. og 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, eins og við á.

7. Þegar stuðullinn, sem komið er á skv. 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, hefur verið ákvarðaður skulu aðildarríkin ákvarða og leggja fyrir framkvæmdastjórnina endanlegan árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á hverju ári á viðkomandi úthlutunartímabili í samræmi við 8. mgr. 16. gr.

8. Hvert aðildarríki skal, sé þess óskað, gera skýrslur sem berast á grundvelli 2. mgr. 4. gr. aðgengilegar framkvæmdastjórninni.

15. gr.

Sögulegt starfsemisstig starfandi stöðva

1. Aðildarríki skulu leggja mat á skýrslur um grunngögn og sannprófunarskýrslur sem lagðar eru fram í samræmi við 2. mgr. 4. gr. til að tryggja að farið sé að kröfunum í þessari reglugerð. Eftir því sem við á skal lögbært yfirvald fara fram á að rekstraraðili leiðrétti öll frávik eða villur sem hafa áhrif á ákvörðun sögulegs starfsemisstigs. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fara fram á að rekstraraðilar leggi fram fleiri gögn til viðbótar við upplýsingarnar og skjölin sem skal láta í té í samræmi við 2. mgr. 4. gr.

2. Aðildarríki skulu ákvarða sögulegt starfsemisstig hverrar undirstöðvar og stöðvar á viðkomandi grunntímabili á grundvelli metinna skýrslna um grunngögn og sannprófunarskýrslna. Aðildarríki mega einungis ákveða að ákvarða sögulegt starfsemisstig þegar staðfest hefur verið að gögn sem varða stöð séu fullnægjandi eða ef þau eru þess fullviss að gagnaeyðurnar, sem leiddu til álits sannprófandans, séu vegna óvenjulegra og ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið unnt að komast hjá jafnvel þótt sýnd hefði verið tilhlýðileg aðgæsla.

3. Vörutengt, sögulegt starfsemisstig skal, að því er varðar hverja vöru sem vöruviðmiðun hefur verið ákveðin fyrir eins og um getur í I. viðauka, vísa til meðaltals árlegrar, sögulegrar framleiðslu á þeirri vöru í viðkomandi stöð á grunntímabilinu.

4. Varmatengt, sögulegt starfsemisstig skal vísa til meðaltals árlegs, sögulegs innflutnings frá stöð, sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, og/eða framleiðslu á nettó mælanlegum varma á grunntímabilinu, sem er notaður innan marka stöðvarinnar til vöruframleiðslu, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til raforkuframleiðslu, eða fluttur út til stöðvar eða annarrar einingar, sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskildum útflutningi til raforkuframleiðslu, gefið upp í terajúlum á ári.

Fjarhitunartengt, sögulegt starfsemisstig skal vísa til meðaltals árlegs, sögulegs innflutnings frá stöð, sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, og/eða framleiðslu á mælanlegum varma á grunntímabilinu, sem er fluttur út til fjarhitunar, gefið upp í terajúlum á ári.

5. Eldsneytistengt, sögulegt starfsemisstig skal vísa til meðaltals árlegrar, sögulegrar notkunar á eldsneyti, sem er notað til framleiðslu á ómælanlegum varma sem er notaður til vöruframleiðslu, framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til framleiðslu á raforku, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til raforkuframleiðslu, þ.m.t. brennsla gass í afgasloga af öryggisástæðum, á grunntímabilinu, gefið upp í terajúlum á ári.

6. Að því er varðar losun frá vinnslu í tengslum við vöruframleiðslu í viðkomandi stöð á grunntímabilinu skal vinnslutengt sögulegt starfsemisstig vísa til meðaltals árlegrar, sögulegrar losunar frá vinnslu, gefið upp í tonnum af koltvísýringsígildi.

7. Í því skyni að ákvarða meðaltölin, sem um getur í 3. til 6. mgr., skal einungis taka mið af almanaksárum þar sem viðkomandi stöð hefur verið í rekstri í a.m.k. einn dag.

Hafi undirstöð verið í rekstri skemur en í tvö almanaksár á viðkomandi grunntímabili skal sögulegt starfsemisstig vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu í rekstri eftir upphaf venjulegs rekstrar þessarar undirstöðvar.

Hafi undirstöð ekki verið í rekstri í eitt almanaksár eftir upphaf venjulegs rekstrar á grunntímabilinu skal ákvarða sögulegt starfsemisstig þegar skýrsla um starfsemisstig eftir fyrsta almanaksár í rekstri hefur verið lögð fram.

8. Þrátt fyrir 3. mgr. skulu aðildarríki ákvarða vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir vörur sem vöruviðmiðanirnar, sem um getur í III. viðauka, gilda um á grundvelli meðaltals árlegrar, sögulegrar framleiðslu samkvæmt formúlunum sem settar eru fram í þeim viðauka.

16. gr.

Úthlutun til stöðva fyrir starfandi stöðvar

1. Þegar rekstraraðili starfandi stöðvar hefur lagt fram gilda umsókn um úthlutun án endurgjalds í samræmi við 4. gr. skal viðkomandi aðildarríki reikna fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds frá og með árinu 2021, fyrir hvert ár á grundvelli gagnanna sem er safnað í samræmi við 14. gr.

2. Fyrir útreikningana sem um getur í 1. mgr. skulu aðildarríkin fyrst ákvarða bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir hverja undirstöð um sig á eftirfarandi hátt:

a) fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara gildi þessarar vöruviðmiðunar á viðkomandi úthlutunartímabili, sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, sem hefur verið margfaldað með viðeigandi vörutengdu, sögulegu starfsemisstigi,

b) fyrir undirstöðvar með varmaviðmiðun skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara gildi varmaviðmiðunar fyrir mælanlegan varma á viðkomandi úthlutunartímabili, sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, sem hefur verið margfaldað með varmatengdu, sögulegu starfsemisstigi fyrir mælanlegan varma til notkunar eða til útflutnings til stöðva utan viðskiptakerfisins með losunarheimildir eða annarra eininga, að fjarhitun undanskilinni,

c) fyrir undirstöðvar með fjarhitun skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara gildi varmaviðmiðunar fyrir mælanlegan varma á viðkomandi úthlutunartímabili, sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, sem hefur verið margfaldað með fjarhitunartengdu sögulegu starfsemisstigi,

d) fyrir undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara gildi eldsneytisviðmiðunar fyrir viðkomandi fimm ára tímabil, sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, sem hefur verið margfaldað með eldsneytistengdu, sögulegu starfsemisstigi fyrir eldsneytið sem notað er,

e) fyrir undirstöðvar með losun frá vinnslu skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara vinnslutengdu, sögulegu starfsemisstigi, margfaldað með 0,97.

Hafi undirstöð verið í rekstri skemur en í eitt almanaksár eftir upphaf venjulegs rekstrar á grunntímabilinu skal ákvarða bráðabirgðaúthlutun fyrir viðkomandi úthlutunartímabil eftir að sögulegt starfsemisstig hefur verið tilkynnt.

3. Að því er varðar 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB skal nota stuðlana, sem eru ákvarðaðir í V. viðauka við þessa reglugerð, í tengslum við bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til hverrar undirstöðvar skv. 2. mgr. þessarar greinar fyrir viðkomandi ár ef ferlin í þessum undirstöðvum varða geira eða undirgeira, sem teljast ekki vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal nota stuðulinn 0,3 fyrir undirstöðvar með fjarhitun.

4. Þegar ferlin í undirstöðvunum, sem um getur í 2. mgr., varða geira eða undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, eins og það er ákvarðað í samræmi við 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, skal stuðullinn sem er notaður vera 1.

5. Bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til undirstöðva, sem tóku við mælanlegum varma frá undirstöðvum sem framleiddu vörur sem falla undir viðmiðun fyrir saltpéturssýru, skulu lækkaðar um sögulega ársnotkun á þeim varma á viðkomandi grunntímabili, margfaldað með gildi varmaviðmiðunar fyrir þennan mælanlega varma á viðkomandi úthlutunartímabili sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

Frá árinu 2026 skal lækka bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds til undirstöðva með vöruviðmiðun á viðkomandi úthlutunartímabili, um sem svarar til árlegrar sögulegrar losunar frá brennslu úrgangslofttegunda í afgasloga, að undanskilinni brennslu gass í afgasloga af öryggisástæðum, og nota þær ekki til framleiðslu á mælanlegum varma, ómælanlegum varma eða raforku.

6. Bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð skal vera summa bráðabirgðatalna yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir allar undirstöðvar, reiknað út í samræmi við 2. til 5. mgr.

Ef stöð nær yfir undirstöðvar, sem framleiða pappírsmauk (kraftpappírsmauk með stuttum trefjum, kraftpappírsmauk með löngum trefjum, hitameðhöndlað og vélunnið mauk, vélunnið mauk, súlfítpappírsmauk eða annað pappírsmauk sem fellur ekki undir vöruviðmiðun) og flytja út mælanlegan varma til annarra tæknilega tengdra undirstöðva, skulu bráðabirgðatölur yfir fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds, án þess að hafa áhrif á bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir aðrar undirstöðvar viðkomandi stöðvar, aðeins taka mið af bráðabirgðatölum yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds að því marki að vörur úr pappírsmauki sem þessi undirstöð framleiðir séu settar á markað og ekki unninn pappír úr því á sömu stöð eða öðrum tæknilega tengdum stöðvum.

7. Við ákvörðun bráðabirgðatalna yfir árlegan fjölda losunarheimilda fyrir hverja stöð, sem er úthlutað án endurgjalds, skulu aðildarríki og rekstraraðilar tryggja að losun eða starfsemisstig séu ekki tvítalin og að úthlutunin sé ekki neikvæð. Einkum skal losun ekki tvítalin ef stöð flytur inn hálfunna vöru, sem fellur undir vöruviðmiðun samkvæmt skilgreiningu á viðkomandi kerfismörkum sem sett eru fram í I. viðauka, þegar bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds fyrir báðar hlutaðeigandi stöðvar, eru ákvarðaðar.

8. Endanlegur árlegur fjöldi losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja starfandi stöð, að undanskildum stöðvum sem falla undir 3. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skal vera bráðabirgðatala yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð eins og ákvarðað er í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar, margfaldað með stuðlinum sem er ákvarðaður í samræmi við 6. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

Að því er varðar stöðvar sem falla undir 3. mgr.10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og eiga rétt á að fá úthlutað losunarheimildum án endurgjalds skal endanlegur árlegur fjöldi losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, samsvara bráðabirgðatölu yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð eins og ákvarðað er í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar, aðlagað árlega með línulega stuðlinum, sem um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB, þar sem notuð er bráðabirgðatala yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir viðkomandi stöð á árinu 2013 sem viðmiðun, að undanskildu sérhverju ári þar sem þessi úthlutun er aðlöguð á samræmdan hátt skv. 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

Þrátt fyrir aðra undirgrein skal endanlegur árlegur fjöldi losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á hverju ári, þar sem stuðullinn sem er ákvarðaður í samræmi við 6. mgr. 14. gr. er lægri en 100% fyrir stöðvar sem falla undir 3. mgr. 10 gr. a í tilskipun 2003/87/EB og eiga rétt á að fá úthlutað losunarheimildum án endurgjalds, samsvara bráðabirgðatölu yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð eins og ákvarðað er í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar, aðlagað árlega með stuðlinum sem er ákvarðaður í samræmi við 6. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

9. Að því er varðar útreikningana sem um getur í 1. til 8. mgr. skal fjöldi losunarheimilda fyrir undirstöðvar og stöðvar gefinn upp sem næsta heila tala.

17. gr.

Sögulegt starfsemisstig fyrir nýja aðila

Aðildarríki skulu ákvarða sögulegt starfsemisstig hvers nýs aðila og undirstöðva þeirra sem hér segir:

a) fyrir hverja vöru sem vöruviðmiðun hefur verið ákvörðuð fyrir, eins og um getur í I. viðauka við þessa reglugerð eða skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu eftir upphaf venjulegs rekstrar, að því er varðar framleiðslu viðkomandi undirstöðvar á þessari vöru,

b) varmatengt, sögulegt starfsemisstig skal vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu eftir upphaf venjulegs rekstrar fyrir innflutning frá stöð, sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, og/eða framleiðslu á mælanlegum varma sem er notaður innan marka stöðvarinnar til vöruframleiðslu, til framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til raforkuframleiðslu, eða fluttur út til stöðvar eða annarrar einingar, sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskildum útflutningi til raforkuframleiðslu.

c) fyrir innflutning frá stöð sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og/eða framleiðslu á mælanlegum varma, sem er fluttur út til fjarhitunar, skal fjarhitunartengt sögulegt starfsemisstig vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu eftir upphaf venjulegs rekstrar,

d) eldsneytistengt sögulegt starfsemisstig skal vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu eftir upphaf venjulegs rekstrar fyrir notkun á eldsneyti sem er notað til framleiðslu á ómælanlegum varma til vöruframleiðslu, til framleiðslu á vélrænni orku, annarri en þeirri sem notuð er til raforkuframleiðslu, til hitunar eða kælingar, að undanskilinni notkun til framleiðslu á raforku, þ.m.t. brennsla gass í afgasloga af öryggisástæðum, í viðkomandi stöð,

e) starfsemisstig í tengslum við losun frá vinnslu skal vera starfsemisstigið á fyrsta almanaksárinu eftir upphaf venjulegs rekstrar að því er varðar framleiðslu vinnslueiningarinnar á losun frá vinnslu,

f) þrátt fyrir a-lið skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir vörur sem vöruviðmiðunin, sem um getur í III. viðauka, gildir um vera starfsemisstig fyrsta almanaksársins eftir upphaf venjulegs rekstrar fyrir framleiðslu á þessari vöru í viðkomandi undirstöð, ákvarðað samkvæmt reiknireglunum sem settar eru fram í þeim viðauka.

18. gr.

Úthlutun til nýrra aðila

1. Að því er varðar úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til nýrra aðila skulu aðildarríkin reikna út bráðabirgðatölu yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds við upphaf venjulegs rekstrar í stöðinni, fyrir hverja undirstöð fyrir sig sem hér segir:

a) fyrir hverja undirstöð með vöruviðmiðun, undirstöð með varmaviðmiðun og undirstöð með eldsneytisviðmiðun skal bráðabirgðatalan yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara gildi þeirrar viðmiðunar á viðkomandi tímabili, margfaldað með viðeigandi sögulegu starfsemisstigi,

b) fyrir hverja undirstöð með losun frá vinnslu skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á tilteknu ári samsvara vinnslutengdu, sögulegu starfsemisstigi, margfaldað með 0,97.

Ákvæði 3., 4., 5. og 7. mgr. 16. gr. skulu gilda að breyttu breytanda að því er varðar útreikninga á bráðabirgðatölum yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til nýrra aðila.

2. Bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds á almanaksárinu við upphaf venjulegs rekstrar skal samsvara gildi viðkomandi viðmiðunargildis fyrir hverja undirstöð, margfaldað með starfsemisstigi þess árs.

3. Bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð skal vera summa bráðabirgðatalna yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir allar undirstöðvar, reiknað út í samræmi við 1. og 2. mgr. Önnur undirgrein 6. mgr. 16. gr. skal gilda.

4. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um árlegan heildarfjölda losunarheimilda fyrir hverja stöð sem er úthlutað til nýrra aðila án endurgjalds.

Framkvæmdastjórnin skal úthluta losunarheimildum úr varasjóðnum fyrir nýja aðila, sem var stofnaður skv. 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, samkvæmt reglunni „fyrstir koma, fyrstir fá“ frá og með viðtöku þeirrar tilkynningar.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að hafna bráðabirgðatölum yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til tiltekinnar stöðvar.

5. Endanlegar árlegur fjöldi losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, skal samsvara bráðabirgðatölum yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir hverja stöð eins og ákvarðað er í samræmi við 1. til 4. mgr., aðlagað árlega með línulega stuðlinum sem um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB, með því að nota bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds, fyrir viðkomandi stöð á fyrsta ári viðkomandi úthlutunartímabils sem viðmiðun.

6. Að því er varðar útreikningana sem um getur í 1. til 5. mgr. skal fjöldi losunarheimilda fyrir undirstöðvar og stöðvar gefinn upp sem næsta heila tala.

19. gr.

Úthlutun að því er varðar gufusundrun

Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 16. gr. og a-lið 1. mgr. 18. gr. skal bráðabirgðatala yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds fyrir undirstöð með vöruviðmiðun í tengslum við framleiðslu á hágæðaíðefnum, samsvara gildi vöruviðmiðunar fyrir gufusundrun fyrir viðkomandi úthlutunartímabil, margfaldað með sögulegu starfsemisstigi sem er ákvarðað í samræmi við III. viðauka og margfaldað með hlutfalli beinnar heildarlosunar, þ.m.t. losun frá innfluttum nettóvarma á grunntímabilinu sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eða á fyrsta almanaksári eftir upphaf venjulegs rekstrar sem um getur í a-lið 17. gr., eins og við á, reiknað út í samræmi við 2. mgr. 22. gr. og gefið upp sem tonn af koltvísýringsígildi og summa þessarar beinu heildarlosunar og viðeigandi óbeinnar losunar á grunntímabilinu, sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eða á fyrsta almanaksári eftir upphaf venjulegs rekstrar sem um getur í a-lið 17. gr., eins og við á, reiknað út í samræmi við 3. mgr. 22. gr. Við niðurstöðurnar úr þessum

útreikningum skal bæta 1,78 tonnum af koltvísýringi á hvert tonn af vetni, margfaldað með meðaltali sögulegrar framleiðslu á vetni úr viðbótarhráefni, gefið upp sem tonn af vetni, 0,24 tonnum af koltvísýringi á hvert tonn af etýleni, margfaldað með meðaltali sögulegrar framleiðslu á etýleni úr viðbótarhráefni, gefið upp sem tonn af etýleni, og 0,16 tonnum af koltvísýringi á hvert tonn af hágæðaíðefnum, margfaldað með meðaltali sögulegrar framleiðslu á öðrum hágæðaíðefnum en vetni og etýleni úr viðbótarhráefni, gefið upp sem tonn af hágæðaíðefnum.

20. gr.

Úthlutun að því er varðar vínýlklóríðeinliðu

Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 16. gr. og a-lið 1. mgr. 18. gr. skulu bráðabirgðatölur yfir árlegan fjölda losunarheimilda, sem er úthlutað án endurgjalds fyrir undirstöð í tengslum við framleiðslu á vínýlklóríðeinliðum, samsvara gildi vöruviðmiðunar fyrir vínýlklóríðeinliður fyrir viðkomandi úthlutunartímabil, margfaldað með sögulegu starfsemisstigi fyrir framleiðslu vínýlklóríðeinliða, gefið upp sem tonn og margfaldað með hlutfalli beinnar losunar frá framleiðslu á vínýlklóríðeinliðum, þ.m.t. losun frá innfluttum nettóvarma á grunntímabilinu sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eða á fyrsta almanaksári eftir upphaf venjulegs rekstrar sem um getur í a-lið 17. gr., eins og við á, reiknað út í samræmi við 2. mgr. 22. gr., gefið upp sem tonn af koltvísýringsígildi og summa þessarar beinu losunar og vetnistengdrar losunar frá framleiðslu vínýlklóríðeinliða á grunntímabilinu sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eða á fyrsta almanaksári eftir upphaf venjulegs rekstrar sem um getur í a-lið 17. gr., eins og við á, gefið upp sem tonn af koltvísýringsígildi, reiknað út á grundvelli sögulegrar varmanotkunar sem stafar frá brennslu vetnis, gefið upp í terajúlum (TJ) margfaldað með gildi varmaviðmiðunar fyrir viðkomandi úthlutunartímabil.

21. gr.

Varmastreymi milli stöðva

Ef undirstöð með vöruviðmiðun nær yfir mælanlegan varma sem er fluttur inn frá stöð eða annarri einingu sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skal bráðabirgðatalan yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir viðkomandi undirstöð með vöruviðmiðun, ákvarðað skv. a-lið 2. mgr. 16. gr. eða a-lið 1. mgr. 18. gr., eins og við á, lækkuð um sem nemur sögulegu magni af varma sem er flutt inn frá stöð eða annarri einingu sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á viðkomandi ári, margfaldað með gildi varmaviðmiðunar fyrir mælanlegan varma fyrir viðkomandi úthlutunartímabil.

22. gr.

Skiptanleiki eldsneytis og raforku

1. Að því er varðar hverja undirstöð með vöruviðmiðun sem samsvarar vöruviðmiðun sem er skilgreind í 2. lið I. viðauka, þar sem tekið er mið af skiptanleika eldsneytis og raforku, skal bráðabirgðatala yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds samsvara gildi viðkomandi vöruviðmiðunar fyrir viðkomandi úthlutunartímabil, margfaldað með vörutengdu, sögulegu starfsemisstigi og margfaldað með hlutfalli beinnar heildarlosunar, þ.m.t. losun frá innfluttum nettóvarma á grunntímabilinu sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eða á fyrsta almanaksári eftir upphaf venjulegs rekstrar sem um getur í a-lið 17. gr., eins og við á, reiknað í samræmi við 2. mgr., gefið upp sem tonn af koltvísýringsígildi og summa þessarar beinu heildarlosunar og viðeigandi óbeinnar losunar á grunntímabilinu sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eða á fyrsta almanaksári eftir upphaf venjulegs rekstrar sem um getur í a-lið 17. gr., eins og við á, reiknað út í samræmi við 3. mgr.

2. Í þeim tilgangi að reikna út losun frá innfluttum nettóvarma skal margfalda magn mælanlegs varma fyrir framleiðslu á viðkomandi vöru, sem er fluttur inn frá stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á grunntímabilinu sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eða á fyrsta almanaksári eftir upphaf venjulegs rekstrar sem um getur í a-lið 17. gr., eins og við á, með gildi fyrir varmaviðmiðun á viðkomandi úthlutunartímabili.

3. Í þeim tilgangi að reikna út óbeina losun vísar viðkomandi óbein losun til viðkomandi raforkunotkunar, eins og tilgreint er í skilgreiningu á ferlum og losun sem falla undir I. viðauka, á grunntímabilinu sem um getur í 2. mgr. 15. gr. eða á fyrsta almanaksári eftir upphaf venjulegs rekstrar sem um getur í a-lið 17. gr., eins og við á, gefið upp í megavattstundum fyrir framleiðslu á viðkomandi vöru, margfaldað með 0,376 tonnum af koltvísýringi fyrir hverja megavattstund og gefið upp sem tonn af koltvísýringi.

23. gr.

Breytingar á úthlutun til stöðvar

1. Rekstraraðilar skulu upplýsa viðkomandi lögbært yfirvald um allar breytingar í tengslum við rekstur á stöð sem hafa áhrif á úthlutun stöðvarinnar. Aðildarríki mega setja tímamörk fyrir þessa tilkynningu og mega krefjast þess að notuð séu rafræn sniðmát eða sérstök skráarsnið.

2. Eftir mat á viðkomandi upplýsingum skal lögbært yfirvald leggja allar viðkomandi upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, þ.m.t. endurskoðaðan endanlegan fjölda losunarheimilda sem úthlutað er án endurgjalds til viðkomandi stöðvar.

Lögbæra yfirvaldið skal leggja fram viðkomandi upplýsingar samkvæmt fyrstu undirgrein með því að nota rafrænt kerfi sem framkvæmdastjórnin starfrækir.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að hafna endurskoðuðum endanlegum árlegum fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds fyrir viðkomandi stöð.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun á grundvelli tilkynningarinnar sem er móttekin, skal upplýsa viðkomandi lögbært yfirvald og færa breytingarnar inn, eftir því sem við á, í skrá Sambandsins, sem komið var á skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og í viðskiptadagbók Evrópusambandsins sem um getur í 20. gr. þeirrar tilskipunar.

24. gr.

Afsal úthlutunar losunarheimilda án endurgjalds

1. Rekstraraðili sem fengið hefur losunarheimildum úthlutað án endurgjalds má afsala sér þeim, að því er varðar allar eða tilteknar undirstöðvar, hvenær sem er á viðkomandi úthlutunartímabili með því að leggja umsókn fyrir lögbært yfirvald.

2. Eftir mat á viðkomandi upplýsingum skal lögbært yfirvald leggja fyrir framkvæmdastjórnina endurskoðaðan endanlegan árlegan fjölda losunarheimilda sem úthlutað er án endurgjalds til viðkomandi stöðvar eins og lýst er í 2. mgr. 23. gr.

Endurskoðaða úthlutunin skal varða almanaksárin á eftir umsóknarárinu sem um getur í 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun, að því er varðar afsalið, og fylgja tilhöguninni sem um getur í 4. mgr. 23. gr.

4. Rekstraraðili skal ekki eiga rétt á að draga umsókn sína, sem um getur í 1. mgr., til baka á sama úthlutunartímabili.

25. gr.

Samruni og uppskipting

1. Rekstraraðilar nýrra stöðva sem verða til við samruna eða uppskiptingu skulu láta lögbæru yfirvaldi í té eftirfarandi skjöl, eins og við á:

a) nöfn, heimilisföng og samskiptaupplýsingar rekstraraðila áður aðskilinna eða stakra stöðva,

b) nöfn, heimilisföng og samskiptaupplýsingar rekstraraðila nýstofnaðra stöðva,

c) ítarlega lýsingu á mörkum viðkomandi stöðvarhluta, ef við á,

d) kennimerki leyfis og auðkenniskóða nýstofnuðu stöðvarinnar eða stöðvanna í skrá Sambandsins.

2. Stöðvar sem verða til við samruna eða uppskiptingu skulu leggja skýrslurnar, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., fyrir lögbært yfirvald. Ef stöðvarnar voru nýir aðilar fyrir samruna eða uppskiptingu skulu rekstraraðilar senda lögbærum yfirvöldum gögn frá upphafi venjulegs rekstrar.

3. Lögbært yfirvald skal meta samruna eða uppskiptingu stöðva, þ.m.t. uppskipting innan sömu fyrirtækjasamstæðu. Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingu á rekstraraðilum.

Á grundvelli gagna sem berast skv. 2. mgr. skal lögbæra yfirvaldið ákvarða sögulegt starfsemisstig á grunntímabilinu fyrir hverja undirstöð í hverri nýstofnaðri stöð eftir samruna eða uppskiptingu. Ef undirstöð er skipt upp í tvær eða fleiri undirstöðvar skulu sögulegt starfsemisstig og úthlutun til undirstöðvanna eftir uppskiptinguna byggjast á sögulegu starfsemisstigi á grunntímabili viðkomandi tæknieininga stöðvarinnar fyrir uppskiptinguna.

4. Úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til stöðvanna eftir samruna eða uppskiptingu skal samsvara endanlegum fjölda úthlutana án endurgjalds fyrir samrunann eða uppskiptinguna á grundvelli sögulegs starfsemisstigs eftir samrunann eða uppskiptinguna.

5. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hverja úthlutun losunarheimilda til stöðvanna eftir samruna eða uppskiptingu og senda niðurstöður matsins til lögbærs yfirvalds.

26. gr.

Rekstri stöðvar hætt

1. Stöð telst hafa hætt rekstri ef eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

a) viðkomandi leyfi fyrir losun gróðurhúsalofttegunda hefur verið afturkallað, þ.m.t. ef stöðin uppfyllir ekki lengur viðmiðunarmörk starfseminnar sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB,

b) stöðin er ekki í rekstri og það er tæknilega ómögulegt að hefja rekstur á ný.

2. Ef stöð hefur hætt rekstri skal hlutaðeigandi aðildarríki ekki gefa út losunarheimildir fyrir hana frá og með árinu eftir að rekstri er hætt.

3. Aðildarríki geta fellt tímabundið niður útgáfu losunarheimilda fyrir þær stöðvar sem hafa tímabundið hætt rekstri, svo lengi sem ekki er fastsett hvort þær hefja rekstur að nýju.

IV. KAFLI

Lokaákvæði

27. gr.

Niðurfelling ákvörðunar 2011/278/ESB

Ákvörðun 2011/278/ESB er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2021. Hún skal þó gilda áfram um úthlutanir sem varða tímabilið fyrir 1. janúar 2021.

28. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Viðmiðanir

1. Skilgreining á vöruviðmiðunum og kerfismörkum án tillits til skiptanleika eldsneytis og raforku

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Koks	Koks í koksofna (fengið með kolun kokskola við háan hita) eða gaskoks (aukaafurð gasvinnslustöðva), gefið upp sem tonn af þurru koksi, ákvarðað við losun koksofnsins eða gasvinnslustöðvarinnar. Brúnkol falla ekki undir þessa viðmiðun. Koksun í hreinsunarstöðvum er ekki innifalin en hún fellur undir CWT-aðferðina fyrir hreinsunarstöðvar.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum koksofnum, H_2S/NH_3-brennslu, forhitun kola (afþíðingu), koksgassútdráttartæki, einingu fyrir hreinsun brennisteins, eimingareiningu, gufuframleiðslustöð, þrýstistýringu í rafhlöðum, lífrænni meðhöndlun á vatni, ýmiss konar hitun aukaafurða og vetnissundrun falla hér undir. Hreinsun koksofnagass fellur hér undir.	0,286
Glætt málmgrýti	Mótuð járnauðug vara sem inniheldur járngrýtisagnir, bræðsluefni og efniviði til endurnýtingar sem innihalda járn með þá efnisfræðilegu og eðlisfræðilegu eiginleika, s.s. basastig, vélrænan styrk og lekt, sem eru nauðsynlegir til að koma járni og nauðsynlegum bræðsluefnum í járngrýtisafoxunarferli. Gefið upp sem tonn af glæddu málmgrýti sem fara frá glæðingarverksmiðjunni.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum glæðingarfæribandi, íkviknun, einingum fyrir hráefnisundirbúning, einingu fyrir sáldun með hita, einingu fyrir glæðingarkælingu, einingu fyrir sáldun með kulda og einingu til gufuframleiðslu falla hér undir.	0,171
Heitur málmur	Fljótandi járn, mettað með kolefni til frekari vinnslu, telst vera afurð úr háofnum og gefið upp sem tonn af fljótandi járni við úttaksspunkt háofnsins. Svipaðar vörur, s.s. járnblendi, falla ekki undir þessa vöruviðmiðun. Afgangsefniviðir og aukaafurðir teljast ekki vera hluti af þessari vöru.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum háofnum, meðhöndlunareiningum fyrir heitan málm, háofnsblásurum, hitabúnaði fyrir háofna, súrefnisofnum, fylgimálmvinnslueiningum, einingum til afgösunar í lofttæmi, málmsteypueiningum (þ.m.t. skurður), gjallmeðhöndlunareiningu, hráefnablöndun, meðhöndlunareiningu fyrir háofnagas, rykhreinsunareiningum, forhitun brotajárns, kolaþurrkun fyrir innspýtingu, deigluforhiturum, mótaforhiturum, þrýstiloftsframleiðslu, rykmeðhöndlunareiningu (kögglun), eðjumeðhöndlunareiningu (kögglun), einingu til gufuinnspýtingar í háofn, gufuframleiðslustöð, kælingu á súrefnisofnagasi og ýmsum öðrum falla hér undir.	1,328

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Forbökuð forskaut	Forskaut til rafgreiningar á áli úr jarðolíukoksi, biki og forskautum, sem hafa verið endurunnin á hefðbundinn hátt, sem eru mótuð þannig að þau passi sérstaklega fyrir tiltekna málmbræðslu og bökuð í forskautsbökunarofnum við u.þ.b. 1.150 °C. Söderberg-forskaut falla ekki undir þessa vöruviðmiðun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á forbökuðum forskautum, falla hér undir.	0,324
Ál	Óunnið, óblendið, fljótandi ál úr rafgreiningu. Gefið upp sem tonn, mælt á milli rafgreiningarhlutans og hitaviðhald-sofnsins í steypuskálanum áður en málmblendi og endurunnu áli er bætt við.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepinu rafgreiningu, falla hér undir. Losun frá hitaviðhaldsofnum og málmsteypu og losun sem tengist framleiðslu á forskautum er undanskilin.	1,514
Grátt sementsgjall	Grátt sementsgjall sem heildarframleiðsla á gjalli.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á gráu sementsgjalli, falla hér undir.	0,766
Hvítt sementsgjall	Hvítt sementsgjall til notkunar sem aðalbindiefni í samsetningu á efniviðum s.s. fúguefni, límefni fyrir keramíkflísar, einangrunarefni og múrfestingar, iðnaðar-gólfmúr, gifsefni sem er tilbúið til notkunar, viðgerðarmúrblöndur og vatnsþétt yfirborðs-meðferðarefni sem inniheldur að meðaltali að hámarki 0,4 af Fe_2O_3 sem massahlutfall, 0,003 af Cr_2O_3 sem massahlutfall og 0,03 af Mn_2O_3 sem massahlutfall. Gefið upp sem tonn af hvítu sementsgjalli (sem 100% gjall).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á hvítu sementsgjalli, falla hér undir.	0,987
Kalk	Óleskjað kalk: kalsíumoxíð (CaO) framleitt með afkölkun kalksteins ($CaCO_3$). Gefið upp sem tonn af kalki af „staðalhreinleika“, skilgreint sem kalk með óbundnu CaO-innihaldi sem nemur 94,5%. Kalk sem er framleitt og notað í sömu stöðinni til hreinsunar fellur ekki undir þessa vöru-viðmiðun. Innri kalkframleiðsla í papp-írsmauksgeiranum fellur nú þegar undir viðkomandi viðmiðanir fyrir pappírsmauk og á því ekki rétt á viðbótarúthlutun á grundvelli viðmiðunar fyrir kalk.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á kalki, falla hér undir.	0,954
Brennt dólómít	Brennt dólómít eða glætt dólómít sem blanda af kalsíum- og magnesíumoxíðum, framleitt með afkölkun dólómíts ($CaCO_3 \cdot MgCO_3$) með CO_2-leifum yfir 0,25%, óbundið innihald MgO á bilinu 25% til 40% og rúmþyngd verslunarvörunnar er undir 3,05 g/cm^3. Brennt dólómít skal gefið upp sem brennt dólómít af staðalhreinleika þar sem innihald óbundins CaO er 57,4% og innihald óbundins MgO er 38,0%.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á brenndu dólómíti, falla hér undir, einkum meðhöndlun eldsneytis, brennsla/glæðing og hreinsun útblásturs.	1,072

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Sindrað, brennt dólómít	Blanda af kalsíum- og magnesíumoxíði sem er eingöngu notuð til framleiðslu á eldföstum múrsteinum og öðrum eldföstum vörum með rúmþyngd að lágmarki 3,05 g/cm3. Gefið upp sem tonn af seljanlegu sindruðu, brenndu dólómíti.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á sindruðu, brenndu dólómíti, falla hér undir.	1,449
Flotgler	Flotgler/slípað gler/fágað gler (sem tonn af gleri sem koma úr herslu).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum bræðslu, hreinsun, vinnsluenda (e. *working end*), baði og herslu, falla hér undir. Frágangsverkstæði sem hægt er að aðskilja efnislega frá úrvinnsluferlinu, s.s. húðun, plasthúðun og herðing utan kerfis, eru undanskilin.	0,453
Flöskur og krukkur úr ólituðu gleri	Flöskur úr ólituðu gleri, < 2,5 lítrar að nafnrúmtaki, framleiddar í bræðsluofni þar sem litarefnum er ekki bætt við af ásetningi, undir drykkjarvörur og matvæli (þó ekki flöskur hjúpaðar leðri eða samsettu leðri eða barnapelar) að undanskildum vörum úr hvítum tinnusteini þar sem járnoxíðinnihaldið er minna en 0,03% miðað við þyngd, gefið upp sem Fe_2O_3, og litahnit L eru á bilinu 100 til 87, a á bilinu 0 til –5 og b á bilinu 0 til 3 (notuð er CIELAB-litaformúlan sem Commission Internationale d'éclairage mælir með), gefið upp sem tonn af pökkuðum vörum.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum meðhöndlun efniviða, bræðslu, mótun, úrvinnslu, pökkun og stoðvinnslu, falla hér undir.	0,382
Flöskur og krukkur úr lituðu gleri	Litaðar glerflöskur, <2,5 lítrar að nafnrúmtaki, undir drykkjarvörur og matvæli (þó ekki flöskur hjúpaðar leðri eða samsettu leðri eða barnapelar), sem uppfylla ekki skilgreiningu á vöruviðmiðun fyrir flöskur og krukkur úr ólituðu gleri, gefið upp sem tonn af pökkuðum vörum.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum meðhöndlun efniviða, bræðslu, mótun, úrvinnslu, pökkun og stoðvinnslu, falla hér undir.	0,306
Vörur úr samfelldum glertrefjum	Bráðið gler til framleiðslu á vörum úr samfelldum glertrefjum, þ.e.a.s. saxaðir þræðir, vafningar, garn og stuttar glertrefjar og mottur, gefið upp sem tonn af bræddu gleri sem kemur úr fæðihólfinu, reiknað út frá magni hráefnis sem fer inn í bræðsluofninn eftir að rokgjörn loftkennd losun hefur verið dregin frá. Vörur úr steinull til varma-, hljóð- og brunaeinangrunar falla ekki undir þessa viðmiðun.	Öll ferli sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluferlunum glerbræðslu í bræðsluofnum og hreinsun glers í fæðihólfunum falla hér undir, einkum bein koltvísýringslosun sem tengist þessari koltvísýringslosun við vinnslu sem hlýst af afkölkun jarðefnahráefna í glerið í bræðsluferlinu. Úrvinnsla til að breyta trefjunum í seljanlegar vörur fellur ekki undir þessa vöruviðmiðun. Stuðningsferli, s.s. meðhöndlun efniviða, teljast vera þjónusta og eru utan kerfismarka.	0,406

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Múrsteinar til klæðningar	Múrsteinar til klæðningar með þéttleika > 1.000 kg/m^3 sem eru notaðir á steinfleti á grundvelli EN 771-1, að undanskildum hellusteinum, hörðum múrsteinum og blábrenndum múrsteinum til klæðningar.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluferlunum undirbúningi hráefna, blöndun efnisþátta, mótun og lögun vöru, þurrkun vöru, brennslu vöru, frágangi vöru og hreinsun útblásturs, falla hér undir.	0,139
Hellusteinar	Leirsteinar í öllum litum, notaðir til gólflagningar samkvæmt EN 1344. Gefið upp sem tonn af hellusteinum sem seljanleg vara (nettó).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluferlunum undirbúningi hráefna, blöndun efnisþátta, mótun og lögun vöru, þurrkun vöru, brennslu vöru, frágangi vöru og hreinsun útblásturs, falla hér undir.	0,192
Þaktígulsteinar	Þaktígulsteinar úr leir, eins og skilgreint er í EN 1304:2005, að undanskildum blábrenndum þaktígulsteinum og aukabúnaði. Gefið upp sem tonn af seljanlegum þaktígulsteinum.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluferlunum undirbúningi hráefna, blöndun efnisþátta, mótun og lögun vöru, þurrkun vöru, brennslu vöru, frágangi vöru og hreinsun útblásturs, falla hér undir.	0,144
Úðaþurrkað duft	Úðaþurrkað duft til framleiðslu á þurrpressuðum vegg- og gólfflísum. Gefið upp sem tonn af framleiddu dufti.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á úðaþurrkuðu dufti, falla hér undir.	0,076
Gifsefni	Gifsefni úr brenndu gifsi eða kalsíumsúlfati (þ.m.t. til notkunar í byggingum, til notkunar í ofinn dúk fyrir umbúðir eða yfirborðspappír, til notkunar í tannlækningum, til notkunar við afmengun lands) í tonnum af múrhúð (seljanleg framleiðsla). Alfagifsefni, gifs sem er unnið enn frekar í gifsplötur og framleiðsla á hálfunnu vörunni þurrkað, endurunnið gifs, falla ekki undir þessa vöruviðmiðun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum mölun, þurrkun og glæðingu, falla hér undir.	0,048
Þurrkað, endurunnið gifs	Þurrkað, endurunnið gifs (tilbúið gifs, framleitt sem endurunnin aukaafurð úr orkuiðnaði eða endurunninn efniviður úr byggingarúrgangi og niðurbroti), gefið upp sem vara í tonnum.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint þurrkun endurunnins gifs, falla hér undir.	0,017

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Kraftpappírsmauk með stuttum trefjum	Kraftpappírsmauk með stuttum trefjum er viðarmauk, sem er framleitt með súlfatefnavinnslu þar sem notaður er suðuvökvi og einkennist af trefjalengd sem nemur 1–1,5 mm, sem er aðallega notað í vörur sem verða að vera af tiltekinni mýkt og fyrirferð, s.s. pappírsþurrkur og prentpappír, gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum, mælt við lok vinnsluferlisins. Loftþurrkað tonn af pappírsmauki þýðir að innihald þurrefna er 90%.	Öll ferli sem eru hluti af framleiðslu pappírsmauks (einkum pappírsmauksverksmiðja, endurnýtingarsuðuketill, þurrkun pappírsmauksins, kalkofn og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla)) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	0,12
Kraftpappírsmauk með löngum trefjum	Kraftpappírsmauk með löngum trefjum er viðarmauk, sem er framleitt með súlfatefnavinnslu þar sem notaður er suðuvökvi og einkennist af trefjalengd sem nemur 3–3,5 mm, þ.m.t. bleikt og óbleikt mauk, gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum, mælt við lok vinnsluferlisins. Loftþurrkað tonn af pappírsmauki þýðir að innihald þurrefna er 90%.	Öll ferli sem eru hluti af framleiðslu á pappírsmauki (einkum pappírsmauksverksmiðja, endurnýtingarsuðuketill, þurrkun pappírsmauksins, kalkofn og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla)) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	0,06
Súlfítpappírsmauk, hitameðhöndlað og vélunnið mauk og vélunnið mauk	Súlfítpappírsmauk sem er framleitt með sérstakri aðferð til að búa til pappírsmauk, t.d. pappírsmauk sem er framleitt með því að sjóða viðarspæni í þrýstihylki í bísúlfítvökva, gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum, mælt við lok vinnsluferlisins. Loftþurrkað tonn af pappírsmauki þýðir að innihald þurrefna er 90%. Súlfítpappírsmauk getur verið bleikt eða óbleikt. Vélunnið mauk af mismunandi gæðum: Hitameðhöndlað og vélunnið mauk (TMP) og mauk úr viðarslípi sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum, mælt við lok vinnsluferlisins. Loftþurrkað tonn af pappírsmauki þýðir að innihald þurrefna er 90%. Vélunnið mauk getur verið bleikt eða óbleikt.	Öll ferli sem eru hluti af framleiðslu á pappírsmauki (einkum pappírsmauksverksmiðja, endurnýtingarsuðuketill, þurrkun pappírsmauksins, kalkofn og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla)) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	0,02

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
	Smærri undirflokkar af hálfefnafræðilega unnu pappírsmauki, efnafræðilega unnu og hitameðhöndluðu og vélunnu mauki (CTMP) og uppleysanlegu mauki falla ekki undir þennan flokk.		
Endurheimt pappírsmauk	Mauk úr trefjum úr endurheimtum pappír eða pappa (úrgangur og rusl) eða öðru trefjakenndu sellulósaefni, gefið upp sem tonn af seljanlegri nettóframleiðslu í loftþurrkuðum tonnum, mælt við lok vinnsluferlisins. Loftþurrkað tonn af pappírsmauki þýðir að innihald þurrefna er 90%. Ef um er að ræða framleiðslu á pappírsmauki er framleiðslan skilgreind sem heildarmagn pappírsmauks sem er framleitt, þ.m.t. bæði pappírsmauk til innri afhendingar í pappírsverksmiðju og pappírsmauk til setningar á markað.	Öll ferli sem eru hluti af framleiðslu á pappírsmauki úr endurheimtum pappír og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla)) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	0,039
Dagblaðapappír	Pappír í tilteknum gæðaflokki (í rúllum eða örkum), gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum, skilgreint sem pappír með 6% rakainnihald.	Öll ferli sem eru hluti af pappírsframleiðsluferlinu (einkum pappírs- eða pappavél og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	0,298
Óhúðaður gæðapappír	Óhúðaður gæðapappír, nær bæði yfir óhúðaðan vélunninn pappír og óhúðaðan trénislausan pappír, gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum, skilgreint sem pappír með 6% rakainnihald. 1. Óhúðaður trénislaus pappír nær yfir pappír sem er hentugur til prentunar eða annarra grafískra nota, unninn úr margs konar trefjum en aðallega nýjum trefjum, með mismikið magn af steinefnafylliefnum og er meðhöndlaður með mismunandi fullvinnslu. 2. Óhúðaður vélunninn pappír nær yfir pappír í tilteknum gæðaflokkum sem er unninn úr vélunnu mauki og notaður í umbúðir eða til grafískra nota/í tímarit.	Öll ferli sem eru hluti af pappírsframleiðsluferlinu (einkum pappírs- eða pappavél og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	0,318

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Húðaður gæðapappír	Húðaður gæðapappír nær bæði yfir húðaðan vélunninn pappír og húðaðan trénislausan pappír, gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum, skilgreint sem pappír með 6% rakainnihald.	Öll ferli sem eru hluti af pappírsframleiðsluferlinu (einkum pappírs- eða pappavél og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	0,318
Pappírsþurrkur	Hreinlætispappír, nær yfir margs konar pappírsþurrkur og annan hreinlætispappír til heimilisnota eða til nota í verslun eða iðnaði, s.s. salernispappír og andlitsþurrkur, eldhúsþurrkur, handþurrkur og þurrkur til iðnaðarnota, til framleiðslu á bleyjum, dömubindum o.s.frv. Loftþurrkaðar pappírsþurrkur (e. *TAD, Through Air Dried Tissue*) falla ekki undir þennan flokk. Gefið upp sem loftþurrkuð tonn af seljanlegri nettóframleiðslu á iðnaðarrúllum, skilgreint sem pappír með 6% rakainnihald.	Öll ferli sem eru hluti af pappírsframleiðsluferlinu (einkum pappírs- eða pappavél og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir. Umbreyting á iðnaðarrúlluþyngd yfir í fullunna vöru fellur ekki undir þessa vöruviðmiðun.	0,334
Testliner-pappi og bylgjupappír	Testliner-pappi og bylgjupappír, gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum, skilgreint sem pappír með 6% rakainnihald. 1. Testliner-pappi nær yfir tegundir pappa sem uppfylla tilteknar prófunarkröfur, sem umbúðaiðnaðurinn hefur samþykkt, til að unnt sé að nota pappann sem ytra lag bylgjupappa til framleiðslu á flutningsumbúðum.	Öll ferli sem eru hluti af pappírsframleiðsluferlinu (einkum pappírs- eða pappavél og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	0,248

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
	2. Bylgjupappír er miðhluti bylgjaðra flutningsumbúða sem er klæddur með pappa (testliner-pappa/kraftpappír) á báðum hliðum. Bylgjupappír nær aðallega yfir pappír sem er gerður úr endurunnum trefjum en þessi flokkur tekur einnig til pappa sem er gerður úr efnafræðilega unnu mauki og hálfefnafræðilega unnu mauki. Kraftpappír fellur ekki undir þessa vöruviðmiðun.		
Óhúðaður pappi	Margs konar óhúðaðar vörur (gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum, skilgreint sem pappír með 6% rakainnihald) sem geta verið í einu eða mörgum lögum. Óhúðaður pappi er aðallega notaður til pökkunar þar sem mikilvægustu eiginleikarnir eru styrk- og stífleiki en viðskiptalegir þættir á borð við upplýsingamiðlun eru ekki eins mikilvægir. Pappi er gerður úr nýjum trefjum og/eða endurunnum trefjum, gott er að brjóta hann saman, hann er nægilega stífur og auðvelt er að setja brot í hann. Hann er aðallega notaður í öskjur undir neysluvörur, s.s. frosin matvæli, snyrtivörur og ílát undir vökva, en hann er einnig þekktur sem gegnheill pappi, fellikassapappi, flutningskassapappi o.s.frv.	Öll ferli sem eru hluti af pappírsframleiðsluferlinu (einkum pappírs- eða pappavél og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	0,237
Húðaður pappi	Þessi viðmiðun nær yfir margs konar húðaðar vörur (gefið upp sem seljanleg nettóframleiðsla í loftþurrkuðum tonnum, skilgreint sem pappír með 6% rakainnihald) sem geta verið í einu eða mörgum lögum. Húðaður pappi er aðallega notaður í viðskiptalegum tilgangi þar sem nauðsynlegt er að miðla upplýsingum, sem eru prentaðar á umbúðirnar, á búðarhillum að því er varðar matvæli, lyf, snyrtivörur o.s.frv. Pappi er gerður úr nýjum trefjum og/eða endurunnum trefjum, gott er að brjóta hann saman, hann er nægilega stífur og auðvelt er að setja brot í hann. Hann er aðallega notaður í öskjur undir neysluvörur, s.s. frosin matvæli, snyrtivörur og ílát undir vökva, en hann er einnig þekktur sem gegnheill pappi, fellikassapappi, flutningskassapappi o.s.frv.	Öll ferli sem eru hluti af pappírsframleiðsluferlinu (einkum pappírs- eða pappavél og tengdar einingar fyrir orkuumbreytingu (ketill/samþætt varma- og raforkuvinnsla) og bein notkun eldsneytis við vinnslu) falla hér undir. Önnur starfsemi á staðnum sem er ekki hluti af þessu ferli, s.s. sögun, trésmíði, framleiðsla íðefna til sölu, meðhöndlun úrgangs (meðhöndlun úrgangs á staðnum í stað meðhöndlunar annars staðar (þurrkun, kögglun, brennsla, urðun), framleiðsla á útfelldu kalsíumkarbónati, meðhöndlun lyktsterkra lofttegunda og fjarhitun, fellur ekki hér undir.	0,273
Saltpéturssýra	Saltpéturssýra (HNO_3) skal skráð í tonnum HNO_3 (100% hreinleiki).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á vöru með viðmiðun sem og N_2O-eyðingarferli, falla hér undir, að undanskilinni framleiðslu á ammoníaki.	0,302

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Adipínsýra	Adipínsýra skal skráð í tonnum af þurrkaðri og hreinsaðri adipínsýru sem er geymd í geymsluturnum eða pakkað í (stóra) sekki. Sölt og esterar adipínsýru falla ekki undir þessa vöruviðmiðun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á vöru með viðmiðun sem og N_2O-eyðingarferli, falla hér undir.	2,79
Vínýlklóríð-einliður	Vínýlklóríð (klóróetýlen). Gefið upp sem tonn af vínýlklóríði (seljanleg vara með 100% hreinleika).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum beinni klórun, oxýklórun og sundrun etýlendíklóríðs (EDC) í vínýlklóríðeinliður (VCM), falla hér undir. Bein klórun vísar til klórunar á etýleni. Oxýklórun vísar til klórunar á etýleni með vetnisklóríði (HCl) og súrefni. Brennsla á klóruðum vetniskolefnum, sem eru í losunarlofttegundum frá EDC-/VCM-framleiðslu, fellur undir viðmiðunina. Framleiðsla á súrefni og þrýstilofti, sem eru notuð sem hráefni við VCM-framleiðslu, er undanskilin viðmiðuninni.	0,204
Fenól/aseton	Summan af fenóli, asetoni og aukaafurð alfametýlstýrens sem heildarframleiðsla, gefið upp sem tonn af seljanlegri vöru með 100% hreinleika.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á fenóli og asetoni, falla hér undir, einkum loftþjöppun, vetnisperoxun, endurheimt kúmóls úr notuðu lofti, samþjöppun og klofnun, þætting og hreinsun framleiðslunnar, tjörusundrun, endurheimt og hreinsun asetófenóns, endurheimt alfa-metýlstýrens (AMS) til útflutnings, herðing alfametýlstýrens til endurvinnslu innan marka kerfisins, upphafleg hreinsun skólps (fyrsta strípun skólps), framleiðsla á kælivatni (t.d. kæliturnar) notkun kælivatns (hringrásdælur), brennsla í afgasloga og brennsluofnum (jafnvel þótt þeir séu staðsettir utan marka kerfisins) sem og öll notkun viðbótareldsneytis.	0,266
Pólývínýlklóríð í sviflausn (S-PVC)	Pólývínýlklóríð, ekki blandað með öðrum efnum, samanstendur af pólývínýlklóríðögn-um þar sem meðalstærðin er 50–200 μm. Gefið upp sem tonn af pólývínýlklóríði í sviflausn (seljanleg vara með 100% hreinleika).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á pólývínýlklóríði í sviflausn, falla hér undir, að undanskilinni framleiðslu á vínýlklóríðeinliðum.	0,085
Pólývínýlklóríð í ýrulausn (E-PVC)	Pólývínýlklóríð, ekki blandað með öðrum efnum, samanstendur af pólývínýlklóríðögn-um þar sem meðalstærðin er 0,1–3 μm. Gefið upp sem tonn af pólývínýlklóríði í ýrulausn (seljanleg vara með 100% hreinleika).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á pólývínýlklóríði í ýrulausn, falla hér undir, að undanskilinni framleiðslu á vínýlklóríðeinliðum.	0,238

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Sódi	Dínatríumkarbónat, gefið upp sem tonn af sóda sem verg heildarframleiðsla, að undan-skildum þéttum sóda sem er fenginn sem aukaafurð við framleiðslu á kaprólaktami.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum hreinsun saltvatns, glæðingu kalksteins og framleiðslu á leskjuðu kalki, frásogi ammoníaks, útfellingu $NaHCO_3$, síun eða skiljun $NaHCO_3$-kristalla frá móðurvökva, niðurbroti $NaHCO_3$ í Na_2CO_3, endurheimt ammoníaks og þéttingu eða framleiðslu á þéttum sóda, falla hér undir.	0,843

Ef engin önnur tilvísun er gefin upp vísa allar vöruviðmiðanir til eins tonns af framleiddri vöru, gefið upp sem seljanleg (nettó)framleiðsla, og til 100% hreinleika viðkomandi efnis.

Allar skilgreiningar á ferlum og losun sem tekið er til (kerfismörk) ná yfir afgasloga ef þeir eru fyrir hendi.

2. Skilgreining á vöruviðmiðunum og kerfismörkum með tilliti til skiptanleika eldsneytis og raforku

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Afurðir frá hreinsunarstöðvum	Blanda afurða frá hreinsunarstöðvum þar sem meira en 40% eru léttar afurðir (bensín fyrir hreyfla, þ.m.t. flugvélabensín, bensínkennt þotueldsneyti, aðrar léttar jarðolíur/léttar blöndur, steinolía, þ.m.t. steinolíukennt þotueldsneyti, gasolíur), gefið upp sem CO_2-vegin tonn (CWT). Hreinsunarstöðvar með aðrar afurðablöndur falla ekki undir þessa vöruviðmiðun.	Öll ferli í hreinsunarstöð sem svara til skilgreiningar á einni af CWT-vinnslu-einingunum ásamt stoðþjónustu utan vinnslunnar, sem veitt er innan marka hreinsistöðvarinnar, s.s. geymsla í geymum, blöndun, skólphreinsun o.s.frv., falla hér undir. Vinnslueiningar fyrir smurolíu og jarðbik, sem eru staðsettar í hefðbundnum hreinsunarstöðvum, falla einnig undir CWT og losun hreinsunarstöðvar. Vinnslueiningar sem varða aðra geira, s.s. vinnslu úr jarðolíu eða jarðgasi, eru stundum felldar efnislega inn í hreinsunarstöðina. Slíkar vinnslueiningar og losun frá þeim eru undanskildar CWT-nálguninni. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	0,0295
Kolstál úr ljósbogaofnum	Stál sem inniheldur minna en 8% af málmblendisþáttum og snefilefnaþáttum og í slíku magni að notkunin takmarkast við þá notkun þar sem ekki er krafist mikilla yfirborðsgæða eða vinnslumöguleika og ef engin af viðmiðununum fyrir innihald málmblendisþáttanna og gæða stáls fyrir stálblendi eru uppfylltar. Gefið upp sem tonn af annars stigs hrástáli eftir mótun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum rafknúnum ljósbogaofni, fylgimálmvinnslu, málmsteypu og -skurði, eftirbrennslueiningu, rykhreinsunareiningu, deigluforhitara, mótaforhitara og þurrkun og forhitun brotajárns, falla hér undir. Vinnsla eftir málmsteypu er ekki innifalin.	0,283

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
		Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	
Stálblendi úr ljósbogaofnum	Stál sem inniheldur a.m.k. 8% af málmblendisþáttum eða þar sem krafist er mikilla yfirborðsgæða og vinnslumöguleika. Gefið upp sem tonn af annars stigs hrástáli eftir mótun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum rafknúnum ljósbogaofni, fylgimálmvinnslu, málmsteypu og -skurði, eftirbrennslueiningu, rykhreinsunareiningu, deigluforhitara, mótaforhitara, kæligryfju fyrir hæga kælingu og þurrkun og forhitun brotajárns, falla hér undir. Vinnslueiningarnar FeCr-umbreytir og lághitageymsla fyrir iðnaðargastegundir falla ekki hér undir. Vinnsla eftir málmsteypu er ekki innifalin. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	0,352
Járnsteypa	Steypujárn, gefið upp sem tonn af fljótandi járni sem hefur verið blandað, gjallhreinsað og er tilbúið til málmsteypu.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluþrepunum málmbræðslu, málmsteypu, kjarnaframleiðslu og yfirborðsmeðhöndlun, falla hér undir. Vinnsluþrepið „yfirborðsmeðhöndlun“ á við um aðgerðir s.s. pússun en ekki almenna pörun, hitameðhöndlun eða málningarvinnu sem fellur ekki undir kerfismörk þessarar vöruviðmiðunar. Einungis skal taka tillit til heildarraforkunotkunar í bræðsluferlum innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	0,325
Steinull	Vörur úr steinull til varma-, hljóð- og brunaeinangrunar sem eru framleiddar með því að nota gler, grjót eða gjall. Gefið upp sem tonn af steinull (seljanleg vara).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum bræðslu, trefjaframleiðslu og inndælingu bindiefna, herslu og þurrkun ásamt mótun, falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	0,682
Gifsplötur	Viðmiðunin nær yfir plötur, þynnur, þiljur, flísar og áþekkar vörur úr gifsefni eða blöndu að meginstofni úr gifsefni, ekki með pappír eða pappa á yfirborði eða styrktar með pappír eða pappa, þó ekki mótaðar með gifsefni eða skreyttar (í tonnum af múrhúð, seljanleg vara). Eðlisþungar gifstrefjaplötur falla ekki undir þessa vöruviðmiðun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum, mölun, þurrkun, glæðingu og þurrkun platna, falla hér undir. Einungis skal taka tillit til heildarraforkunotkunar varmadælna, sem notaðar eru við þurrkun, við ákvörðun á óbeinni losun. Framleiðsla á millistigsafurðinni þurrkað, endurunnið gifs fellur ekki undir þessa viðmiðun.	0,131

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
Kinrok	Kinrok úr bræðsluofnum, gefið upp sem tonn af kinroki úr bræðsluofnum, seljanleg vara, hreinleiki yfir 96%. Vörur úr gaskinroki og lampakinroki falla ekki undir þessa viðmiðun.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á kinroki úr bræðsluofnum auk frágangs, pökkunar og brennslu gass í afgaslogum, falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun. Skiptanleikastuðull skal reiknaður að teknu tilliti til rafknúinna tækja, s.s. dæla og þjappa, með málafl sem nemur 2 MW eða meira.	1,954
Ammoníak	Ammoníak (NH_3), gefið upp sem framleidd tonn, 100% hreinleiki.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á ammoníaki og vetni á millistigi framleiðslunnar, falla hér undir. Framleiðsla á ammoníaki úr öðrum hálfunnum vörum fellur ekki hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	1,619
Gufusundrun	Blanda af hágæðaíðefnum, gefið upp sem tonn af heildarmassa asetýlens, etýlens, própýlens, bútadíens, bensens og vetnis sem flutt er út fyrir mörk sundrunarofnsins, að undanskildum hágæðaíðefnum úr viðbótar-hráefni (vetni, etýleni eða öðrum hágæðaíð-efnum) þar sem etýleninnihaldið í heildar-vörublöndunni er a.m.k. 30 massaprósent og innihald hágæðaíðefna, brennslugass, bútena og fljótandi vetniskolefna er samtals a.m.k. 50 massaprósent af heildarvörublöndunni.	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á hágæðaíðefnum sem hreinsaðri vöru eða hálfunninni vöru sem inniheldur óblandað hágæðaíðefni í formi minnst unnu söluafurðarinnar (hrátt C4, óvetnað hitasundrunarbensín), falla hér undir, að undanskildum C4-útdrætti (bútadíenstöð) C4-vetnun, vetnismeðhöndlun hitasundrunar-bensíns og útdrætti arómata ásamt flutningi og geymslu í tengslum við daglegan rekstur. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	0,702
Arómöt	Blanda arómata, gefið upp sem CO_2-vegin tonn (CWT).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vetnismeðhöndlun arómata frá undirein-ingum fyrir hitasundrunarbensín, útdrætti bensens/tólúens/xýlens (BTX), TDP, HDA, hverfingu xýlens, P-xýlen-einingum, kúmólframleiðslu og sýklóhexanframleiðslu, falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	0,0295
Stýren	Stýreneinliða (vínýlbensen, CAS-númer: 100-42-5). Gefið upp sem tonn af stýreni (seljanleg vara).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á stýreni sem og hálfunnu vörunni etýlbenseni (með því magni sem notað er sem hráefni til stýrenfram-leiðslunnar), falla hér undir.	0,527

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
		Að því er varðar stöðvar sem framleiða bæði própýlenoxíð og stýreneinliður eru starfsstöðvar, sem eru eingöngu ætlaðar fyrir starfrækslu eininga fyrir própýlen og própýlenoxíð, undanskildar þessari viðmiðun og samnýttar starfsstöðvar falla undir hana í hlutfalli við stýreneinliðuframleiðslu í tonnum. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	
Vetni	Hreint vetni og blöndur af vetni og kolsýringi með vetnisinnihald sem nemur >= 60% rúmmálshluta af heildarinnihaldi vetnis ásamt kolsýringi á grundvelli samtölu alls vörustreymis sem inniheldur vetni og kolsýring og er flutt út úr viðkomandi undirstöð, gefið upp sem tonn af 100% hreinu vetni sem seljanleg vara (nettó).	Allir viðkomandi þættir í ferlinu, sem tengjast beint eða óbeint vetnisframleiðslu og aðskilnaði vetnis og kolsýrings, falla hér undir. Þessir þættir liggja á milli: a) ílagspunkts eða -punkta vetniskol-efnishráefna og, ef það er aðskilið, eldsneytis, b) frálagspunkta alls vörustreymis sem inniheldur vetni og/eða kolsýring, c) ílags- eða frálagspunkts eða -punkta fyrir innfluttan eða útfluttan varma. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	8,85
Tilbúið gas	Blöndur af vetni og kolsýringi með vetnisinnihald sem nemur < 60% rúmmáls-hluta af heildarinnihaldi vetnis ásamt kolsýringi á grundvelli samtölu alls vörustreymis sem inniheldur vetni og kolsýring og er flutt út úr viðkomandi undirstöð. Gefið upp sem tonn af tilbúnu gasi, umreiknað í 47% rúmmálshlutfall af vetni sem seljanleg vara (nettó).	Allir viðkomandi þættir ferlisins, sem tengjast beint eða óbeint framleiðslu á tilbúnu gasi og aðskilnaði vetnis og kolsýrings, falla hér undir. Þessir þættir liggja á milli: a) ílagspunkts eða -punkta vetniskolefn-ishráefnis eða -hráefna og, ef það er aðskilið, eldsneytis, b) frálagspunkta alls vörustreymis sem inniheldur vetni og/eða kolsýring, c) ílags- eða frálagspunkts eða -punkta fyrir innfluttan eða útfluttan varma. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	0,242
Etýlenoxíð/ etýlenglýkól	Viðmiðunin fyrir etýlenoxíð/etýlenglýkól nær yfir vörurnar etýlenoxíð (EO, mikill hreinleiki), mónóetýlenglýkól (MEG, staðalgæði + trefjagæði (mikill hreinleiki)), díetýlenglýkól (DEG), tríetýlenglýkól (TEG).	Öll ferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnslueiningunum etýlenoxíðframleiðslu, etýlenoxíðhreinsun og glýkólþættinum, falla hér undir. Heildarraforkunotkun (og tengd, óbein losun) innan kerfismarkanna fellur undir þessa vöruviðmiðun.	0,512

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á ferlum og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
	Heildarmagn vara er gefið upp sem tonn af etýlenoxíðígildum sem eru skilgreind sem það magn etýlenoxíðs (í massa) sem er í einni massaeiningu af tilteknu glýkóli.		

Ef engin önnur tilvísun er gefin upp vísa allar vöruviðmiðanir til eins tonns af framleiddri vöru, gefið upp sem seljanleg (nettó)framleiðsla, og til 100% hreinleika viðkomandi efnis.

Allar skilgreiningar á ferlum og losun sem tekið er til (kerfismörk) ná yfir afgasloga ef þeir eru fyrir hendi.

3. Varma- og eldsneytisviðmiðanir

Viðmiðun	Upphafspunktur til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á viðmiðunargildi (losunarheimildir/TJ)
Varmaviðmiðun	62,3
Eldsneytisviðmiðun	56,1

II. VIÐAUKI

Sértækar vöruviðmiðanir

1. Viðmiðun fyrir hreinsunarstöðvar: Virkni CO_2-veginna tonna (CWT)

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár) (*)	CWT-stuðull
Eiming jarðolíu við venjulegan loftþrýsting	Eining fyrir væga eimingu jarðolíu, eining fyrir staðaleimingu jarðolíu	F	1,00
Lofttæmiseiming	Væg þætting í lofttæmi, staðallofttæmissúla, þættingarsúla í lofttæmi Lofttæmiseimingarþátturinn tekur einnig til meðalorku og -losunar fyrir HFV-eininguna (e. *heavy feed vacuum unit*). Þar eð þessi eining er alltaf tengd MVU-einingunni (e. *mild vacuum unit*) eru HFV-afköstin ekki reiknuð sérstaklega.	F	0,85
Asfaltsneyðing með leysi	Hefðbundinn leysir, leysir í yfirmarksástandi	F	2,45
Seigjuskerðing	Leif frá eimingu sem gerð er við venjulegan loftþrýsting (án biðtanks), leif frá eimingu sem gerð er við venjulegan loftþrýsting (með biðtanki), botnleif frá eimingu sem gerð er við undirþrýsting (án biðtanks), botnleif frá eimingu sem gerð er við undirþrýsting (með biðtanki) Seigjuskerðingarþátturinn tekur einnig til meðalorku og -losunar fyrir lofttæmieimingarsúluna (VAC VFL) en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	F	1,40
Hitasundrun	Hitasundrunarþátturinn tekur einnig til meðalorku og -losunar fyrir lofttæmieimingarsúluna (VAC VFL) en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	F	2,70
Seinkuð koksun	Seinkuð koksun	F	2,20
Vökvakoksun	Vökvakoksun	F	7,60
Koksun með koksurum af gerðinni „Flexi-coker”	Koksun með koksurum af gerðinni „Flexi-coker”	F	16,60
Koksglæðing	Lóðréttur ofn, láréttur hverfiofn	P	12,75
Vökvahvatasundrun	Vökvahvatasundrun, væg hvatasundrun leifa, hvatasundrun leifa	F	5,50
Annars konar hvatasundrun	Hvatasundrun með Houdry-ferlinu, hitahvatasundrun	F	4,10
Vetnissundrun eimis/gasolíu	Væg vetnissundrun, kröftug vetnissundrun, vetnissundrun nafta	F	2,85
Vetnissundrun leifa	H-Oil, LC-Fining™ og Hycon	F	3,75

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár) (*)	CWT-stuðull
Vetnismeðhöndlun nafta/bensíns	Mettun bensens, brennisteinshreinsun á C4-C6-hráefni, venjuleg vetnismeðhöndlun á nafta, mettun á díólefínum til ólefína, mettun á díólefínum til ólefína í hráefni til alkýlunar, vetnismeðhöndlun FCC-bensíns með lágmarkstapi á oktantölu, ólefínalkýlun á þíó-S, S-Zorb™-aðferðin, valvís vetnismeðhöndlun á hitasundrunarbensíni/nafta, brennisteinshreinsun á hitasundrunarbensíni/nafta, valvís vetnismeðhöndlun á hitasundrunar-bensíni/nafta Vetnismeðhöndlunarstuðull fyrir nafta tekur til orku og losunar fyrir hvarftank fyrir valvísa vetnismeðhöndlun (NHYT/RXST) en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	F	1,10
Vetnismeðhöndlun steinolíu/dísilolíu	Mettun arómata, venjuleg vetnismeðhöndlun, vetnun arómatískra leysa, venjuleg vetnismeðhöndlun eimis, vetnismeðhöndlun á mjög hættulegu eimi, vetnismeðhöndlun á ofurhættulegu eimi, vaxsneyðing meðalþungs eimis, S-Zorb™-aðferðin, valvís vetnismeðhöndlun á eimum	F	0,90
Vetnismeðhöndlun leifa	Hreinsun brennisteins úr leif við venjulegan loftþrýsting, hreinsun brennisteins úr leif við undirþrýsting	F	1,55
Vetnismeðhöndlun VGO	Brennisteinshreinsun/afnítrun, brennisteinshreinsun	F	0,90
Vetnisframleiðsla	Gufuendurmyndun á metani, gufuendurmyndun á nafta, einingar fyrir hlutaoxun á léttu hráefni Stuðullinn fyrir vetnisframleiðslu tekur til orku og losunar fyrir hreinsun (H2PURE), en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	P (gefið upp sem 100% vetni)	300,00
Hvataumbreyting	Stöðug endurnýjun, lotubundin, hálfendurnýjanleg, AROMAX	F	4,95
Alkýlun	Alkýlun með flússýru (HF), alkýlun með brennisteinssýru, fjölliðun C3-ólefínhráefnis, fjölliðun C3/C4-hráefnis, dímersól-aðferðin Stuðullinn fyrir alkýlun/fjölliðun tekur til orku og losunar fyrir sýru-endurnýjun (ACID), en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	P	7,25
C4-hverfing	C4-hverfing Stuðullinn tekur einnig til orku og losunar í tengslum við ESB-27-meðaltalið fyrir sértæka þættingu (DIB) sem sýnir fylgni við C4-hverfingu.	R	3,25
C5/C6-hverfing	C5/C6-hverfing Stuðullinn tekur einnig til orku og losunar í tengslum við ESB-27-meðaltalið fyrir sértæka þættingu (DIH) sem sýnir fylgni við C5-hverfingu.	R	2,85
Framleiðsla súrefnissambanda	MBTE-eimingareiningar, MTBE-útdráttareiningar, ETBE-framleiðsla, TAME-framleiðsla og ísóoktenframleiðsla	P	5,60
Própýlenframleiðsla	Efnafræðilegur hreinleiki, fjölliðuhreinleiki	F	3,45
Asfaltframleiðsla	Asfalt- og jarðbiksframleiðsla Framleiðslutalan skal taka til asfalts sem er fjölliðubreytt. CWT-stuðull tekur til blásturs	P	2,10

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár) (*)	CWT-stuðull
Blöndun asfalts sem hefur verið fjölliðubreytt	Blöndun asfalts sem hefur verið fjölliðubreytt	P	0,55
Endurheimt brennisteins	Endurheimt brennisteins Stuðullinn fyrir endurheimt brennisteins tekur til orku og losunar fyrir endurheimt endagass og H2S-Springer-eininguna (U32) en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	P	18,60
Arómatískur leysisútdráttur (ASE)	ASE: útdráttareiming, ASE: vökva/vökva-útdráttur, ASE: vökva/vökva-útdráttur með útdráttareimingu CWT-stuðull nær yfir allt hráefni, þ.m.t. hitasundrunarbensín eftir vetnismeðhöndlun. Vetnismeðhöndlun hitasundrunarbensíns skal færð undir vetnismeðhöndlun á nafta.	F	5,25
Vetnisafalkýlun	Vetnisafalkýlun	F	2,45
TDP/TDA	Tólúensundurstigun/afalkýlun	F	1,85
Sýklóhexanframleiðsla	Sýklóhexanframleiðsla	P	3,00
Xýlenhverfing	Xýlenhverfing	F	1,85
Paraxýlenframleiðsla	Ásog paraxýlens, paraxýlenkristöllun Stuðullinn tekur einnig til orku og losunar fyrir xýlendeili (e. *xylene splitter*) og endurkeyrslusúlu fyrir ortóxýlen.	P	6,40
Metaxýlenframleiðsla	Metaxýlenframleiðsla	P	11,10
Þalanhýdríðframleiðsla	Þalanhýdríðframleiðsla	P	14,40
Malínanhýdríðframleiðsla	Malínanhýdríðframleiðsla	P	20,80
Etýlbensenframleiðsla	Etýlbensenframleiðsla Stuðullinn tekur einnig til orku og losunar fyrir eimingu etýlbensens.	P	1,55
Kúmólframleiðsla	Kúmólframleiðsla	P	5,00
Fenólframleiðsla	Fenólframleiðsla	P	1,15
Leysisútdráttur smurefnis	Leysisútdráttur smurefnis: Fúrfúral er notað sem leysir, NMP er notað sem leysir, fenól er notað sem leysir, SO_2 er notað sem leysir	F	2,10
Vaxsneyðing smurefnis með leysi	Vaxsneyðing smurefnis með leysi: Klórókolefni er notað sem leysir, MEK/tólúen er notað sem leysir, MEK/MIBK er notað sem leysir, própan er notað sem leysir	F	4,55
Hvötuð hverfing vax	Hvötuð hverfing vax og vaxsneyðing, valvís vaxsundrun	F	1,60

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár) (*)	CWT-stuðull
Vetnissundrun smurefnis	Vetnissundrun smurefnis með fjölþáttaeimingu, vetnissundrun smurefnis með lofttæmisstrípara	F	2,50
Olíusneyðing vax	Olíusneyðing vax: Klórókolefni er notað sem leysir, MEK/tólúen er notað sem leysir, MEK/MIBK er notað sem leysir, própan er notað sem leysir	P	12,00
Vetnismeðhöndlun smurefnis/vax	Vetnun (H/F) á smurefni með lofttæmisstrípara, vetnismeðhöndlun á smurefni með fjölþáttaeimingu, vetnismeðhöndlun á smurefni með lofttæmisstrípara, vetnun á vaxi með lofttæmisstrípara, vetnismeðhöndlun á vaxi með fjölþáttaeimingu, vetnun á vaxi með lofttæmisstrípara	F	1,15
Vetnismeðhöndlun með leysi	Vetnismeðhöndlun með leysi	F	1,25
Leysisþætting	Leysisþætting	F	0,90
Sameindasía fyrir C10+-paraffín	Sameindasía fyrir C10+-paraffín	P	1,85
Hlutaoxun á leifaþáttum (POX) til að fá eldsneyti	Hlutaoxun á tilbúnu gasi til að fá eldsneyti	SG (gefið upp sem 47% vetni)	8,20
Hlutaoxun á leifaþáttum til að fá vetni eða metanól	Hlutaoxun á tilbúnu gasi til að fá vetni eða metanól, hlutaoxun á tilbúnu gasi til að fá metanól Stuðullinn tekur til orku og losunar við skiptihvarf kolsýrings og vetnishreinsun (U71) en afköst eru ekki reiknuð sérstaklega.	SG (gefið upp sem 47% vetni)	44,00
Metanól úr tilbúnu gasi	Metanól	P	–36,20
Loftaðgreining	Loftaðgreining	P (MNm^3 O_2)	8,80
Þætting á aðkeyptum, fljótandi jarðgasvökva (NGL)	Þætting á aðkeyptum, fljótandi jarðgasvökva (NGL)	F	1,00
Hreinsun útblásturs	Afoxun brennisteinsoxíðs og afoxun köfnunarefnisoxíðs	F (MNm^3)	0,10
Meðhöndlun og þjöppun brennslugass til sölu	Meðhöndlun og þjöppun brennslugass til sölu	kW	0,15
Afsöltun sjós	Afsöltun sjós	P	1,15

(*) Nettóstraumur fersks hráefnis (F), hráefnisstraumur til hvarftanka (R, þ.m.t. endurvinnsla), vöruhráefnisstraumur (P) framleiðsla á tilbúnu gasi fyrir hlutaoxunareiningar (SG)

2. Arómatísk viðmiðun: CWT-virkni

CWT-virkni	Lýsing	Grunngildi (kt/ár) (*)	CWT-stuðull
Vetnismeðhöndlun nafta/bensíns	Mettun bensens, brennisteinshreinsun á C4-C6-hráefni, venjuleg vetnismeðhöndlun á nafta, mettun á díólefínum til ólefína, mettun á díólefínum til ólefína í hráefni til alkýlunar, vetnismeðhöndlun FCC-bensíns með lágmarkstapi á oktantölu, ólefínalkýlun á þíó-S, S-Zorb™-aðferðin, valvís vetnismeðhöndlun á hitasundrunarbensíni/nafta, brennisteinshreinsun á hitasundrunarbensíni/nafta, valvís vetnismeðhöndlun á hitasundrunar-bensíni/nafta. Vetnismeðhöndlunarstuðull fyrir nafta tekur til orku og losunar fyrir hvarftank fyrir valvísa vetnismeðhöndlun (NHYT/RXST) en afköstin eru ekki reiknuð sérstaklega.	F	1,10
Arómatískur leysisútdráttur (ASE)	ASE: útdráttareiming, ASE: vökva/vökva-útdráttur, ASE: vökva/vökva-útdráttur með útdráttareimingu CWT-stuðull nær yfir allt hráefni, þ.m.t. hitasundrunarbensín eftir vetnismeðhöndlun. Vetnismeðhöndlun hitasundrunarbensíns skal færð undir vetnismeðhöndlun á nafta.	F	5,25
TDP/TDA	Tólúensundurstigun/afalkýlun	F	1,85
Vetnisafalkýlun	Vetnisafalkýlun	F	2,45
Xýlenhverfing	Xýlenhverfing	F	1,85
Paraxýlenframleiðsla	Ásog paraxýlens, paraxýlenkristöllun Stuðullinn tekur einnig til orku og losunar fyrir xýlendeili (e. *xylene splitter*) og endurkeyrslusúlu fyrir ortóxýlen.	P	6,40
Sýklóhexanfram-leiðsla	Sýklóhexanframleiðsla	P	3,00
Kúmólframleiðsla	Kúmólframleiðsla	P	5,00

(*) Nettóstraumur fersks hráefnis (F), vöruhráefnisstraumur (P)

III. VIÐAUKI

Söguleg starfsemisstig fyrir tilteknar viðmiðanir sem um getur í 8. mgr. 15. gr. og f-lið 17. gr.

1. Ákvarða skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur sem vöruviðmiðunin fyrir hreinsunarstöðvar, sem um getur í I. viðauka, gildir um, á grundvelli mismunandi CWT-virkni, skilgreininga þeirra, grundvellinum fyrir gegnumstreymi ásamt CWT-stuðlunum, eins og tilgreint er í II. viðauka, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{CWT} = MEÐALTAL\left(1{,}0183 \cdot \sum_{i=1}^{n}\left(TP_{i,k} \cdot CWT_i\right) + 298 + 0{,}315 \cdot TP_{AD,k}\right)$$

þar sem:

HAL_{CWT}: sögulegt starfsemisstig, gefið upp sem CWT

$TP_{i,k}$: gegnumstreymi CWT-virkninnar i fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

CWT_i: CWT-stuðull CWT-virkni i

$TP_{AD,k}$: gegnumstreymi CWT-virkninnar „Eiming jarðolíu við venjulegan loftþrýsting“ fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

2. Ákvarða skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir kalk, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{kalk,staðlað} = MEÐALTAL\left(\frac{785 \cdot m_{CaO,k} + 1\,092 \cdot m_{MgO,k}}{751{,}7} \cdot HAL_{kalk,óleiðrétt,k}\right)$$

þar sem:

$HAL_{kalk,staðlað}$: sögulegt starfsemisstig fyrir kalkframleiðslu, gefið upp sem tonn af stöðluðu, hreinu kalki

$m_{CaO,k}$: innihald óbundins CaO í framleiddu kalki fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall

Ef engin gögn um innihald óbundins CaO liggja fyrir skal nota varfærnislegt mat sem er ekki yfir 85%.

$m_{MgO,k}$: innihald óbundins MgO í framleiddu kalki fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall

Ef engin gögn um innihald óbundins MgO liggja fyrir skal nota varfærnislegt mat sem er ekki yfir 0,5%.

$HAL_{kalk,óleiðrétt,k}$: óleiðrétt, sögulegt starfsemisstig fyrir kalkframleiðslu fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af kalki

3. Ákvarða skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir brennt dólómít, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{brennt\ dólómít,staðlað} = MEÐALTAL\left(\frac{785 \cdot m_{CaO,k} + 1\,092 \cdot m_{MgO,k}}{865{,}6} \cdot HAL_{brennt\ dólómít,óleiðrétt,k}\right)$$

þar sem:

$HAL_{brennt\ dólómít,staðlað}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á brenndu dólómíti, gefið upp sem tonn af stöðluðu, brenndu dólómíti

$m_{CaO,k}$: innihald óbundins CaO í framleiddu brenndu dólómíti fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall

Ef engin gögn um innihald óbundins CaO liggja fyrir skal nota varfærnislegt mat sem er ekki yfir 52%.

$m_{MgO,k}$: innihald óbundins MgO í framleiddu brenndu dólómíti fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem massahlutfall

Ef engin gögn um innihald óbundins MgO liggja fyrir skal nota varfærnislegt mat sem er ekki yfir 33%.

$HAL_{brennt\ dólómít,óleiðrétt,k}$: óleiðrétt, sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á brenndu dólómíti fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af kalki

4. Ákvarða skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir gufusundrun, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{HVC,nettó} = MEÐALTAL\left(HAL_{HVC,samtals,k} - HSF_{H,k} - HSF_{E,k} - HSF_{O,k}\right)$$

þar sem:

$HAL_{HVC,nettó}$: sögulegt starfsemisstig fyrir hágæðaíðefni, að undanskildum hágæðaíðefnum sem eru framleidd úr viðbótarhráefnum, gefið upp sem tonn af hágæðaíðefni (HVC)

$HAL_{HVC,samtals,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir heildarframleiðslu hágæðaíðefna fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af hágæðaíðefni

$HSF_{H,k}$: sögulegt viðbótarílag vetnis fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af vetni

$HSF_{E,k}$: sögulegt viðbótarílag etýlens fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af etýleni

$HSF_{O,k}$: sögulegt viðbótarílag annarra hágæðaíðefna en vetnis og etýlens fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn af hágæðaíðefni

5. Ákvarða skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir arómöt, sem um getur í I. viðauka, gildir um, á grundvelli mismunandi CWT-virkni, skilgreininga þeirra, grundvellinum fyrir gegnumstreymi ásamt CWT-stuðlinum, sem er tilgreindur í II. viðauka, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{CWT} = MEÐALTAL\left(\sum_{i=1}^{n}\left(TP_{i,k} \cdot CWT_i\right)\right)$$

þar sem:

HAL_{CWT}: sögulegt starfsemisstig, gefið upp sem CWT

$TP_{i,k}$: gegnumstreymi CWT-virkninnar i fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

CWT_i: CWT-stuðull CWT-virkni i

6. Ákvarða skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir vetni, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{H2} = MEÐALTAL\left(HAL_{H2+CO,k} \cdot \left(1 - \frac{1 - VF_{H2,k}}{0{,}4027}\right) \cdot 0{,}00008987\ \frac{t}{Nm^3}\right)$$

þar sem:

HAL_{H2}: sögulegt starfsemisstig fyrir vetnisframleiðslu, gefið upp sem 100% vetni

$VF_{H2,k}$: rúmmálshluti sögulegrar framleiðslu á hreinu vetni í heildarmagni vetnis og kolsýrings fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

$HAL_{H2+CO,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir vetnisframleiðslu, umreiknað sem sögulegt vetnisinnihald og gefið upp sem normalrúmmetrar á ári, þ.e. 0 °C og 101,325 kPa, fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

7. Ákvarða skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir tilbúið gas, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{tilbúið\ gas} = MEÐALTAL\left(HAL_{H2+CO,k} \cdot \left(1 - \frac{0{,}47 - VF_{H2,k}}{0{,}0863}\right) \cdot 0{,}0007047\ \frac{t}{Nm^3}\right)$$

þar sem:

$HAL_{tilbúið\ gas}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á tilbúnu gasi, gefið upp sem 47% vetni

$VF_{H2,k}$: rúmmálshluti sögulegrar framleiðslu á hreinu vetni í heildarmagni vetnis og kolsýrings fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

$HAL_{H2+CO,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á tilbúnu gasi, umreiknað sem sögulegt vetnisinnihald og gefið upp sem normalrúmmetrar á ári, þ.e. 0 °C og 101,325 kPa, fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu

8. Ákvarða skal vörutengt, sögulegt starfsemisstig fyrir viðmiðunartímabilið fyrir vörur, sem vöruviðmiðunin fyrir etýlenoxíð/etýlenglýkól, sem um getur í I. viðauka, gildir um, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$HAL_{EO/CG} = MEÐALTAL\left(\sum_{i=1}^{n}\left(HAL_{i,k} \cdot CF_{EOE,i}\right)\right)$$

þar sem:

$HAL_{EO/EG}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á etýlenoxíði/etýlenglýkólum, gefið upp sem tonn af etýlenoxíðígildum

$HAL_{i,k}$: sögulegt starfsemisstig fyrir framleiðslu á etýlenoxíði eða etýlenglýkóli i fyrir árið k á viðmiðunartímabilinu, gefið upp sem tonn

$CF_{EOE,i}$ breytistuðull fyrir etýlenoxíð eða etýlenglýkól i í hlutfalli við etýlenoxíð

Nota skal eftirfarandi breytistuðla:

Etýlenoxíð: 1,000

Mónóetýlenglýkól: 0,710

Díetýlenglýkól: 0,830

Tríetýlenglýkól: 0,880

IV. VIÐAUKI

Mæliþættir fyrir söfnun grunngagna

Með fyrirvara um heimildir lögbærs yfirvalds til að fara fram á viðbótarupplýsingar í samræmi við 1. mgr. 15. gr. skulu rekstraraðilar leggja fram, vegna skýrslu um grunngögn, eftirfarandi gögn í tengslum við viðkomandi stöð og undirstöð fyrir öll almanaksárin á viðkomandi viðmiðunartímabili. Að því er varðar nýja aðila skal skýrslan um gögnin taka til gagnanna sem eru tilgreind í 1. og 2. lið fyrir stöðvar og undirstöðvar.

1. ALMENN GÖGN UM STÖÐVAR

1.1. **Auðkenning stöðvarinnar og rekstraraðilans**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti og heimilisfang stöðvarinnar,

b) kennimerki stöðvarinnar í skrá Sambandsins,

c) kennimerki leyfis og útgáfudagur fyrsta leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda sem stöðin fékk skv. 6. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

d) kennimerki leyfis og dagsetning nýjasta leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda, ef við á,

e) nafn og heimilisfang rekstraraðila, samskiptaupplýsingar viðurkennds fulltrúa og helsta tengiliðar, ef hann er ekki sá sami.

1.2. **Upplýsingar um sannprófanda**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang sannprófanda, samskiptaupplýsingar viðurkennds fulltrúa og helsta tengiliðar, ef hann er ekki sá sami,

b) nafn og heimilisfang faggildingarstofunnar í aðildarríkinu sem veitti sannprófandanum faggildingu,

c) skráningarnúmer sem faggildingarstofa aðildarríkisins gefur út.

1.3. **Upplýsingar um starfsemi**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) skrá yfir starfsemi skv. I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB sem fram fer í stöðinni,

b) kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (2. endursk.) fyrir stöðina í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ([1]),

c) hvort stöðin falli í einn eða fleiri flokka sem gætu verið undanskildir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 27. gr. eða 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB:

— losun er minni en 25 000 t $CO_{2(e)}$ á ári og, eftir atvikum, nafnvarmaafl er minna en 35 MW,

— sjúkrahús,

— losun er minni en 2 500 t $CO_{2(e)}$ á ári,

— starfrækt í færri en 300 klst. á ári.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

1.4. **Réttur til úthlutunar án endurgjalds**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) hvort stöðin er raforkuframleiðandi skv. u-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

b) hvort stöðin er notuð til föngunar á koltvísýringi, flutnings á koltvísýringi um leiðslu eða er geymslusvæði sem hefur fengið leyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB ([2]),

c) hvort stöðin framleiðir varma sem er ekki notaður til raforkuframleiðslu.

1.5. **Skrá yfir undirstöðvar**

Þetta atriði inniheldur skrá yfir allar undirstöðvar stöðvarinnar.

1.6. **Skrá yfir tengingar við aðrar stöðvar í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða einingar utan viðskiptakerfisins fyrir flutning á mælanlegum varma, hálfunnum vörum, úrgangslofttegundum eða koltvísýringi til notkunar í þeirri stöð eða varanlegrar geymslu í jörðu**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja tengda stöð eða einingu:

a) nafn tengdrar stöðvar eða einingar,

b) tegund tengingar (innflutningur eða útflutningur: mælanlegur varmi, úrgangslofttegundir, koltvísýringur),

c) heyrir stöðin eða einingin sjálf undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir?

— Ef já, auðkenni skráningar og auðkenni leyfis, tengiliður.

— Ef nei, heiti og heimilisfang einingar, tengiliður.

2. NÁKVÆM ÁRSGÖGN FYRIR HVERT ÁR Á GRUNNTÍMABILINU

2.1. **Nákvæm árleg gögn um sannprófaða losun í stöðinni**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) Fyrir hvern efnisstraum: gögn um starfsemi, reiknistuðlar sem notaðir eru, losun úr jarðefnaeldsneyti, losun úr lífmassa, ef um eldsneyti er að ræða (þ.m.t. ef það er notað sem vinnsluílag) orkuílag reiknað út frá nettóvarmagildi (NCV),

b) fyrir hver upptök losunar þar sem kerfi fyrir samfellda mælingu á losun hafa verið notuð: losun úr jarðefnaeldsneyti, losun úr lífmassa, árlegt klukkustundarmeðaltal fyrir styrk gróðurhúsalofttegunda og útblástursstreymi; ef um koltvísýring er að ræða: óbein gögn um orkuílag sem tengist losuninni,

c) ef notuð er varaaðferð í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, losun úr jarðefnaeldsneyti og lífmassa sem er ákvörðuð, óbein gögn um orkuílag sem tengist losuninni, ef við á,

d) magn flutts koltvísýrings sem er fluttur inn og/eða fluttur út.

Aðildarríki geta valið að heimila rekstraraðilum að gefa einungis skýrslu um samanlagðar tölur um losun.

2.2. **Árleg losun fyrir hverja undirstöð**

Þetta atriði inniheldur heildarstöðu losunar þar sem magn losunar, sem rekja má til hverrar undirstöðvar, er auðkennt.

2.3. **Árleg staða innflutnings, framleiðslu, notkunar og útflutnings á varma í stöðinni**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) heildarmagn orkuílags, sem notað er í stöðinni, sem kemur frá eldsneyti,

b) ef við á, orkuinnihald innfluttra úrgangslofttegunda,

c) ef við á, magn orku í eldsneyti sem flutt er út til annarra stöðva með beina tæknilega tengingu við stöðvar í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða einingar utan viðskiptakerfisins,

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006 (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).

d) ef við á, orkuinnihald úrgangslofttegunda sem fluttar eru út til annarra stöðva í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða eininga utan viðskiptakerfisins,

e) magn orkuílags frá eldsneyti sem er notað til raforkuframleiðslu,

f) magn orkuílags frá eldsneyti sem er skipt niður á undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun (gefið upp sérstaklega fyrir undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun þar sem er áhætta á kolefnisleka og þar sem ekki er áhætta á kolefnisleka),

g) magn eldsneytisílags sem notað er við framleiðslu á mælanlegum varma,

h) heildarmagn mælanlegs varma sem framleiddur er í stöðinni,

i) heildarmagn mælanlegs varma sem fluttur er inn frá stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,

j) heildarmagn mælanlegs varma sem fluttur er inn frá stöðvum og einingum sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,

k) heildarmagn mælanlegs varma sem notaður er til raforkuframleiðslu innan stöðvarinnar,

l) heildarmagn mælanlegs varma sem notaður er í undirstöðvum með vöruviðmiðun innan stöðvarinnar,

m) heildarmagn mælanlegs varma sem fluttur er út til stöðva í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,

n) heildarmagn mælanlegs varma sem fluttur er út til stöðva eða eininga sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir,

o) heildarmagn mælanlegs varma sem fluttur er út til fjarhitunar,

p) heildarmagn mælanlegs varma sem rekja má til undirstöðvar með varmaviðmiðun (gefið upp sérstaklega fyrir undirstöðvar með varmaviðmiðun og fyrir undirstöðvar með fjarhitun þar sem er áhætta á kolefnisleka og þar sem er ekki áhætta á kolefnisleka),

q) magn varmataps, ef það kemur ekki þegar fram í gögnunum sem um getur í a- til p-lið.

2.4. **Árleg skipting orku niður á undirstöðvar**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) magn orkuílags frá eldsneyti, þ.m.t. viðkomandi losunarstuðull þess, fyrir:

— hverja undirstöð með vöruviðmiðun,

— hverja undirstöð með varmaviðmiðun og undirstöð með fjarhitun,

— hverja undirstöð með eldsneytisviðmiðun,

b) magn mælanlegs innflutts varma:

— fyrir hverja undirstöð með vöruviðmiðun,

— frá undirstöðvum með vöruviðmiðunina saltpéturssýra,

— frá undirstöðvum sem framleiða pappírsmauk,

c) magn mælanlegs útflutts varma fyrir:

— hverja undirstöð með vöruviðmiðun.

2.5. **Árleg staða innflutnings, framleiðslu, notkunar og útflutnings á raforku í stöðinni**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) heildarmagn raforku, sem er framleitt með eldsneyti,

b) heildarmagn annarrar raforkuframleiðslu,

c) heildarmagn raforku sem er flutt inn frá orkunetinu eða frá öðrum stöðvum,

d) heildarmagn raforku sem er flutt út til orkunetsins eða annarra stöðva,

e) heildarmagn raforku sem notað er í stöðinni,

f) að því er varðar raforkunotkun innan undirstöðva með vöruviðmiðun sem eru tilgreindar í 2. hluta I. viðauka: það magn raforku sem er notað sem telst vera útskiptanlegt.

Einungis þarf að tilkynna um a- til e-lið í stöðvum sem framleiða raforku.

2.6. **Frekari ársgögn fyrir undirstöðvar**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) magn mælanlegs varma, sem er eignað undirstöð, sem fluttur er inn frá einingum eða ferlum utan viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir,

b) ef við á, fyrir hverja undirstöð, skrá yfir vörur sem framleiddar eru innan marka undirstöðvarinnar, þ.m.t. kóðar þeirra í vöruskrá ESB sem um getur í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3924/91 ([3]), byggt á NACE-4-kóðanum sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ([4]) (NACE 2. endursk.) og framleitt magn. Vöruskrá ESB skal vera með a.m.k. sömu sundurliðun og tengd auðkenning undirgreinarinnar í framseldum gerðum sem eru samþykktar skv 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB,

c) þrátt fyrir ákvæði b-liðar, að því er varðar undirstöðvar með varmaviðmiðun þar sem er áhætta á kolefnisleka: ef um er að ræða útflutning á mælanlegum varma til stöðva eða eininga sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, NACE-4-kóðar (NACE 2. endursk.) þessara stöðva eða eininga,

d) ef við á og hann er tiltækur rekstraraðilanum, losunarstuðull eldsneytissamsetningarinnar sem tengist mælanlegum innfluttum eða útfluttum varma fyrir hverja undirstöð,

e) ef við á, magn og losunarstuðull úrgangslofttegunda sem fluttar eru út og fluttar inn fyrir hverja undirstöð,

f) ef við á, orkuinnihald (nettóvarmagildi) úrgangslofttegunda sem fluttar eru út og fluttar inn fyrir hverja undirstöð.

2.7. **Árleg gögn um starfsemi fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) árleg gögn um framleiðslu vörunnar, eins og tilgreint er í I. viðauka, í einingunni sem er skráð í þeim viðauka,

b) skrá yfir vörur sem framleiddar eru innan marka undirstöðvarinnar, þ.m.t. kóðar þeirra í vöruskrá ESB (byggt á NACE 2. endursk.). Vöruskrá ESB skal vera með a.m.k. sömu sundurliðun og tengd auðkenning undirgreinarinnar í framseldum gerðum sem eru samþykktar skv 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB,

c) magn flutts koltvísýrings sem er fluttur inn frá eða fluttur út til annarra undirstöðva, stöðva eða annarra eininga,

d) magn útflutnings eða innflutnings á hálfunnum vörum sem fellur undir undirstöðvar með vöruviðmiðun,

e) ef við á, fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun fyrir hreinsunarstöð eða arómöt, árlegt gegnumstreymi fyrir hverja CWT-virkni eins og tilgreint er í II. viðauka,

f) ef við á, fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun fyrir kalk eða brennt dólómít, óleiðrétt árlegt magn framleiðslu og árlegt meðalgildi fyrir m_{CaO} og m_{MgO} í samræmi við III. viðauka,

g) ef við á, fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun fyrir gufusundrun, árleg heildarframleiðsla á hágæðaíðefnum og magn viðbótarílags, gefið upp sem magn af vetni, etýleni og öðrum hágæðaíðefnum,

h) ef við á, fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun fyrir vetni eða tilbúið gas, árlegt framleiðslumagn af vetni eða tilbúnu gasi, umreiknað í vetnisinnihald, gefið upp sem normalrúmmetrar á ári, þ.e. 0 °C og 101,325 kPa, og rúmmálshluti árlegs framleiðslumagns af hreinu vetni í blöndu af vetni og kolsýringi,

i) ef við á, fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun fyrir etýlenoxíð/etýlenglýkól, árlegt framleiðslumagn etýlenoxíðs, mónóetýlenglýkóls, díetýlenglýkóls og tríetýlenglýkóls,

j) ef við á, fyrir undirstöð með vöruviðmiðun fyrir vínýlklóríðeinliður, notaður varmi sem kemur frá vetnisnotkun,

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu (Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90, sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

k) ef við á, fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun fyrir kraftpappírsmauk með stuttum trefjum, kraftpappírsmauk með löngum trefjum, hitameðhöndlað og vélunnið mauk, vélunnið mauk, súlfítpappírsmauk eða annað pappírsmauk sem fellur ekki undir undirstöð með vöruviðmiðun: árleg framleiðsla á viðkomandi pappírsmauki og árlegt magn pappírsmauks sem er sett á markað og ekki unnið í pappír í sömu stöð eða öðrum tæknilega tengdum stöðvum,

l) ef við á, magn, orkuinnihald og losunarstuðull úrgangslofttegunda sem eru framleiddar innan kerfismarka viðkomandi undirstöðvar með vöruviðmiðun og brenndar innan eða utan kerfismarka þeirrar undirstöðvar með vöruviðmiðun, að undanskilinni brennslu gass í afgasloga af öryggisástæðum, og sem eru ekki notaðar til að framleiða mælanlegan varma, ómælanlegan varma eða raforku.

3. GÖGN FYRIR UPPFÆRSLU VIÐMIÐUNAR

3.1. **Ársgögn fyrir undirstöðvar með vöruviðmiðun**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert ár á grunntímabilinu:

a) skrá yfir vörur sem framleiddar eru innan marka undirstöðvarinnar, þ.m.t. kóðar þeirra í vöruskrá ESB (NACE 2. endursk.),

b) starfsemisstig,

c) losun sem er skipt niður, að undanskilinni losun sem tengist innflutningi á mælanlegum varma frá öðrum undirstöðvum, stöðvum eða öðrum einingum,

d) magn mælanlegs varma, sem er fluttur inn frá öðrum undirstöðvum, stöðvum eða öðrum einingum, þ.m.t. losunarstuðullinn ef hann er þekktur,

e) magn mælanlegs varma sem er fluttur út til annarra undirstöðva, stöðva eða annarra eininga,

f) magn, orkuinnihald og losunarstuðull úrgangslofttegunda sem fluttar eru inn frá öðrum undirstöðvum, stöðvum eða öðrum einingum,

g) magn, orkuinnihald og losunarstuðull úrgangslofttegunda sem eru framleiddar,

h) magn, orkuinnihald og losunarstuðull úrgangslofttegunda sem fluttar eru út til annarra undirstöðva, stöðva eða annarra eininga,

i) magn raforku sem er notað, sem telst vera útskiptanlegt, ef um er að ræða viðmiðanir sem eru tilgreindar í 2. hluta I. viðauka,

j) magn raforku sem er notað,

k) magn flutts koltvísýrings sem er fluttur inn frá öðrum undirstöðvum, stöðvum eða öðrum einingum,

l) magn flutts koltvísýrings sem er fluttur út til annarra undirstöðva, stöðva eða annarra eininga,

m) útflutningur eða innflutningur á hálfunnum vörum sem falla undir vöruviðmiðanir (já/nei) og lýsing á tegund millistigsafurðar, ef við á,

n) magn viðbótarílags, gefið upp sem magn vetnis, etýlens og annarra hágæðaíðefna, ef um er að ræða vöruviðmiðun fyrir gufusundrun,

o) notaður varmi frá vetnisnotkun, ef um er að ræða vöruviðmiðun fyrir vínýlklóríðeinliður.

3.2. **Ársgögn fyrir undirstöðvar með varmaviðmiðun og undirstöðvar með fjarhitun**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert ár á grunntímabilinu:

a) magn nettó mælanlegs varma sem er framleiddur innan hverrar undirstöðvar með varmaviðmiðun eða undirstöðvar með fjarhitun,

b) losun sem er skipt niður á framleiðslu á mælanlegum varma,

c) starfsemisstig undirstöðvarinnar,

d) magn mælanlegs varma sem er framleiddur, fluttur inn frá eða fluttur út til annarra undirstöðva, stöðva eða annarra eininga,

e) magn raforku sem er framleitt.

3.3. **Ársgögn fyrir undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun**

Þetta atriði inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert ár á grunntímabilinu:

a) starfsemisstig,

b) losun sem er skipt niður.

———

V. VIÐAUKI

Stuðlar sem gilda um skerðingu á úthlutun án endurgjalds skv. 4. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB

Ár	Gildi stuðulsins
2021	0,300
2022	0,300
2023	0,300
2024	0,300
2025	0,300
2026	0,300
2027	0,225
2028	0,150
2029	0,075
2030	0,000

VI. VIÐAUKI

Lágmarksinnihald áætlunar um aðferðafræði við vöktun

Áætlun um aðferðafræði við vöktun skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1. Almennar upplýsingar um stöðina:

   a) upplýsingar til að auðkenna stöðina og rekstraraðilann, þ.m.t. kennimerki stöðvarinnar sem notað er í skrá Sambandsins,

   b) upplýsingar sem auðkenna útgáfu áætlunarinnar um aðferðafræði við vöktun, dagsetning samþykkis lögbærs yfirvalds og dagsetning þegar hún tekur gildi,

   c) lýsing á stöðinni sem inniheldur einkum lýsingu á helstu ferlum sem eru framkvæmdir, skrá yfir upptök losunar, flæðirit og teikningu af stöðinni sem veitir skilningi á meginflæði efniviða og orku,

   d) skýringarmynd sem inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

      — tæknilega þætti stöðvarinnar sem auðkenna upptök losunar sem og einingar fyrir framleiðslu og notkun á varma,

      — allt flæði orku og efniviða, einkum efnisstrauma, mælanlegs og ómælanlegs varma, raforku þar sem við á og úrgangslofttegunda,

      — mælingarpunkta og mælitæki,

      — mörk undirstöðvanna, þ.m.t. skipting á milli undirstöðva sem þjóna geirum sem teljast vera óvarðir fyrir umtalsverðri áhættu á kolefnisleka og undirstöðva sem þjóna öðrum geirum, á grundvelli NACE 2. endursk. eða vöruskrár ESB,

   e) skrá og lýsing á tengingum við aðrar stöðvar í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða einingar utan viðskiptakerfisins fyrir flutning á mælanlegum varma, hálfunnum vörum, úrgangslofttegundum eða koltvísýringi til notkunar í stöðinni eða til varanlegrar geymslu í jörðu, þ.m.t. heiti og heimilisfang og tengiliður hjá tengdu stöðinni eða einingunni og einkvæmt auðkenni hennar í skrá Sambandsins, ef við á,

   f) tilvísun í ferlið sem notað er til að stjórna úthlutun ábyrgðar á vöktun og skýrslugjöf á stöðinni og til að stjórna valdheimildum ábyrgðaraðila,

   g) tilvísun í aðferð fyrir reglubundið mat á því hvort áætlun um aðferðafræði við vöktun eigi við, í samræmi við 1. mgr. 9. gr.; þessi aðferð skal einkum tryggja að vöktunaraðferðir séu til staðar fyrir öll gagnaatriðin, sem eru tilgreind í IV. viðauka, sem eiga við í stöðinni og að nákvæmustu tiltæku gagnalindirnar, í samræmi við 4. lið VII. viðauka, séu notaðar,

   h) tilvísun í skriflegar verklagsreglur fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi skv. 2. mgr. 11. gr., þ.m.t. skýringarmyndir, eftir því sem við á, til skýringar.

2. Upplýsingar um undirstöðvar:

   a) fyrir hverja undirstöð, tilvísun í aðferðir til að fylgjast með framleiddum vörum og kóðum þeirra í vöruskrá ESB,

   b) kerfismörk hverrar undirstöðvar með skýrum lýsingum á þeim tæknieiningum sem eru teknar með, lýsingu á ferlum sem eru framkvæmdir og á því hvaða ílagsefniviðum og eldsneyti, hvaða vörum og frálagi er skipt niður á hvaða undirstöðvar; ef um er að ræða samsettar undirstöðvar skal sérstakt ítarlegt flæðirit fylgja fyrir þessar undirstöðvar,

   c) lýsing á þeim hlutum stöðvanna sem þjóna fleiri en einni undirstöð, þ.m.t. hitaveitukerfi, samnýttir katlar og einingar fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu,

   d) fyrir hverja undirstöð, þar sem við á, lýsing á aðferðum til að úthluta þeim hlutum stöðvanna, sem þjóna fleiri en einni undirstöð, og losun þeirra á viðkomandi undirstöðvar.

3. Vöktunaraðferðir í stöðinni:

   a) lýsing á þeim aðferðum sem eru notaðar til að magngreina stöðu innflutnings, framleiðslu, notkunar og útflutnings á varma í stöðinni,

   b) aðferð sem er notuð til að tryggja að komist sé hjá gagnaeyðum og tvítalningu.

4. Vöktunaraðferðir í undirstöðvum:

   a) lýsing á þeim aðferðum sem eru notaðar til að magngreina beina losun hennar, þ.m.t., eftir atvikum, aðferð við að magngreina algilt magn eða hundraðshluta efnisstrauma eða losunar, sem er vöktuð með mælimiðuðum aðferðum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 601/2012, sem er rakin til undirstöðvarinnar, eftir atvikum,

   b) lýsing á þeim aðferðum sem eru notaðar til að skipta niður og magngreina magn og losunarstuðla orkuílags frá eldsneyti ásamt útflutningi á orku í eldsneyti, eftir atvikum,

   c) lýsing á þeim aðferðum sem eru notaðar til að skipta niður og magngreina magn og, ef þeir eru tiltækir, losunarstuðlar fyrir innflutning, útflutning, notkun og framleiðslu á mælanlegum varma, eftir atvikum,

   d) lýsing á þeim aðferðum sem eru notaðar til að magngreina magn raforkunotkunar og -framleiðslu og þann hluta notkunar sem er útskiptanlegur, eftir atvikum,

   e) lýsing á þeim aðferðum sem eru notaðar til að skipta niður og magngreina magn, orkuinnihald og losunarstuðla fyrir innflutning, útflutning, notkun og framleiðslu á úrgangslofttegundum, eftir atvikum,

   f) lýsing á þeim aðferðum sem eru notaðar til að skipta niður og magngreina magn af fluttum koltvísýringi sem er fluttur inn eða fluttur út, eftir atvikum,

   g) fyrir hverja undirstöð með vöruviðmiðun, lýsing á þeim aðferðum sem eru notaðar til að magngreina ársframleiðslu vörunnar eins og tilgreint er í I. viðauka, þ.m.t., ef við á, viðbótarmæliþættir sem krafist er eins og kveðið er á um í 19. og 20. gr. og í II. og III. viðauka.

Lýsingar á aðferðum sem eru notaðar til að magngreina mæliþættina sem á að vakta og gera skýrslu um skulu innihalda, þar sem við á, útreikningsþrep, gagnalindir, reikniformúlur, viðkomandi reiknistuðla, þ.m.t. mælieiningar, láréttar og lóðréttar athuganir til staðfestingar á gögnum, aðferðir sem renna stoðum undir sýnatökuáætlanir, mælibúnað sem er notaður með tilvísun í viðkomandi skýringarmynd og lýsingu á því hvernig hann er settur upp og haldið við og skrá yfir rannsóknarstofur sem taka þátt í því að framkvæma viðkomandi greiningarferli. Þegar við á skal lýsingin innihalda niðurstöðu úr einfaldaða óvissumatinu sem um getur í c-lið 2. mgr. 7. gr. Að því er varðar hverja viðkomandi reikniformúlu skal áætlunin innihalda eitt dæmi með raunverulegum gögnum.

———

VII. VIÐAUKI

Aðferðir til að vakta gögn

1. GILDISSVIÐ

Í þessum viðauka er mælt fyrir um aðferðir til að ákvarða gögn, sem krafist er til að gefa skýrslu um gögnin sem eru tilgreind í IV. viðauka varðandi stöðina, sem og reglur um skiptingu þessara gagna niður á undirstöðvar, að undanskildum gögnum sem eru vöktuð í samræmi við vöktunaráætlun sem lögbært yfirvald samþykkir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 601/2012. Gögn, sem eru ákvörðuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 601/2012, skulu notuð samkvæmt þessari reglugerð þar sem við á.

2. SKILGREININGAR

„Gagnasafn“ að því er varðar þennan viðauka: ein tegund gagna, annaðhvort í stöð eða undirstöð, eftir því sem við á miðað við aðstæður, eins og tilgreint er hér á eftir:

a) magn eldsneytis eða efniviða sem eru notaðir eða framleiddir með ferli sem skiptir máli í tengslum við reiknimiðuðu vöktunaraðferðina, gefið upp í terajúlum, massa í tonnum eða, þegar um er að ræða lofttegundir, sem rúmmál í normalrúmmetrum, eins og við á, þ.m.t. fyrir úrgangslofttegundir,

b) reiknistuðull sem er notaður í reglugerð (ESB) nr. 601/2012 (þ.e. samsetning efniviðar eða eldsneytis eða úrgangslofttegundar),

c) magn nettó mælanlegs varma og viðkomandi mæliþættir sem þarf til að ákvarða þetta magn, einkum:

— massaflæði varmaberans og

— vermi flutts og endursends varmabera, eins og tilgreint er með samsetningu, hitastigi, þrýstingi og mettun,

d) magn ómælanlegs varma, tilgreint eftir viðkomandi magni eldsneytis sem notað er til að framleiða varmann, og nettóvarmagildi (NCV) eldsneytissamsetningarinnar,

e) magn raforku,

f) magn koltvísýrings sem er fluttur á milli stöðva.

„Aðferðafræði við ákvörðun“: annað hvort af eftirfarandi:

a) aðferð til að auðkenna, safna og vinna úr gögnum, sem þegar eru tiltæk í stöðinni, fyrir gagnasöfn með sögulegum gögnum eða

b) aðferð við vöktun á tilteknu gagnasafni sem byggist á samþykktri áætlun um aðferðafræði við vöktun.

Að auki gilda skilgreiningarnar „efnisstraumur“, „upptök losunar“, „eðlislæg áhætta“, „eftirlitsáhætta“ og „losunarstuðull“ sem settar eru fram í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012.

3. ALMENNAR AÐFERÐIR

3.1. **Gildandi aðferðir**

Rekstraraðilinn skal ákvarða gögn í þeim tilgangi að taka saman skýrslu um grunngögn, í samræmi við a-lið 2. mgr. 4. gr., með því að nota aðferðir sem er að finna í þessum viðauka. Ef viðeigandi aðferðum til að ákvarða tiltekið gagnasafn er ekki lýst í þessum viðauka skal rekstraraðilinn beita hentugri aðferð, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds fyrir áætlun um aðferðafræði við vöktun í samræmi við 6. gr. Aðferð skal teljast hentug þegar rekstraraðilinn tryggir að sérhverjar mælingar, greiningar, sýnataka, kvarðanir og fullgildingar til ákvörðunar á tilteknu gagnasafni fari fram með því að beita aðferðum sem byggjast á samsvarandi EN-stöðlum. Þegar engir slíkir staðlar eru tiltækir skulu aðferðirnar byggjast á viðeigandi ISO-stöðlum eða landsstöðlum. Ef ekki eru til neinir viðeigandi útgefnir staðlar skal nota viðeigandi drög að stöðlum, leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í iðnaði eða aðrar vísindalega sannreyndar aðferðir og takmarka með því skekkjur í sýnatöku og mælingum.

3.2. **Aðferð til að skipta gögnum niður á undirstöðvar**

1. Ef gögn fyrir tiltekin gagnasöfn eru ekki tiltæk fyrir hverja undirstöð skal rekstraraðilinn leggja til viðeigandi aðferð til að ákvarða áskilin gögn fyrir hverja einstaka undirstöð, nema í þeim tilvikum sem um getur í annarri og þriðju undirgrein 3. mgr. 10. gr. Í þessu skyni skal beita annarri hvorri eftirfarandi meginreglu með hliðsjón af því hvor meginreglan skilar réttari niðurstöðum:

   a) ef mismunandi vörur eru framleiddar hver á eftir annarri í sömu framleiðslulínunni skal ílagi, frálagi og samsvarandi losun skipt niður á raðbundinn hátt á grundvelli ársnotkunar fyrir hverja undirstöð,

   b) ílagi, frálagi og samsvarandi losun skal skipt niður á grundvelli massa eða magns einstakra framleiðsluvara eða á grundvelli mats sem byggist á hlutfalli óbundins hvarfvermis viðkomandi efnahvarfs eða öðrum viðeigandi dreifingarlykli sem byggist á traustum, vísindalegum aðferðum.

2. Ef nokkur mælitæki af mismunandi gæðum eiga hlut í niðurstöðum mælinga skal nota aðra hvora eftirfarandi aðferð til að skipta gögnum um magn efniviða, eldsneytis, mælanlegs varma eða raforku í stöðinni á milli undirstöðva:

   a) skiptingin er ákvörðuð á grundvelli ákvörðunaraðferðar, s.s. notkunarmælingar, áætlunar, fylgni, sem er notuð jafnt fyrir hverja undirstöð. Ef summa gagna frá undirstöð stemmir ekki við gögnin sem eru ákvörðuð á aðskilinn hátt fyrir stöðina skal beita samræmdum „afstemmingarstuðli“ fyrir samræmda leiðréttingu til að ná fram samtölu fyrir stöðina sem hér segir:

   $$RecF = D_{stöð}/\Sigma\, D_{SI} \qquad \text{(Jafna 1)}$$

   þar sem RecF er afstemmingarstuðullinn, Dstöð er gagnagildið sem er ákvarðað fyrir stöðina í heild sinni og DSI eru gagnagildin fyrir mismunandi undirstöðvar. Gögnin fyrir hverja undirstöð eru síðan leiðrétt sem hér segir:

   $$D_{SI,leiðr} = D_{SI} \times RecF \qquad \text{(Jafna 2)}$$

   b) Ef gögn einungis einnar undirstöðvar eru óþekkt eða af minni gæðum en gögn annarra undirstöðva má draga þekkt gögn fyrir undirstöðina frá gögnunum fyrir alla stöðina. Þessi aðferð er einungis ákjósanleg fyrir undirstöðvar sem leggja lítið magn til úthlutunar stöðvarinnar.

3.3. **Mælitæki eða ferli sem eru ekki undir stjórn rekstraraðilans**

Rekstraraðilinn má nota mælikerfi eða greiningarferli sem eru ekki undir hans eigin stjórn:

a) ef rekstraraðilinn er ekki með sín eigin mælitæki eða greiningarferli tiltæk fyrir ákvörðun á tilteknu gagnasafni,

b) ef ákvörðun á gagnasafni með mælitækjum eða greiningarferlum rekstraraðilans sjálfs er tæknilega ekki gerleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar,

c) ef rekstraraðilinn sýnir lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að mælikerfið eða greiningarferlið, sem er ekki undir stjórn rekstraraðilans, veiti áreiðanlegri niðurstöður og sé síður hætt við eftirlitsáhættu.

Í því skyni getur rekstraraðilinn gripið til einnar af eftirfarandi gagnalindar:

a) upphæða á reikningum sem viðskiptafélagi gefur út, að því tilskildu að viðskipti eigi sér stað á milli tveggja sjálfstæðra viðskiptafélaga,

b) beins lesturs af mælikerfunum,

c) notkun fylgni sem byggist á athugunum frá lögbærum og óháðum aðila, s.s. birgjum búnaðar, veitendum verkfræðiþjónustu eða rannsóknarstofum sem hafa fengið faggildingu.

3.4. **Óbeinar ákvörðunaraðferðir**

Ef engin bein mælingar- eða greiningaraðferð er tiltæk fyrir tiltekið gagnasafn, einkum í tilvikum þar sem nettó mælanlegur varmi fer til annarra framleiðsluferla, skal rekstraraðilinn leggja til notkun á óbeinni ákvörðunaraðferð s.s.:

a) útreikninga sem byggjast á þekktum efnafræðilegum eða eðlisrænum aðferðum með því að nota viðeigandi viðurkennd gildi úr heimildum fyrir efnafræðilega og eðlisræna eiginleika efnanna sem eiga í hlut, viðeigandi hvarfhlutfallslega stuðla og varmafræðilega eiginleika, s.s. hvarfvermi, eins og við á,

b) útreikninga sem byggjast á hönnunargögnum stöðvarinnar, s.s. orkunýtni tæknieininga eða reiknaðri orkunotkun á hverja vörueiningu,

c) fylgni sem byggist á reynsluprófunum til að ákvarða matsgildi fyrir tilskilið gagnasafn frá ókvörðuðum búnaði eða gögn sem eru skjalfest í framleiðsluaðferðalýsingum. Í þessu skyni skal rekstraraðilinn sjá til þess að fylgnin uppfylli kröfur um góðar starfsvenjur í verkfræði og að henni sé aðeins beitt til að ákvarða gildi sem eru á fyrirhuguðu bili. Rekstraraðilinn skal meta gildi slíkrar fylgni a.m.k. einu sinni á ári.

4. VAL Á AÐFERÐAFRÆÐI VIÐ ÁKVÖRÐUN OG GAGNALINDUM SEM SÝNA MESTU NÁKVÆMNI SEM UNNT ER AÐ NÁ

4.1. **Tæknilegur gerleiki**

Ef rekstraraðili fullyrðir að beiting tiltekinnar aðferðarfræði við ákvörðun sé tæknilega ekki gerleg skal lögbært yfirvald meta tæknilegan gerleika með tilliti til rökstuðnings rekstraraðilans. Rökstuðningur þessi skal byggjast á því að rekstraraðilinn hafi tæknilega getu til að ráða við fyrirhugað kerfi eða kröfur sem hægt er að framkvæma innan þess tíma sem krafist er að því er varðar þessa reglugerð. Þessi tæknilega geta skal fela í sér aðgengi að nauðsynlegri tækni og tækniþekkingu.

4.2. **Óhóflegur kostnaður**

Ef rekstraraðili fullyrðir að beiting tiltekinnar aðferðarfræði við ákvörðun stofni til óhóflegs kostnaðar skal lögbært yfirvald meta það hvort kostnaðurinn sé óhóflegur, með tilliti til rökstuðnings rekstraraðilans.

Lögbært yfirvald skal telja kostnað óhóflegan ef áætlaður kostnaður rekstraraðila er meiri en ávinningurinn af tiltekinni aðferðarfræði við ákvörðun. Í því skyni skal reikna út ávinning með því að margfalda úrbótastuðul með 20 evru viðmiðunarverði á hverja losunarheimild og kostnaður skal fela í sér viðeigandi afskriftartíma á grundvelli efnahagslegs endingartíma búnaðarins, eftir atvikum.

Úrbótastuðullinn skal vera 1% af þeirri árlegu úthlutun án endurgjalds til undirstöðvarinnar sem síðast var ákvörðuð. Þrátt fyrir þessa reikniaðferð má lögbært yfirvald heimila rekstraraðilum að ákvarða úrbótastuðulinn sem 1% af koltvísýringsígildinu sem verður fyrir áhrifum. Koltvísýringsígildið sem verður fyrir áhrifum skal vera eitt af eftirtöldu, með hliðsjón af þeim mæliþætti sem úrbæturnar á aðferðafræðinni eru fyrir:

a) ef um er að ræða eldsneyti eða efnivið sem inniheldur kolefni, þ.m.t. úrgangslofttegundir: losun sem myndi leiða af því ef kolefninu, sem er geymt í árlegu magni eldsneytisins eða efniviðarins, væri umbreytt í koltvísýring,

b) ef um er að ræða losun sem er vöktuð með mælimiðuðum aðferðum: árleg losun frá viðkomandi upptökum losunar,

c) ef um er að ræða mælanlegan varma: viðkomandi árlegt magn mælanlegs varma, margfaldað með varmaviðmiðuninni,

d) ef um er að ræða ómælanlegan varma: viðkomandi árlegt magn ómælanlegs varma, margfaldað með eldsneytisviðmiðuninni,

e) ef um er að ræða raforku: viðkomandi árlegt magn raforku, margfaldað með stuðlinum sem er tilgreindur í 3. mgr. 22. gr.,

f) ef um er að ræða magn vöru sem vöruviðmiðun gildir um: bráðabirgðatala undirstöðvarinnar yfir árlegan fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds, sem er ákvörðuð í samræmi við 2. mgr. 16. gr. fyrir fyrsta árið á viðkomandi úthlutunartímabili. Ef viðkomandi viðmiðun hefur enn ekki verið ákvörðuð í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal nota viðkomandi viðmiðun sem er tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

Ráðstafanir í tengslum við úrbætur á vöktunaraðferð stöðvar skulu ekki teljast stofna til óhóflegs kostnaðar allt að samanlagðri upphæð sem nemur 2000 evrum á ári. Að því er varðar stöðvar með litla losun, í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012, skal þessi viðmiðun vera 500 evrur á ári.

4.3. **Ferli**

Til að ákvarða nákvæmustu tiltæku gagnalindirnar skal rekstraraðilinn velja nákvæmustu gagnalindir sem eru tæknilega mögulegar og stofna ekki til óhóflegs kostnaðar og sem tryggja skýrt gagnaflæði með minnstri eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu (hér á eftir nefnt „upprunalegar gagnalindir“). Rekstraraðilinn skal nota upprunalegu gagnalindirnar í þeim tilgangi að taka saman skýrslu um grunngögn.

Að því marki sem mögulegt er án þess að stofna til óhóflegs kostnaðar, að því er varðar eftirlitskerfi í samræmi við 11. gr., skal rekstraraðilinn kappkosta að auðkenna og nota viðbótargagnalindir eða aðferðir til að ákvarða gögn sem gera það kleift að staðfesta upprunalegu gagnalindirnar (hér á eftir nefnt „gagnalindir til staðfestingar“). Valdar gagnalindir til staðfestingar, ef einhverjar eru, skulu skjalfestar í skriflegum verklagsreglum sem um getur í 2. mgr. 11. gr. og í áætlun um aðferðafræði við vöktun.

Við val á upprunalegum gagnalindum skal rekstraraðilinn bera saman allar tiltækar gagnalindir fyrir sama gagnasafn með því að nota almennu gagnalindirnar, sem eru tilgreindar í liðum 4.4 til 4.6, og nota eina af gagnalindunum sem er fremst í röðinni af þeim sem teljast vera nákvæmustu gagnalindirnar. Einungis má nota aðrar gagnalindir ef einhver af undanþágunum, í samræmi við 2. mgr. 7. gr., á við. Í slíku tilviki skal nota gagnalindir sem eru næsthæstar í röðinni nema það sé tæknilega ekki gerlegt, myndi stofna til óhóflegs kostnaðar eða ef önnur gagnalind er með jafngilt eða lægra stig tengdrar óvissu. Taka má tillit til fleiri gagnalinda ef þess gerist þörf.

Við val á gagnalindum til staðfestingar skal rekstraraðilinn bera saman allar tiltækar gagnalindir fyrir sama gagnasafn með því að nota almennu gagnalindirnar, sem eru tilgreindar í liðum 4.4 til 4.6, og nota aðra tiltæka gagnalind en nákvæmustu tiltæku gagnalindina.

Við val á gagnalindum til að ákvarða öll gögn sem krafist er í samræmi við IV. viðauka skal rekstraraðilinn nota eftirfarandi ferli fyrir eftirfarandi megintegundir gagnalinda:

a) til að ákvarða magn vara, eldsneytis og annarra efniviða skal rekstraraðilinn taka tillit til almennu gagnalindanna og stigskiptingar þeirra sem mælt er fyrir um í lið 4.4 í þessum viðauka,

b) til að ákvarða magn orkuflæðis (mælanlegs eða ómælanlegs varma, raforku) skal rekstraraðilinn taka tillit til almennu gagnalindanna og stigskiptingar þeirra sem mælt er fyrir um í lið 4.5 í þessum viðauka,

c) til að ákvarða eiginleika vara, eldsneytis og annarra efniviða skal rekstraraðilinn taka tillit til almennu gagnalindanna og stigskiptingar þeirra sem mælt er fyrir um í lið 4.6 í þessum viðauka.

Í þeim tilgangi að bæta áætlun um aðferðafræði við vöktun skal rekstraraðilinn kanna reglulega og a.m.k. einu sinni á ári hvort nýjar gagnalindir séu orðnar tiltækar. Ef slíkar nýjar gagnalindir teljast nákvæmari, í samræmi við röðunina sem lýst er í liðum 4.4 til 4.6, skal beita þeim og breyta áætluninni um aðferðafræði við vöktun í samræmi við 9. gr.

4.4. **Val á gagnalindum fyrir magngreiningu á efniviðum og eldsneyti**

Nota skal eftirfarandi almennar gagnalindir við val á nákvæmustu tiltæku gagnalindunum til að magngreina magn (gefið upp sem tonn eða Nm^3) efniviða, eldsneytis, úrgangslofttegunda eða vara sem fara inn í eða út úr stöðinni eða einhverri undirstöð:

a) aðferðir í samræmi við vöktunaráætlunina sem er samþykkt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 601/2012,

b) álestur af mælitækjum, sem falla undir landsbundið mælifræðilegt eftirlit, eða mælitækjum sem eru í samræmi við kröfurnar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB ([1]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB ([2]) til beinnar ákvörðunar á gagnasafni,

c) álestur af mælitækjum, sem eru undir stjórn rekstraraðilans, til beinnar ákvörðunar á gagnasafni sem fellur ekki undir b-lið,

d) álestur af mælitækjum, sem eru ekki undir stjórn rekstraraðilans, til beinnar ákvörðunar á gagnasafni sem fellur ekki undir b-lið,

e) álestur af mælitækjum til óbeinnar ákvörðunar á gagnasafni, að því tilskildu að viðeigandi fylgni á milli mælingarinnar og viðkomandi gagnasafns hafi verið fastsett í samræmi við lið 3.4,

f) aðrar aðferðir, einkum fyrir söguleg gögn eða þar sem rekstraraðili getur ekki auðkennt aðrar gagnalindir sem tiltækar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða ósjálfvirkan vogarbúnað fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 107).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 149).

Við val á gagnalindum, að því er varðar 1. mgr. 7.gr., teljast einungis gagnalindirnar, sem eru tilgreindar í a- og b-lið fyrstu málsgreinar, vera nákvæmustu gagnalindirnar en nota skal gagnalindirnar, sem um getur í a-lið þeirrar málsgreinar, að því marki sem þær ná yfir viðkomandi gagnasafn. Gagnalindirnar, sem um getur í c- til f-lið fyrstu málsgreinar, teljast minna nákvæmar í lækkandi stigskiptri röð frá c-lið til f-liðar.

4.5. **Val á gagnalindum fyrir magngreiningu á orkuflæði**

Nota skal eftirfarandi almennar gagnalindir til að velja nákvæmustu tiltæku gagnalindirnar til að magngreina magn, gefið upp sem TJ eða GWh, af mælanlegum varma eða raforku sem fer inn í eða út úr stöðinni eða einhverri undirstöð:

a) álestur af mælitækjum, sem falla undir landsbundið mælifræðilegt eftirlit, eða mælitækjum sem eru í samræmi við kröfurnar í tilskipun 2014/31/ESB eða tilskipun 2014/32/ESB til beinnar ákvörðunar á gagnasafni,

b) álestur af mælitækjum, sem eru undir stjórn rekstraraðilans, til beinnar ákvörðunar á gagnasafni sem fellur ekki undir a-lið,

c) álestur af mælitækjum, sem eru ekki undir stjórn rekstraraðilans, til beinnar ákvörðunar á gagnasafni sem fellur ekki undir a-lið,

d) álestur af mælitækjum til óbeinnar ákvörðunar á gagnasafni, að því tilskildu að viðeigandi fylgni á milli mælingarinnar og viðkomandi gagnasafns hafi verið fastsett í samræmi við lið 3.4 í þessum viðauka,

e) útreikningur á óbeinum gögnum til að ákvarða magn nettó mælanlegs varma í samræmi við 3. aðferð í lið 7.2,

f) aðrar aðferðir, einkum fyrir söguleg gögn eða þar sem rekstraraðili getur ekki auðkennt aðrar gagnalindir sem tiltækar.

Við val á gagnalindum, að því er varðar 1. mgr. 7. gr., teljast einungis gagnalindirnar, sem um getur í a-lið fyrstu málsgreinar, vera nákvæmustu gagnalindirnar. Gagnalindirnar, sem um getur í b- til f-lið fyrstu málsgreinar, teljast minna nákvæmar í lækkandi stigskiptri röð frá b-lið til f-liðar.

Að því er varðar aðstæður þar sem engar upplýsingar eru tiltækar fyrir suma mæliþætti (s.s. hitastig og magn þéttivatns sem skilað er) sem krafist er til að ákvarða nettóflæði mælanlegs varma skal beita ákvæðum 7. liðar. Í samræmi við 7. lið þarf að ákvarða nokkra mæliþætti til að fá fram árlegt magn nettó mælanlegs varma. Því ætti að taka tillit til heildarniðurstöðu fyrir árlegt magn nettó varma í einfaldaða óvissumatinu, í samræmi við c-lið 2. mgr. 7. gr., við val á aðferðum, sem um getur í b- til f-lið fyrstu málsgreinar, ef gagnalindir sem sýna mestu nákvæmnina eru ekki valdar.

4.6. **Val á gagnalindum fyrir eiginleika efniviða**

Nota skal eftirfarandi almennar gagnalindir við val á nákvæmustu tiltæku gagnalindunum til að ákvarða eiginleika, s.s. raka eða hreinleika efnis, kolefnisinnihald, nettóvarmagildi, innihald lífmassa o.s.frv., vara, efniviða, eldsneytis eða úrgangslofttegunda sem ílags eða frálags stöðvar eða undirstöðvar:

a) aðferðir til að ákvarða reiknistuðla í samræmi við vöktunaráætlunina sem er samþykkt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 601/2012,

b) greiningar á rannsóknarstofu í samræmi við lið 6.1 í þessum viðauka,

c) einfaldaðar greiningar á rannsóknarstofu í samræmi við lið 6.2 í þessum viðauka,

d) föst gildi sem byggjast á einni af eftirfarandi gagnalindum:

— staðlaðir stuðlar sem aðildarríki notar í landsskrá sinni, sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,

— gildi í heimildum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þ.m.t. staðlaðir stuðlar sem lögbært yfirvald birtir, sem eru samrýmanlegir stuðlum sem um getur í fyrri undirlið en þeir eru dæmigerðir fyrir aðgreindari upptök eldsneytisstrauma,

— gildi sem birgir eldsneytis eða efniviðar tilgreinir og ber ábyrgð á ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að kolefnisinnihaldið sé með 95% öryggisbil sem fer ekki yfir 1%,

e) föst gildi sem byggjast á einni af eftirfarandi gagnalindum:

— staðlaðir stuðlar og hvarfhlutfallslegir stuðlar sem eru tilgreindir í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 eða í leiðbeiningum milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC),

— gildi, sem byggjast á fyrri greiningum, ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að þessi gildi séu dæmigerð fyrir síðari framleiðslulotur af sama eldsneytinu eða efniviðnum,

— önnur gildi sem byggjast á rannsóknaniðurstöðum.

Við val á gagnalindum að því er varðar 1. mgr. 7.gr. teljast einungis gagnalindirnar, sem um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar, vera þær gagnalindir sem sýna mestu nákvæmnina en gagnalindirnar, sem um getur í a-lið þeirrar málsgreinar, skulu notaðar að því marki sem þær ná yfir viðkomandi gagnasafn. Gagnalindirnar, sem um getur í c- til e-lið fyrstu málsgreinar, teljast minna nákvæmar í lækkandi stigskiptri röð frá c-lið til e-liðar.

5. AÐFERÐIR TIL AÐ ÁKVARÐA ÁRLEGT MAGN EFNIVIÐA OG ELDSNEYTIS

Ef rekstraraðili þarf að ákvarða árlegt magn eldsneytis eða efniviða, þ.m.t. vörur sem varða undirstöðvar með vöruviðmiðun, skal rekstraraðilinn ákvarða slíkt magn í hverri stöð eða fyrir hverja viðkomandi undirstöð sem skiptir máli, eins og krafist er, með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) á grundvelli samfelldra mælinga í ferlinu þar sem efniviðurinn er notaður eða framleiddur,

b) á grundvelli samantektar á mælingum á magni, sem er afhent eða framleitt sérstaklega, að teknu tilliti til viðkomandi breytinga á birgðum.

Að því er varðar b-lið fyrstu málsgreinar skal reikna út magn eldsneytis eða efniviðar, sem er notað á almanaksárinu í stöðinni eða undirstöðinni, sem magn eldsneytis eða efniviðar sem flutt er inn á almanaksárinu, að frádregnu magni eldsneytis eða efniviðar sem flutt er út, að viðbættu magni eldsneytis eða efniviðar í birgðum við upphaf almanaksársins, að frádregnu magni eldsneytis eða efniviðar í birgðum við lok almanaksársins.

Að því er varðar b-lið fyrstu málsgreinar skal reikna út magn vöru eða annars efniviðar, sem er flutt út á almanaksárinu, sem magn vöru eða efniviðar sem er flutt út á skýrslutímabilinu, að frádregnu magninu sem er flutt inn eða endurunnið í ferlinu, að frádregnu magni vöru eða efniviðar í birgðum við upphaf almanaksársins, að viðbættu magni vöru eða efniviðar í birgðum við lok almanaksársins.

Þegar ekki er tæknilega gerlegt eða það myndi stofna til óhóflegs kostnaðar að ákvarða birgðamagn með beinum mælingum getur rekstraraðilinn metið þetta magn á grundvelli annars af eftirfarandi:

a) gagna frá næstliðnum árum og í samhengi við viðkomandi starfsemisstig á skýrslutímabilinu,

b) skjalfestra aðferða og viðkomandi gagna í endurskoðuðum reikningsskilum fyrir skýrslutímabilið.

Þegar ákvörðun á magni vöru, efniviða eða eldsneytis fyrir allt almanaksárið er tæknilega ógerleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar getur rekstraraðilinn valið næstmest viðeigandi dag til að aðgreina skýrslugjafarárið frá því næsta og samrýmt það við tilskilið almanaksár. Frávikin, sem tengjast einni eða fleiri vörum, efnivið eða eldsneyti, skulu skýrt skráð, þau skulu vera grundvöllur fyrir gildi sem er dæmigert fyrir almanaksárið og þau skulu metin á samræmdan hátt í tengslum við næsta ár.

6. KRÖFUR SEM VARÐA GREININGAR Á RANNSÓKNARSTOFUM OG TENGDA SÝNATÖKU

6.1. **Kröfur sem varða greiningar á rannsóknarstofu**

Ef rekstraraðili þarf að framkvæma greiningu á rannsóknarstofu til að ákvarða eiginleika (þ.m.t. raki, hreinleiki, styrkleiki, kolefnisinnihald, lífmassahluti, nettóvarmagildi, eðlismassi) vara, efniviða, eldsneytis eða úrgangslofttegunda eða til að fastsetja fylgni milli mæliþátta, að því er varðar óbeina ákvörðun á tilskildum gögnum, skal greiningin fara fram í samræmi við 32. til 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 með því að nota samþykkta sýnatökuáætlun til að tryggja að sýni séu dæmigerð fyrir lotuna sem þau tengjast. Ef VII. viðauki við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 hefur ekki að geyma viðeigandi lágmarkstíðni greininga fyrir tiltekna vöru, efnivið eða eldsneyti skal rekstraraðilinn gera tillögu að hæfilegri tíðni greininga, til samþykkis hjá lögbæru yfirvaldi, á grundvelli upplýsinga um misleitni vörunnar, efniviðarins eða eldsneytisins.

6.2. **Einfaldaðar kröfur um tilteknar greiningar á rannsóknarstofu**

Ef rekstraraðili leggur fram gögn, sem lögbært yfirvald telur fullnægjandi, um að greining í samræmi við lið 6.1 sé tæknilega ekki gerleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar skal rekstraraðilinn framkvæma tilskildar greiningar á grundvelli bestu starfsvenja í iðnaðinum eða nota settar viðmiðanir ásamt fylgni, sem byggist á athugunum, við auðfáanlegri mæliþátt sem er ákvarðaður a.m.k. einu sinni á ári í samræmi við lið 6.1.

7. REGLUR TIL AÐ ÁKVARÐA NETTÓ MÆLANLEGAN VARMA

7.1. **Meginreglur**

Allt tilgreint magn mælanlegs varma skal ávallt vísa til magns af nettó mælanlegum varma, ákvarðað sem varmainnihald (vermi) varmaflæðisins sem flutt er til ferlisins sem notar varmann eða til notanda utanhúss, að frádregnu varmainnihaldi bakflæðisins.

Taka skal tillit til ferla, sem nota varma, sem eru nauðsynlegir fyrir varmaframleiðslu og -dreifingu, s.s. afloftarar, meðhöndlun vatns sem tekið er inn vegna uppgufunar og regluleg uppgufun, við ákvörðun á nýtni varmakerfisins og þeir geta því ekki talist ferlar, sem nota varma, sem eiga rétt á að fá úthlutun.

Ef sami varmaberinn er notaður í mörgum samfelldum ferlum og varmi hans er notaður við mismunandi upphafs-hitastig skal magn varma, sem er notaður í hverju ferli sem notar varma, ákvarðaður sérstaklega nema ferlin séu innan sömu undirstöðvar. Meðhöndla skal endurhitun á varmaberanum milli samfelldra ferla, sem nota varma, eins og viðbótarvarmaframleiðslu.

Ef varmi er notaður til kælingar gegnum ísogskæliferli skal þetta kæliferli teljast vera varmanotkunarferli.

7.2. **Aðferðafræði til að ákvarða magn nettó mælanlegs varma**

Að því er varðar val á gagnalindum til að magngreina orkuflæði í samræmi við lið 4.5 skal hafa eftirfarandi aðferðarfræði í huga til að ákvarða magn nettó mælanlegs varma:

Aðferð 1: Notkun mælinga

Samkvæmt þessari aðferð mælir rekstraraðilinn alla viðkomandi mæliþætti, einkum hitastig, þrýsting, stöðu varmabera sem er fluttur og sem kemur til baka. Staða berans, ef um er að ræða gufu, skal vísa til mettunar hans eða stigs ofurhitunar. Rekstraraðilinn mælir enn fremur (rúmmáls) streymi varmaberans. Rekstraraðilinn ákvarðar vermi og sértækt rúmmál varmaberans á grundvelli mæligildanna með því að nota hentugar gufutöflur eða verkfræðihugbúnað.

Massastreymi berans er reiknað sem hér segir

$$\dot{m} = \dot{V}/v \qquad \text{(Jafna 3)}$$

þar sem ṁ er massastreymi í kg/s, V er rúmmálsstreymi í m^3/s og v er sértækt rúmmál í m^3/kg.

Þar eð massastreymið telst vera það sama fyrir bera sem er fluttur og sem kemur til baka er varmastreymi reiknað með því að nota mismun á vermi milli streymis sem er flutt og sem kemur til baka, sem hér segir:

$$\dot{Q} = (h_{streymi} - h_{bakfl}) \cdot \dot{m} \qquad \text{(Jafna 4)}$$

Þar sem Q er varmastreymi í kJ/s, $h_{streymi}$ er vermi flutta streymisins í kJ/kg, h_{bakfl} er vermi bakflæðisins í kJ/kg, og ṁ er massastreymi í kg/s.

Ef um er að ræða að gufa eða heitt vatn er notað sem varmaberi, ef þéttivatnið rennur ekki til baka eða þar sem það er ekki mögulegt að meta vermi þéttivatnsins sem rennur til baka, skal rekstraraðilinn ákvarða h_{bakfl} miðað við hitastigið 90°C.

Ef vitað er að massastreymi er ekki eins skal eftirfarandi gilda:

— ef rekstraraðilinn leggur fram gögn, sem lögbært yfirvald telur fullnægjandi, um að þéttivatnið verði eftir í vörunni (t.d. í ferlum með „beinni gufuinnspýtingu“) er viðkomandi magn vermis í þéttivatni ekki dregið frá,

— ef þekkt er að varmaberi tapast (t.d. vegna leka eða fráveitu) skal draga mat á viðkomandi massaflæði frá massaflæði flutta varmaberans.

Til að ákvarða árlegt nettóvarmaflæði út frá ofangreindum gögnum skal rekstraraðilinn, með fyrirvara um tiltækan mælibúnað og gagnavinnslu, nota eina af eftirfarandi aðferðum:

— ákvarða árleg meðalgildi fyrir mæliþættina sem ákvarða árlegt meðalvermi varmabera sem er fluttur og kemur til baka og margfalda það með árlegu heildarmassaflæði með því að nota jöfnu 4,

— ákvarða klukkustundargildi varmaflæðis og leggja þessi gildi saman fyrir árlegan heildarrekstrartíma varmakerfisins. Með fyrirvara um gagnavinnslukerfið má skipta klukkustundargildum út fyrir önnur tímabil eins og við á.

Aðferð 2: Með upplýsingaskjölum

Rekstraraðili ákvarðar magn af nettó mælanlegum varma á grundvelli upplýsingaskjala, í samræmi við lið 4.6 í þessum viðauka, að því tilskildu að varmamagnið sem gefið er upp í þeim upplýsingaskjölum sé byggt á mælingum eða á réttmætum matsaðferðum í samræmi við lið 3.4 í þessum viðauka.

Aðferð 3: Útreikningur á óbeinum gögnum á grundvelli mældrar nýtni

Rekstraraðili ákvarðar magn nettó mælanlegs varma á grundvelli eldsneytisílags og mældrar nýtni sem tengist varmaframleiðslunni:

$$Q = \eta_H \cdot E_{IN} \quad \text{(Jafna 5)}$$

$$E_{IN} = \Sigma\, AD_i \cdot NCV_i \quad \text{(Jafna 6)}$$

Þar sem Q er magn varma, gefið upp sem TJ, η_H er mæld nýtni varmaframleiðslu, E_{IN} er orkuílag frá eldsneyti, AD_i eru árleg gögn um starfsemi (þ.e. notað magn) eldsneytis *i*, og NCV_i er nettóvarmagildi eldsneytis i.

Annaðhvort mælir rekstraraðilinn gildið η_H á hæfilega löngu tímabili, þar sem tekið er nægilegt tillit til mismunandi álagsstöðu stöðvarinnar, eða það er tekið úr upplýsingaskjölum framleiðandans. Að því er þetta varðar skal taka tillit til sértæks hlutaálagsferlis með því að nota árlegan álagsstuðul:

$$L_F = E_{IN}/E_{Hámark} \quad \text{(Jafna 7)}$$

Þar sem L_F er álagsstuðullinn, E_{IN} er orkuílagið eins og það er ákvarðað með jöfnu 6 á almanaksárinu og $E_{Hámark}$ er hámarkseldsneytisílagið ef varmaframleiðslueiningin hefur verið keyrð á 100% nafnálagi allt almanaksárið.

Nýtnin skal byggjast á aðstæðum þar sem allt þéttivatnið rennur til baka. Gera skal ráð fyrir því að hitastig þéttivatnsins sem rennur til baka sé 90°C.

Aðferð 4: Útreikningur á óbeinum gögnum á grundvelli nýtniviðmiðunar

Þessi aðferð er nákvæmlega eins og aðferð 3 en notuð er nýtniviðmiðunin 70% ($\eta_{Ref,H} = 0{,}7$) í jöfnu 5.

7.3. **Greint á milli fjarhitunar, varma innan viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og utan þess**

Ef stöð flytur inn mælanlegan varma skal rekstraraðili ákvarða með aðskildum hætti magn varma sem kemur frá stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og varma sem er fluttur inn frá einingum sem falla ekki undir viðskiptakerfið. Ef stöð notar mælanlegan varma sem fluttur er út frá undirstöð með vöruviðmiðun fyrir saltpéturssýru skal rekstraraðilinn ákvarða það magn varma sem er notað aðskilið frá öðrum mælanlegum varma.

Ef stöð flytur út mælanlegan varma skal rekstraraðilinn ákvarða með aðskildum hætti magn varma sem fluttur er út til stöðva sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og varma sem fluttur er út til eininga sem falla ekki undir viðskiptakerfið. Enn fremur skal rekstraraðilinn ákvarða með aðskildum hætti magn varma sem fellur undir fjarhitun.

8. REGLUR UM ÚTHLUTUN ELDSNEYTIS OG LOSUNAR FRÁ SAMÞÆTTRI VARMA- OG RAFORKUVINNSLU AÐ ÞVÍ ER VARÐAR UPPFÆRSLU Á VIÐMIÐUNARGILDUM

Þessi liður gildir um aðstæður þar sem rekstraraðili þarf að skipta ílagi, frálagi og losun frá einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku niður á undirstöðvar í þeim tilgangi að uppfæra viðmiðunargildi.

Að því er varðar þennan lið er „samvinnsla raf- og varmaorku“ notuð eins hún er skilgreind í 30. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([3]).

Losun einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku er ákvörðuð sem

$$Em_{CHP} = \Sigma\, AD_i \cdot NCV_i \cdot EF_i + Em_{FGC} \qquad \text{(Jafna 8)}$$

Þar sem Em_{CHP} er árleg losun einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, gefið upp sem t CO_2, AD_i eru árleg gögn um starfsemi (þ.e. notað magn) eldsneytis *i* sem er notað fyrir einingu fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu, gefið upp sem tonn eða Nm^3, NCV_i er nettóvarmagildi eldsneytis *i*, gefið upp sem TJ/t eða TJ/Nm^3 og EF_i er losunarstuðull eldsneytis *i*, gefið upp sem t CO_2/TJ. Em_{FGC} er losun frá vinnslu frá hreinsun útblásturs, gefið upp sem t CO_2.

Orkuílag í einingu fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu er reiknað út í samræmi við jöfnu 6. Árleg meðalnýtni varmaframleiðslu annars vegar og framleiðslu á raforku (eða vélrænni orku, ef við á) hins vegar er reiknað sem hér segir:

$$\eta_{varmi} = Q_{net}/E_{IN} \qquad \text{(Jafna 9)}$$

$$\eta_{el} = E_{el}/E_{IN} \qquad \text{(Jafna 10)}$$

Þar sem η_{varmi} (einingalaust) er árleg meðalnýtni varmaframleiðslu, Q_{net} er árleg magn nettó varma sem er framleiddur í einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, gefið upp sem TJ eins og það er ákvarðað í samræmi við lið 7.2, E_{IN} er orkuílagið eins og það er ákvarðað með því að nota jöfnu 6, gefið upp sem TJ, η_{el} (einingalaust) er árleg meðalnýtni raforkuframleiðslu og E_{el} er árleg nettóframleiðsla á raforku í einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, gefin upp sem TJ.

Ef rekstraraðilinn leggur fram gögn, sem lögbært yfirvald telur fullnægjandi, um að ákvörðun á nýtni η_{varmi} og η_{el} sé tæknilega ekki gerleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar skal nota gildi sem byggð eru á tæknigögnum (hönnunargildum) stöðvarinnar. Ef engin slík gildi eru tiltæk skal nota varfærnisleg staðalgildi η_{varmi} = 0,55 og η_{el} = 0,25.

Stuðlar til að skipta varma og raforku niður á samþætta varma- og raforkuvinnslu (CHP) eru reiknaðir sem hér segir

$$F_{CHP,Varmi} = \frac{\eta_{varmi}/\eta_{ref,varmi}}{\eta_{varmi}/\eta_{ref,varmi} + \eta_{el}/\eta_{ref,el}} \qquad \text{(Jafna 11)}$$

$$F_{CHP,El} = \frac{\eta_{el}/\eta_{ref,el}}{\eta_{varmi}/\eta_{ref,varmi} + \eta_{el}/\eta_{ref,el}} \qquad \text{(Jafna 12)}$$

Þar sem $F_{CHP,varmi}$ er stuðull til að skipta niður varma og $F_{CHP,El}$ er stuðull til að skipta niður raforku (eða vélrænni orku, ef við á), hvort tveggja gefið upp án einingar, $\eta_{ref,\ varmi}$ er nýtniviðmiðun fyrir varmaframleiðslu í sjálfstæðum katli og $\eta_{ref,el}$ er nýtniviðmiðun raforkuframleiðslu án samvinnslu raf- og varmaorku. Að því er varðar viðmiðunarnýtni skal rekstraraðili nota viðeigandi eldsneytissértæk gildi úr framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2402 ([4]) án þess að beita leiðréttingarstuðlunum fyrir tap sem komist er hjá í dreifikerfinu í IV. viðauka við þá reglugerð.

Til að skipta orkuílagi eða losun frá einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku niður á framleiðslu varma og raforku (eða vélrænnar orku, ef við á) skal rekstraraðilinn margfalda heildarorkuílagið eða losunina með viðkomandi úthlutunarstuðli fyrir varma eða raforku.

Sértækur losunarstuðull mælanlegs varma sem tengist samþættri varma- og raforkuvinnslu, sem á að nota til að skipta varmatengdri losun niður á undirstöðvar í samræmi við lið 10.1.2., er reiknaður sem hér segir

$$EF_{CHP,varmi} = Em_{CHP} \cdot F_{CHP,varmi}/Q_{net} \qquad \text{(Jafna 13)}$$

Þar sem $EF_{CHP,\ varmi}$ er losunarstuðull fyrir framleiðslu á mælanlegum varma í einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, gefinn upp sem t CO_2/TJ.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2402 frá 12. október 2015 um endurskoðun á samræmdum nýtniviðmiðunum við aðskilda framleiðslu raforku og varma við beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB og um niðurfellingu framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/877/ESB (Stjtíð. ESB L 333, 19.12.2015, bls. 54).

9. AÐFERÐ TIL AÐ REKJA KÓÐA VARA Í VÖRUSKRÁ ESB

Í þeim tilgangi að skipta gögnum rétt niður á undirstöðvar skal rekstraraðili halda skrá yfir allar vörur sem eru framleiddar í stöðinni og viðeigandi kóða þeirra í vöruskrá ESB, byggt á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk. Á grundvelli þessarar skrár skal rekstraraðilinn:

— skipta vörum og árlegum framleiðslutölum þeirra niður á undirstöðvar með vöruviðmiðun í samræmi við skilgreiningar á vörum í I. viðauka, eftir því sem við á,

— taka tillit til þessara upplýsinga við skiptingu ílags, frálags og losunar aðskilið niður á undirstöðvar sem tengjast geirum sem teljast vera eða teljast ekki vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, í samræmi við 10. gr.

Í þessu skyni skal rekstraraðilinn koma á, skjalfesta, framfylgja og viðhalda aðferðum fyrir reglulegar athuganir á því hvort vörurnar, sem eru framleiddar í stöðinni, eru í samræmi við þá kóða í vöruskrá ESB sem voru notaðir þegar áætlunin um aðferðafræði við vöktun var sett upp. Þessi aðferð skal enn fremur innihalda ákvæði til að sanngreina hvort stöðin framleiðir nýja vöru í fyrsta skipti og til að tryggja að rekstraraðilinn ákvarði viðeigandi kóða í vöruskrá ESB fyrir nýju vöruna, bæti honum í vöruskrána og skipti tengdu ílagi, frálagi og losun niður á viðeigandi undirstöðvar.

10. REGLUR TIL AÐ ÁKVARÐA LOSUN Í UNDIRSTÖÐ Í ÞEIM TILGANGI AÐ UPPFÆRA VIÐMIÐUNARGILDI

10.1. **Losun í undirstöðvum**

Að því er varðar 10. gr. skal rekstraraðili skipta heildarlosun stöðvarinnar niður á undirstöðvar með því að nota, eftir atvikum, ákvæðin í liðum 3.2 og 10.1.1 til 10.1.5 í þessum viðauka.

10.1.1 *Bein skipting efnisstrauma eða upptaka losunar*

1. Losun frá efnisstraumum eða upptökum losunar, sem þjóna aðeins einni undirstöð, er eignuð þeirri undirstöð að fullu. Ef rekstraraðilinn notar massajöfnuð skal draga frá efnisstrauma á útleið í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012. Til að komast hjá tvítalningu skal ekki skipta niður efnisstraumum, sem er breytt í úrgangslofttegundir, með þessari aðferð, að undanskildum úrgangslofttegundum sem eru framleiddar og notaðar að fullu innan sömu undirstöðvar með vöruviðmiðun.

2. Eftirfarandi aðferðir við skiptingu losunar gilda einungis þar sem efnisstraumar eða upptök losunar þjóna fleiri en einni undirstöð:

   — losun frá efnisstraumum eða upptökum losunar, sem er notuð við framleiðslu á mælanlegum varma, skal skipt niður á undirstöðvar í samræmi við lið 10.1.2,

   — ef úrgangslofttegundir eru ekki notaðar innan þeirrar undirstöðvar með vöruviðmiðun þar sem þær eru framleiddar skal losun, sem kemur frá úrgangslofttegundum, skipt niður í samræmi við lið 10.1.5,

   — ef magn efnisstrauma, sem rekja má til undirstöðva, er ákvarðað með mælingum fyrir notkun í undirstöðinni skal rekstraraðilinn beita viðeigandi aðferðafræði í samræmi við lið 3.2.

   — ef ekki er hægt að skipta niður losun frá efnisstraumum eða upptökum losunar eftir öðrum aðferðum skal skipta þeim niður með því að nota fylgnibreytur sem hafa þegar verið tengdar við undirstöðvar í samræmi við lið 3.2. Í því skyni skal rekstraraðilinn skipta niður magni efnisstrauma og viðkomandi losun þeirra hlutfallslega eftir þeim hlutföllum sem þessum mæliþáttum er úthlutað til undirstöðva. Viðeigandi mæliþættir eru m.a. massi framleiddra vara, massi eða rúmmál eldsneytis eða efniviðar sem er notaður, magn ómælanlegs varma sem er framleiddur, rekstrarstundir eða þekkt nýtni búnaðar.

10.1.2 *Losun sem rekja má til mælanlegs varma*

Ef undirstöð notar mælanlegan varma sem er framleiddur innan stöðvarinnar skal rekstraraðilinn ákvarða, eftir atvikum, varmatengda losun með einni af eftirfarandi aðferðum.

1. Að því er varðar mælanlegan varma sem er framleiddur með brennslu eldsneytis innan stöðvarinnar, að undanskildum varma sem er framleiddur með samvinnslu raf- og varmaorku, ákvarðar rekstraraðilinn losunarstuðul fyrir viðkomandi eldsneytissamsetningu og reiknar út losun, sem rekja má til undirstöðvarinnar, sem

$$Em_{Q,\text{undirst}} = EF_{sams} \cdot Q_{notað,undirst} / \eta \qquad \text{(Jafna 14)}$$

Þar sem $Em_{Q,undirst}$ er varmatengd losun undirstöðvarinnar í t CO_2, EF_{sams} er losunarstuðull viðkomandi eldsneytissamsetningar, gefinn upp sem t CO_2/TJ, þ.m.t. losun frá hreinsun útblásturs, eftir atvikum, $Q_{notað,undirst}$ er magn mælanlegs varma sem er notaður í undirstöðinni, gefinn upp sem TJ, og η er nýtni varmaframleiðsluferlisins.

EF_{sams} er reiknað sem hér segir

$$EF_{sams} = (\Sigma\, AD_i \cdot NCV_i \cdot EF_i + Em_{FGC}) / (\Sigma\, AD_i \cdot NCV_i) \qquad \text{(Jafna 15)}$$

Þar sem AD_i eru árleg gögn um starfsemi (þ.e. notað magn) eldsneytis *i* sem er notað fyrir framleiðslu á mælanlegum varma, gefið upp sem tonn eða Nm^3, NCV_i nettóvarmagildi eldsneytis *i*, gefið upp sem TJ/t eða TJ/Nm^3, og EF_i losunarstuðull eldsneytis *i*, gefið upp sem t CO_2/TJ. Em_{FGC} er losun frá vinnslu frá hreinsun útblásturs, gefið upp sem t CO_2.

Ef úrgangslofttegund er hluti af eldsneytissamsetningunni, sem er notuð, er losunarstuðull úrgangslofttegundarinnar aðlagaður áður en EF_{sams} er reiknað út í samræmi við b-lið í lið 10.1.5 í þessum viðauka.

2. Að því er varðar mælanlegan varma, sem er framleiddur í einingum fyrir samvinnslu raf- og varmaorku þar sem eldsneyti er brennt innan stöðvarinnar, ákvarðar rekstraraðilinn losunarstuðul fyrir viðkomandi eldsneytissamsetningu og reiknar út losun, sem rekja má til undirstöðvarinnar, sem

$$Em_{Q,CHP,undirst} = EF_{CHP,\text{varmi}} \cdot Q_{notað,CHP,undirst} \qquad \text{(Jafna 16)}$$

Þar sem $Em_{Q,CHP,undirst}$ er varmatengd losun frá samþættri varma- og raforkuvinnslu undirstöðvarinnar í t CO_2, $EF_{CHP,varmi}$ er losunarstuðull varmahluta einingarinnar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku·eins og hann er ákvarðaður í samræmi við 8. lið, gefinn upp sem t CO_2/TJ, þ.m.t. losun frá hreinsun útblásturs, eftir atvikum, og $Q_{notað,CHP,undirst}$ er magn mælanlegs varma sem er framleiddur með samþættri varma- og raforkuvinnslu innan stöðvarinnar og notaður í undirstöðinni, gefinn upp sem TJ.

Ef úrgangslofttegund er hluti af eldsneytissamsetningunni, sem er notuð í einingu fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, er losunarstuðull úrgangslofttegundarinnar aðlagaður áður en $EF_{CHP,varmi}$ er reiknað út í samræmi við b-lið í lið 10.1.5.

3. Ef mælanlegur varmi er endurheimtur frá ferlum sem falla undir undirstöð með vöruviðmiðun, undirstöð með eldsneytisviðmiðun eða undirstöð með losun frá vinnslu skal rekstraraðilinn tilkynna þannig um þetta magn varma, í skýrslunni um grunngögn í samræmi við a-lið 2. mgr. 4. gr., að það sé flutt á milli viðkomandi undirstöðva.

4. Ef mælanlegur varmi er fluttur inn frá öðrum stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða frá stöðvum eða einingum sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir skal tilgreina losunarstuðul sem tengist framleiðslu á þeim varma, ef hann er tiltækur.

5. Rekstraraðilinn skal ekki skipta niður neinni losun á mælanlegun varma sem er framleiddur með raforku en tilkynna um tengt magn mælanlegs varma í skýrslunni um grunngögn í samræmi við a-lið 2. mgr. 4. gr.

10.1.3 *Skipting losunar sem tengist varmatapi*

Ef tap á mælanlegum varma er ákvarðað aðskilið frá því magni sem er notað í undirstöðvum skal rekstraraðilinn, til þess að uppfylla viðmiðunina í samræmi við c-lið 5. mgr. 10. gr., bæta losun í tengslum við hlutfallslegt magn varmataps við losun frá öllum undirstöðvum þar sem mælanlegur varmi, sem er framleiddur í stöðinni, er notaður með því að nota losunarstuðla sem eru ákvarðaðir í samræmi við lið 10.1.2 í þessum viðauka.

10.1.4 *Skipting losunar sem tengist ómælanlegum varma*

Til að skipta niður losun, sem tengist notkun á ómælanlegum varma sem er ekki innifalinn hjá undirstöð með vöruviðmiðun, skal rekstraraðilinn skipta viðkomandi efnisstraumum eða upptökum losunar niður á undirstöðvar í samræmi við lið 10.1.1 með því að nota viðeigandi losunarstuðla. Rekstraraðilinn skal einungis skipta eldsneyti og efnisstraumum, sem tengjast vinnslulosun frá hreinsun útblásturs, niður á notkun á ómælanlegum varma.

Ef úrgangslofttegund er hluti af eldsneytissamsetningunni, sem er notuð, er losunarstuðull úrgangslofttegundarinnar aðlagaður fyrir skiptingu losunarinnar niður á notkun á ómælanlegum varma í samræmi við b-lið í lið 10.1.5.

10.1.5 *Skipting losunar til framleiðslu og notkunar á úrgangslofttegundum*

Losun frá úrgangslofttegundum er skipt í tvo hluta, nema þar sem þær eru notaðar í sömu undirstöð með vöruviðmiðun og sem þær eru framleiddar í, sem hér segir:

a) Magni losunar, sem er rakið til framleiðslu úrgangslofttegundar, er skipt niður á undirstöðvar með vöruviðmiðun þar sem úrgangslofttegundin er framleidd.

Þetta magn er reiknað sem hér segir:

$$Em_{WG} = V_{WG} \cdot NCV_{WG} \cdot (EF_{WG} - EF_{NG} \cdot Corr_n) \qquad \text{(Jafna 17)}$$

Þar sem Em_{WG} er magn losunar sem er úthlutað til framleiðslu úrgangslofttegunda, V_{WG} er magn úrgangslofttegunda sem er framleitt, gefið upp sem Nm^3 eða t, NCV_{WG} er nettóvarmagildi úrgangslofttegunda, gefið upp sem TJ/Nm^3 eða TJ/t, EF_{WG} er losunarstuðull úrgangslofttegunda, gefinn upp sem t CO_2/TJ, EF_{NG} er losunarstuðull jarðgass (56,1 t CO_2/TJ), og $Corr_\eta$ er stuðull þar sem tekið er tillit til mismunandi nýtni við notkun úrgangslofttegunda og við notkun viðmiðunareldsneytisins jarðgass. Staðalgildi þessa stuðuls er jafnt og 0,667.

b) Magni losunar, sem er rakið til notkunar úrgangslofttegunda, er skipt niður á undirstöðvar með vöruviðmiðun, undirstöðvar með varmaviðmiðun, undirstöðvar með fjarhitun eða undirstöðvar með eldsneytisviðmiðun þar sem það er notað. Þetta magn er ákvarðað með því að margfalda magn og varmagildi úrgangslofttegunda með gildi varmans eða eldsneytisviðmiðunarinnar, eftir því sem við á.

10.2. **Losun sem er skipt niður á undirstöðvar**

Rekstraraðilinn skal ákvarða skiptingu losunar frá hverri undirstöð sem summu:

a) losunar sem tengist efnisstraumum sem skipta máli fyrir undirstöðina og er ákvörðuð í samræmi við lið 10.1.1, eftir því sem við á,

b) losunar sem rekja má til mælanlegs varma sem er notaður í undirstöðinni og er ákvörðuð í samræmi við lið 10.1.2 og 10.1.3, eftir því sem við á,

c) losunar sem rekja má til ómælanlegs varma sem er notaður í undirstöðinni og er ákvörðuð í samræmi við lið 10.1.4, eftir því sem við á,

d) losunar sem rekja má til framleiðslu eða notkunar á úrgangslofttegundum í undirstöðinni og er ákvörðuð í samræmi við lið 10.1.5, eftir því sem við á.

Í þessum útreikningum skal rekstraraðilinn tryggja að efnisstraumum sé hvorki sleppt né þeir tvítaldir.

Rekstraraðilinn skal einnig ákvarða mismuninn milli heildarlosunar stöðvarinnar og summu niðurskiptrar losunar frá öllum undirstöðvum sem skipta máli fyrir stöðina. Ef við á skal rekstraraðilinn auðkenna öll ferli sem stuðla að þessum mismun og staðfesta sennileika niðurskiptingarinnar með því að meta losun sem tengist þessum ferlum, einkum efnisstrauma sem eru notaðir við raforkuframleiðslu og aðra brennslu en brennslu gass í afgasloga af öryggisástæðum.